Hæstaréttardómar 1941

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. XXXVI, XLIII, 39, 66, 210, 226, 315 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XII. BINDI
1941

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXLII

Reglulegir dómarar hæstaréttar 1941.

Gizur Bergsteinsson. Forseti dómsins frá 1. jan. 1941 til 31. ágúst s. á.

Einar Arnórsson. Forseti dómsins frá 1. september 1941 til 31. des. s. á.

Þórður Eyjólfsson.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Valdstjórnin gegn Ólafi Ísleifssyni. Landhelgisbrot. Ómerking og heimvísun	19/1	1
2.	Valdstjórnin gegn Haraldi Alfreð Knudsen. Áfengislagabrot	19/1	1
3.	Valdstjórnin gegn Helga Benediktssyni. Brot á tolllögum, lögum um gjaldeyrisverzlun o. fl.	20/1	7
4.	Kol & Salt h. f. gegn bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Fasteignagjald í bæjarsjóð. Lögtaksmál	23/1	10
5.	Réttvísin gegn Vagni Péturssyni. Saurlífsbrot framið á stúlkubörnum	24/1	12
6.	Valdstjórnin gegn Páli Guðmundssyni. Áfengislagabrot	27/1	15
7.	Sigurður Guðmundsson gegn Birni Eiríkssyni. Skaðabótamál vegna bifreiðarslyss	29/1	17
8.	Þórður Einarsson f. h. Haraldssens, Fuglefjord, Færeyjum, gegn bæjarstjóra Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	31/1	20
9.	Bjarni Jón Marías Þorsteinsson gegn Vilborgu Ingimundardóttur. Útivistardómur	31/1	22
10.	Magnús Gíslason gegn Steindóri Einarssyni. Skaðabótamál vegna árekstrar bifreiða	7/2	23
11.	Bogi A. J. Þórðarson gegn Jóni Ögmundssyni. Landsleiga. Ágreiningur um brot á leiguliðaskyldum. Útburðarmál	7/2	26
12.	Síldarbræðslan á Norðfirði gegn verzlun Sigfúsar Sveinssonar og gagnsök. Ágreiningur um gjald fyrir vörugeymslu	19/2	30
13.	Dánarbú Sigurðar Jónssonar gegn Peter Schannong. Kröfulýsing í dánarbú	28/2	34
14.	Valdstjórnin gegn Ingvari Guðjónssyni. Brot á gjaldeyrislögum	2/2	38

		Dómur	Bls.
15.	Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna gegn Stýrimannafélagi Íslands og Tryggingarstofnun ríkisins og Stýrimannafélag Íslands gegn Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna og Tryggingarstofnun ríkisins. Frávísun vegna ólöglegrar málasamsteypu. Krafa um greiðslu stríðsslysatryggingarfjár	5/3	42
16.	Jóhanna Valentínusdóttir og Guðbrandur Sigurðsson gegn Óskari Ingvarssyni og vátryggingarfélaginu Baltica. Krafa um bætur vegna bifreiðaslyss	10/3	46
17.	Valdstjórnin gegn Bjarna Jónssyni. Áfengisbrot. Ölvun	12/3	49
18.	Bræðurnir Ormsson gegn Steindóri Einarssyni. Skuldamál. Gagnkröfur	12/3	51
19.	Jón Magnússon gegn Stefáni Jóhannssyni og gagnsök. Umboðslaun fyrir milligöngu við sölu fasteignar	14/3	56
20.	Réttvísin gegn Eggert Halldóri Þorbjarnarsyni, Ásgeiri Péturssyni, Hallgrími Balda Hallgrímssyni, Eðvarð Kristni Sigurðssyni, Haraldi Bjarnasyni, Helga Guðlaugssyni, Guðbrandi Guðmundssyni, Guðmundi Björnssyni, Einari Baldvin Olgeirssyni og Sigfúsi Annesi Sigurhjartarsyni. Brot, er varða við 88. gr. hegningarlaganna	17/3	58
21.	Loðdýraræktarfélag Kjósarhrepps gegn Brynjólfi Guðmundssyni. Krafa um endurgreiðslu stofnfjár í loðdýraræktarfélagi	21/3	71
22.	Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs gegn Snorra Arnfinnssyni og gagnsök. Bætur vegna rofa á vinnusamningi	21/3	76
23.	Georg Magnússon gegn Nielsi P. Dungal og Ásmundi Guðmundssyni. Kærumál. Um skyldu vitnis til staðfestingar á skýrslu sinni	22/3	80
24.	Kristján Kristjánsson gegn Sveini Brynjólfssyni. Bætur vegna rofa á vinnusamningi	4/4	82
25.	Stefán Thorarensen gegn Kristni P. Briem. Krafa um rifting á lausafjárkaupum og bætur vegna galla á seldum hlut	4/4	85
26.	Réttvísin gegn Sigurði Benediktssyni. Ákæra um hvatning til að valda skipsskaða	23/4	90
27.	Bæjarstjóri Akureyrar f. h. bæjarsjóðs gegn hreppsnefnd Grímseyjarhrepps f. h. hreppsins. Skipti milli sveitarfélaga. Frávísun	23/4	96
28.	Verzlun Sigfúsar Sveinssonar gegn Snæbirni Jónssyni. Kærumál. Ákvörðun um dómtöku og frest. Endurupptökukrafa	23/4	98

		Dómur	Bls.
29.	H/f Fiskimjöl gegn Sigurði Hallbjarnarsyni. Skuldaskil vélbáta. Endurgreiðsla vixilfjárhæðar	25/4	100
30.	Valdstjórnin gegn Óskari Georg Halldórssyni. Brot á gjaldeyrislöggjöf	28/4	104
31.	Daníel Ólafsson og Egill Árnason gegn Ragnari Jónssyni, Þorvaldi Thoroddsen og Jóni E. Vestdal. Ágreiningur um framsal réttinda samkvæmt einkaleyfi og krafa um endurgjald fyrir þau	30/4	107
32.	Sverrir Magnússon f. h. h/f Chemia gegn Th. B. Líndal f. h. R. Beiersdorfs & Co. A/S. Útivistardómur	30/4	111
33.	H/f Vestfjarðabáturinn gegn Önnu Jósefsdóttur f. h. dánarbús Sigurðar Bjarnasonar. Frestun. Nýjar upplýsingar	5/5	111
34.	Hafliði Anais Einarsson gegn Özuri B. Jenssyni vegna barnsins Jennýar Helgu Breiðfjörð. Barnsfaðernismál	5/5	112
35.	Valdstjórnin gegn Ástu Júlíusdóttur. Áfengissala	7/5	115
36.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðbirni Ólafssyni. Brot á bifreiðalögum	9/5	117
37.	Alþýðusamband Íslands og Alþýðuflokkurinn gegn Héðni Valdimarssyni. Meiðyrðamál	14/5	124
38.	Réttvísin gegn Gunnari Á. S. Ásgeirssyni. Líkamsáverkar	16/5	127
39.	Ásgeir Pétursson & Co. gegn Jörundi Jörundssyni. Ómerking og heimvísun	19/5	132
40.	Þorsteinn Sigvaldason gegn Huldu Ásbjarnardóttur. Barnsfaðernismál. Ómerking og heimvísun	21/5	134
41.	Gunnar Pétursson gegn Strætisvögnum Reykjavíkur h/f. Bótakrafa vegna ólögmætra slita á vinnusamningi	23/5	138
42.	Marteinn Þorsteinsson og Árni Böðvarsson gegn h/f Alliance. Bjarglaun	26/5	144
43.	Johan Ellerup gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Hjálmari Vilhjálmssyni. Frestun. Nýjar upplýsingar	28/5	148
44.	Tómas Þorvaldsson gegn Ketilbjörgu Erlendínu Magnúsdóttur. Barnsfaðernismál	30/5	149
45.	Ólafur Johnson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Útivistardómur	30/5	151
46.	Eyþór Árnason gegn Páli Magnússyni. Um riftingu húsakaupa	6/6	151
47.	Steingrímur Pétursson og Höskuldur Guðmundsson gegn Margréti Guðlaugsdóttur. Bótakrafa vegna bifreiðaslyss	9/6	159

		Dómur	Bls.
48.	Axel Schiöth gegn Sigurbirni Guðmundssyni. Lausafjárkaup. Rifting vegna galla	1⅛	167
49.	Kaupfélagið Björk gegn Árna Jónssyni. Bótakrafa vegna bifreiðaslyss	1⅜	172
50.	Óskar Gíslason gegn Marínusi Buch. Húsaleiga. Ágreiningur um gildi uppsagnar	1⅜	177
51.	H/f Shell á Íslandi gegn bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs. Skuldamál. Ábyrgð	1⅜	180
52.	Freygarður Þorvaldsson gegn Eimskipafélagi Íslands h/f. Frestun. Nýjar upplýsingar	1⅝	182
53.	Kristmundur Kristmundsson gegn P. Smith & Co. Ábyrgð á tjóni af völdum ökutækis	1⅝	185
54.	Dánarbú Sigurðar Jónssonar gegn Peter Schannong og gagnsök. Umboðssala. Krafa í dánarbú vegna vanskila á umboðssöluvörum	2⅛	191
55.	H/f Vestfjarðabáturinn gegn dánarbúi Sigurðar Bjarnasonar. Skipakaup. Riftingarkrafa vegna galla	2⅜	194
56.	Sigurjón Pétursson gegn Tómasi Ólasyni. Útivistardómur	2⅜	203
57.	Júlíus Fjeldsted Óskarsson gegn Hönnu Guðrúnu Jóhannesdóttur. Barnsfaðernismál	2⅜	203
58.	Freygarður Þorvaldsson gegn Eimskipafélagi Íslands h/f. Útivistardómur	2⅝	206
59.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóni Ásgeiri Guðmundssyni. Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi	1/10	206
60.	Lárus Jóhannesson og Kristján Kristjánsson gegn Vigfúsi Jónssyni og Vigfús Jónsson gegn Pöntunarfélaginu á Grímsstaðaholti. Ágreiningur um eignarrétt að fasteign og húsaleigu	3/10	210
61.	Pétur Bóasson f. h. eigenda jarðarinnar Hafnar, Siglufirði, gegn Indiönu Tynes. Kærumál. Dómkvaðning matsmanna	6/10	218
62.	Valdstjórnin gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni. Brot á húsaleigulögum	6/10	220
63.	Þórhildur L. Ólafsdóttir gegn Einari B. Guðmundssyni f. h. erfingja Kristjönu Pétursdóttur. Um aðfararhæfi skuldabréfs með veði í fasteign	6/10	227
64.	Trolle & Rothe f. h. vátryggingarfélagsins Baltica gegn Guðmundi Ögmundssyni. Um endurgreiðslurétt vátryggingarfélags á hendur bifreiðarstjóra	13/10	230
65.	Bátaábyrgðarfélag Eskifjarðar og Reyðarfjarðar gegn Sigurði Jóhannssyni og gagnsök. Félagsmaður krefur gagnkvæmt vátryggingarfélag um endurgreiðslu úr sjóði þess, eftir úrgöngu úr félaginu	15/10	233

		Dómur	Bls.
66.	Eigendur og vátryggjendur m/b Drífu N. K. 13 og farms hennar gegn eigendum og útgerðarmönnum m/b Arnar V. E. 173 og gagnsök. Bjarglaunakrafa. Ómerking og frávísun frá héraðsdómi	17/10	238
67.	Réttvísin gegn Ingibjörgu Láru Ágústsdóttur, Óskari Þóri Guðmundssyni, Þorbergi Gunnarssyni og Kristjáni Ingvari Kristjánssyni. Fjársvik	22/10	243
68.	Réttvísin gegn Valdimar Jóhannssyni. Brot gegn 2. mgr. 95. gr. almennra hegningarlaga sbr. 2. gr. laga nr. 47 frá 1941	27/10	257
69.	Réttvísin gegn Ríkharði G. Hafdal og Árna Sigursteinssyni. Þjófnaður	27/10	259
70.	Réttvísin gegn Gunnari Benediktssyni. Brot gegn 2. mgr. 95. gr. almennra hegningarlaga sbr. 2. gr. laga nr. 47 frá 1941	29/10	263
71.	Bæjarstjórinn á Siglufirði f. h. bæjarsjóðs gegn Síldarverksmiðjum ríkisins, Siglufirði. Lögtaksmál. Ómerking	29/10	265
72.	Valdstjórnin gegn Markúsi Árna Einarssyni. Brot gegn lögum um verðlag á vörum	31/10	266
73.	Síldarútvegsnefnd gegn H/f Huginn. Útivistardómur	31/10	269
74.	Samband ísl. samvinnufélaga gegn Steini Steinsen f. h. Akureyrarkaupstaðar. Útivistardómur	31/10	270
75.	Guðmundur Gamalíelsson gegn Elíasi Bjarnasyni. Skuldamál. Ómerking og frávísun frá héraðsdómi	5/11	270
76.	H/f Eldey gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu og Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta gegn h/f Eldey og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Krafa til vátryggingarfjár	10/11	272
77.	Ingvar Vilhjálmsson f. h. eigenda m/b Jóns Þorlákssonar gegn Síldarverksmiðjum ríkisins. Skaðabótakrafa út af síldarsölu. Aðgerðarleysisverkanir	12/11	276
78.	Guðbjörn Ólafsson gegn Benedikt Kristjánssyni f. h. Fóðurbirgðafélags Saurbæjarhrepps. Lögtaksmál. Ágreiningur um lögmæti félagsstofnunar. Ómerking	14/11	279
79.	Vinnufataverksmiðjan h/f gegn bæjarsjóði Reykjavíkur. Nýjar upplýsingar. Frestun	17/11	281
80.	Bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs gegn Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda. Útsvarsmál. Lögtak	17/11	282
81.	Ingibjörg Tómasdóttir gegn Grími Gíslasyni og Njáli Andersen. Skaðabótamál út af útburði úr leiguíbúð	19/11	285
82.	Verzlun Sigfúsar Sveinssonar gegn Snæbirni Jónssyni. Skuldamál	21/11	289

		Dómur	Bls.
83.	Bogi Ólafsson gegn Kristínu Sveinbjarnardóttur. Rof á húsaleigusamningi	26/11	292
84.	Ebenhard Jónsson gegn bæjarfógetanum á Akureyri f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Um heimild til höfðunar gagnsakar	26/11	295
85.	Guðni A. Jónsson gegn M. Skurnik. Útivistardómur	28/11	297
86.	Guðni A. Jónsson gegn Hermann Seitter. Útivistardómur	28/11	297
87.	Gunnlaugur Kristmundsson gegn Fiskiveiðahlutafélaginu Höfrungi. Útivistardómur	28/11	298
88.	Þórunn Snorradóttir og Ólafur M. Jónsson gegn Fiskiveiðasjóði Íslands og Ársæli Sveinssyni. Útivistardómur	28/11	298
89.	Magnús Andrésson gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Innheimta skattgjalda. Lögtaksmál	3/12	298
90.	Réttvísin gegn Alfred Gunnari Sæmundssyni. Ákæra um þjófnað og brot gegn 177. gr. alm. hegningarlaga	5/12	303
91.	Johan Gerhard Ole Ellerup gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Hjálmari Vilhjálmssyni bæjarfógeta. Skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju	8/12	306
92.	Sveinn B. Valfells f. h. Sturlu Friðrikssonar gegn Davíð Þorsteinssyni. Landamerkjamál	10/12	311
93.	Oddur Helgason gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Innheimta skattgjalda. Lögtaksmál	12/12	316
94.	Adolph Bergsson gegn Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur og gagnsök. Þóknun fyrir öflun lánstilboðs	15/12	319
95.	Bæjarstjóri Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs gegn Sigfúsi Baldvinssyni. Útsvarsmál	17/12	324
96.	Réttvísin gegn Víglundi Kristjánssyni, Mikael Sigfinnssyni og Ólafi Ólafssyni. Refsað fyrir fjárhættuspil	19/12	326
97.	Kristín Björnsdóttir gegn Þorleifi Ben. Þorgrímssyni. Kærumál. Ágreiningur um, hvort krafa hafi verið lögð réttilega til sátta	19/12	331
98.	Magnús Thorlacius f. h. Eagle Oil Company of New York G. m. b. H. gegn Oliusamlagi Vestmannaeyja. Kærumál. Um málskostnað. Frestun ex officio vegna þess að varnaraðili hafði tekið út áfrýjunarstefnu í aðalmálinu	19/12	333

II. Nafnaskrá.

A. Einkamál.

	Bls.
Adolph Bergsson	319
Akureyrarkaupstaður	96, 270
Alliance h/f	144
Alþýðuflokkurinn	124
Alþýðusamband Íslands	124
Andersen Njáll	285
Árni Böðvarsson	144
Árni Jónsson	172
Ársæll Sveinsson	298
Ásgeir Pétursson & Co.	132
Ásmundur Guðmundsson	80
Baltica vátryggingafélag	46, 230
Bátaábyrgðarfélag Eskifjarðar og Reyðarfjarðar	233
Bjarni Jón Marias Þorsteinsson	22
Beiersdorf R. & Co.	111
Björk kaupfélag	172
Björn Eiriksson	17
Bogi Ólafsson	292
Bogi A. J. Þórðarson	26
Briem Kristinn P.	85
Brynjólfur Guðmundsson	71
Bræðurnir Ormsson	51
Buch Marinus	177
Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur	319
Chemia h/f	111
Davíð Þorsteinsson	311
Daniel Ólafsson	107
Drífa m/b N.K. 13, eigendur	238
Dungal Niels, prófessor	80
Eagle Oil Company of New York G. m. b. H.	333
Ebenhard Jónsson	295
Egill Árnason	107

Bls.
Eimskipafélag Íslands h/f 182
Eldey h/f 272
Elías Bjarnason 270
Ellerup Johan 148, 306
Eyþór Árnason 154
Fiskimjöl h/f 100
Fiskiveiðasjóður Íslands 298
Fóðurbirgðafélag Saurbæjarhrepps 279
Freygarður Þorvaldsson 182
Georg Magnússon 80
Grímseyjarhreppur 96
Grímur Gíslason 285
Grótta vélbátaábyrgðarfélag 272
Guðbjörn Ólafsson 279
Guðbrandur Sigurðsson 46
Guðmundur Gamalielsson 270
Guðmundur Ögmundsson 230
Guðni A. Jónsson 297
Gunnar Pétursson 138
Gunnlaugur Kristmundsson 298
Hafliði Anais Einarsson 112
Hanna Guðrún Jóhannesdóttir 203
Haraldsen, Fuglefjord 20
Héðinn Valdemarsson 124
Hjálmar Vilhjálmsson 148, 306
Huginn h/f 269
Hulda Ásbjarnardóttir 134
Höfn á Siglufirði, eigendur 218
Höfrungur fiskveiðahlutafélag 298
Höskuldur Guðmundsson 159
Ingibjörg Tómasdóttir 285
Jenný Helga Breiðfjörð 112
Jóhanna Valentínusdóttir 46
Johnson, Ólafur 154
Jón Magnússon 56
Jón Þorálksson m/b, eigendur 276
Jón Ögmundsson 26
Júlíus Fjeldsted Óskarsson 203
Jörundur Jörundsson 132
Ketilbjörg Erlendína Magnúsdóttir 149
Kol & Salt h/f 10
Kristín Björnsdóttir 331
Kristín Sveinbjarnardóttir 292
Kristján Kristjánsson 82

Bls.
Kristján Kristjánsson fulltrúi 210
Kristjana Pétursdóttir, erfingjar 227
Kristmundur Kristmundsson 185
Lárus Jóhannesson 210
Loðdýraræktarfélag Kjósarhrepps 71
Magnús Andrésson 298
Magnús Gíslason 23
Margrét Guðlaugsdóttir 159
Marteinn Þorsteinsson 144
Neskaupstaður 20, 180
Oddur Helgason 316
Ólafur M. Jónsson 298
Olíusamlag Vestmannaeyja 333
Óskar Gíslason 177
Óskar Ingvarsson 46
Páll Magnússon 154
Pöntunarfélagið á Grímsstaðaholti 210
Ragnar Jónsson 107
Reykjavíkurkaupstaður 10, 281 282
Ríkissjóður 148, 154, 295, 298,306, 316
Samband íslenzkra samvinnufélaga 270
Schannong Peter 34, 191
Schiöth Axel 167
Seitter Hermann 297
Shell á Íslandi h/f 180
Sigfús Baldvinsson 324
Sigfús Sveinsson, verzlun 30, 98 289
Siglufjarðarkaupstaður 76, 265 324
Sigurbjörn Guðmundsson 167
Sigurður Bjarnason, dánarbú 111, 194
Sigurður Guðmundsson 17
Sigurður Hallbjarnarson 100
Sigurður Jóhannsson 233
Sigurður Jónsson, dánarbú 34, 191
Sigurjón Pétursson 203
Síldarbræðslan á Norðfirði 30
Síldarútvegsnefnd 269
Síldarverksmiðjur ríkisins 265, 276
Sjóvátryggingarfélag Íslands 272
Skurnik M. 297
Smith P. & Co. 185
Snorri Arnfinnsson 76
Snæbjörn Jónsson 98, 289
Stefán Jóhannsson 56

Bls.
Steindór Einarsson 23, 51
Steingrímur Pétursson 159
Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna 42
Strætisvagnar Reykjavíkur h/f 138
Sturla Friðriksson 311
Stýrimannafélag Íslands 42
Sveinn Brynjólfsson 82
Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda 282
Thórarensen, Stefán 85
Thóroddsen, Þorvaldur 107
Tómas Ólason 203
Tómas Þorvaldsson 149
Tryggingarstofnun ríkisins 42
Tynes, Indiana 218
Vestdal, Jón E. 107
Vestfjarðabáturinn h/f 111, 194
Vigfús Jónsson 210
Vilborg Ingimundardóttir 22
Vinnufataverksmiðjan h/f 281
Þórhildur L. Ólafsdóttir 227
Þorleifur Ben. Þorgrímsson 331
Þorsteinn Sigvaldason 134
Þórunn Snorradóttir 298
Örn m/b V.E. 173, eigendur og útgerðarmenn 238

B. Opinber mál.

Alfred Gunnar Sæmundsson 303
Árni Sigursteinsson 259
Ásgeir Pétursson 58
Ásta Júlíusdóttir 115
Bjarni Jónsson 49
Edvarð Kristinn Sigurðsson 58
Eggert Halldór Þorbjarnarson 58
Einar Baldvin Olgeirsson 58
Guðbjörn Ólafsson 117
Guðbrandur Guðmundsson 58
Guðmundur Holberg Þórðarson 220
Gunnar Ásgeir Steinsson Ásgeirsson 127
Gunnar Benediktsson 263
Hafdal, Ríkarður Gunnarsson 259
Hallgrímur Baldi Halgrímsson 58
Haraldur Bjarnason 58
Helgi Benediktsson 7
Helgi Guðlaugsson 58

Bls.
Jón Ásgeir Guðmundsson 206
Ingibjörg Lára Ágústdóttir 243
Ingvar Guðjónsson 38
Knudsen, Haraldur Alfreð 4
Kristján Ingvar Kristjánsson 243
Markús Árni Einarsson 266
Mikael Sigfinnsson 326
Ólafur Ísleifsson 1
Ólafur Ólafsson 326
Óskar Þórir Guðmundsson 243
Óskar Georg Halldórsson 104
Páll Guðmundsson 15
Sigfús Annes Sigurhjartarson 58
Sigurður Benediktsson 90
Vagn Pétursson 12
Valdemar Jóhannsson 257
Víglundur Kristjánsson 326
Þorbergur Gunnarsson 243

III. Skrá

um lög, reglugerðir, samþykktir o. fl., sem vitnað er til í XII. bindi hæstaréttardóma.

1869 25. júní. Almenn hegningarlög handa Íslandi.
18. kap., 127.
26. kap., 243, 259.
48. gr., 58, 243.
52. gr., 58.
63. gr., 243.
83. gr., 58.
99. gr., 7.
101. gr., 7, 58.
102. gr., 58.
113. gr., 58.
174. gr., 12.
175. gr., 12.
205. gr., 127.
206. gr., 117.
209. gr., 117.
240. gr., 243.
248. gr., 243.
255. gr., 7, 326.
257. gr., 243.
259. gr., 7, 243.
271. gr., 58, 326.
276. gr. 7.
277. gr., 326.
1893 Lög nr. 28 26. okt. um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl.
1. gr., 306.
3. gr., 306.
1901 Lög nr. 18 13. sept. um manntal í Reykjavík 220, 267.
1905 Lög nr. 46 10. nóv. um hefð.
4. gr. 210.
5. gr. 210.

1911 Lög nr. 53 11. júlí um verzlunarbækur, 220.
1914 Lög nr. 21 2. nóv. um notkun bifreiða, 185.
— Siglingalög nr. 56 30. nóv.
10. kafli, 238.
147. gr., 182.
225. gr., 23.
230. gr., 144.
236. gr., 144.
1917 Lög nr. 75 14. nóv. um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl., 218.
1921 Lög nr. 23 27. júní um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.
11. gr., 238.
— Lög nr. 36 27. júní um samvinnufélög, 71.
— Lög nr. 77 27. júní um hlutafélög, 7.
1922 Lög nr. 39 19. júní um lausafjárkaup.
5. gr., 30.
47. gr., 194.
52. gr., 85.
1927 Lög nr. 43 31. maí. Fátækralög.
65. gr., 96.
1928 Lög nr. 51 7. maí um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.
6. gr., 243.
8. gr., 243.
10. gr., 326.
12. gr., 326.
1929 Lög nr. 32 14. júní um loftferðir.
31. gr., 23.
1930 nr. 2 7. jan. Lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1. gr., 58.
7. gr., 49, 243, 326.
96. gr. 5, 49, 58.
— Lög nr. 47 19. maí um fiskiveiðasjóðsgjald.
6. gr., 7.
19. gr., 7.
1931 Lög nr. 31 8. sept. um búfjárrækt.
54. gr., 279.
— Lög nr. 46 8. sept. um fiskimat.
8. gr., 7.
— Lög nr. 70 8. sept. um notkun bifreiða, 206.
1. gr., 185.
5. gr., 117.
6. gr., 117.
14. gr., 117, 206.

15. gr., 17, 46, 172, 185, 206.
16. gr., 46, 185.
1932 Reglugerð nr. 5 17. febr. um fiskimat.
4. gr., 7.
1934 Samningur 19. nóv. (Stjt. A. 1935, bls. 212) milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Sviþjóðar um erfðir og skipti á dánarbúum.
18. gr., 34.
1935 Lög nr. 6 9. jan. um tekjuskatt og eignarskatt.
3. gr., 298, 316.
— Lög nr. 33 9. jan. Áfengislög.
13. gr., 15.
15. gr., 15. 115.
18. gr., 5, 49.
21. gr., 117.
33. gr., 15, 115.
38. gr., 5, 49.
39. gr., 117.
— Lög nr. 63 28. jan. um útflutningsgjald.
7. gr., 7.
10. gr., 7.
— Lög nr. 99 3. maí um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, 100.
— Lög nr. 108 8. maí um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Sviþjóðar um erfðir og skipti á dánarbúum, 34.
— Lög nr. 112 18. maí um hæstarétt.
32. gr., 306.
38. gr., 112, 180, 289.
— Auglýsing nr. 117 1. júlí um, að samningurinn, sem prentaður er sem fylgiskjal með lögum nr. 108 8. maí 1935, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Sviþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum, skuli koma í gildi, 34.
— Lög nr. 121 12. des. um fiskimálanefnd o. fl.
3. gr., 7.
15. gr., 7.
— Lög nr. 135 31. des. Framfærslulög.
78. gr., 96.
1936 Lög nr. 9 1. febr. um breyting á lögum nr. 46 8. sept. 1931 um fiskimat.
1. gr., 7.
— Lög nr. 85 23. júní um meðferð einkamála í héraði.
12. gr., 71.
34. gr., 51, 82, 85, 96.

47. gr., 42.
81. gr., 295.
105. gr., 51, 185.
106. gr., 51, 185.
108. gr., 96.
109. gr., 51, 82, 85, 96, 107, 132, 185.
110. gr., 51, 82, 85, 285.
11. gr., 51, 82.
114. gr., 285.
115. gr., 285.
117. gr., 333.
118. gr., 98, 270, 285.
120. gr., 111, 148, 182, 265, 281.
125. gr., 80.
166. gr., 132, 149.
180. gr., 295.
181. gr., 295.
188. gr., 51, 71, 82, 85, 96.
190. gr., 54.
191. gr., 132.
198. gr., 34.
213. gr., 148.
— Lög nr. 96 23. júní um að mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignaskatti, 282.
— Lög nr. 106 23. júní um útsvör.
6. gr., 20.
8. gr., 324.
9. gr., 324.
— Reglugerð nr. 133 28. des. um tekju- og eignarskatt.
4. gr., 298, 316.
15. gr., 298, 316.
1937 Lög nr. 45 13. júní um bann við dragnótaveiðum í landhelgi 3, 4.
— Lög nr. 46 um samvinnufélög.
8. gr., 71.
18. gr., 71.
— Lög nr. 63 31. des. um tollheimtu og tolleftirlit.
32. gr., 7.
38. gr., 7.
— Lög nr. 69 31. des. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga o. fl.
1. gr., 10.
2. gr., 10.
— Lög nr. 73 31. des. um gjaldeyrisverzlun o. fl.
1. gr., 104.
6. gr., 38.

— Lög nr. 75 31. des. um fiskimálanefnd o. fl.
3. gr., 7.
15. gr., 7.
1938 Lög 27 13. jan. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.
23. gr., 238.
— Lög nr. 57 11. júní um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu 107.
— Reglugerð nr. 50 14. júní um gjaldeyrisverzlun o. fl.
6. gr., 38, 104.
7. gr., 38, 104.
30. gr., 7, 104.
31. gr., 38.
— Reglugerð nr. 117 22. nóv. um fasteignaskatt í Reykjavík.
2. gr., 10.
1939 Reglugerð nr. 221 24. febr. um skyldutryggingar.
7. gr., 42.
— Lög nr. 10 4. apríl um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.
7. gr., 220.
— Auglýsing 13. apríl, 267.
— Bráðabirgðalög nr. 49 12. sept. um sölu og útflutning á vörum, 7.
— Reglugerð nr. 168 12. sept. um sölu og útflutning á vörum.
1. gr., 7.
5. gr., 7.
— Auglýsing 23. sept., 267.
— Auglýsing nr. 196 25. okt. um bann gegn því að veita upplýsingar um ferðir skipa, 58.
1940 Lög nr. 9 12. febr. um heimild til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, 58.
— Lg nr. 11 12. febr. um sölu og útflutning á vörum, 7.
— Lög nr. 19 12. febr. Almenn hegningarlög.
6. kap., 117, 243, 259, 326.
10. kap., 90.
18. kap., 90.
19. kap., 303.
20. kap., 326.
23. kap., 206.
25. kap., 331.
26. kap., 243, 303.
2. gr., 12, 117, 127, 206, 243, 326.
22. gr., 96, 243.
50. gr., 124.
51. gr., 124.
56. gr., 303.
68. gr., 58, 243.
76. gr., 326.

78. gr., 243.
88. gr., 58, 257, 263.
95. gr., 257, 263.
121. gr., 58.
177. gr., 313.
181. gr., 326.
183. gr., 326.
202. gr., 12.
215. gr., 206.
217. gr., 127.
218. gr., 117.
219. gr., 117.
235. gr., 124.
236. gr., 124.
244. gr., 243, 259, 303.
254. gr., 243.

— Lög nr. 26 12. febr. um breytingu á lögum nr. 45/1937 um bann við dragnótaveiðum í landhelgi, 3, 4.

— Lög nr. 52 12. febr. Framfærslulög.
81. gr., 96.

— Lög nr. 37 12. febr. um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.
1. gr., 42.

— Reglugerð nr. 23 1. marz fyrir stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.
15. gr., 42.

— Lög nr. 91 14. maí um húsaleigu.
1. gr., 220.
2. gr., 220.
9. gr., 220.

— Lög nr. 75 7. maí. Bifreiðalög, 185.

— Lög nr. 118 2, júlí um verðlag.
13. gr., 267.

1941 Lög nr. 23 16. júní. Bifreiðalög.
26. gr., 206.
38. gr., 206.
39. gr., 206.

— Lög nr. 47 27. júní um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febr. 1940.
2. gr., 257, 263.

IV. Efnisskrá.

A. Atriðisorð efnisskrár.

Ábúð. Sjá landsleiga.
Aðild. Sbr. málshöfðun.
Aðiljaskýrslur.
Áfengislagabrot.
Áfrýjun. Sbr. frestir.
Áfrýjunarleyfi.
Almannahættubrot.
Analógía. Sjá lög og lögskýring.
Arður.
Ásetningur. Sjá saknæmi.

Barnsfaðernismál.
Bifreiðir.
Björgun.
Brot.

Dánarbætur. Sbr. trygging, tryggingamál.
Dómar og úrskurðir.
Dómarar.
Dómstólar og yfirvöld.

Eiður.
Eignarhald.
Eignarréttur.
Eignaspjöll.
Einkaleyfi.
Endurgjaldskrafa.

Farmsamningar.
Félög.
Févíti.
Fiskimat.
Fiskveiðabrot.
Fjársvik.
Fógetagerðir.
Forsendur. Sbr. samningar.
Framsal réttinda.
Frávísun.
Frestir.

Gáleysi. Sjá saknæmi.
Gestaréttur.
Geymsla.
Gjafsókn. — Gjafvörn.
Gjaldeyrislög.
Grandleysi
Greiðsla.
Gæzluvarðhald.

Hafning máls.
Hefð.
Heimvísun. Sjá ómerking.
Hjónaband.
Hlutdeild.
Húsaleigulög. Sbr. leiga.
Húsleit.

Ítrekun.

Játning. Sjá aðiljaskýrslur.

Kaup og sala.
Kæra.

Landamerki.
Landráð.
Landsleiga.
Leiga. Sbr. landsleiga.
Líkamsáverkar.
Líkur. Sbr. eiður, mat og skoðun, vitni, sönnun.
Lög og lögskýring.

Málasamlag.
Málflutningsmenn.
Málflutningur. Sbr. Dómarar, málflutningsmenn, málsmeðferð.
Málshöfðun.
Málskostnaður.
Málsmeðferð, Sbr. Dómarar, frestir, málflutningsmenn, málflutningur.
Manndráp.
Mat og skoðun. Sbr. sönnun, vitni.

Ómaksbætur.
Opinber mál. Sbr. dómar, dómarar, málshöfðun, málskostnaður, málsmeðferð, mat og skoðun, sönnun, vitni.
Ómerking.
Opinberir starfsmenn. Sbr. dómarar, málflutningsmenn, mat og skoðun.

Refsingar.

Sakhæfi.
Saknæmi.
Samningar. Sbr. kaup og sala, umboðssala.
Sáttir.
Síldareinkasala.
Sjó- og verzlunardómur.
Sjóveðréttur.
Skaðabætur.
Skattar og gjöld.
Skipti.
Skírlífisbrot.
Skjöl. Sbr. líkur, mat og skoðun, sönnun.
Skuldajöfnuður.
Skuldir. Skuldamál. Sbr. samningar.
Stefnur.
Svipting réttinda.
Sýnileg sönnunargögn.
Sönnun og sönnunarbyrði. Sbr. aðiljaskýrslur, eiður, líkur, mat og skoðun, skjöl, sýnileg sönnunargögn, vitni.

Tilraun.
Tolllagabrot.
Traustfang. Sbr. grandleysi.
Trygging. Tryggingamál.

Umboð.
Umboðssala.
Upptaka eigna.
Útivist aðilja.

Varnarþing.
Veð. Sbr. sjóveðréttur.
Vélbátar.
Venja.
Verðlagsákvæði.
Verzlun. Sbr. kaup og sala.
Vextir. Sbr. arður.
Viðskiptatilkynningar.
Vinnusamningar.
Vitni.
Víxlar.

Yfirvöld. Sbr. dómstólar og yfirvöld.
Ærumeiðingar.

Þinglýsing.
Þjófnaður.

Ölvun. Sjá áfengislagabrot, bifreiðir.

B. Efnisskrá.

Ábúð. Sjá landsleiga.

Aðgerðaleysisverkanir.

A, sem leigði húsnæði í húsi B, var talinn hafa gerzt sekur um ólöglega framleigu, með því að hann lét hjón með barn búa í einu herbergjanna. B var talinn eiga rétt á að gera þetta brot á leigusamningnum gildandi, enda þótt hann hefði ekki vandað um þegar er hann vissi, að hjónin bjuggu í herberginu og ekki þegar eftir að barn þeirra var þar fætt 292

Aðild. Sbr. málshöfðun.

Barnsmóðir andast eftir höfðun barnsfaðernismáls. Frændi barnsins, er tekið hafði það til fósturs, gerist aðili. Málinu lýkur með eiðsheimild til handa manninum, sem móðirin hafði kennt barnið 112

Í máli til bóta vegna slyss, er valdið var með vagni, er A átti og gegn honum, sagt í héraðsdómi, að ekki yrði dæmt um sök vagnstjórans á slysinu 185

Foreldrar stúlku, er fórst í bílslysi, krefja bóta 46

Aðiljaskýrslur.

Maður dæmdur samkvæmt játningu sinni, sem studdist við framburt vitna 4, 49

Bifreiðarstjóri, sem valdið hafði bílslysi, kannaðist við áfengisnautn sína, og áætlun hans um ökuhraðann þótti einnig sennileg 117

Sökunautur játar sig hafa veitt manni högg, og var dæmdur samkvæmt því 127

Fjórir sökunautar dæmdir samkvæmt játningu sinni fyrir svik. Skýrslur um grandleysi þeirra sjálfra í einstökum atriðum lagðar til grundvallar, að því leyti sem þær voru ekki afsannaðar 243

Þrír sökunauar játa sig hafa stundað fjárhættuspil í allríkum mæli 326

K fæddi fullburða barn hinn 19. nóv. 1940. M, sem hún kenndi barnið, kannaðist við, að þau hefðu verið kunnug um 3 ára bil og hefðu öðru hverju haft samfarir, en síðustu samfarir þeirra hefðu gerzt laust fyrir jól 1939. K talin hafa það góðar líkur með sínum málstað, að málsúrslit voru látin velta á eiði hennar 203

Aðili játaði sig hafa ekið á 30 kílómetra hraða, er bifreið hans rakst á aðra bifreið. Andstæðingur hans og eitt vitni taldi

hann hafa ekið mjög hratt. Var hann talinn hafa ekið gálauslega, eins og á stóð 23
Sökunautar dæmdir samkvæmt játningu sinni 58, 259
Skýrslur bifreiðarstjóra og bifreiðareiganda, sem báðir voru með áfengisáhrifum, er atvik það gerðist, sem þeir tjáðu sig um, taldar óáreiðanlegar 159

Áfengislagabrot.

Maður dæmdur sekur um hneykslanlega ölvun á veitingastofu 4
Maður dæmdur sekur um óleyfilega áfengissölu, þar á meðal fyrir sölu áfengis til manna undir 21 árs aldri, í héraði eftir 13. gr. laga nr. 33/1935, en hæstiréttur felldi visun til 13. gr. niður 15
Maður dæmdur sekur um margítrekaða ölvun á almannafæri 49
Kona dæmd bæði í sektir og varðhald fyrir ítrekaða sölu áfengis í atvinnuskyni 115
Bifreiðarstjóri dæmdur sekur um gálauslegan akstur, enda hafði hann verið með áhrifum áfengis 117
Bifreiðarstjóri ekur með áfengisáhrifum og slasar stúlku. Dæmdur til bótagreiðslu 155

Áfrýjun. Sbr. frestir.

Málsmeðferð frestað ex officio í hæstarétti samkvæmt analógíu 120. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, svo að aðilja gæfist færi á að afla rækilegri upplýsinga um tiltekin sakaratriði 111
Áfrýjandi hafði ekki komið á dómþing í héraði. Fyrir hæstarétti fékk hann leyfi til að leggja fram ný gögn, og var krafa hans samkvæmt þeim tekin til greina 270
Ákvæði héraðsdóms um kröfu látið standa, með því að aðili hafði ekki gagnáfrýjað 285

Áfrýjunarleyfi.

17, 23, 46, 56, 112, 159, 233, 238, 285

Almannahættubrot.

Maður kærður til refsingar eftir 18. kafla hegningarlaganna fyrir það, að hann hefði hvatt tvo erlenda sjómenn til að sökkva erlendu skipi á Reykjavíkurhöfn, en skipið var hér í þágu erlends herliðs. Maðurinn var sýknaður, með því að ummæli þau, sem á hann voru borin, voru talin marklaust drykkjuraus 90

Analogía. Sjá lög og lögskýring.

Arður.

Tveir menn, er höfðu tekið við leigu eftir skúr, sem þeir töldu sig eiga samkvæmt kaupskilmálum, sýknaðir af kröfu hins rétta eiganda um endurgreiðslu leigunnar til hans, þar til dómstefna var birt, með því að eignarhald þeirra á skúrnum hefði getað skapað þeim eignarhefð á honum lögum samkvæmt 210

Ásetningur. Sjá saknæmi.

Barnsfaðernismál.

Manninum veitt heimild til að synja fyrir samfarir við barnsmóður, með því að hún var látin, er dómur gekk í málinu í héraði 112

Vegna ófullkominnar blóðrannsóknar og vöntunar á skýrslum frá aðilja og vitni var dómur í barnsfaðernismáli ómerktur og máli vísað heim í hérað 134

Barn, sem fætt var 21. jan. 1939, var talið geta verið komið undir á tímabilinu 20. marz til 25. maí 1938. Barnsmóðir taldi sig hafa verið með manninum nálægt miðjum apríl 1938 á hótelherbergi í Reykjavík, en vitni sönnuðu þá sögn mannsins, að hann hefði ekki til Reykjavíkur komið frá því í febrúar 1938 og til 11. maí s. á. En hins vegar kvaðst maðurinn hafa haft samfarir við barnsmóður 13. jan. 1938 í herbergi í sama hóteli í Reykjavík, en þá báru vitni, að móðirin hefði verið heima hjá foreldrum sínum suður í Höfnum. Með því að vitni báru manninn hafa verið í eða við heimkynni sitt þann tíma nær allan, er barn mátti vera getið, var málið látið velta á synjunareiði hans 149

K ól fullburða barn hinn 19. nóv. 1940 og kenndi það M, sem kannaðist við kunningsskap þeirra um 3 ára bil og samfarir öðru hverju. K talin hafa þær líkur fyrir sínum málstað, að henni var veittur kostur á að sanna mál sitt með eiði sínum 203

Bifreiðir.

Bifreiðin A dró bifreiðina B. Bifreiðarstjórinn á A hægði ferð vegna farartálma á veginum, en við það slaknaði á dráttartauginni, svo að hún fór aftur fyrir vinstra framhjól bifreiðarinnar B, sem fyrir það kastaðist út af veginum og skemmdist. Bifreiðarstjórinn á B var talinn hafi farið gálauslega að, og bifreiðarstjórinn á A var sýknaður af skaðabótakröfu vegna slyssins, með því að hann hefði ekki sýnt óvarkárni, svo að sannað yrði, enda ætti sönnunarregla 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1931 hér ekki við 17

Foreldrar stúlku, sem fórst í bílsysi, kröfðu eiganda bifreiðar bóta vegna útgjalda af jarðarför og fataskemmda, og skyldi hvorttveggja bæta, með því að ökumaður þótti hafa sýnt gáleysi. Bætur vegna missis framfæranda voru hins vegar ekki dæmdar, með því að hvorki þótti sannað, að foreldrarnir væru styrks þurfar, né heldur, að stúlkan hefði verið aflögufær til þeirra 46

Í skaðabótamáli út af árekstri tveggja bifreiða var tjóni skipt, með því að báðir bifreiðarstjórarnir þóttu hafa farið gálauslega að. Héraðsdómari visaði til analógíu 225. gr. siglingalaga og 31. gr. laga um loftferðir nr. 32/1929 til stuðnings niðurstöðu sinni 23

Bifreiðarstjóri ekur óvarlega og var með áfengisáhrifum. Hann ók á stúlku og slasaði hana. Hann og eigandi bifreiðar dæmdir til að greiða stúlkunni in solidum bætur 155

A dæmdur sekur um ógætilegan akstur, enda var hann einnig með áhrifum áfengis 117

Eiganda bifreiðar dæmt að greiða verkamanni sínum bætur vegna slyss, er þjónn bifreiðareiganda, er bifreið hans ók, var talinn hafa valdið með ógætilegri meðferð bifreiðar 172

Dráttarvagn, sem notaður var við fermingu og affermingu skipa, talinn til bifreiða um ábyrgð eiganda á tjóni, er meðferðarmaður hans olli á öðrum manni. Eiganda vagnsins var dæmt að greiða manni þessum bætur fyrir læknishjálp, atvinnutjón og óþægindi 185

A ók bifreið ljóslaust á götu í Reykjavík á 17 kílómetra hraða, að sjálfs hans sögn. Ók hann þá á mann, sem gekk yzt á götunni undan bifreiðinni, og varð það manninum að bana. A talinn hafa farið óvarlega, og var hann dæmdur sekur um mnndráp af gáleysi 206

B átti beifreið, sem A ók eftir beiðni eiganda, sem annars stýrði. Bifreiðin fór út af veginum, og slasaðist kona ein, sem sat í vagninum. Í máli gegn B sleppti konan bótakröfu á hendur A, en B var dæmdur til að greiða henni bætur. Slysatryggjandi bifreiðarinnar galt nú konunni hinar dæmdu bætur og krafði A síðan endurgreiðslu þeirra. Afsal konunnar á bótakröfu á hendur A skipti ekki máli um þessa kröfu, og A var dæmdur til að endurgreiða tryggjanda fjárhæðina, með því að A var talinn hafa valdið slysinu með sliku gáleysi, að hann væri endurgreiðsluskyldur 230

Björgun.

Skip með ónýta vél, statt á hættusvæði vegna styrjaldar og í ofviðri, talið í svo mikilli hættu statt, að liðveizla annars skips því til handa hafi verið björgun. Bjarglaun ákveðin

með hliðsjón af verklægni og atorku bjargenda, hættu við björgun, spjöll á munum þeirra og líklegu veiðitapi vegna tímatafar 144
Bjarglaun sæta ekki úrskurði dómstóla, er bæði hið bjargandi og bjargaða skip eru endurtryggð í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum 238
Óheimilt talið að dæma A og B in solidum til greiðslu björgunarlauna 144

Brot.

Sami verknaður varðar við fleiri en eitt refsiboð (concursus idealis) 7, 303

Dánarbætur. Sbr. trygging, tryggingamál.

Íslenzkur sjómaður gekk fram af hafnarbakka í myrkvaðri brezkri borg og beið bana af. Myrkvunin var talin hernaðarráðstöfun, og Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna var því talið eiga að greiða dánarbætur 42
Foreldrum stúlku, er beið bana af bílslysi, synjað um dánarbætur, með því að hvorki var sönnuð styrkþörf þeirra né geta stúlkunnar til framfærslu þeirra 46

Dómar og úrskurðir.

Héraðsdómari bókar ályktun sína um synjun frests og dómtöku máls, án þess að kveða upp formlegan úrskurð um það .. 98
Atvikalýsing í héraðdómi talin óglögg, og að því fundið, að ekki hafði verið aflað vottorðs lækna um áverka manna, er orðið höfðu fyrir bílslysi 117
Dómur ómerktur vegna þess, að hann var kveðinn upp nær mánuði eftir skriflegan flutning málsins 132
Skilorðsbundinn refsidómur 243, 259, 326
Skiptaráðandi átalinn fyrir það, að hann hafði í úrskurði sínum skírskotað til eldri úrskurðar, er kærður hafði verið til hæstaréttar, og að hann hafði byggt úrskurð sinn, upp kveðinn 9. apríl 1941, á munnlegum málflutningi, er fram fór 20. jan. s. á. Ómerking og heimvisun var þó ekki talin nauðsynleg, með því að eldri úrskurðurinn var birtur í dómasafni hæstaréttar og héraðsdómarinn veitti aðiljum kost á málflutningi af nýju, áður en hann kvað hinn yngri úrskurð upp 191
Frávísunardómur ranglega nefndur „úrskurður" af héraðsdómara 295, 331

Dómarar.

Dómari átalinn fyrir vangæzlu á ákvæðum 105., 106. og 110.—111. gr. laga nr. 85/1936 51

Dómari átalinn fyrir vangæzlu á 109—111. gr. laga nr. 85/1936 82
Dómari átalinn fyrir vangæzlu á ákvæðum 109. og 110. gr. laga nr. 85/1936 og fyrir að hafa látið aðilja skiptast á sóknarskjölum og varnar andstætt fyrirmælum téðra laga 85, 154, 185
Héraðsdómari, sem leyft hafði framlagningu tveggja skriflegra greinargerða frá hvorum aðilja og ákvað síðan skriflegan málflutning, lét síðan flytja mál til þrautar, enda þótt því skyldi tvímælalaust vísað frá ex officio, sektaður fyrir þingsafglöpun 96
Dómari átalinn fyrir að hafa ekki gætt fyrirmæla 109. gr. laga nr. 85/1936 og fyrir vangæzlu á fyrirmælum 105. gr. sömu laga 107
Dómari átalinn fyrir það, að hann gat þess ekki í dómi í refsimáli, eftir hvaða lagaboðum hann hafði dæmt 115
Fundið að því, að dómari hafði ekki aflað upplýsinga um heimilishagi konu, er hann dæmdi seka um áfengissölu .. 115
Fundið að því, að dómari hafði ekki aflað læknisvottorða um áverka manna, er orðið höfðu fyrir bílslysi, og atvikalýsing talin óglögg í dómi hans 117
Fundið að ýmsum misfellum í meðferð opinbers máls 127
Málsmeðferð og dómur ómerkt og máli vísað heim vegna vangæzlu á 109. gr. laga nr. 85/1936, móttöku 13 skriflegra sóknar- og varnarskjala og uppkvaðning dóms nærfellt mánuði eftir munnlegan flutning þess 132
Héraðsdómari talinn vítalaus af úrskurði um gæzluvarðhald á A eftir því sem á stóð 306
Fógeti ekki talinn hafa gætt fyrirmæla 120. gr. laga nr. 85/1936, og úrskurður hans var því ómerktur í hæstarétti 265
Dómari átalinn fyrir það, að hann gætti ekki fyrirmæla 106., 109., 110., 114. og 115. gr. laga nr. 85/1936 285
Setudómari átalinn fyrir drátt á afgreiðslu dómsgerða í kærumáli til hæstaréttar og fyrir það, að hann hafði ekki dagsett staðfestingu þeirra 295
Dómara talið óþarft að víkja sæti í máli fulltrúa síns 319
Dómari átalinn fyrir vangæzlu á 105., 106. og 109. gr. laga nr. 86/1936 319

Dómstólar og yfirvöld.

Máli út af endurheimtu styrks, er sveitarfélag A hafði veitt styrkþurfa sveitarfélags B, vísað ex officio frá dómi, með því að sakarefnið skyldi sæta úrlausn yfirvalda að lögum 96
Úrskurður húsaleigunefndar um lögmæti uppsagnar á húsnæði ekki talinn binda dómstóla 177, 292
Fógetaúrskurður um lögtak fóðurbirgðagjalds felldur úr gildi,

með því að samþykkt, er atvinnumálaráðherra hafði staðfest, um fóðurbirgðafélagið, hafði ekki hlotið löglegan undirbúning 279

Eiður.

Í barnsfaðernismáli var manninum veitt heimilt til synjunareiðs, með því að barnsmóðir var önduð, er dómur gekk í héraði 112

Mjög ósamhljóða skýrslur aðilja barnsfaðernismáls um samfaratíma þeirra. Vitni báru manninn hafa verið allan tíminn frá 8. febr. 1938 til 11. mai s. á. í Grindavík, án þess að hann kæmi til Reykjavíkur, þar sem barnsmóðir kvað samfarir þeirra hafa orðið í apríl 1938. Manninum því heimilaður synjunareiður 149

K kenndi M barn, sem fætt var fullburða 19. nóv. 1939. M kannaðist við kunningsskap þeirra, en kveðst síðast hafa haft samfarir við K laust fyrir jól 1938. K talin hafa líkur gegn M, og voru því úrslit málsins látin velta á eiði hennar 203

Eignarhald.

Að tilhlutun landssímans var vírspotti, sem tekinn hafði verið úr sjólögn, skilinn eftir hjá símastaur og hafði legið þar hirðulaus um stund. Maður sýknaður af refsikröfu eftir 177. og 244 gr. hegningarlaganna fyrir það, að hann hafði hagnýtt sér það úr vírnum, sem hann mátti nota, til girðingar, með því að hann hefði mátt telja vírnum hafa verið fleygt, af því að hann væri eiganda sínum ónýtur .. 303

K og L sýknaðir af kröfu um endurgreiðslu húsaleigu, með því að þeir hefðu getað unnið eignarhefð á húsinu að lögum 210

Eignarréttur.

A og B áttu eignina 23 a í óskiptri sameign, en B átti einn nágrannaeignina 25, og voru þær aðgreindar með brunavegg. Á 23 a stóð skúrbygging fast að brunaveggnum. Umboðsmaður A fekk afsal að eignarhlut B í 23 a hjá umboðsmanni þrotabús B, en undan kaupunum var skilin „lóðarspilda sú, er viðbygging á eigninni 25 er reist á". K og L keyptu 25 af sama umboðsmanni þrotabúsins og sögðust hafa þar með fengið nefnda lóðarspildu og viðbygginguna á henni, en lóðarspilda sú var undir skúrbyggingunni hinum megin við brunavegginn og því áður tilheyrandi 23 a. Kröfur K og L um eignarrétt að lóðarspildunni voru ekki teknar til greina, með því að framangreindur fyrirvari í kaupbréfi A og þrotabúsins þótti óglöggur, og óeðlilegt þótti, að A hefði ætlað að afsala sér sínum eignarhluta í lóð og skúr, sem var hans

megin við brunavegginn. Þóktu K og L ekki hafa að órannsökuðu máli mátt gera ráð fyrir því, að þeir eignuðust verðmæti þessi 210

Eignaspjöll.

A hafði greitt í sundur vír, sem að tilhlutun landssímans hafði verið tekinn upp úr sjó og skilinn eftir á víðavangi hjá símastaur og legið þar alllengi hirðulaus. Talið, að A hefði mátt líta svo á, að vírnum hefði verið fleygt, og var A sýknaður af kæru fyrir brot, er varðaði við 177. gr. hegningarlaganna 303

Einkaleyfi.

A og B höfðu fengið einkaleyfi samkvæmt tilteknum lögum til útflutnings tiltekinnar vörutegundar. Talið var, að þeim væri óheimilt framsal þessa réttar, án leyfis einkaleyfisveitanda, með því að honum þyrfti ekki að standa á sama, hver með réttinn samkvæmt því færi 107

Endurgjaldskrafa.

Vátryggingarfélag, sem greitt hafði farþega bifreiðar slysabætur, talið eiga kröfu á hendur bílstjóra til endurgreiðslu bótafjárins, með því að bílstjórinn var talinn hafa valdið slysinu með slíku gáleysi, að endurgreiðsluskyldu varðaði 230

A gaf B út víxil rétt áður en lánardrottnar hans samþykktu frumvarp til skuldaskila bús hans eftir lögum um skuldaskil vélbátaeigenda. Þessi ráðstöfun þótti ekki samrýmast markmiði laganna. B var því dæmt að endurgreiðsa A víxilupphæðina, sem A hafði áður verið dæmdur til að greiða B í víxilmáli 100

K og L sýknaður af kröfu um endurgreiðslu á leigu eftir skúrbyggingu eina, með því að eignarhald þeirra á henni hefði verið slíkt að það hefði getað skapað þeim eignarhefð 210

Farmsamningar.

Bifreið, sem A sendi í skipi B, varð fyrir spjöllum á leiðinni. Skirskotun í fylgibréfi, er A tók við af B, til farmskírteinis, þar sem B undanskildi sig ábyrgð á spjöllum slíkum sem á bifreiðinni urðu, talin þýðingarlaus, með því að A hafði ekki fengið farmskírteini í hendur 182

Félög.

Félagi í loðdýraræktarfélagi var talinn hafa verið rekinn úr félaginu. Hann sótti stjórn félagsins til greiðslu á stofnfé

því, er hann hafði lagt til félagsins, sem var samvinnufélag. Samkvæmt samþykktum félagsins átti stofnféð að vera lánardrottnum félagsins til tryggingar, og því var ekki talið fært að dæma aðilja það 71

Á aðalfundi í samvinnufélagi var A að gefnu tilefni spurður að því, hvort hann teldi sig félagsmann þar, en þeirri spurningu neitaði hann að svara. Jafnframt var samþykkt, að aðilja skyldi tafarlaust vikið úr félaginu, ef hann svaraði spurningunni ekki afdráttarlaust. Enda þótt fundurinn hefði ekki haft samkvæmt samþykktum félagsins vald til að víkja aðilja úr félaginu, þá taldi hæstiréttur aðilja hafa með því að andæfa ekki brottvikningunni komið þannig fram, að jafna mætti til úrsagnar úr félaginu 71

Í samþykktum gagnkvæms sjóvátryggingarfélags var svo mælt, að í séreignarsjóð skyldi leggja 1/10 hluta iðgjalda, en 9/10 í fastasjóð, en félagi skyldi eiga kost á að fá greidda 9/10 hluta þess, sem hann ætti í séreignarsjóði, er hann gengi úr félaginu. Árið 1929 gekk A úr félaginu og fékk sér þá greidda 9/10 hluta af hlut sínum í séreignarsjóði. Félaginu var slitið 1937, og gerði A þá tilkall til greiðslu bæði úr séreignarsjóði og fastasjóði félagsins. Hvorug þessara krafna var tekin til greina, með því að þær höfðu ekki stoð í samþykktum félagsins, sem A hafði gengizt undir, er hann gekk í félagið 233

Samþykkt fóðurbirgafélags hafði ekki fengið lögmæltan undirbúning áður en ráðherra staðfesti hana, og lögtak fyrir tillagi félagsmanns mátti því ekki fara fram 279

A, sem haft hafði bækur í umboðssölu frá B, kvaðst hafa afhent bækurnar, er hann hætti þeirri starfsemi, til þess manns, sem Bóksalafélagið hafði visað honum á. Þessi afgreiðsla var ekki talin binda B, með því að hann var ekki í félaginu 289

S/f G fékk A skip sitt til umráða til ísfisksflutnings til Bretlands gegn tilteknu gjaldi fyrir hverja ferð og ágóðahluta. A tók síðan, án atbeina s/f G, en þó með vitund hans, B og C í félag með sér um þessa starfsemi. Talið, að með s/f G og B og C hafi ekki með þessum hætti stofnazt neinn sá félagsskapur, að rétt hafi verið að skattleggja þessa þrjá aðilja og A sameiginlega vegna áðurnefndrar starfsemi þeirra 298

A, B og C leigðu skip af D. Ósannað var, að hann hefði átt að fá annað en umsamda skipsleigu, og varð hann því ekki talinn félagi. A kvað sínum ágóðahluta af skipsleigunni vera skipt endurgjaldslaust milli tiltekinna manna, sem ekkert voru annars við fyrirtækið riðnir. Þeir urðu ekki

þar fyrir taldir félagar. A, B og C var því heimilt að telja sér, hverjum fyrir sig, ágóðahlut sinn til skatts samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1935 316

Févíti

C og D áskilinn réttur til að ganga frá gerðum samningi innan tiltekins tíma. Kröfu um þetta var þó ekki fram fylgt, heldur var gerð krafa til efndagjalds, enda höfðu C og D ekki tilkynnt meðsemjendum sínum fyrir hinn tilskilda tíma, að þeir gengju frá samningnum 107

Fiskimat.

Maður dæmdur fyrir brot á reglum um fiskimat 7

Fiskveiðabrot.

Dragnótaveiðar í landhelgi. Héraðsdómur ómerktur og máli vísað heim í hérað til rækilegri rannsóknar 1

Fjársvik.

Kona og þrír karlmenn dæmdir fyrir að hafa við svik og hjálpa til þeirra svika á miðilsfundum, og einn fyrir neyzlu ágóða þar af 243

Fógetagerðir.

Skuld í heild sinni talin fallin í gjalddaga samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfs í fasteign sakir vanskila á afborgun, og aðför var því heimiluð í veðinu samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins 227

Beiðni um útburð af leigujörð synjað vegna þess, að sönnun vantaði um vanrækslu leiguliða um hirðing jarðar og önnur atriði, sem beiðnin var studd við, enda fólu sum þau atriði ekki í sér brot á leiguliðaskyldum 26

Fógetaréttarúrskurður ómerktur vegna þess að fógeti hafði ekki veitt aðilja kost á að afla gagna, sem nauðsynleg máttu vera 266

Lögtaksúrskurður um gjald til fóðurbirgðafélags ómerktur, vegna ólöglegs undirbúnings samþykktar þeirrar, sem lögtak skyldi byggja á 279

Bætur dæmdar fyrir óþægindi og miska vegna ólögmætrar útburðargerðar úr leiguíbúð 285

Forsendur. Sbr. samningar.

A keypti hús af B og galt andvirðið að nokkru með ýmsum lausafjármunum. B kvaðst ekki hafa fengið svo mikið fyrir þessa muni, sem hann hefði gert ráð fyrir. Með því að ekkert var komið upp í málinu um það, að A hefði mátt sjá

það, að B hefði verið það forsenda fyrir kaupunum, að hann fengi ákveðið lágmarksverð fyrir muni þessa, gat þetta atriði ekki orkað riftingu kaupanna 154
A hafði gefið út skuldabréf til B. Með því að ekki var staðið í skilum um tilskildar afborganir, skyldi heimta þegar eftirstöðvar skuldarinanr. Til að afstýra því undirgekkst maður A breytingu á ákvæðum skuldabréfsins, en A samþykkti ekki þessa skuldbindingu. Þetta samþykki var talin svo veruleg forsenda fyrir loforði um gjaldfrest af hálfu lánardrottins, að hann var nú talinn geta heimt allar eftirstöðvar skuldarinanr 227
Samþykki A á skaðabótakröfu, veitt í opinberri rannsókn, talið óskuldbindandi, með því að það var gefið af aðilja í þeirri trú, að hann hefði unnið refsivert verk, sem hæstiréttur taldi refsilaust 303

Framsal réttinda.

A og B höfðu samkvæmt sérstökum lögum fengið einkaleyfi til útflutnings tiltekinnar vöru. Framsal þessara rétinda var þeim talið óheimilt, með því að einkaleyfisveitanda var talið máli skipta, hver með réttindin samkvæmt einkaleyfinu færi 107
A greiddi B hússverð að nokkru með kröfu á D, sem mótmælti réttmæti kröfunnar. A kvaðst hafa sagt B, að krafan væri rétt. Ekki var það reynt með málssókn, hvort mótmæli D væru á rökum byggð. Riftingarkrafa B var því ekki, að því leyti sem hún var reist á þessum rökum, tekin til greina 154

Frávísun.

Máli vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur vegna óleyfilegs aðiljasamlags 42
Kröfu aðilja um greiðslu málskostnaðar hvors á hendur öðrum vísað frá dómi, með því að hvorugur hafði stefnt öðrum í héraði 42
Máli um endurgreiðslu styrks, er sveitarfélag A veitti styrkþurfa sveitarfélags B, vísað frá dómi ex officio, með því að sakarefni skyldi að lögum sæta úrlausn yfirvalds 96
Þrautavarakrafa var gerð um það, að A yrði dæmt að flytja brott skúr af lóð, er K og L töldu sig eiga lóð undir, og til greiðslu leigu eftir lóðina. A var dæmd bæði lóðin og skúrinn, og K og L var því talið á engu standa að fá dóm um þrautavarakröfur sínar, án þess þó að þeim væri berum orðum vísað frá 210
Héraðsdómur ómerktur og máli vísað frá dómi, með því að krafa á hendur öðrum aðilja sætti ekki úrlausn dómstóla,

en krafa á hendur hinum var ekki greind frá kröfu hins fyrrnefnda 238
Varakrafa ekki tekin til athugunar í dómi héraðsréttar, með því að hún hefði ekki verið rökstudd 289
Málsmeðferð og dómur ómerkt og máli vísað frá héraðsdómi, með því að sakarefni skyldi sæta úrlausn gerðardóms .. 270
Frávísunardómur, þar sem héraðsdómari hafði vísað frá gagnsök, kærður til hæsaréttar, með því að höfðandi aðalmáls hefði ekki heimild til að taka við gagnsökn. Hæstiréttur taldi gagnsök réttilega höfðaða 295

Frestir.

Skiparéttur hafði úrskurðað dönskum lánardrottni dánarbús ótiltekinn frest til að koma með gögn um kröfu sína vegna hernáms Danmerkur og samgöngubanns þess vegna. Hæstiréttur taldi aðilja hafa haft nóg færi á að koma þeim gögnum fram fyrir hernámið og felldi því úrskurðinn úr gildi og skyldaði skiptaráðanda til að kveða upp úrskurð um kröfuna 34
Málsmeðferð frestað ex officio fyrir hæstarétti samkvæmt analógíu 120 gr. laga nr. 85/1936, svo að aðilja veittist kostur á öflun rækilegri upplýsinga 111, 148, 182, 281
Dómari átalinn fyrir veitingu fresta og málflutningsmenn fyrir töku fresta andstætt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði 51
Stefndi sótti ekki þing á þingfestingardegi máls, en þá fekk sækjandi frest. Næst, er mál var tekið fyrir, kom stefndi og krafðist frests, sem sækjandi mótmælti. Synjað var um frest og mál þá tekið til dóms, með því að stefndi hefði ekki sannað forföll þingfestingardaginn, og var hvorttveggja staðfest í hæstarétti 98
Fundið að því, að dómari veitti aðiljum frest eftir að ágreiningur varð milli aðilja og vitnis um staðfestingu vitnaskýrslu, í stað þess að taka ágreininginn þegar til úrskurðar 80
Dómari og málflutningsmaður átaldir fyrir þarflausar frestanir máls 82, 154
Málskostnaðarákvæði héraðsdóms var sérstaklega kært til hæstaréttar, en jafnframt hafði varnaraðili kærumálsins skotið dóminum til hæstaréttar. Kærumálinu frestað ex officio samkvæmt analógíu 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936, unz séð yrði, hvort áfrýjunarmálið yrði lagt í dóm 333

Gáleysi. Sjá saknæmi.

Gerðardómur.

Málsmeðferð og héraðsdómur ómerkt, með því að sakarefni skyldi sæta úrlausn gerðardóms eftir samningi aðilja .. 270

Gestaréttur.

Samkomulag aðilja um flutning máls fyrir gestarétti í Reykjavík 17

Geymsla.

A hafði tekið til geymslu vörur fyrir B. Ósannað var, hvað B skyldi greiða fyrir geymsluna. Hæstiréttur taldi A eiga sanngjarnt gjald fyrir hana. Matsmenn höfðu ákveðið gjaldið, en hæstiréttur hækkaði það frá því, er matsmenn höfðu talið hæfilegt 30

A hafði tekið vörur í umboðssölu af B. Dánarbú A skilaði nokkru af vörunum, er óseldar voru og umboðsmaður B taldi hafa skemmzt. Krafa um bætur fyrir skemmdirnar ekki tekin til greina, með því að allar upplýsingar vantaði um þær 191

A hafði keypt skip af B. Reyndist skipið haldið leyndum löstum, svo að A var talið rétt að rifta kaup og krefja andvirði skipsins. Meðan skipið var í vörzlum A, taldi B, að ýmsir munir heyrandi skipinu til hefðu ýmist glatazt eða spillzt vegna vangæzlu A, og gerði því kröfur um bætur fyrir þá til frádráttar endurgreiðslukröfu kaupverðsins. A var sýknaður af þessum frádráttarkröfum, af nokkrum vegna þess að ekki var sannað, að vangæzlu A hefði verið um að kenna, af og öðrum vegna skorts á upplýsingum um skemmdirnar og hversu miklu þær næmu 194

Gjafsókn. — Gjafvörn.

Í gjafvarnarmáli fyrir hæstarétti, þar sem héraðsdómur var ómerktur, var málskostnaður látinn falla niður, en málflutningslaun skipaðs talsmanns gjafvarnarhafa skyldi greiða úr ríkissjóði 134

Gjafsóknarhafi tapar máli. Máskostnaður látinn falla niður, en málflutningslaun talsmanns gjafsóknarhafa dæmd á ríkissjóð 154, 279

Gjafsóknarhafi vinnur mál sitt. Andstæðingi hans dæmt að greiða honum málskostnað og ríkissjóði útlagðan kostnað 159

Barnsfaðernismál, þar sem konan hafði fengið gjafvörn og sér skipaðan talsmann, var látið velta á eigi konunnar. Ef hún ynni ekki eiðinn, þá skyldi máflutningskaup talsmanns greiða úr ríkissjóði, en hún skyldi þá greiða manninum málskostnað. En ef hún ynni eiðinn, þá skyldi hann greiða henni málskostnað 203

Gjaldeyrislög.

Maður dæmdur fyrir brot á ákvæðum um gjaldeyrisverzlun 7
Maður dæmdur fyrir vanskil á erlendum gjaldeyri, er hann hafði fengið fyrir íslenzkar afurðir 38, 104

Grandleysi.

A hafði leigt B húsnæði til iðnrekstrar í húsi sinu frá 1. okt. 1938 til 1. okt. 1943. Í nóvember 1940 seldi A húsið til C, sem ekki hafði fengið vitneskju um leigusamninginn, er ekki var heldur þinglesinn. C var ekki talinn bundinn við samning þenna lengur en til 1. okt. 1941, með því að hann hefði ekki mátt búast við, að húsnæðið hefði verið leigt lengur en til 1 árs 177
K og L höfðu keypt húseign. Á skýrslu seljanda byggðu þeir eignarrétt að lóð og skúrbyggingu á henni, sem var hinum megin brunaveggjar milli eignarinnar og nágrannaeignar hennar. Að órannsökuðu máli máttu þeir ekki treysta því, að þeir hefðu eignazt lóðina og skúrinn. Hins vegar voru þeir sýknaðir af kröfu eigandans um endurgreiðslu leigu, er þeir höfðu tekið við fyrir afnot skúrsins, með því að eignarhald þeirra á honum hefði verið slíkt er skapað hefði þeim eignarhefð að lögum 210

Greiðsla.

Leiga eftir skúr einn talinn réttilega greidd til tveggja manna, sem síðar reyndust ekki eigendur að honum, með því að leigutaki hefði, eins og stóð, mátt treysta sögusögn þeirra um rétt sinn, og eigandinn hafði ekki krafið leigutaka fyrr en um það leyti sem hann höfðaði mál um eignarrétt að skúrnum 210
A hafði gefið B út skuldabréf með veði í fasteign, og skyldi skuldin greiðast með árlegum afborgunum, en vera fallin öll í gjalddaga, ef vanskil yrðu. Afborganir höfðu greiðzt óreglulega, en handveðshafi, sem tekið hafði við greiðslum, hafði þó kvittað fyrirvaralaust fyrir þær. Þegar skuldin var sett til innheimtu, var ein afborgun ógreidd. Fyrirvaralaus kvittun handveðshafa var ekki talin því til fyrir stöðu, að lánardrottinn gæti heimt alla skuldina, sem ógreidd var 227
A hafði bækur í umboðssölu frá B. Er A hætti þeirri starfsemi, kvaðst hann hafa afhent bækurnar þeim manni, er Bóksalafélagið hefði vísað honum til. Þessi afgreiðsla var ekki talin binda B, með því að hann var ekki í félaginu, og var A því dæmt að greiða andvirði bókanna 289

Gæzluvarðhald.

Sökunautar, sem setið höfðu í gæzluvarðhaldi, fengu varðhaldstímann frádreginn, er reikna skyldi fangelsisvist þeirra samkvæmt dómi í refsimálum 58, 326

Dvöl sökunautar á geðveikrahæli látin koma til frádráttar refsivist, eins og venjulegt gæzluvarðhald 243

Mál höfðað fyrir hæstarétti til bóta fyrir gæzluvarðhald að ósekju. A hafði verið grunaður um íkveikju í húsi sínu og verið hafður í gæzluvarðhaldi 4 sólarhringa. Talið ósennilegt, að hann hefði getað haft hag af brunanum, heldur hið gagnstæða. Því talið svo sennilegt, að hann væri saklaus, að skilyrði bótaréttar eftir 1. gr. laga nr. 28/1893 væru fyrir hendi 306

Hafning máls.

Mál hafið fyrir hæstarétti gegn öðrum hinna stefndu. Honum dæmdar ómaksbætur 285

Hefð.

K og L höfðu tekið við leigu eftir eign, sem síðar var dæmd A. Í máli, sem A höfðaði á hendur þeim til endurgreiðslu leigunnar, voru þeir sýknaðir, með því að eignarhald þeirra hefði getað skapað þeim eignarhefð að lögum 210

Heimvísun. Sjá ómerking.

Hjónaband.

A hafði gefið út veðskuldabréf. Maður hennar hafði samið við lánardrottinn um breytingu á ákvæði í bréfinu. A samþykkti ekki þessa ráðstöfun manns síns, og varð hún því ógild, með því að hann hafði ekki haft umboð konu sinnar til að gera hana 227

Hlutdeild.

Tveir sökunauta höfðu gert eða látið gera bréf, þar sem skorað var á brezka hermenn að neita að vinna verkamannsvinnu í þarfir brezka hersins, og tveir aðrir, sem að tilhlutan hinna höfðu annazt dreifingu bréfsins, dæmdir allir eftir 88. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, án þess að vísað væri til ákvæðanna um hlutdeild í brotum 58

Löglærður málflytjandi sektaður fyrir hlutdeild í þingsafglöpun héraðsdómara samkvæmt 2. tölul. 188. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 22. gr. hegningarlaga 1940 analogice 96

Maður sakaður um það, að hann hefði hvatt tvo útlenda sjómenn til að sökkva skipi á Reykjavíkurhöfn og boðið þeim

gjald fyrir. Þetta var talið drykkjuskaparþrugl, sem engin alvara hefði búið bak við 90
Sökunautar dæmdir fyrir hlutdeild í fjársvikum 243
Þrír menn dæmdir sekir um fjárhættuspil 326

Húsaleigulög. Sbr. leiga.

Húseigandi sektaður fyrir ólöglega uppsögn húsnæðis í því skyni að hækka leigu og fyrir heimt hærri leigu en lög stóðu til 220

Húsleit.

Húsleit framkvæmd í máli til refsingar fyrir óleyfilega sölu áfengis 115
Húsleit gerð í rannsókn máls vegna fjárhættuspils 326

Ítrekun.

A var dæmdur sekur um óleyfilega áfengissölu 4. nóv. 1934 og aftur 16 ágúst 1940. Síðara skiptið var hann dæmdur fyrir ítrekaða áfengissölu 15
Maður dæmdur sekur um margítrekaða ölvun á almannafæri 49
Kona dæmd fyrir ítrekaða sölu áfengis 115

Játning. Sjá aðiljaskýrslur.

Kaup og sala.

A seldi hús sitt B fyrir milligöngu C. B krafðist riftingar á kaupunum og skaðabóta vegna blekkinga um gagngjald af hendi A. A taldi sig hafa skýrt C, sem talinn var hafa verið umboðsmaður B, en ekki A, við kaupin, satt og rétt frá um verðmæti þau, sem koma skyldu fyrir húsið. Með því að B gat ekki sannað neinar blekkingar af hálfu A, voru kröfur hans ekki teknar til greina 154
A seldi B hest, sem síðan reyndist bæði styggur og gráður. B skoðaði hestinn, er kaup föru fram. Honum var sagt, að hesturinn hefði verið geltur með kliptöngum, og að geldingin mundi duga. Hesturinn var sagður ofurlítið var um sig, er taka skyldi hann, en ekki styggur. Þessir lestir voru taldir slíkir, að A gæti rift kaupum, heimt andvirðið til sín og þóknun fyrir spjöll, er hesturinn hafði valdið á girðingum, og fyrir hirðingu hestsins þann tíma, sem hesturinn var í vörzlum hans, en þess getið, að A hefði getað ráðstafað hestinum á ábyrgð B eftir að B hafði synjað viðtöku á honum 167
A sendi umboðsmann sinn til að skoða skip, er hann hugðist að kaupa af B. Leizt umboðsmanni skipið gott. Gerðust

kaupin svo, og var skipið selt í því ástandi, sem það var þá í. Vottorð skipaskoðunarmanna á sölustaðnum mælti svo, að skipið fullnægði þeim kröfum, er gera eigi til haffærra skipa. A vildi setja í kaupbréf, að skipið væri selt í „ríkisskoðunarástandi“, en B vildi ekki að því ganga, og var það því ekki sett í kaupbréfið. Þegar skipið var komið til kaupanda, neitaði vátryggingarfélag að tryggja það gegn sjóskaða, með því að eftirlitsmenn þess töldu það ósjófært sakir fúa. A tilkynnti B þetta þegar í stað og kvaðst rifta kaupin. B taldi sér ástand skipsins nú óviðkomandi, með því að skoðunarmenn á heimili hans hefðu talið skipið í góðu standi, og að það hefði verið selt eins og það var á sölustund. Með skoðunargerð ríkisskoðunarmanna og yfirskoðun, svo og efnafræðirannsókn á fúnum viðum úr skipinu var það talið sannað, að skipið hefði verið svo fúið — enda sá fúi dulizt umboðsmanni A, — að rifting kaupa og endurheimta kaupverðs væri heimil 194

A og B áttu í óskiptri sameign húseignina við F-götu 23 a. Áfast húsinu og að lóðarmörkum húseignarinnar F-götu 25, sem B átti einn, var skúrbygging tilheyrandi F-götu 23 a og einnig í sameign A og B. B varð gjaldþrota, og afsalaði þá þrotabú hans eignarhluta hans í F-götu 23 a til A, að engu undanskildu, en þess var þó getið, að með í kaupunum fylgdi ekki lóðarspilda sú, er viðbygging að eigninni F-götu 25 væri reist á, enda fylgdi sú lóð síðastnefndri eign. Nokkru síðar afsalar umboðsmaður þrotabúsins K og L eigninni F-götu 25 með öllu, sem eigninni fylgdi og fylgja bæri. Með skírskotun til þess afsals kröfðust K og L þess, að þeim yrði dæmdur eignarréttur að áðurnefndri skúrbyggingu og lóð undir henni, enda þótt hún stæði á lóðinni 23 a og brunaveggur væri milli lóðanna. Við afsalinu að 23 a hafði umboðsmaður A tekið athugasemdalaust, en ákvæði þess um lóð undir skúrnum og skúrbygginguna var að engu haft, með því að það þótti óglöggt og þar að auki allskostar óeðlilegt og ósennilegt, að A hefði ætlað að afhenda þrotabúinu sinn eignarhluta í lóð undir skúrbyggingunni eða í henni, enda talið, að umboðsmaður A og umboðsmaður þrotabúsins mundu ekki hafa gert sér ljóst, hvað í orðum afsalsins, sem nefnd voru, skyldi felast. Enda þótt K og L teldu sig hafa ætlazt til, að í kaupi þeirra fælist lóðin og skúrbyggingin, var talið, að þeir hefðu ekki að órannsökuðu máli mátt treysta því, að þeir fengju hluta af nágrannalóðinni, sem skilin var með brunavegg frá eigninni F-götu 25 210

A bauð B að selja honum allan bræðslusíldarafla mótorbát-

anna X og Y með 2 símskeytum, sendum samdægurs. B svaraði með símskeyti, að hann vildi kaupa bræðslusíldarafla bátsins X. Síðar undirritaði skipstjóri bátsins Y samning um sölu alls bræðslusíldarafla bátsins Y fyrir tiltekið verð fyrir hvert mál. A gerði síðan kröfu til skaðabóta vegna samnings þessa, með því skipstjóra hefði verið synjað um kol, er hann kom með skipið hlaðið af síld, nema hann seldi síldina þannig, enda hefði samningur sinn við B tekið til beggja bátanna. Talið var, að A hefði firrt sig öllum bótarétti, með því að hann hefði ekki þegar er unnt var gert kvartanir út af ráðstöfun skipstjóra 276

Kæra.

Úrskurður skiptaréttar um gildi kröfulýsingar og um frestveitingu kærður samkvæmt 3. tölul. sbr. staflið b 198. gr. laga nr. 85/1936 34
Úrskurður um skyldu vitnis til að staðfesta skýrslu sína 80
Úrskurður um frestsynjun og dómtöku máls vegna útivistar stefnda 98
Synjunarúrskurður héraðsdómara um dómkvaðning matsmanna 210
Frávísunardómur, sem nefndur var „úrskurður", kærður til hæstaréttar og ómerktur 295
Úrskurður um það, hvort krafa um refsingu fyrir meiðyrði hafi verið rétt lögð til sátta, kærður til hæstaréttar 331
Málskostnaðarákvæði í héraðsdómi sérstaklega kært til hæstaréttar 333

Landamerki.

Lækur réð merkjum milli jarða. Staðhæfing annars aðilja um, að lækjurinn hefði breytt um farveg frá því, er merkjaskrá hafði verið gerð, þótti ekki hafa verið sönnuð, og því var krafa aðilja um breytingu merkja, sem skipti máli um aðstöðu til veiða í á, ekki tekin til greina 311

Landráð.

A og B höfðu samið eða látið semja áskorun til brezkra hermanna um að neita að vinna verkamannavinnu í þarfir brezka hersins á Íslandi, í þeim tilgangi, að bréfinu yrði dreift út meðal hermannanna. C og D önnuðust síðan að undirlagi hinna dreifinguna, þar til er herlögreglumenn tóku þá fasta. Með þessu atferli voru sökunautar taldir hafa aukið hættu á íhlutun um íslenzk mál af hálfu hernaðaryfirvalda og þar með hafa unnið til refsingar eftir 88. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Tveir ritstjórar, sem í blaði sínu höfðu lofað og varið atferli hinna, taldir sekir við 2 mgr. 121 gr. sömu laga 58

Maður kærður eftir 10. kafla hegningarlaganna fyrir það, að hann hefði hvatt tvo erlenda sjómenn til að sökkva erlendu skipi á Reykjavíkurhöfn, en skipið var hér í þarfir erlends herliðs. Maðurinn var sýknaður, með því að ummæli þau, sem á hann voru borin, voru talin marklaust drykkjuraus 90
Maður dæmdur eftir 2. mgr. 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 2. gr. laga nr. 47/1941 fyrir meiðandi ummæli um erindreka erlends ríkis 257, 263

Landsleiga.

Útbygging var byggð á því, að leiguliði hefði rifið jarðarhús leyfislaust og án úttektar á húsunum og reist byggingar á jörðinni óleyfilega. Húsrif fór fram, að því er telja mátti, í tíð fyrrverandi landsdrottins og með hans samþykki, en hitt atriðið ekki talið nægilega rökstutt. Vanræksla um hirðingu áburðar og vanræksla um viðhald landamerkja ekki heldur talin rökstudd. Gert ráð fyrir, að leiguliði geti samið um endurgjald fyrir réttahald í landi ábýlis síns sína ábúðartíð. Aðrar útbyggingarsakir einnig taldar ósannaðar. Ekki talin óleyfileg framleiga, þótt leiguliði leyfði sonum sínum sameign með sér um refabú í landi leigujarðar 26

Leiga. Sbr. landsleiga.

A hafði gert samning um leigu handa atvinnufyrirtæki sínu í húsi B frá 1. okt. 1938 til 1. okt. 1943. 27. nóv. 1940 seldi B C húsið, án þess að C fengi vitneskju um leigusamning þenna, sem ekki hafði heldur verið þinglýst. C þurfti húsnæðisins í eigin þarfir og sagði B því upp í janúar 1941 til brottflutnings 14. maí s. á. Talið var, að C hefði mátt gera ráð fyrir því, að húsnæðið væri leigt til árs, er hann keypti húsið, og þótti hann því ekki geta sagt því upp til brottflutnings fyrr en 1. okt. 1941 177
A leigði skip til síldveiða þremur mönnum gegn því, að hann fengi tiltekinn hundraðshluta af afla, en tæki þátt í ýmsum útgerðarkostnaði. Gert ráð fyrir útsvarsskyldu hans af þeirri starfsemi. Hins vegar var A ekki talinn útsvarsskyldur vegna leigu á öðru skipi til sömu manna gegn ákveðinni leigu 20
K og L keyptu hús. Töldu þeir í kaupi þess vera skúrbyggingu eina, er síðar reyndist heyra nágrannaeigninni til. Leigutaki skúrbyggingar þessarar hafði greitt K og L leiguna samkvæmt kröfu þeirra og í trausti þess, að þeir væru eigendur skúrsins, þar til mál var risið um eignarétt að hon-

um. Eigandi skúrsins krafði leigutaka um leigu fyrir þann tíma, er hann hafði greitt K og L, en hann var sýknaður, með því að hann taldist, eins og á stóð, hafa mátt treysta því, að hann greiddi leiguna til réttra aðilja, enda hafði eigandinn ekki krafið hann fyrr en mál var höfðað gegn K og L um eignarétt að lóð og skúr á henni 210

A leigði B íbúð í húsi sínu með rétti til að framleigja einhleypum herbergi. Samkvæmt því leigði B C eitt herbergi af íbúðinni. C giftist nokkru síðar og bjó með manni sínum um hríð með vitund A. Enda þótt A hefði þolað það óátalið, var hann ekki talinn skyldur að þola nýja fjölskyldu — C hafði átt barn eftir að hún gifti sig — og B var því talinn hafa gerzt sekur um brot á samningi sínum og honum dæmt að rýma íbúðina 292

Líkamsáverkar.

Nokkrir menn höfðu hlotið áverka í bílslysi, enda þótti bifreiðarstjóri hafa ekið óvarlega, og auk þess hafði hann neytt áfengis að mun. Áverkarnir svöruðu ekki til þeirra lemstra, sem í 206. gr. hegningarlaga 1869 greinir, og var því talið heimildarlaust að dæma eftir 219. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, með því að brot var framið, áður en þau komu til framkvæmdar 117

Maður dæmdur fyrir líkamsáverka, er svaraði til áverka samkvæmt 205 gr. hegningarlaga 25. júní 1869, eftir 217. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 127

Líkur. Sbr. eiður, mat og skoðun, sönnun, vitni.

Siglingastefna skips, er talið var hafa brotið fiskveiðalöggjöfina, hafstraumar, þar sem skip hafði verið að veiðum, siglingahraði skipsins og varðbáts, er hafði tekið það, og fjarlægð milli skipanna talið allt skipta máli um sönnun fyrir broti 1

Tvö vitni, sem í félagi tjáðu sig hafa keypt áfengi í tilteknu húsi, lýstu húsinu þannig, að héraðsdómari taldi lýsinguna geta einungis átt við hús kærða. Vitnisburðurinn ekki talinn veita næga sönnun um áfengissölu hans til þeirra 15

Stúlka beið bana af bílslysi. Foreldrar hennar kröfðust bóta af eiganda bifreiðarinnar vegna missis framfæranda. Líkur fyrir því, að stúlkan hefði ekki verið aflögufær til þeirra, leiddar af kaupi því, sem hún vann fyrir 46

A hafði boðið ýmsum húseign B til kaups og sýnt þeim hana að B viðstöddum, án þess að hann gerði nokkrar athugasemdir við það. Síðar samdi B sjálfur um kaupin við einn þessara manna, að A fornspurðum. A krafðist þóknunar

fyrir afskipti sín af sölunni, en B kvað hann engin afskipti hafa haft af henni og neitaði að greiða. Talið sannað, að B hefði veitt A umboð til að leita kaupanda að eigninni 51
Áfengiseign A og skýrsla vitna um ös við hús hennar þótti styrkja grun um áfengissölu hennar í atvinnuskyni 115
Líklegt talið, að tímatöf við björgun skips hafi valdið bjargendum veiðimissi 144
Bætur fyrir atvinnutjón manns, sem lenti í bílslysi, ákveðnar eftir líklegum atvinnuhorfum hans það tímabil, sem máli þótti skipta 172, 185
Hinn 19. nóv. 1940 ól K fullburða barn og kenndi það M, sem kannaðist við 3 ára kunningsskap milli sín og hennar, og að þau hefðu öðru hverju haft holdlegar samfarir, en síðast kvað hann samfarir þeirra hafa orðið laust fyrir jól 1939. K þótti hafa líkur fyrir sínum málstað betri en M fyrir sínum, og úrslit málsins voru því látin velta á eiði hennar 203
A, sem sjálfur var skipasmiður, seldi B skip, er síðar reyndist hafa verið þá ósjófært sakir fúa. A hafði vottorð skipaskoðunarmanna um gott ástand skipsins, en vildi þó ekki setja í kaupbréfið, að það væri selt í „ríkisskoðunarástandi", heldur einungis í því ástandi, sem það var þá í. Einnig kom fram vitnisburður sonar A um það, að hann hefði sagt föður sínum eftir skýrslu þriðja manns, að fúi væri í tilteknum stað í skipinu, og minnti A, að þessi skýrsla sonar síns væri rétt. Krafa B um riftingu kaups og endurheimtu andvirðis skipsins var þó ekki dæmd á líkum um sviksemi af hálfu A 194
A og B áttu húseign í óskiptri sameign. B átti einnig nágrannaeignina, sem greind var frá sameigninni með brunavegg. Umboðsmaður A fékk honum til handa afsal hjá umboðsmanni þrotabús B að eignarhluta hans í sameigninni, en undan kaupinu var skilin skúrbygging innan marka hennar og hún kölluð viðbygging við nágrannalóðina. Með því að óeðlilegt þótti, að A hefði ætlað að afsala sér hluta af sinni eign, er umboðsmaður hans tók við afsalinu, og líklegt þótti, að umboðsmennirnir hefðu ekki gert sér ljóst, hvað þeir voru að gera, var A ekki talinn bundinn við fyrirvara afsalsins gagnvart kaupendum nágrannaeignarinnar, sem gerðu tilkall til viðbyggingarinnar og lóðar undir henni 210
A var grunaður um íkveikju húss síns. Talið sennilegt, að bruninn hefði ekki orðið honum til hags, heldur fremur til óhags, með því að atvinna hans hefði stöðvazt, en ekki var tryggt fyrir rekstrarstöðvun, og hús og vörur ekki oftryggt 306

Lög og lögskýring.

Sönnunarregla 2. mrg. 15. gr. laga nr. 70/1931 ekki talin eiga við um skaðabótakröfu á hendur bifreið, er dró aðra bifreið 17
Brot voru framin um áramót 1938—1939, en hegningarlög nr. 19/1940 voru gengin í gildi, er brot voru dæmd. Brotin voru dæmd eftir 202 gr. hegnl. 1940 samkvæmt 2. gr. þeirra laga og með hliðsjón af 174. sbr. 175. gr. hgnl. 25. júní 1869 12
Gjald fyrir geymslu á vörum ákveðið svo sem sanngjarnt mátti telja, með því að ekki var sannað, hvernig samið hefði verið, og studdi hæstiréttur þá niðurstöðu með samanburði við ákvæði 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup 30
Málflytjandi í héraði sektaður samkvæmt 2. tölul. 188. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 22. gr. hegningarlaga 1940 analogice fyrir hlutdeild í refsiverðri þingsafglöpun héraðsdómara 96
Í bílslysi höfðu nokkrir menn hlotið meiðsl. Þetta gerðist, meðan hegningarlög 25. júní 1869 voru í gildi, en mál var dæmt eftir gildisöku hegningarlaga nr. 19/1940. Meiðslin voru ekki talin svara til lemstra þeirra, sem í 206. gr. hegningarlaga 1869 greinir, og var því talið heimildarlaust að refsa ákærða eftir 219. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 117
Ákvæði í samþykktum félags um það, að stofnfé, sem félagsmaður hefur greitt, sé afturkræft, er hann deyr, flytzt af félagssvæði, verður fátækrastyrks þurfi eða gjaldþrota, ekki talið eiga við, ef honum er vikið úr félaginu, enda skyldi stofnféð tryggja lánardrottna félagsins 71
Máli frestað ex officio fyrir hæstarétti samkvæmt analógíu 120. gr. laga nr. 85/1936, svo að aðili fengi færi á að afla rækilegri upplýsinga um tiltekin sakaratriði 111, 148, 182, 281
Refsing fyrir líkamsáverka, sem svaraði til áverka samkvæmt 205. gr. hegningarlaga 25. júní 1869, ákveðin eftir 217. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 2. gr. sömu laga, en brot var framið, áður en hegningarlög 1940 komu til framkvæmdar 127
Refsing fyrir manndráp af gáleysi, framið áður en hegningarlög nr. 19/1940 komu til framkvæmda, ákveðin samkvæmt 215 sbr. 2. gr. sömu laga 206
Brot framin áður en almenn hegningarlög nr. 19/1940 komu til framkvæmdar, ekki látin varða réttindamissi eftir 68. gr. sakir ákvæða 2. gr. þeirra 243
Brot framin áður en lög nr. 19/1940 komu til framkvæmdar dæmd með tilvísun til viðeigandi greinar hegningarlaga 1869, en hegning ákveðin eftir viðeigandi grein hegningarlaga 1940 sbr. 2. gr. þeirra 243
A tók skip s/f G á leigu, en tók síðar B og C í félagsskap með

sér um leiguna, án atbeina s/f G. Talið, að ekki hefði þar með stofnazt slíkur félagsskapur með s/f G og B og C, að skattleggja hefði mátt alla þessa aðilja saman samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1935 298
Sum brot framin fyrir gildistöku hegningarlaga nr. 19/1940, en sum eftir. Refsing að nokkru leyti ákveðin með skírskotun til 2. gr. sömu laga 326
Skýring á hugtakinu félög í 3. gr. laga nr. 6/1935 ..... 298, 316
Skýring á aðalreglu 8. gr. laga nr. 106/1936 um útsvarsskyldu á heimili gjaldþegns sbr. við a-lið 2. mgr. sömu greinar og c-lið 9. gr. sömu laga 324
Málskostnaðarákvæði í héraðsdómi kært til hæstaréttar. Þessum dómi hafði varnaraðili kærumálsins skotið til hæstaréttar. Kærumáli frestað ex officio samkvæmt analógíu 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936, unz séð yrði, hvort áfrýjunarmálið yrði lagt í dóm 333

Málasamlag.

Blandað. Sakaukamál. Gagnsakir.

A stefndi B til greiðslu á leigu eftir skúrbyggingu, er hann reyndist eiga. Síðan stefnir A K og L, sem einnig töldu sig eiga skúrinn og tekið höfðu við leigu eftir hann, inn í málið og krafði þá endurgreiðslu leigunnar, ef B yrði sýknaður. Þá gagnstefndu K og L A til viðurkenningardóms um eignarrétt að skúrnum að öllu eða hálfu leyti og til dóms um leigu eftir lóðina undir skúrnum og til að taka skúrinn burt af lóðinni, ef eignaréttur þeirra að honum yrði ekki viðurkenndur. Allt sameinað og dæmt í einu máli 210

A. Einkamál.

I. Aðiljasamlag.

a) verjenda samlag.

Sjómaður hafði gengið fram af hafnarbakka í myrkvaðri borg í Bretlandi og beðið bana af. Stríðstryggingarfélagi íslenzkra skipshafna aðallega stefnt til að greiða dánarbætur, en til vara tryggingarstofnun ríkisins stefnt til að greiða dánarbætur samkvæmt slysatryggingarskírteini. Þessar tryggingarheimildir taldar hvor annari óháð, og málinu gegn tryggingarstofnun ríkisins því vísað frá dómi 42

Þess krafizt aðallega, að tryggingarfélagið A yrði dæmt til að greiða stríðsslysatryggingu, til þrautavara, að tryggingarfélagið B yrði dæmt til að greiða sjóvátryggingu, en til vara, að upphæðinni yrði skipt milli félaganna 272

b) Sækjenda samlag.
Foreldrar stúlku, er beðið hafði bana í bílslysi, höfðuðu saman mál gegn eiganda bifreiðar til bóta vegna slyssins 46
Eigendur skips og útgerðarmenn 238
Veriendasamlag og sækjenda 238

II. Kröfusamlag.
Margar samkynja kröfur heimtar 51
Gagnkröfur. A hafði keypt skip af B, er síðar reyndist svo gallað, að A var talið heimilt að rifta kaup og endurheimta andvirði skipsins. Til frádráttar endurheimtukröfunni hafði B uppi kröfur um bætur fyrir spjöll eða glötun ýmissa muna skipinu tilheyrandi, er orðið hefðu, meðan skipið var í vörzlum A. Vegna skorts á upplýsingum voru gagnkröfur þessar ekki teknar til greina 194
Talið heimilt að höfða gagnsök til skuldajafnaðar kröfu um greiðslu opinberra gjalda í máli til greiðslu gjaldanna og til sjálfstæðs dóms um mismun aðalkröfu og gagnkröfu 295

B. Opinber mál.

Margir sökunautar, er staðað höfðu að samningu og dreifingu bréfs, og tveir, sem opinberlega höfðu lofað og varið þann verknað síðar, sóttir saman til refsingar 58
Fjórir sökunautar sekir um svik í sambandi við miðilstarfsemi 243
Tveir menn sóttir saman fyrir þjófnað 259
Þrír sökunautar, er saman og að nokkru hver í sínu lagi höfðu gerzt sekir um fjárhættuspil 326

Máflutningsmenn.

Hæstaréttarlögmaður átalinn fyrir óþarfar frestanir máls 82
Hæstaréttarlögmenn átaldir fyrir málflutning andstæðan fyrirmælum laga nr. 85/1936 ..... 85, 154, 185
Málflytjendur í héraði vittir fyrir þátttöku í ýmiskonar vangæzlu dómara um málsmeðferð 285
Löglærður málflutningsmaður sektaður fyrir hlutdeild í því broti héraðsdómara að láta flytja mál til þrautar, enda þótt því skyldi bersýnilega vísa frá dómi ex officio 96
Málflutningsmenn í héraði átaldir fyrir aflaga meðferð einkamáls. Ekki hafði verið gætt fyrirmæla 105., 106., 109., 110. eða 111. gr. laga nr. 85/1936, heldur hafði málið að öllu verulegu verið flutt eftir reglum þeim, sem eftir var farið áður en téð lög komu til framkvæmdar. Þó var ekki talin

alveg næg ástæða til að sekta hlutaðeigendur samkvæmt heimild í 3. mgr. 34. gr. sbr. 2. mgr. 3. tölul. 1. mgr. 188. gr. nefndra laga 51

Málflutningur.

Sbr. dómarar, málflutningsmenn. málsmeðferð.

Aðili hvorki játar né neitar fullyrðingu andstæðings síns um staðreynd, og er fullyrðingin því lögð til grundvallar úrlausn um það atriði 26
Aðili afsalar sér rétti til að bera fram þá staðreynd sér til varnar, að maður, er dánarbóta var krafizt eftir, hefði valdið dauða sínum með gáleysi 42
Fyrirvari um endurheimtu víxilfjárhæðar gerður í víxilmáli 100
Aðili hafði í héraði algerlega neitað staðreynd, sem þar var sönnuð og viðurkennd í hæstarétti, enda hlaut aðilja að vera kunnugt um, að hún var slík sem gagnaðili sagði. Þetta atferli aðilja talið skipta máli um ákvörðun á málskostnaðarupphæð, sem honum var gert að greiða 56
Í kærumáli komu engar málsútlistanir eða kröfur fram af hendi sóknaraðilja. Samt sem áður var talið, að kæran væri í því skyni gerð, að hin kærða dómsathöfn yrði felld úr gildi, og dóntur lagður á mál að efni til 80
Í skuldamáli út af mörgum kröfuliðum lagði sækjandi fram reikninga yfir kröfuliðina, er mál var þingfest. Stefndi fékk þá 7 vikna frest, en að honum loknum vefengdi stefndi þó ekki einstaka kröfuliði né skuldina í heild, heldur skoraði á sækjanda að leggja fram eftirrit af öllum skiptum aðilja. Þetta var talið þarflaust, með því að greinargerð sækjanda hefði verið full glögg. Í þinghaldi meir en 1 ári eftir þingfestingu vefengdi stefndi loks einstaka liði. Gegn mótmælum sækjanda þóttu þessar vefengingar ekki takandi til greina, með því að þær væru mikils til of seint framkomnar 51
Skriflegur málflutningur samkvæmt 1. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaganna 112, 180, 289
Því ómótmælt og það því lagt til grundvallar, að eigandi húss, er sagði leigutaka upp húsnæði í því, þyrfti húsnæðisins til eigin afnota 177
Andmæli fyrst komin fram fyrir hæstarétti voru talin of seint uppi höfð 289

Málshöfðun.

Maður dæmdur eftir fleiri lögum en sýnast hafa verið greind í málshöfðun 7
Málssókn fyrir holdleg mök framin á 12 ára gömlu stúlkubarni

látin niður falla, með því að aðstandendur höfðu ekki krafizt málssóknar 12
Mál vegna brota á 88 gr. alm. helgningarlaga höfðað eftir skipun dómsmálaráðherra ..... 58, 257, 263, sbr. 90
Í tilkynningu héraðsdómara til sökunautar um það, að mál yrði höfðað á hendur honum fyrir brot á gjaldeyrislögum, þótti svo mikið felast, að aðili mætti búast við refsidómi, en af kröfu um upptöku eigna og greiðslu sakarkostnaðar var sökunautur sýknaður í hæstarétti, með því að hvorugrar þeirrar kröfu var getið í tilkynningunni 38
Samsvarandi úrlausn 104
A hafði brotið bæði bifreiðalög og áfengislög. Honum hafði ekki verið tilkynnt, að mál skyldi einnig höfða gegn honum fyrir brot á áfengislögum. Þó var talið heimilt að dæma hann eftir áfengislögum, með því að hann hefði ekki getað gengið þess dulinn, að honum var gefin áfengisneyzla við bifreiðarakstur að sök 117

Málskostnaður.

A. Almennt.

A gaf út víxil til handa B. Í víxilmáli var A dæmt að greiða víxilfjárhæð með vöxtum og kostnaði, auk málskostnaðar. Loforð um fjárgreiðslu þá, er í víxlinum var mælt, var talið brjóta í bága við markmið tiltekinna laga, og var því metið ógilt. B var því dæmt að endurgreiða A víxilfjárhæð með vöxtum og kostnaði, en málskostnað af víxilmáli fékk A ekki endurgreiddan, með því að hann hefði ekki þurft að láta koma til víxilmálsins, því að hann hefði getað greitt víxilinn án málssóknar með fyrirvara um endurheimtu .. 100
Um ákvörðun málskostnaðar var það talið skipta máli, að stefndi hefði í héraði synjað ranglega fyrir staðreynd, sem honum hlaut að vera kunnugt um og hann viðurkenndi fyrir hæstarétti 56
Sjóveðréttur til tryggingar björgunarlaunum einnig látinn taka til málskostnaðar 144
A var borinn út úr leiguíbúð sinni. Úrskurði um útburð og útburðargerðinni skaut A til hæstaréttar, og var hvorttveggja fellt úr gildi. A taldi sig ekki hafa fengið svo ríflegan málskostnað dæmdan í hæstarétti, að hún væri skaðlaus af. Í skaðabótamáli út af útburðinum gerði A kröfu til þess, að andstæðingi hennar yrði dæmt að greiða það, er hún taldi sig vanhaldna um, og var sú krafa tekin til greina í héraði. Var við það látið sitja í hæstarétti, með því að ekki var gagnáfrýjað 285

Héraðsdómari, sem stefnt var til að sæta vítum fyrir dómarastörf sín, talinn vítalaus. Honum dæmdur málskostnaður 306
Kostnaður landamerkjamáls í héraði, þar á meðal dagkaup og ferðakostnaður meðdómenda, lagður á þann aðilja, sem merkjum vildi fá breytt, en fékk ekki þá kröfu tekna til greina 311
Málskostnaðarákvæði sérstaklega kært til hæstaréttar 333

B. Opinber mál.

Héraðsdómur ómerktur og máli vísað heim. Ríkissjóði gert að greiða áfrýjunarkostnað 1
Sökunaut dæmd greiðsla alls sakarkostnaðar 5, 7, 12, 15, 38, 49, 115, 117, 127, 206, 220, 257, 259, 266
Mörgum ákærðum dæmd greiðsla sakarkostnaðar in solidum 58, 243, 326
Ef sökunautar eru fleiri en einn og eigi hafa báðir eða allir sama verjanda, þá greiðir hver sínum verjanda málflutningslaun 58, 243, 326
Sökunautur, sem talinn var sekur um brot á gjaldeyrislögum, sýknaður af málskostnaðargreiðslu, með því að kröfu um greiðslu hans hafði ekki verið getið í málshöfðunartil kynningu héraðsdómarans 38, 104
Sökunautur, sem sýknaður var af refsikröfu, einnig sýknaður af málskostnaðarkröfu 58, 90, 303

C. Einkamál.

1. Málskostnaður látinn falla niður:
Lögtaksmál um fasteignagjald af leigulóð. Aðilja skildi bæði á um gjaldskyldu og um reikning gjaldsins. Bæði fógetaréttur og hæstiréttur töldu aðilja skattskyldan af lóðinni, en hæstiréttur taldi, að gjaldið hefði verið hærra reiknað en rétt væri, og færði því gjaldið niður um 50% frá því, er fógetaréttur hafð italið vera eiga 10
Héraðsdómur staðfestur í riftingarmáli út af húsakaupum 154
Héraðsdómur staðfestur í skaðabótamáli vegna bílslyss 17, 46
Úrskurður staðfestur í kærumáli 80
Skiptaréttarúrskurður staðfestur um gildi kröfulýsingar, en felldur úr gildi um frestveitingu 34
Héraðsdómur staðfestur 51, 85, 96, 107, 276
Héraðsdómur ómerktur og máli vísað heim 132, 134, 238, 276
Áfrýjandi vinnur mál sitt 71, 177, 230, 282, 298, 316
Aðalsök, gagnsök og sakaukamál 210
Aðaláfrýjandi tapar máli 233, 279
Áfrýjandi, sem ekki hafði komið fyrir dóm í héraði, vinnur mál fyrir hæstarétti samkvæmt nýjum gögnum 270

Aðaláfrýjun og gagnáfrýjun. Héraðsdómur staðfestur 272
Áfrýjandi tapar máli, en stefndi kom eigi fyrir dóm 289
Frávísunardómur kærður og ómerktur 295
2. Áfrýjanda, sem vinnur mál sitt, dæmdur málskostnaður 20, 56, 82, 98, 100, 124, 138, 144, 155, 167, 180, 194, 285, 292, 331
3. Aðilja, sem einungis vinnur mál að nokkru, dæmdur málskostnaður 23, 30, 183, 185, 194
Báðir áfrýjuðu. Héraðsdómur var staðfestur um skipti þeirra, en stefnanda í héraði þó dæmdur málskostnaður í hæstarétti 42
4. Áfrýjanda, sem tapar máli, dæmt að gjalda málskostnað 26, 51, 172, 227, 324
Áfrýjandi, sem var varnaraðili í héraði, vann mál í hæstarétti, en var þó gert að greiða málskostnað í héraði, með því að hann hafði ekki sótt sáttafund 71
Með því að hvorugur aðili hafði stefnt öðrum í héraði, var kröfum þeirra um greiðslu málskostnaðar hvors á hendur öðrum vísað frá hæstarétti 42
5. Mál á hendur öðrum stefnda hafið í hæstarétti, og honum dæmdar ómaksbætur 285
6. Í eiðsmáli 112, 149, 203
7. Í gjafsóknar- og gjafvarnarmálum 134, 154, 159, 203, 279

Málsmeðferð. Sbr. dómarar, frestir, málflutningsmenn, málflutningur.

Aðili sinnir ekki leiðbeiningu dómarans um að fá frest til upplýsingar máli 71
Mál flutt skriflega í héraði eftir samkomulagi aðilja 71
Héraðsdómari og málflytjandi sektaðir fyrir þingsafglöpun, héraðsdómari fyrir að láta flytja mál til þrautar, enda þótt því skyldi tvímælalaust frávísa ex officio, en málflytjandinn fyrir hlutdeild í því broti 96
Dráttur á máli eftir áfrýjun þess skýrð með því, að málsskjölin miðlögðust í skjalasafni héraðsdómara og fundust ekki um hríð 17
Mál tekið upp af nýju í héraði samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 30
Stefndi sótti ekki þing, er mál var þingfest, en þá fékk stefnandi frest. Er mál var þá fyrir tekið, kom stefndi og krafðist frests. Gegn mótmælum stefnanda synjaði héraðsdómari um frest, með því að stefndi hefði ekki sannað forföll síðasta þingdag, og tók mál til dóms. Ákvörðun dómarans var staðfest í hæstarétti 98
Dómari talinn hafa átt að leiðbeina ólöglærðum aðilpa við

vitnaleiðslu, bæði um spurningar til vitna og um rétt aðilja til að krefjast úrskurðar um skyldu vitnis til að svara spurningum, og einnig var dómari talinn hafa vanrækt leiðbeiningarskyldu sína gagnvart vitni, er neitaði að staðfesta skýrslu sína 80
Fundið að því, að dómari frestaði máli og léði aðilja skjöl eftir að ágreiningur var risinn milli aðilja og vitnis, í stað þess að taka þann ágreining til úrskurðar 80
Fógetaréttarúrskurður ómerktur vegna þess að fógeti hafði ekki veitt aðilja kost á að afla gagna 265
Dómari og málflytjendur víttir fyrir það, að vitni voru leidd og ákveðinn skriflegur málflutningur, áður en skrifleg greinargerð um sakarefni var komin fram af hálfu stefnda, ekki var veittur sameiginlegur frestur til gagnasöfnunar og málið var illa upplýst um ýmislegt, enda hefði verið ástæða til að beita 114. og 115. gr. laga nr. 85/1936 285

Manndráp.

A ók bifreið á götu í Reykjavík. Mætti hann annarri bifreið, sem hafði svo skær ljós, að hann sá ekkert fram fyrir sig. A kvaðst að vísu hafa hægt ferðina, en sagðist þó hafa ekið á um 17 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Ók hann þá á mann, sem gekk yzt í götunni, að því er ætla má, og varð honum að bana. A talinn hafa ekið gálauslega, eftir því sem á stóð og var talinn sekur um manndráp af gáleysi 206

Mat og skoðun. Sbr. sönnun, vitni.

Héraðslæknir skoðar stúlkubörn, sem skírlífisbrot var framið á, og lætur uppi álit um þroska þeirra og mein af brotunum 12
Héraðslæknir segir álit sitt á sakhæfi manns, er kærður var fyrir holdleg mök við stúlkubörn 12
Dómkvaddir menn meta gjald fyrir vörugeymslu. Hæstiréttur taldi geymslumann eiga sanngjarnt gjald fyrir geymsluna og hækkaði það nokkuð frá því, er matsmenn höfðu ákveðið 30
Læknisvottorð um áverka. Röntgenmynd tekin af áverka 127
Bætur vegna örorku ákveðnar manni, sem varð fyrir bílslysi, eftir mati tryggingaryfirlæknis 172
Tryggingarlæknir metur örorku slasaðs manns. Lögreglumenn mæla veg, þar sem bílslys varð. Læknir lýsir áverka eftir bílslys og metur batahorfur. Bifreiðaeftirlitsmaður skoðar bifreið 159
Máli frestað í hæstarétti til þess að aðilja veittist kostur á að

afla mats dómkvaddra manna á frádrætti skaðabótafjárhæðar vegna spjalla á bifreið sakir fyrningar á henni .. 182
Matsgerð eftir atvikum talin bindandi, þótt aðilja, sem var annars staðar búsettur, hefði eigi verið viðstaddur eða honum gert viðvart 182
Blóðsýnishorn tekið af bifreiðarstjóra, sem sakaður var um akstur, þótt drukkinn væri. Lögreglumenn fara á vettvang, þar sem bílslys varð. Afstöðuuppdráttur gerður af slysstað og legu bifreiðar á veginum 117
Eftirlitsmaður bifreiða skoðar bifreið, sem ekið var, er bílslys varð 117
Mat dómkvaddra manna á leigu eftir skúrbyggingu 210
Tveir dýralæknar skoða silfurrefatæfu veturinn 1939—40 og töldu hana þá ófrjóa. Héraðsdómari taldi ósannað, að hún hefði verið það haustið 1939, er stefnandi hafði keypt hana 85
Blóðrannsókn í barnsfaðernismáli 112, 148, 203
Vottorð læknis 7. júlí 1938 um það, að K væri vanfær og hefði þá gengið með um 3 mánaða tíma, sem benti til þess, að hún hefði fengið fyrra hluta aprílmánaðar, eins og hún hafði haldið fram 149
Skipaskoðunarmenn höfðu vottað, að skip, sem A keypti af B, fullnægði kröfum þeim, er gera eigi til haffærra skipa. Með skoðunargerðum eftirlitsmanna vátryggingarfélags og skoðun ríkisskoðunarmanna skipa og yfirskoðun, svo og efnarannsókn á fúnum viðum skipsins var þó talið sannað, að skipið væri ekki sjófært sökum fúa, og rifting kaups og endurheimta kaupverðs talin heimil 194
Kunnáttumenn athuga rafmagnslagnir og segja álit sitt um möguleika íkviknunar af völdum rafmagns 306
A og B höfðu gert með sér lóðarleigusamning árið 1913, og var ákveðin ársleiga. 1940 krafðist leigusali dómkvaðningar matsmanna til að ákveða leigu framvegis. Héraðsdómari synjaði þessari beiðni, með því að mat væri þýðingarlaust, þar sem samið hefði verið um leiguna. Hæstiréttur taldi þessa synjun ólögmæta, því að það bæri ekki undir matsdómarann að skera úr því, hvort mat hefði að þessu leyti þýðingu eða ekki 218

Ómaksbætur.

Mál hafið á hendur öðrum af hinum stefndu í hæstarétti. Honum dæmdar ómaksbætur 285
Áfrýjandi, sem ekki kom fyrir dóm, er mál hans skyldi þingfesta, dæmdur til að greiða stefnda, sem kom fyrir dóm, ómaksbætur 297

Opinber mál. Sbr. dómar, dómarar, líkur, málshöfðun, málskostnaður, málsmeðferð, mat og skoðun, sönnun, vitni.

Héraðsdómur ómerktur og máli heimvísað til rækilegri rannsóknar um ýmis atriði 1

Fundið að rannsókn opinbers máls 7, 117

Sjónar- og heyrnarvottar að orðasennu og árás ekki yfirheyrðir, né sumir aðrir, sem upplýsingar máttu veita. Læknisvottorðs ekki aflað til hlítar. Átalinn dráttur á dómsuppsögu og áfrýjun 127

Ómerking.

Vegna ófullkominnar blóðrannsóknar og vöntunar á skýrslum aðilja og vitnis var dómur í barnsfaðernismáli ómerktur og máli vísað heim 134

Héraðsdómur í opinberu máli ómerktur og máli vísað heim vegna galla á rannsókn 1

Ómerking á skiptaúrskurði ekki talin nauðsynleg, þótt skiptaráðandi skírskotaði í forsendum til eldra úrskurðar um atvikalýsingu og byggði úrskurð sinn á munnlegum málflutningi, er fram hafði farið nálægt 11 vikum áður, með því að eldri úrskurðurinn birtist í dómasafni hæstaréttar, og skiptaráðandi hafði veitt aðiljum kost á málflutningi af nýju 191

Skipið A bjargar skipinu B, en bæði voru endurtryggð í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. A sækir B og farmeigendur þess til bjarglauna í sama máli og í einu lagi. Krafa á hendur B sætir ekki úrlausn dómstóla. Með því að kröfur á hendur báðum voru óaðgreindar, þótti verða að ómerkja héraðsdóm og vísa máli í heild frá héraðsdómi 238

Fógetaréttarúrskurður ómerktur vegna þess að fógeti hafði ekki veitt aðilja kost á að afla nauðsynlegra gagna samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 265

Málsmeðferð og dómur í héraði ómerkt og máli vísað frá héraðsdómi, með því að málið skyldi sæta úrlausn gerðardóms eftir samningi aðilja 270

Opinberir starfsmenn. Sbr. dómarar, málflutningsmenn, mat og skoðun.

Yfirmenn á varðskipi látnir staðfesta skýrslu um starfsathafnir sínar fyrir dómi í máli út af fiskveiðabroti 1

Vottorð hreppstjóra og oddvita um styrk látinnar stúlku til foreldra sinna var óákveðið og geymdi staðhæfingu um framtíðaratvik, og var ekki talið sanna það, er það beindist að 46

Refsingar.

a) Almennt.

Héraðsdómari hafði dæmt þremur stjórnendum félags að greiða in solidum sekt fyrir brot á sáttalöggjöfinni. Hæstiréttur breytti þessu þannig, að hver þeirra var dæmdur til að greiða sektina 71
Kona dæmd bæði í varðhald og sektir fyrir ítrekaða sölu áfengis í atvinnuskyni 115
Sektahæð ákveðin með hliðsjón af efnahag stefnda í meiðyrðamáli samkvæmt 51. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 124
Sama í máli fyrir brot á húsaleigulögum 220
Refsihæð miðuð við fortíð sökunautar 4

b) einstakar refsitegundir.

Sektir dæmdar 1, 5. 7, 15, 38, 49, 71, 112, 117, 124, 127, 220, 266
Fangelsi við venjulegt fangaviðurværi 12
Fangelsi dæmt 58, 243, 259, 326
Varðhald dæmt 112, 206, 257, 263

Sakhæfi.

Maður, ákærður um holdleg mök við stúlkubörn, talinn dálítið „seníl", eiga erfitt með að halda sér við tiltekið umtalsefni og hafa sérkennilegar hugmyndir um „móral". Maðurinn þó talinn fær um að taka út hegningu og dæmdur samkvæmt því 12
Maður 15½ árs gamall dæmdur skilorðsbundið fyrir þjófnað .. 259

Saknæmi.

Bifreiðin A dró bifreið B, sem hafði bilað. Þegar A hægði ferð vegna hættu á veginum, slaknaði á dráttartauginni, svo að hún fór aftur fyrir vinstra framhjól B, sem þess vegna kastaðist út af veginum og skemmdist. Bifreiðarstjórinn á B ekki talinn hafa sýnt nægilega eftirtekt eða varfærni, og skaðabótakrafa hans á hendur A ekki tekin til greina, enda var bifreiðarstjóri hennar ekki talinn hafa sýnt óvarkárni 17
Tveir menn höfðu búið til eða látið búa til áskorun á ensku til brezkra hermanna um að neita að vinna verkamannsvinnu í þarfir herliðsins. Nokkrir þeirra menna, sem tóku að sér að bera áskorun þessa til hermannanna, skildu ekki ensku og kváðust ekki hafa þekkt efni bréfsins og annars tóku mjög lítinn þátt í verkinu, voru sýknaðir 58
Bifreiðarstjóri dæmdur sekur um óvarlegan akstur, en sýknaður af kröfu um refsingu fyrir líkamsáverka af gáleysi, með því að meiðsl þau, er farþegar hans hlutu, svöruðu ekki til lemstra þeirra, er í 206. gr. hegningarl. 1869 greinir, en atvikið gerðist, meðan þau lög voru í gildi 117

A var sakaður um það, að hafa hvatt tvo útlenda sjómenn til að sökkva skipi á Reykjavíkurhöfn. Sannað þótti, að maðurinn hefði verið allmikið ölvaður, og talið var, að ekki hefði slík alvara búið bak við orðin, að honum yrði refsað fyrir tilraun til þess að slíku verki yrði komið í framkvæmd 90
Héraðsdómari, sem hafði látið flytja mál til þrautar, enda þótt tvímælalaust bæri að vísa því ex officio frá dómi, talinn hafa vikið svo stórfelldlega og gáleysislega frá réttri aðferð, að sekta bæri hann fyrir það. Löglærður málflytjandi einnig sektaður fyrir hlutdeild í þessu broti 96
Bifreiðarstjóri, sem var með áfengisáhrifum, ekur óvarlega og slasar stúlku. Dæmdur til að greiða henni bætur 159
Eiganda beifreiðar dæmt að gjalda manni bætur vegna slyss, er þjónn hans var talinn hafa valdið í starfi sínu með gálausri meðferð á bifreiðinni 172
Eiganda dráttarvagns dæmt að gjalda manni, er meiddist vegna ógætni vagnstjórans og ófullnægjandi útbúnaðar vagnsins, lækniskostnað, atvinnutjón og óþægindi, enda þótti maðurinn ekki hafa sýnt þá óvarkárni, er varða skyldi missi skaðabótaréttar 185
A hafði keypt skip af B, er síðar reyndist svo gallað, að A var talið rétt að rifta kaup og endurheimta andvirðið. Til frádráttar endurheimtukröfunni taldi B til bóta hjá A fyrir spjöll, er orðið hefðu á ýmsu skipinu tilheyrandi, meðan það var í vörzlum A, en sú krafa var ekki tekin til greina, með því að vangæzla af hálfu A þótti ekki sönnuð 194
A ók bifreið á götu í Reykjavík. Mætti hann þar annari bifreið, sem hafði svo skær ljós, að A sá ekkert fram fyrir sig. Hægði hann þá ferðina, en kvaðst þó hafa ekið á 17 kílómetra hraða. Ók hann á mann, sem gekk yzt á götunni þeim megin, sem bifreiðinni var ekið, og beið maðurinn bana af. A talinn hafa ekið óvarlega, og var honum því mælt refsing fyrir manndráp af gáleysi 206
A ók bíl á beinum og sléttum vegi og í góðri birtu út af veginum, og slasaðist kona, er sat í bílnum. Vátryggjandi greiddi konunni bætur, sem B, eiganda bílsins hafði verið dæmt að greiða. A, sem kvaðst hafa verið vel fyrir kallaður að öllu leyti, er slysið varð, var dæmdur til að endurgreiða tryggjanda bótafé, með því að hann þótti hafa gerzt sekur um slíkt gáleysi að endurgreiðsluskyldu varðaði 230
Sögusögn konu, er uppvís var orðin að mikilsvikum, um það, að sum fyrirbæri hjá henni hefðu verið ósvikin að hennar vitund, lögð til grundvallar, með því að og að því leyti sem sögusögnin var ekki afsönnuð 243
Skipstrand talið stafa aðallega af vangæzlu skipstjóra, en ekki

af hernaðarráðstöfunum. Skipstjóri talinn hafa vanrækt að mæla sjávarlýpi nægilega oft og hafa ekki gætt nægilegrar varkárni vegna ljósleysis á vitum, sem honum var kunnugt um, sjávarstrauma eða veðurs 272
A hafði hagnýtt sér vírspotta, sem tekinn hafði verið upp úr sjólögn landssímans og hafði legið alllengi hirðulaus hjá landssímastaur og ryðgað. Talið, að A hefði mátt líta svo á, að vírnum hefði verið fleygt, og A var því sýknaður af refsikröfu eftir 177. og 244. gr. hegningarlaganna 303

Samningar. Sbr. kaup og sala, umboðssala.
Árið 1939 afhenti A B, sem hafði afgreiðslu á skipum félagsins E, 1775 sekki af síldarmjöli, sumt í júlí og sumt í september. Krafði B A um kr. 1,50 pr. smálest um hverja viku, sem hann geymdi vöruna, með því að það væri venjulegt gjald fyrir geymslu á skipsafgreiðslum. A taldi hins vegar óheimilt að krefja slíks gjalds, því að hann hefði ekki komið vörunni til geymslu hjá A sem afgreiðslumanni félagsins E, heldur hjá verzlun A, sem hefði lofað ókeypis geymslu á sumu af vörunni, en ósamið um hitt. Dómkvaddir menn höfðu metið geymslugjald samkvæmt varakröfu A. Hæstiréttur taldi B eiga að fá sanngjarnt endurgjald fyrir geymsluna og hækkaði nokkuð gjaldið frá því, sem matsmenn höfðu ákveðið 30
A hafði um það bil, er lúka skyldi meðferð á búi hans samkvæmt lögum um skuldaskil vélbátaeigenda, gefið B, lánardrottni sínum einum, út víxil með heiti um greiðslu sérstaklega til hans fram yfir það, er honum bæri samkvæmt skuldaskilunum, og án vitundar annara lánardrottna sinna. Loforð þetta var talið ógilt, með því að það yrði ekki samrýmt því markmiði, er téð lög stefndu að 100
A gerði vinnusamning við B hinn 1. nóv. 1937, er gilda skyldi tiltekinn tíma. En fyrir þann tíma hafði A einnig unnið hjá B. Áður en tíminn var liðinn, vék B A fyrirvaralaust úr vinnunni vegna vanrækslu. Sú vanræksla, er talin var hafa átt sér stað fyrir 1. nóv. 1937, engu máli talin skipta í þessu sambandi 138
Samningur um sölu hests talinn riftanlegur vegna galla á hestinum 167
A og B höfðu fengið einkaleyfi til útflutnings tiltekinnar vörutegundar. Hinn 2. febr. 1939 gerði A og B uppkast að samningi, skráð með blýanti, og nefndu uppkastið samningsgrundvöll við C og D, þar sem hinum síðarnefndu var gefið „fullt umboð“ til að flytja einir út greinda vöru. Undirrituðu aðiljar „uppkastið“, en til þess var ætlazt, að lög-

fræðingur A og B hreinritaði skjalið. Alllöngu síðar fengu þeir A og B skjalið hreinritað, en þá neituðu C og D að undirrita það og kváðust alls ekki vera við það bundnir, með því að það hefði engan endanlegan samning milli aðilja að geyma. Talið, að aðiljar hafi gert bindandi samning sín á milli, enda þótt hann gæti ekki komið til framkvæmdar vegna réttar þriðja aðilja 107

Lánardrottinn talinn hafa mátt gera ráð fyrir því, að bæjarsjóður ábyrgðist skuldbindingar varðandi verksmiðju, er bærinn rak, enda þótt bæjarstjórn hefði mælt bæjarsjóð undan slíkri ábyrgð í reglum, sem hún hafði sett um rekstur verksmiðjunnar 180

A tók bifreið til flutnings á skipi sínu. Bifreiðin skemmdist á leiðinni. Í fylgibréfi, er A gaf út, skírskotaði hann til fyrirvara í farmskírteinum sínum, þar sem hann undanskildi sig ábyrgð á spjöllum slíkum sem bifreiðin hafði orðið fyrir. Þessi fyrirvari talinn þýðingarlaus, með því að farmsendandi hafði ekki fengið farmskírteini í hendur 182

A keypti hús af B fyrir milligöngu C, sem talinn var hafa verið umboðsmaður B, en ekki A við kaupin. A lét að nokkru kröfu og ýmis lausafjárverðmæti upp í kaupverðið, en B taldi sig hafa fengið mun minna fyrir þessi verðmæti en gert hefði verið ráð fyrir. A kvaðst hafa lýst þeim eftir beztu vitund. Með því að hvorki þótti sannað, að A hefði haft svik í frammi né að hann hefði mátt sjá það, að B hefði verið það forsenda fyrir kaupunum, að hann fengi tiltekið lágmarksverð fyrir verðmæti þessi, þá var krafa B um riftinguna á kaupunum og skaðabótakrafa út af þeim ekki tekin til greina 154

Í máli út af kaupum á skipi var því haldið fram, að seljanda hafi verið kunnugt um leynda galla á skipinu, fúa í viðum þess. Þó að sumt benti til þess, að svo hefði verið, var dómur þó ekki byggður á þessu atriði, heldur á hinu, að seljandi ætti að bera áhættu á leyndum löstum skipsins 194

A, sem átt hafði eignina X í sameign við B, fekk afsal að eignarhluta B af umboðsmanni þrotabús hans. Í afsalinu var þess getið, að ekki fylgdi með í kaupunum „lóðarspilda sú, er viðbygging að eigninni Y, sem var nágrannalóð X og greind frá henni með brunavegg, er reist á, enda fylgir sú lóð þeirri eign". Síðan fengu K og L afsal að eigninni X og gerðu þeir tilkall til lóðar og skúrbyggingar áfastrar við eignina X með skírskotun til afsalsins. Með því að orð afsalsins að eigninni X þóttu mjög óglögg, ósennilegt þótti, að A hefði ætlað að afsala sér eignarétti sínum að téðri lóð og skúrbyggingu og að umboðsmönnum aðilja mundi

ekki hafa verið ljóst, hvað þeir voru að gera, þóttu K og L ekki hafa getað treyst því að órannsökuðu máli, að þeir fengju eignarrétt að hluta lóðarinnar X, sem greind var með brunavegg frá lóðinni Y, enda höfðu þeir ekki heldur séð afsalið til A, heldur fóru einungis eftir sögusögn umboðsmanns þrotabúsins um efni þess 210

Konan A hafði gefið út skuldabréf til handa B með veði í fasteign, og skyldi skuldin greidd með árlegum afborgunum. Þær voru greiddar óreglulega og of seint. Þess vegna samdi umboðsmaður B og maður A um það, að vanskilin skyldu ekki gerð gildandi, ef A undirgengist breytingu á ákvæðum skuldabréfsins. Ritaði maðurinn undir skuldbindingu um breytingu þessa, en með því að konan samþykkti þessa breytingu ekki, var B talinn laus við sína skuldbindingu 227

A bauð B að selja honum afla tveggja skipa, X og Y, með 2 símskeytum, sendum samdægurs. B samþykkti að kaupa afla skipsins X. Skipstjórinn á Y gerði síðan samning um sölu á afla skipsins Y fyrir tiltekið verð fyrir hvert mál. A taldi sig hafa skaðazt á samningnum, sem hann taldi og gerðan með þvingun gagnvart skipstjóranum, sem ósannað var. Vegna vanrækslu á kvörtun út af samningnum við skipstjórann var A talinn hafa firrt sig skaðabótarétti á hendur B 276

Húsaleigusamningur talinn rofinn vegna ólöglegrar framleigu, og réttur til að rifta hann ekki talinn glataður, þótt hans hefði ekki verið neytt þegar er aðilja varð framleigan kunn 292

A hafði samþykkt skaðabótakröfu fyrir spjöll og töku á virspotta, sem talinn var hafa legið hirðulaus hjá landssímastaur einum og hann hafði verið kærður til refsingar fyrir töku á og spjöll. Samþykki þetta talið óskuldbindandi, er það var veitt í sakamálsrannsókn og A stóð í þeirri trú, að atferli hans væri refsivert, sem ekki var talið svo í hæstarétti 303

Sáttir.

Þrír stjórnendur félags, sem ekki höfðu sótt sáttafund, dæmdir hver um sig til að greiða sekt samkvæmt 12. gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómari hafði dæmt þeim að greiða sekt in solidum 71

Í sáttakæru var þess krafizt, að dómstólar yrðu látnir fjalla um málið, ef sátt tækist ekki, og að kærður yrði látinn sæta refsingu „sem frekast er unnt samkvæmt 25. kafla“ hegningarlaganna. Héraðsdómari hafði vísað refsikröfunni frá vegna ónógrar sáttaumleitunar. Hæstiréttur taldi hana hafa verið lagða réttilega til sátta 331

Síldareinkasala.

Stjórn síldareinkasölunnar talið heimilt að synja A um kol, nema skipti hennar og A færi með tilteknum hætti, og að setja tiltekin skilyrði fyrir kaupum á afla skips hans .. 276

Sjó- og verzlunardómur.

Mál til heimtu björgunarlauna rekið fyrir sjó- og verzlunardómi 144
Mál til skaðabóta fyrir spjöll, er orðið höfðu á bifreið, sem tekin hafði verið til flutnings í skipi 182
Mál til riftingar á skipakaupum, endurgreiðslu kaupverðs og gagnkröfur um bætur fyrir spjöll á skipi og skipsmunum, meðan skipið var í vörzlum kaupanda 194
Krafa um greiðslu vátryggingarfjár fyrir skip, er strandað hafði 272

Sjóveðréttur.

Aðilja dæmdur sjóveðréttur í skipi til tryggingar björgunarlaunum og málskostnaði 144

Skaðabætur. Sbr. saknæmi.

a) Utan samninga.

Eigandi bifreiðar dæmdur til að greiða bætur vegna andláts og fataspjalla stúlku, sem varð fyrir bifreiðinni og beið bana af, með því að ökumaður var talinn hafa sýnt gáleysi. Bætur vegna missis framfæranda voru hins vegar ekki dæmdar, með því að ósannað þótti, að sækjandur væru styrks þurfar, og að stúlkan hefði verið aflögufær 46
Bifreiðir rákust á við vegamót. Báðir bifreiðarstjórarnir voru taldir hafa farið ógætilega hart, eftir því sem aðstæður voru, og tjóni af árekstrinum var því skipt 23
Bjargendum skips bætt líklegt veiðitap og missi góðs markaðar afla síns vegna tímatafar við björgun 144
A, sem veitt hafði B líkamsáverka, dæmdur til að greiða honum lækningakostnað og bætur fyrir atvinnutap og óþægindi 127
Ósannað var, að stúlka, sem varð fyrir bifreið, hefði farið óvarlega. Bifreiðarstjóri og eigandi bifreiðar dæmdir in solidum til þess að greiða henni bætur fyrir atvinnutjón, þjáningar, lýti og lækningakostnað 159
A fellur af vörupalli bifreiðar, þar sem hann stóð að ráðstöfun bifreiðarstjórans, sem var í þjónustu bifreiðareiganda og þá í því starfi. Bifreiðarstjórinn þótti bæði hafa ekið óvarlega, og umbúnaður á palli bifreiðar þótti einnig ótryggur. Lækningakostnaður, örorka og þjáningar bætt 172
A hlaut meiðsl af dráttarvagni, sem B átti, en C stjórnaði. Bætur voru dæmdar eftir ákvæðum bifreiðalaga í héraði,

en í hæstarétti var bótaskyldan þegar reist á þeim rökum, að útbúnaður vagnsins þótti ótryggur, enda ekki talið, að krefjandi bótanna hefði hagað sér þannig, að hann ætti sök á slysinu. Ekki tekið til greina, þótt C hefði farið með vagninn lítilsháttar krók frá vinnu sinni, er slysið varð. Lækniskostnaður, atvinnutjón og óþægindi bætt 185

A var ranglega borin út úr leiguíbúð. Voru honum dæmdar bætur fyrir óþægindi og miska, en ekki fyrir atvinnutjón, spjöll á munum eða veikindi, er A taldi stafa af útburði eða hafa aukizt vegna hans, með því að sannanir vantaði um þessi atriði 285

Lyfsala dæmdar skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, með því að líkur þóttu benda til þess, að hann væri saklaus af verknaði þeim, sem hann var grunaður um 306

b) Vanefndir samningar o. fl.

Bifreiðin A dró bifreiðina B, sem hafði brotið drif. Þegar A kom að brú einni, hægði bifreiðarstjórinn ferðina, svo að slaknaði á tauginni, er tengdi bifreiðarnar saman, svo að taugin fór aftur fyrir hjól bifreiðar B, sem lenti fyrir það út af veginum og varð fyrir skemmdum, auk þess að kona, sem var í B, slasaðist allverulega. Bifreiðarstjórinn á B talinn hafa sýnt ógætni, er hann hemlaði ekki bifreið sína, því að hann hefði átt að veita því eftirtekt, að slaknaði á tauginni, og svo hefði hann átt að gefa hljóðmerki. Bifreiðarstjóri á A talinn hafa sýnt þá varúð, sem heimta mátti, og var hann því sýknaður af skaðabótakröfu bifreiðarstjórans á B, enda var sönnunarregla 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1931 ekki talin eiga hér við 17

A talinn hafa firrt sig rétti til skaðabóta vegna samnings, er skipstjóri hans hafði gert um sölu á afla skips, með því að hann hafði ekki tilkynnt nægilega snemma athugasemdir sínar við samninginn 276

Kaup á hesti talin riftanleg vegna galla á honum. Seljanda dæmt að skila andvirði hestsins og að gjalda þóknun fyrir spjöll, er hann hafði unnið á girðingum og fyrir hirðingu, meðan hesturinn var í vörzlum kaupanda 167

A keypti hús af B fyrir milligöngu C. Andvirði hússins var að nokkru greitt með kröfu á D og ýmsum lausafjármunum. B, sem taldi sig beittan blekkingum um verðmæti fjármuna þessara, gerði kröfu um riftingu kaupanna, leigu eftir húsið þann tíma, sem A hafði notið arðs af því, og um gabbsbætur. Með því að blekkingar af hálfu A voru ósannaðar og ekkert var komið upp í málinu, er sýndi, að A

hefði mátt vera það kunn forsenda af hálfu B, að hann fengi tiltekið lágmarksverð fyrir téða fjármuni, voru kröfur B ekki teknar til greina 154

A og B gerði samning um framsal einkaleyfisréttinda til C og D. Þeir töldu sig síðar ekki bundna við samninginn, meðal annars vegna þess, að A og B hefði ekki haft heimild til framsals réttindanna, og voru þeir taldir hafa þar á réttu að standa. C og D voru því sýknaðir af skaðabótakröfu A og B vegna samningsrofa, en bótakrafa A og B var miðuð við aðallega samanlagða þá fjárhæð, er C og D skyldu hafa greitt þeim lægsta þau 5 ár, sem samningurinn gat staðið samkvæmt einkaleyfinu, en til vara á fallið árgjald fyrir fyrsta árið 107

Forstöðumanni kúabús kaupstaðarins S dæmdar bætur vegna brottrekstrar úr stöðu, er honum hafði verið sagt upp með of skömmum fyrirvara samkvæmt ráðningarsamningnum. Bætur voru ákveðnar lægri en krafizt var, vegna þess að forstöðumaðurinn hafði haft nokkra atvinnu á tímabili því, er máli skipti. Staðhæfing gagnaðilja um vanrækslu af hálfu forstöðumannsins að engu höfð, með því að sannanir skorti um hana 76

A, sem hafði ráðizt í vinnu hjá B tiltekinn tíma, var rekinn fyrirvaralaust úr vinnunni, áður en sá tími var liðinn. B þótti ekki hafa haft lögmætar ástæður til brottvikningarinnar, og var því dæmt að greiða A bætur, en þó með hliðsjón af því, hvað A mætti telja hafa getað unnið sér inn, þar til samningstíminn var út runninn 138

Skattar og gjöld.

A. Til bæjar- og sveitarfélaga.

A hafði leigt lóð af hafnarstjórn Reykjavíkur fyrir tiltekna leigu. Var honum gert að greiða fasteignagjald til bæjarsjóðs af lóðarafnotum, með vísun til 1. gr. laga nr. 69/1937, og hafði gjaldið verið reiknað 1%, eftir 1. tölul. 2. gr. reglug. nr. 117/1938. Hæstiréttur taldi skylt að greiða fasteignagjald af lóðinni, en reikna bæri það samkvæmt 3. tölul. 2. gr. nefndrar reglugerðar og 0,5% af matsverði lóðar 10

Þrír menn höfðu tekið á leigu um síldveiðitímann 1940 skipið G fyrir fastákveðna leigu. Sömu menn höfðu einnig tekið á leigu skipið K af sama manni gegn því, að leigusali fengi tiltekinn hundraðshluta af veiði skipsins, en bæri ýmsan kostnað af útgerðinni. Leigusali var krafinn útsvars af skipunum í einu lagi. Hann var ekki talinn út-

svarsskyldur af skipinu K, en með því að útsvarið var í einu lagi lagt á vegna beggja skipanna og ósundurgreint, var talið óheimilt að leyfa lögtak vegna útsvarsins í heild 20

Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda talið útsvarsskylt af starfsemi niðursuðuverksmiðju sinnar í Reykjavík, með því að útsvarsundanþága þess samkvæmt lögum nr. 96/1936 tekur einungis til starfsemi þess um sölu og útflutning á saltfiski 282

A, sem var heimilisfastur á Akureyri, hafði síldarstöð á leigu á Siglufirði og rak þar síldarsöltun sumarið 1939. Atvinnurekstur þessi ekki talinn annar eða meiri en átt sé við í c-lið 8. gr. útsvarslaga nr. 106/1936, og aðili var því ekki talinn útsvarsskyldur á Siglufirði 324

B. Til ríkissjóðs.

Bæjarfógeti innheimtir með málssókn manntalsþinggjöld, þar sem lögtaksréttur var fyrndur. Gjaldþegni talið heimilt að höfða gagnsök til skuldajafnaðar og til sjálfstæðs dóms á því varnarþingi og að birta bæjarfógeta stefnu f. h. ríkissjóðs 295

S/f G fékk A skip sitt til umráða til ísfiskflutninga til Bretlands gegn ákveðnu gjaldi fyrir hverja ferð, auk ákveðins hluta af hagnaði. A tók síðan B og C í félag með sér um þessa starfsemi, án nokkurra afskipta s/f G, sem vissi þó um þessa ráðstöfun. Ekki talið, að með s/f G annars vegar og B og C hins vegar hafi með þessum hætti stofnazt slíkur félagsskapur, að rétt hafi verið að skattleggja þessa þrjá aðilja og A sameiginlega vegna áðurnefndrar starfsemi 298

Þrír aðiljar höfðu tekið skip á leigu til fiskflutninga til Bretlands. Því var haldið fram, að skipseigandi hefði verið hluttakandi í ágóða af starfseminni og því í félagsskapnum, en þetta var ósannað gegn mótmælum hinna. Það ekki talið máli skipta, þó að einn aðilja léti starfsfólk sitt og ýmsa aðra fá allan sinn ágóðahlut, því að þeir yrðu ekki þar fyrir félagsmenn. Því var talið, að félagsskapurinn tæki einungis til nefndra þriggja aðilja, og að þeir mættu því hver telja sér til skatts tekjur sínar af starfseminni samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1935 316

Skipti.

S, sem var andaður, lét eftir sig ekkju og son á fermingaraldri. Syninum hafði ekki verið skipaður fyrirsvarsmaður við skipti á dánarbúinu og ekkjan hafði hvorki beiðzt setu í óskiptu búi né heldur krafizt einkaskipta, enda mælt sig

undan skuldaábyrgð. Skilyrði einkaskipta voru því ekki talin vera. Kröfugerð á hendur dánarbúinu skyldi því einungis höfð uppi við skiptarétt. Erlendur kröfuhafi, sem lýst hafði kröfu sinni eftir kröfulýsingafrest, þó ekki talinn hafa misst kröfu sinnar, með því að hann hafði ekki fengið tilkynningu samkvæmt 18. gr. í samningi 8. maí 1934 um útgáfu innköllunar til lánardrottna. Hins vegar var hann talinn hafa haft nægt færi á að koma fram gögnum fyrir kröfu sinni, og úrskurður um óákveðinn frest í því skyni felldur úr gildi 34

Skírlífisbrot.

Maður dæmdur til refsingar fyrir holdleg mök, framin um áramót 1938—1939, við stúlku fædda 4. júlí 1927, en málssókn féll niður vegna slíkra maka við aðra stúlku, fædda 14. nóv. 1926, með því að aðstandendur hennar höfðu ekki krafizt málssóknar 12

Skjöl. Sbr. líkur, mat og skoðun, sönnun.

Hreppstjóri og oddviti votta það, að stúlka, sem beðið hafði bana af bílslysi, hefði vitanlega styrkt aldraða foreldra sína. Um efnahag þeirra var ekkert vottað. Ekki var vottorð þetta talið sanna þörf foreldranna né getu stúlkunnar til að styrkja þau, enda mælti hið lága kaup, er stúlkan vann fyrir, gegn því, að hún hefði styrkt foreldra sína svo að nokkru næmi 46
Vottorð lögreglustjóra um skrásetningu vagns og tryggingarskyldu 185
Skattskýrslur bótakrefjanda taldar léleg sönnunargögn til að sanna atvinnumissi hans vegna slyss, sem hann hafði hlotið af dráttarvagni 185

Skuldajöfnuður.

Á var sóttur til greiðslu manntalsþinggjalda, þar sem lögtaksréttur var fyrndur. Hann taldi sig eiga kröfu á ríkissjóð fyrir unnið starf. Gagnsök til skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms um afganginn var honum talið rétt að höfða á varnarþingi aðalsakar og nægilegt að birta bæjarfógeta, sem höfðaði gjaldheimtumálið f. h. ríkissjóðs, stefnu 295
Í máli til riftingar á skipakaupi og endurgreiðslu kaupverðs gerði stefndi þá varakröfu, að til frádráttar kæmu kröfur, sem hann taldi sig hafa á hendur stefnanda til bóta fyrir spjöll, er skipið hefði orðið fyrir, meðan það var í vörzlum stefnanda, og fyrir skipsmuni, er glatazt hefðu á sama tíma-

bili. Nægar upplýsingar vantaði um þessi atriði, svo að gagnkröfur urðu ekki teknar til greina 194

Skuldir. Skuldamál. Sbr. samningar.

A hafði kröfur á B fyrir ýmis rafvirkjaverk. Þessar kröfur greiddi B með kröfum, er hann hafði á A fyrir bifreiðaakstur í hans þágu. En jafnframt gat B þess, að hann hefði fleiri kröfur á A fyrir sama. A kvaðst í máli um þessi skuldaskipti hafa samið við B um kröfur þessar og greitt þær síðar að fullu. Hvorugt þetta gat A sannað gegn mótmælum B, og var A því dæmdur til að greiða B samkvæmt kröfum hans, sem voru sundurliðaðar nægilega 51

F dæmdur til endurgreiðslu víxilfjárhæðar með kostnaði og vöxtum, með því að loforð það um fjárgreiðslu, sem í víxli var mælt, þótti fara í bága við markmið það, er tiltekin lög stefndu að 100

Í máli til heimtu björgunarlauna var talið óheimilt að dæma eigendur hins bjargaða skips in solidum til greiðslu bjarglauna 144

Í kaupstað einum var fyrirtæki rekið, og hafði bæjarstjórn kveðið svo á í reglum, er hún setti fyrirtækinu, að skuldir fyrirtækisins væru bæjarsjóði óviðkomandi. Bæjarstjórn talið skorta allt vald til slíkrar ráðstöfunar, enda hafi lánardrottinn mátt gera ráð fyrir því, að bæjarsjóður ábyrgðist skuldbindingar varðandi fyrirtækið eins og hverja aðra starfsemi sína 180

A, sem andaður var, hafði fengið í umboðssölu ýmsa muni, sem ekki var skilað eða grein fyrir gerð af dánarbúsins hálfu. Ekki var fyllilega sýnt, hvers virði munir þessir voru, en áætlun umboðsmanns lánardrottins var lögð til grundvallar, með því að hún þótti sennileg. Auk þess krafðist umboðsmaðurinn bóta fyrir spjöll, er orðið hefðu á nokkrum munum, sem skilað hafði verið, en sú krafa var ekki tekin til greina, með því að ekkert var upplýst um þau. Loks var talið ósannað, að búinu bæri að kosta flutning þeirra muna, sem skilað hafði verið, til eigandans, og sú krafa var því ekki tekin til greina 191

Skuld talin fallin í gjalddaga öll, með því að vanskil höfðu orðið á greiðslu tilskilinna afborgana 227

A, sem verið hafði félagsmaður í gagnkvæmu vátryggingarfélagi, gekk úr félaginu 1927 og fékk þá greiddan hluta sinn, er honum bar samkvæmt samþykktum félagsins, úr svonefndum séreignarsjóði þess. Krafa hans um greiðslur úr sjóðum félagsins, er því var slitið 1937, ekki talin hafa stoð í samþykktum félagsins 233

Stefnur.

Bæjarfógeti höfðaði mál á hendur A til greiðslu manntalsþinggjalda. A höfðaði gagnsök á hendur ríkissjóði til skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms um afgang kröfu sinnar. Talið nægilegt að birta gagnstefnu fyrir bæjarfógeta 295

Svipting réttinda.

Svipting ökuleyfis 117, 206
Svipting kjörgengis og kosningarréttar fyrir fjársvik 243
Tveir menn sviptir réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir brot, er varðaði við 88. gr. sömu laga 58

Sýnileg sönnunargögn.

Kona, sem taldi sig vera miðil, hafði svik í frammi, og fundust í vörzlum hennar ýmis tæki, er hún hafði til að fremja svik sín með 243

Sönnun og sönnunarbyrði. Sbr. aðiljaskýrslur, eiður, líkur, mat og skoðun, skjöl, sýnileg sönnunargögn, vitni.

A. Opinber mál.

Tvö vitni báru sig hafa saman keypt áfengi af A. Vitnisburður þeirra talin næg sönnun um þau áfengiskaup, þrátt fyrir neitun A 15
Önnur tvö vitni, sem ekki tjáðust þekkja A, og voru því ekki eiðfest, en lýstu staðháttum svo, að einungis gat átt við hús A, ekki talin veita fulla sönnun um sekt hans um þá áfengissölu 15
Sönnuð áfengissala eitt skipti og miklar líkur fengnar um sams konar sölu annað skipti ekki talin veita næga sönnun, gegn mótmælum kærða, um áfengissölu í atvinnuskyni 15
Ó, sem sakaður var um brot á gjaldeyrislögum, með því að hann hefði ekki skilað að lögum fé fyrir útfluttar afurðir, taldi sig hafa fengið minna en reiknað var, vegna afsláttar, sem hann hefði orðið að gefa kaupunautum sínum erlendis vegna skemmda á vörunum. Þessi varnarástæða var ekki tekin til greina, með því að hún var engum rökum studd 104
Tvö vitni bera sig hafa keypt áfengi af A. Við húsleit fannst meira en svo af áfengi hjá A, að sennileg þætti sögn hennar um, að það hefði ekki verið ætlað til sölu. Nokkur vitni báru, að ös hefði oft verið við hús hennar. Talið sannað, að hún hefði selt áfengi í atvinnuskyni 115
A leigði B húsnæði fyrir 120 kr. á mánuði. Eftir að húsaleigunefnd hafði ákveðið leiguna 100 kr. á mánuði, tók leigusali samt 120 kr. og kvittaði fyrir greiðslu „a conto“.

Sögn hans um það, að greiðsla þessi hefði verið upp í húsaleiguna almennt, og að leigutaka hefði komið það til tekna, sem hann kynni að hafa átt inni, er skipti þeirra yrðu jöfnuð, ekki tekin til greina, með því að ekkert studdi hana 220
Kvittun leigusala fyrir 150 kr. mánaðarleigu talin full sönnun þess, að þá leigu hefði hann tekið, án tillits til viðgerðarkostnaðar á húsnæðinu, en leigusali taldi svo samið, að 10 kr. af leigunni hefði átt að verja í því skyni, enda hafði upphaflega verið samið um 140 kr. mánaðarleigu 220
Þáttaka manna og gróði þeirra af fjárhættuspili sannað bæði með játningu hinan seku og vitna 326

B. Einkamál.

Sækjandi játaði sig hafa ekið á um 30 kílómetra hraða, er bifreið hans rakst á aðra bifreið. Andstæðingur hans og eitt vitni taldi hann hafa ekið mjög hratt. Talið sannað, að hann hefði ekið hraðara en gætilegt var, eins og á stóð .. 23
Landsdrottinn talinn hafa sönnunarbyrði um niðurrif leiguliða á húsum jarðar, um vanrækslu á viðhaldi landamerkja, framleigu eða veitingu jarðargagna til annara manna, gerð nýrra bygginga, ranga lýsingu af hálfu leiguliða á kostum eða ókostum jarðar í opinberum skýrslum og um tjón landsdrottins af óleyfðum jarðabótum, er leiguliði kynni að hafa gert 26
A tók vöru til geymslu fyrir B. B gat ekki sannað, hvernig samið hafði verið um gjald fyrir geymsluna, meðal annars ekki, að hún hefði átt að vera ókeypis. Hæstiréttur dæmdi gjald, er sanngjarnt mætti telja og nokkru hærra en matsmenn höfðu ákveðið 30
Bifreiðin A dró bifreiðina B. Í skaðabótamáli vegna slyss, er bæði olli spjöllum á B og meiðslum á konu, sem í B sat, og höfðað var á hendur bifreiðarstjóranum á A, var sönnunarregla 2. mgr. 15 gr. laga nr. 70/1931 ekki talin gilda um þetta atvik 17
Foreldrar stúlku, er beðið hafði bana af bílslysi, kröfðust bóta fyrir missi framfæranda. Í vottorði hlutaðeigandi hreppstjóra og oddvita sagði, að vitanlegt hefði verið, að stúlkan hefði styrkt foreldra sína, svo sem þau hafi þurft. Ósannað var, að foreldrarnir hefðu verið styrks þurfar og í annan stað þótti ólíklegt, að stúlkan, sem vann í verksmiðju fyrir ekki hátt kaup, hefði verið aflögufær að nokkru ráði 46
A kvaðst hafa samið við B um greiðslu skulda og síðan hafa greitt þær að fullu. Taldi hann kvittun fyrir greiðslunni hafa glatazt. Starfsmenn A töldu sig hafa heyrt A og B tala saman í síma um skipti þeirra, en gátu ekkert nánar sagt

um, hvað þeim hefði þá farið á milli. Með því að A brast sannanir fyrir greiðslu krafnanna, var honum dæmt að greiða þær eftir kröfu B 51

A hafði sýnt ýmsum mönnum húseign B og boðið þeim hana til kaups, að B viðstöddum, án þess að hann gerði nokkrar athugasemdir við það. Í héraði hafði B algerlega neitað því, að hann hefði veitt A nokkra heimild til afskipta af sölu hússins eða að A hefði nokkurn þátt átt í sölu þess, en sjálfur hafði B samið við einn þeirra manna, er A hafði bent á húsið, að A fornspurðum. A talinn hafa sannað, að B hefði veitt honum umboð til að afla kaupanda að húsinu 56

Aðili, sem ekki hafði sótt sáttafund, færði ekki sönnur á forföll, og var því dæmdur til sekta og greiðslu málskostnaðar í héraði 71

A hafði verið ráðinn forstöðumaður mjólkurbús kaupstaðar, en bæjarstjórn hafði skipað sérstaka nefnd til rekstrar búsins. Með því að í málinu vantaði sönnun um það, að nefnd þessi hefði haft heimild til að segja A upp starfanum — en fullyrðing bæjarstjórnar þar um, eftir að mál var höfðað, var ekki talin nægileg, enda ekki upplýst, þrátt fyrir ákorun, hve nær nefndin hefði fengið slíka heimild — var málið dæmt svo sem nefndin hefði enga slíka heimild haft. Talið, að auðvelt hefði þó verið að sýna, hve nær hún hefði fengið heimildina, ef því hefði verið að skipta 76

Sýknukrafa í máli vegna uppsagnar með of skömmum fresti á vinnusamningi byggð á vanefndum af hálfu vinnusala. Með því að sönnun brast fyrir þeirri staðhæfingu, mátti hún ekki verða tekin til greina 76

A var ráðinn hjá B með tilteknu mánaðarkaupi. Sunnudagsmorgun einn neitaði A að fara ferð með bíl eftir sandi, en þá viðhafði B stóryrði nokkur, sem A skildi svo, að B vísaði honum úr vistinni. Vitni skildu orðin með mismunandi hætti. Hæstiréttur taldi B ekki hafa haft ástæðu til að leggja þann skilning í orðin, enda hefði honum verið innan handar að æskja skýringar á þeim. A þótti því ekki hafa sannað, að B hefði vísað honum úr vinnunni 82

A keypti silfurrefatæfu af B haustið 1939. Eftir nokkurn tíma þóttist refahirðir A sjá, að tæfan væri ófrjó. Refahirðir B lýsti því, að tæfan hefði átt afkvæmi 1938. B því ekki talinn hafa haft ástæðu til að halda tæfuna ófrjóa, er hann seldi A hana, og því var engin sönnun talin komin fram um það, að B hefði viljandi eða gálauslega leynt göllum á tæfunni 85

Dýralæknar athuga silfurrefatæfu og telja hana tvíkynja. Refa-

hirðar A, sem keypt hafði tæfuna, töldu kynfæri hennar benda til þess, að hún væri ófrjó, sem og reyndist. Með því að svik eða gáleysi urðu ekki á seljanda sönnuð, og kaupandi gat ekki sannað, að hann hefði skýrt seljanda frá gallanum nógu snemma, var skaðabótakrafa kaupanda ekki tekin til greina 85

A reisti sýknukröfu á því, að B, sem var lánardrottinn hans, hefði beitt sig hótunum, er hann fékk hann til að samþykkja víxil. Niðurstaða dóms varð þó ekki reist á þessari staðhæfingu, með því að ekki var sannað, að ólöglegum hótunum hefði verið beitt 100

A gerði vinnusamning við B, er gilda skyldi til ákveðins tíma. B vék A fyrirvaralaust úr vinnunni, áður en tíminn var á enda. A krafðist bóta, en B krafðist sýknu vegna þess, að A hefði komið óstundvíslega til vinnunnar og oft farið leyfislaust frá henni. Nokkur vitni báru það, að A hefði komið oft of seint á morgnum til vinnunnar, en önnur gerðu lítið úr því. Eftirlitsmaður B, sem bar sakir um þetta á A, þótti ekki hafa tryggt sér sönnun fyrir staðhæfingum sínum. Þótti ekki sannað, enda voru vitnin flest í þjónustu B, að A hefði brotið svo, að fyrirvaralaus brottvikning hefði verið réttmæt 138

K ól fullburða barn hinn 21. jan. 1939. Var talið, að barnið gæti verið komið undir á tímabilinu 20. marz 1938 til 25. maí s. á. K kenndi M barnið og kvaðst hafa sofið hjá honum á hótel Heklu í Reykjavík nóttina 10.—11. apríl 1938. M, sem átti heima í Grindavík, kvaðst hafa komið til Reykjavíkur 12. eða 13. jan. 1938 og þá haft samfarir við M á áðurnefndum stað, og læknisvottorð styrkti sögn hans um ferðalag hans til Reykjavíkur þá. Hins vegar báru samvistarmenn hans í Grindavík, að hann hefði ekki til Reykjavíkur farið á tímabilinu 8. febr. til 11. maí 1938. M, sem átti heima hjá foreldrum sínum í Höfnum í Gullbringusýslu, kvaðst þar á móti hafa farið til Reykjavíkur 10. apríl 1938, en aldrei komið þangað frá því í desember 1937 til aprílmánaðar 1938, og sönnuðu samvistarmenn hennar á heimili hennar þá sögn hennar, og læknasvottorð styrkti það, að 10. apríl hefði hún verið í Reykjavík. Málsúrslit voru látin velta á synjunareiði M um samfarir við K á tímabilinu 20. marz 1938 til 25. maí s. á. 149

A keypti hús af B fyrir milligöngu C. Afsalið taldi kaupverð 42000 kr., en B kvaðst hafa sagt C, að hann vildi ekki selja fyrir minna en 58000 kr. A kvaðst hins vegar hafa sagt C, að hann vildi ekki kaupa fyrir meira en 42000 kr., eins og í afsali var greint og talið var ósannað, að um hærra kaup-

verð hafi upphaflega verið samið. Eftir skýrslum aðilja bætti A þó við þetta kaupverð fjórum verðmætum. Taldi B, að sér hefði verið talin trú um, að verðmæti þessi væru svo mikils virði, að söluverðið yrði raunverulega 58000 kr., en svo reyndist, að þau gerðu ekki meira en um 4000 kr. C var talinn hafa verið umboðsmaður B við kaupin, en ekki A, og A því óviðkomandi, hvað C kynni að hafa sagt B um verðmæti þessi. A kvaðst einungis hafa lýst verðmætum þessum fyrir C og gert það eftir beztu vitund. Það þótti ósannað, að A hefði haft nokkrar blekkingar í frammi í skiptum þessum, og skaðabótakrafa og riftingarkrafa B voru því ekki teknar til greina 154

A féll af vörupalli bifreiðar, og var gáleysi bifreiðarstjóra og ófullnægjandi umbúnaði um kennt. Örorka var sönnuð með mati tryggingaryfirlæknis, og bætur fyrir atvinnutjón metnar samkvæmt líklegum atvinnuhorfum A. Ekki þótti sannað, að A hefði sjálfur átt sök á slysinu. Hins vegar þótti mega telja, að unnt hefði verið að komast hjá slysinu, ef nægileg varkárni hefði verið höfð 172

Sönnun fyrir atvinnutjóni færð með skattskýrslu krefjanda bótanna og ákveðin eftir líkum um atvinnuhorfur hans 185

A hafði tekið ýmsa muni í umboðssölu fyrir B. Á dánarbú A var gerð krafa um andvirði nokkurra þessara muna, sem ekki hafði verið skilað eða gerð grein fyrir. Áætlun umboðsmanns B um verðmæti þeirra var lögð til grundvallar, með því að hún þótti sennileg. Krafa um bætur fyrir spjöll á öðrum munum, sem skilað hafði verið, var ekki tekin til greina, með því að allar upplýsingar skorti um þau. Ekki var heldur talið sannað, að dánarbúinu bæri að kosta flutning á munum þeim, sem skilað hafði verið, til eiganda 191

A keypti skip af B. Áður en kaup gerðust, hafði umboðsmaður A skoðað skipið og litizt vel á það. Vottorð skipaskoðunarmanna var og sýnt, og töldu þeir skipið fullnægja öllum kröfum, er gera eigi til haffærra skipa. Jafnskjótt sem skipið var komið í vörzlur A, lét hann skoðunargerðir á skipinu fara fram og efnafræðirannsókn á sýnishorni úr fúnum viðum þess, og dæmdu skoðunarmenn skipið ósjófært vegna fúa. Var talið sannað, að skipið hefði verið haldið svo miklum leyndum löstum, að A væri rétt að rifta kaup og endurheimta andvirði skipsins 194

Í máli þessu gerði B bótakröfur fyrir spjöll á munum skips og glötun, er orðið hefði, meðan skipið var í vörzlum A. Kröfur þessar urðu ekki teknar til greina, með því að vangæzla var ekki sönnuð á A, og upplýsingar vantaði um

spjöllin eða verðmæti þeirra muna, er taldir voru spilltir eða horfnir 194
Fógetaréttur taldi, að gera mætti ráð fyrir löglegum undirbúningi samþykktar um stofnun fóðurbirgðafélags, þar til er hið gagnstæða væri sannað. Hæstiréttur virðist ekki hafa staðfest þá skoðun 279
A byggði réttarkröfu á því, að lögum félags, sem hann hafði verið í, hefði verið breytt. Með því að hann fékk ekki sannað þá staðhæfingu, varð hún ekki tekin til greina 233
A seldi B hest, sem reyndist bæði graður og styggur að sögn vitna, eftir að hann kom í vörzlu B. Taldir sannaðair þeir gallar á hestinum, að riftinguu kaupa varðaði 167
Í máli til bóta fyrir gæzluvarðhald höfðu kunnáttumenn sumir talið óhugsandi, að rafmagn hefði valdið íkveikju húss, en rafmagnseftirlit ríkisins taldi það ekki útilokað. Um upptök eldsins varð aldrei upplýst. Eigandi hússins var grunaður um það, að hann hefði valdið íkveikjunni, en ekkert þótti enda til þess, að hann hefði getað hugnazt á bruna húss og verðmæta, sem í því voru, heldur hið gagnstæða, og voru honum því dæmdar bætur úr ríkissjóði fyrir gæzluvarðhald að ósekju 306
Vegna ólögmætrar útburðargerðar úr leiguíbúð sinni krafðist A bóta fyrir atvinnutjón, eignaspjöll, er orðið höfðu í framkvæmd útburðargerðarinnar, veikindi og kostnað af þeim. Með því að sannanir vantaði um þessi atriði, voru bótakröfur að því leyti ekki teknar til greina 285
A, B og C tóku skip D á leigu fyrir tiltekið gjald. Í máli um lögmæti álagningar tekjuskatts skipti það máli, hvort D hafði auk leigugjalds átt að fá ágóðahlut af starfsemi þeirri, sem skipið var notað til, en skattheimtanda tókst ekki að sanna, að svo hefði verið 316

Tilraun.

A hafði í ölæði hvatt tvo erlenda sjómenn til þess að sökkva erlendu skipi á Reykjavíkurhöfn. Sjómennirnir hófust ekki handa, en A var sýknaður, með því að ummæli hans voru talin drykkjuskaparraus, sem engin alvara hefði búið bak við 90

Tolllagabrot.

Maður dæmdur fyrir brot á ákvæðum um útflutningsgjald af fiski 7

Traustfang. Sbr. grandleysi.

A seldi B hús sitt, þar sem húsnæði var leigt C til 5 ára. Með því að B hafði ekki fengið vitneskju um leigusamning

þenna, er kaupin gerðust, og með því að leigusamningurinn var ekki þinglesinn, varð C að sæta brottflutningi úr húsnæðinu ári eftir að kaupin gerðust, með því að B var talinn hafa mátt búast við því, að húsnæðið væri leigt til árs 177

A og B höfðu átt eignina 23 a í óskiptri sameign, en nágrannaeignin 25 var einkaeign B. Gjaldþrotabú B afsalaði A hluta B í eigninni 23 a, en undan kaupunum var skilin „lóðarspilda sú, er viðbygging á eigninni 25 er reist á". K og L keyptu síðan af þrotabúi B eignina 25 og sögðust þar með hafa fengið téða lóðarspildu og skúr á henni, sem var sama megin sem 23 a við brunavegginn milli eignanna. Framangreindur fyrirvari í kaupbréfi K og L þótti óljós og ósennilegt þótti, að A hefði ætlað að afsala sér eignarhluta sínum í lóð og skúrbyggingu, og þóttu K og L ekki að órannsökuðu máli hafa mátt gera ráð fyrir því, að þeir eignuðust lóð þessa og skúrbyggingu 210

Trygging. Tryggingamál.

Íslenzkur sjómaður hafði gengið fram af hafnarbakka í myrkvuðum brezkum bæ og beið bana þar af. Myrkvunin var talin hernaðarráðstöfun, og stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna var því talið skylt að greiða dánarbætur samkvæmt þar um gildandi ákvæðum 42

Foreldrum synjað um dánarbætur eftir dóttur sína, sem bana hafði beðið af bílslysi, með því að hvorki var styrkþörf þeirra né styrkgeta hennar sönnuð 46

Tryggingarfélag hafði greit konu bætur vegna bílslyss, A, sem ekið hafði bílnum, var dæmdur til að endurgreiða vátryggjanda fjárhæð þá, sem hann hafði greitt konunni, með því að hann var talinn hafa valdið slysinu með slíku gáleysi að það varðaði endurgreiðsluskyldu 230

Skipin A og B voru bæði endurtryggð í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Krafa A um laun fyrir björgun á B skyldi því ekki sæta úrlausn dómstóla samkvæmt 11. gr. laga nr. 23/1921 og 23. gr. laga nr. 27/1938, og málinu var því vísað frá héraðsdómi 238

Skipið A var vátryggt bæði stríðstryggingu og almennri sjóvátryggingu. Í ferð frá Englandi til Íslands hafði skipstjóri vikið frá leiðarreglum þeim, sem honum höfðu verið gefnar, áður en hann lét úr höfn í Englandi. Vangæzla um siglinguna af hálfu skipstjóra var talin aðalorsök slyssins, en ekki hernaðarráðstafanir, og því var sá aðilinn, sem stríðsslysatryggingu tók á sig, sýknaður, en hinn aðilinn, sem ekki hafði mótmælt skyldu sinni til greiðslu, ef slys-

ið teldist ekki stafa af hernaðaraðgerðum, dæmdur til greiðslu tryggingarfjárins 272

Umboð.

Með framburðum vitna var það sannað, að A hafði boðið þeim til kaups húseign B og sýnt þeim hana að B viðstöddum, án þess að hann hefði nokkuð við það að athuga. Einn af þessum mönnum festi kaup á eigninni og samdi B við hann, án þess að A væri þar til kvaddur. Var með þessum hætti talið sannað, að B hefði veitt A, sem var löggiltur fasteignasali, umboð til að leita kaupanda að eigninni, og A dæmd hæfileg þóknun fyrir starf sitt 56

C hafði milligöngu um húsakaup milli A og B. Með því að C kom fram gagnvart A sem umboðsmaður B, var A talið óviðkomandi, hvað C kynni að hafa sagt um samninga sína við A og um kosti þeirra fjármuna, sem greiða skyldi andvirði hússins að nokkru leyti með. Með því að blekkingar af hálfu A voru ósannaðar og ekki var komið fram í málinu, að A væri það þekkjanleg forsenda af hálfu B, að hann fengi tiltekið lágmarksverð fyrir fjármuni þessa, var krafa um rifitng kaupanna og skaðabætur ekki tekin til greina 154

A og B áttu hús og lóð undir því í óskiptri sameign. Er A varð gjaldþrota, fékk B afsal að eignarhluta hans fyrir milligöngu umboðsmanns síns. Í afsalinu sagði, að með í kaupunum fylgdi ekki lóðarspilda sú, er viðbygging að nágrannaeigninni, sem A hafði einnig átt og var greind frá sameigninni með brunavegg, sé reist á, en viðbygging þessi var á sameignarlóðinni og henni tilheyrandi til þessa. Með því að allskostar óeðlilegt þótti, að A hefði ætlað að afsala sér nokkru af sameign sinni við B, er hann fékk afsalið, og líklegt þótt, að umboðsmaður hans og umboðsmaður þrotabús B, er gaf afsalið út, hefðu ekki gert sér ljóst, hvað fyrirvarinn í afsalinu merkti, var A ekki talinn bundinn við hann gagnvart kaupendum nágrannaeignarinnar 210

Formaður stjórnar samvinnufélags talinn hafa haft umboð í stöðu sinni til þess að biðja annan mann um að afla félaginu lánstilboðs, með því að félagið þurfti á láni að halda 319

Formaður samvinnufélagsins A bað formann samvinnufélagsins B að afla félaginu A lánstilboðs. Þetta tókst, og var tilboðið samþykkt af A. Talið var, að formaður félagsins A hefði ekki mátt búast við því, að formaður B ætlaði að gera þetta endurgjaldslaust, enda hefði í hagnýtingu tilboðs þess, sem aflað var, falizt samþykki á því. Var því talið, að A

bæri að greiða formanni B sanngjarna þóknun fyrir starf hans 319
A hafði gefið út skuldabréf til B, er greiðast skyldi með árlegum afborgunum, sem greiddust óreglulega og of seint, enda stóð ein afborgun algerlega í vanskilum, er lánardrottinn hóf innheimtu skuldarinnar. Það var ekki talið því til fyrirstöðu, þótt C, sem hafði haft bréfið að handveði, kvittaði fyrirvaralaust á það fyrir of seinar afborganir, að lánardrottinn heimti allar eftirstöðvarnar eftir að bréfið var komið honum í hendur 227
Maður undirgekkst skuldbindingu fyrir hönd konu sinnar, en með því að konan samþykkti ekki ráðstöfun hans, var hinn aðilinn ekki talinn bundinn við skuldbindingu af sinni hálfu til hags konunni 227
Skipstjóri gerði samning um sölu afla af skipi B utan heimilis skipsins. B taldi sér samning þenna óhagstæðan og heimtaði bætur þess vegna. Þessum rétti var B talinn hafa glatað, með því að hann tilkynnti gagnaðilja ekki nægilega snemma athugasemdir sínar við samninginn 276
Mál var höfðað á hendur A til greiðslu manntalsþingsgjalda. A taldi sig eiga kröfu á hendur ríkissjóði. Honum var talið rétt að höfða gagnsök á hendur ríkissjóði til skuldajafnaðar og til sjálfstæðs dóms um mismun krafnanna og að birta bæjarfógeta, sem innheimti gjaldakröfuna, stefnu í gagnsök 295

Umboðssala.

Dánarbú A dæmt til að greiða andvirði muna, er A hafði í umboðssölu, með því að munum þessum hafði ekki verið skilað né grein gerð fyrir þeim. Hins vegar var dánarbúið sýknað af kröfu eiganda munanna um það, að búið kostaði flutning þeirra til hans 191
A, sem tekið hafði bækur í umboðssölu af B, dæmt að greiða andvirði þeirra. Sú vörn hans, að hann hefði afhent þær tilteknum manni, sem Hið íslenzka bóksalafélag hefði ráðið til að taka við bókum félagsins hjá honum, er hann hætti bóksölu, ekki tekin til greina, með því að A var ekki í Bóksalafélaginu 289

Upptaka eigna.

Veiðarfæri dæmd upptæk vegna óleyfilegra dragnótaveiða .. 1
Maður dæmdur til sekta fyrir brot á gjaldeyrislögum, en sýknaður af kröfu um upptöku ólöglegs gróða af broti sínu, með því að þeirrar kröfu hafði ekki verið getið í tilkynningu héraðsdómarans um málshöfðun út af brotinu 38

Gróði í refsiverðu fjárhættuspili gerður upptækur, að því leyti sem hann var talinn felast í innstæðu tiltekinnar sparisjóðsbókar 326

Útivist aðilja.

Áfrýjanda 22, 111, 154, 269, 270, 297, 298
Stefnda í hæstarétti 112, 180, 206, 289
Stefnda í héraði 98, 270
Stefndi sótti ekki þing, er mál var þingfest, en þá fékk sækjandi frest. Næst, er mál var fyrir tekið, kom stefndi og krafðist frests. Dómari synjaði um frestinn, sem sækjandi mótmælti, og tók málið til dóms, með því að stefndi hafði ekki sannað forföll sín þingfestingardaginn. Ákvörðun héraðsdómara var staðfest í hæstarétti 98

Varnarþing.

Samkomulag um flutning máls fyrir gestarétti í Reykjavík .. 17
Bæjarfógeti í A-kaupstað höfðaði mál gegn B til greiðslu manntalsþinggjalds. B taldi sig eiga kröfu á ríkissjóð fyrir unnið starf í þágu hans. Talið var, að B gæti sótt kröfu þessa á sama varnarþingi sem gjaldakrafan var sótt á, til skuldajafnaðar og til sjálfstæðs dóms um afganginn .. 295

Veð. Sbr. sjóveðréttur.

A hafði gefið út veðskuldabréf til B, er greiðast skyldi með árlegum afborgunum. Þær greiddust óreglulega og of seint. Handveðshafi bréfsins hafði þó tekið við þeim fyrirvaralaust. Samt sem áður var lánardrottni talið rétt að heimta allar eftirstöðvar skuldarinnar eftir að bréfið var aftur komið honum í hendur 227

Vélbátar.

Bú A var tekið til meðferðar samkvæmt lögum um skuldaskil vélbátaeigenda. Loforð um greiðslu til eins lánardrottins hans fram yfir það, er aðrir lánardrottnar fengu, talið ógilt, með því að það yrði ekki samrýmt því markmiði, er téð lög stefndu að 100

Venja.

Í bókaumboðssölu var það talin ríkjandi venja, að umboðssali skilaði andvirði þeirra bóka, er hann stendur ekki skil á. 289

Verðlagsákvæði.

Maður dæmdur til sekta fyrir brot á ákvæðum um hámarksálagningu á vörur 266

Verzlun. Sbr. kaup og sala.
Maður dæmdur fyrir brot á ákvæðum um útflutningsleyfi .. 7

Vextir. Sbr. arður.
Í héraði var krafizt 6% ársvaxta, en héraðsdómari, sem tók dómkröfu til greina, færði þá niður í 5%. Hæstiréttur dæmdi hins vegar 6% eftir kröfu aðilja 76

Viðskiptatilkynningar.
A seldi B hest, sem reyndist svo gallaður, að talið var varða riftingu kaupanna. Talið var, að kaupandi hefði, eftir að seljandi hafði synjað viðtöku á hestinum, getað ráðstafað hestinum á ábyrgð seljanda að framfarinni tilkynningu þar um 167
Tilkynnt yfirlýsing um riftingu skipakaups og mótmæli gegn þeirri yfirlýsingu 194
Aðili talinn hafa firrt sig rétti til skaðabóta út af samningi, er skipstjóri hans hafði gert við B, með því að A hefði ekki tilkynnt B nægilega fljótt athugasemdir sínar við samninginn 276
Í nóvember 1938 hafði A tekið á móti silfurrefatæfu af B samkvæmt áður gerðum kaupsamningi. Nokkrum tíma síðar þóttust refahirðar A taka eftir því, að kynfæri tæfunnar væru ekki í venjulegu lagi, og að hún myndi vera ófrjó. A gat ekki sannað, að hann hefði gert B viðvart um þenna galla fyrr en 22. maí 1939. Tilkynning þessi var talin of seint fram komin, og sýknukrafa B af skaðabótakröfu A var því tekin til greina með skírskotun til 52. gr. laga nr. 39/1922 85
Andmæli um tiltekið atriði komu ekki fram í bréfi bóksala, er hann var krafinn, enda þótt hann hreyfði öðrum. Réttur til að hreyfa þeim síðar talinn glataður 289

Vinnusamningar.
A var ráðinn forstöðumaður mjólkurbús kaupstaðar. Bæjarstjórn hafði falið sérstakri nefnd forstöðu búsins. Nefnd þessi sagði A stöðunni upp með nægum fyrirvara samkvæmt ráðningarsamningi hans, en bæjarstjórn gerði ekki samþykkt um uppsögnina fyrr en síðar, og varð uppsagnarfrestur þá of skammur. Með því að nefndin þótti ekki hafa haft heimild til uppsagnar vinnusamningnum, voru A dæmdar bætur fyrir samningsrof, sem ákveðnar voru þó lægri en krafizt var, vegna þess að A hafði haft nokkra atvinnu á tímabili því, sem máli skipti. Því var og haldið fram til sýknu bæjarstjórn í málinu, að A

hefði vanefnt vinnusamninginn, en allar sannanir brast um það, og voru því staðhæfingar þar um að engu hafðar 76
Maður, sem ók samkvæmt ráðningarsamningi bifreið fyrir annan mann, neitaði vinnu á sunnudagsmorgni einum. Þá reiddist húsbóndinn og hafði þá stóryrði nokkur við hann, sem hann skildi svo sem honum væri fyrirvaralaust vísað brott úr vinnunni. Vitni skildu orðin með ýmsum hætti. Talið, að maðurinn hefði ekki haft ástæðu til að skilja þau svo, enda hefði honum verið innan handar að leita skýringa á orðunum. Bótakrafa hans var því ekki tekin til greina 82
A gerði vinnusamning við B, er gilda skyldi tiltekinn tíma. Áður en sá tími var liðinn, vék B A fyrirvaralaust úr vinnunni og bar við óstundvísi og vanrækslu. Í skaðabótamáli, er A höfðaði á hendur B vegna samningsrofa, þótti B ekki hafa sannað nægilega, að A hefði vanrækt svo starf sitt, að fyrirvaralausri brottvikningu gegndi, og A voru því metnar bætur með hliðsjón af því, sem ætla mætti hann hafa getað unnið sér inn þann tíma, sem eftir var af ráðningartímanum 138

Vitni.

Vitni neitar að staðfesta skýrslu sína í máli vegna brots á fiskveiðalögum. Opinberir starfsmenn látnir staðfesta skýrslu fyrir dómi í sama máli 1
Skýrsla eins vitnis talin styrkja sögn aðilja um hegðun andstæðings hans í máli til bóta vegna bifreiðarárekstrar 23
Í skuldamáli milli A og B kvaðst B hafa samið við A um skuldina og síðar greitt hana. Starfsmenn B báru, að þeir hefðu heyrt aðilja tala saman í síma um þessi skipti sín, en gátu ekki fullyrt um það, hvað þeim hefði farið á milli. Vitnisburður þeirra gat því ekki orðið sönnunargagn um samkomulag eða greiðslu skuldarinnar 51
Vitni talið óskylt að staðfesta skýrslu sína, með því að hún varðaði ekki sakarefnið og skipti því ekki máli um úrslit málsins 80
Sönnunargildi vitnisburðar talið rýrast, með því að vitnið var í þjónustu aðilja, sem það bar í hag 85
Vitnin A, B og C bera um ástand seldrar skepnu veturinn 1938—39, en annað vitni og 2 dýralæknar næsta vetur. Héraðsdómari taldi ósannað, að hún hefði fyrri veturinn verið haldin þeim galla, sem fram kom síðari veturinn 85
Skýrsla tveggja vitna um, að þau hefðu saman keypt áfengi af A, talin full sönnun um þau kaup. Önnur vitni, er

tjáðu marga hafa farið að húsi A og oft, taldar styrkja það, að A hefði selt áfengi í atvinnuskyni 115
Vitni bera um ástand vegar, um áfengisáhrif bifreiðarstjóra og akstur bifreiðar. Ekki talin þörf að eiðfesta þau, með því að ekki varð sagt, að skýrsla þeirra færi í bága við skýrslur sökunautar 117
Vitni bera um líkamsárás 127
K ól barn 21. jan. 1939, sem var talið geta verið komið undir 20. marz til 25. maí 1938. K taldi sig hafa haft samfarir við M nóttina 10.—11. apríl 1938 í Hótel Heklu í Reykjavík, í herbergi, sem M hefði fengið þar, en M átti heima í Grindavík og K í Höfnum í Gullbringusýslu. M kvaðst hafa haft samfarir við K á Hótel Heklu 13. jan. 1938, en aldrei annars, enda nokkurn veginn víst, að þá hafði hann verið í Reykjavík gestkomandi. Vitni, þar á meðal nánustu skyldmenni K., báru það, að K hefði ekki til Reykjavíkur farið frá því í desember 1937 til apríl 1938, en önnur vitni báru það, að M hefði ekki þangað farið frá 8. febr. 1938 til 11. maí s. á. M veittur synjunareiður .. 149
Nokkur vitni, eitt mágur aðilja og önnur í þjónustu hins aðiljans, báru um óstundvísi aðilja til vinnu sinnar og brottför úr henni um daga. Gerðu sum mikið úr óstundvísinni, en önnur minna. Ekki talið sannað, að aðili hefði verið svo óstundvís, að fyrirvaralaus brottvikning hefði verið réttmæt 138
Vitni bera um það, hvað fram hafi farið við kaup og sölu á hesti og um sýnilega og leynda lesti á hestinum, að nokkru um mismunandi atvik 167
Vitni bera um orð, er fallið skyldu hafa milli A og B, án þess að greina nákvæmlega, hvernig þau féllu. Sum skildu þau sem uppsögn á starfi hjá B, en önnur á annan veg. Ekki talið sannað, að orðin væri rétt skilin þannig, að í þeim fælist uppsögn 82
Tveir erlendir sjómenn, sem báru um orð íslenzks manns, er þeir töldu hafa hvatt sig til glæps, ekki látnir staðfesta skýrslu sína fyrir íslenzkum dómi, heldur einungis á aðalkonsúlati erlends ríkis hér. Ekki sagt ákveðið um sönnunargildi skýrslu þeirra 90
Samsekir menn bera hver um annars gerðir. Þar er ekki bar saman, var skýrsla hvers um sínar gerðir lögð til grundvallar, er ekki var annað til styrktar vitnisburði .. 243
Vitni báru óskýrt og ósamhljóða um lækjarfarveg í landamerkjamáli. Því var ekki talið sannað, að lækurinn hefði breytt farvegi sínum, eins og annar aðilja hélt fram, frá

því er merkjaskrá milli hlutaðeigandi jarða hafði verið gerð 311
Vitni bera um þátttöku sína í fjárhættuspilum og um gróða þeirra manna, sem fyrir sökum voru hafðir, þar af .. 326

Víxlar.

A hafði um það bil, er lúka skyldi meðferð bús hans eftir lögum um skuldaskil vélbátaeigenda, ívilnað einum skuldheimtumanna sinna með útgáfu víxils, að upphæð kr. 2448.40, án vitundar annara lánardrottna sinna. Í víxilmáli milli lánardrottins þessa og A var A dæmt að greiða víxilfjárhæðina með kostnaði og vöxtum, auk málskostnaðar í víxilmálinu. Í máli til endurheimtu upphæða þessara var lánardrottni dæmd endurgreiðsla víxilfjárhæðar, með því að loforð A um greiðslu hennar yrði ekki samrýmt því markmiði, sem lög um skuldaskil vélbátaeigenda stefndu að 100

Yfirvöld. Sbr. dómstólar og yfirvöld.

Kaupstaður rak mjólkurbú. Sérstök nefnd var skipuð til að standa fyrir búinu. Þessi nefnd var ekki talin hafa haft heimild til að segja forstöðumanni búsins upp stöðu hans án beinnar heimildar frá bæjarstjórn 76
Máli út af endurgreiðslu styrks, er sveitarfélag A hafði veitt styrkþurfa sveitarfélags B, vísað frá dómi ex officio, með því að sakarefnið skyldi að lögum sæta úrlausn yfirvalda 96
Úrskurður húsaleigunefndar um lögmæti uppsagnar á leiguhúsnæði ekki talinn binda dómstóla 177, 292
Bæjarstjórn talið skorta allt vald til að mæla bæjarsjóð undan ábyrgð á skuldbindingum varðandi verksmiðju, er bærinn rak 189
Frumvarp að samþykkt um fóðurbirgðafélag hafði ekki verið borið upp á fundi sýslunefndar lögum samkvæmt, heldur fengið samþykki sýslunefndarmanna eins og eins, eftir staðfestingu ráðherra. Samþykktin talin ólögleg vegna ólöglegs undirbúnings 279

Ærumeiðingar.

H dæmdur til refsingar fyrir ýmis ærumeiðandi ummæli, og þau ómerkt 124
Maður dæmdur eftir 2. mgr. 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 2. gr. laga nr. 47/1940 fyrir ærumeiðandi ummæli um erindreka erlends ríkis 257, 263

Þinglýsing.

A hafði leigt B húsnæði til iðnrekstrar í húsi sínu frá 1. okt. 1938 til 1. okt. 1943. Í nóv. 1940 seldi A C húsið. C var

ekki talinn bundinn við húsaleigusamninginn lengur en til 1. okt. 1941, með því að hann hafði ekki fengið vitneskju um hann, er kaupin gerðust, né heldur var samningurinn þinglesinn 177

Þjófnaður.

Tveir sökunautar dæmdir til refsingar fyrir stuldi úr geymsluhúsi 259

A hagnýtti sér virspatta, er hann greiddi úr virbút, sem tekinn hafði verið úr sjólögn landssímans og skilinn eftir hjá landssímastaur einum. Með því að A var talinn hafa mátt líta svo á, að virbútnum hefði verið fleygt, þar sem hann hafði legið alllengi hirðulaus á staðnum, og að hann væri ónýtur eiganda, var A sýknaður af kröfu um refsingu eftir 244. gr. hegningarlaganna fyrir hagnýtingu virspottans 303

Ölvun. Sjá áfengislagabrot, bifreiðir.

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: **Hæstiréttur.**

XXII. árgangur. 1941.

Föstudaginn 10. janúar 1941.

Nr. 91/1940. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn
Ólafi Ísleifssyni (Eggert Claessen).

Landhelgisbrot. Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur kveðið upp Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Varðskipsforinginn sagði í skýrslu sinni til héraðsdómarans, að kærði hefði sleppt nót sinni og bundið belg við hana kl. 18,02. Við réttarrannsókn málsins skýrði varðskipsforinginn svo frá, að þeir á varðskipinu hefðu fylgzt með bát kærða upp undir hálfa klukkustund, áður en að honum var komið, og hefðu dragstrengirnir sézt út frá honum, en þegar varðskipið hafi átt ófarna tæpa sjómílu til bátsins, kveðst varðskipsforinginn hafa séð í sjónauka, að kastað var út belg frá bátnum, og hafi dragstrengirnir horfið um leið. Í sambandi við þetta þarf að krefja 1. stýrimann varðskipsins, Hannes Friðsteinsson, sérstaklega vættis um það, hvort hann hafi séð dragstrengina út frá bát kærða, hvort hann hafi séð belg kastað út frá bátnum kl. 18,02, og sé því til að dreifa, þá hvort hann hafi séð þetta með berum augum eða í sjónauka.

Leiða þarf í ljós, í hvaða áttir og hversu hratt varðskipið og bátur kærða sigldu næstu hálfu klukkustundina áður en varðskipið kom að bátnum.

Rétt virðist að reyna að fá skýrslur um, hvort líkur eru til, eftir því sem vitað er um sjávarstrauma á þessum slóðum, að bát kærða hafi rekið með þeim hætti, sem hann staðhæfir.

Varðskipsforinginn hefur hvorki af eigin hvöt né fyrir atbeina dómarans gert grein fyrir því, hvers vegna hann sigldi ekki að nótabelg þeim, er hann taldi kærða hafa kastað út, og gerði þar staðarákvörðun. Þörf er rækilegrar skýrslu varðskipsforingjans um þetta.

Skýrsla sú, sem skipstjórnarmenn varðskipsins hafa gefið um játningu kærða um fiskveiðar í landhelgi, er að ýmsu leyti óglögg. Ekki verður séð, hvort önnur vitni urðu áheyrsla ummæla þeirra, sem varðskipsforinginn kveður kærða hafa viðhaft, þegar varðskipið kom að bát hans. Ennfremur verður ekki ráðið í það með vissu, hvar og hvenær játning sú á að hafa verið gerð, sem 1. stýrimaður greinir í framburði sínum. Nauðsynlegt er að taka skýrslur af öllum þeim, sem um þessi atriði geta borið, og samprófa þá og kærða.

Kæra varðskipsforingjans er dagsett 18. apríl f. á., en réttarrannsókn málsins hefst ekki fyrr en þann 24. s. m. Greina þarf ástæður fyrir þessum drætti, sem haft gat í för með sér spjöll á sönnunargögnum.

Þar sem þannig ýmis atriði málsins, er sekt eða sýkna kærða geta oltið á, eru að nokkru óleidd í ljós eða ófullnægjandi skýrð af hendi varðskipsforingjans og óprófuð eða vanprófuð af hendi héraðsdómarans, þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til rækilegrar rannsóknar og dómsálagningar.

Eftir þessum málalokum verður að dæma greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til rækilegrar rannsóknar og dómsálagningar.

Ríkissjóður greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verj-

anda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Eggerts Claessen, 100 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 29. apríl 1940.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ólafi Ísleifssyni, Strandveg 3 hér, skipstjóra á v/b Hrafnkeli goða V. E. 210, fyrir brot gegn lögum nr. 45 frá 13. júní 1937 um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, með breytingu nr. 26 12/2 1940.

Málavextir eru sem hér segir:

Þann 18. apríl síðastliðinn var varðskipið Óðinn á eftirlitsferð norður af Vestmannaeyjum. Kl. 17,58 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

A-kantur Suðureyjar ≠ A-kant af Hrauney og > til Þrídranga 111° 50', en þar nokkru vestar voru tveir vélbátar, að sjá milli Einidrangs og Þrídrangs, er virtust vera að dragnótaveiðum, en það gefur 1 til 2 sjómílur innan landhelgislínu. Var strax haldið í áttina til bátanna, og reyndist annar þeirra vera Hrafnkell goði, sem kærður er skipstjóri á. Rétt eftir að fyrrgreind staðarákvörðun er gerð, eða kl. 18,02, segir skipherrann í skýrslu sinni, að Hrafnkell goði hafði sleppt nótinni og bundið belg við hana. Kl. 18,05 setur varðskipið upp stoppsignal, en kl. 18,06 er skotið lausu skoti og síðan öðru skoti kl. 18,07, og þá stoppar Hrafnkell goði.

Kærður neitar að hafa verið að veiðum með dragnót innan landhelgi á þeim stað, er varðskipsforinginn heldur fram. Þennan sama morgun telur kærður sig hafa farið að fiska með dragnót inn á svokallaðri „Tungu", sem er utan við landhelgi. Meðan hann var að veiða þar, hafi vélin bilað, og þá hafi þeir sleppt nótinni og bundið belgi við endana. Síðan hafi báturinn (sic) rekið inn í landhelgina, en vélin fyrst verið nýkomin í gang, er Óðinn hélt til þeirra. — Tveir af skipverjunum á Hrafnkeli goða mættu sem vitni í málinu og töldu báðir, að Hrafnkell goði hefði ekki verið að dragnótaveiðum í landhelgi, er Óðinn kom að, eða tímann næst á undan. Annað vitnið neitaði að staðfesta þennan framburð sinn með eiði, en hitt vitnið eiðfesti sinn framburð, en tók fram, að hann hefði hvorki haft mið né annað, og gæti því ekki nákvæmlega sagt um eða sett út á korti staðinn, er þeir fiskuðu á, þó hann teldi það utan landhelgi.

Skipherrann á Óðni og 1. stýrimaður hafa báðir staðfest með eiði skýrslu skipherrans, en þar segir, að kl. 18,02 hafi Hrafnkell goði sleppt nót sinni og bundið belg við hana, og hafi þetta verið inni á landhelgissvæðinu. Með þessum framburði og ýmsu öðru, er upplýst hefur í málinu og hnígur í sömu átt og að því athuguðu,

að ekkert hefur fram komið, er hnekki framburði yfirmanna á Óðni og nákvæmum athugunum þeirra og mælingum, verður að telja nægilega sannað, að kærður, Ólafur Ísleifsson, hafi verið að dragnótaveiðum í landhelgi á v/b Hrafnkeli goða V. E. 210, eins og kæra varðskipsforingjans segir, og hefur með því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 45 frá 13. júní 1937 m. breytingu nr. 26 12/2 1940.

Kræður hefur eigi áður gerzt brotlegur gegn fiskveiðalöggjöfinni, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, samkv. 3. gr. nefndra laga og með tilliti til þess, að íslenzk króna jafngildir nú 33,90 aurum gulls, hæfilega ákveðin 7400 króna sekt til fiskiveiðasjóðs Íslands, og komi fjögra mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, innanborðs í v/b Hrafnkeli goða V. E. 210 skal upptækt, og rennur andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Ólafur Ísleifsson, greiði 7400 króna sekt til fiskiveiðisjóðs Íslands, og komi fjögra mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, innanborðs í v/b Hrafnkeli goða V. E. 210 skulu upptæk, og andvirðið renna í sama sjóð og sektin.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. janúar 1941.

Nr. 79/1940. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Haraldi Alfreð Knudsen (Theódór B. Lindal).

Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum héraðsdómsins þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að í stað sektarinnar komi

40 daga fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó með þeirri breytingu, að í stað sektarinnar komi 40 daga fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Haraldur Alfreð Knudsen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Theódórs B. Líndals, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 7. ágúst 1940.

Ár 1940, miðvikudaginn 7. ágúst, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1633/1940: Valdstjórnin gegn Haraldi Alfred Knudsen, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Haraldi Alfred Knudsen verkamanni, Nönnugötu 10 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1930 $^{2}/_{12}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931 $^{18}/_{3}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931 $^{3}/_{5}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931 $^{30}/_{12}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1932 $^{13}/_{9}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1932 $^{11}/_{10}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almananfæri.
1933 $^{3}/_{3}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 $^{17}/_{3}$ sætt 300 kr. sekt fyrir brot gegn 101. gr. hegningarlaganna.
1933 $^{22}/_{4}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1933 $^{1}/_{5}$ dómur aukaréttar Reykjavíkur, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot á 101. og 113. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1933 $^{29}/_{10}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 $^{29}/_{11}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1933 $^{7}/_{12}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $^{25}/_{3}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $^{3}/_{5}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $^{21}/_{6}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $^{4}/_{7}$ sætt 200 kr. sekt fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu.
1934 $^{4}/_{11}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $^{31}/_{12}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{9}/_{3}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{21}/_{3}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{24}/_{4}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{3}/_{5}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{3}/_{9}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1935 $^{24}/_{11}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{26}/_{9}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{9}/_{12}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 $^{24}/_{5}$ áminning fyrir ölvun.
1939 $^{3}/_{3}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{13}/_{5}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{17}/_{6}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almananfæri.
1939 $^{2}/_{9}$ áminning fyrir ölvun í heimahúsum.
1939 $^{23}/_{9}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{27}/_{9}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{12}/_{10}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{31}/_{10}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{8}/_{11}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{12}/_{12}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{22}/_{12}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{1}/_{2}$ dómur 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir hilmingu og áfengislagabrot.
1940 $^{1}/_{4}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{16}/_{5}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{21}/_{5}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{28}/_{5}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{29}/_{5}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{4}/_{6}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{27}/_{6}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{3}/_{8}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Með játningu kærða og framburðum vitna er sannað, að hann

var í gærkvöldi hneyxlanlega ölvaður inni á veitingastofunni Hafnarkaffi hér í bænum.

Með þessu hefur kærði brotið 18. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 1935 og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing hans með tilliti til fortíðar hans hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningarsjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 50 daga.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Haraldur Alfred Knudsen, greiði 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 50 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. janúar 1941.

Nr. 103/1940. **Valdstjórnin** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Helga Benediktssyni
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Brot á tolllögum, lögum um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum.

Brot kærðs varða við eftirtalin lagaákvæði.

Lög nr. 9 frá 1936, 1. gr., sbr. l. nr. 46 frá 1931 um fiskimat, 8. gr., sbr. ennfremur reglugerð nr. 5 frá 1932, 4. gr.

Reglugerð nr. 168 frá 1939 um sölu og útflutning á vörum, 1. sbr. 5. gr., sbr. bráðabirgðalög nr. 49 frá 1939 og nú lög nr. 11 frá 1940.

Reglugerð nr. 50 frá 1938 um gjaldeyrisverzlun o. fl., 7. sbr. 30. gr., sbr. lög nr. 73 frá 1937.

Lög nr. 63 frá 1937 um tollinnheimtu og tolleftirlit, 32. sbr. 38. gr.

Lög nr. 63 frá 1935 um útflutningsgjald, 7. sbr. 10. gr.
Lög nr. 47 frá 1930 um fiskveiðasjóðsgjald, 6. sbr. 9. gr.
Lög nr. 75 frá 1937 um fiskimálanefnd o. fl., 3. sbr. 15. gr.

Þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, 30 daga varðhald.

Samkvæmt þessum málalokum ber kærða að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 90 krónur til hvors.

Rannsókn máls þessa er að mörgu leyti ábótavant. Sérstaklega er það aðfinnsluvert, að hvorki hefur verið upplýst, hvort skipið hafi farið fyrr en ráð hafði verið fyrir gert, eins og kærði heldur fram, né heldur, hvort tollþjónn hefur fengið yfirlýsingu um fiskinn, áður en hann var fluttur í skip.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Helgi Benediktsson, greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, 30 daga varðhald.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, 90 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 10. júní 1940.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Helga Benediktssyni kaupmanni, Skólaveg 27 hér í bæ, fyrir brot gegn reglug. nr. 168 frá $^{1}/_{9}$ — 1939, sbr. l. nr. 11 frá 1940 um sölu og útflutning á vörum, og lögum nr. 9 frá 1936 um breyting á lögum nr. 46/1931 um fiskimat.

Eru málavextir þessir:

Þegar v/s Helgi V. E. 333 fór héðan 11. síðastliðinn (sic) áleiðis til

Englands, sendi kærður, sem er eigandi skipsins, með því 117 pk., eða 5850 kg., af saltfiski, úrgangs og ruslfiski. Er skipið kom til Englands, lá þar fyrir skipstjóranum símskeyti um að koma aftur með allan fiskinn, og gerði hann það. Var fiskinum skipað í land í Vestmannaeyjum aftur, er v/s Helgi kom til baka.

Kærður, Helgi Benediktsson, hafði ekki fengið útflutningsleyfi fyrir fiski þessum, þegar hann fór, en sótti um leyfi daginn eftir, og fékk næsta dag synjun, enda hafði kærður þá tvisvar sinnum stuttu áður beðið um samskonar útflutningsleyfi, en verið neitað.

Það eru líkindi til, að umræddur fiskur hafi verið metinn alllöngu áður, en matsvottorð fylgdi ekki, og eigi hafði yfirmatsmanni verið tilkynnt, er fiskurinn var látinn um borð, svo hann gæti haft eftirlit með því. Er því sama og fiskurinn hefði verið ómetinn.

Ekki hafði kærður heldur látið bæjarfógeta vita um útflutning þessa fiskjar, áður en skipið færi, og skilað þá fyrirskipuðum skýrslum og skilrkjum og greitt lögboðin gjöld af fiskinum.

Kærður hefur með framansögðu atferli gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 9 frá 1936 og 2. gr. reglugerðar nr. 168 frá 12. september 1939. Þá hefur hann og brotið gegn 7. gr. laga nr. 50 frá 1938, l. 63/1937 gr. (sic), l. 63/1935 7. gr., l. 47/1930 2. gr. og l. 121/1935 3. gr.

Kærður hefur áður sætt sektum og dómum, sem hér segir:

1929 1¾ Hæstard. 500 kr. sekt fyrir mótþróa við stefnuvotta, 99. gr. sbr. 101. gr. alm. hegningarlaga.

1934 1$^{9}/_{12}$ Hæstard. 4 mánaða fangelsi við venjul. fangaviðurværi fyrir brot gegn 255. gr., 259. gr. og 276. gr. almennra hegningarlaga.

1939 1⅔ Hæstard. 3. mál fangelsi við venjul. fangaviðurværi fyrir brot á lögum um hlutafélög m. m.

1938 $^{7}/_{11}$ 100 króna sekt fyrir óleyfilegan innflutning á kolum.

Refsing sú, er kærður hefur til unnið fyrir framangreind brot sín, þykir hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður. Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Helgi Benediktsson, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði kærður allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðdvikudaginn 22. janúar 1941.

Nr. 53/1940. **Kol & Salt h.f.** (Eggert Claessen)
gegn
Bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs.
(Garðar Þorsteinsson).

Fasteignagjald í bæjarsjóð.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurð þann, sem áfrýjað er, hefur upp kveðið Adolph Bergsson, fulltrúi lögmanns.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. júní 1940, hefur krafizt þess aðallega, að úrskurðurinn verði með öllu úr gildi felldur, en til vara, að lögtak verði leyft einungis til tryggingar greiðslu á kr. 2669,00. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og hæstarétti eftir mati dómsins, hvor sem niðurstaðan verður. Stefndi hefur krafizt þess, að lögtak verði heimilað til tryggingar greiðslu á kr. 5338,00, sem er hin rétta fjárhæð, miðað við 1% af lóðarverði. Svo krefst stefndi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 69 frá 1937 greiðir leigutaki fasteignagjald samkvæmt 1. gr. sömu laga af leigulóðum, og skiptir eigi máli, hver leigusali er. Lóð sú, sem krafizt er gjalds af í máli þessu, er leigð áfrýjanda, og er honum því skylt að greiða af henni gjald samkvæmt 1. gr. téðra laga. Lóðin var samkvæmt leigusamningi 7. apríl 1926 aðallega leigð til kolakrana og vörugeymslu á bersvæði og leigutaka aðeins heimilt að reisa á henni „þær byggingar og þau mannvirki, sem nauðsynleg eru vegna kola- og saltverzlunarinnar", enda hefur bæjarstjórn Reykjavíkur meinað leigutaka að reisa þar önnur hús. Verður lóð þessi því eigi talin í þessu sambandi venjuleg byggingarlóð, og er hún því skattskyld samkvæmt 3. tölulið 1. gr. laga nr. 69 frá 1937. Er gjaldið því rétt ákveðið 0,5% af matsverði lóðarinnar samkvæmt 3. tölulið 1. gr. nefndra laga og 3. tölulið 2. gr. reglugerðar nr. 117/1938, og skatthæðin verður þá kr.

2669,00. Er lögtak til tryggingar þeirri fjárhæð því heimilað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Lögtak er heimilað til tryggingar kr. 2669.00.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 24. apríl 1940.

Gjörðarþola í máli þessu hefur verið gert að greiða fasteignaskatt til Reykjavíkurbæjar fyrir árið 1939, kr. 6238.90, auk dráttarvaxta, af lóðarspildu, sem hann hefur leigt af hafnarsjóði Reykjavíkur með samningi dags. 7. apríl 1926. Gjörðarþoli hefur eigi fengizt til að greiða skuldina, og hefur bæjargjaldkerinn því krafizt þess, að hann yrði innheimtur með lögtaki, en gerðarþoli hefur mótmælt framgangi lögtaksins, og hafa aðiljar því komið sér saman um að leggja ágreininginn undir úrskurð fógetaréttarins.

Gjörðarþoli hefur mótmælt framgangi lögtaksins, meðal annars af því, að umrædd lóð sé leigð með sérstökum samningi við Reykjavíkurhöfn, og sé hún aðeins til (sic) á kolum og salti, og að ennfremur megi reisa á henni byggingar, sem séu nauðsynlegar vegna kola- og saltverzlunarinnar, en byggingar og önnur mannvirki verði að taka burtu af lóðinni leigusala að kostnaðarlausu, þegar leigutíminn, sem er 20 ár, sé liðinn. Lóðin sé því alls ekki byggingarlóð í venjulegri merkingu þess orðs.

Þá heldur gjörðarþoli því fram, að ársleigan eftir lóðina sé ákveðin svo há, nálega 38 þúsund krónur, sé gert (sic) með sérstöku tilliti til hinnar umræddu lóðar.

Auk þess sé leigusala allt af tryggð fyllsta leiga af lóðinni, með því að heimilað sé að meta hana upp á 5 ára fresti. Gjörðarþoli heldur því og fram, að hann sé alls ekki aðili í máli þessu, því ákvæði leigusamningsins séu algerlega tæmandi, og beri honum því eigi að greiða aðra skatta eða skyldur en fram séu teknar í leigusamningnum.

Gjörðarþoli mótmælir því, að skatturinn sé rétt reiknaður samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 117 frá 1938, og telur, að það beri að reikna hann eftir 3ja tölulið nefndrar greinar, ef heimild sé til þess að leggja hann á. Þá heldur gjörðarþoli því fram, að sér hafi af byggingarnefnd Reykjavíkur verið bannað að byggja hús fyrir skrifstofur á lóðinni.

Gjörðarbeiðandi telur það engum vafa bundið, að umrædd lóð

sé skattskyld samkv. l. nr. 69 frá 1937 og reglug. nr. 117 frá 1938, og krefst hann þess, að skatturinn sé reiknaður eftir 1. tölulið 2. greinar reglugj. en til vara eftir 3. tölulið.

Hann heldur því fram, að lóðin sé byggingarlóð, og eigi gjörðarþoli að greiða skatta þá, sem á hina leigðu lóð hafa verið eða kunna að verða lagðir.

Til stuðnings því, að lóðin sé byggingarlóð, þá upplýsir hann, að á lóðinni standi svo stór saltgeymsluhús, auk fjölda skúra og skýla, samtals að flatarmáli 1896 m^2, og séu mannvirki þau, sem á lóðinni standi, metin að fasteignamati á kr. 69300, þar með talinn kolakraninn.

Um þá kröfu gjörðarþola, að honum beri eigi að greiða skatta þá, sem með sérstökum lögum eru lagðir á lóðina, þá virðist auðsætt af ákvæðum reglugjörðarinnar nr. 117 frá 1928, að gjörðarþola beri að greiða slíka skatta, og verða því þau mótmæli gjörðarþola eigi tekin til greina.

Þá er að athuga, hvort skattinn beri að greiða samkvæmt 1. eða 3. tölulið 2. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt því, sem upplýst er, þá hefir gjörðarþoli þegar reist byggingar á lóðinni, sem eru að fasteignamati kr. 69300.00.

Þá er ennfremur upplýst, að skrifstofubyggingar þær, sem að gjörðarþoli óskaði að fá að byggja, lá enginn fullnaðaruppdráttur að (sic) fyrir byggingarnefnd, heldur aðeins lauslegt grunnriss.

Fógetarétturinn verður að líta svo á, eftir því sem fram hefir komið í máli þessu, að það sé engum vafa bundið, að hin umrædda lóð sé byggingarlóð, að vísu með þeim takmörkunum, sem leigusamningurinn áskilur, og beri því að reikna fasteignaskattinn samkvæmt 1. tölulið 2. gr. reglugerðar nr. 117 frá 1938.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak á að ná fram að ganga á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Föstudaginn 24. janúar 1941.

Nr. 89/1940. **Réttvísin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Vagni Péturssyni (Theódór B. Líndal).

Saurlífisbrot framið á stúlkubörnum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Sigurður Eggerz, bæjarfógeti á Akureyri.

Ákærði er fæddur 26. marz 1879. Hefur hann framið brot þau, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, nálægt áramótunum 1938—1939.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Vagn Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Theódórs B. Líndals, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Akureyrar 2. september 1940.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað með stefnu dags. 31. júlí 1940 gegn Vagni Péturssyni, Norðurgötu 9 Akureyri, fyrir brot á 16. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. lög nr. 51 frá 7. maí 1928, til hegningar og greiðslu alls kostnaðar, er af máli þessu og rannsókn hefir leitt. 26. júlí 1939 féll dómur í máli þessu í undirrétti, er hæstiréttur ómerkti, ásamt meðferð málsins, og var málinu vísað heim í hérað.

Atvik málsins eru þessi. Samkvæmt bendingu héraðslæknis var rannsókn hafin í málinu.

Tvær telpur, Anna Sigríður Þorsteinsdóttir, til heimilis Grundargötu 7, fædd 4. júlí 1927, og Pálína Jónsdóttir, fædd 14. nóv. 1926, bera það, að eftir jól (sic) hafi þær farið upp til ákærða. Dagurinn er ekki tilgreindur, en rétt áður höfðu þær 4 (sic) telpur verið hjá Vagni.

Segir Anna Sigríður, að við þetta tækifæri hafi hann beðið Pálínu og hana að koma aftur, enda gerðu þær það litlu seinna.

Lýsti hún svo því, sem fram fór á milli ákærða og Pálínu. Vagn hneppti frá sér buxnaklaufinni og lagði Pálínu niður á dívan og hneppti niður um hana, tók liminn út og lét á milli læranna á henni.

Sama gerði hann við hana. Hann lá stutt ofan á Önnu Sigríði, hann reyndi að koma liminum inn, en það var svo sárt, að hann varð að hætta við það.

Pálína segir, að hann hafi ekki legið voða lengi ofan á sér, en það hafi verið sárt, og hún hafi orðið dálítið blaut. Ákærði gaf Önnu Sigríði 50 aura og Pálínu 25 aura.

Í annað sinn komu þær til ákærða og fór þá allt á sömu leið, og gaf hann þá annari þeirra 50 aura, en hinni 52 aura. Ákærði hefur játað, að hann hafi framið saurlífi með telpunum. Hann segir, að telpurnar hafi marg komið til sín og beðið sig að gera eitthvað við þær, og segist hann hafa gert það, sem þær báðu hann um, þannig hafi hann lagzt ofan á þær. Hann segir, að þær hafi beðið sig að setja liminn á milli læra þeirra, en hann neitar því, að hann hafi komizt inn í þær.

Ákærði segir, að hann geti ekki séð, að hann hafi brotið velsæmisreglur eða lög með framferði sínu. Ákærði segir, að sér hafi ekki orðið sáðfall í viðureign við telpurnar. Anna Sigríður játar, að hún hafi haft mök við dreng, sem heiti Hörður Ásvaldsson. Hins vegar hefur hin telpan neitað, að hún hafi átt mök við nokkurn annan en ákærða.

Héraðslæknirinn hefur skoðað stúlkurnar báðar. Segir hann um Pálínu, að meyjarhaftið hafi verið órofið, og engan áverka hafi sézt (sic) á getnaðarfærunum. Hann segir, að ef um tilraun til samræðis hafi verið að ræða, þá hafi getnaðarfæri karlmannsins ekki komizt nema inn í allra fremsta hluta „vaginu“ og að minnsta kosti ekki inn fyrir meyjarhaftið.

Sama segir hann, að megi segja um Önnu Sigríði, en í kringum getnaðarfæri hennar og á slímhimnunni var nokkur roði, „irritation“. En um það er ekki hægt að segja, hvort þessi roði er afleiðing tilrauna til samfara eða stafi af einhverju öðru.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi ekki vitað um aldur telpnanna, en honum hafi virzt þær geta verið á milli fermingu og tvítugt (sic).

Héraðslæknirinn hefur aftur sagt í vottorði sínu, að útlit Önnu Sigríðar hafi svarað til telpu á aldrinum 12—13 ára.

Hún var vegin nakin í maí 1939. Var hún þá 148,5 cm. á hæð og 35,3 kg á þyngd.

Þar sem aðstandendur Pálínu Jónsdóttur hafa ekki óskað eftir málssókn gegn ákærða vegna hennar, þykir ekki ástæða til að tala um útlit hennar, enda verður ekki mál höfðað fyrir afbrot gegn henni, sbr. 175. gr. hegningarlaganna frá 1869, og kemur þá brotið ekki til greina við ákvörðun hegningar ákærða.

Um ákærða segir héraðslæknirinn, að hann sé hvorki brjálaður né fábjáni, en virðist vera dálítið „senil“ og eigi erfitt með að halda sér við það, sem verið er að tala um. Hugmyndir hans um „moral“

virðast sérkennilegar. Kynfæri hans bera ekki vott um neinn sjúkdóm. Segir héraðslæknir, að ákærði sé fær um að taka út hegningu.

Málið var höfðað gegn ákærða samkvæmt hegningarlögunum frá 1869, en síðan eru hegningarlögin frá 12. febr. 1940 komin í gildi, og ber að færa brot ákærða undir 202. gr. gildandi hegningarlaga, og með hliðsjón af hegningarlögum frá 1869 174. gr. sbr. 175. gr., sbr. 2. gr. gildandi hegningarlaga, þykir hegningin hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun fyrrv. bæjarfógeta Steingríms Jónssonar, kr. 60.00.

Á þessu máli hefur enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Vagn Pétursson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 60 kr. til skipaðs talsmanns síns, fyrrverandi bæjarfógeta Steingríms Jónssonar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. janúar 1941.

Nr. 88/1940 **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Páli Guðmundssyni
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Brot kærða varða við 15. gr. laga nr. 33/1935, og ber að refsa honum eftir 1. málsgr. 33. gr. sömu laga.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma kærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Páll Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Guðmundar Í Guðmundssonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 16. ágúst 1940.

Málavextir eru þeir, er hér greinir:

Tvö vitni hafa borið, að kærður hafi aðfaranótt 10. þ. m. selt sér 1 flösku af brennivíni á 15 krónur. Vitnin, sem hafa ekki verið eiðfest, af því að þau hafa ekki þókzt þekkja kærðan í sjón, hafa tilgreint staðhætti, er aðeins getur átt við íbúð kærðs, en þó verður þetta eigi talið fullsannað.

Vegna orðróms, sem lék á, að kærður seldi áfengi, var húsrannsókn hafin í íbúð kærðs, og öllu húsi hans, og hirzlur rannsakaðar, og fyrirfannst ekkert athugavert.

Þá hafa vitnin Ingibergur Guðmundsson, 17 ára, og Hörður Vigfússon, 19 ára, eiðfest framburð sinn um, að kærður hafi föstudagskvöldið 9. þ. m. selt þeim eina flösku af brennivíni á 15 kr. Er vitnisburður þeirra í öllu samhljóða og er — þrátt fyrir eindregna neitun kærðs — lögfull sönnun þess, að kærður hafi selt þeim 1 flösku af brennivíni á 15 kr. Kærður, sem kominn er á lögaldur sakamanna, hefur fyrir lögreglurétti Siglufjarðar 4. nóv. 1934 sætt 500 kr sekt í menningarsjóð fyrir óleyfilega áfengissölu, og er því með broti þessu orðinn sekur um ítrekaða áfengissölu og um að hafa selt ólöglega áfengi mönnum undir 21 árs.

Heyrir því brot kærðs undir 15. og 13. gr. sbr. 33. gr. áfengislaganna 33/1935, og álízt refsingin hæfileg 800 kr. sekt í menningarsjóð, til vara 40 daga varðhald, ef sektin er eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hins vegar eru að áliti dómarans eigi framkomnar nægilegar sannanir fyrir, að kærður hafi gert áfengissöluna sér að atvinnu eftir 2. mlgr. 33. gr. áfengislaganna, sem eigi að varða fangelsi.

Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 25 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Jóhannessonar.

Á máli þessu hefur enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Páll Guðmundsson, smiður Siglufirði, greiði 800 kr.

sekt í menningarsjóð, til vara sæti 40 daga varðhaldi, ef sektin er eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði og stefndur allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 25 kr. til skipaðs talsmanns síns, Jóns Jóhannesssonar mlflm. Siglufirði.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. janúar 1941.

Nr. 70/1937 **Sigurður Guðmundsson** (Guðmundur Í. Guðmundsson)
gegn
Birni Eiríkssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótamál vegna bifreiðaslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 22. júní 1937 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. júlí s. á., krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2012.00 með 5% ársvöxtum frá 29. ágúst 1935 til greiðsludags, en til vara aðra lægri fjárhæð, er dómurinn metur hæfilega, auk vaxta, eins og áður greinir. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Stefndi krefst hins vegar staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar í hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Handvömm þykir ekki sönnuð á hendur stefnda við drátt bifreiðar áfrýjanda, og ekki verður talið, að sönnunarregla 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1931 eigi hér við. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum málsúrslitum telst rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Það athugast, að sá mikli dráttur, sem orðið hefur á máli þessu eftir að því var áfrýjað, stafar af því, að málsskjölin mislögðust í skjalasafni héraðsdómarans og fundust ekki fyrr en í nóvembermánuði síðastliðnum.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 14. nóv. 1936.

Mál þetta er samkvæmt samkomulagi aðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 13. janúar 1936 af Sigurði Guðmundssyni, Njarðargötu 61 hér í bæ, gegn Birni Eirikssyni bifreiðarstjóra, Sjónarhól í Hafnarfirði, til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðarslyss, að upphæð kr. 2012.00, með 5% ársvöxtum frá 29. ágúst 1935 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi krafizt þess til vara, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér helming tjónsins.

Enn fremur hefur stefnandi stefnt Carli Finsen, forstjóra vátryggingarfélagsins, sem bifreið stefnanda var tryggð hjá, til þess að gæta hagsmuna félagsins.

Stefndur krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar, en *til vara* hefur hann mótmælt stefnukröfunum sem of háum og órökstuddum.

Málavextir eru þeir, að 29. ágúst 1935 fór stefnandi á bifreið sinni R.E. 294, sem er lítil vöruflutningabifreið og eign stefnanda, austur í Grafning. Þegar þangað kom, bilaði drifið í bifreiðinni, og fékk stefnandi því bifreiðina H.F. 1 til þess að draga bifreið sína áleiðis til Reykjavíkur. Var dráttarútbúnaðurinn þannig, að annar endi, ca. 5 faðma langur kaðall, var festur í miðjan framöxul R.E. 294, en hinn endinn var festur aftan í bifreið stefnds H.F. 1. Gekk ferðin að öllu leyti slysalaust, unz komið var að brúnni á Grafarholtsá, skammt frá Laxnesi. Þá hægði bifreið stefnds á sér, en við það slaknaði dráttartaugin og lenti aftur fyrir vinstra framhjól bifreiðar stefnanda, sem hélt áfram og, að því er virðist, samtímis því, að aftur strikkaði á dráttartauginni, lenti bifreið stefnanda út af veginum og varð fyrir miklum skemmdum. Sömuleiðis slasaðist kona stefnanda, sem með honum var í bifreiðinni, allverulega.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að stefndur beri ábyrgð á slysinu. Hann hafi sýnt af sér stórkostlega óvarkárni með því að hægja á bifreið sinni og kippa síðan í taugina aftur, án þess að gera stefnanda viðvart. Hann sjálfur hafi hins vegar hagað sér alveg óaðfinnanlega og alveg eins og honum bar.

Stefndur byggir hins vegar sýknukröfuna á því, að sér verði með engu móti um slysið kennt. Hann hafi ekið mjög gætilega, en hann hafi ekki haft aðstöðu til að sjá aftur fyrir bifreið sína og fylgjast með, hvað dráttartauginni leið. Stefnandi hafi hins vegar haft mjög góða aðstöðu til þess, þar sem hann sat við stýrið í bifreið sinni. Hafi honum borið skylda til að bremsa um leið og slakaði á dráttartauginni eða þá að gefa stefndum hljóðmerki um að stöðva tafarlaust.

Með því að gera hvorugt þetta hafi stefnandi valdið slysinu og eigi því að bera tjónið sjálfur.

Það er upplýst í málinu, að stefndur ók mjög varlega alla leiðina í umrætt skipti, og virðist hraðinn ekki hafa verið meiri en um 20 km. pr. klst. Enn fremur má telja upplýst, að bifreið stefnanda hafi verið í lagi, að öðru leyti en því, að drif hennar var bilað. Það var því bæði hægt að bremsa henni (sic) og gefa hljóðmerki, ef á þurfti að halda. Þegar stendur kom að brúnni, hægði hann á sér, eins og áður segir, að því er virðist niður í ca. 10 km. hraða pr. klst. Þetta verður að telja hafa verið sjálfsagða varúðarráðstöfun hjá stefndum og í fullu samræmi við almenna hegðun bílstjóra undir sviplíkum kringumstæðum.

Stefnandi kveðst ekki hafa séð neitt fram á veginn úr bifreiðinni vegna bifreiðar stefnds og hafi hann því ekki vitað um, að brú var þarna á veginum, og einmitt þess vegna hafi stefndum borið að aka með sem jöfnustum hraða og gefa sér sérstaklega til kynna, áður en hægt væri á fremri bifreiðinni. Það er óupplýst í málinu, hvort stefnandi hefur í raun og veru séð brúna, áður en stefndur hægði ferðina, en að minnsta kosti má telja það alveg víst, að stefnandi hafi séð vel á veginn milli bifreiðanna og getað séð, hvort slakaði á dráttartauginni. Rétturinn telur, að stefnanda hafi, eins og á stóð, borið skylda til að fylgjast sérstaklega með því, vegna yfirvofandi hættu, ef dráttartaugin lenti aftur fyrir hjól bifreiðar hans, og með sérstöku tilliti til þess, að hún hafði áður á leiðinni runnið inn undir bifreið stefnanda, án þess þó að til tjóns yrði þá. Rétturinn telur einnig, eftir því sem fyrir liggur, að með því að bremsa bifreið sinni (sic) um leið og slaknaði á dráttartauginni hefði stefnandi getað afstýrt slysinu, þar eð ekki er annað upplýst, en að vegurinn hafi verið beinn, þar sem slysið varð, og því ekki sjáanlegt, að nein hætta hafi getað stafað af því, eins og stefnandi virðist telja.

Samkvæmt framansögðu telur rétturinn ekkert það hafa komið fram í máli þessu, er sýni, að slysið hafi orsakazt af óvarkárni stefnds. Hins vegar verður að telja, að stefnandi hafi annað hvort með því að hafa ekki nógu nákvæmar gætur á dráttartauginni eða, hafi hann vitað um að hún var óklár (sic), þá með því að bremsa ekki, sýnt af sér þannig lagaða óvarkárni, að sýkna beri stefndan af kröfu hans samkvæmt 2. málsgr. 15. gr. bifreiðarlaganna.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en þó þykir málskostnaður mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Björn Eiríksson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Sigurðar Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 31. janúar 1941.

Nr. 94/1940. **Þórður Einarsson f. h. Haraldsens, Fuglefjord, Færeyjum** (Pétur Magnússon)
gegn
Bæjarstjóra Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs (Kristján Guðlaugsson).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Jónas Thoroddsen, bæjarfógeti í Neskaupstað.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. október f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð verði úr gildi felld og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Stefndi krefst hins vegar staðfestingar úrskurðarins og lögtaksgerðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem leitt hefur verið í ljós hér fyrir dómi, tóku þrír menn í Neskaupstað á leigu af áfrýjanda skip hans „Kyrjasteinur" yfir síldveiðitímann 1940. Var leigugreiðslan fast ákveðin 12 þús. danskar krónur. Enn fremur var það sammæli nefndra manna, að skip áfrýjanda „Boðasteinur" skyldi gert út frá Neskaupstað til síldveiða um greint tímabil undir umráðum sömu þriggja manna og með þeim kjörum, að áfrýjandi fengi 55% af veiði skipsins, en bæri kostnað af fæði skipverja, og skyldi aflahlut þeirra taka af þeirri veiði, er í hlut áfrýjanda félli. Þrímenningarnir skyldu hins vegar hljóta 45% af veiðinni og bera kostnað af olíu og kolanotkun skipsins, greiða hafnargjöld og önnur útgjöld á Íslandi og sjá fyrir veiðarfærum og viðhaldi þeirra. Þeir skyldu annast sölu aflans á Íslandi og ábyrgjast áfrýjanda 14 króna lágmarksverð fyrir hvert 135 kg. síldarmál.

Hér fyrir dómi hefur af hendi stefnda verið frá því skýrt, að niðurjöfnunarnefnd Neskaupstaðar lýsi útsvarið lagt á „útsvarsskyldan rekstur Haraldsens". Nú verður áfrýjandi

samkvæmt því, sem greint hefur verið um útgerð skipsins „Kyrjasteinur“, ekki krafinn um útsvar af því, og með því enn fremur, að óupplýst er, hvort útsvarsálagningin hefur einnig tekið til þessa skips og áfrýjandi þannig krafinn um útsvar af óútsvarshæfum gjaldstofni, þá verður þegar af þeirri ástæðu að fella hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgerð úr gildi.

Samkvæmt þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiða áfrýjanda kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, bæjarstjóri Neskaupstaðar f. h. bæjarstjóðs, greiði áfrýjanda, Þórði Einarssyni f. h. Haraldsens, Fuglefjord, Færeyjum, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Neskaupstaðar 26. sept. 1940.

Mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti Neskaupstaðar þriðjudaginn 24. september s. l. Í réttinum var þá mættur Jón Sigfússon bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Neskaupstaðar og fyrir hönd gerðarþola Þórður Einarsson framkvæmdarstjóri.

Jón Sigfússon bæjarstjóri hefur fyrir hönd bæjarsjóðs Neskaupstaðar krafizt lögtaks fyrir ógreiddu útsvari hjá Haraldsen Fuglafirði, Færeyjum, að upphæð kr. 6000.00, auk kostnaðar, en umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi gerðarinnar, og hafa báðir aðiljarnir lagt ágreininginn undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarbeiðandi hefur undir rekstri málsins og í lögtaksbeiðni gert þær réttarkröfur, að lögtak verði látið fram fara hjá gerðarþola í inneign hans hjá síldarútgerðarfélagi Þórðar Einarssonar, Jóhanns Magnússonar og Hannesar Jónssonar fyrir útsvarskröfu, að upphæð kr. 6000.00, auk kostnaðar. Getur gerðarbeiðandi þess, að útsvarið sé á lagt samkvæmt lögum nr. 106/1936, 6. gr. B, og hafi það fallið í gjalddaga 30. ágúst s. l. samkvæmt 27. gr. sömu laga.

Umboðsmaður gerðarþola hefur hins vegar neitað að greiða nefnda útsvarskröfu, þar eð hann telur, að gerðarþoli sé ekki útsvarsskyldur hér, þar eð hann geti ekki talizt atvinnurekandi hér á landi. Hafi gerðarþoli einungis leigt skip sitt „Boðasteinur“ hingað upp á prósentur af brúttóafla, 55%, og greitt mannakaup skips-

hafnar þar af. En skipið „Kyrjasteinur" hafi gerðarþoli leigt hingað fyrir fast ákveðið verð, kr. 12000.00, auk annarra kvaða.

Rétturinn lítur svo á, að gerðarþoli hafi með leigusamningi á skipinu „Boðasteinur", þar sem hann leigir það hingað, með mannakaupi, fyrir ákveðnar prósentur af brúttóafla skipsins, gerzt þátttakandi í atvinnurekstri skipsins, þar eð áhætta og gróðavon atvinnurekstrarins skiptir hann öllu máli, hvað leigunni við kemur, þannig að hagsmunir hans eru einungis bundnir við rekstur skipsins hér á landi. Verður því rétturinn að álíta, að gerðarþoli hafi haft útsvarsskyldan atvinnurekstur hér á landi, sem heimfæra megi undir 6. gr. B laga nr. 106/1936.

Hvað aftur á móti hinu skipinu, „Kyrjasteinur", viðvíkur, þá álítur rétturinn, að gerðarþoli hafi ekki útsvarsskyldan atvinnurekstur hér, hvað því viðvíkur, þar eð það er leigt hingað fyrir fastákveðið verð.

Samkvæmt áður sögðum skilningi á leigusamningi gerðarþola viðvíkjandi „Boðasteinur", þá álítur rétturinn, að gerðarþoli sé útsvarsskyldur hér á landi samkvæmt lögum nr. 106/1936 6. gr. B. Aftur á móti er það ekki upplýst, hve mikill hluti útsvarsins sé vegna þessa skips, en þar eð það er ekki á valdi dómstóla að ákveða útsvarsupphæðir, þá ályktar rétturinn að láta umbeðið lögtak fram fara fyrir allri útsvarsupphæðinni, auk kostnaðar.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögtaksgerð hjá Haraldsen, Fuglafirði Færeyjum, í inneign hans hjá síldarútgerðarfélagi Þórðar Einarssonar, Jóhanns Magnússonar og Hannesar Jónssonar, fyrir kr. 6000.00, auk kostnaðar, á fram að ganga.

Föstudaginn 31. janúar 1941.

Nr. 47/1940. **Bjarni Jón Marías Þorsteinsson**
gegn
Vilborgu Ingimundardóttur

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bjarni Jón Marías Þorsteinsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 7. febrúar 1941.

Nr. 49/1940. **Magnús Gíslason** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Steindóri Einarssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótamál vegna árekstrar bifreiða.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. maí 1940 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 590.25 með 6% ársvöxtum frá 12. okt. 1939 og til greiðsludags, en *til vara* aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir því sem atvikum er háttað, hafa báðir bifreiðarstjórarnir átt sök á árekstrinum. Þykja aðiljar málsins eiga að bera tjónið af slysinu að hálfu hvor. Samkvæmt því ber stefnda að greiða áfrýjanda kr. 295.12 með vöxtum af þeirri fjárhæð eins og krafizt er.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda 250 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Steindór Einarsson, greiði áfrýjanda, Magnúsi Gíslasyni, kr. 295.12 með 6% ársvöxtum frá 12. okt. 1939 til greiðsludags og kr. 250.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. des. 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 23. okt. s. l. af Magnúsi Gíslasyni bifreiðarstjóra, hér í bæ, gegn Steindóri Einarssyni bifreiðaeiganda, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð 590,25, ásamt 6% ársvöxtum frá 12. okt. s. l. til greiðsludags, og málskostnaðar skv. reikningi. Við hinn munnlega málflutning hefur stefnandi og gert þá *varakröfu*, að bæturnar yrðu ákveðnar eftir mati réttarins.

Vátryggingarfélaginu Trolle & Rothe h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefndur krefst *aðallega* sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar sér til handa. *Til vara* krefst hann verulegrar lækkunar á hinni umstefndu upphæð, og að málskostnaður verði látinn falla niður. Vöxtum mótmælir hann frá fyrri tíma en stefnudegi.

Málavextir eru þeir, að laust fyrir kl. 2 e. h. þann 6. okt. s. l. var vörubifreiðin R 1061, eign stefnanda, á ferðinni á Kleppsvegi á leið til Reykjavíkur. Um sama leyti ók fólksflutningabifreiðin R. 1255, eign stefnds í máli þessu, inn Kleppsveg, og var ferðinni heitið að Hólum við sama veg, en er bifreiðin var að búa sig til að beygja inn á veginn, sem liggur að Hólum, varð árekstur á milli nefndra bifreiða, þannig að báðar skemmdust, en R. 1255 þó meira, og vörubifreiðin fór út af veginum.

Stefnandi heldur því fram, að bifreiðarstjórinn á R. 1255 eigi einn alla sök á slysinu, og beri stefndum því að bæta sér tjón það, er hann hafi beðið, en það er kostnaður við viðgerð á skemmdum á bifreiðinni, og nemur hann hinni umstefndu upphæð.

Sýknukröfu sína byggir stefndur hins vegar á því, að stefnandi, er ók bifreið sinni, eigi sök á árekstrinum, og hefur hann í því sambandi áskilið sér fullan rétt til að krefja stefnanda síðar um bætur fyrir tjón það, er hann hafi beðið vegna slyssins.

Þess skal getið, að dómarinn hefur komið á slysstaðinn og athugað staðhætti, en um nánari atvik að árekstrinum er þetta upplýst:

Bifreiðin R 1255 ók mjög hægt og hafði næstum stöðvazt, er árekturinn varð, að því er bifreiðarstjórinn hefur ómótmælt borið, enda ætlaði hann að fara að taka beygjuna inn á veginn að Hólum, en sú beygja er mjög kröpp og vegurinn mjór. Hins vegar er það upplýst, að um þetta leyti beygði bifreiðin R. 1255 svo mikið út á Kleppsveginn, að hún var að nokkru á hægra vegarhelmingi, er árekturinn varð, og 2,30 m. frá hægra vegarkanti, en vegurinn er þarna um 6 m. breiður. Og þar sem það er viðurkennt af bifreiðarstjóranum, að hann hafði þegar séð til ferða R. 1061 og hún farið mjög hart, að því er hann segir, þá verður að telja, að hann með framansögðu hafi hagað sér svo, að hann eigi nokkra sök á umræddum árekstri. Sýknukrafa stefnds verður því ekki tekin til greina.

Um ferðir R. 1061 er það hins vegar upplýst, að hún ók með a. m. k. 30 km. hraða á klst., er hún nálgaðist árekstrarstaðinn, að því er stefnandi segir, en bifreiðarstjórinn á R. 1255 og eitt vitni, er var sjónarvottur, hafa borið, að R. 1061 hafi verið ekið mjög hratt, án þess að tilgreina hraðann nánar. Verður þetta að teljast hafa verið ógætilega ekið, þar sem stefnandi hefur með góðum fyrirvara séð til ferða R. 1255, og sennilegt var, að bifreiðarnar mættust á þeim stað, sem raun varð á, en þar öðrum megin er allhátt út af vegi (rúmlega meter), þýfi og grjót utan vegarins, en nær R. 1061 var hins vegar slétt út af vegi og rúmt útskot á honum. Verður því að telja, að stefnandi hefði átt að hægja á ferðinni miklu fyrr en hann gerði, sérstaklega þar sem fyrir liggur óvéfengt vottorð um, að hemlar R. 1061 hafi verið í ágætu lagi. Bifreiðin var fullhlaðin grjóti, og hefur það af hálfu stefnanda verið talið þess valdandi, að óhægra hafi verið um stjórn bifreiðarinnar, en með tilliti til þess bar stefnanda þá að fara enn varlegar, þegar hann sá vanda bera að höndum. Þar að auki er upplýst, að R. 1061 er 1,87 m. á breidd, en plássið vinstra megin við R. 1255 á veginum ca. 2,30, og virðist því ekki fjarri lagi að ætla, að komast hafi mátt þarna fram hjá, þar sem vegurinn er mjög góður og traustur og tvímælalaust hefði borið fullhlaðinn bíl, þótt utarlega væri ekið. — Að þessu öllu athuguðu þykir stefnandi því einnig eiga sök á árektsrinum, og verður aðalkrafa hans í málinu því heldur ekki tekin til greina. — Þar sem sökin er þannig beggja megin, ber málsaðiljum, skv. lögjöfnuði frá 2. málsgr. 225 gr. siglingalaganna og 31. gr. laga um loftferðir nr. 32/1929, að bæta skaða þann, er hlauzt af árekstrinum, að tiltölu við sök hvors um sig. Af því, hvernig atvikum að árekstrinum skv. framansögðu var háttað, þykir rétt, að tjónið skiptist þannig milli aðilja, að stefndur beri tvo fimmtu hluta þess, en stefnandi þrjá fimmtu. Stefnuupphæðin er óvéfengd, og verður stefndum því gert að greiða stefnanda $^2/_5$ af kr. 590.25, eða kr. 236.10, ásamt vöxtum, er teljast frá stefnudegi, en reiknast 6%, þar sem vaxtahæðinni hefur ekki sérstaklega verið mótmælt. Málskostnað greiði stefndur stefnanda með kr. 80.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Steindór Einarsson, greiði stefnandanum, Magnúsi Gíslasyni, kr. 236.10, með 6% ársvöxtum frá 23. okt. 1939 til greiðsludags, og kr. 80.00 í málskostnað innan 15 daga frá löglbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. febrúar 1941.

Nr. 44/1930. **Bogi A. J. Þórðarson** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Jóni Ögmundssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Landsleiga. Ágreiningur um brot á leiguliðaskyldum. Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Páll Hallgrímsson sýslumaður í Árnessýslu hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. maí 1939, hefur krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, er hann krefst, að stefndi skuli sæta. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá hæstarétti, en þessi krafa er eigi þeim rökum studd, að hún verði tekin til greina. Til vara krefst stefndur staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að fallast má á forsendur og niðurlag hins áfrýjaða úrskurðar, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 500 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bogi A. J. Þórðarson, greiði stefnda, Jóni Ögmundssyni, 500 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Árnessýslu 7. febr. 1939.

Mál þetta var lagt undir úrskurð þann 24. nóv. s. l., og eru málavextir þessir: Með útbyggingarbréfi, dags. 19. des. 1936, birtu af

stefnuvottum Ölfushrepps 21. s. mán., tilkynnir Bogi A. J. Þórðarson, eigandi Vorsabæjar í Ölfusi, Jón Ögmundssyni, ábúanda jarðarinnar, að hann byggi honum út af jörðinni frá fardögum 1937 að telja. Ástæður fyrir útbyggingunni voru ekki til færðar í tilkynningu þessari. Ábúandinn, Jón Ögmundsson, virðist ekki hafa gert neinar ráðstafanir til þess að flytja burt af jörðinni fyrir hinn tilsetta tíma, og með bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 5. júní 1937, biður jarðeigandi, Bogi A. J. Þórðarson, því um, að ábúandinn, Jón Ögmundsson, verði borinn út af jörðinni, og færir fram í beiðninni eftirfarandi ástæður:

1. að gerðarþoli hafi rifið öll jarðarhús, húsagarða og heygarða, án þess að hafa til þess leyfi og án þess að láta fara fram nokkra virðingu áður.
2. að gerðarþoli hafi trassað að halda við landamerkjum jarðarinnar.
3. að gerðarþoli hafi vanrækt áburðarhirðu á jörðinni, brennt næstum öllu sauðataði og selt sumt í burtu.
4. að gerðarþoli hai leyft Vallabóndanum að nota skák úr engjum jarðarinnar. Einnig hafi hann leigt burtu silungsveiði frá jörðinni í heimildarleysi og vanrækt að telja jörðinni til hlunninda silungsveiðina. Hann hafi og lánað hluta úr túninu undir refabú.
5. að gerðarþoli hafi dregið úr kostum jarðarinnar við upplýsingar til fasteignamats og gert henni upp ókosti.
6. að gerðarþoli hafi reist byggingar á jörðinni án leyfis jarðeiganda hingað og þangað um túnið, óskipulega og á óheppilegum stöðum.
7. að gerðarþoli hafi gert allar jarðabætur í Vorsabæ án vitundar gerðarbeiðanda og leyfis.
8. að gerðarþoli hafi mjög skert hlunnindi jarðarinnar af réttahaldi.

Telur gerðarbeiðandi, að hver þessara ástæðna út af fyrir sig sé nægileg til þess að byggja gerðarþola út af jörðinni. Gerðarþoli hefur mótmælt útburðinum, og hafa aðiljar því lagt málið undir úrskurð réttarins, sem fyrr segir. Verður þá hvert hinna fyrrgreindu atriða athugað út af fyrir sig.

Ad. 1. Það er upplýst í málinu, að gerðarþoli hefur búið á jörðinni óslitið síðan árið 1902, og að gerðarbeiðandi eignaðist hana ekki fyrr en 1919. Umboðsmaður gerðarþola hefur haldið því fram, að gerðarbeiðandi hafi selt jörðina aftur eftir 1919, en eignazt hana svo aftur enn á ný. Gerðarbeiðandi hefur hvorki neitað þessu né játað, og er ekkert um það upplýst með vissu. Af hálfu gerðarþola er því eindregið haldið fram, að jarðarhús og önnur mannvirki hafi verið rifin og ný reist í staðinn, áður en jörðin komst í eign gerðarbeiðanda, og hafi allar þær framkvæmdir verið gerðar með fullu

samþykki þáverandi jarðeiganda, en eftir að jörðin komst í eigu gerðarbeiðanda hafi engin hús né mannvirki verið rifin eða ný hús reist önnur en þau, sem nauðsynleg voru til góðs viðhalds á jörðinni. Af hálfu gerðarbeiðanda liggja engar upplýsingar fyrir um það, hvenær jarðarhús, húsagarðar og heygarðar hafi verið rifin eða önnur mannvirki reist, og ekkert fært fram, sem leiði líkur að því, að framkvæmdir þessar hafi verið gerðar í heimildarleysi eða forboði fyrri eiganda, og er af gerðarbeiðanda í engu hnekkt þeirri staðhæfingu gerðarþola, að hann hafi setið jörðina svo árum skipti, eftir að hann gerði þar nýbyggingar sínar, án þess að þáverandi eigandi hreyfði nokkru sinni athugasemdum um ábýlisrétt hans. Og þar sem ennfremur er ósannað, að nokkur hús eða mannvirki hafi verið rifin, síðan gerðarbeiðandi eignaðist jörðina, þá þykir þessi liður ekki svo rökstuddur, að hægt sé að taka hann til greina.

Ad. 2. Lagt er fram í málinu landamerkjabréf Vorsabæjar, skrásett 1890, en engar upplýsingar eru fram komnar um ástand uppsettra merkja á þeim tíma, sem gerðarþoli tók við jörðinni né um ástand þeirra síðan. Ekki er heldur sannað, að neitt land hafi gengið undan jörðinni, sem til hennar er talið, skv. framannefndu landamerkjabréfi, né vitað um landaþrætu við neina þá, sem land eiga að Vorsabæ. Vottorðið á rskj. nr. 20 segir eitt út af fyrir sig, einkum að fenginni skýringu gerðarþola á vottorði þessu í rskj. nr. 23, ekkert um það, hvort nokkurt land hafi raunverulega gengið undan jörðinni. Um leið verða vottorðin á rskj. nr. 22 og 32 þýðingarlaus í máli þessu. Liður þessi þykir ekki nægilega rökstuddur til þess að til greina verði tekinn.

Ad. 3. Engar sönnur eru fram færðar á því, að um vanhirðu áburðar hafi verið að ræða á jörðinni, eða áburður hafi verið seldur burtu. Hins vegar er staðhæft af gerðarþola og að því leiddar líkur, að meiri áburður hafi verið notaður á jörðinni en til féllst á henni sjálfri, og verður þessi liður ekki tekinn til greina.

Ad. 4. Engar sannanir eru fram komnar um það, að gerðarþoli hai leyft Vallabóndanum að nota skák úr engjum jarðarinnar, en sökinni er eindregið mótmælt af gerðarþola.

Af hálfu gerðarbeiðanda er lagt fram vottorð (rskj. nr. 8) um, að veiðiréttindi hafi verið leigð frá jörðinni „á árunum 1918—1922 og svo síðar um 1923 og 1926." Vottorði þessu er mótmælt af gerðarþola, en hins vegar viðurkennt, að vottorðsgefandi hafi stöku sinnum fengið leyfi til að veiða á stöng í Varmá. Óupplýst er um það, hvort leyfi þessi hafi verið veitt á þeim tíma, er gerðarbeiðandi átti jörðina, eða með hvaða skilmálum, og enn fremur, hvort silungsveiði hafi yfirleitt nokkurn tíma verið svo mikil í Vorsabæ, að til hlunninda hafi verið talin, eða hafi getað verið talin. Auk þessa eru nú 12—20 ár liðin síðan hér um ræddar sakir eiga að hafa gerzt, og verður ekki á það fallizt, að hér sé um útbyggingarsök að ræða.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að refabúið á landi jarðarinnar sé félagseign hans og fjölskyldu hans, og er því ekki hnekkt af gerðarbeiðanda. Það verður ekki talið ósamrýmanlegt ábúðarrétti gerðarþola að leyfa sonum sínum, þó ekki séu þeir heimilisfastir hjá honum, að eiga hluta í refagarði á jörðinni eða dýr í garðinum, einkum af því, að ekki verður séð, að refabúið hafi valdið nokkurri skemmd á jörðinni.

Ad. 5. Lögð eru fram afrit af spurningaeyðublaði í sambandi við fasteignamatið 1930, útfyllt af gerðarþola, og bréfi gerðarbeiðanda til fasteignamatsmanna Árnessýslu með athugasemdum við upplýsingar gerðarþola (rskj. 10 og 11). Af ýmsum viðbótaráritunum á rskj. nr. 10 virðist það koma fram, að gerðarbeiðandi hafi komið athugasemdum sínum á framfæri í tæka tíð. Í bréfi sínu á rskj. nr. 11 gerir gerðarbeiðandi ekki athugasemd við þær upplýsingar gerðarþola, að bráðapest þyki liggja í landi. Við samanburð á skjölum þessum kemur í ljós á ýmsum stöðum nokkur mismunur á upplýsingum gerðarþola og gerðarbeiðanda, en í máli þessu er með öllu ósannað, hvor hafi haft réttara að mæla.

Ad. 6. Þessi liður fellur að nokkru leyti undir 1. lið, en verður að öðru leyti að teljast órökstuddur.

Ad. 7. Þar sem óupplýst er, að gerðarþola hafi nokkru sinni verið gefið til vitundar, hvernig gerðarbeiðandi vildi, að jarðabótum skyldi hagað á jörðinni, og hvergi gert sennilegt, að gerðarbeiðandi hafi beðið nokkurt tjón af jarðabótum gerðarþola, þá verður ekki á það fallizt, að þessi liður hafi að geyma útbyggingarsök á hendur gerðarþola.

Ad. 8. Hér er átt við samning, sem gerðarþoli gerði við hreppsnefnd Ölfushrepps 6. okt. 1907, eða fyrir 31 ári síðan og um 12 árum áður en gerðarbeiðandi fyrst fékk eignarheimild að jörðinni (rskj. nr. 13). Kom samningur þessi í stað samnings um sama efni frá 15. okt. 1900. Það er viðurkennt af gerðarbeiðanda, að samkvæmt landslögum og nefndum samningi frá 1900 hafi hreppurinn haft leyfi til að hafa réttir í Vorsabæjarlandi. Hann viðurkennir einnig, að leigan fyrir réttarlandið hafi átt að renna til ábúanda. Samningurinn frá 1900 hefur ekki verið lagður fram, og er því ekki hægt að gera samanburð á efni þessara tveggja samninga. Af hálfu gerðarþola er því fastlega haldið fram, að samningurinn frá 1907 sé aðeins bundinn við ábúðartíma gerðarþola á jörðinni, en sé á engan hátt bindandi fyrir jarðeiganda, og virðist orðalag samningsins fremur þessu til stuðnings. Þá er sýnt af samningi þessum og eftirfarandi bókun hreppsnefndarinnar (rskj. 13), að henni var kunnugt um, að gerðarþoli var ekki eigandi, heldur aðeins ábúandi jarðarinnar, og gerði samninginn sem slíkur. Enn er því haldið fram af hálfu gerðarþola, að heimildarmanni gerðarbeiðanda að jörðinni hafi um mörg ár verið kunnugt um samning þennan, og er það

ekki gert ósennilegt. Verður hér ekki talin komin fram ástæða, er heimili útbyggingu gerðarþola af jörðinni.

Af því, sem að framan greinir, þykir verða að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki ná fram að ganga.

Miðvikudaginn 19. febrúar 1941.

Nr. 74/1940. **Síldarbræðslan á Norðfirði**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Verzlun Sigfúsar Sveinssonar og gagnsök
(Garðar Þorsteinsson).

Ágreiningur um gjald fyrir vörugeymslu.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Jónas Thoroddsen, settur bæjarfógeti í Neskaupstað.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1940. Krefst hann þess, að fjárhæð sú, er honum var dæmt að greiða í héraði, verði lækkuð niður í kr. 879.12 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur af sinni hálfu áfrýjað málinu með stefnu 10 sept. 1940 og krafizt þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 4153.20 með 6% ársvöxtum frá 15. nóv. 1939 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi geymdi í húsum sínum fyrir aðaláfrýjanda 1686 poka síldarmjöls frá 24. júlí 1939 til 14. nóv. s. á. og 89 poka fiskmjöls frá 20. sept. 1939 til 15. nóv. s. á. Eftir að dómur gekk í héraði, hefur héraðsdómarinn að beiðni aðaláfrýjanda dómkvatt tvo menn til þess að meta gjald fyrir geymslu þessa. Telja matsmenn hæfilegt geymslugjald

kr. 876.12, og tjáir aðaláfrýjandi sig nú fúsan til að greiða þá fjárhæð. Gagnáfrýjandi krefst þess hins vegar, eins og í héraði, að gjaldið verði ákveðið kr. 1.50 fyrir smálest um hverja viku geymslutímans.

Í málinu er ekki upplýst, að varan hafi verið afhent gagnáfrýjanda til geymslu með nokkra ákveðna skipsferð fyrir augum, og jafnvel óvíst, að geymslu hafi verið beðizt í því skyni, að varan yrði flutt á skipum þeim, er gagnáfrýjandi annaðist afgreiðslu fyrir. En þótt til þess hefði verið ætlazt, að varan yrði síðar flutt til útlanda á þeim skipum, þá reyndist geymslutíminn svo langur og óákveðinn, að verð það, er skipaafgreiðslur taka fyrir geymslu á vörum, hefði verið ósanngjarnt, eins og hér stóð á. Ber því að ákveða geymslugjaldið eftir því, sem sanngjarnt þykir, sbr. 5. gr. laga nr. 39 frá 1922. Verður þá aðallega höfð hliðsjón af ofangreindu mati, en með því að nokkuð meira má til þess líta en matsmennnirnir hafa gert, að geymslutíminn var allsendis óákveðinn og vörurnar mátti taka fyrirvaralaust, hvenær sem var, þá þykir geymslugjaldið hæfilega ákveðið 1200 krónur. Svo verða og vextir dæmdir af þeirri fjárhæð eins og gagnáfrýjandi gerir kröfu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 600 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Síldarbræðslan á Norðfirði, greiði gagnáfrýjanda, Verzlun Sigfúsar Sveinssonar, 1200 kr. með 6% ársvöxtum frá 15. nóv. 1939 til greiðsludags og samtals 600 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Neskaupstaðar 18. júlí 1940.

Mál þetta er höfðað fyrir aukarétti Neskaupstaðar af Guðmundi Sigfússyni f. h. Verzlunar Sigfúsar Sveinssonar með stefnu, birtri

3. júní s. l. fyrir Þórði Einarssyni f. h. Síldrabræðslunnar á Norðfirði, til greiðslu á kr. 4153.20 með 6% ársvöxtum frá 15. nóv. 1939 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Mál þetta var tekið fyrir í aukarétti Neskaupstaðar 5. júní s. l., og lýsti stefnandi því þá yfir, að samkvæmt frávísunardómi hæstaréttar í málinu Síldarbræðslan á Norðfirði gegn Verzlun Sigfúsar Sveinssonar, dags. 22. maí 1940, þá væri hann nú stefnandi út af kröfu þeirri, sem greindi í stefnu. Málinu var þá frestað vegna vöntunar á nefndum frávísunardómi, en tekið fyrir að nýju í aukarétti Neskaupstaðar 10. júlí s. l., og lagði þá stefnandi fram nefndan frávísunardóm, réttarskjal nr. 10 í máli þessu. Málið var síðan dómtekið sama dag, en vegna þess, að dómaranum þótti eftir dómtöku, að yfirlýsingar málsaðilja væru ekki nægilega skýrar, þá kvaddi hann þá fyrir dóm þann 18 júlí kl. 9 f. h., samkvæmt heimild í 120. gr. laga nr. 85/1936, og var málið síðan endanlega dómtekið þann dag.

Málavextir eru annars þeir, sem nú skal greina:

Á árinu 1939 afhenti Síldarbræðslan á Norðfirði stefnanda í máli þessu 1775 sk. af mjöli. Þar af hafði Hannes Jónsson, framkvæmdarstjóri verksmiðjunnar, affhent stefnanda 1686 sk. af síldarmjöli þann 24. júlí 1939, en Þórður Einarsson, sem verið hefur framkvæmdarstjóri verksmiðjunnar í fjarveru Hannesar Jónssonar, afhenti stefnanda 89 sk. af fiskimjöli 20. sept. 1939.

Stefnandi heldur því fram, að Verzlun Sigfúsar Sveinssonar hafi verið afhent nefnt mjöl sem afgreiðslu Eimskip á Norðfirði, og hafi það átt að flytjast út með skipum félagsins. Segist stefnandi krefjast venjulegs geymslugjalds, sem sé kr. 1.50 pr. tonn á viku. Ennfremur hefur stefnandi lagt fram í málinu vottorð, réttarskjöl nr. 6, 7. 8 og 11, frá aðalverzlunar og útgerðarfyrirtækjum í bænum, um að þau hafi allt af eða venjulega greitt í geymslugjald kr. 1.50 pr. tonn á viku af vörum. sem hafa verið í geymslu hjá afgreiðslu Eimskip á Norðfirði.

Gerir stefnandi þær réttarkröfur í málinu, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða geymslugjald skv. framlögðum reikningi, sem sé skv. nefndum geymslutaxta, réttarskjal nr. 3, kr. 4153.20, ásamt 6% ársvöxtum frá 15 nóv. 1939 til greiðsludags, og málskostnað kr. 424.80 skv. framlögðum reikningi, réttarskjal nr. 9.

Stefndur segist mótmæla kröfum stefnanda, og heldur því fram, að mjölinu hafi aldrei verið komið fyrir til geymslu hjá afgreiðslu Eimskip, heldur hafi Hannes Jónsson framkvæmdarstjóri verksmiðjunnar komið 1686 sk. af síldarmjöli til geymslu hjá Verzlun Sigfúsar Sveinssonar þann 24. júlí 1939, og hafi hann samið um leigufría geymslu á nefndu mjöli, en stefndi segist sjálfur hafa komið 89 sk. af fiskimjöli til geymslu hjá stefnanda þann 20. sept. 1939, og hafi verið ósamið um leigu á þeim. Stefndur segist enn-

fremur mótmæla framlögðum vottorðum stefnanda sem óviðkomandi máli þessu. Telur stefndur, að ekki sé heimild til þess að ganga út frá geymslutaxta Eimskip, þar eð mjölinu hafi verið komið fyrir hjá V. S. S., en ekki afgreiðslunni, og beri því að reikna leiguna, ef til kemur, samkvæmt almennri húsaleigu á sambærilegum vörum í bænum. Krefst stefndur sýknunar í máli þessu, en til vara, að leigan verði látin fara eftir mati dómkvaddra manna.

Stefnandi mótmælir kröfum stefnds og heldur því fram, að hann eigi heimtingu á nefndu geymslugjaldi, hvort sem mjölinu hafi verið komið fyrir hjá V. S. S. sem verzlun eða V. S. S. sem afgreiðslu Eimskip.

Stefndur hefur einnig mótmælt þessum skilningi stefnanda á málinu.

Engir skriflegir samningar eru til um geymslu á nefndu mjöli, og var það ekki útflutt með skipum Eimskipafélags Íslands.

Rétturinn lítur svo á, að þar eð engir skriflegir samningar eru til um leigu á umræddu mjöli, þá verði að líta á mál þetta samkvæmt eðli málsins, og því sem venjulegt megi telja í slíkum viðskiptum.

Hvað geymslu mjölsins viðvíkur, þá verður rétturinn að líta svo á, sem það sé alveg óvenjulegt, að afgreiðslumanni stórrar skipaafgreiðslu séu afhent hátt á annað hundrað tonn af verðmætri útflutningsvöru, án þess að það sé skipaafgreiðslunni viðkomandi, en þótt svo væri, að V. S. S. hefði verið afhent umrætt mjöl til geymslu, þá álítur rétturinn, að ekki sé hægt að gera ráð fyrir, að Verzlun Sigfúsar Sveinssonar færi þannig að vera í samkeppni við sína eigin skipaafgreiðslu, að hún tæki að sér vörugeymslu fyrir lægra gjald en skipaafgreiðslan. Verður því rétturinn að álíta, að Verzlun Sigfúsar Sveinssonar eigi heimtingu á sama gjaldi fyrir vörugeymslu, hvort sem hún kæmi fram sem verzlun eða skipaafgreiðsla, nema sérstakir samningar stæðu til annars.

Af framlögðum vottorðum, réttarskjöl nr. 6, 7, 8 og 11, sem stefndur hefur ekki mótmælt öðruvísi en þannig, að þau væru máli þessu óviðkomandi, telur rétturinn sannað, að afgreiðsla Eimskip á Norðfirði hafi venjulega tekið kr. 1.50 pr. tonn á viku fyrir vörugeymslu, og að segja megi, að hér hafi verið um fastan taxta að ræða.

Álítur því rétturinn skv. áðursögðum skilningi, og þar sem hér er um langan geymslutíma að ræða, að leggja verði nefndan geymslutaxta til grundvallar í máli þessu, og tekur því hvorki sýknukröfu stefnds eða kröfu hans um það, að leigan verði látin fara eftir mati dómkvaddra manna, til greina.

Hvað geymslu hinna 1686 sk. af síldarmjöli viðvíkur, þá þykir þó rétt að færa hinn venjulega geymslutaxta allmikið niður, þar eð hvoru tveggja er, að hér er um mjög stórt vöruparti að ræða, og enn fremur þar eð geymsla mjölsins stendur yfir í óvenjulega

langan tíma, eða frá 24. júlí til 14. nóv. 1939. Má því ætla, að stefnandi hefði viljað gefa allverulegan afslátt frá hinum fasta taxta, ef hann hefði vitað fyrir fram, að geymslutíminn yrði svona langur. Þykir því dómaranum rétt að færa þennan reikningslið, sem er kr. 4046.40, niður um 35%, eða niður í kr. 2630,16. Hvað öðrum reikningslið nefnds reiknings viðvíkur, þá þykir dómaranum rétt, þar eð aðeins er um 89 sk. af mjöli að ræða, að taka þá kröfu, kr. 106.80, að fullu til greina. Samtals tekur því rétturinn kr. 2736.96 til greina af reikningi stefnanda, með 6% ársvöxtum frá 15. nóv. 1939 til greiðsludags.

Hvað málskostnaðarreikningi stefnanda viðvíkur, þá getur rétturinn ekki fallizt á að taka hann til greina að fullu, þar eð stefnandi hefur ekki látið lögfræðing mæta fyrir sig í málinu. Hins vegar þykir dómaranum, með tilliti til þess, að ætla má, að stefnandi hafi fengið sér einhverja lögfræðilega aðstoð í málinu, málskostnaður hans hæfilega metinn á kr. 124.80.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Þórður Einarsson f. h. Síldarbræðslunnar á Norðfirði, greiði stefnanda, Guðmundi Sigfússyni f. h. Verzlunar Sigfúsar Sveinssonar, kr. 2736,96 með 6% ársvöxtum frá 15. nóv. 1939 til greiðsludags, svo og í málskostnað kr. 124.80.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. febrúar 1941.

Kærumál nr. 1/1941. **Dánarbú Sigurðar Jónssonar**
gegn
Peter Schannong.

Kröfulýsing í dánarbú.

Dómur hæstaréttar.

Varadómari í stað Þ. E. hrd. Gunnar Thóroddsen prófessor.

Í máli þessu kærir sóknaraðili úrskurð, er Björn Þórðarson lögmaður hefur kveðið upp í skiptarétti Reykjavíkur þann 20. f. m. Bárust hæstarétti skjöl málsins með bréfi lögmanns, dags. 7. þ. m., 15. s. m. Krefst sóknaraðili þess *aðallega*, að kröfulýsing varnaraðilja í dánarbú Sigurðar

Jónssonar verði dæmd of seint fram komin, en þetta atriði virðist eiga að sæta kæru samkvæmt upphafi 3. tölul. sbr. stafl. b. í sama tölul. 198. gr. laga nr. 85/1936. Ef þessi krafa yrði ekki tekin til greina, krefst sóknaraðili þess *til vara*, að síðara atriði úrskurðarins, um frestun á úrskurði um réttmæti kröfu varnaraðilja, verði ómerkt, og að málinu verði vísað heim til úrskurðar að efni til. Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir báðum dómum, hvernig sem málið fer.

Af hálfu varnaraðilja er ekkert komið fram fyrir hæstarétt vegna kærumáls þessa.

Samkvæmt skýrslum, sem komið hafa fram fyrir hæstarétti, lét Sigurður heitinn Jónsson eftir sig, auk ekkju sinnar, son á fermingaraldri. Ekkjan leitaði hvorki heimildar til setu í óskiptu búi né til einkaskipta, enda virðist hinum ólögráða syni þeirra enginn fyrirsvarsmaður hafa verið skipaður. Einkaskipti hafa því eigi getað hafizt á búi þessu, enda mælti ekkjan sig undan skuldaábyrgð í bréfi 26. maí 1939, er aðstoðarmaður hennar æskti opinberra skipta á búinu. Samkvæmt þessu gat bréf varnaraðilja frá 15. marz 1939, þar sem varnaraðili tjáir sig eiga minnismerki á legstaði o. fl. í vörzlum ekkjunnar, að verðmæti kr. 7245,00, ekki skipt ólögráðan son hins látna né lánardrottna hans máli. Kröfulýsing varnaraðilja, sem ekki gerðist fyrr en 8. des. 1939, kom að vísu eftir lok kröfulýsingarfrests samkvæmt áskorun til skuldheimtumanna. Hins vegar varð skiptarétti kunnugt um það 7. júní 1939, að varnaraðili ætti muni í vörzlum búsins, og mátti því gera ráð fyrir kröfu á hendur búi vegna skipta hans og Sigurðar heitins. Í bréfi aðstoðarmanns ekkjunnar frá 6. júlí 1939 var varnaraðilja að vísu skýrt frá því, að búið hefði verið tekið til opinberrar skiptameðferðar, en um áskorun til skuldheimtumanna um kröfulýsingar eða lok kröfulýsingafrests hefur hann enga tilkynningu fengið. Sakir ákvæða 18. gr. samnings 8. maí 1935, sbr. lög nr. 108/1935 og auglýsingu nr. 117 s. á., mátti krafa hans því, samkvæmt því, er áður hefur verið sagt, komast að í búinu, enda þótt henni væri ekki lýst fyrir

skiptarétti fyrr en 8. des. 1939. Ber því að staðfesta að niðurstöðu til ályktun skiptaréttar um kröfulýsinguna.

Sem fyrr segir, fékk varnaraðili vitneskju um það í bréfi 6. júlí 1939, að bú Sigurðar heitins hefði verið tekið til opinberra skipta. Frá þeim tíma og til hernáms Danmerkur voru hér um bil 9 mánuðir, og frá kröfulýsingu, 8. des. 1939, og til hernámsins voru nálega 4 mánuðir, er samgöngur milli Danmerkur og Íslands voru órofnar. Varnaraðili virðist því hafa átt þess nægan kost að afla nauðsynlegra gagna til stuðnings kröfu sinni og koma þeim til skiptaráðanda. Ályktun skiptaréttar um óákveðna frestun á úrskurði um kröfu varnaraðilja að efni til, gegn mótmælum sóknaraðilja og eftir munnlegan flutning málsins fyrir skitarétti 8. f. m., var því heimildarlaus. Verður því samkvæmt varakröfu sóknaraðilja að fella þetta atriði úrskurðarins úr gildi og skylda skiptarétt til þess að kveða upp úrskurð um efni málsins, svo sem lög standa til, sbr. 3. málsgr. 190. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði úrskurðarins um kröfulýsingu varnaraðilja á að vera óraskað.

Ákvæði sama úrskurðar um frestun ákvörðunar um kröfu varnaraðilja að efni til er fellt úr gildi, og er lagt fyrir skiptarétt að kveða upp úrskurð um það atriði svo sem lög standa til.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. janúar 1941.

Þann 22. desember 1938 andaðist hér í bænum Sigurður Jónsson kaupmaður, Vatnsstíg 16. Ekkja hans, Jóhanna Filippusdóttir, leitaði ekki þegar aðstoðar skiptaréttarins um meðferð dánarbús Sigurðar, heldur sneri hún sér fyrst til hrm. Lárusar Jóhannessonar og síðar til hdm. Magnúsar Thorlacius um aðstoð í sambandi við meðferð og skipti þess. Að ráðum Magnúsar afhenti ekkjan skiptaréttinum

búið til meðferðar sem skuldafrágöngudánarbú þann 26. maí 1939. Búið var síðan skrifað upp og virt 1. og 7. júní 1939 og innköllun útgefin 12. júní með kröfulýsingarfresti til 30. október 1939.

Samkvæmt sérstökum samningi, dagsettum 12. marz 1928, hafði Sigurður sálugi um allmörg ár haft á hendi hér í bænum umboðssölu á legsteinum fyrir Peter Schannong í Kaupmannahöfn. Eftir lát Sigurðar átti Schannong bréfaskipti við ofangreinda aðstoðarmenn ekkjunnar. Vildi hann fyrst og fremst fá að vita, hve margir legsteinar væru í vörzlum búsins, en frá því var honum ekki skýrt. Þegar 15. marz 1939 skýrði Schannong Lárusi Jóhannessyni bréflega frá, hversu mörg minnismerki hann teldi sig eiga hjá Sigurði sáluga, svo og verðmæti þeirra, er hann taldi d. kr. 7245.00. Í síðari bréfaskiptum sínum við aðstoðarmann ekkjunnar krafðist Schannong stöðugt að fá vitneskju um, hve mikið af minnismerkjum hann ætti í vörzlum búsins, en án árangurs.

Með bréfi, dagsettu 25. október 1939, fól Schannong umboðsmanni sínum í máli þessu, hrm. Einari B. Guðmundssyni, að gæta hagsmuna sinna gagnvart búinu. Jafnframt skýrði hann frá, hversu miklu af minnismerkjum sér væri ógerð grein fyrir, og að verðmæti þeirra væri d. kr. 7245.00.

Voru umboðsmanni Schannongs nú afhentir steinar þeir, er í vörzlum búsins voru, en hann komst að þeirri niðurstöðu, að eftir þá afhendingu vantaði Schannong þó steina, er næmu allverulegri fjárhæð. Bæri búinu annaðhvort að skila steinunum eða greiða andvirði þeirra. Vegna samgönguteppunnar telur umboðsmaður Schannongs sér ekki unnt að afla nákvæmra upplýsinga um verðmæti þess, er vantar af steinum, og er aðalkrafa hans í máli þessu því sú, að úrskurður um fjárhæð kröfu Schannongs á hendur búinu verði frestað, unz samband náist við Danmörku. Verði sú krafa ekki tekin til greina, krefst hann þess til vara, að búinu verði gert að greiða Schannong d. kr. 4703.11.

Málaflutningsmaður búsins mótmælir kröfum Schannongs og krefst sýknu af þeim báðum. Telur hann kröfunni í fyrsta lagi of seint lýst, og komi hún ekki til álita af þeim sökum. Í öðru lagi telur hann, að Sigurður sálugi hafi ekki fengið fleiri minnismerki frá Schannong en hann hafi þegar greitt og bú hans skilað. Komi því ekki til mála, að búinu verði gert að greiða Schannong neitt.

Um ofangreindan ágreining fór fram munnlegur málflutningur 8. þ. m. og var málið tekið til úrskurðar þann dag.

Svo sem áður er getið, var í fyrstu einkaskiptameðferð á dánarbúi Sigurðar sáluga. Á meðan á henni stóð, lýsti Schannong kröfu sinni við aðstoðarmann ekkjunnar. Kröfunni hafði þannig verið lýst þegar áður en skiptarétturinn tók við búsmeðferðinni, og við uppskrift búsins gat ekkjan viðskipta þeirra Sigurðar sáluga og Schannongs. Lítur rétturinn því svo á, að kröfunni sé nægilega

lýst í búið og að ekki beri að útiloka hana af hér um ræddri ástæðu.

Það er játað af umboðsmanni Schannongs, að fjárkrafa hans sé einungis ágizkun, nema einn smáliður, d. kr. 116.90, enda kveður hann sér hafa reynzt ómögulegt, sökum styrjaldarástandsins, að afla um hana nauðsynlegra gagna frá Schannong.

Bókhald Sigurðar sáluga er ekki í svo góðu lagi, að með því sé unnt að upplýsa viðskiptin nægilega, til þess að leggja úrskurð á fjárkröfu Schannongs í búið. Litur rétturinn, að þessu hvort tveggju athuguðu, svo á, að ekki beri að svo stöddu að úrskurða um kröfu Schannongs, hvort rétt sé, né um fjárhæð hennar.

Málflutningsmennirnir hafa báðir gert kröfu til málskostnaðar, en eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því úrskurðast:

Kröfu Peters Schannangs í dánarbú Sigurðar Jónssonar, telst nægilega lýst, en um réttmæti og fjárhæð hennar verður ekki úrskurðað að svo stöddu.

Föstudaginn 28. febrúar 1941.

Nr. 106/1940. **Valdstjórnin** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Ingvari Guðjónssyni
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Brot á gjaldeyrislögum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið cand. jur. Helgi Laxdal samkvæmt konunglegri umboðsskrá, dagsettri 28. sept. 1939.

Í málshöfðunartilkynningu héraðsdómarins til kærða í þinghaldi 6. des. 1939 segir aðeins, „að mál yrði höfðað gegn honum (þ. e. kærða) fyrir brot á lögum um gjaldeyrisverzlun o. fl. nr. 73 frá 1937 og reglugerð nr. 50 frá 1938.“ Kærði virðist hafa mátt gera ráð fyrir því, að í tilkynningu þessari fælist krafa um sekt á hendur sér. Hins vegar þykir varhugavert að gera ráð fyrir því, að kærði hafi átt að búast við því, að krafa yrði gerð um það, að ólöglega fengnum

hagnaði af broti hans skyldi fyrirgert. Og eigi verður kærða heldur dæmd greiðsla sakarkostnaðar, með því að þeirrar kröfu er eigi heldur getið í tilkynningunni. Sakir þessara ástæðna verður að sýkna kærða af tveimur síðarnefndum atriðum. Um sektargreiðslu kærða þykir aftur á móti mega staðfesta héraðsdóminn, þó með þeirri breytingu, að sektin er ákveðin 1500 krónur til ríkissjóðs, og komi í stað hennar 45 daga varðhald, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og áfrýjunarkostnaður, greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ingvar Guðjónsson, greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 45 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Sakarkostnaður allur í héraði og áfrýjunarkosnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Guðmundar I. Guðmundssonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 2. sept. 1940.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu, samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, höfðað gegn Ingvari Guðjónssyni útgerðarmanni, til heimilis að Kaupangi í Eyjafirði, fyrir brot á lögum um gjaldeyrisverzlun o. fl. frá 31. des. 1937, nr. 73, og reglugerð nr. 50 frá 1938, og eru málavextir þessir:

Árið 1938 flutti kærður meðal annars út eftirtaldar síldarsendingar:

13. ágúst	verð ísl. kr.			4675.00
28. september	—	—	—	17750.00
21. október	—	—	—	3106.25
24. sama m.	—	—	—	11247.50
11. nóv.	—	—	—	3687.00

Nokkru af andvirði þessara sendinga ráðstafaði kærður samkv. heimildum til greiðslu á tunnum og salti og fyrir sumu skilaði hann erlendum gjaldeyri, en langmestum hluta andvirðisins skuldbatt kærður sig til að skila síðar í erlendum gjaldeyri til hérlendra banka, eða:

af 1. sendingunni	ísl. kr.	4675.00
— 2. —	— —	16100.00
— 3. —	— —	3106.25
— 4. —	— —	7268.50
— 5. —	— —	1687.00
eða alls ísl. kr.		32836.75,

og skyldu skilin fara fram seinni hluta árs 1938 og í byrjun árs 1939.

Fé þessu ráðstafaði kærður síðan í erlendum gjaldeyri til greiðslu á skipi, m/s Gunnvör, sem hann keypti í Englandi um þessar mundir. Kærður telur sig í árslok 1938 hafa haft rökstudda von um að fá leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar til þess að greiða fiskiskip með andvirði útfluttrar síldar, en þó telur hann sig engan ádrátt hafa fengið um að mega ráðstafa andvirði útflutningsins 1938 í því skyni.

Kærður fékk síðan 7. febrúar 1939 heimild gjaldeyris- og innflutningsnefndar til þess að flytja inn vélskip til fiskiveiða og greiða það með andvirði útfluttrar síldar með 80 þúsund krónum, sem skiptust jafnt á árin 1939—1941.

Kærður hefur játað að hafa hagnazt á því að ráðstafa framan nefndu fé af útflutningi ársins 1938, í staðinn fyrir að ráðstafa af útflutningi ársins 1939, eins og hann hafði heimild til, um upphæð, sem nemur þeirri gengisbreytingu, sem varð á íslenzkri krónu gagnvart sterlingspundi, miðað við gengið 1938 annars vegar og gengið í júlí—ágúst hins vegar, en sá ágóði nemur, samkvæmt útreikningi löggilts endurskoðanda, ísl. kr. 7190.00.

Þá hefur kærður árið 1938 greitt í íslenzkum peningum farmgjöld fyrir tómtunnum frá Noregi

með e/s Katla í júlí	ísl. kr.	9274.60
— sama skipi í nóv.	— —	2228.80
eða samtals kr.		11503.40

en þar frá dragast kr. 1700.00, sem er flutningsgjald nokkurs hluta umræddra tunna, sem Ásgeir Pétursson átti. Eftir verða þá kr. 9803.40, sem kærður hefur greitt með íslenzkum krónum í farmgjöld fyrir tómtunnur 1938, án þess sú upphæð væri dregin frá ráðstöfunarheimildum hans til tunnu og saltkaupa.

Fékk því kærður of mikinn frádrátt frá erlendum gjaldeyri 1938, sem nemur ísl. kr. 9803.40.

Kærður hefur játað að hafa varið allt að kr. 2000.00 af nefndum gjaldeyri til náms dóttur sinnar erlendis og til ferðalaga sinna erlendis, en afganginn, ca. kr. 7803.40, telur kærður hafa runnið til hinna sænsku viðskiptavina sinna, sem hafi lagt til tunnur og salt, krydd og sykur í nokkurn hluta þeirrar síldar, sem þeir keyptu af honum.

Hjörleifur Magnússon, bæjarfógetafulltrúi á Siglufirði, og Ingólfur Jónsson lögfræðingur, en hann var umboðsmaður gjaldeyris- og innflutningsnefndar á Siglufirði árið 1938, hafa verið leiddir sem vitni í máli þessu og hafa þeir gefið eftirfarandi upplýsingar um þetta atriði.

Innflutningsverð tómtunna, salts og annars tilleggs þess, sem hinir erlendu síldarkaupmenn lögðu til, var oftast nokkru lægra en hinn leyfði frádráttur, sem var fastákveðinn pr. tunnu. Þetta hafði þær afleiðingar, að þegar ráðstöfunarheimildir þeirra voru fullnotaðar, áttu þeir nokkrar birgðir eftir af tunnum og tilleggi. Þetta misræmi leysti gjaldeyris- og innflutningsnefnd svo þannig að gefa fyrrnefndum mönnum umboð til að gefa út aukaheimildir, sem þessum mismun nam. Aukaheimildir þessar kveðast þeir ekki hafa veitt kærðum í svo ríkum mæli sem honum hafi borið vegna söltunar hans fyrir útlendinga, þannig að þeir hafi í raun og veru dregið af aukaheimildum hans, sem nemur þeirri upphæð, sem hann sparaði í erlendum gjaldeyri við að greiða nefnd farmgjöld í ísl. peningum.

Rétturinn telur, að kærður, sem ekki hefur þolað kæru eða refsingu fyrir lagabrot hingað til, hafi með því að ráðstafa fyrrnefndu andvirði útfluttrar síldar 1938 til nefndra skipakaupa, svo og með ráðstöfun umgetinna kr. 2000.00 til ferðakostnaðar og námskostnaðar, án þess að hafa þar til heimild, gerzt brotlegur við 1. gr. gjaldeyrislaganna nr. 73 frá 1937 og 6. gr. reglugerðar nr. 50 frá 1938, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin kr. 500,00 sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi í 25 daga, ef sektin ekki greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá þykir og verða skv. 6. gr. nefndra laga, sbr. 31. gr. nefndrar reglugerðar, að gera upptækan ágóða þann, kr. 7190.00, til ríkissjóðs, sem kærður hefur haft af nefndu broti sínu.

Þá greiði og kærður allan kostnað sakarinnar.

Nokkur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa og stafar hann af því, að taka þurfti það, skv. fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins, upp til framhaldsrannsóknar og einnig af því, að kærður sat alllengi tepptur erlendis vegna ófriðar þess, er nú geisar.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Ingvar Guðjónsson, greiði kr. 500.00 sekt til ríkissjóðs eða sæti varðhaldi í 25 daga, ef sektin ekki verður greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði hann og innan sama tíma til sama sjóðs kr. 7190.00, upptækan ágóða.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum má framfylgja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. marz 1941.

Nr. 5/1941. **Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna** (Theódór B. Líndal)

gegn

Stýrimannafélagi Íslands (Lárus Jóhannesson)

og

Tryggingarstofnun ríkisins (Guðmundur I. Guðmundsson)

og

Stýrimannafélag Íslands

gegn

Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna

og

Tryggingastofnun ríkisins.

Frávísun vegna ólöglegrar málasamsteypu. Krafa um greiðslu stríðsslysatryggingarfjár.

Dómur hæstaréttar.

Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. janúar þ. á., krefst sýknu af kröfum Stýrimannafélags Íslands. Enn fremur krefst Stríðstryggingafélagið málskostnaðar í héraði úr hendi Stýrimannafélagsins og málskostnaðar í hæstarétti in solidum úr hendi Stýrimannafélagsins og Tryggingastofnunar ríkisins. Stýrimannafélag Íslands, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 22. janúar þ. á. og stefnt hefur bæði Stríðstryggingafélagi íslanzkra skipshafna og Tryggingastofnun ríkisins, krefst þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, *til vara*, að Tryggingastofnun ríkis-

ins verði dæmd til að greiða hina umstefndu fjárhæð ásamt vöxtum, svo sem í héraðsdómi segir, og til *þrautavara*, að Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna og Tryggingastofnun ríkisins verði dæmd til greiðslu téðrar fjárhæðar í því hlutfalli, sem dómurinn telur hæfilegt. Svo krefst Stýrimannafélagið málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi hinna stefndu aðilja eftir mati dómsins.

Tryggingastofnun ríkisins krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi Stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stýrimannafélag Íslands sækir í máli þessu Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna og Tryggingastofnun ríkisins til greiðslu dánartryggingar samkvæmt tveimur tryggingarheimildum, sem eru hvor annari óháð. Eru kröfur Stýrimannafélagsins á hendur hvorum aðilja fyrir sig þannig ekki af sömu rót runnar, og verður því samkvæmt 47. gr. laga nr. 85/1936 að vísa varakröfu Stýrimannafélagsins og þrautavarakröfu á hendur Tryggingastofnun ríkisins frá héraðsdómi.

Telja verður, að myrkvun sú, er í máli þessu greinir, hafi verið styrjaldarráðstöfun, og að hún hafi verið meðvöld að slysinu. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdómsins um greiðslu dánartryggingar og málskostnaðar.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna að greiða Stýrimannafélagi Íslands 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, en með því að Stríðstrygggingafélag íslenzkra skipshafna og Tryggingastofnun ríkisins hafa hvorugt stefnt hinu í héraði, vísast málskostnaðarkröfum þeirra hvors á hendur hinu frá dómi.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu dánartryggingar og málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna greiði Stýrimannafélagi Íslands kr. 500 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Kröfum Stýrimannafélags Íslands á hendur Tryggingastofnun ríkisins vísast frá héraðsdómi.

Málskostnaðarkröfum Stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna og Tryggingastofnunar ríkisins hvors á hendur hinu vísast frá dómi.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 13. nóv. 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 4. f. m. af Stýrimannafélagi Íslands, hér í bæ, gegn Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna og (eða) Tryggingastofnun ríkisins (slysatryggingadeild), hér í bænum. Gerir stefnandi þær réttarkröfur *aðallega*, að hið stefnda Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna verði dæmt til að greiða sér kr. 18000.00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, *til vara*, að stefnd Tryggingastofnun ríkisins (slysatryggingadeild) verði dæmd til að greiða kröfur þessar, og *til þrautavara*, að stefnd verði bæði dæmd „til greiðslunnar í hlutfalli eftir mati réttarins."

*Aðal*stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu. *Vara*stefnda krefst einnig sýknu, en að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að þann 11. apríl s. l., um kl. 23.30, drukknaði Vilhjálmur Þorsteinsson, þáverandi 1. stýrimaður á e/s. Súðin í höfninni í bænum Runcorn á Englandi, þar sem skipið var þá statt. Hafði Vilhjálmur verið sendur í land í erindum skipsins, og urðu brytinn og hann síðan samferða á leiðinni til skips aftur. Höfnin var í algeru myrkri, vegna loftárásarhættu, svo að ekki sá handa skil, en ekki höfðu þeir félagar þó vasaljós með sér, eins og skipverja var vani. Skýrir brytinn svo frá, að þegar þeir hafi verið komnir niður í „dokkina", hafi hann kallað til Vilhjálms, sem hafi verið lítið eitt á undan, og spurt, hvort þeir ættu að halda lengra, þar sem hann væri alls ekki viss um að rata, og hvort ekki væri ráðlegra að bíða þess, að einhver kæmi með ljós. Hafi Vilhjálmur þá svarað því til, að hann væri alveg öruggur með að rata, og skyldu þeir bara halda áfram. Í sömu svifum hafi hann gengið fram af „dokk"-brúninni, enda hafi ekki verið mögulegt að greina hana í myrkrinu. — Er skipverjar á e/s Súðin höfðu fengið vitneskju um slysið, brugðu þeir strax við til að reyna björgun, en án árangurs.

Vilhjálmur heitinn var tryggður gegn örorku og dauða af völd-

um stríðslysa í Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna, skv. tryggingarskírteini dags. 28. marz s. l., og nam tryggingarupphæðin við dauða kr. 18000.00 Sömuleiðis var hann tryggður frjálsri tryggingu hjá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn dauða og örorku af slysförum, er ekki stafa af stríðsorsökum, skv. vátryggingarskírteini dags. 5. jan. s. l., og nam tryggingarfjárhæðin sömu upphæð. Hefur ekkja Vilhjálms krafið bæði Stríðstryggingafélagið og Tryggingastofnunina um dánarbæturnar, en stefnd hafa ekki viljað inna þær af hendi, þótt þau hins vegar viðurkenni, að annað hvort þeirra muni eiga að greiða þær. Hefur því stefnandi, sem fengið hefur kröfuna framselda, höfðað mál þetta gegn stefndu og gert í því framangreindar réttarkröfur.

Því hefur verið lýst yfir af hinum stefndu, að þau byggi engar kröfur á því, að Vilhjálmur heitinn kynni að hafa fyrirgert bótarétti sínum fyrir vangæzlu. Ágreiningurinn í máli þessu snýst því um það eitt, hvort slysið, talið stafa af myrkvuninni, hafi orðið af stríðsorsökum eða eigi.

Í 1. gr. laga nr. 37 1940, um Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, sem við á í þessu tilfelli, segir svo, að með stríðsslysum sé „átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt.“ Og í 15. gr. reglugerðar þeirrar frá 1. marz s. l., sem sett var samkvæmt lögunum, sé slys, skv. 7. gr. reglugerðar frá 21. febr. 1939 um slysatryggingar (skuldatryggingar) „og orsakast af hernaðarlegum aðgerðum í stríði eða borgaraóeirðum“ (sic).

Heldur aðalstefnda því fram, að myrkvun sú, er slysinu olli, verði ekki talin til hernaðarlegra aðgerða í skilningi laganna. Að vísu sé hér um óvenjulegar ráðstafanir að ræða, en þær séu kunnar öllum almenningi, sem beri að haga sér þar eftir.

Eins og málið er flutt skv. framansögðu, þykir þetta síðastnefnda atriði þó ekki hafa þýðingu hér, og þar sem rétturinn verður að líta á myrkvun vegna loftárásarhættu, eins og þá, er um ræðir í máli þessu, sem hernaðarlega varnarráðstöfun, þykir verða að telja framangreint slys stríðsslys, er aðalstefnda beri að bæta skv. áðurnefndum lögum og reglugerð. Þar af leiðir, að sýkna ber varastefnda, sem hafði undanþegið sig bótagreiðslu fyrir slys af völdum stríðs eða stríðsundirbúnings.

Úrslit málsins verða því þau, að aðalstefnda verður dæmd til að greiða stefnanda hina umstefndu upphæð, með vöxtum eins og krafizt hefur verið, þar sem engum sérstökum andmælum hefur verið hreyft að því leyti. Einnig verður aðalstefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00. — Varastefnd verður sýknuð af kröfum stefnanda, en málskostnaður gagnvart henni fellur niður.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Ólafur Th. Sveinsson skipaskoðunarstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefnda, Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna greiði stefnandanum, Stýrimannafélagi Íslands, kr. 18000.00, með 6% ársvöxtum frá 4. okt. 1940 til greiðsludags, og kr. 1000.00 í málskostnað.

Varastefnd, Tryggingastofnun ríkisins (slysatryggingadeild), á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en málskostnaður gagnvart henni falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. marz 1941.

Nr. 50/1940. **Jóhanna Valentínusdóttir og Guðbrandur Sigurðsson** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Óskari Ingvarssyni og vátryggingarfélaginu Baltica (Sveinbjörn Jónsson).

Krafa um bætur vegna bifreiðaslyss.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Birni Þórðarson lögmanni.

Áfrýjendur, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí f. á. hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. s. m. krefjast þess, að stefndi Óskar Ingvarsson verði dæmdur til að greiða þeim kr. 11011.08 með 5% ársvöxtum frá 6. nóvember 1938 til greiðsludags. Svo krefjast þau og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi Óskar Ingvarsson krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Á hendur vátryggingafélaginu Baltica hafa engar kröfur

verið gerðar, né heldur hefur nokkur krafa verið gerð af hendi þess í málinu.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í héraðsdóminum ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. okt. 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 19. janúar s. l. af hjónunum Jóhönnu Valentínusdóttur og Guðbrandi Sigurðssyni í Ólafsvík gegn Óskari Ingvarssyni bifreiðarstjóra, Hólabrekku hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, *aðallega* að upphæð kr. 20000.00, en *til vara* eftir mati réttarins, með 5% ársvöxtum frá 6. nóvember 1938 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi eða eftir mati réttarins. Enn fremur hefur vátryggingarfélaginu Baltica, er neðangreind bifreið var tryggð hjá, verið stefnt til að gæta réttar síns við afgreiðslu málsins.

Stefndur krefst *aðallega* að verða aðeins dæmdur til að greiða hæfilegan útfararkostnað og bætur fyrir fataskemmdir, hvort tveggja eftir mati réttarins, og að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður. *Til vara* krefst stefndur mikillar lækkunar á skaðabótakröfunni og niðurfalls málskostnaðar.

Málsatvik eru þau, að laugardagskvöldið 5. nóvember 1938 lánaði stefndur manni, að nafni Oddur Ólafsson, fólksflutningsbifreið sína R. 28 til aksturs hér um bæinn. Klukkan rúmlega 12 um kvöldið ók Oddur suður Barónsstíg. Var dimmt af nóttu, slæm rafmagnslýsing, móða og vegurinn blautur. Er komið var suður á móts við húsið nr. 51 við Barónsstíg, vildi það slys til, að bifreiðin ók á stúlkuna Guðrúnu Guðbrandsdóttur, dóttur stefnenda. Hlaut Guðrún mjög mikil meiðsl og missti meðvitund þegar í stað. Ók Oddur henni á landsspítalann, þar sem hún komst strax undir lækna hendur. Guðrún fékk þó aldrei meðvitund og andaðist af afleiðingum slyssins 9. nóvember. Vegna slyss þessa var höfðað opinbert mál gegn Oddi, og hann dæmdur í refsingu fyrir að hafa valdið því með gálauslegum akstri. Í því máli var ekki upplýst, að Guðrún hefði sjálf átt neinn þátt í slysinu, og svo er heldur ekki í máli þessu. Verður því, í samræmi við 15. og 16. gr. bifreiðalaganna, að telja, að stefndur

beri óskipta skaðabótaábyrgð á slysinu, og kemur bótaupphæðin því næst til álita.

Stefnendur sundurliða kröfur sínar þannig:

1. Beinn kostnaður vegna andlátsins	kr.	811.08
2. Eyðilagður fatnaður	—	200.00
3. Dánarbætur	—	18988.92
Samtals	kr.	20000.00

Um 1 og 2. Fyrir upphæðum þessum eru ýmist lögð fram fylgiskjöl eða gerð hefur verið nægileg grein fyrir þeim í rekstri málsins, og ber því að taka þá til greina að fullu.

Um 3. Guðrún var 29 ára, er hún lézt. Hún var ógift og ólofuð og talin myndarstúlka og reglusöm. Hún var hraust og vel gerð líkamlega. Atvinnu hafði hún í smjörlíkisgerðinni Smári hér í bænum, og var kaup hennar kr. 180.00 á mánuði, auk einhverrar uppbótar um jól og til sumarferðalags.

Byggja stefnendur þenna lið kröfu sinnar á því, að Guðrún hafi verið fyrirvinna þeirra. Hún hafi hjálpað þeim eftir beztu getu og verið þeirra eina ellistoð, en þau voru 68 ára (Jóhanna) og 69 ára (Guðbrandur), er slysið varð.

Stefndur byggir sýknukröfuna á því, að Guðrún hafi alls ekki verið framfærandi foreldra sinna, enda hafi hún ekki haft svo miklar tekjur, að henni hefði verið það unnt né skylt. Þá sé og með öllu ósannað, að stefnendur hafi verið eða séu framfærsluþurfi, og leiði það einnig til sýknu sinnar.

Í málinu liggur fyrir vottorð hreppstjóra og oddvita í Ólafsvík, þar sem segir m. a., að vitanlegt hafi verið, að Guðrún hafi styrkt foreldra sína, svo sem þau hafi þurft, og hiklaust megi telja, að hún hefði orðið aðalstoð þeirra, ef hennar hefði notið við. Ekkert segir um það, hvernig né hve mikill þessi styrkur hafi verið, né heldur um efnahag og atvinnu foreldranna og það, hve styrkþurfi þau eru nú og hafa líkur fyrir að verða í framtíðinni. Gegn andmælum stefnds þykir þetta vottorð því ekki sanna, að stefnendur hafi á nokkurn hátt verið á framfæri Guðrúnar, enda ósannað, að þau þurfi þess með, og mjög ólíklegt, að hún hefði getað haft þau að neinu leyti á framfæri sínu með ekki meiri laun en hún hafði. Þykir því ekki unnt að taka þenna lið til greina.

Verða málalok því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 1011.08 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 19. janúar 1939, til greiðsludags. Einnig verður að dæma stefndan til að greiða stefnendum málskostnað, og þykir upphæð hans hæfilega ákveðin 200.00 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Óskar Ingvarsson, greiði stefnendunum, Jóhönnu Valentínusdóttur og Guðbrandi Sigurðssyni, kr. 1011.08 með 5% ársvöxtum frá 19. janúar 1939 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1941.

Nr. 21/1941. **Valdstjórnin** (Guðmundur Í. Guðmundsson)
gegn
Bjarna Jónssyni ((Theódór B. Líndal).

Áfenfisbrot. Ölvun.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í héraðsdóminum, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Bjarni Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Guðmundar Í. Guðmundssonar og Theódórs B. Líndals, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. jan. 1941.

Árið 1941, mánudaginn 6. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 61/1941: Valdstjórnin gegn Bjarna Jónssyni, er tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Bjarna Jónssyni verkamanni, Hverfisgötu 70 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögunum nr. 33/1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1932 $^{2}/_{7}$ sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 $^{2}/_{5}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 $^{3}/_{9}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 $^{31}/_{12}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{7}/_{1}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{31}/_{1}$ kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1939 $^{30}/_{4}$ kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1939 $^{2}/_{5}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{1}/_{9}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{2}/_{9}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1934 $^{14}/_{10}$ undirgekkst að greiða skaðabætur fyrir spellvirki.
1939 $^{8}/_{12}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{23}/_{12}$ kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1939 $^{30}/_{12}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 $^{31}/_{12}$ kærður fyrir ölvun heima. Fellt niður.
1940 $^{1}/_{1}$ kærður fyrir ölvun heima. Fellt niður.
1940 $^{5}/_{8}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{1}/_{8}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{1}/_{9}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{1}/_{9}$ kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
1940 $^{21}/_{10}$ sætt 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{29}/_{10}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1940 $^{7}/_{11}$ kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1940 $^{13}/_{12}$ kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1940 $^{27}/_{12}$ kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1940 $^{28}/_{12}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1940 $^{30}/_{12}$ kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
1941 $^{1}/_{1}$ sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Með játningu kærðs og framburði lögregluþjóns þess, er handtók kærðan í gær kl. 15,20, er sannað, að kærður var þá hneyxlanlega ölvaður á gangi eftir Pósthússtræti hér í bænum.

Hefur kærður þannig brotið 18. sbr. 38. grein áfengislaganna og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing hans með tilliti til hinna tíðu ölvunarbrota hans undanfarið hæfilega ákveðin 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Bjarni Jónsson, greiði 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1941.

Nr. 5/1940. **Bræðurnir Ormsson** (Eggert Claessen)
gegn
Steindóri Einarssyni
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Skuldamál. Gagnkröfur. Véfengingar of seint fram komnar.

Dómur hæstaréttar.

Björn lögmaður Þórðarson hefur kveðið héraðsdóminn upp.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. jan. 1940, hefur **aðallega** krafizt þess, að hann verði skilorðslaust sýknaður af kröfum stefnda, en **til vara**, að hann verði sýkn dæmdur, ef Eiríkur Ormsson, er firmanu veitir forstöðu, staðfestir með eiði sínum þá staðhæfingu, að hann hafi greitt kröfu þá, er mál þetta er risið af, gegn fullnaðarkvittun stefnda. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hver sem málalok verða. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þann 30. des. 1936 taldi áfrýjandi sig eiga hjá stefnda kr. 2343,95. Þessa skuld greiddi stefndi með kröfum, sem hann hafði á áfrýjanda, og fékk fullnaðarkvittun hans um þá greiðslu. Jafnframt gat stefndi þess, að hann hefði fleiri kröfur á hendur áfrýjanda. Kveðst áfrýjandi hafa síðar samið við stefnda um kröfur þessar og greitt þær að fullu. Telur áfrýjandi kvittun um greiðslu þessa munu hafa glat-

azt, og ekki telur hann hennar getið í bókum sínum, og hafi gleymzt að skrá hana þar. Stefndi hefur eindregið neitað því, að nokkur slík greiðsla hafi farið fram. Nokkrir starfsmanna áfrýjanda hafa borið vitni í málinu um skipti aðilja og símasamtal út af skuld þessari, en eigi getað staðhæft neitt um það, hvort hún hefði raunverulega verið greidd. Þessi gögn nægja hvorki til skilorðslausrar sýknu áfrýjanda né til eiðsheimildar slíkrar sem áður greinir.

Í annan stað hefur áfrýjandi til vara véfengt alla liði kröfu stefnda, nema einn, sem nemur kr. 5,75. Mál þetta var þingfest þann 12. maí 1938, og lagði stefndi þá fram sáttakæru, stefnu og reikninga þá, sem krafa hans var reist á. Þann 30. júní s. á., eftir 7 vikna frest, lagði umboðsmaður áfrýjanda fram greinargerð sína, en þar er ekki vikið að véfengingu skuldar í heild né einstökum kröfuliðum, heldur er einungis skorað á stefnda að leggja fram afrit af öllum viðskiptum aðilja og útdrátt úr höfuðbók um áramót hver. Ekki virðist slíkt afrit eða útdráttur þó hafa verið nauðsynlegur, því að áfrýjandi hafði fengið reikninga þá frá stefnda, sem kvittaðir voru upp í viðskipti þeirra 30. des. 1936, og gat borið þá saman við reikninga þá, sem fram voru lagðir, þegar þetta mál var þingfest, og þar með gætt þess, að áður greiddir kröfuliðir kæmu honum ekki aftur til útgjalda. Í þinghaldi 1. júní 1939, eða meira en ári eftir þingfestingu máls þessa, lagði áfrýjandi loks fram véfengingar sínar á einstökum kröfuliðum, sem taldir voru til orðnir árin 1933—1935. Stefndi taldi véfengingar þessar mikils til of seint fram komnar í málinu og mótmælti því þess vegna í næsta svari sínu 5. okt. 1939, að mark yrði á þeim tekið. Verður samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 85/1936 að taka þessi mótmæli til greina.

Samkvæmt framanskráðu þykir bera að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Um meðferð máls þessa í héraði skal þetta athugað. Frá þingfestingardegi fékk umboðsmaður áfrýjanda samtals 7

vikna frest, væntanlega til samningar greinargerðar samkvæmt 106. gr. laga nr. 85/1936, þótt þess sé ekki getið í þingbókareftirriti né ástæðna til svo langs frests. Þann 30. júní 1938 leggur umboðsmaður áfrýjanda fram fyrstu greinargerð sína, sem áður er getið. Síðan er málinu frestað að tilhlutun umboðsmanns stefnda til 2. febrúar 1939, eða rúma 7 mánuði, er hann leggur fram greinargerð til svars greinargerð umboðsmanns áfrýjanda. Svo er máli frestað af nýju til 30. marz s. á. að tilhlutun umboðsmanns áfrýjanda, er þá leggur fram aðra greinargerð sína. Næst er máli frestað til 27. apríl s. á. að tilhlutun umboðsmanns stefnda, sem þá leggur fram aðra greinargerð sína. Þann 25. maí s. á. fer fram vitnaleiðsla í málinu, og 1. júní er lögð fram véfenging áfrýjanda á einstökum kröfuliðum, sem fyrr segir, enda leggur umboðsmaður áfrýjanda þá nýja greinargerð fram. Frestast mál nú að tilhlutun umboðsmanns stefnda til 5. okt. 1939, er hann leggur enn fram greinargerð. Þann 19. s. m. leggur umboðsmaður áfrýjanda enn eina greinargerð fram, og síðan er málinu enn frestað til 16. nóv. s. á. að tilhlutun umboðsmanns stefnda. Loks 23. nóv. 1939, eða eftir meira en 1½ ár frá þingfestingu, er gagnasöfnun talið lokið. Gögnin eru reikningarnir,, sem lagðir voru fram á þingfestingardegi, nokkrir aðrir reikningar og athugun á þeim og nokkur vottorð manna búsettra í Reykjavík, að því er bezt verður séð. Málið er síðan munnlega flutt þann 8. des. s. á. og dæmt 11. s. m. Dómi stýrði Björn Þórðarson lögmaður og stundum einn fulltrúa hans, meðan málsmeðferð stóð yfir, en héraðsdómsmálflutningsmennirnir Sigurgeir Sigurjónsson og Einar Ásmundsson hafa annazt málflutning.

Í fyrsta lagi hefur flutningur málsins í héraði dregizt óhæfilega lengi. Dómari hefur, andstætt fyrirmælum 110. sbr. 111. gr. laga nr. 85/1936, veitt málflytjendum frest á frest ofan, án þess að kynna sér nauðsyn slíkra frestana og án þess að samþykki aðilja sjálfra á þeim væri fengið. Í öðru lagi hefur fyrirmæla 105. og 106. gr. nefndra laga eigi verið gætt, með því að umboðsmaður stefnda leggur

fram þrjár greinargerðir, auk sáttakæru og stefnu, og umboðsmaður áfrýjanda fjórar. Eru greinargerðir þessar hinar seinni að mestu endurtekningar þess, sem í fyrstu greinargerðum segir. Svarar þessi málflutningur mjög til hins gamla skriflega málflutnings með öllum sínum drætti og sóknarskjölum og varnar, sem tilætlun löggjafans var að losna við með fyrirmælum laga nr. 85/1936. Í þriðja lagi virðist gengið á snið við ákvæði 109. gr. téðra laga, því að fyrst eftir áðurnefndan skriflegan málflutning, meira en hálfu öðru ári eftir þingfestingu málsins, virðist loks ákveðið, að mál skuli munnlega flytja, í stað þess að það skal þegar ákveða eftir greinargerð aðilja samkvæmt 105. og 106. gr. laganna, og ákveða þá frest til gagnasöfnunar, er báðir aðiljar noti jöfnum höndum, sbr. 110. og 111. gr. téðra laga. Verður að átelja bæði dómara og málflytjendur alvarlega fyrir þessi stórfelldu missmíði á málsmeðferð þeirra, en ekki þykir nægileg ástæða til að sekta þá að þessu sinni samkvæmt heimild í 3. málsgr. 34. og 2. málsgr. sbr. 3. tölul. 1. málsgr. 188. gr. margnefndra laga.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Bræðurnir Ormsson, greiði stefnda, Steindóri Einarssyni, kr. 642,25 með 5% ársvöxtum frá 25. apríl 1938 til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. des. 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 6. maí 1938 af Steindóri Einarssyni, bifreiðaeiganda hér í bæ, gegn Eiríki Ormssyni f. h. firmans Bræðurnir Ormsson, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 642,25, með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi sáttakæru, 25. apríl 1938, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera fyrir bifreiðaakstur, er hann hafi innt af hendi fyrir stefndan. Hefir hann lagt fram sundurliðaða reikninga um aksturinn. Eru þeir aðallega frá árunum 1933 og 1934, en að nokkru leyti frá árinu 1935.

Stefndur byggir sýknukröfuna aðallega á því, að þessi viðskipti séu þegar endanlega uppgjörð. Hann kveðst hafa skipt við stefnanda með bifreiðaakstur undanfarin ár og jafnfram hafa unnið fyrir hann ýms rafvirkjastörf. Erfitt hafi verið að fá uppgjör við stefnanda, og hafi hann (stefndur) loks látið sér nægja munnlega yfirlýsingu hans um það, að viðskiptin væru jöfn um áramótin 1933 og 1934. Eftir þetta kveðst stefndur hafa talið sig kvittan við stefnanda. Það er þó ekki (sic) upplýst í málinu, að eftir þenna tíma, eða nánar tiltekið einhverntíma á árinu 1937, kannaðist stefndur við, að skulda stefnda einhverja upphæð, án þess að ljóst sé, hversu háa, og síðan hefur engin greiðsla farið fram. — Virðist því þessi sýknuástæða stefnds ekki á rökum reist.

Til vara hefur stefndur í rekstri máls þessa byggt sýknukröfu sína á því, að viðskipti þau, sem hin umkrafða skuld stafi af, sé honum með öllu óviðkomandi.

Með bréfi dagsettu 5. nóvember 1937 tilkynnti stefnandi stefndum upphæð hinnar umstefndu skuldar. Jafnframt sendi hann honum afrit af öllum hinum sundurliðuðu reikningum um skuldina, sem nú eru lagðir fram í málinu í frumriti, og kveðst hann í bréfinu gera það eftir beiðni stefnds. Í bréfinu kveðst stefnandi vænta þess,, að stefndur hafi athugað afritin fyrir 8. s. m., og að þá megi vitja greiðslu skuldarinnar. Þessu bréfi svaraði stefndur engu og gerði engar athugasemdir við reikningsafritin. Hreyfir stefndur engum sundurliðuðum mótmælum gegn reikningunum á þessum grundvelli, fyrr en rúmu ári eftir þingfestingu máls þessa, eða 1. júní 1939. Telur rétturinn því þessi mótmæli svo seint fram komin, að ekki sé unnt að taka þau til greina, sérstaklega þegar þess er gætt, sem áður er sagt, að stefnandi sendi stefndum þegar 5. nóvember 1937 nákvæma reikninga um viðskiptin og óskaði athugasemda, án þess að stefndur sinnti því nokkuð.

Ber því að taka réttarkröfur stefnanda til greina að öðru leyti en því, að með tilliti til allra málsatvika þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Eiríkur Ormsson f. h. Bræðurnir Ormsson, greiði stefnandanum, Steindóri Einarssyni, kr. 642,25 með 5% ársvöxtum frá 25. apríl 1938 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. marz 1941.

Nr. 25/1940. **Jón Magnússon** (Eggert Claessen)
gegn
Stefáni Jóhannssyni og gagnsök
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Umboðslaun fyrir milligöngu við sölu fasteignar.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Aðaláfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 10. apríl f. á. hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. s. m., krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. sept. 1939 til greiðsludags. Ennfremur krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 6. ágúst f. á. hefur áfrýjað málinu með stefnu 13. s. m., krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi neitaði gagnáfrýjandi því, að aðaláfrýjandi hefði haft nokkur afskipti af sölu húss hans, en hér fyrir dómi hefur af hans hendi verið gengizt við því, sem þegar var sannað fyrir héraðsdómi, að aðaláfrýjandi hefði komið á sambandi milli hans og kaupanda hússins um áramótin 1938 og 1939, enda er í ljós leitt gegn andmælum gagnáfrýjanda í héraði, að hann fól aðaláfrýjanda þegar á árinu 1935 að annast milligöngu um sölu hússins. Þóknun til aðaláfrýjanda fyrir greint verk þykir hæfilega ákveðin kr. 450.00 ásamt vöxtum svo sem krafizt hefur verið.

Samkvæmt þessum málsúrslitum og með hliðsjón af málflutningi gagnáfrýjanda í héraði telst rétt, að hann greiði aðaláfrýjanda samtals kr. 600.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Stefán Jóhannsson. greiði aðaláfrýjanda, Jóni Magnússyni, kr. 450,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1939 til greiðsludags og samtals kr. 600,00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. nóv. 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m,. er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 20. september 1939 af Jóni Magnússyni fasteignasala, Njálsgötu 13 B, hér í bæ, gegn Stefáni Jóhannssyni, Sólvallagötu 7 A hér í bænum, til greiðslu sölulauna, að upphæð kr. 600.00, með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 15. september s. l., til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi kveður málsatvik þau, að um alllangan tíma hafi hann haft á hendi fyrir stefndan að selja hús hans nr. 7 A við Sólvallagötu hér í bænum. Hafi hann sýnt nokkrum mönnum húsið og gefið þeim þær upplýsingar, er þeir hafi æskt, og loks hafi sér tekizt að finna kaupanda að því, er hafi keypt það fyrir kr. 30000.00. Beri sér sem sölulaun 2% af þeirri upphæð. þ, e. stefnukrafan í máli þessu, en stefndur hafi verið með öllu ófáanlegur til að greiða þau.

Stefndur byggir sýknukröfuna á því, að stefnandi hafi enga heimild haft til að selja húsið og engin afskipti haft af því, er það var selt fyrir nýgreinda upphæð. Beri honum því engin þóknun vegna sölu hússins.

Með framburðum vitna, er leidd hafa verið í málinu, má telja sannað, að stefnandi hafi um alllangan tíma haft hús stefnds á boðstólum, gefið upplýsingar um það og sýnt það væntanlegum kaupendum, að stefndum viðstöddum, er vitnin urðu ekki vör við, að hefði neitt við sölutilraunir stefnanda að athuga. Veturinn 1938 kom nafngreindur maður til stefnanda þeirra erinda að fá vitneskju um hús, er hann hefði til sölu. Kvaðst stefnandi m. a. hafa hús stefnds til sölu, og fór maðurinn að tilvísun stefnanda til stefnds, skoðaði húsið og hófust síðan samningumleitanir með þeim um kaup og stóðu þær alllengi yfir. Tókust loks samningar og skjalfesti síðan málflutningsmaður stefnds þá, án þess að stefnandi væri til kvaddur, og verður yfirleitt ekki séð, að stefnandi hafi haft nein afskipti af kaupunum frá því að hann vísaði manninum til stefnds, önnur en þau, að hann mun hafa spurt kaupandann einu sinni eða tvisvar, hvort saman gengi um kaupin. Verður því ekki talið, að stefnanda

beri fullkomin sölulaun vegna hússölunnar. En hins vegar verður að telja, samkvæmt því, sem á undan var gengið, að stefnandi hafi ekki að ástæðulausu talið sig enn hafa heimild frá stefndum til að vinna að hússölunni gegn þóknun, ef vel tækist, enda þótt hann hafi ekki haft fullnaðarumboð til að ganga frá sölu, og eigi stefnandi því rétt til greiðslu fyrir ómak sitt. Þykir hún eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin kr. 120.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags. Í málskostnað ber stefndum að greiða stefnanda kr. 60.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Stefán Jóhannsson, greiði stefnandanum, Jóni Magnússyni, kr. 120.00 með 5% ársvöxtum frá 15. september 1939 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. marz 1941.

Nr. 18/1941. **Réttvísin** (cand. jur. Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Eggert Halldóri Þorbjarnarsyni, Ásgeiri Péturssyni (Pétur Magnússon),
Hallgrími Balda Hallgrímssyni, Eðvarð Kristni Sigurðssyni, Haraldi Bjarnasyni, Helga Guðlaugssyni, Guðbrandi Guðmundssyni, Guðmundi Björnssyni, Einari Baldvin Olgeirssyni og Sigfúsi Annesi Sigurhjartarsyni (cand. jur. Egill Sigurgeirsson).

Brot, er varða við 88. gr. hegningarlaganna.

Dómur hæstaréttar.

Þegar brezkur her steig á landi á Íslandi þann 10. maí síðastliðið ár, var lýst yfir því af hálfu brezka ríkisins, að ekki mundi verða hlutazt til um stjórn landsins af hálfu Breta um fram það, sem nauðsyn bæri til vegna hernámsins. Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu var það ljóst, að hætta á afskiptum erlends valds af íslenzkum málefnum jókst mjög vegna hernámsins. Og var af þeim sökum þá þegar og oft

síðar af opinberri hálfu brýnt fyrir íslenzkum þegnum að gæta allrar varúðar í umgengni við hernámsliðið, svo að Íslendingar veittu engin efni til frekari íhlutunar þess um íslenzk mál. Takmarkið með útgáfu dreifibréfsins og útbýtingu þess meðal brezkra hermanna var það að afstýra því, að hermennirnir ynnu þau verk í þarfir herliðsins, er íslenzkir verkamenn höfðu áður innt af hendi. Til þess að ná þessu markmiði er í dreifibréfinu skorað á brezku hermennina að neita allir sem einn (refuse in a body) að hlýða skipunum yfirmanna sinna um framkvæmd slíkra verka. Upphafsmenn dreifibréfsins gáfu það út fjölritað og nafnlaust og reyndu að dylja eftir mætti, hvar það var vélritað og fjölritað og með hvaða tækjum, og kveðast hinir ákærðu Eggert Halldór og Hallgrmur Baldi, sem lengi þrættu fyrir verknað sinn, hafa gert það til þess að torvelda rannsókn á uppruna bréfsins, með því að þeir hafi talið, að „setuliðsstjórnin mundi taka miðann illa upp og mundi reyna að komast fyrir, hverir væru höfundar hans og jafnvel beita fangelsunum í sambandi við það, eins og raun varð á.“ Þeim hefur því verið ljóst, eins og hverjum manni hlaut að vera, að verknaður þeirra gæti leitt til þess, að brezku heryfirvöldin tækju fastan ótiltekinn fjölda manna, þar á meðal saklausa menn, meðan verið væri að rannsaka málið. Einnig hlaut þeim að vera ljóst, að skapazt gæti agaleysi í hernum, ef einhverir hermannanna yrðu við áskorun þeirra um óhlýðni við yfirmenn sína. En agalaus her í landinu stofnar bæði einkahagsmunum og opinberum í brýna hættu. Þá var og mikil hætta á íhlutun heryfirvaldanna um íslenzk málefni og óþægilegum takmörkunum þeirra á athafnafrelsi almennings, einkanlega ef ekki hefði náðst til upphafsmanna dreifibréfsins. Verknaður hinna ákærðu Eggerts Halldórs og Hallgríms Balda varðar því við 88. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi, auk réttinda sviptingar svo sem í héraðsdómi segir.

Þá hafa hinir ákærðu Eðvarð Kristinn og Ásgeir, sem vissu um efni bréfsins og áttu þann þátt í dreifingu þess,

sem lýst er í héraðsdóminum, bakað sér með því refsingu samkvæmt nefndri 88 gr. hegningarlaganna, og er refsing þeirra hæfilega ákveðin í héraðsdómi, en ekki er næg ástæða til þess að svipta þá réttindum samkvæmt 68. gr. sömu laga.

Með skírskotun til forsendna héraðsdómsins má staðfesta ákvæði hans um refsingu hinna ákærðu Einars Baldvins og Sigfúsar Annesar, svo og ákvæði hans um sýknu hinna ákærðu Haralds, Helga, Guðbrands og Guðmundar.

Ákvæði héraðsdómsins um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærðu Eggert Halldór og Ásgeir greiði in solidum skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti málflutningslaun, kr. 150.00. Ákærðu Hallgrímur Baldi, Eðvarð Kristinn, Einar Baldvin og Sigfús Annes greiði in solidum skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti málflutningslaun, kr. 200.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 250.00, greiði hinir dómfelldu allir in solidum.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að fangelsisvist ákærðu Eggerts Halldórs Þorbjarnarsonar og Hallgríms Balda Hallgrímssonar hvors um sig sé 15 mánuðir og niður falli ákvæði um réttindasviptingu ákærða Eðvarðs Kristins Sigurðssonar og Ásgeirs Péturssonar.

Ákærðu Eggert Halldór og Ásgeir greiði in solidum skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti, Pétri Magnússyni hæstaréttarmálflutningsmanni, málflutningslaun, kr. 150.00. Ákærðu Hallgrímur Baldi, Eðvarð Kristinn, Einar Baldvin Olgeirsson og Sigfús Annes Sigurhjartarson greiði in solidum skipuðum verjanda sínum fyrir hæstarétti, Agli Sigurgeirssyni cand. jur., málflutningslaun, kr. 200.00. Allan annan áfrýjunar-

kostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar cand. jur., kr. 250.00, greiði hinir dómfelldu allir in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 15. febr. 1941.

Ár 1941, laugardaginn 15. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 299—308/1941: Réttvísin gegn Eggert Halldóri Þorbjarnarsyni, Hallgrími Balda Hallgrímssyn, Eðvarð Kristni Sigurðssyni, Ásgeir Péturssyni, Haraldi Bjarnasyni, Helga Guðlaugssyni, Guðbrandi Guðmundssyni, Guðmundi Björnssyni, Einari Baldvin Olgeirssyni og Sigfúsi Annesi Sigurhjartarsyni, er tekið var til dóms 10. s. m.

Mál þetta er, samkvæmt skipun dómsmálaráðherra, af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Eggert Halldóri Þorbjarnarsyni múrara, Bergstaðastræti 30, Hallgrimi Balda Hallgrímssyni verkamanni, Auðarstræti 9, Eðvarð Kristni Sigurðssyni verkamanni, Litlu-Brekku á Grímsstaðaholti, Ásgeiri Péturssyni verkamanni, Leifsgötu 3, Haraldi Bjarnasyni verkamanni, Bragagötu 38, Helga Guðlaugssyni verkamanni, Laugaveg 55, Guðbrandi Guðmundssyni verkamanni, Bergþórugötu 15 A, öllum gæzluföngum í hegningarhúsinu, og Guðmundi Björnssyni veggfóðrara, Njálsgötu 98, fyrir brot gegn 10. kafla hegningarlaganna nr. 19/1940, og gegn Einari Baldvin Olgeirssyni ritstjóra, Njálsgötu 85, og Sigfúsi Annesi Sigurhjartarsyni ritstjóra, Miðstræti 6, fyrir brot gegn 2. mgr. 121 gr. sbr. 10. kafla hegningarlaganna nr. 19/1940.

Ákærðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna og eru fæddir sem hér segir: Eggert Halldór 26. sept. 1911, Hallgrimur Baldi 10. nóvember 1909, Eðvarð Kristinn 18. júlí 1910, Ásgeir 15. febrúar 1906, Haraldur 1. júní 1908, Helgi 20. marz 1906, Guðbrandur 7. sept. 1892, Guðmundur 5. apríl 1904, Einar Baldvin 14. ágúst 1902, Sigfús Annes 6. febrúar 1902.

Ákærðir Eðvarð Kristinn, Haraldur, Guðbrandur og Sigfús Annes hafa, svo vitað sé, hvorki sætt ákæru né refsingu í opinberu máli.

Hinn 31. ágúst 1926 sætti ákærður Eggert Halldór í lögreglurétti Ísafjarðar 8 króna sekt fyrir brot gegn 4. gr. lögreglusamþykktar Ísafjarðar.

Hinn 9. september 1939 sætti ákærður Hallgrimur Baldi í lögreglurétti Reykjavíkur 10 króna sekt fyrir brot á umferðareglum.

Hinn 19. ágúst 1939 sætti ákærður Ásgeir í lögreglurétti Reykjavíkur 100 króna sekt fyrir tolllagabrot.

Hinn 22. júní 1938 var ákærður Helgi í aukarétti Reykjavíkur dæmdur í 1 árs betrunarhúsvinnu, skilorðsbundið, fyrir brot á 271 gr. sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Hinn 20. júní 1926 sætti ákærður Guðmundur í lögreglurétti Reykjavíkur 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærður Einar Baldvin hefur sætt þessum dómum og áminningu:

1935 $^{2}/_{6}$ Dómur hæstaréttar, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 101., 102. og 113. gr. sbr. 52. gr. almennra hegningarlaga og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1935 $^{1}/_{7}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 75 króna sekt fyrir brot gegn 83. gr. 4. mgr. almennra hegningarlaga.

1940 $^{2}/_{5}$ Áminning í lögreglurétti Reykjavíkur fyrir brot gegn lögum nr. 9 1940 og auglýsingu nr. 196 1939.

Að öðru leyti en nú hefur verið talið hafa ákærðu ekki, svo kunnugt sé, sætt ákærum eða refsingum.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Að kvöldi 5 f. m. handtóku brezkir setuliðsmenn ákærðu Harald Bjarnason og Helga Guðlaugsson, er þeir voru að dreifa fjölrituðum flugmiða þeim, er mál þetta er af risið, meðal setuliðsmanna í herbúðunum við Stúdentagarðinn. Setuliðsyfirvöldin tóku þegar að rannsaka, hvaðan miðinn væri upprunninn, og handtóku í því sambandi þann 6. f. m. ákærðu Eðvarð Kristinn Sigurðsson og Eggert Halldór Þorbjarnarson og þann 8. f. m. ákærðan Guðbrand Guðmundsson. Setuliðsyfirvöldin héldu áfram rannsókn málsins, þar til þann 10. f. m., að þau fengu íslenzkum yfirvöldum fanga þessa í hendur, og hófst þann 11. f. m. rannsókn máls þessa fyrir lögreglurétti Reykjavíkur.

Dreifimiði sá, er mál þetta fjallar um, er á enskri tungu og ber yfirskriftina: „Information about the strike", og er hann í íslenzkri þýðingu svo hljóðandi:

Upplýsingar um verkfallið.

Brezkir hermenn. Hjá helztu verkalýðsfélögum á Íslandi er nú verkfall. Þau eru Iðja, félag verksmiðjufólks, félag múrara, og Dagsbrún, hið stærsta af öllum verkalýðsfélögum okkar. Til þess svarar í yðar landi Transport & General Workers, þar sem Mr Bevin er fremsti maður.

Við höfnina, í verksmiðjunum og á brezku herstöðvunum er verkfallið algert (100%). Við erum neyddir til þess að gera verkfall, því að það er eina leiðin fyrir okkur til þess að varna því, að íslenzkir vinnuveitendur þrengi að lífskjörum okkar í því skyni að auka sinn eigin hagnað. Vinnuveitendur þessir þverskallast við réttmætum kröfum okkar, vegna þess að þeir vona, að brezka herstjórnin muni beita hermönnunum til þess að brjóta verkfallið. Því er það, að

hinir berzku hermenn verða að fá að vita, um hvað er að ræða í þessu verkfalli.

Um hvað verkfallið stendur. Síðan brezka herliðið settist hér að, hafa vinnulaun á Íslandi verið ákveðin með bráðabirgðalögum eftir því, sem goldið var í apríl 1938, að viðbættum þrem fjórðu þeirrar verðhækkunar, sem síðan hefur orðið, og ákveðinn var tíu stunda vinnudagur. Lög þessi féllu úr gildi 31. desember 1940. Verkalýðsfélögunum og vinnuveitendasambandinu hefur ekki tekizt að koma sér saman um nýjan kauptaxta og vinnutíma. Síðan ófriðurinn hófst, er áætlað, að verðhækkun hafi numið 60%. Kjötverð hefur hækkað um 67%, mjólkurverð um 50%, fiskverð um 150%. Við förum fram á, að reglulegur vinnutími á Íslandi verði styttur úr tíu stundum í níu, því að það er óréttlátt, að maður skuli verða að vinna í tíu stundir, áður en talið sé, að hann vinni eftirvinnu. Við förum fram á, að vinnulaun séu ákveðin í ströngu samræmi við verðlag, og að nettó kauptaxti óbreytts verkamanns verði 1/9 um tímann í staðinn fyrir 1/5. Í heimalandi yðar, þar sem verðlag er ekki eins hátt og hér, fær nú verkamaður í ríkisvinnu 2/— og þar yfir um tímann.

Það er íslenzkum vinnuveitendum auðvelt að verða við kröfum okkar, því að þeir hagnast nú um miljónir á styrjöld þeirri, sem nú er háð. Til dæmis er það, að hin stóru togarafélög á Íslandi, sem harðvítugasta mótstöðu veita kröfum verkamanna, hafa hagnazt um 1½ miljón punda síðastliðið ár, að miklu leyti á brezkum markaði. *Ólafur Thors atvinnumálaráðherra er aðalhluthafinn í hinu stærsta þessara félaga.*

Við getum ekki lengur þolað þann ránskap, að í hvert sinn sem verðlag hækkar, þá hækki kaupgjaldið aðeins að nokkrum hluta, en mismuninum sé fleytt í vasa íslenzkra auðkýfinga.

Við heyjum *sömu orrustuna* og þið. Ykkur mun verða sagt, að verkfallinu sé beint gegn hernaðarátaki Breta. Ef þið lesið þenna miða gaumgæfilega, munuð þið komast að raun um, að þetta er ekki satt. Verkfallinu er beint gegn striðsgróðamönnum á Íslandi, sem nota vilja ófriðinn, og ef verða mætti, brezku hermennina, til þess að þvinga niður kaupgjald verkalýðs okkar. *Það eru þessir sömu ránsgróðamenn, sem fétletta brezku hermennina og heimta ósvífið verð fyrir það, sem þeir kaupa.*

Þess sjást þegar merki, að þið munið verða notaðir til þess að brjóta verkfallið. Brezka herstjórnin hefur hótað að leyfa ekki verkfallsmönnum að hverfa aftur til vinnu. Hermönnum hefur verið skipað að dreifa fyrir oddum byssustingjanna flokki verkamanna, sem voru við friðsamlega varðgæzlu. Ef verkfallinu heldur áfram, verður sennilega lagt fyrir ykkur að vinna verk, sem verkfallsmenn unnu áður.

Sá maður, sem tekst á hendur starf samverkamanns, er gert hefur verkfall, er einn hinna auðvirðilegustu mannkinda. Hann er

(það, sem kallað er á ensku) scab, blackleg. Margir ykkar eru í verkalýðsfélögum. Þið komið frá því landi, sem er heimkynni verkalýðsfélagsskaparins. *Það kemur ekki til mála, að þið niðist sem verkfallsbrjótar á stallbræðrum ykkar í verkalýðsfélögunum á Íslandi.*

Hvað þið getið gert. Ef fyrir ykkur er lagt að vinna verk á herstöðvunum eða við höfnina, sem þið hyggið, að íslenzkir verkamenn hafi áður unnið, eða ef ykkur er skipað að hafa nokkur afskipti af verkfallsmönnum, þá neitið allir sem einn. Sendið undirforingja ykkar til þess að tjá yfirmönnum ykkar, að þið lítið ekki á slík afskipti sem heyrandi undir skyldur ykkar sem hermanna. Bendið á það, að þið séuð í hernum til þess að berjast gegn fascismanum, ekki til þess að berjast gegn íslenzku þjóðinni, sem er að gera nákvæmlega það, sem þið hefðuð gert, ef eins hefði á staðið.

Hermenn, ef þið standið stöðugir, er sigur okkar öruggur, og þið eignist vináttu og þakklæti þjóðar okkar. Talið einarðlega við yfirmenn ykkar. Talið einarðlega frammi fyrir Ólafi Thors og fégráðugum vinum hans:

„Við erum hermenn, ekki verkfallsbrjótar!"

Skal nú rakið, hvað sannast hefur í rannsókn málsins um tilorðningu og dreifingu miðans.

Á s. l. áramótum hóf verkamannafélagið „Dagsbrún" hér í bænum verkfall, er náði til vinnu bæði hjá íslenzkum vinnuveitendum og hinu brezka setuliði hér í bænum. Ákærðir Eðvarð og Eggert, sem báðir eru í verkamannafélaginu „Dagsbrún", ræddu sín á milli í upphafi verkfallsins um, hvað gera bæri, til þess að verkfallsmenn fengju kröfum sínum framgengt. Eitt af því, er þeim kom saman um að gera bæri, var að stjórn nefnds verkamannafélags gæfi út dreifibréf til hermanna í brezka setuliðinu hér í bænum, er skýrði þeim frá staðreyndum verkfallsins.

Föstudaginn 3. f. m. gengu þeir því á fund fjögurra stjórnarmanna nefnds verkamannafélags og fóru fram á, að félagsstjórnin sem slík gæfi út þenna dreifimiða. Stjórnarmennirnir voru þessu andvígir og synjuðu útgáfu miðans. Er þetta hafði gerzt, hugsaði ákærður Eggert þetta mál nánar og komst að þeirri niðurstöðu, að einn liðurinn í því, að verkfallsmenn ynnu sem skjótastan sigur í verkfallinu, væri, að dreifimiðinn til setuliðsmanna yrði gefinn út, þrátt fyrir synjun Dagsbrúnarstjórnarmanna. Kveðst ákærður Eggert hafa rætt annað hvort á föstudegi eða laugardegi, 3. eða 4. f. m., við ákærðan Eðvarð um útgáfu miðans í því formi og að því efni, er raun varð á, en Eðvarð hafi verið í miklum vafa um, hvort útgáfa slíks miða væri rétt, og skildist Eggert hann frekast vera andvígur henni. Þessa samtals kveðst Eðvarð ekki minnast, þ. e. a. s., að Eggert hafi rætt um miðann þannig að efni, er raun varð á. Hins vegar minnist hann samtals um útgáfu dreifimiða til setu-

liðsins eftir synjun Dagsbrúnarstjórnarmanna, og tóku, auk hans, þátt í því samtali ákærðir Eggert og Hallgrímur.

Föstudagskvöldið 3. f. m. ákvað svo ákærður Eggert útgáfu miðans þannig að efni og formi, er raun varð á. Áður en hann samdi uppkast að honum, ræddi hann við ákærðan Hallgrím um hugmynd sína og áform um útgáfu miðans, og var Hallgrímur hönum fyllilega sammála um útgáfu miðans, efni hans og form. Eggert útskýrði fyrir Hallgrími, hvernig hann hugsaði sér miðann, en ekki átti Hallgrímur frumkvæði að neinum hluta efnis hans. Laugardaginn 4. f. m. ritaði Eggert íslenzkt uppkast að miðanum heima hjá sér og var einn við það. Þegar hann hafði lokið uppkastinu, ræddi hann við Hallgrím, og tók Hallgrímur að sér að sjá um þýðingu uppkastsins á enska tungu. Sunnudagsmorguninn 5. f. m. þýddi hann uppkastið á enska tungu og kveðst hafa unnið það verk einn, að öðru leyti en því, að stúlka ein hér í bænum, er dvalið hafi meðal enskumælandi þjóða, hafi hjálpað sér við þýðingu einstakra orða og orðatiltækja, en ekki hafi hún vitað, að um flugmiða var að ræða, er dreifa ætti meðal setuliðsmanna. Hefur ákærður Hallgrímur staðfastlega neitað að segja, hver stúlka þessi sé, og hefur það ekki orðið upplýst. Eftir hádegi sama dag hittust ákærðir Eggert og Hallgrímur á skrifstofu Sósialistafélags Reykjavíkur í Lækjargötu 6. Sú skrifstofa er á annarri hæð hússins og er mjög lítil, en úr henni liggja dyr inn í stærri stofu, er Æskulýðsfylkingin hefur til afnota, en úr þeirri stofu liggja einnig dyr út á ganginn. Hallgrímur hafði meðferðis þýðingu miðans á ensku, og ákváðu þeir nú að hjálpast að við útgáfu hans. Eggert fékk lánaða ritvél hjá félaginu „Iðju", og þar sem hann er alvanur fjölritun, undirbjó hann fjölritun miðans, en síðan hjálpuðust hann og Hallgrímur að við sjálfa fjölritunina, og höfðu þeir lokið því verki um kl. 7½ s. d. Við fjölritunina notuðu þeir fjölritunartæki, er Eggert hafði undir höndum. Af miðanum fjölrituðu þeir um 400 eintök. Jafnóðum og nokkuð hafði safnazt fyrir af fjölrituðum miðum hjá þeim, rétti Hallgrímur þá inn á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar, en þar voru menn fyrir, er undirbjuggu miðana til útburðar. Að fjölrituninni lokinni fóru ákærðir Eggert og Hallgrímur heim til sín, og tók Hallgrímur með sér uppköst miðans, bæði hið íslenzka og enska, og fjölritunarstenslana og brenndi því öllu. Eggert flutti þegar ritvélina og fjölritunartækið í hús eitt hér í bænum. Gerðu hann og Hallgrímur þetta og fleira til að gera erfiðara fyrir að hafa upp á höfundum miðans. Í þessu skyni gátu þeir einskis útgefanda eða ábyrgðarmanna á miðanum. Í dreifingu miðans tóku þeir ekki þátt, og var vinnu þeirra við útgáfu miðans lokið, er þeir höfðu fjölritað hann.

Eftir hádegi á sunnudaginn kom ákærður Eðvarð á skrifstofu Sósialistafélags Reykjavíkur og hitti þar fyrir ákærða Eggert, sem

kveðst þá ætla að fara að fjölrita fregnmiða um verkfallið til brezka setuliðsins. Bað Eggert Eðvarð að útvega menn til að bera miðann út, og í lok fundar í Sósialistafélagi Reykjavíkur um kl. 6 s. d. þennan dag, boðaði Eðvarð nokkra menn á skrifstofuna í Lækjargötu 6, en eigi er sannað, eins og áður er drepið á, að honum hafi þá verið kunnugt efni miðans að fullu. Þessir menn og aðrir, er af hendingu komu á skrifstofuna í Lækjargötu 6, meðan á fjölritun miðans stóð, unnu síðan, a. m. k. sumir, að undirbúningi dreifingar miðans og sjálfri dreifingunni.

Skulu nú í þessu sambandi raktir þeir þættir, er aðrir ákærðir en Eggert og Hallgrímur eiga í máli þessu.

Auk þess að ákærður Eðvarð Kristinn Sigurðsson boðaði menn á skrifstofuna í Lækjargötu 6 til að taka þátt í dreifingu miðans, og áður er frá skýrt, er sannað, að hann fór sjálfur eftir fundinn í Sósialistafélaginu á skrifstofuna í Lækjargötu 6 og sá þar upplag miðans, og voru þá sumir, er fyrir voru á skrifstofunni, að brjóta miðana saman til útburðar. Þarna heyrði Eðvarð frá því skýrt, að í miðanum væri frásögn um, hvernig verkfallið gengi, og um hvað deilt væri, og einnig væri í honum beinn áróður til hermannanna um að gerast ekki verkfallsbrjótar, en við nánari umhugsun kveðst hann skilja, að það þýði, að hermennirnir ynnu ekki þau störf, er verkamenn unnu fyrir verkfallið, þó að þeim væri skipað það. Um leið og Eðvarð fékk þessa vitneskju um efni miðans, eða rétt eftir að það gerðist, tók hann sem sjálfboðaliði að hjálpa til að brjóta miðana saman, setja þá í búnt og skrifa utan á þau á lausa miða, hvar ætti að dreifa þeim miðum, er í þeim væru. Þeir staðir, er hann ritaði á lausu miðana, voru: Kaffistofurnar í Hafnarstræti og göturnar Austurstræti og Vonarstræti, aðallega við K. R. húsið, en þar er hermannabækistöð. Ákærður Eðvarð dreifði ekki miðanum, og er eigi sannaður annar þáttur hans í máli þessu en nú hefur verið talinn. Nokkuð af tímanum 4—7½ s. d. umræddan sunnudag var Ásgeir Pétursson á skrifstofunni í Lækjargötu 6. Hann skilur nokkuð í enskri tungu og las miðann, og var því kunnugt efni hans að mestu. Hefur hann sérstaklega játað, að sér hafi verið ljós sá kafli miðans, er hvetur hermennina alla sem einn til að neita að vinna þau verk á herstöðvunum eða við höfnina, sem þeir hygði íslenzka verkamenn hafa unnið fyrir verkfallið, og að hafa nokkur afskipti af verkfallsmönnum. Vitandi um efni miðans vann hann á skrifstofunni að leiðréttingu villu í honum og talning í búnt til dreifingar. Um kl. 7½ fór hann út með 50 eintök miðans og dreifði þeim til hermanna í Hafnarstræti og tókst á 10 mínútum að dreifa 44 miðum, en þá taldi hann sér ekki óhætt að dreifa meiru. Taldi sig verða að hætta dreifingunni, þegar sá, er hann fyrst fékk miðann, hafði

lesið hann. Þeim 6 miðum, er honum tókst ekki að dreifa, brenndi hann. Segir hann mjög fáa menn hafa starfað að dreifingunni.

Ákærður Haraldur Bjarnason fór skömmu eftir lok fundarins í Sósialistafélagi Reykjavíkur á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar í Lækjargötu 6 og vissi þá ekki, að í ráði væri útgáfa miðans. Einhver, er fyrir var á skrifstofunni, er hann kom þangað, bað hann að aðstoða við dreifingu miðans, og gerði hann það. Dvaldi hann óslitið á skrifstofunni frá því hann kom þangað og þar til farið var út til dreifingarinnar, og vann þann tíma að undirbúningi miðans undir dreifingu. Er lagt var af stað til dreifingarinnar, fór hann með búnt að Verkamannaskýlinu við Tryggvagötu og hitti þar fyrir ákærðan Helga Guðlaugsson. Fékk hann Helga miðabúnt, og gengu þeir síðan saman suður Suðurgötu og suður á Grímsstaðaholt og hófu dreifingu í Suðurgötu til hermanna, er þar voru á ferli. Af Grímsstaðaholti héldu þeir að herbúðunum við Stúdentagarðinn og dreifðu þar miðum til hermanna, en voru þá handteknir, eins og að framan segir. Ákærður Haraldur hefur stúdentsmenntun og kann því nokkuð í ensku, en hann kveðst ekki hafa lesið annað af miðanum en fyrirsögnina og því vitað, að hann var um verkfallið. Hefur hann staðfastlega haldið við þann framburð sinn undir allri rannsókn málsins, að sér hafi verið ókunnugt efni miðans að öðru en fyrirsögninni. Hann hafi haft nóg að starfa við að búa miðann undir dreifingu og engan tíma hafa gefið sér til að lesa hann.

Ákærður Helgi Guðlaugsson var einn þeirra, er ákærður Eðvarð boðaði í Lækjargötu 6 eftir Sósialistafélagsfundinn. Eftir fundinn fór Helgi á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar og sá þar hinn fjölritaða miða og þóttist skilja, að dreifa ætti miðanum í bænum, en enginn sagði honum, að svo væri. Var honum sagt, að miðinn yrði ekki til fyrr en kl. 7½ s. d., og skyldi ákærður þá mæta við Verkamannaskýlið. Á skrifstofunni dvaldi Helgi ekki nema skamma stund. Á tilteknum tíma mætti hann við Verkamannaskýlið og hitti þar ákærðan Harald o. fl. og fór síðan með honum í dreififör þá, er lýst hefur verið.

Ákærður Helgi kveðst kunna mjög lítið í ensku, og ekki hafa lesið miðann og hafi sér verið ókunnugt um efni hans annað, en að hann væri um verkfallið.

Ákærður Guðbrandur Guðmundsson var einn þeirra, er ákærður Eðvarð boðaði í Lækjargötu 6, eftir Sósialistafélagsfundinn. Hann fór á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar eftir fundinn, og voru þar þá fyrir nokkrir menn, þar á meðal ákærðir Eðvarð, Ásgeir og Haraldur. Annað hvort Ásgeir eða Eðvarð, þó frekar Ásgeir, sagði honum að gefa ætti út dreifimiða til setuliðsins, og að miðarnir yrðu ekki til fyrr en kl. 7—7½ um kvöldið, og spurði, hvort á-

kærður Guðbrandur og aðrir viðstaddir, að sögn Guðbrands, gætu komið á skrifstofuna á þessum tíma til að dreifa miðunum, og eins mætti fá miðana niður við Verkamannaskýli til dreifingar. Við svo búið fór Guðbrandur út úr skrifstofunni og hitti þá ákærðan Guðmund Björnsson úti fyrir Lækjargötu 6 eða á leiðinni út, og urðu þeir samferða upp í Austurbæ áleiðis heim til þeirra. Á leiðinni ræddu þeir um dreifimiðann, og sagði Guðbrandur Guðmundi, að gefa ætti miðann út. Guðmundur sagðist geta komið miðum til hermanna, og lofaði Guðbrandur þá að senda Guðmundi miða um kvöldið. Er þeir skildu, hélt Guðbrandur niður í bæ og síðan niður að höfn. Við Verkamannaskýlið hitti hann ákærða Harald og Ásgeir, og afhenti annar þeirra honum fáein eintök af miðanum. Síðar um kvöldið sendi hann ungan son sinn með nokkra miða til Guðmundar. Ekki er sannaður annar þáttur ákærðs Guðbrands í dreifingu miðans. Hann skilur ekki ensku og las því eigi miðann. Um efni hans var honum sagt, að það fjallaði um verkfallið, en ekki grennslaðist hann nánar um efni hans.

Þegar ákærður Guðmundur hafði fengið í hendur miða þá, er ákærður Guðbrandur sendi honum, kom hann einum þeirra í hendur brezkum hermanni. Hina miðana brenndi hann, er hann heyrði í útvarpinu, hvert efni miðans var. Hann kveðst hafa vitað, að í miðanum voru upplýsingar um verkfallið, en nánar hafi hann ekki vitað um efni hans, og sérstaklega aðspurður, hvort honum hafi eigi verið kunnugt, að í honum var hvatning til hermannanna um að óhlýðnast yfirboðurum sínum, kveðst hann ekki hafa haft hugmynd um það. Segist og kunna mjög lítið í enskri tungu.

Í margnefndum dreifimiða eru hermenn setuliðs þess, sem hér er, hvattir til þess að neita allir sem einn að hlýða skipunum um að vinna verk í herstöðvum eða við höfnina, er þeir hygðu, að íslenzkir verkamenn hefðu áður unnið, og að neita að hafa nokkur afskipti af verkfallsmönnum, þó að þeim væri skipað það. Síðan er hermönnunum sagt að senda undirforingjana til yfirmanna sinna til að tjá þeim, að hermennirnir teldu nefnd verk ekki heyra undir skyldur sínar sem hermanna. Loks er hermönnunum nánar bent á, hvað þeir skuli segja í þessu sambandi, og að þeir skuli tala einarðlega við yfirmenn sína.

Sá verknaður, að gefa þetta dreifibréf með fyrrgreindu innihaldi og dreifa því meðal hermannanna, verður að teljast til þess fallinn, að valda hættu á því, að herstjórnin hæfist handa með þeim hætti, að hlutazt yrði til um íslenzk málefni, frekar en orðið er, af valdhöfum erlends ríkis. Var bersýnilega hætta á því, að herstjórnin tæki í sínar hendur lögreglu- og dómsvald yfir íslenzkum mönnum, sem grunaðir væru um að vera valdir að þessum verknaði, svo sem raun varð á, og jafnvel gerði víðtækari ráðstafanir, er gengju á valdsvið íslenzka ríkisins.

Útgáfa dreifibréfsins og dreifing þess til hermannanna varðar því við 88. gr. hegningarlaganna.

Ákærðu Einar Baldvin Olgeirsson og Sigfús Annes Sigurhjartarson eru báðir ritstjórar dagblaðsins Þjóðviljinn, sem gefið er út hér í bænum, og eru þeir ákærðir fyrir skrif um mál þetta, er birzt hafa nafnlaus í nefndu dagblaði. Í 4. tölublaði blaðsins, er út kom 7. f. m., er prentuð íslenzk þýðing dreifimiðans, tekin úr dagblaðinu „Vísi", og hafa ákærðir kannazt við, að þeim hafi orðið efni miðans kunnugt, þegar er þýðing hans hafði birzt í „Vísi".

Í 16. tölublaði blaðsins, er kom út 21. f. m., birtist grein með yfirskriftinni: „Dreifibréfsmálið". Í greininni standa þessar klausur:

„Það, sem útgefandi þessa flugmiða hefur ráðizt í að gera, er því í fyrsta lagi verk, sem frá sjónarmiði verkalýðs í stéttabaráttu og sósíalismans er sjálfsagt og eðlilegt, — verk, sem allt af hefur verið unnið í allri sögu verkalýðshreyfingarinnar, hve nær sem átt hefur að nota her í verkföllum."

„Í öðru lagi, þá er framkvæmd þessa verks frá þjóðlegu sjónarmiði séð lofsverð framkvæmd, er síðar meir mun verða þannig viðurkennd, þegar fargi brezka innrásarhersins er af oss létt og íslenzk blöð hætta að túlka brezkan yfirstéttamálstað og hræðast og fyrirlíta þann íslenzka."

„Frá þjóðernis- og stéttarlegu sjónarmiði íslenzkra alþýðustétta verður því verk þetta skoðað sem hin virðingarverðasta viðleitni til skipulagningar í frelsisbaráttu vorri, — því virðingarverðari vottur um frelsisást og hugrekki sem ríkustu og voldugustu menn þjóðarinnar á sama tíma ýmist lágu hundflatir við fætur innrásarherstjórnarinnar eða í beinu bandalagi við það auðvald, er hún lýtur."

„Þá er næst aðathuga, hvort hægt sé að finna nokkra þá lagagrein, sem hægt er að hengja menn á fyrir góð og þjóðleg verk."

„Og þá kemur hitt málið: Reynir ríkisstjórnin „ástandsins" vegna — eða jafnvel af einkaástæðum — að fá höfundinn dæmdan fyrir verk, sem er þveröfugt við að vera afbrot — og eftir lagagrein, sem hann alls ekki hefur brotið."

Í köflum þessum er greinilega fallizt á útgáfu miðans.

Auk þessara tilvitnuðu kafla er í öðrum hlutum greinarinnar ótvírætt og greinilega fallizt á útgáfu dreifibréfsins, þó að það sé einnig gefið í skyn, að höfundi þess hafi orðið skyssa á í verki sínu.

Í öðrum tölublöðum Þjóðviljans, sem lögð hafa verið fram í málinu, er á ýmsan hátt leitazt við að réttlæta og verja útgáfu dreifimiðans. T. d. er því haldið fram, að efni hans sé alls ekki saknæmt frá íslenzku sjónarmiði, en eigi þykir ástæða til að rekja efni þessara skrifa nánar.

Með því þannig opinberlega í blaði því, er þeir stýra, og greini-

lega fallast á útgáfu dreifimiðans, sem samkvæmt framansögðu varðar við 88. gr. hegningarlaganna, hafa hinir ákærðu ritstjórar brotið gegn 2. mgr. 121. gr. hegningarlaganna.

Ákærðu Haraldur Bjarnason, Helgi Guðlaugsson, Guðbrandur Guðmundsson og Guðmundur Björnsson vissu ekki, svo sannað sé, um þau atriði dreifimiðans, er saknæm teljast, þegar þeir störfuðu að honum, og ber því að sýkna þá af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Atferli ákærðu Eggerts Halldórs Þorbjarnarsonar, Hallgríms Balda Hallgrímssonar, Eðvarðs Kristins Sigurðssonar og Ásgeirs Péturssonar, sem áður er lýst, varðar við 88. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing Eggerts Halldórs Þorbjarnarsonar, sem verið hefur í gæzluvarðhaldi síðan 11. f. m., hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði, refsing ákærða Hallgríms Balda Hallgrímssonar, sem verið hefur í gæzluvarðhaldi síðan 15. f. m., fangelsi í 18 mánuði, refsing ákærða Eðvarðs Kristins Sigurðssonar, sem verið hefur í gæzluvarðhaldi síðan 11. f. m., fangelsi í 4 mánuði, og refsing ákærða Ásgeirs Péturssonar, sem verið hefur í gæzluvarðhaldi síðan 13. f. m., fangelsi í 4 mánuði, en samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald þeirra eftir 18. f. m. skuli með fullri dagatölu koma til frádráttar hinna ídæmdu refsinga. Þá ber samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna að svipta þessa menn kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annara almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Refsing hvors hinna ákærðu Einars Baldvins Olgeirssonar og Sigfúsar A. Sigurhjartarsonar þykir hæfilega ákveðin varðhald í 3 mánuði.

Ákærðu Eggert Halldór Þorbjarnarson, Hallgrímur Baldi Hallgrímsson, Eðvarð Kristinn Sigurðsson, Ásgeir Pétursson, Einar Baldvin Olgeirsson og Sigfús Annes Sigurhjartarson greiði allir in solidum ¼ alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hinna ákærðu, hdm. Egils Sigurgeirssonar, er ákveðast kr. 200.00, en hina ¾ kostnaðarins greiði þeir Eggert Halldór Þorbjarnarson og Hallgrímur Baldi Hallgrímsson in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu Haraldur Bjarnason, Helgi Guðlaugsson, Guðbrandur Guðmundsson og Guðmundur Björnsson skulu vera sýknir af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Ákærðu Eggert Halldór Þorbjarnarson, Hallgrímur Baldi Hallgrímsson, Eðvarð Kristinn Sigurðsson og Ásgeir Pétursson sæti fangelsi, Eggert Halldór í 18 mánuði, Hallgrímur Baldi í 18 mánuði, Eðvarð Kristinn í 4 mánuði og Ásgeir í 4 mánuði,

en gæzluvarðhald þeirra, eftir 18. f. m., komi með fullri dagatölu til frádráttar hinum ídæmdu refsingum. Þeir skulu og sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annara almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu Einar Baldvin Olgeirsson og Sigfús Annes Sigurhjartarson sæti hvor um sig varðhaldi í 3 mánuði.

Ákærðu Eggert Halldór Þorbjarnarson, Hallgrímur Baldi Hallgrímsson, Eðvarð Kristinn Sigurðsson, Ásgeir Pétursson, Einar Baldvin Olgeirsson og Sigfús Annes Sigurhjartarson greiði allir in solidum ¼ alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hér fyrir réttinum, hdm. Egils Sigurgeirssonar, kr. 200.00, en hina ¾ sakarkostnaðar greiði þeir Eggert Halldór og Hallgrímur Baldi in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. marz 1941.

Nr. 3/1941. **Loðdýraræktarfélag Kjósarhrepps**
(Pétur Magnússon)
gegn
Brynjólfi Guðmundssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Krafa um endurgreiðslu stofnfjár í loðdýraræktarfélagi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. janúar þ. á., krefst algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Félagsfundurinn 18. marz 1940 hafði að vísu ekki samkvæmt 3. gr. samþykkta félagsins heimild til að vikja stefnda úr félaginu, en með því að andæfa ekki brottvikningunni og með málshöfðun þessari hefur hann komið þannig fram, að jafna má til úrsagnar úr félaginu. Af því leiðir þegar, að hann getur ekki samkvæmt 13. og 14. gr. samþykktanna, sem tryggir lánardrottnum félagsins stofnfé, fengið stofnfé

sitt endurgreitt í máli þessu, og ber því að sýkna áfrýjanda af kröfu hans um greiðslu þess.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað í héraði ber að staðfesta, sbr. 12. gr. laga nr. 85 frá 1936, en málskostnað fyrir hæstarétti þykir rétt að láta falla niður.

Loks verður að dæma stjórnendur Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps í 10 króna sekt til ríkissjóðs hvern þeirra samkvæmt 12. gr. nefndra laga fyrir að sækja ekki sáttafund, og afpláni hver þeirra sekt sína með tveggja daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Loðdýraræktarfélag Kjósarhrepps, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Brynjólfs Guðmundssonar, um endurgreiðslu stofnfjár þess, er í máli þessu greinir.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 225.15 í málskostnað fyrir héraðsdómi, en málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Stjórnendur Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps, þeir Bjarni Ólafsson, Gestur Andrésson og Ólafur Andrésson, greiði hver um sig 10 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni hver þeirra sekt sína með 2 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. okt. 1940.

Ár 1940, mánudaginn 21. október, var í aukaþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldið var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af sýslumanni Bergi Jónssyni, upp kveðinn dómur í fyrrgreindu máli, sem dómtekið var 18. september 1940.

Mál þetta er höfðað að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun með stefnu útgefinni 26. júlí 1940 af Brynjólfi Guðmundssyni, bónda í Miðdal í Kjósarhreppi, gegn stjórn Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps, þeim Bjarna Ólafssyni Hvammi, Gesti Andréssyni Hálsi og Ólafi Andréssyni Neðri-Hálsi.

Stefnandi hefur aðallega krafizt þess, að stefndu verði fyrir hönd félagsins dæmdir til þess að greiða honum kr. 250.00 með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1940 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða eftir mati réttarins. Til vara hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði persónulega dæmdir til þess að greiða honum framangreinda upphæð, ásamt vöxtum, svo og málskostnað.

Þá hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sektir allt að kr. 100, fyrir brot á 188 sbr. 12. grein laga nr. 85/1936.

Stefndu hafa krafizt algerðrar sýknu af öllum kröfum stefnanda, og að sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Á aðalfundi í Loðdýraræktarfélagi Kjósarhrepps, sem haldinn var 18. marz 1940, var samþykkt eftirfarandi tillaga: „Að gefnu tilefni krefst fundurinn þess, að Brynjólfur Guðmundsson gefi skýra yfirlýsingu um það nú þegar, hvort hann telur sig vera félagsmann eða ekki, en geri hann það ekki, verði honum tafarlaust vikið úr félaginu.“ Var tillaga þessi samþykkt með 10 atkvæðum gegn 1 atkvæði. Á fundinum var gerð fyrirspurn til stefnanda í ofangreinda átt, en hann neitaði að gefa slíka yfirlýsingu.

Með samþykkt þessari taldi stefnandi, að honum hefði verið vikið úr félaginu, og taldi sig eiga heimtingu á, að honum yrði endurgreitt stofnfé það, er hann lagði í félagið, og viðbótartillag, er hann greiddi síðar til félagsins, eða samtals umstefnda upphæð, en honum hafi verið neitað um það, og hafi þess vegna séð sig knúðan til þess að höfða mál þetta.

Stefndu hafa hins vegar haldið fram, að stefnanda hafi ekki verið vikið úr félaginu, og hafa þeir lagt fram afrit af fundargerð stjórnarfundar í félaginu frá 11. apríl 1940, þar sem stjórnin hefur bókað, að niður fallnar væru ástæður til þess að láta koma til framkvæmda niðurlag ályktunar aðalfundar 18. marz 1940, um brottvikningu stefnanda úr félaginu.

Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að honum fyrirvaralaust hafi verið vikið úr félaginu, og hefur sérstaklega bent á orðalag tillögunnar til rökstuðnings fyrir þessari staðhæfingu sinni. Hefur hann haldið því fram, að með orðunum „nú þegar“ sé við það átt, að hann hafi verið rekinn úr félaginu á aðalfundinum, er tillagan hafði verið samþykkt, og neitað að gefa yfirlýsingu um það, hvort hann teldi sig vera félagsmann. Í greinargerðinni á rskj. nr. 12 hefur stefnandi eindregið haldið því fram, að hann hafi allt af talið sig vera félaga í Loðdýraræktarfélagi Kjósarhrepps frá því að hann greiddi stofnfé sitt með öllum réttindum og skyldum félaga. Á hinn bóginn hefur hann í réttarhaldi 18. sept. s. l., skýrt svo frá, að hann hafi litið svo á, að hann hafi ekki borið ábygrð á skuldbindingum

félagsins og það sé enn skoðun hans, vegna þess að hann hafi aldrei samþykkt neinar lántökur fyrir félagið. Enn fremur kveðst hann ekki hafa gert ráð fyrir því, að honum hefði verið boðið upp á þátttöku í arði í félaginu, ef um slíkt hefði verið að ræða. Gætir þannig nokkurs misræmis í staðhæfingum stefnanda, en á því virðist þó ekki vera vafi, að stefnandi hafi verið félagi í Loðdýraræktarfélagi Kjósarhrepps.

Stefnandi hefur haldið því fram, að brottvikning hans úr félaginu hafi komið til framkvæmda þegar á aðalfundinum, er hann neitaði að gefa yfirlýsingu þá, sem farið var fram á. Þá hefur hann haldið því fram, að stjórnin hefði enga heimild haft til þess að breyta að neinu leyti ályktun aðalfundarins. Í 17. grein félagssamþykktanna er svo fyrir mælt, að lög nr. 36/1921, um samvinnufélög, nú lög nr. 46/1937, skuli gilda um öll þau atriði, sem ekki eru tekin fram í sjálfum samþykktum félagsins. Í 18. grein laga nr. 46/1937 er svo ákveðið, að félagsfundur hafi æðsta vald í málefnum félags með þeim hætti, sem lög ákveði og samþykktir þess. Þá hefur stefnandi vitnað til 21. greinar laga nr. 46/1937, þar sem ákveðið er, að stjórn fari með málefni félags milli funda, samkvæmt lögum og samþykktum þess. Stefnandi hefur haldið því fram með tilvísun til ofangrendra lagagreina, að af því leiði, að engin stjórnarsamþykkt eða stjórnarathöfn geti brotið í bág við löglega gerða samþykkt félagsfundar. Þá hefur hann einnig haldið því fram, að í tillögunni um brottvikningu hans sé stjórninni ekki falið á hendur neitt umboð eða veitt neitt „athafnafrelsi" í því efni. Hefur stefnandi mótmælt bókun stjórnarfundarins 11. apríl 1940 sem markleysu einni með hliðsjón af framangreindum rökstuðningi.

Í 8. grein laga nr. 46/1937 er svo fyrir mælt, að í samþykktum félags skuli ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr félagi og ástæður, er heimili brottrekstur félagsmanna, en upp í samþykktir Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps hafa ekki verið tekin nein ákvæði, er heimili brottrekstur manns úr félaginu. Stefnandi hefur haldið því fram, að orðaval og allt efni tillögunnar bendi í þá átt, að stjórnin hafi engin afskipti átt að hafa af brottvikningu hans, og að fundurinn hafi sjálfur tekið endanlega ákvörðun um brottvikningu stefnanda með samþykkt tillögunnar.

Með því að fallast verður á rökstuðning stefnanda að þessu leyti og líta verður svo á, að aðalfundur hafi samkvæmt lögum úrslitavald í málefnum félags, telur rétturinn að stefnanda hafi verið vikið úr félaginu með framangreindri samþykkt.

Koma þá til álita kröfur stefnanda um endurgreiðslu stofnfjártillags og viðbótartillags hans.

Í 14. grein samþykkta félagsins er ákveðið, að skylt sé að greiða stofnfé félagsmanna við dauðsfall hans, flytji hann burt af félagssvæðinu, verði hann fátækrastyrksþurfi og við gjaldþrot hans.

Hefur stefnandi haldið því fram, að samkvæmt eðli málsins og analogíu 14. greinar samþykktanna eigi hann heimtingu á að fá stofnféð og viðbótartillagið endurgreitt, þar sem um fullkomna lögjöfnun sé að ræða frá því tilviki, sem hér um ræðir, og til þess ákvæðis 14. greinar samþykktanna, að félagsmaður flytji burt af félagssvæðinu. Hefur hann bent á, að það leiði af hlutarins eðli, að manni, sem vikið er brott úr félagi, sé meinað að gæta hagsmuna sinna í félaginu, og eigi hann því heimtingu á að fá það fé, sem hann hefur lagt í félagið, endurgreitt ásamt vöxtum.

Með því að fallast verður á röksemdir stefnanda, verður aðalkrafa hans tekin til greina, og ber því að dæma stefndu f. h. Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps til þess að greiða stefnanda kr. 250.00 með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1940 til greiðsludags. Varakrafa stefnanda verður ekki tekin til greina samkvæmt framanrsögðu. Samkvæmt úrslitum málsins og með tilliti til þess, að stefndu mættu ekki eða létu mæta fyrir sáttanefnd, skulu þeira greiða kostnað málsins bæði fyrir sáttanefnd og hér fyrir réttinum, og nemur hann kr 225.15 samkvæmt framlögðum reikningum, sem koma heim við gjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands, aukatekjulögin, og þar sem þeir virðast að öðru leyti hæfilegir, ber að dæma stefndu f. h. Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps til þess að greiða upphæð þessa.

Þá hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða sekt fyrir brot á sáttalöggjöfinni samkv. 188. sbr. 12. grein laga nr. 85/1936.

Það er upplýst í málinu, að stefndu mættu ekki eða létu mæta á sáttafundi í málinu, og var þeim þó löglega stefnt, heldur skrifuðu nefndinni um málefnið.

Með því að stefndu hafa ekki fært sönnur á, að þeir hafi haft lögmæt forföll, ber að taka kröfu stefnanda til greina og dæma stefndu til að greiða in solidum sekt í ríkissjóð fyrir brot á sáttalöggjöfinni, og þykir hús hæfilega ákveðin 10 krónur.

Málið hefur verið flutt skriflega samkvæmt samkomulagi milli aðilja.

Dómarinn lætur þess getið, að hann hafi bent stefndu á að taka frest í málinu til þess að gera grein fyrir efni málsins af sinni hálfu, en þeir hafa ekki sinnt leiðbeiningum dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, stjórn Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps, þeir Bjarni Ólafsson, Gestur Andrésson og Ólafur Andrésson f. h. Loðdýraræktarfélags Kjósarhrepps, greiði stefnandanum, Brynjólfi Guðmundssyni, kr. 250.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. maí 1940 til greiðsludags og kostnað málsins með kr. 225.15.

Bjarni Ólafsson, Gestur Andrésson og Ólafur Andrésson greiði in solidum 10 króna sekt í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. marz 1941.

Nr. 104/1940. **Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Snorra Arnfinnssyni og gagnsök (Lárus Jóhannesson).

Krafa um bætur fyrir ólögmæt slit á vinnusamningi.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Aðaláfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 7. nóvember f. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. s. m., krefst aðallega algerrar sýknu, en til vara, að bætur til handa gagnáfrýjanda verði ákveðnar í hæsta lagi kr. 400.00. Enn fremur krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 14. janúar þ. á. áfrýjað málinu með stefnu 22. s. m., krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 4800.00 með 6% ársvöxtum frá 9. janúar 1940 til greiðsludags, kr. 553.30 í málskostnað í héraði, svo og málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í héraðsdómnum, þykir bera að staðfesta hann, þó þannig, að vaxtahæðin verði 6%.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að vaxtahæðin verði 6%.

Aðaláfrýjandi, bæjarstjóri Siglufjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Snorra Arnfinnssyni, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 27. júlí 1940.

Með stefnu, dags. 6. jan. s. l., krefst stefnandinn, hrm. Lárus Jóhannesson Rvk f. h. Snorra Arnfinnssonar, Borgarnesi, að bæjarstjóri Siglufjarðar, Áki Jakobsson f. h. bæjarsjóðs Siglufjarðar, verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 4800.00 með 6% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi, 9. jan. s. l., fyrir að mjólkurbúsnefnd og bæjarstjórn Siglufjarðar hafi ólöglega sagt umbjóðanda stefnanda (Snorra Arnfinnssyni) upp bústjórastarfinu við kúabú Siglufjarðarkaupstaðar á Hóli. Auk þess krefst stefnandinn, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað að skaðlausu, sem í málflutningnum er krafizt með kr. 533.30 samkv. sundurliðuðum reikningi.

Stefndur krefst sýknu, og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 450.00 í málskostnað.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina.

1933 var téður Snorri Arnfinnsson ráðinn bústjóri á kúabú bæjarins að Hóli. Fór ráðningin fram af bæjarstjórn, en bústjórinn hafði þó fengið fleiri atkv. mjólkurbúsnefndarmanna en aðrir umsækjendur. 1938 fær mjólkurbúsnefndin sérstakt umboð frá bæjarstjórn til þess að semja erindisbréf fyrir bústjórann. Er erindisbréfið undirskrifað 29. marz 1938 af bústjóranum og formanni mjólkurbúsnefndar. Í þessu erindisbréfi er meðal annars ákveðið: Getur hvor aðili sagt upp starfinu með 3 mánaða fyrirvara, og sé uppsögn miðuð við 1. júní. Á mjólkurbúsnefndarfundi 2. febrúar 1939 samþykkir mjólkurbúsnefndin (meiri hlutinn) að segja bústjóranum upp bústjórastarfinu frá 1. júní s. ár að telja, en fyrst 11. marz s. á. er fundargerð mjólkurbúsnefndar frá 2. febr. með uppsögninni borin undir atkvæði bæjarstjórnar, er samþykkir (meiri hlutinn) þessa uppsögn mjólkurbúsnefndar.

Stefnandi heldur því fram, að mjólkurbúsnefndin hafi enga heimild frá bæjarstjórn haft til uppsagnarinnar. Ákvörðunarvaldið hafi verið hjá bæjarstjórn og uppsögn mjólkurbúsnefndar því þýðingarlaus fyrir bústjórann, fyrr en uppsögnin innan þess frests, er erindisbréfið greini, væri samþykkt af bæjarstjórn, en þrátt fyrir að mjólkurbúsnefndin segði upp 2. febr., hafi sú uppsögn eigi verið borin undir bæjarstjórn fyrr en of seint eftir erindisbréfinu, eða ekki fyrr en 11. marz s. á.

Stefndur heldur því hins vegar fram, að mjólkurbúsnefndin hafi

haft fulla heimild frá bæjarstjórn til uppsagnarinnar. Fullyrðir stefndur, að „nokkru eftir“ að mjólkurbúsnefndin — með sérstöku umboði bæjarstjórnar — hafi sett bústjóra erindisbréfið 29. marz 1938, hafi bæjarstjórn veitt mjólkurbúsnefnd fullt og ótakmarkað umboð til þess að ráða rekstri búsins á þann hátt, er henni þætti hagkvæmast. Með þessum orðum „nokkru eftir“ viðurkennir stefndur, að mjólkurbúsnefndin hafi ekki haft þetta vald áður né fengið það með erindisbréfinu, sem gat þó verið sérstakt rannsóknar- og lögskýringaratriði samkv. orðalagi erindisbréfsins um vald mjólkurbúsnefndar.

Þessu mótmælir stefnandi og skorar á stefndan að segja til, hve nær slíkt umboð hafi verið veitt mjólkurbúsnefnd, en ekkert hefur frekar fengizt upplýst um það.

Aðiljar eru sammála um, að bústjórinn hafi 1933 verið ráðinn af bæjarstjórn og um, að bæjarstjórn hafi veitt mjólkurbúsnefnd sérstakt umboð til þess að setja erindisbréfið frá 29. marz 1938. Virðist af því mega ætla, að mjólkurbúsnefndin hafi ekki alla tíð, unz erindisbréfið var sett, haft vald til þess að ráða eða segja upp bústjóra mjólkurbús bæjarins, heldur bæjarstjórn ein. Kemur þá til rannsóknar, hvort bæjarstjórn hafi veitt mjólkurbúsnefnd þetta vald frá 29. marz 1938 til 2. febr. 1939. Það ætti nú að liggja í augum uppi, að stefndum hefði átt að vera auðvelt að upplýsa, hve nær á þessu tímabili bæjarstjórn hafi veitt mjólkurbúsnefnd þetta vald, en þrátt fyrir að málflutningurinn hefur gefið tilefni til þess að upplýsa, hve nær slíkt hafi gerzt, hafa engar sannanir komið fram í málinu í þá átt.

Þvert á móti bendir afgreiðsla bæjarstjórnar 11. marz 1939 á fundargerð mjólkurbúsnefndar frá 2. febr. 1939, afgreiðsla bæjarstjórnar á uppsögninni, frekar til hins gagnstæða. Þar kemur t. d. fram tillaga — sem að vísu var felld — um að láta uppsögnina gilda frá öðrum tíma en mjólkurbúsnefnd vildi eða hafði samþykkt, og svo er uppsögn mjólkurbúsnefndar borin undir atkvæði (fundargerðin með uppsögninni) og atkvæði talin með og mót. Sameinast slík afgreiðsla illa því, að fundargerð mjólkurbúsnefndar hafi aðeins verið borin undir bæjarstjórn til athugunar, eins og stefndur heldur fram, og svipað er um fleiri fundargerðir mjólkurbúsnefndar fyrr og eftir. T. d. er fundargerð mjólkurbúsnefndar frá 1¼ 1938 borin undir atkvæðagreiðslu bæjarstjórnar, og þegar núverandi bústjóri er ráðinn, er það borið undir atkvæði bæjarstjórnar. Þessu er eigi hnekkt með yfirlýsingu bæjarstjórnar á bæjarstjórnarfundi 27. febr. 1940, þar sem bæjarstjórn lýsir yfir, að mjólkurbúsnefndin „hafi haft og hafi enn fullt og ótakmarkað umboð til þess að ráða rekstri búsins á þann hrátt, er henni þykir hagkvæmast“ o. s. frv. Slík yfirlýsing getur eigi sem sönnunargagn skoðazt öðru vísi en hver önnur

einhliða aðilja yfirlýsing, og auk þess vantar að upplýsa, hve nær mjólkurbúsnefnd var veitt slíkt vald af bæjarstjórn.

Atriði þau, er hér hafa verið talin, leiða því til þeirrar ályktunar, að í málinu liggi eigi fyrir sannanir þess, að mjólkurbúsnefnd hafi haft vald til þess frá bæjarstjórn að segja upp bústjóranum, sem bæjarstjórn hafði ráðið. Samþykkt mjólkurbúsnefndar sé því í þessu efni aðeins sem tillögur um uppsögnina til bæjarstjórnar, sem svo ekki tekur málið til meðferðar fyrr en 11. marz 1939, að ekki er hægt fyrir bæjarstjórn að segja bústjóranum upp bústjórastarfinu með 3 mánaða uppsagnarfresti til 1. júní, eins og erindisbréfið til greinir. Er því uppsögn bæjarstjórnar, sem felst í fundargerð hennar 11. marz, vegna þessa dráttar of seint fram komin og ólögleg gagnvart bústjóranum. Þá kemur til álita sú mótbára stefnds, að hinn afsetti bústjóri hafi með vanrækslu sinni á skyldustörfum sínum unnið til þess að hafa fyrirgert sýslu sinni fyrirvaralaust, og uppsögnin af þeim ástæðum væri gild. En ekkert af því, er stefndur tilfærir, sannar, að hinn afsetti bústjóri hafi vanrækt skyldustörf sín, svo að fyrirvaralausri uppsögn varði.

Það verður því að telja rétt, að uppsögn mjólkurbúsnefndar og síðar bæjarstjórnar til bústjórans hafi verið óheimil, eins og málið liggur fyrir, vegna þess að uppsögn mjólkurbúsnefndar drógst svo lengi að afgreiða í bæjarstjórn, að ekki var af bæjarstjórn hægt 11. marz að segja bústjóranum upp með 3 mánaða fyrirvara til 1. júní s. ár, og að bústjóranum beri því bætur fyrir. En með tilliti til þess, að hinn afsetti bústjóri, Snorri Arnfinnsson, hefur eigi verið atvinnulaus frá 1. júní 1939, þykir rétt að færa skaðabótakröfu hans niður í 3000 kr. með 5% vöxtum frá 9. janúar 1940, sem greiðast stefnanda. Í málskostnað er hæfilegt eftir úrslitum málsins, að stefndur greiði stefanda 400 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, bæjarstjóri Siglufjarðar, Áki Jakobsson Siglufirði, f. h. bæjarsjóðs Siglufjarðar, greiði stefnandanum, hrm. Lárusi Jóhannessyni Rvk f. h. Snorra Arnfinnssonar Borgarnesi, 3000 kr. með 5% vöxtum frá 9. jan. 1940 og 400 kr. í málskostnað, en stefndur sé sýkn af frekari kröfum.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 22. marz 1941.

Kærumálið nr. 2/1941. **Georg Magnússon**

gegn

Níelsi P. Dungal og Ásmundi Guðmundssyni.

Setudómari hrm. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Um skyldu vitnis til staðfestingar á skýrslu sinni.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurð í máli þessu kvað Björn Þórðarson lögmaður upp í bæjarþingi Reykjavíkur þann 27. febr. þ. á. Egill Sigurgeirsson héraðsdómsmálflutningsmaður, sem sótti dómþing þetta af hendi sóknaraðilja, flutti þar fram þá ósk hans, að úrskurðurinn yrði kærður til hæstaréttar, að því er ætla verður, til að fá honum hrundið, enda þótt engar kröfur eða málsútlistun af hendi sóknaraðilja hafi fram komið. Af hendi varnaðaraðilja hafa hvorki verið hafðar uppi í málinu kröfur né greinargerð.

Sakarefni sóknaraðilja, Georgs Magnússonar, á hendur stefnda, prófessor Níelsi P. Dungal, eru þau, að prófessorinn hafi viðhaft meiðyrði um sóknaraðilja í kennslustund, varnað honum návistar í kennslustund og loks svipt hann möguleika til að ganga undir próf í læknisfræði. Hefur sóknaraðili krafizt þess í aðalmálinu, að stefndi verði af þessum sökum dæmdur til refsingar, svo og til skaðabóta fyrir röskun á stöðu og högum sóknaraðilja. Spurningar sóknaraðilja og svör varnaðaraðilja, Ásmundar prófessors Guðmundssonar, í vitnamáli þessu virðast ekki geta skipt máli um úrslit greinds sakarefnis, og þykir því mega staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Meðferð vitnamáls þessa fyrir héraðsdómi er mjög athugaverð. Við vitnaleiðslu varnaraðilja, er fram fór 22. febrúar f. á., leiðbeindi vitnadómarinn hvorki sóknaraðilja, sem sótti dómþing sjálfur og er ólöglærður maður, um spurningar hans til varnaraðilja, né benti sóknaraðilja á,

að hann gæti krafizt úrskurðar dómarans um skyldu varnaraðilja til að svara spurningum, er hann taldist undan að leysa úr. Enn fremur átti dómarinn að spyrja varnaraðilja, sem einnig er ólöglærður, um það, á hverju hann reisti synjun sína um að staðfesta vitnaskýrsluna með eiði, og leiðbeina honum í því efni. Eftir að sóknaraðili hafði krafizt úrskurðar dómarans um skyldu varnaraðilja til eiðfestingar, tók dómarinn málið ekki til úrskurðar, heldur veitti aðiljum fresti í því, og var það ekki fyrr en 20. febrúar þ. á., að dómarinn að kröfu sóknaraðilja tók greint atriði til úrskurðar.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1941.

Mál þetta hefur höfðað stefnandi, Georg stúdent Magnússon, út af ummælum, er hann telur stefndan, Níels P. Dungal prófessor, hafa viðhaft í kennslustund í háskólanum á tímabilinu $^{8}/_{12}$—$^{12}/_{12}$ 1938. Samkv. fyrirkalli stefnanda kom Ásmundur prófessor Guðmundsson hér fyrir réttinn sem vitni 22. febrúar f. á., og voru þá lagðar fyrir vitnið nokkrar spurningar, stílaðar af stefnanda, og svaraði vitnið þeim, án þess að óska úrskurðar dómarans um skyldu sína til þess. Stefnandi krafðist þess, að vitnið ynni eið að framburði sínum og vitnið krafðist einnig úrskurðar um skyldu sína til þess. Hinn reglulegi dómari sat ekki sjálfur í réttinum í þetta sinn, og úrskurður var ekki felldur þá, og málsaðiljar hafa stöðugt haft hjá sér skjöl málsins síðan. Nú hefur stefnandi endurtekið kröfu sína og afhent réttinum skjölin. Við athugun þeirra kemur í ljós, að spurningarnar lúta ekki að ummælum þeim, sem stefnt er út af, heldur varða þær önnur efni og annan vettvang og tíma. Framburður vitnisins virðist því ekki hafa þýðingu fyrir þetta mál, eins og það liggur fyrir, og verður vitnið þá ekki, samanber 125. gr. 3. tölulið einkamálalaganna, skyldað til að staðfesta framburðinn með eiði

Því úrskurðast:

Vitninu, Ásmundi prófessor Guðmundssyni, er ekki skylt að staðfesta með eiði framburð sinn hér fyrir réttinum 22. febrúar 1940.

Föstudaginn 4. apríl 1941.

Nr. 13/1940. **Kristján Kristjánsson** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Sveini Brynjólfssyni (Enginn).

Bótakrafa vegna ólögmætra slita á vinnusamningi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. febr. 1940, hefur krafizt sýknu af kröfum stefnda í máli þessu og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi sótti dóm, er mál þetta var þingfest og fjórum sinnum síðar, er því var fresað, en 31. f. m., er málið var tekið til dóms, kom enginn af hendi hans. Hefur málið því verið sótt skriflega, og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Að vísu verður að telja áfrýjanda hafa mælt þau orð við stefnda í sennu aðilja þann 27. ágúst 1938, sem í héraðsdómi getur. En stefndi verður þó ekki talinn hafa haft heimild til að leggja þann skilning í þau, að áfrýjandi ætlaðist til þess, að hann færi þegar alfarinn úr vinnunni, enda var stefnda innan handar að krefja áfrýjanda þegar yfirlýsingar um það, hvort orðin skyldi skilja á þann veg, en það gerði stefndi ekki. Verður því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdómsins. En eftir málalokum fyrir hæstarétti verður að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda málskostnað hér fyrir dómi, er ákveðst 200 krónur.

Héraðsdómarinn, Sigurður bæjarfógeti Eggerz á Akureyri, sem farið hefur með mál þetta og dæmt í héraði, hefur leyft málflytjendum, þeim Birni Halldórssyni og Jóni Sveinssyni málflutningsmönnum, að leggja fram í dóm tvö skrifleg sóknarskjöl og varnar hvorum, án þess að dómari hefði ákveðið eftir framlagningu fyrra sóknarskjals og varnar, hvort mál skyldi flytja skriflega eða munnlega, eins og boðið er í 109. gr. laga nr. 85/1936. Fresti fengu málflytj-

endur hvor um sig á víxl, eins og fyrr tíðkaðist í skriflegum málflutningi, en ekki til sameiginlegrar notkunar, svo sem boðið er í 110. og 111. gr. téðra laga, nema að litlu leyti. Loksins er, að því er virðist, ákveðinn munnlegur málflutningur *eftir að* málflytjendur hafa *tvisvar hvor* sótt og varið mál skriflega, og því í rauninni lokið flutningi þess skriflega samkvæmt ákvæðum 110. gr. nefndra laga. Með þessum hætti hafa bæði dómari og málflytjendur sniðgengið ákvæði margnefndra laga um flutning einkamála í héraði, til þarflauss dráttar á máli og aflagafærslu lögmætra dómskapareglna. Verður að átelja bæði dómara og málflytjendur fyrir slíka þingsafglöpun, en ekki þykir nægileg ástæða að þessu sinni til þess að beita refsiákvæðum 3. málsgr. 34. eða 2. málsgr. sbr. 3. tölul. 1. málsgr. 188. gr. laga nr. 85/1936. Mál þetta var þingfest í júnímánuði 1940. Síðan hafa málflytjendur frestað því alls 9 mánuði, enda þótt það sé óvenjulega óbrotið og umfangslítið og án þess að nokkurra nýrra gagna hafi verið aflað, er nokkurn verulegan tíma gat tekið að fá. Verður að átelja málflytjanda áfrýjanda, Lárus Jóhannessson hæstaréttarmálflutningsmann, fyrir þenna óþarfa drátt á málinu.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Kristján Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Sveins Brynjólfssonar, í máli þessu.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Stefndi greiði áfrýjanda 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. desember 1939.

Mál þetta hefur höfðað Sveinn Brynjólfsson bifreiðarstjóri fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu dags. 22. apríl 1939 gegn Kristjáni Kristjánssyni bifreiðaeiganda Akureyri til greiðslu á skaðabótum fyrir fyrirvaralausan brottrekstur stefnanda úr þjónustu sinni.

Stefnandinn segist undanfarin ár hafa verið mánaðarmaður við bifreiðakeyrslu hjá stefnda. Í fyrra sumar segist hann hafa ráðizt til stefnds upp á kr. 315.00 á mánuði, og taldi víst, að ráðningin hefði átt að gilda til haustsins. Hjá stefnda vann hann til 27. ágúst, en var þá, að því hann segir, rekinn burt, af því hann neitaði að sækja

sand til húsbygginga á sunnudagsmorgni. Stefnandinn gerir kröfu til, að stefndur greiði sér mánaðarkaup, kr. 315.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1938. Enn krefst hann málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 86.70 aurar.

Stefndi neitar öllum kröfum stefnanda og krefst sýknu, en í málskostnað kr. 65.00.

Stefndi neitar að hafa sagt stefnandanum upp vinnunni. Segist aðeins hafa verið stóroröur við hann, en það sé annað en uppsögn.

Á laugardaginn 29. ágúst virðast orðaskiptin hafa átt sér stað á milli stefnda og stefnandans, en stefndi beið til mánudagsins með að fá bifreiðarstjóra til að keyra bifreiðina, en er stefnandinn kom ekki, þá tók hann annan mann. Hann segir, að stefnandinn hafi átt að sækja 2 bíla með spekksandi á sunnudagsmorgun, og hafi hann verið skyldur að gera það gegn aukaborgun.

Þá heldur stefndur því fram, að stefnandinn hafi haft önnur störf en bílstjórastörf með höndum, og segir meðal annars, að hann hafi keyrt til skiptis vöruflutningabíl eða fólksbíl og stundum unnið önnur störf.

Þungamiðja starfsins virðist þó hafa verið bílkeyrsla, sbr. og kaupið, sem er ákveðið í réttarskj. 3 b. síðustu línu, svarar til kaups bifreiðarstjóra. Vitnið Ásgrímur Garibaldason hefur borið, sbr. réttarskj. 7, að stefndur hafi í tilgreint skipti viðhaft meðal annars þessi orð: „og ef hann vildi ekki gera það, sem hann var beðinn, mætti hann fara til andskotans".

Þessum orðum er ekki sérstaklega mótmælt, og þar sem vitnisburðurinn er tekinn gildur, sem eiðfestur væri, virðist mega ganga út frá, að orðin hafi fallið á þessa leið. Vitnið og tvö önnur vitni, sem hlýddu á samtal stefnda og stefnandans, hafa að vísu haldið því fram, að þau hafi ekki skilið ummæli stefnda sem uppsögn, enda hafur og stefndur haldið því fram, að hann hafi beðið til mánudags til þess að ráða mann í staðinn fyrir stefnandann.

Rétturinn verður nú að líta svo á, að jafnvel þó engin vissa sé fyrir því, að stefndur hafi ætlað að segja stefnandanum upp starfinu, þá hafi stefnandinn haft rétt til að skilja hin tilvitnuðu ummæli stefnda sem uppsögn.

Og þar sem stefnandinn hafði gegnt starfinu í 3 mánuði, er hann var látinn víkja frá því, þá virðist honum samkvæmt réttarskj. 3. 12. gr. bera 1 mánaðar uppsagnarfrestur. Og þar sem stefnandinn var eigi skyldur að reka það erindi á sunnudagsmorgni, sem honum var falið að gera, með því að það samrýmist eigi helgidagalöggjöfinni, en þar sem hann átti mánaðaruppsagnarfrest, auk þess eigi sannað, að hann hafi eigi skaðazt á burtrekstrinum, þá ber að taka kröfu stefnandans til greina og dæma stefnda til að greiða honum kr. 315.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1938 til greiðsludags.

Málskostnaður þykir rétt eftir atvikum, að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Kristján Kristjánsson, bifreiðaeigandi Akureyri, greiði stefnandanum, Sveini Brynjólfssyni bifreiðarstjóra, Akureyri, kr. 315.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1938 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. apríl 1941.

Nr. 102/1940. **Stefán Thorarensen** (Lárus Fjeldsted)
gegn
Kristni P. Briem
(cand. jur. Einar Ásmundsson).

Krafa um riftingu á lausafjárkaupum og um bætur vegna galla á seldum hlut.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Birni lögmanni Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. nóvember f. á., gerir hér fyrir dómi sömu kröfur og í héraði. Enn fremur krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar dómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar litið er á það, að refahirðir stefnda lýsti yfir því, að tæfan Gríma hafi gengið í marz 1938, þá verður ekki talin fram komin sönnun þess, að stefndi hafa haft ástæðu til að ætla tæfu þessa ófrjóa, þegar kaup aðilja gerðust, og verður málið því ekki dæmt áfrýjanda í vil á þeim grundvelli, að stefndi hafi vitandi eða gálaust leynt hann göllum á tæfunni. Áfrýjandi kveður, að refahirðir sinn hafi veitt því athygli, nokkru eftir að Gríma var komin í refabúið í Saltvík, að kynfæri hennar væru ekki í lagi, og að óvíst væri,

hvort hún gæti átt afkvæmi. Segist áfrýjandi hafa tilkynnt stefnda álit refahirðisins þá þegar, en gegn eindregnum mótmælum stefnda verður ekki talið í ljós leitt, að áfrýjandi hafi hreyft við hann athugasemdum vegna galla á tæfunni fyrr en í bréfi 22. maí 1939, að hann krafðist riftunar á kaupunum. Þessi viðvörun áfrýjanda er of seint fram borin, og verður því samkvæmt 52. gr. laga nr. 39/1922 að taka kröfu stefnda um sýknu í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Mál þetta var þingfest 7. september 1939, og lagði stefnandi, áfrýjandi hér fyrir dómi, þá fram greinargerð í málinu. Þann 19. október s. á., leggur stefndi fram greinargerð af sinni hendi. Hefði þá átt að ákveða, hvort málið skyldi flytja munnlega eða skriflega samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936 og veita aðiljum hæfilegan og sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. Í stað þess fær stefnandi nú frest til 25. janúar 1940, og leggur þá fram framhaldsgreinargerð. Síðan fær stefndi frest til 22. febrúar s. á. og leggur þá fram framhaldsgreinargerð. Loks í þinghaldi 18. apríl s. á. er skriflegur flutningur málsins ákveðinn. Skiptast aðiljar síðan sóknarskjölum og varnar þann 9. maí, 27. júní og 5. september s. á., en 26. s. m. er málið loks tekið til dóms, eftir að bókuð höfðu verið mótmæli af hálfu stefnanda við síðustu vörn stefnda. Þessi málsmeðferð, sem mjög horfir máli til tafa, fer í bága við ákvæði 109. og 110. gr. laga nr. 85/1936, og verður að átelja bæði héraðsdómarann, Björn Þórðarson lögmann, og hæstaréttarmálflutningsmennina Lárus Fjeldsted og Eggert Claessen, sem ráðið hafa flutningi málsins fyrir hönd aðilja í héraði, fyrir hana, en eigi þykir þó að þessu sinni nægileg ástæða til að beita refsiákvæðum 3. málsgr. 34. gr. og 2. málsgr. sbr. 3. tölul. 1. málsgr. 188. gr. laga nr. 85/1936.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. okt. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., er skv. samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 1. ágúst f. á. af Stefáni Thorarensen lyfsala, hér í bæ, gegn Kristni Briem kaupmanni, Sauðárkróki. Gerir stefnandi þær kröfur, að stefndur endurgreiði honum andvirði læðu, að upphæð kr. 500.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. des. 1938 til greiðsludags, gegn afhendingu læðunnar, að stefndur endurgreiði honum fyrir fóðurkostnað, hirðingu, lyf og búrleigu kr. 10.00 á mánuði, talið frá 1. des. 1938 og þar til hann tekur við tófunni, að stefndur greiði honum kr. 1500.00 í skaðabætur fyrir gróðatap, vegna þess að læðan reyndist tvíkynja og gat ekki átt hvolpa, og loks að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu. Þá hefur stefnandi í rekstri málsins bætt við þeirri kröfu, að honum verði fyrir 1940 tildæmdar kr. 1500.00 í skaðabætur fyrir að tæfan hafi ekki getað átt hvolpa.

Stefndur krefst algerðrar sýknu af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að með kaupsamningi, dags. 27. ágúst 1938, seldi stefndur stefnanda 6 pör silfurrefa fyrir kr. 1200.00 parið og tvær fullorðnar silfurrefalæður, Evu 43 K, er hlotið hafði 1. verðlaun bæði hér á landi og í Noregi, fyrir kr. 600.00, og Grímu 9 L, alsilfur, fyrir kr. 500.00. Skyldu dýrin vera afhent í nóvember (að aflokinni refasýningu, ef haldin yrði) og greiðast við afhendingu á Sauðárkróki. Sending þaðan skyldi fara fram á ábyrgð kaupanda. Voru dýrin síðan afhent og greidd á tilsettum tíma.

Stefnandi heldur því fram, að þar sem stefndur hafi ekki fengizt til að afhenda dýrin, fyrr en seint að kvöldi til í myrkri, hafi menn þeir, sem hann hafi sent til að sækja dýrin, ekki getað rannsakað þau þá. Hins vegar hafi þeir orðið að fara suður strax um kvöldið vegna slæms veðurútlits. Skoðun á dýrunum hafi því ekki getað farið fram, fyrr en þau voru komin til sinna nýju heimkynna að Saltvík á Kjalarnesi. En litlu eftir að dýrin hafi verið komin þangað, kveður stefnandi, að refahirðir hans hafi haft orð á því við sig, að kynfærin á Grímu 9 L væru öðruvísi en gerðist á kvendýrum, og að spenarnir væru svo litlir, að það liti ekki út fyrir, að dýrið hefði verið sogið. Hafi hann talið það mjög vafasamt, hvort slík tófa gæti átt afkvæmi. Stefnandi kveður sig hafa tilkynnt stefndum þetta álit refahirðisins, en stefndur þvertekið fyrir, að þetta gæti verið satt. Um veturinn hafi tófa þessi ekki viljað para sig og hafi hún þá verið innsprautuð með „hormonpræparati", sem í flestum tilfellum framkalli vilja hjá kvendýrum til pörunar, en innsprautingin hafi engin áhrif haft á dýr þetta. Hafi hann því fengið tvo dýralækna til að athuga tófuna, og sýni vottorð þeirra, að tófa þessi sé tvíkynja og geti ekki átt afkvæmi, og hafi, að því er virðist, aldrei átt. Heldur stefnandi því fram, að tófa þessi hafi,

eins og verð hennar, kr. 500.00, bendi til, verið seld honum sem fyrsta flokks dýr til undaneldis, og hafi það verið tekið sérstaklega fram við sig, að tófan hefði tvisvar sinnum átt hvolpa. Stefndur hafi með þessu vanefnt skyldu sína verulega, og hafi stefnandi því krafizt þess, að stefndur tæki við tófunni aftur, endurgreiddi stefnanda verð hennar, greiddi allan kostnað, er hann hefði haft af henni, og bætur fyrir ágóðamissi. En þar eð stefndur hefur verið ófáanlegur til þessa, sé mál þetta höfðað, og gerðar í því framangreindar kröfur.

Stefndur heldur því fram, að Gríma 9 L hafi átt hvolpa, á meðan hún var í eigu hans, og hafi hún hagað sér að öllu leyti eðlilega. Veturinn 1937—38 hafi hún að vísu ekki átt hvolpa, en það stafi af því, að notaður hafi verið handa henni refur, sem hafi verið farinn að dofna. Stefndur segir, að menn þeir, er sækja áttu Grímu, hafi komið 9. nóvember að áliðnum degi eða stuttu fyrir myrkur til Sauðárkróks. Hafi þá staðið yfir refasýning sú, er um ræði í kaupsamningnum. Þar sem myrkur hafi verið skollið yfir, er refasýningin var úti, hafi hann færzt undan að afhenda dýrin þá og viljað bíða næsta dags. Það hafi sendimenn stefnanda alls ekki viljað. Hafi þá dýrin verið afhent um nóttina við rafljós og á ábyrgð kaupanda. Stefndur telur ósannað, að Gríma sé tvíkynja eða ófrjó, enda sé það með öllu óþekkt innan silfurrefaræktar heimsins, að silfurrefalæða, sem átt hafi hvolpa, breytist síðar í tvíkynja afbrigði. Hitt komi oft fyrir, að ár falli úr, án þess að læður fái fang, þó að þær gangi, og sé það talið eðlilegt. Þá þverri og frjósemi silfurrefalæða með aldrinum. — Þá heldur stefndur því fram, að eins og samningurinn frá 27. ágúst 1938 beri með sér, hafi hann ekki tekið ábyrgð á læðunni sem undaneldisdýri, enda sé það eigi venja hér á landi, að seljandi taki á sig slíka ábyrgð í viðskiptum um silfurrefi. — Loks telur stefndur, að þó að svo yrði litið á, að Gríma væri ófrjó og tvíkynja og að hann bæri ábyrgð á þeim galla, þá séu allar kröfur á hendur honum niður fallnar, þar eð stefnandi hafi ekki tilkynnt honum um gallann nógu snemma. Mótmælir stefndur því eindregið, að stefnandi hafi tilkynnt honum nokkuð um ástand Grímu um miðjan vetur 1938—39 og hafi hann ekki gert það fyrr en um vorið 1939.

Í málinu hafa verið lögð fram vottorð tveggja refahirða stefnds, þeirra Lars Oleivsgard og Páls Stefánssonar. Segir Oleivsgard í vottorði sínu, sem dags. er 12. sept. f. á. og staðf. 30. marz þ. á., að Gríma hafi árið 1935 átt 4 hvolpa. Hafi þeir allir lifað, og tveir þeirra verið síðar seldir burtu. Árið 1936 hafi Gríma fætt tvo hvolpa, en báðir drepizt, og því ekki komið til merkingar Loðdýraræktarfélags Íslands það ár, sem hafi verið fyrsta merkingarár félagsins. Ástæðan fyrir því, að hvolparnir hafi drepizt, hafi verið sú, að vont kjöt hafi verið notað til fóðurs um þetta leyti. Oleivs-

gard kveðst hafa verið sjónarvottur að því í bæði skiptin, þegar Gríma gaut. Um fengi- og gottímann hafi hún hagað sér alveg eins og aðrar silfurrefalæður búsins. Við staðfestingu vottorðs þessa bar Oleivsgard það, að hann hefði um fengitímann 1937 skoðað getnaðarfæri Grímu daglega og ekki orðið var við nein missmíði, en ekki 1938, þar eð hann hafi þá ekki verið starfsmaður hjá stefndum. — Páll Stefánsson segir í vottorði sínu, sem dagsett er 13. sept. f. á. og staðfest 30. marz þ. á., að hann muni greinilega, að Gríma 9 L hafi um vorið 1935 fætt nokkra hvolpa, fimm eftir því, sem hann minnir. — Eysteinn Bjarnason f. h. refabúsins á Reynistað í Skagafirði og Sigurður Guðmundsson á Syðra-Vatni í Lýtingsstaðahreppi hafa gefið vottorð og staðfest þau 30. marz þ. á., þess efnis, að silfurrefum, er þeir hafi keypt af stefndum, hafi fylgt ættarbókarvottorð, þar sem silfurrefirnir eru taldir vera komnir af Grímu 9 L. — Þá hefur Egill Helgason, sem var vetrarmaður og vann í refabúi stefnds veturinn 1937—1938, gefið vottorð, dagsett 23. nóv. f. á., en staðfest 30. marz þ. á. Í því segir hann: „Ég man það greinilega, að silfurrefalæðan Gríma 9 L gekk seint í marzmánuði, og var notaður handa henni refur, sem nefndur var Uggi. Samfarir dýranna voru stuttar, enda var búið að nota þennan ref mikið þá yfir fengitímann, og var hann farinn að dofna.“ Við staðfestingu vottorðs þessa bar Egill það, að hann viti ekki til, að kynfæri Grímu hafi á nokkurn hátt verið óeðlileg eða frábrugðin kynfærum annarra silfurrefalæða á búinu þann tíma, sem hann var starfsmaður við refabú stefnds.

Jakob Sterri, refahirðir hjá stefnanda, hefur gefið vottorð, dags. 15. nóv. f. á. og staðfest 14. marz þ. á., um það, að stuttu eftir að dýrin hafi komið til Saltvíkur, hafi hann skoðað þau og hafi hann þá strax tekið eftir því, að kynfærin á Grímu 9 L hafi verið öðruvísi en algengt sé á kvendýrum, og enn fremur, að brjóstvörturnar væru einkennilega litlar.

Vitnisburður Jakobs Sterri hefur lítið sönnunargildi í máli þessu, þar eð hann, sem er í þjónustu stefnanda, hefur borið stefnanda í hag, enda er tími sá, er vitni þetta kveðst hafa orðið vart við galla á Grímu, næsta óákveðinn.

Þrír dýralæknar, þeir Bragi Steingrímsson, Ásgeir Einarsson og Jón Pálsson, sem skoðað hafa Grímu, telja, að hún sé ófrjó og óhæf til undaneldis. Ásgeir telur hana enn fremur vera tvíkynja afbrigði. Jón telur afasamt, hvort hægt sé að kyngreina hana, og kveðst ekki geta dæmt um, hve nær hún hafi orðið ófrjó, en myndi telja líklegast, að hún hafi aldrei átt hvolpa. Bragi telur, að slíkar breytingar, sem orðið hafi á Grímu, séu lengi að myndast. Fjórði dýralæknirinn, Hannes Jónsson, sem ekki hefur skoðað Grímu, telur það mjög ósennilegt, að læða, sem eitt sinn hafi átt hvolpa, breytist síðar og verði tvíkynja og þar af leiðandi ófrjó.

Vitnisburður dýralæknanna um ástand Grímu, þegar þeir skoðuðu hana, þykja ekki óyggjandi sönnun um ástand hennar þá, þar sem þeir athuguðu hana sitt í hvert skipti eftir beiðni stefnanda, og án þess að nokkur væri viðstaddur af hendi stefnds, enda ber dýralæknunum ekki í öllu saman. Þá skoðuðu dýralæknarnir ekki Grímu fyrr en löngu eftir afhendingu hennar til stefnanda 9. nóv. 1938 (fyrsta skoðun dýralæknis fór ekki fram fyrr en ca. 4 mánuðum eftir afhendinguna). Gegn eindregnum mótmælum stefnds þykir þá stefnandi ekki hafa sannað, að Gríma hafi verið ófrjó og óhæf til undaneldis eða á nokkurn hátt verið farin að verða óeðlileg og kynfæri hennar að byrja að breytast, þegar afhending hennar fór fram. Að vísu hefur stefndur viðurkennt það, að Gríma hafi hvorki átt yrðlinga 1937 né 1938, en því er líka ómótmælt, að það komi mjög oft fyrir, að silfurrefatæfur fæði ekki yrðlinga ár og ár. Þá ber enn fremur að gæta þess, að stefnandi tilkynnti ekki stefndum, svo sannað sé, um galla á Grímu, fyrr en um vorið 1939, þó að hann haldi því fram, að hann hafi fengið vitneskju um þá þegar stuttu eftir afhendingu hennar.

Að þessu athuguðu þykir verða að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Kristinn Briem, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Stefáns Thorarensen, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 23. apríl 1941.

Nr. 28/1941. **Réttvísin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Sigurði Benediktssyni (Pétur Magnússon).

Ákæra fyrir hvatning til glæps og tilboð um gjald fyrir framkvæmd hans.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í héraðsdóminum, ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar á meðal málflutn-

ingslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Péturs Magnússonar, 100 krónur til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 8. febrúar 1941.

Ár 1941, laugardaginn 8. febrúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í bæjarþingstofunni af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 335/1941: Réttvísin gegn Sigurði Benediktssyni.

Málið er höfðað gegn ákærða að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins fyrir brot gegn 10. kafla og 18. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það var dómtekið hinn 6. þ. m.

Ákærði er Sigurður Benediktsson póstafgreiðslumaður, til heimilis að Grettisgötu 69 hér í bænum, nú gæzlufangi í fangahúsinu, fæddur 3. ágúst 1905 í Keldudal í Hegranesi. Hegningarvottorð hans er svo látandi:

1929 ½ Sætt, 25. kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt.
1930 ⁸⁄₁₀ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 150 kr. sekt, sviptur ökuskirteini í 8 mánuði og greiði skaðabætur, kr. 1825.25, fyrir brot á áfengislögunum og bifreiðalögunum.
1940 ¹⁶⁄₉ Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Hinn 15. janúar s. l. afhenti brezka herstjórnin ákærða til embættisins. Var hann ákærður af herstjórninni um tilraun til skemmdarstarfsemi, og hafði verið í haldi hennar frá því sunnudagsmorguninn 29. desember.

Gögn þau, er herstjórnin afhenti til stuðnings ákærunni, voru framburðir tveggja vitna, er bæði voru skipverjar á brezka skipinu Lesto. Voru þeir teknir af brezka aðalkonsúlatinu hér í bænum og höfðu verið staðfestir með eiði.

Framburðir vitnanna eru svo hljóðandi:

Affidavit-Concerning an alleged attempt to induce certain members of the crew of the British Steamship „Lesto" to damage the ship.

I John Gray, fireman, of 25, Scotstown Street, Whiteinch, Glasgow, make oath and say as follows:

I am a fireman on board the British Steamship „Lesto" at present lying in Reykjavik Harbour. I went ashore in company with Thomas Kelly about 7 p. m. on Dec. 25th 1940 and at about midnight on the pavement outside the Hekla Hotel we were approached by two civilians who asked us in English whether we were English. We both replied that we were Scotch. He asked „Do you like the English." Becoming suspicious we replied „No", and they both seemd pleased. They clapped us on the shoulders and invited us to go to their respective apartments. As we wished to remain together, we refused. One of them, who wore glasses, took off one of his cufflinks, and gave it to me to weare as a stud as I had lost mine. The other civilian went off to look for a taxi but did not come back. The first civilian then took us through a wooden gate and closed it, he then produced a bottle of Cognac and took out the cork with a sheath-knife and offered us drinks. I accepted but he himself took none. He said „Ireland great country, Scotland good, England no good", clicked his heels and gave the Nazi Salute. He put his arms on our shoulders and sang something we took to be a German marching song. He repeated his remarks about England, Scotland and Ireland several times, and said he kept his knife for the English. He then went over to the Taxi office opposite and got a taxi and took us to his apartment. There he took my jacket off and took my knife and stuck it in the corner of a picture. He took out his own knife and made slashes in the air in front of my face, saying: „This is how we kill English". Then he put his knife away and said, „You like to see German Pictures?"" and showed us a magazine containing portraits of Hitler and Ribbentrop. He asked if we would like to hear German talk and switched on his wireless set onto some foreign station. Shortly after he said that de Valera was a great man and Ireland a great country. He said, „Ireland no bomb: Scotland may be: English destroy", and spat on carpet, gave the Nazi Salute and shouted, „We will conquer". During this Kelly said he was an Irishman. The man then said, pointing to each of us. „You Shotch, you Irish, can you blow up ship". We replied „Why". He said, „Two thousand Kroner, you blow up ship". We asked where was the money. He told us to meet him at 7 p.m. on Sunday night at the Hekla square to make arrangements. We then left and reported the matter to the military Police. It was then about 1—15 a. m., and about 15 minutes after we had left the house.

(signed) John Gray.

Swore at the British Conulate General, Reykjavik, on the 29th Day of December 1940 before me,

(signed) F. M. Shepherd, M.B.E.
H.B.M. Consul General.

Affidavit-Concerning an alleged attempt to induce certain members of the crew of the British steamship „Lesto" to damage the ship.

I Thomas Kelly, firman, c/o Mrs. Madden, 17 Forestfield Street, Glasgow, make oath and say as follows:

I am a fireman on board the British Steamship „Lesto" at present lying in Reykjavík Harbour. I went ashore with John Gray about 7 p.m. on the evening of Dec. 25th. 1940 and remained with him until we returned to the ship in the early morning of Des. 26th. I have read the affidavit made by John Gray concerning what happened between approximately midnight and 1—15 a.m. on that night, and confirm that it is in all respects true and accurate.

(signed) Thomas Kelly,

Sworn at the British Consulate General, Reykjavík, on the 29th day of December 1940, before me.

(signed) F. M. Shepherd, M.B.E.
H.B.M. Consul General.

Framburðir vitnanna eru í þýðingu löggilts skjalaþýðanda svo hljóðandi:

Eiðfest yfirlýsing um, að því er haldið er fram, tilraun til þess að fá tiltekna skipsmenn af brezka gufuskipinu Lesto til að valda skemmdum á skipinu.

Ég, John Gray, kyndari, til heimilis í 25 Scotstown Street, Glasgow, sver og segi sem hér greinir:

Ég er kyndari á brezka gufuskipinu Lesto, sem í svipinn liggur í Reykjavíkurhöfn. Ég fór í land, ásamt Thomas Kelly, nálægt kl. 7 s. d. þann 25. desember 1940, og um miðnætti komu til okkar á stéttinni fyrir utan Hótel Heklu tveir borgaralega klæddir menn, sem spurðu okkur á ensku, hvort við værum enskir. Við svöruðum báðir, að við værum skozkir. Hann spurði: „Er ykkur vel til Englendinga?" Vegna þess að tortryggni vaknaði hjá okkur, svöruðum við „Nei", og virtist þeim báðum falla vel. Þeir klöppuðu á herðarnar á okkur og buðu okkur hvor til sinna híbýla. Vegna þess að við vildum vera saman, höfnuðum við boðinu. Annar þessara, sem brúkaði gleraugu, tók af sér annan mansjettuhnappinn og lét mig fá hann til þess að brúka fyrir kragahnapp, sem ég hafði misst. Hinn maðurinn fór til þess að svipast eftir bíl og kom ekki aftur. Sá fyrrgreindi fór þá með okkur gegnum timburhlið og lokaði því. Tók hann þá upp hjá sér koníaksflösku og tók úr henni tapann með skeiðahnif og bauð okkur að súpa á. Ég þáði þetta, en sjálfur saup hann ekki á. Hann sagði: „Írland mikið land, Skotland gott, England einskisvert", sló saman hælunum og heilsaði með nazistakveðju. Hann lagði handleggina á axlir okkar og söng eitthvað, sem við tókum fyrir þýzkt hergöngulag. Hann endurtók umsögn sína um England, Skotland og Írland hvað eftir annað, og

kvaðst hafa hníf sinn handa Englendingum. Svo fór hann yfir á bílastöðina andspænis, útvegaði bíl og fór með okkur heim til sín. Þar færði hann mig úr jakkanum og tók hnífinn minn og stakk honum í hornið á mynd einni. Hann tók upp hníf sjálfs síns og flensaði með honum út í loftið frammi fyrir andlitinu á mér og sagði: „Svona ferðu að því að drepa enska." Svo lagði hann frá sér hnífinn og sagði: „Viltu sjá þýzkar myndir?" og sýndi okkur hefti, sem í voru myndir af Hitler og Ribbentrop. Hann spurði, hvort okkur langaði til að heyra þýzkt tal og stillti útvarpsviðtaka sinn á einhverja erlenda stöð. Litlu síðar sagði hann, að de Valera væri mikill maður og Írland mikið land. Hann sagði: „Írland ekki bombardera, Skotland kannske, enska uppræta", og skirpti á gólfdúkinn, heilsaði með nazistakveðju og æpti: „Við skulum sigra." Meðan þessu fór fram, hafði Kelly sagt, að hann væri Íri. Maðurinn sagði þá og benti á hvorn fyrir sig: „Þú skozkur, þú írskur, getið þið sprengt upp skipið?" Við svöruðum: „Því þá?" Hann sagði „Tvö þúsund krónur, þið sprengið upp skipið." Við spurðum, hvar peningarnir væru. Hann sagði okkur að koma til móts við sig kl. 7 s. d. sunnudagskvöldið við Heklutorgið til þess að gera ráðstafanir. Fórum við þá og skýrðum setuliðslögreglunni frá málinu. Klukkan var þá um 1.15 f. h., og það var um 15 mínútum eftir að við höfðum farið út úr húsinu."

(Undirritað) John Gray.

Sór á brezka aðalkonsúlatinu í Reykjavík, þann 29. desember frammi fyrir mér.

(Undirritað) F. M. Shepherd, M. B. E.,
brezkur aðal-konsúll.

Eiðfest yfirlýsing um, að því er talið er, tilraun til þess að fá tiltekna menn af áhöfninni á brezka gufuskipinu Lesto til að valda skemmdum á skipinu.

Ég, Thomas Kelly kyndari, til heimilis hjá Mrs. Madden, 17 Forestfield Street, Glasgow, sver og segi svo sem hér greinir:

Ég er kyndari á brezka gufuskipinu Lesto, sem í svipinn liggur í Reykjavíkurhöfn. Ég fór í land, ásamt John Gray, nálægt kl. 7 e. h. kvöldið þann 25. desember 1940, og var með honum, þangað til við fórum aftur út í skipið árla morguns þann 26. desember. Ég hefi lesið eiðfesta yfirlýsingu þá, er John Gray hefur gefið um það, sem gerðist frá því nálægt miðnætti til kl. 1,15 f. h. téða nótt, og staðfesti hana í öllum greinum sem sanna og rétta.

(Undirskrifað) Thomas Kelly.

Svarið á brezka aðalkonsúlatinu í Reykjavík þann 29. desember 1940 frammi fyrir mér.

(Undirritað) F. M. Shepherd, M. B. E.,
brezkur aðal-konsúll.

Ennfremur afhenti herlögreglan í réttinum eina manséttuhnappa. Var annar hnappurinn í tvennu lagi, og hafði hann verið lagður fram af vitninu, en hinn fannst við húsrannsókn herlögreglunnar í herbergi ákærða.

Ákærður hefur ákveðið og eindregið neitað því að hafa haft í huga eða unnið að skemmdarstarfsemi þeirri, er hann þannig var sakaður um. Hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið við drykkju á jóladaginn og um kvöldið verið orðinn það drukkinn, að hann ekki muni eftir sér. Hefur hann skýrt frá félögum sínum um daginn og tilnefnt nokkra menn, er hann hafði hitt og drukkið með, og hafa þeir staðfest frásögn hans um drykkjuna.

Ákærður sat hjá kunningja sínum um kvöldið og fór þaðan, að því er ætla má, um kl. 12. Kveðst hann eftir það hafa útvegað sér eina hálfflösku af koníaki, en síðan ekki muna til sín. Hefur hann með öllu neitað að muna til þess að hafa hitt vitnin, né hafa viðhaft við nokkurn mann þau tilmæli, er þau skýra frá.

Eftir að hin ensku vitni höfðu samkvæmt frásögn sinni yfirgefið ákærða, fóru þau niður á lögreglustöð og skýrðu herlögreglunni frá málavöxtum. Áttu þau tal um þetta við Walter Savory korporal.

Hann lét vitnin lýsa ákærðum fyrir sér og síðan vísa sér á staðinn og fór þangað með þeim og fékk í för með sér Hjört E. Guðmundsson lögregluþjón. Vitnin gátu bent á staðinn og endurþekkt ákærðan. Walter Savory telur, að hann hafi þá verið eðlilegur í sjón og ódrukkinn. Hjörtur Guðmundsson hefur borið það, að sér hafi virzt ákærður vera rotinn og mjög syfjaður og yfirleitt þannig útlits, að hann gæti verið mjög timbraður. Ákærður var í rúmi sínu, þegar þeir komu þar, og athuguðu þeir hann ekki sérstaklega.

Samkvæmt frásögn Walters Savory var þetta kl. 3—4 um nóttina.

Walter Savory hefur borið, að hin ensku vitni hafi verið ódrukkin að sínu áliti. Til marks um það benti hann á, að þau hefðu getað vísað sér á húsið, enda þótt þau væru ókunnug hér í bænum. Hjörtur Guðmundsson hefur aftur á móti borið, að sér hafi virzt vitnin vera ölvuð, og kveðst hann hafa hugsað sér að hafa orð á því við varðstjóra sinn, þótt ekki hafi orðið af því.

Að áliti réttarins eru ekki fram komnar gegn neitun ákærða sannanir fyrir því, að hann hafi unnið að verki því, sem á hann er borið. Hin ensku vitni hafa ekki orðið leidd fyrir rétt, og jafnvel þótt frásögn þeirra sé lögð til grundvallar, verður að líta á ummæli þau, er í framburði þeirra eru höfð eftir ákærðum, frekar sem drykkjuraus en alvarlega áskorun. Þykir sjálf frásögn vitnanna sýna það, og það eins koma heim við það, sem vitað er um drykkju ákærða um daginn. Samkvæmt þessu verður að sýkna ákærða af ákæru réttvísinnar í máli þessu, svo og að ákveða, að allan kostnað sakarinnar beri að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnar-

laun til skipaðs talsmanns ákærða, Gunnars Pálssonar cand. juris, er ákveðast kr. 60.00.

Ákærður hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan hinn 15. f. m.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Sigurður Benediktsson, skal sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða, Gunnar Pálssonar cand. juris, kr. 60.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 23. apríl 1941.

Kærumálið nr. 3/1941.

Bæjarstjóri Akureyrar f. h. bæjarsjóðs
gegn
Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps
f. h. hreppsins.

Skipti milli sveitarfélaga. Frávísun.

Dómur hæstaréttar.

Með kröfu 6. febrúar þ. á., hingað kominni 31. f. m., hefur sóknaraðili kært dóm bæjarþings Akureyrar frá 31. janúar þ. á., kveðinn upp af Sigurði bæjarfógeta Eggerz, og krefst sóknaraðili þess *aðallega*, að dómur þessi verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að kveða upp efnisdóm í málinu, en *til vara*, ef aðalkrafan yrði ekki tekin til greina, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður. Svo krefst sóknaraðili málskostnaðar fyrir hæstarétti, 200 krónur eða eftir mati dómsins. Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki greinargerð né kröfur komið fram fyrir hæstarétti.

Með því að mál þetta varðar slík skipti milli sveitarfélaga sem í 65. gr. laga nr. 43/1927, 78. gr. laga nr. 135/1935 og 81. gr. laga nr. 52/1940 greinir, ber að vísa því frá dómi ex officio, eins og héraðsdómarinn hefur gert, og ber því

að staðfesta héraðsdóminn, þar með málskostnaðarákvæði hans. Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Með mál þetta er mjög aflaga farið í héraði. Dómari lætur hvorn aðilja leggja fram tvær greinargerðir og að því loknu ákveður hann skriflegan málflutning, í stað þess að gera þetta samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936 jafnskjótt sem aðiljar höfðu lagt fram sína greinargerðina hvor. Síðan er málið flutt skriflega tvisvar af hendi hvors aðilja. En höfuðglöpin í málsmeðferðinni eru þó þau, að dómarinn lætur þvert ofan í 1. og 2. málsgr. 108. gr. laga nr. 85/1936 aðilja sækja og verja mál að efni til til þrautar, enda þótt hann hlyti að sjá eða hefði átt að sjá, að hann yrði að vísa því frá dómi ex officio vegna ákvæða framangreindra þriggja fátækra- og framfærslulaga. Með þessum hætti hefur dómarinn valdið aðiljum óþarfri og algerlega gagnlausri fyrirhöfn og kostnaði. Hefur héraðsdómari með þessum hætti ekki gætt réttrar aðferðar í meðferð máls þessa og úrlausn, og varðar þessi þingsafglöpun hans, sem teljast verður stórfellt gáleysi, sektum í ríkissjóð samkvæmt 3. málsgr. 34. gr. laga nr. 85/1936, er áveðast 50.00 krónur. Þá verður og að ætla málflytjanda sóknaraðilja, Jón lögfræðing Sveinsson, fyrir hlutdeild hans í jafn fráleitri málshöfðun í héraði sem þessari, hlutdeild hans í hinni röngu málsmeðferð í héraði og loks fyrir hinar fráleitu kærukröfur hans fyrir hæstarétti, enda þykja þessar ávirðingar hans varða 50.00 kr. sektum í ríkissjóð samkvæmt 2. tölulið 188. gr. laga nr. 85/1936 samanber 22. gr. laga nr. 19/1940 analogice.

Sektir þær, er að framan greinir, skal hvor hinna dæmdu afplána með þriggja daga varðhaldi, ef þær greiðast ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði héraðsdómur á að vera óraskaður.

Héraðsdómarinn, Sigurður bæjarfógeti Eggerz, og Jón lögfræðingur Sveinsson greiði hvor um sig 50.00 króna sekt í ríkissjóð, og afpláni hvor þeirra sektina með þriggja daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan

4 vikna frá birtingu dóms þessa, er fullnægja ber að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 31. janúar 1941.

Mál þetta hefur höfðað Steinn Steinsen bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar með stefnú, dags. 16. september 1940, gegn hreppsnefnd Grímseyjarhrepps, þeim oddvita Magnúsi Símonarsyni Grenivík, Jakobi Helgasyni Sjálandi og Óla Bjarnasyni Sveinsstöðum, til greiðslu á sveitarskuld, sem bæjarsjóður hefur greitt vegna gamalmennisins Sigurðar Jónssonar, að upphæð kr. 1793.59, auk 5% ársvaxta frá 16. september 1940. Enn fremur krefst stefnandinn málskostnaðar.

Stefndi, hreppsnefnd, krefst algerðrar sýknunar, en til vara, að hún verði ekki dæmd til að greiða nema ⅔ hinnar umstefndu upphæðar. Enn fremur krefst hreppsnefndin málskostnaðar.

Ágreiningur sá, sem ræðir um í máli þessu, er á milli sveitarstjórna, og samkv. 81. gr. framfærslulaganna skal yfirvald skera úr slíkum ágreiningi. Samkvæmt þessu ber að vísa málinu frá ex officio.

Í málskostnað greiði stefnandinn stefndum kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Málinu vísast frá réttinum ex officio. Í málskostnað greiði Steinn Steinsen f. h. bæjarsjóðs hreppsnefnd Grímseyjarhrepps, Magnúsi Símonarsyni oddvita, Jakobi Helgasyni og Óla Bjarnasyni, kr. 200.00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1941.

Kærumálið nr. 4/1941. **Verzlun Sigfúsar Sveinssonar**
gegn
Snæbirni Jónssyni.

Ákvörðun um dómtöku og frest. — Endurupptökukröfu hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Þann 26. marz þ. á. var þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur málið nr. 114/1941: Snæbjörn Jónsson gegn Verzlun Sigfúsar Sveinssonar. Var málið höfðað til heimtu andvirðis

bóka, sem stefnandi taldi stefnda til skuldar, eða til vara til skila óseldra bóka. Við þingfestingu var ekki sótt þing af hendi stefnda, en umboðsmaður stefnanda tók frest í málinu. Þann 2. þ. m. var því næst háð þing í málinu, er sótt var af hendi beggja aðilja. Umboðsmaður stefnda bað nú um 14 daga frest, er andmælt var af annari hálfu. Í tilefni af þessu bókaði dómarinn, Björn Þórðarson lögmaður, svo látandi ákvörðun sína: „Samkvæmt kröfu stefnanda og þar sem stefndur hefur ekki sannað forföll síðasta réttardag, tók rétturinn málið undir dóm.“ Þessa ákvörðun héraðsdómarans hefur sóknaraðili, Verzlun Sigfúsar Sveinssonar, kært til hæstaréttar með bréfi 5. þ. m., er hingað barst 12. s. m., og krafizt þess, að lagt verði fyrir héraðsdómarann að taka málið upp af nýju, veita sér frest til að bera fram varnir í því og að sér verði dæmdur kostnaður af kærumálinu úr hendi varnaraðilja. Varnaraðili hefur í greinargerð 15. þ. m., er hingað barst sama dag, krafizt þess aðallega, að kærumáli þessu verði vísað frá hæstarétti, en til vara, að dómtaka þess verði staðfest. Svo krefst hann og kostnaðar af kærumálinu úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Ákvörðun dómara um frestsynjun og dómtöku máls þykir eiga að sæta kæru til æðra dóms, og verður frávísunarkrafan því ekki tekin til greina.

Með því að stefndi kom ekki fyrir dóm, þegar málið var þingfest, enda þótt honum væri löglega stefnt, og ekkert hefur komið fram um forföll hans, átti hann ekki heimtingu á að taka til varna í málinu gegn mótmælum stefnanda, sbr. 2. málsgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, og ber því að staðfesta hina kærðu ákvörðun dómarans.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 50 krónur í kærukostnað.

Því dæmist rétt vera:

Hin kærða dómsákvörðun á að vera óröskuð.

Sóknaraðili, Verzlun Sigfúsar Sveinssonar, greiði varnaraðilja, Snæbirni Jónssyni, kr. 50.00 í kærukostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. apríl 1941.

Nr. 72/1940. **H/f Fiskimjöl** (Theódór B. Lindal)
gegn
Sigurði Hallbjarnarsyni
(cand. jur. Egill Sigurgeirsson).

Skuldaskil vélbáta. Endurgreiðsla víxilfjárhæðar.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. júlí f. á. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að málsúrslit verði látin velta á eiði stefnda um það, að hann hafi samþykkt víxil þann, er í málinu greinir, fyrr en gengið var frá skuldaskilum hans þann 11. desember 1937. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Loforð stefnda, það er í þessu máli greinir, verður ekki samrýmt því markmiði, sem lög nr. 99 frá 1935 stefna að, og er þegar af þeirri ástæðu ógilt. Ber því að staðfesta greiðsluákvæði héraðsdómsins.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður, en áfrýjandi greiði stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, H/f Fiskimjöl, greiði stefnda, Sigurði Hallbjarnarsyni, kr. 2838.70 með 5% ársvöxtum frá 11. maí 1940 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði falli niður, en áfrýjandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 15. maí 1940 af Sigurði Hallbjarnarsyni, útgerðarmanni á Akranesi, gegn h/f. Fiskimjöl hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3173.30 með 6% ársvöxtum frá 9. maí 1940 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar.

Atvik máls þessa eru þau, að á árinu 1937 leitaði stefnandi aðstoðar Skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda um uppgjör og lagfæringu skulda sinna.

Gaf stjórn skuldaskilasjóðs út innköllun á venjulegan hátt til skuldheimtumanna stefnanda. Meðal þeirra, er lýstu kröfum á hann, var H/f Fiskimjöl hér í bænum, stefndur í máli þessu. Stóð svo á því, að árið 1933 hafði stefnandi keypt m/b Björgvin, sem nú hét m/b Bára, af Birni nokkrum Benediktssyni o. fl. fyrir kr. 35000.00 og tók þá að sér að greiða skuld við stefndan, að fjárhæð kr. 30000.00, er hvíldi á bátnum með fyrsta veðrétti. Þegar stefndur lýsti kröfu sinni til skuldaskilasjóðs, hafði stefnandi vanhaldið afborgunarákvæðin um skuldina, en þó greitt af henni vexti, og nam skuldin kr. 24920.00 samkvæmt kröfulýsingunni. Er innköllunarfrestur var liðinn, samdi skuldaskilasjóður frumvarp til skuldaskila fyrir stefnanda. Námu eignir hans samkvæmt því eftir mati kr. 78125.00. Var m/b Bára þar talin kr. 19400.00 virði. Skuldir námu kr. 106689.72. Samkvæmt frumvarpinu skyldu kr. 14503.20 hinnar veðtryggðu skuldar greiddar stefnanda að fullu í peningum, en kr. 10416.80 af henni skyldu skoðast óveðtryggðar og greiða með 2%, eða kr. 208.34, sem fullnaðargreiðslu.

Eins og venja var til, var frumvarp þetta lagt fram á fundi, er skuldaskilasjóður hélt með lánardrottnum stefnanda og umboðsmönnum þeirra. Var sá fundur haldinn 10. desember 1937. Mætti þar lögfræðingur af hálfu stefnds, en áður en kom til atkæðagreiðslu, virðist framkvæmdastjóri hins stefnda félags hafa komið sjálfur á fundinn. Var fundinum þá, að því er virðist, eftir beiðni framkvæmdarstjórans frestað um hálfa klukkustund, og vék framkvæmdarstjórinn á brott á meðan. Þenna frest notaði framkvæmdarstjórinn til að hafa tal af stefnanda, en hvað þeirra fór á milli, er ekki tryggilega upplýst í máli þessu, og eru aðiljar mjög ósammála um það.

Skýrir stefnandi svo frá, að framkvæmdarstjórinn hafi lagt fyrir sig víxil, að upphæð kr. 2448.40, en það var helmingur þeirrar fjárhæðar, kr. 4896.80, er samkvæmt skuldaskilafrumvarpinu hvíldi með lögveðsrétti á m/b. Bára, og hafi framkvæmdarstjórinn heimtað af sér, að hann samþykkti víxilinn. Kveðst stefnandi hafa verið ófús til að samþykkja víxilinn, en þó hafa látið undan hótunum og nauðung framkvæmdarstjórans, er m. a. hafi hótað sér, að ef hann ekki samþykkti víxilinn, myndi stefndur ekki samþykkja skuldaskilin,

og kveðst stefnandi hafa trúað því, að það væri á valdi stefnds að varna sér þeirra. — Framkvæmdarstjóri stefnds skýrir aftur á móti svo frá, að þegar er hann hafi orðið þess var, að stefnandi sótti um skuldiskil gegnum skuldaskilasjóðinn, hafi hann tjáð honum, að stefndur myndi ekki samþykkja þau, nema veðskuld hans yrði greidd að mestu, en myndi ella yfirtaka bátinn upp í hana. Þegar hann hafi orðið þess var, að báturinn hafi aðeins verið virtur kr. 19500.00 í frumvarpinu til skuldaskilanna, kveðst framkvæmdarstjórinn á fundinum hafa mótmælt frumvarpinu. En þá hafi hann frétt, að stefnandi væri að leita sín og biði eftir sér í skrifstofu stefnds. Hafi þá fundinum verið frestað um hríð, og hann farið og haft tal af stefnanda. Kveðst hann hafa tjáð stefnanda það sama og áður um afstöðu stefnds til skuldaskilanna. Stefnandi hafi þá grátbeðið sig að samþykkja skuldaskilin, en hann haldið við fyrri ákvörðun. Hafi stefnandi þá boðizt til að samþykkja víxil, að fjárhæð kr. 2448.40, eða sem svaraði helmingi þeirrar lögveðskuldar, er taldar voru hvíla á bátnum. Þetta kveðst framkvæmdarstjórinn loks hafa fallizt á sem greiða við stefnanda, en þó þannig, að stefnandi samþykkti ekki víxilinn, fyrr en að loknu samþykki skuldaskilafrumvarpsins. Kveðst framkvæmdarstjórinn síðan hafa farið og samþykkt frumvarpið, en er hann hafi komið aftur í skrifstofuna, hafi stefnandi samþykkt víxilinn og þakkað sér mjög vel fyrir hjálpina. — Hvor aðilja skýrir hér rétt frá, er óupplýst í málinu, en hins vegar þykir mega telja upplýst, að stjórn skuldaskilasjóðs og öðrum lánardrottnum stefnanda hafi verið þetta með öllu ókunnugt, og ekki er sannað gegn andmælum stefnanda, að því hafi nokkurn tíma verið hreyft við þá aðilja af hálfu stefnds, að hann hefði í huga að yfirtaka bátinn upp í skuldina, og skrifstofustjóri skuldaskilasjóðs hefur skýrt svo frá, að hann minnist þess ekki, að framkvæmdarstjórinn hafi nokkru sinni, hvorki fyrir né eftir fundarhléið, hreyft andmælum gegn skuldaskilafrumvarpinu.

Fyrrgreindur víxill féll í gjalddaga 1. ágúst 1938, en þá neitaði stefnandi að greiða hann. Var þá höfðað mál gegn honum til greiðslu víxilsins, er lauk á þá leið með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 27. október 1939, að stefnandi var dæmdur til greiðslu víxilsins ásamt vöxtum og málskostnaði, enda var ekki talið, að varnir þær, er stefnandi bar fram, gætu komið til álita í víxilmáli. Greiddi stefnandi dómskuldina þann 11. maí 1940 með fyrirvara um endurheimtu í sérstöku máli, og nam greiðslan alls kr. 2838.70. Höfðaði stefnandi síðan þetta mál til heimtu hinnar greiddu dómskuldar ásamt kostnaði þeim, er hann hafði haft af víxilmálinu, kr. 334.60, eða samtals kr. 3173.30, sem er stefnukrafan í máli þessu.

Byggir stefnandi kröfur sínar í þessu máli á sömu rökum og hann hafði uppi sér til varnar í víxilmálinu, þ. e. 1) að skuldin hafi verið að fullu greidd gegnum skuldaskilin, 2) að víxilskuldbindingin hafi

verið ógild, vegna þess að beitt hafi verið misbeitingu til að fá sig til að samþykkja víxilinn, og loks 3) á því, að með því að fá sig til að samþykkja víxilinn hafi framkvæmdarstjóri stefnds verið að knýja fram ólögmæta ívilnun til handa stefndum, en það hafi gert víxilskuldbinguna óbindandi fyrir sig. Af þessu leiði, að enda þótt hann hafi af réttarfarsástæðum verið dæmdur til að greiða víxilinn, þá beri nú að dæma stefndan til að endurgreiða sér hina greiddu fjárhæð samkvæmt víxildómnum, ásamt kostnaði þeim, er hann hafi haft af víxilmálinu.

Stefndur byggir þar á móti sýknukröfu sína í máli þessu á því, að víxilskuldbindingin hafi verið að fullu gild, og sé því ekki unnt að dæma sig til að endurgreiða fjárhæð þá, er hann hafi fengið greidda samkvæmt dóminum í víxilmálinu.

Svo sem áður er að vikið, er ekki unnt að sjá af því, sem fram er komið í máli þessu, hvor aðilja skýrir rétt frá um aðdraganda stofnunar framangreindrar víxilskuldbindingar. 1) En þegar litið er á alla aðstöðu stefnanda, þegar hann tók á sig skuldbindinguna, 2) að ekki er sannað, að stefndur hafi hreyft því við stjórn skuldaskilasjóðs, að hann ætlaði að yfirtaka bátinn upp í veðskuldina, né að hann hafi nokkru sinni hreyft andmælum gegn frumvarpinu, 3) að ósannað er, að hann hefði hlotið nokkurn hagnað um fram það, sem hann fékk við skuldaskilin, við að yfirtaka bátinn, og loks 4) þegar það er haft í huga, að stefndur leyndi bæði stjórn skuldaskilasjóðs og aðra lánardrottna stefnanda víxilskulbindingunni, þá þykir verða að líta svo á, að til umræddrar víxilskuldbindingar hafi verið stofnað á þann hátt, að ógilt hafi verið gagnvart stefnanda. Ber því að dæma stefndan til endurgreiðslu hinnar greiddu dómskuldar, kr. 2838.70, ásamt 5% ársvöxtum frá 11. maí 1940. Hins vegar verður stefndur ekki dæmdur til að greiða stefnanda kostnað hans af víxilmálinu, enda gat stefnandi komið í veg fyrir hann með því að greiða víxilinn án málssóknar með fyrirvara um endurheimtu. — Þá verður að dæma stefndan til að greiða stefnanda málskostnað í máli þessu, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, H/f Fiskimjöl, greiði stefnandanum, Sigurði Hallbjarnarsyni, kr. 2838.70 með 5% ársvöxtum frá 11. maí 1940 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. apríl 1941.

Nr. 92/1940. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Óskari Georg Halldórssyni
(Lárus Jóhannesson).

Brot á gjaldeyrislöggjöf.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið cand. jur. Helgi Laxdal samkvæmt konunglegri umboðsskrá, dags. 28. september 1939.

Í málshöfðunartilkynningu héraðsdómarans til kærða í þinghaldi 24. júní 1940 segir einungis, „að mál væri höfðað gegn honum fyrir brot á lögum um gjaldeyrisverzlun o. fl. nr. 73 frá 1937 og reglugerð nr. 50 frá 1938.“ Kærði virðist hafa mátt gera ráð fyrir því, að í þessari tilkynningu fælist krafa um sekt á hendur sér. Hins vegar þykir málskostnaður ekki verða dæmdur á hendur kærða, þar sem kröfu um hann er ekki getið í tilkynningunni. Brot kærða, sem fólgið er í notkun andvirðis seldra íslenzkra afurða til ferðalaga erlendis og vanrækslu á að gera fullnægjandi skil um sölu greindra afurða, þykir varða við 1. gr. laga nr. 73 frá 1937 og 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 50 frá 1938. Ákveðst refsing kærða samkvæmt 6. gr. téðra laga og 30. gr. téðrar reglugerðar 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað hennar 45 daga varðhald, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Sakarkostnaður allur bæði í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærða í héraði, kr. 40.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Óskar Georg Halldórsson, greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 45 daga varðhald í stað sektar-

innar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Sakarkostnaður allur í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun talsmanns kærða í héraði, cand. juris Ingólfs Jónssonar, kr. 40.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Jóhannessonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. ágúst 1940.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Óskari Georg Halldórssyni útgerðarmanni, til heimilis að Ingólfsstræti 21 Reykjavík, fyrir brot á lögum um gjaldeyrisverzlun o. fl. nr. 73 frá 31. des. 1937 og reglugerð nr. 50 frá 1938.

Málavextir eru þessir: Á árinu 1938 flutti félagið Óskar Halldórsson h.f., en kærður er forstjóri þess, út fisk fyrir ísl. kr. 110764.00 að áætluðu söluverði.

Af þeirri upphæð skilaði félagið og ráðstafaði samkvæmt heimildum frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd erlendum gjaldeyri fyrir ísl. kr. 88400.00, en skil vanta fyrir erlendum gjaldeyri að upphæð ísl. kr. 22364.00.

Kærður hefur játað, að hann stjórni félaginu á eigin spýtur og beri einn ábyrgð á gjaldeyrisráðstöfunum þess. Hann gerir þá grein fyrir gjaldeyrishallanum, að kr. 13455.00 af andvirði hinna útfluttu vara hafi hann varið til ferðalaga sinna erlendis árið 1938 og annars nánar tiltekins kostnaðar utanlands, án þess að hafa til þeirra ráðstafana heimild gjaldeyris- og innflutningsnefndar. En kr. 8909.00 telur kærður tap frá tilfærðu verði vegna skemmda hinna útfluttu vara og annarra mistaka.

Kærður hefur undir rannsókn máls þessa lagt fram nokkur bréf frá umboðsmönnum sínum erlendis, en enda þótt þau virðist benda til þess, að illa hafi gengið með sölu á sumum fisksendingunum, telur rétturinn ekki næg gögn fyrir hendi til þess að taka til greina fullyrðingar kærðs um framannefndar skemmdir á hinum útflutta fiski, þar sem telja verði, að útflytjandi íslenzkra afurða verði að sanna skemmdir og verðrýrnun á hinum útfluttu vörum, ef hann vill bera slíkt fyrir sig um gjaldeyrisskil.

Þær fisksendingar, sem kærður telur hafa ónýtzt, voru allar sendar óseldar út, en á útflutnings-yfirlýsingunum yfir þær tilfært

áætlað verð, en hins vegar undirritaði kærður yfirlýsingu um, að vörurnar væru óseldar, og skuldbatt sig jafnframt til þess að afhenda gjaldeyris- og innflutningsnefnd sölureikninga þegar er varan væri seld. Þetta gerði þó kærður ekki. Hann hefur haldið því fram, að oftast hafi hann gert munnlega upp þessa fiskverzlun við umboðsmenn sína á ferðum sínum erlendis og hafi hann því enga sölureikninga fengið. Þá hefur kærður játað, að hann hafi ekki fært bækur yfir sölu á þeim vörum, er hann sendi í umboðssölu erlendis árið 1938.

Kærður hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1927 $^{19}/_{12}$ Kærður fyrir rangan framburð fyrir rétti. Afgreitt til dómara.
1930 $^{2}/_{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931 $^{1}/_{4}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almanna færi.
1931 $^{4}/_{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt.
1932 $^{2}/_{1}$ 300 kr. sekt fyrir brot á 8. kap. hlutafélagalaganna.
1932 $^{9}/_{5}$ Kærður fyrir svik. Málið látið falla niður.
1933 $^{8}/_{11}$ Sátt, 200 kr. sekt fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu.
1935 $^{15}/_{11}$ Aðvörun fyrir brot á slysatryggingalögunum.
1938 $^{1}/_{4}$ Kærður fyrir meint tékksvik. Féll niður.

Allt í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Með framangreindu athæfi sínu þykir kærður hafa gerzt brotlegur við lög um gjaldeyrisverzlun o. fl. nr. 73 frá 31. des. 1937 1. gr. og reglugerð nr. 50 frá 1938 6. gr. og 30. gr. 2. mgr., og þykir refsing hans hæfilega tiltekin kr. 3000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 80 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá þykir og rétt að dæma kærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Ingólfs Jónssonar cand. jur., sem ákveðast kr. 40.00.

Á máli þessu hefur enginn ólöglegur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Óskar Georg Halldórsson, greiði kr. 3000.00 í sekt til ríkissjóðs, eða sæti 80 daga einföldu fangelsi, ef sektin ekki verður greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði hann og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Ingólfs Jónssonar cand. jur., kr. 40.00.

Dóminum ber að framfylgja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. apríl 1941.

Nr. 101/1940. **Daníel Ólafsson og Egill Árnason** (Lárus Fjeldsted) gegn **Ragnari Jónssyni, Þorvaldi Thoroddsen og Jóni E. Vestdal** (Einar B. Guðmundsson).

Ágreiningur um framsal réttinda samkvæmt einkaleyfi og krafa um endurgjald fyrir þau.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Birni Þórðarson lögmanni.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. okt. f. á., gera sömu dómkröfur og í héraði og auk þess til þrautavara, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim skaðabætur eftir mati dómsins. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefndu eftir mati dómsins. Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Að vísu verður að líta svo á, að aðiljar hafi talið sig hafa gert bindandi samning 2. febrúar 1939, og að sá samningur hafi átt að fela í sér framsal á réttindum og skyldum samkvæmt lögum nr. 57/1938, en með því að ekki verður staðhæft, að ríkisvaldinu megi á sama standa, hver með slíkt sérleyfi sem þetta fari, verður að telja áfrýjendur hafa brostið heimild til framsalsins, sem ekki getur í lögunum, og ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Það athugast, að héraðsdómarinn hefur ekki, þegar aðiljar höfðu hvor lagt fram sína greinargerð, ákveðið tilhögun málflutnings samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936, og að hann hefur leyft umboðsmanni áfrýjenda (stefnenda í héraði) að leggja síðan fram alllanga framhaldsgreinar-

gerð, og málið hefur því í raun réttri af hans hálfu verið flutt bæði munnlega og skriflega.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. sept. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 8. maí s. l. af Daniel Ólafssyni og Agli Árnasyni, kaupmönnum hér í bæ, gegn Ragnari Jónssyni framkvæmdarstjóra, Bergstaðastræti 48, Þorvaldi Thoroddsen framkvæmdarstjóra, Túngötu 12, og dr. Jóni E. Vestdal efnafræðingi, Hávallagötu 21, öllum hér í bænum, og eru dómkröfur stefnanda í því þær *aðallega*, að stefndir verði fyrir rof á samningi dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 30000.00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, *til vara*, að stefndir verði dæmdir til að greiða kr. 6000.00 í bætur fyrir samningsrof árið 1939, ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, og að viðurkennt sé með dómi í máli þessu, að stefndum beri að greiða þeim árlega í skaðabætur eftir 1. janúar 1940 og til ársloka 1943 kr. 6000.00, auk vaxta frá gjalddaga hverrar ársgreiðslu til greiðsludags. Þá krefjast stefnendur og málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Stefndir krefjast sýknu og málskostnaðar.

Þann 25. apríl 1938 voru samþykkt á Alþingi lög um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði. Hlutu þau konungsstaðfestingu 11. júní s. á., sem lög nr. 57 frá 1938. Í lögum þessum er svo ákveðið, að frá gildistöku þeirra (11. júní 1938) og til ársloka 1943 veitist stefnendum máls þessa einkaleyfi til að flytja úr landinu og selja á erlendum markaði hrafntinnu, sem notuð er til að húða með steinbyggingar. Reglugerð skyldi sett um framkvæmd einkaleyfisins, og mátti í henni ákveða m. a., að óheimilt skyldi að flytja út beztu tegund hrafntinnu, um eftirlit með brotum á leyfinu og sekt við brotum leyfishafa o. s. frv.

Snemma á árinu 1939 hófust samningaumleitanir með aðiljum máls þessa, stefnendum annars vegar og stefndum hins vegar, um, að stefnendur heimiluðu stefndum alla hagnýtingu einkaleyfisins. Þann 2. febrúar 1939 undirrituðu aðiljar skjal um hagnýtingu leyfisins. Er skjalið yfirritað með orðinu samningur og er efni þess í aðalatriðum á þá leið, að stefnendur gefa stefndum „fullt umboð til að flytja út einir hrafntinnu með þeim réttindum og skyldum, sem teknar eru fram í áðurnefndum lögum", þ. e. einkaleyfislög-

unum. Stefndir skyldu greiða stefnendum kr. 30.00 af hverju útfluttu tonni, og skyldu þeir flytja út a. m. k. 200 smálestir árlega, en ef útflutningsmagnið yrði ekki 200 smálestir eitthvert árið, skyldu stefndir þó halda réttindunum gegn því að greiða stefnendum kr. 6000.00, þ. e. sömu fjárhæð og greiðslan næmi, ef lágmarksmagnið væri flutt út. Stefndum var áskilinn réttur til að ganga frá réttindum og skyldum allt til 1. júní 1939, enda greiddu þeir þá stefnendum kr. 500.00 í skaðabætur. Yrði breyting á gengi krónunnar, miðað við sterlingspund, skyldu allar greiðslur breytast í samræmi við það. Réttindin skyldu stefndir hafa til ársloka 1943, eða til loka sérleyfistímans.

Undir þetta skjal rituðu allir málsaðiljar á þá lund, að það væri samþykkt sem samningsgrundvöllur.

Umrætt skjal er lagt fram í frumriti í máli þessu. Er það blýantsritað og allmikið útstrikað úr því og breytt. Vildu stefnendur, og þá einkum Daníel, ekki hafa skjalið í því ástandi. Varð því samkomulag um, að þeir létu lögfræðing athuga það og rita það á ný, e. t. v. eitthvað fyllra og gleggra, en sama efnis. Fengu stefnendur því skjalið eða afrit af því og fóru með það til lögfræðings síns.

Nú leið og beið, og virðist ekkert hafa gerzt í málinu, fyrr en í janúar 1940, en 22. þess mánaðar rituðu stefnendur stefndum bréf, þar sem þeir tjá þeim, að ástæðan til þess, að þeir hafi óskað eftir, að stefndir undirrituðu hreinritað og nokkru gleggra skjal, er þeir virðast þá fyrir nokkru hafa fengið frá lögfræðingi sínum og afhent stefndum Þorvaldi, sé ekki sú, að þeir telji skjalið frá 2. febrúar 1939 á nokkurn hátt ófullnægjandi, heldur sú, að þeir telji æskilegra báðum aðiljum, að skjalið væri nokkru gleggra, til þess að síður yrði ágreiningur um efni þess. En ef stefndir ekki telja ástæðu til að undirrita hið nýja skjal, sem þó væri í samræmi við efni hins gamla, þá kváðust stefnendur gjarna vilja láta við það sitja. Þessu bréfi stefnenda svöruðu stefndir 31. s. m. á þá leið, að þeir neituðu að undirrita hið nýja skjal og tilkynntu jafnframt, að þeir teldu sig að engu leyti bundna við skjalið frá 2. febrúar 1939.

Þessum málalokum vildu stefnendur ekki una, enda töldu þeir stefndu að öllu leyti skuldbundna samkvæmt ákvæðum skjalsins frá 2. febrúar 1939. Höfðuðu þeir því mál þetta og gera í því áðurgreindar kröfur, er þeir miða við það, að þeir geti krafið stefndu um greiðslu af lágmarksútflutningi samkvæmt ákvæðum skjalsins, enda þótt þeir hafi ekkert flutt út enn þá.

Byggja stefnendur réttarkröfur sínar á því, að skjalið frá 2. febrúar 1939 sé fullgildur samningur milli aðilja, og séu stefndir bundnir við efni hans að öllu leyti. Þeir hafi að vísu haft heimild til að segja honum upp fyrir 1. júní 1939, en það hafi þeir ekki gert né heldur hafi neitt annað gerzt, er losað hafi þá undan ákvæðum samningsins. Samkvæmt ákvæðum samningsins séu stefnd-

ir a. m. k. skyldir til greiðslu hinnar ákveðnu lágmarksupphæðar, kr. 6000.00 á ári. Séu kröfurnar og miðaðar við það og beri því að taka þær til greina.

Stefndir byggja hins vegar sýknukröfuna á því, að skjalið frá 2. febrúar 1939 hafi ekki verið endanlegur samningur um hagnýtingu einkaleyfisins. Það hafi aðeins verið drög að samningi, er átt hafi að hafa til hliðsjónar, þegar fullnaðarsamningur yrði ger. Stefnendur hafi ekki, eins og þeim hafi borið, séð um, að til yrði til undirskriftar formlegur samningur hæfilegum tíma eftir undirritun skjalsins frá 2. febrúar 1939. Og þar sem nýnefnt skjal hafi aðeins átt að vera og verið undirritað sem samningsgrundvöllur, en ekki sem endanlegur og bindandi samningur, þá séu þeir að engu leyti bundnir við efni þess, heldur algerlega lausir við það og óþarft hafi því verið að tilkynna stefnendum neitt, á þann hátt, er í samningsgrundvellinum greinir, um það, að þeir (stefndir) vildu losna við ákvæði hans. Auk þess telja þeir, að þeir, að athuguðu máli, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að stefnendum væri óheimilt að framselja einkaleyfisréttinn, og hafi þeir af þeirri ástæðu einnig talið sig lausa allra mála, hvernig sem litið væri á skjalið frá 2. febrúar 1939, þar eð allir samningar um slíkt framsal hlytu þá að vera markleysa.

Í lögunum um útflutningseinkaleyfið er m. a. svo kveðið á, að útflutningsgjald af hrafntinnu skuli fara eftir samkomulagi við ráðherra, en þó vera á milli kr. 5.00 og 50.00 af hverri smálest. Ennfremur skyldi heimilt að ákveða í reglugerð, er ráðherra setti, að ekki skyldi heimilt að flytja út beztu tegund hrafntinnu. Um þessi atriði og önnur fleiri, er ákveða skyldi í reglugerð, var engin vitneskja fengin 2. febrúar 1939, er margnefnt skjal var undirritað. Virðast þessi atriði þó hafa mjög mikla þýðingu, er ákveða átti um hagnýtingu einkaleyfisins og endurgjald fyrir hana. Bendir þetta til þess, að sú staðhæfing stefnda sé rétt, að skjalið frá 2. febrúar 1939 hafi ekki átt að vera endanlegur samningur, heldur eingöngu samningsgrundvöllur, er breytingum kynni að taka, ef af endanlegum samningum yrði. En eins og málið liggur fyrir, þykir þó ekki ástæða til að taka afstöðu til þess, hvort nefnt skjal ber að telja fullnaðarsamning eða aðeins undirbúning undir samning. Enda þótt orðalag skjalsins sé á þá leið, að stefnendur veiti stefndum „fullt umboð til að flytja út einir hrafntinnu með þeim réttindum og skyldum, sem teknar eru fram" í sérleyfislögunum, þá er ekki vafi á því, að skjalið ber að skilja þannig, að stefnendur hafi ætlað að framselja stefndum með þeim öll þau réttindi, er þeim voru sjálfum veitt í einkaleyfislögunum. Slíkt framsal er stefnendum ekki heimilað í lögunum, og þar sem þeir verða ekki taldir hafa heimild til þess samkvæmt almennum reglum né heldur eðli málsins, verður að telja, að þeim hafi verið það með öllu óheimilt, og samningur

um það, þótt gerður hafi verið, markleysa. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnenda, en málskostnaður þykir eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Ragnar Jónsson, Þorvaldur Thoroddsen og Jón E. Vestdal, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Daniels Ólafssonar og Egils Árnasonar, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 30. apríl 1941.

Nr. 14/1941. **Sverrir Magnússon f. h. h/f Chemia**
gegn
Th. B. Líndal f. h. R. Beiersdorf & Co A/S.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sverrir Magnússon f. h. h/f Chemia, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 5. maí 1941.

Nr. 60/1940. **H/f Vestfjarðabáturinn**
gegn
Önnu Jósefsdóttur f. h. dánarbús Sigurðar Bjarnasonar.

Frestun. Nýjar upplýsingar.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt að fresta því og veita aðiljum kost á því samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936 að láta fara fram matsgerð dómkvaddra manna á verðmæti skipsins „Kolbeinn ungi“ í ástandi þess í október 1937, þegar það kom til Ísafjarðar, og ennfremur um það, hvort skipið hefur spillzt fyrir van-

geymslu áfrýjanda á því frá þeim tíma, og ef slík spjöll hafa orðið, þá að lýsa þeim eftir föngum og áætla verðrýrnun skipsins af vangeymslunni eftir núgildandi verðlagi.

Því úrskurðast:

Meðferð máls þessa fyrir hæstarétti er frestað, og er aðiljum veittur kostur á að afla framangreindra skýrslna.

Mánudaginn 5. maí 1941.

Nr. 83/1940. **Hafliði Anaís Einarsson** (Eggert Claessen)
gegn
Özuri B. Jenssyni vegna barnsins Jennýar Helgu Breiðfjörð (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. sept. 1940 að fengnu áfrýjunarleyfi 24. ágúst s. á. Þegar málið var þingfest þann 29. nóv. 1940, var mætt í því af hálfu stefnda og einnig á síðari fyrirtökudögum málsins, er frestir hafa verið veittir. En er málið skyldi flytja þann 30. apríl þ. á., var ekki mætt í því af hálfu stefnda, og er það þess vegna flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112 frá 1935 og dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Áfrýjandi krefst þess *aðallega*, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu, en *til vara*, að staðfest verði niðurstaða héraðsdómsins um það, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að úrslit málsins velti á því, hvort

áfrýjandi vinnur eið þann, er í dómnum greinir, á löglegu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Hafliði Anaís Einarsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Özurar B. Jenssonar vegna barnsins Jennýar Helgu Breiðfjörð, ef hann synjar fyrir það með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lögmætu varnarþingi og innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stúlkuna Pálínu Kristínu Jensdóttur á tímabilinu frá 10. nóvember 1936 til 30. janúar 1937, að báðum dögum meðtöldum.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, þá skal hann talinn faðir barnsins Jennýar Helgu Breiðfjörð, er nefnd Pálína Kristín Jensdóttir ól þann 19. september 1937, enda greiði hann þá meðlag með barninu og barnsfarakostnað, hvort tveggja eftir úrskurði yfirvalds.

Vinni áfrýjandi eiðinn, þá skal málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falla niður. En verði áfrýjanda eiðfall, þá skal hann greiða stefnda málskostnað í héraði, kr. 75.00, en málskostnaður fyrir hæstarétti falla niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. febrúar 1940.

Ár 1940, fimmtudaginn 15. febrúar, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, upp kveðinn dómur í barnsfaðernismálinu nr. 8/1940: Özur B. Jensson vegna barnsins Jennýar Helgu Breiðfjörð gegn Hafliða Anaís Einarssyni, sem tekið var til dóms 13. sama mánaðar.

Hinn 19. september 1937 ól ógift stúlka, Pálína Kristín Jensdóttir, Mölum í Bolungavík, fullburða meybarn, er í skírninni hlaut

nafnið Jenný Helga Breiðfjörð. Hún lýsti Hafliða Anaís Einarsson, fyrrum sjómann, til heimilis á Tangagötu 29 á Ísafirði, föður að barninu, en hann hefur eigi viljað kannast við faðernið. Gerði barnsmóðir því þær réttarkröfur, að kærði yrði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfarakostnað eftir yfirvaldsúrskurði. Til vara hefur hún krafizt þess, að úrslit verði látin velta á fyllingareiði sínum. Loks hefur hún krafizt þess, að kærði verði dæmdur til að greiða henni málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Kærði hefur hins vegar krafizt sýknu og til vara, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði sínum. Loks hefur hann krafizt þess, að kæranda verði gert að greiða allan málskostnað.

Rannsókn máls þessa fór fram á Ísafirði og í Bolungavík síðara hluta ársins 1938. Síðan hefur kærði flutt hingað til bæjarins og á nú heima í húsinu Öldugötu 57, og er atvinnulaus. Hinn 8. maí 1939 andaðist barnsmóðir, og hefur í hennar stað gengið í málið bróðir hennar, Özur B. Jensson í Bolungavík, sem elur önn fyrir barninu.

Kærandi skýrir svo frá málavöxtum, að hún hafi verið í fiskvinnu hjá kærða á Ísafirði hluta sumarsins 1935. Hinn 1. október 1936 réðst hún í vetrarvist á Ísafirði, að því er virðist, í húsið Tangagötu 24, og kveðst hún oft hafa haft samfarir við kærða í bakdyraanddyri þess húss frá byrjun október 1936 og fram yfir næstu áramót. Kveðst hún á þessu tímabili ekki hafa haft mök við neinn annan karlmann en kærða, og sé því ekki öðrum til að dreifa um faðernið.

Kærði kveðst aðeins einu sinni hafa haft samfarir við kæranda, og hafi það verið einhvern síðustu dagana í maí 1937, og hafi þær farið fram í húsinu Tangagötu 24 á Ísafirði. Hann hefur eindregið neitað, að rétt væri frásögn kæranda um kunningsskap þeirra. Eins hefur kærandi neitað að hafa haft samfarir við kærða í maí 1937.

Niðurstaða blóðrannsóknar þeirrar, er fram hefur farið, hefur ekki útilokað kærða frá að vera föður barnsins.

Þar sem eigi hefur fengizt sönnun þess, að kærandi og kærði hafi haft samfarir á getnaðartíma barnsins, hljóta úrslit málsins að velta á eiði. Þar sem nú kærandi er önduð, verða úrslitin að velta á synjunareiði kærða, þannig að vinni hann innan 60 daga frá lögbirtingu dóms þessa eið að því, eftir löglegan undirbúning, á varnarþingi sínu, að hann hafi ekki haft holdlegar samfarir við kæranda, Pálínu Kristínu Jensdóttur, á tímabilinu 10. nóvember 1936 til 30. janúar 1937, skal hann vera sýkn af kröfum kæranda málsins, og málskostnaður falla niður. Verði honum hins vegar eiðfall, skal hann teljast faðir meybarns þess, Jennýar Helgu Breiðfjörð að nafni, er kærandi, Pálína Kristín Jensdóttir, ól hinn 19. september 1937, og skyldur til að greiða meðlag með barninu og barnsfarakostnað eftir úrskurði yfirvalds, og loks 75 krónur í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Synji kærði, Hafliði Anaís Einarsson, eftir löglegan undirbúning, fyrir það með eiði á varnarþingi sínu innan 60 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda, Pálínu Kristínu Jensdóttur, á tímabilinu frá 10. nóvember 1936 til 30. janúar 1937, skal hann vera sýkn af kröfum kæranda í máli þessu, og málskostnaður falla niður. Verði honum hins vegar eiðfall, skal hann teljast faðir meybarnsins Jennýar Helgu Breiðfjörð, er kærandi ól 19. september 1937, greiða meðlag með barninu og barnsfarakostnað eftir úrskurði yfirvalds, og kr. 75.00 í málskostnað.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. maí 1941.

Nr. 6/1941. **Valdstjórnin.** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Ástu Júlíusdóttur (Kristján Guðlaugsson).

Áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson bæjarfógeti á Siglufirði.

Brot kærðu varðar við 15. gr. sbr. 2. mgr. 33. gr. laga nr. 33 frá 1935. Þykir refsing kærðu hæfilega ákveðin 2 mánaða varðhald og 1000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, varðhald í 40 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist. Kærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Við meðferð héraðsdómarans á málinu er það, að athuga, að ekki hefur verið aflað upplýsinga um heimilishagi kærðu, og að héraðsdómarinn lætur þess ekki getið í dóminum, eftir hvaða lögum hann dæmir henni refsingu.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Ásta Júlíusdóttir, sæti 2 mánaða varðhaldi og greiði 1000 króna sekt til menningarsjóðs. Ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald í 40 daga.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist. Kærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 6. des. 1940.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Að kveldi þess 9. ágúst s. l. hefur sakborningur, Ásta Júlíusdóttir Siglufirði, samkv. eiðfestum vitnisburði 2 vitna, 19 og 17 ára, selt þeim einn whiskyfleyg, hálfflösku af whisky, á 14 kr., frá áfengisverzlun ríkisins, þar sem útsöluverðið var 11 kr. Verður að telja þessa áfengissölu kærðrar sannaða, þrátt fyrir ákveðnar neitanir sökunauts. Þá var húsrannsókn gerð hjá kærðri, og fundust á heimili hennar nokkrar flöskur af áfengi, sem hún sumpart kveðst eiga, en látið einhverja, sem hún kvaðst ekki muna nafn á, kaupa fyrir sig í áfengisverzlun ríkisins, en sumpart ættu áfengið tilteknir menn, en fæsta þeirra hefur náðst í. Sumpart kveðst hún hafa notað áfengi þetta til neyzlu sjálf og fyrir sína gesti, sumpart kveðst hún hafa keypt áfengi þetta fyrir aðra, sem hún geti ekki nafngreint, en án þess að leggja á það einn eyri. En ekki hefur sakborningi tekizt að gera slíkt að nokkru sennilegt. Þá hefur eitt vitni borið, að það hafi oft heyrt og séð menn vera á götunni að taka til peninga, er þeir sögðust ætla að kaupa áfengi fyrir hjá Ástu Júíusdóttur, og séð þá koma út frá henni með flöskur.

Þá hafa tvö vitni borið, að þau hafi séð oft ös að húsi hennar og frá, líkast því sem aðsókn að verzlun væri, og enn eitt vitni, að það hafi oft sótt áfengi fyrir kærðu og tvisvar séð, að menn keyptu hjá henni áfengi. Með ofangreindri áfengissölu til tveggja manna, 17 og 19 ára, sem fyrr segir, verður því að telja, að um áfengissölu í atvinnuskyni sé að ræða, enda hefur sakborningur áður gerzt tvisvar sek um áfengissölu. Með hæstaréttardómi ⅝ 1936 sætt 250 kr. sekt í menningarsjóð fyrir áfengissölu og með lögregluréttar-

dómi frá 11. des. 1937 500 kr. sekt fyrir ítrekaða áfengissölu, og álízt refsingin hæfilega ákveðin 1000 kr. sekt í menningarsjóð, til vara, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærð 50 daga varðhaldi. Auk þess sæti kærð 3 mánaða fangelsi. Sökunautur greiði og allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 20 kr. til skipaðs talsmanns síns, Jóns Sigurðssonar lögfræðings.

Að því er snertir áfengi það, er fannst heima hjá kærðri, þá eru kaup hennar á því að vísu ólögleg, en upptaka þess er þó ekki heimil að lögum, og ber því að sýkna hana af þessari kröfu í stefnunni.

Á máli þessu hefur enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærð, Ásta Júlíusdóttir, sæti 3 mánaða fangelsi og 1000 kr. sekt í menningarsjóð, en ef sektin verður ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, komi í stað sektarinnar 50 daga varðhald.

Svo greiði og dæmd allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 20 kr. málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Sigurðssonar lögfræðings Siglufirði, en sé sýkn af frekari kröfum.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. maí 1941.

Nr. 19/1941. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Kristján Guðlaugsson)
gegn
Guðbirni Ólafssyni (Jón Ásbjörnsson).

Brot á bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er upp kveðinn af Sigurði bæjarfógeta Eggerz.

Aðfaranótt þess 3. júní 1940 ók ákærði bifreiðinni A. 155, sem er vörubifreið með farþegabyrgi, áleiðis frá Saurbæ í Eyjafirði til Akureyrar. Telur ákærði, að 15 menn hafi verið í bifreiðinni, og þar af 5 á vörupalli. Þegar bifreiðin var að komast yfir Skjóldalsárbrú, ók ákærði út af veginum, og valt bifreiðin á hliðina. Hrutu nokkrir farþeganna út úr

bifreiðinni, og hlutu sumir þeirra nokkur meiðsl, en þau ekki veruleg, að því er séð verður. Ákærði hefur kannazt við, að hann hafi ekið of hart og að hann muni hafa verið með áhrifum áfengis.

Með því að brot ákærða var framið, meðan hegningarlög frá 25. júní 1869 voru enn í gildi, meiðsl farþeganna svara alls ekki til þeirra lemstra, sem greinir í 206. gr. þeirra laga, og heimildarlaust var því að refsa honum eftir 209. gr. þeirra, þá verður honum ekki heldur refsað eftir 219. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. þeirra, og ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar.

Brot ákærða varðar við 5. og 6. gr. laga nr. 70/1931 og 21. gr. laga nr. 33/1935, en dæma ber hann einnig eftir hinum síðartöldu lögum, þótt héraðsdómarinn hafi ekki tilkynnt honum málshöfðun eftir þeim, með því að hann gekk þess ekki dulinn, að honum var gefin áfengisneyzla við bifreiðarakstur að sök. Refsing ákærða þykir samkvæmt 14. gr. laga nr. 70/1931 og 39. gr. laga nr. 33/1935 hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 18 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Enn fremur ber að svipta hann ökuleyfi eitt ár frá 4. júní 1940 að telja.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 130 krónur til hvors.

Það athugast, að atvikalýsing í héraðsdóminum er óglögg og að ekki hefur verið aflað læknisvottorða um áverka farþega, þótt ákærði hafi verið dæmdur til refsingar eftir hegningarlögunum vegna þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Guðbjörn Ólafsson, greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 18 dag í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu

dóms þessa. Ákærði skal sviptur ökuleyfi eitt ár frá 4. júní 1940 að telja.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 130 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Eyjafjarðarsýslu 9. nóv. 1940.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar með stefnu dags. 23. ág. síðastl. gegn bifreiðarstjóra Guðbirni Ólafssyni, Hvassafelli í Saurbæjarhreppi, fyrir brot á 23. kafla hegningarlaganna, manndráp og líkamsmeiðingar, með hliðsjón af eldri hegningarlögum frá 1869, sbr. 2. gr. núgildandi hegningarlaga, og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á lögum nr. 70 1931 um notkun bifreiða.

Atvik málsins eru þessi:

Mánudaginn 3. júní síðastl. kl. 2 e. h. komst lögreglan á snoðir um, að bifreiðarslys hefði orðið nóttina áður á veginum framan úr Eyjafirði skammt frá Grund. Var þá hringt á sjúkrahúsið, og lágu þar 2 menn, sem slasazt höfðu í þessu bifreiðarslysi, en fleiri menn höfðu meiðzt, eins og síðar verður vikið að.

Hafðist nú upp á bifreiðarstjóranum, ákærða í þessu máli. Var hann sendur til héraðslæknis, er tók blóðprufu af honum.

Lögreglan fór á vettvang kl. 5 e. h. þennan dag. Upplýstist þá, að á Grund lá einn maður slasaður og á öðrum bæ var maður nokkuð meiddur. Lögreglan tók afstöðuteikning af staðnum. Rétt þykir að taka nú fram, að málið var tekið til dóms 30. ág. síðastl., en talsmaður ákærða lagði fram í aukaréttinum réttarskj. nr. 6, vottorð frá bifreiðarstjóra um, að vegurinn á þessum stað væri mjög varasamur og hefði þarfnazt aðgerðar. Sagði bílstjórinn, að dæld hefði verið í veginum. Málið var nú aftur tekið upp til rannsóknar. En ekki þýddi að fara á staðinn, þar sem aðgerð hafði farið fram á veginum.

Hins vegar var bílstjóri sá, sem hafði gefið vottorðið á réttarskj. 6, yfirheyrður, og sagði hann, að dæld þessi hefði ekki verið djúp, en hefði getað orðið til þess, ef hart hefði verið keyrt, að bíllinn hefði slingrað, og gæti þessi dæld verið ein af fleiri orsökum til þess, að bíllinn valt.

Vitninu var sýnd afstöðuteikningin, og gerði það enga athugasemd við hana. Tveir bílstjórar aðrir, kunnugir staðháttum, hafa

verið yfirheyrðir um þetta sama atriði. Segir annar þeirra, að hliðarhalli hafi verið norðan við brúna og myndazt nokkur dæld, þó ekki hafi verið mikil, en hinn bílstjórinn kannast við hliðarhallann, en ekki við það, að dæld hafi myndazt. Báðum bílstjórunum var sýnd afstöðuteikningin, og höfðu þeir ekkert við hana að athuga.

Ákærði ekur mjólkurbílnum A. 155, sem er eign Júlíusar Ingimundarsonar, frá Hvassafelli til Akureyrar, og eru 2 nýnefndir staðir endastöðvar. Ákærði sýndi í réttinum ökuskírteini sitt, útgefið 23. október 1936, með viðbótarskírteini, dags. 28. nóvember 1938. Það skal tekið fram, að ökuleyfið var tekið af honum eftir fyrsta réttarhaldið.

Ákærði var á dansleik í Saurbæ og ók þaðan á mjólkurbílnum kl. 3—3½ f. h. 2. júní. Um nóttina drakk ákærði vín, sem keypt var í áfengisverzluninni. Brennivínið hafði hann á whiskypela, og var hann ekki alveg fullur.

Brennivínið var svo kallaður „Svarti dauði", og hafði hann keypt það fyrir nokkru.

Segist ákærði síðar eftir slysið hafa mölvað pelann með því, sem í honum var.

Ákærði viðurkennir, að hann hafi ekið hart yfir Skjóldalsárbrúna, þar sem slysið varð, og virðist hann ætla, að hann hafi ekið með 30—40 kílómetra hraða. Bifreiðin fór á hliðina, þar sem merktur er veltustaður á teikningunni. Ákærði fór að Grund eftir bílslysið og keyrði sjálfur bifreið sína, en þaðan keyrði Magnús á Grund bifreiðina til Akureyrar, og var komið þar kl. 5 f. h.

Er til Akureyrar kom, lagðist ákærði til svefns. segist ekki hafa hugsað út í að tilkynna lögreglunni slysið, en aðalhugsunin snerist um að koma hinum slösuðu á sjúkrahúsið. Keyrðu bifreiðarstjórarnir á A. 105 og A. 55 hina sjúku menn á sjúkrahúsið.

Þessir menn virðast hafa meiðzt, eftir því sem þeir bera fyrir rétti: Þorbjörn Indriðason. Hann varð meðvitundarlaus, er hann kastaðist út úr bifreiðinni. Hann var fluttur heim til sín og rankaði ekki við sér, fyrr en um kl. 7 um morguninn. Lá einn dag í rúminu og var slappur nokkra daga. Baldur Gunnarsson varð að mestu meðvitundarlaus, þegar hann hentist út úr bílnum. Farið var með hann til Akureyrar. Lá hann í 3 daga á sjúkrahúsinu. Hann er búinn að ná sér aftur eftir slysið. Ásbjörn Magnússon. Hann kastaðist út úr bílnum, þegar hann valt, og meiddist á hnjánum og bringsmölunum.

Farið var með hann á sjúkrahúsið, og var hann ½ mánuð að ná sér. Kristinn Magnússon. Hann lá á sjúkrahúsinu, og var eftir þann tíma undir læknishendi. Hann meiddist aðallega á vinstra hnénu. Valgerður Sigurvinsdóttir meiddist á öxl og enni. Datt maður ofan á hana, er bíllinn valt. Mörg vitni hafa verið yfirheyrð í málinu og hafa aðallega verið spurð um 2 atriði, hvort ákærði hafi verið undir

áhrifum víns og hvort hann hafi ekið hart. Þykir rétt að taka upp meginatriðin í framburði vitnanna um þetta atriði.

Magnús á Grund tók ekki sérlega eftir, að ákærði væri undir áhrifum víns. Hann sá breytingu á manninum, en hvort hún stafaði af áfenginu eða byltunni, getur hann eigi sagt.

Þorbjörn Indriðason veitti því eigi athygli, hvort hart var ekið eða ekki, enda var að tala við félaga sína. Í byrjun dansleiksins sá hann ekki, að Guðbjörn var undir áhrifum víns, en eftir það sá hann hann aðeins tilsýndar, en getur því eigi sagt, hvort hann var undir áhrifum víns, er hann keyrði bílinn, en ekki segist hann hafa heyrt sagt, að ákærði hafi verið drukkinn undir akstrinum í þetta sinn.

Baldur Gunnarsson hafði það á tilfinningunni, að ekki hefði verið ekið hart.

Hann getur eigi sagt um, hvort ákærði hafi verið undir áhrifum víns, og hefur eigi heyrt talað um það síðan. Ásbjörn Magnússon sá ákærða einu sinni um nóttina og tók ekki eftir því, að hann væri undir áhrifum víns. Hann segir, að ákærði hafi ekki ekið mjög hart, en þó nokkuð hart yfir brúna á Skjóldalsá. Vitnið átti ekki tal við ákærða, eftir að slysið varð, og veitti því ekki eftirtekt, að hann væri undir áhrifum víns. Friðrik Stefánsson. Vitnið segist ekki vita, hvað sé löglegur hraði, en tók ekki eftir, að sérstaklega hafi verið keyrt hart yfir brúna.

Hann sá ákærða eftir slysið og tók ekki eftir, að hann væri undir áhrifum víns.

Guðrúnu Jónsdóttur virtist ekki keyrt óvenju hart á veginum eða yfir brúna. Hún tók ekki eftir, að ákærði væri undir áhrifum víns. Aðalsteinu Magnúsdóttur virtist keyrt með venjulegum hraða og tók ekki eftir, að ákærði væri undir áhrifum víns.

Kristbjörgu Magnúsdóttur virtist keyrt með venjulegum hraða. Hún tók ekki eftir, að ákærði væri undir áhrifum víns. Hún segir, að hann hafi verið hægur, og það muni hann vera venjulega. Guðrúnu Ingólfsdóttur virtist ákærði ekki aka hart, þegar hann fór yfir brúna. Vitnið veitti því ekki eftirtekt, að ákærði væri undir áhrifum víns. Jóni Jónssyni virtist lítillega sjá á ákærða, en segir, að þetta hafi getað stafað af því, að hann hafi verið „nervös“ eftir slysið.

Garðar Guðjónsson sá ákærða eftir slysið og talaði við hann, en sá ekki á honum.

Hann sá hann einnig einum tíma eftir að hann keyrði, en sá ekki á honum þá.

Kristni Magnússyni fannst ákærði keyra heldur hart alla leiðina, og þegar hann nálgaðist brúna yfir ána, herti hann á, og heldur hann, að hann hafi keyrt með 40 kílómetra hraða.

Segir hann, að ákærði hafi orðið of seinn til að taka beygjuna.

Hann talaði ekkert við ákærða, fyrr en eftir slysið, og tók hann ekki eftir, að hann væri undir áhrifum víns. Valgerði Sigurvinsdóttur fannst ákærði aka heldur hart, en segist þó ekki vel geta borið um það. Hann herti á ferðinni sunnan við brúna yfir Skjóldalsá, og virtist henni hann halda ferðinni, þangað til billinn valt. Hún segir, að ákærði hafi byrjað að syngja, er hann herti ferðina á bílnum, en hann hafi verið að öðru leyti stilltur. Hún álítur, að ákærði hafi verið töluvert drukkinn, af því hann fór að syngja, og segir, að hann hafi keyrt harðara en venjulega.

Eftir slysið voru augu hans þokukennd, en hún sá hann ekki reika, og er hann fór inn í bílinn, sá hún ekki á honum.

Kristinn Kjartansson segir, að ákærði hafi eigi keyrt með neinum óvenjulegum hraða, og ekki varð hann var við, að ákærði hefði hert á akstrinum, er hann keyrði yfir brúna.

Hann veitti því ekki eftirtekt, að ákærði væri undir áhrifum víns.

Eftirlitsmaður bifreiða skoðaði bifreiðina, og reyndist hún vera í góðu lagi. Hemlur bifreiðarinnar verkuðu jafnt og örugglega, stýrið þétt og stýrisgangur allur öruggur, hjól bifreiðarinnar vel og tryggilega fest á og ljós og flauta í lagi.

Ástandið gott að öðru leyti en því, að hraðamælissnúran var slitin í sundur.

Skoðun á bifreiðinni fór fram 3. júní. Lýsing á yfirbyggingu bifreiðarinnar er á réttarskj. 5. Var farþegabyrgi fyrir 10 menn og áföst grind.

Ákærði heldur, að 10 menn hafi verið í farþegabyrginu og 5 í grindinni. Hefur verið reynt að grennslast eftir, hvað margir farþegar voru í bílnum, en ekki fengizt nákvæmari skýrsla en þessi. Í réttinum var sýnt skírteini, er sýnir, að A. 155 var tjónvátryggð fyrir 20000 kr. Í sjálfu skírteininu var ekki getið um, hve margir farþegar voru tryggðir, en ákærði hefur játað, að sér hafi verið kunnugt um, að aðeins 10 farþegar voru tryggðir.

Að því er vitnisburðina snertir, þá hafa sum vitnin borið, að ekið hafi verið með eðlilegum hraða, önnur segjast ekki bera skyn á málið, en nokkrum virðist hafa verið ekið hart. Ákærði sjálfur hefur áætlað, að hann hafi keyrt með 30 eða 40 kílómetra hraða, og virðist mega leggja framburð hans til grundvallar, og verður að telja, að þetta hafi verið óleyfilegur hraði, þar sem vegurinn um brúna, þar sem slysið varð, var athugaverður.

Mörg vitni hafa sagt, að þau hafi ekki veitt því eftirtekt, hvort ákærði var undir áhrifum áfengis. Sum vitnin vita eigi, hvort þau sáu áfengi á honum, eða hann var „nervös“ eftir slysið. Einu vitni virtist ákærði drukkinn. Sjálfur hefur ákærði játað, að hann hafi drukkið áfengi, og í blóðprufunni, sem af honum var tekin, fundust reduceruð efni, sem samsvara 0.7‰ alkóhólefni. Segir héraðslæknirinn, að fyrsta tímann, eftir að ákærði neytti síðasta

alkóhólsskamtsins, hafi verið svo mikil alkóhólkoncentration í blóðinu, að ákærði muni hafa verið undir áhrifum víns. Samkvæmt þessu virðist því mega ganga út frá, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis.

Sjálfur telur ákærði og, að aðalorsökin til slyssins hafi verið, að hann var undir áhrifum áfengis og keyrði of hart.

Dómarinn tekur fram, að þar sem játning ákærða er svo skýr, bæði um hraðann og einnig um það áfengi, sem hann drakk, sbr. og vottorð héraðslæknisins, þá hafi sér ekki virzt, að nauðsynlegt væri að láta staðfesta framburð vitnanna, enda allerfitt að ná í þau eftir að fyrsta yfirheyrslan yfir þeim fór fram, vegna þess að þau búa á svo mörgum stöðum utan Akureyrar.

Brot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, ber að færa undir 219. sbr. 218. gr. gildandi hegningarlaga og undir 5. gr. bifreiðalaga og 6. gr. sbr. 14. gr. sömu laga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1 mánaðar varðhald, og enn ber samkvæmt bifreiðalögunum að svipta hann ökuskírteini ævilangt.

En þar sem ákærði hefur aldrei fyrr gerzt brotlegur gegn lögunum, og þar sem játning hans er svo hreinskilin og þar sem vottorðið á réttarskj. 4 sýnir, hve mikla samúð ákærði hefur unnið sér með góðri framkomu, þykir rétt, að varðhaldshegningin sé skilorðsbundin, þannig að fullnustu refsingarinnar skal frestað, og hún falli niður eftir 2 ár, ef skilyrði VI. kafla núgildandi hegningarlaga um skilyrðisbundna refsidóma er fullnægt.

Ákærði greiði allan af sökinni leiðandi löglegan kostnað, þar á meðal kr. 60.00 til skipaðs talsmanns síns, Björns Halldórssonar málaflutningsmanns.

Með tilvísun til bókunar í málinu vottast, að enginn óþarfa dráttur hefur orðið á rekstri málsins.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Guðbjörn Ólafsson, sæti eins mánaðar varðhaldsrefsingu, en fullnustu refsingarinnar skal frestað, og hún falla niður eftir 2 ár, ef skilyrði VI. kafla núgildandi hegningarlaga um skilyrðisbundna refsidóma er fullnægt.

Ákærði skal sviptur ökuskírteini ævilangt.

Ákærði greiði allan af sökinni löglegan leiðandi kostnað, þar á meðal kr. 60.00 til skipaðs talsmanns síns, Björns Halldórssonar málaflutningsmanns.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. maí 1941.

Nr. 16/1941. **Alþýðusamband Íslands og Alþýðuflokkurinn** (Guðmundur Í. Guðmundsson)
gegn
Héðni Valdimarssyni (Pétur Magnússon).

Meiðyrðamál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. febrúar þ. á. Krefjast þeir þess, að refsing stefnda verði hækkuð frá því, sem ákveðið er í héraðsdóminum, og öll ummæli þau, sem stefnt er fyrir, verði ómerkt. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ummæli þau, sem stefnt er fyrir, fela öll í sér aðdróttun um óheiðarlegt atferli af hálfu áfrýjenda. Varða þau við 235. sbr. 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19. frá 1940. Við ákvörðun refsingar verður annars vegar höfð hliðsjón af því, að ummæli stefnda eru fram komin í sambandi við harðar blaðadeilur, og hins vegar af upplýsingum, sem fram hafa komið í hæstarétti um góðan efnahag stefnda, sbr. 51. gr. nefndra hegningarlaga. Þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin 700 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar 18 daga varðhald, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Svo ber og að ómerkja öll ummæli þau, sem stefnt er fyrir.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals 500 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Ummæli þau, sem stefnt er fyrir, skulu vera ómerk.

Stefndi, Héðinn Valdimarsson, greiði 700 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefndi greiði áfrýjendum, Alþýðusambandi Íslands og Alþýðuflokknum, málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. nóv. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 17. september s. l. af Alþýðusambandi Íslands og Alþýðuflokknum gegn Héðni Valdimarssyni, forstjóra hér í bænum, út af ummælum, er birtust í blaðinu „Nýtt land", er út kom 7. september s. l., í grein er nefndist: „Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni", og undirrituð var af stefndum.

Hin átöldu ummæli eru:

1. Fyrirsögn greinarinnar: „Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni".
2. ... „svo að Skjaldborgin gæti notað sínar aðferðir í þeim málum" ...
3. a. ... „Fullvíst mun þó eitt vera, að formaður hafi, með eða án samþykkis félagsstjórnar, auk þess að stela, greitt Alþýðusambandi Íslands 5—6 þús. krónur, upphæð, sem Alþýðusambandið krafði Dagsbrún um, en félagið hafði neitað að greiða, nema með dómi, þar sem það taldi sig skuldlaust við Alþýðusambandið, og enginn dómur hefur enn gengið í málinu."

   b. „Það er þess vegna fullljóst, að stjórn Alþýðusambands Stefáns Jóhanns hefur haft beinan peningalegan hag af þessari nýju fjármálastefnu, þó að annað fé hafi ef til vill ekki runnið til þess eða Alþýðuflokksins, sem þó mun ekki enn fullrannsakað". ...
4. ... „Og eftir að allur landslýður veit, að fámennum meiri hluta stjórnar Alþýðusambandsins, Skjaldborginni, helzt uppi, með lögleysum og lagakrókum, þvert ofan í vilja sambands-

þings þess, sem kaus þá, að sprengja alþýðusamtökin, svæla undir sig og sinn arm, en svipta félög þau í Reykjavík, sem stóðu á móti einræði þeirra og vildu frjáls og pólitískt óháð verkalýðsfélög, öllum sameiginlegum eignum félaganna í Reykjavík, Iðnóeigninni, Alþýðuhúsinu, Alþýðubrauðgerðinni, Stórasjóði, mörg hundruðum þúsundum króna", ... „þá ... liðsmönnum Skjaldborgarinnar, sem ekki eru eins vel að sér í lagakrókum, telji sér fært og réttmætt, að halda áfram sjálfir á sömu braut, ef þeir geta komizt í færi við sjóði þessara félaga, jafnvel þó að það sé af svo litilli lagamennt leikið, að þeir hljóti að fá sinn dóm hjá hinum hæglátu dómstólum landsins". ...

5. ... „Þá eiga þessir pólitísku flokkar, ef þeir hafa nokkra sómatilfinningu, að greiða Dagsbrún að fullu fjárdráttinn, vegna afskipta sinna af þessum málum". ...

Telja stefnendur hin umstefndu ummæli öll mjög meiðandi og móðgandi við sig. Krefjast þeir þess, að þau verði ómerkt, stefndum refsað fyrir þau, hann dæmdur í 10000.00 króna skaðabótagreiðslu til þeirra og loks til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Stefndur krefst aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að ummælin verði ómerkt, en kröfum stefnanda ekki sinnt að öðru leyti.

Byggir stefndur kröfur sínar á því, að hann hafi um langt áraskeið verið formaður verkamannafélagsins Dagsbrún hér í bænum og ætið unnið að því, að bæta og tryggja fjárhag félagsins og koma því upp sjóðum. Á s. l. vetri hafi verið kosin ný stjórn í félaginu og síðan eftir nokkra mánuði komið í ljós, að hinn nýi formaður, ásamt einum starfsmanni félagsins, hafi dregið sér og sólundað mestum hluta af sjóði félagsins. Hafi verið mjög sárt fyrir sig að sjá þannig margra ára starf sitt eyðilagt á fáum mánuðum. Því sárar hafi þetta verið, þar sem því hafi verið haldið fram af hálfu stefnanda í kosningabaráttunni, að skipta þyrfti um stjórn í félaginu til þess að koma betra skipulagi á fjárreiður félagsins. Það sé því eðlilegt, að hann hafi fyllzt réttlátri reiði við þessar aðfarir allar, og út frá því sjónarmiði beri að skoða og dæma grein sína.

Þegar hin einstöku ummæli eru athuguð, bæði sjálfstætt og í því sambandi, er þau standa í greininni, verður að fallast á það með stefnendum, að þau séu öll meiðandi og móðgandi við þá, nema ummælin undir 3 a, enda fela þau ummæli ekki í sér neina móðgun né dylgjur í garð stefnenda. Ber því að ómerkja ummælin með þeirri undantekningu, sem nú er greind, enda er ekkert af þeim réttlætt.

Við ákvörðun refsingarinnar ber að taka tillit til framangreindra

málsatvika, og þykir hún með tilliti til þeirra og eftir 235. sbr. 50. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 12. febr. 1940 hæfilega ákveðin 200.00 kr. sekt í ríkissjóð eða til vara 10 daga varðhald. Engar upplýsingar liggja fyrir um efnahag stefnds.

Til skaðabótagreiðslu verður stefndur ekki dæmdur, þar eð ólíklegt er, að ummælin hafi valdið fjártjóni og ákvæði 264. gr. hegningarlaganna þykja ekki koma til greina.

Í málskostnað þykir hæfilegt, að stefndur greiði stefnendum kr. 120.00.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind ummæli undir nr. 1—5, að undanteknum ummælunum undir nr. 3 a, skulu vera ómerk.

Stefndur, Héðinn Valdimarsson, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð innan aðfararfrests í máli þessu, en sæti ella 10 daga varðhaldi.

Í málskostnað greiði stefndur stefnendunum, Alþýðusambandi Íslands og Alþýðuflokknum, kr. 120.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. maí 1941.

Nr. 78./1940. **Réttvísin** (Guðmundur Í. Guðmundsson)
gegn
Gunnari Á. S. Ásgeirssyni (Pétur Magnússon).

Líkamsáverkar.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Jón sýslumaður Hallvarðsson.

Áverki sá, er ákærða er stefnt um, varðar við 205. gr. almennra hegningarlaga frá 1869, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin samkvæmt 217. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 19/1940 300 króna sekt, er afplánist í 18 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til greiðslu skaðabóta þeirra, er kærandi hefur krafizt, er nema alls kr. 255.60.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 90 krónur til hvors.

Rannsókn máls þessa hefur í ýmsum atriðum verið ábótavant. Fæstir sjónar- og heyrnarvottar að orðasennu ákærða og kæranda og árás ákærða hafa verið yfirheyrðir, og ekki hefur verið tekin skýrsla af mönnum þeim, er fylgdu kæranda heim eftir árásina. Loks hefur ekki verið aflað nægilega greinilegrar lýsingar héraðslæknis á áverka kæranda og líðan. Verður að átelja þessa sakarmeðferð. Dómur í málinu er uppkveðinn 18. febrúar 1939, en var ekki birtur ákærða fyrr en 18. október sama ár. Krafðist ákærði þá áfrýjunar, en áfrýjunarstefna er ekki gefin út fyrr en 25. maí 1940. Skipun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti er gefin út 16. september 1940, og hefur málið því verið allt að 8 mánuðum í höndum sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti. Verður að víta þenna drátt málsins.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gunnar Á. S. Ásgeirsson, greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kæranda, Halldóri Ólasyni, kr. 255.60.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Guðmundar Í. Guðmundssonar og Péturs Magnússonar, 90 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 18. febr. 1939.

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar gegn Gunnari Ásgeiri Steinssyni Ásgeirssyni bónda, til heimilis Glaumbæ í Staðarsveit hér í sýslu, fyrir brot gegn 18. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, sem hér segir:

Þann 10. desember s. l. var ákærður staddur að Neðra-Hóli í Staðarsveit, ásamt með Halldóri Ólasyni, bónda að Ytri-Tungu í sama hreppi o. fl., og spiluðu nefndir menn o. fl. á spil um stund, en er þeir höfðu spilað nokkra stund, lentu þeir í orðasennu ákærður og Halldór Ólason, og endaði hún á þá leið, að ákærður stóð á fætur og laust Halldór með krepptum hnefa hægra megin á höfuðið aftanvert, og hlauzt af því „áverkamar" á höfðinu samkvæmt vottorði héraðslæknisins í Borgarnesi, Ingólfs Gíslasonar, sem sóttur var til Halldórs Ólasonar daginn eftir að framangreind viðureign átti sér stað.

Halldór Ólason hefir borið sem vitni í málinu, að þetta hafi atvikazt þannig, að eftir stutta orðasennu á milli þeirra ákærða og vitnisins, hafi ákærður slegið í borðið, staðið upp, tekið báðum höndum um háls vitnisins og því næst barið hann, eins og að framan greinir, og hafi framangreindur áverki hlotizt af því höggi, og hafi vitnið því næst farið heim til sín, en verið svo máttfarið eftir höggið, að 2 menn hafi stutt hann á leiðinni heim, og hafi hann, er heim kom, verið borinn inn í bæinn, og kveðst vitnið ekki hafa getað sofið neitt vegna þjáninga, sem hann telur hafa verið afleiðingar höggsins og áverkans, en daginn eftir, þann 11. desember, hafi héraðslæknirinn í Borgarnesi, Ingólfur Gíslason, komið til vitnisins og látið vitninu í té svefnmeðöl, og hafi hann (vitnið), vegna verkja í höfðinu, ekki getað sofið neitt, án svefnmeðala, fyrstu tvær næturnar, eftir að læknirinn kom til hans, og kveðst vitnið hafa legið rúmfast til 19. desember s. l. vegna sjúkleika, sem hafi stafað af umræddu höggi og áverka.

Í framangreindu læknisvottorði er meiðslum vitnisins ekki lýst nánar en þannig, að um „áverkamar" hafi verið að ræða, en vitnið hefur borið, að bólgnað hafi mikið blettur á höfðinu, þar sem ákærður barði hann, og hafi bletturinn, sem var þannig marinn og bólginn, verið ca. 6—8 cm á hvorn veg, en bólgan var mikið hjöðnuð, er rannsókn málsins hófst.

Á meðan vitnið lá rúmfast, eins og framan greinir, kveðst hann jafnan hafa haft verk í höfði og seyðingsverk fyrst eftir það, og fyrir lækni, sem skoðaði vitnið þann 3. og 4. janúar s. l., skýrði vitnið þannig frá, að hann hafi, þá er hann fór heim til sín, eftir að hafa fengið framangreint högg, misst meðvitund á leiðinni og verið borinn inn í bæ og hafi eftir að hann fékk höggið og þar

til skoðun fór fram, eftir að aðalþjáningunum linnti, haft sífelldan drunga í höfði, svima í köstum og með honum léttan flökurleika, sé seinni að hugsa og lengur að átta sig á hlutunum en hann áður var, og komi sviminn helzt og höfuðverkurinn aukist, er hann lúti og við líkamlega áreynslu. Við objekiva rannsókn á höfðinu fundust þó engin einkenni ytri áverka. Hann (vitnið) kvaðst þá vera aumur fyrir þrýstingi á höfðinu hægra megin, en orsök þeirra eymsla gat læknirinn ekki sagt um. Röntgenmynd var tekin af höfði vitnisins í Landsspítalanum í Reykjavík þann 4. janúar s. l., og sást ekki, að um nokkurt beinbrot væri að ræða.

Framangreinda skýrslu, sem vitnið gaf fyrir lækninum, hefur hann staðfest að öllu leyti fyrir rétti og kveðst hann aldrei hafa fundið til svima né annara slíkra óþæginda, áður en honum var veitt umrætt högg og áverki, að öðru en því, að hann kveðst eitt sinn fyrir mörgum árum hafa fengið svima eða yfirlið, er hann var á skemmtisamkomu, en það hafi verið um kl. 4—5 um nótt, og hann hafi þá verið búinn að vaka alla nóttina.

Þann 23. janúar s. l., er vitni þetta var síðast yfirheyrt í máli þessu, kvaðst vitnið ekki finna til stöðugs verkjar eða óþæginda, en kveðst hafa haft slík óþægindi stöðugt, þar til einni viku þar áður, og kvaðst þá enn finna til slíkra óþæginda öðru hvoru, einkum ef hann reynir mikið á sig, og kveður sér einkum hafa batnað mikið í höfði, eftir að hann tók að nota meðul, samkvæmt ráðleggingu læknis þess, er skoðaði hann í Reykjavík.

Vitnið hefur staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum.

Ákærður hefur kannazt við að hafa barið Halldór Ólason á þann hátt, sem H. Ó. hefur lýst í framangreindum framburði sínum, en hefur neitað að hafa tekið um háls H. Ó. Hann heldur og fram, að það hafi ekki verið eingöngu vegna framangreinds ágreinings eða orðakasts út af spilum, að hann barði H. Ó., heldur með fram og aðallega vegna gamallar óvildar til H. Ó. út af fyrri viðskiptum þeirra. Þá hefur ákærður og véfengt framburð H. Ó. viðvíkjandi framangreindum sjúkleik hans eða afleiðingum höggsins og heldur fram, að H. Ó. muni gera of mikið úr þessu, og heldur fram, að ekki muni hafa verið nauðsynlegt fyrir H. Ó., vegna áverkans eða afleiðinga hans að láta sækja lækni, heldur muni læknirinn hafa verið sóttur aðallega til þess að afla læknisvottorðs til afnota í máli þessu.

Vitnið Elenbergur Eiríkur Guðmundsson hefur borið, að hann hafi verið viðstaddur, er framangreind viðureign átti sér stað, og að hann hafi séð, að ákærður hafi tekið annari hendi um öxl Halldórs Ólasonar, en barið Halldór á hnakkann með hinni hendinni, og hafi ákærður því næst farið, og er hann var að ganga út, hafi

Halldór Ólason haft í heitingum við hann, um að þetta (þ. e. höggið) skyldi verða ákærða dýrt.

Vitni þetta hefur staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum.

Halldór Ólason heldur fram, að hann muni ekki eftir að hafa viðhaft nein ummæli um, að höggið skyldi verða ákærða dýrt, en kveður mega vera, að hann hafi viðhaft einhver slík ummæli, þó hann muni ekki eftir því.

Samkvæmt því, sem þannig er upplýst í máli þessu, þykir verða að leggja framburð vitnisins Halldórs Ólasonar viðvíkjandi afleiðingum höggs þess, sem ákærður veitti honum, til grundvallar við dóm í máli þessu, og telja nægjanlega sannað, að höggið hafi haft þau áhrif á heilsu hans og líðan, sem hann hefur borið, og verður rétturinn að líta svo á, að afleiðingar höggsins hafi verið slíkar, að þær verði að teljast áverki, sem heyri undir ákvæði 205. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur þann 6. október 1910, og hefur hann ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Með framangreindum framburði sínum (sic) hefur ákærður að áliti réttarins brotið gegn 205. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing sú, sem hann hefur unnið til, eftir atvikum hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Halldór Ólason hefur krafizt þess, að ákærður verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 93.60 í skaðabætur vegna kostnaðar við að fá lækni til sín, eftir að hann hlaut áverkann, og meðalakostnað, og kr. 100.00 í bætur fyrir óþægindi og vinnutap, eða samtals kr. 193.60. Ákærður hefur mótmælt skaðabótakröfu þessari, en eftir atvikum verður hún alls ekki talin of há, og þykir því bera að taka hana til greina að öllu leyti.

Loks ber að dæma ákærðan til þess að greiða allan kostnað við mál þetta.

Á máli þessu hefur enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Gunnar Á. S. Ásgeirsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga.

Hann greiði Halldóri Ólasyni kr. 193.60 í skaðabætur innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Loks greiði ákærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. maí 1941.

Nr. 73/1940. **Ásgeir Pétursson & Co** (Einar B. Guðmundsson) gegn **Jörundi Jörundssyni** (Garðar Þorsteinsson).

Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Dómi hafa stýrt í máli þessu í héraði ýmist Sigurður Eggerz bæjarfógeti eða Guðmundur Eggerz settur bæjarfógeti, og hinn síðarnefndi hefur upp kveðið héraðsdóminn.

Er mál þetta var þingfest, var lögð fram greinargerð af hálfu sækjanda, og 19. jan. 1939 kom greinargerð fram af hálfu stefnda. Átti héraðsdómari þá samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936 að kveða á um munnlegan eða skriflegan málflutning og veita aðiljum sameiginlegan frest til öflunar sakargagna. Í stað þess fá umboðsmenn aðilja, lögfræðingarnir Jón Sveinsson og Björn Halldórsson, eða umboðsmenn þeirra, fresti á víxl og skiptast á alls 13 skriflegum sóknum og vörnum til 13. júní 1940, er munnlegur flutningur málsins var ákveðinn, eftir skriflegar sóknir og varnir allan þenna tíma. Auk þessara dómglapa eru þeir gallar á, að héraðsdómari hefur ekki dæmt um þá varnarástæðu, er stefndi byggði á aðildarskorti sækjanda, að rökstuðning dómsniðurstöðu er harla lausleg, og loks, að dómur er ekki kveðinn upp fyrr en 16 júlí 1940, enda þótt munnlegur málflutningur færi fram og dómtaka 19. júní s. á. Virðist munnlegur málflutningur ekki geta haft tilætlaða þýðingu, er svo langur tími líður milli hans og dómsuppsögu, enda er slík meðferð verulegt brot á fyrirmælum 1. málsgreinar 191. gr. laga nr. 85/1936.

Af framantöldum ástæðum þykir verða að ómerkja meðferð máls þessa í héraði frá þinghaldi 19. jan. 1939 og héraðsdóminn, og vísa máli heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði frá þinghaldi 19. jan. 1939 og héraðsdómur skulu ómerk vera, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 16. júlí 1940.

Mál þetta hefur höfðað Ásgeir Pétursson framkvæmdarstj. f. h. Ásgeirs Péturssonar & Co Akureyri með stefnu dags. 30. nóv. 1938 fyrir sjó- og verzlunarrétti Akureyrar gegn Jörundi Jörundssyni, útgerðarmanni í Hrísey, til þess að fá hann dæmdan til að greiða skuld, að upphæð kr. 1936.29, auk 5% ársvaxta frá 1. janúar 1938 til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 298.00.

Stefndi hefur mótmælt kröfum og krefst algerðrar sýknunar og í málskostnað krefst hann, að sér verði greiddar kr. 250.00, auk útlagðs kostnaðar, kr. 20.00, eða kr. 270.00

Málavextir virðast þessir:

Haustið 1936 útskipaði Ásgeir Pétursson & Co farmi af síld í e/s „Heklu". Segir stefnandi, að félagið og ýmsir aðrir, þar á meðal stefndi, hafi átt farminn. Heldur hann því fram, að stefndur hafi falið sér munnlega að sjá um sölu á síld hans. Farmur þessi var síðan sendur til Svíþjóðar, og þar tók við honum, eftir því sem stefnandinn skýrir frá, C. James Anderson, Smögen. Símaði hann, að sögn stefnanda, fyrir fram út á síldina kr. 13.50 pr. tunnu. Stefnandinn segir, að Pontus Nilsson hafi séð um sölu á síldinni, en C. James Andersen hafi tekið á móti öllum greiðslum fyrir hana og greitt hins vegar allan kostnað við hana. Þegar síldin var gerð upp, kom í ljós, að minna verð fékkst fyrir síldina en lánað var út á hana, og sérstaklega átti þetta sér stað um síld stefnda, því stefnandinn segir, að hún hafi verið súr. Stefnandinn segist nú hafa orðið að greiða mismuninn á því raunverulega verði síldarinnar og þess, sem lánað var út á hana. Nam sá mismunur með kostnaði, sbr. rskj. 2, hinni umstefndu upphæð, eða kr. 1936.29.

Stefndi byggir neitun sína á kröfunni á því, að hér hafi ekki verið um lán að ræða út á síldina, heldur hafi greindar kr. 13.50 pr. tunnu verið fyrirframgreiðsla, sem óafturkræf hafi verið. Enn segir hann, að rskj. nr. 3 sé ekki kvittað, og stefnandinn eigi því

ekki kröfu þá, sem hann stefni fyrir, heldur, ef einhver ætti hana, þá ættu útlendingarnir hana, en nú stefnir Ásgeir Pétursson & Co ekki í þeirra nafni. Stefndi neitar því og ákveðið, að síldin hafi verið súrskemmd, segir hann, að sér hafi áður um sumarið verið boðið 21 kr. í síldina, tunnuna, en þessu er mótmælt.

Vottorð liggja fyrir frá 3 erlendum mönnum um, að síldin hafi verið skemmd, er hún kom til Svíþjóðar. Vottorðum þessum hefur verið mótmælt. Þá eru og vottorð frá 3 íslenzkum mönnum um, að síldin hafi verið góð, er hún fór héðan, en þessu er einnig mótmælt. Þá þykir rétt að taka það fram, að stefnandinn segir, að nauðsynlegt hafi verið, að greiddar væru kr. 13.50 út á síldina, þar sem ekki mætti samkv. íslenzkum lögum láta síldina fyrir minna verð en þetta. Stefndur heldur því fram, að umræddar kr. 13.50 séu aðeins fyrir kostnaði, og þó hann fengi þetta verð, þá hafi hann ekkert fengið fyrir síldina sjálfur.

Stefnandinn virðist hafa sönnunarskylduna fyrir því, að kr. 13.50 pr. tunnu hafi verið lán, en ekki endanleg fyrirframgreiðsla. Sömuleiðis ber honum að sanna, að síldin hafi verið skemmd, en þar sem sannanir liggja ekki fyrir um þessi atriði, þykir mega sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber og að dæma stefnanda til að greiða stefndum í málskostnað kr. 270.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jörundur Jörundsson Hrísey, á að vera sýkn af kröfum stefnandans í málinu Ásgeir Pétursson f. h. h/f Ásgeir Pétursson & Co, Akureyr.

Í málskostnað greiði stefnandinn stefnda kr 270.00. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. maí 1941.

Nr. 85/1940. **Þorsteinn Sigvaldason** (Eggert Claesen)
gegn
Huldu Ásbjarnardóttur (Sveinbjörn Jónsson).

Barnsfaðernismál. Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Sigurður bæjarfógeti Eggerz.

Rannsókn máls þessa er ábótavant um þau atriði, er nú verða talin.

1. Blóðrannsókn á aðiljum og barninu hefur ekki verið framkvæmd eftir MN aðferðinni.

2. Stefnda hefur ekki verið krafin sagna um það, við hvað hún styður þá minningu sína, að það hafi verið 9. maí 1939, er samfarir aðilja fóru fram.

3. Jón Bergdal hefur ekki verið inntur eftir því, hve tíður gestur áfrýjandi hafi verið á heimili hans og hve nær hann, þ. e. Jón, hafi verið fjarverandi af heimilinu, sérstaklega þann 9. maí 1939.

Af greindum ástæðum þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til framhaldsrannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, en málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu, sem gjafvörn hefur fengið fyrir hæstarétti, kr. 100.00 greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til framhaldsrannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður, en laun talsmanns stefndu, hæstaréttarmálflutningsmanns Sveinbjörns Jónssonar, kr. 100.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Akureyrar 29. júlí 1940.

Mál þetta hefur höfðað Hulda Ásbjarnardóttir, Hafnarstræti 37 Akureyri, fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu dags. 3. júní 1940 gegn Þorsteini Sigvaldasyni, Hafnarstræti 35 Akureyri, og gerir hún þær réttarkröfur, að stefndur verði dæmdur faðir að barni því, sem hún ól 8. febr. 1940, og að hann verði skyldaður til að greiða meðlag með barninu og barnsfarakostnað eftir yfirvalds úrskurði. Svo krefst hún, að sér verði tildæmdur málskostnaður.

Stefnandinn í þessu máli, Hulda Ásbjarnardóttir, ól 8. febr. síðastl. stúlkubarn, Jónínu Maggy, og lýsti föður að því stefnda,

Þorstein Sigvaldason, en hann neitar því ákveðið, að hann sé faðir barnsins.

Blóðprufa hefur verið tekin af hlutaðeigendum, og sýndi blóðprufan, að stefndur gat verið faðir barnsins.

Lögreglupróf hafa farið fram í málinu.

Segir stefnandinn, Hulda Ásbjarnardóttir, að hún hafi haft samfarir við stefnda, áður en hann giftist, en stefndi hefur nú verið 4 ár í hjónabandi.

Segir stefnandinn, að stefndi hafi komið heim til sín að kvöldi þess 9. maí 1939 og hafi þá haft samfarir við sig. Viku áður segist stefnandinn hafa verið heima hjá stefnda, er tilkynnti henni, að hann mundi koma til hennar 9. maí.

Stjúpi stefnanda, hún og stefndi spiluðu stundum saman bridge eða vist.

Kvöldið 9. maí var Þorsteinn ½ tíma inni hjá stefnandanum og hafði samræði við Huldu, stefnandann, á dívan, en hafði engar verjur.

Stefnandinn veit eigi til, að nokkur hafi séð stefnla, Þorstein, fara inn til sín umrætt kvöld. Stefnandinn segist ekki hafa haft samræði við nokkurn mann frá 9. maí og þar til hún ól barnið, og í síðara réttarhaldi segist hún ekki hafa haft samræði við neinn annan en Þorstein á þeim tíma, að hann geti verið faðir að barninu.

Veturinn 1939 hafði hún einu sinni eða tvisvar samræði við Þorstein heima hjá honum. Stefndi kannast við að hafa þekkt Huldu, og að hann hafi spilað við hana, eins og kemur fram í prófunum, en hann neitar að hafa haft nokkurn tíma samræði við hana. Stefndi bendir á, að maður, sem heiti Gústaf og sé sonur Júlíusar eineygða, muni hafa verið í tygjum við stefnanda. Segir stefnandinn, að þessi maður sé þremenningur við sig, en að hún hafi aldrei átt vingott við hann. Greindur Gústaf hefur verið yfirheyrður.

Segist hann hafa búið í sama húsi og móðir stefnanda hér á Akureyri. Segir, að þau séu þremenningar og kunningjar, og segir, að ekkert hafi verið á milli þeirra, og að hann hafi ekki einu sinni kysst hana.

Gunnar Hafdal, sem stefnandinn bjó hjá, hefur verið yfirheyrður.

Segir hann, að stefnandinn og stjúpi hennar hafi búið í húsi sínu, leigt þar 2 herbergi og eldhús. Var stefnandinn ráðskona hjá stjúpa sínum. Ekki segist hann hafa orðið þess var, að karlmenn heimsækti Huldu, svo orð væri gerandi á því.

Dagleg framkoma stúlkunnar segir hann, hafi verið viðunandi. Hún hvorki reykti eða drakk. Ekki varð hann þess var, að Þorsteinn kæmi til Huldu í einkaerindum. Síðan var lagt fram vottorð frá sama vitni, réttarskj. 4. Segir hann, að Gústaf Júlíusson hafi heimsókt Huldu einsamall á ferð veturinn 1938—1939 og þá um vorið í maíbyrjun 1939. Segir hann,að svo hafi hitzt á, að þetta

hafi verið á kvöldin, þegar Jón Bergdal, stjúpi Huldu, var ekki við. Segir hann enn fremur, að hjónin, sem bjuggu í húsinu í íbúð á sömu hæð og Hulda, hafi veitt þessu athygli og haft nokkrum sinnum orð á þessu við sig. Gefur hann í skyn í framburði sínum, að einkakunningsskapur hafi verið á milli Huldu og Gústafs. Hjónin, sem Hafdal hefur vísað til í framburði sínum, neita því bæði, að þau hafi haft orð á því við Hafdal, að þau hafi veitt heimsóknum Gústafs athygli, konan þó, eftir að hún hafði leiðrétt framburð sinn.

Bréf hafa farið milli stefnanda og stefnda um málið, og er bréf stefnda óvenjulega ruddalega skrifað.

Stefnandinn og Gústaf hafa bæði viðurkennt, að frændsemi og kunningsskapur hafi verið á milli þeirra. Einnig var kunningsskapur milli Gústafs Júlíussonar og stjúpa Huldu. Framburður Hafdals í málinu virðist vera á reiki, og hjónin neita að hafa átt samtal það við hann, er hann vísar til. Gústaf hefur í réttinum þverneitað að hafa átt mök við Huldu, og í málinu virðast nægileg rök leidd að því, að heimsóknir hans hjá henni voru eðlilegar vegna kunningsskapar og frændsemi, og hefur því ekki þótt ástæða til að yfirheyra hann frekar.

Stefnandinn hefur átt barn í lausaleik fyrir 5 árum, og stefndur fyrir 8 árum. Þá hefur umboðsmaður stefnanda upplýst, að samkvæmt lögregluþingbók Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar hafi Þorsteinn Sigvaldason, stefndi, játað, að hann aðfaranótt 13. marz 1931 hafi brotizt inn í hús Kaupfélags Eyfirðinga og stolið þar útvarpstæki, peningum m. m., og fyrir sama rétti 25. marz 1931 játar hann að hafa verið dæmdur til vatns og brauðs hegningar á Siglufirði fyrir peningastuld, en dómurinn hafi verið skilyrðisbundinn.

Hins vegar ber hegningarskrá Eyjafjarðarsýslu ekki með sér, að dómur hafi gengið um innbrotið. Stefnandinn hefur haldið því ákveðið fram, að stefndur einn geti verið faðir að barninu, og blóðprufan, sem tekin hefur verið, sýnir, að svo geti verið. Hins vegar neitar stefndi því afdráttarlaust, að hann sé faðir að barninu. Þykir því auðsætt, að úrslit málsins verða að koma undir eiði annars hvors aðilja, og þar sem líta verður á, að trúverðugleiki stefnda sé veiktur við afbrot þau, sem hann hefur viðurkennt að vera sekur um, þykir rétt að láta úrslit málsins vera komin undir því, hvort stefnandinn vinnur eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85 1936, innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við stefnda 9. maí 1939. En við þann tíma einan ber að miða, þar eð stefnandinn hefur ekki haldið því fram, að hún hafi haft samfarir við stefnda á öðrum tíma, sem hér skiptir máli.

Vinni hún eiðinn, þá skal stefndur teljast faðir að barni því, er hún ól 8. febr. 1940, og ber honum þá að greiða meðlag með því og

barnsfarakostnað, hvort tveggja eftir yfirvalds úrskurði, og í málskostnað kr. 135.00, þar í 35 kr., kostnaður við blóðrannsókn.

Verði stefnanda hins vegar eiðfall, skal stefndur vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í þessu máli, en málskostnaður greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnandinn, Hulda Ásbjarnardóttir, innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning, vinnur eið að því á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85 1936, að hún hafi haft holdlegar samfarir við stefnda 9. maí 1939, þá skal stefndi, Þorsteinn Sigvaldason, teljast faðir að barni því, er stefnandinn ól 8. febr. 1940, og vera skyldur til að greiða meðlag með barninu og barnsfarakostnað eftir yfirvaldsúrskurði og í málskostnað kr. 135.00, þar í kr. 35.00, kostnaður við blóðrannsókn.

Verði stefnanda hins vegar eiðfall, skal stefndur vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í þessu máli, en málskostnaður greiðist af almannafé.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. maí 1941.

Nr. 55/1939. **Gunnar Pétursson** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Strætisvögnum Reykjavíkur h/f
(Garðar Þorsteinsson).

Bótakrafa vegna ólögmætra slita á vinnusamningi.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. júní 1939. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2600.00 með 6% ársvöxtum frá 9. marz 1938 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með ráðningarsamningi, dags. 1. nóv. 1937, var áfrýjandi ráðinn forstöðumaður málningarvinnustofu stefnda frá þeim degi til jafnlengdar næsta ár. Skipta því vanefndir áfrýjanda á vinnuskyldu sinni fyrir þann tíma ekki máli. Þann 12. jan. 1938 var annar maður settur yfir hann við starf hans. Ekki verður séð, að sá maður hafi eftir þann dag tryggt sér nægilega sönnun fyrir fjarvistum áfrýjanda neinn ákveðinn tíma, og er ekki á annan hátt leitt í ljós, að vanefndir áfrýjanda, eftir að ráðningarsamningurinn var gerður, hafi verið svo vaxnar, að heimilt hafi verið að segja honum upp starfinu fyrirvaralaust, án undangenginnar áminningar. Ber stefnda því að greiða áfrýjanda bætur, og þykja þær með hliðsjón af því, að ætla verður, að áfrýjandi hafi haft möguleika til þess að afla sér nokkurra tekna, það sem eftir var ráðningartímans, hæfilega ákveðnar 1500 krónur. Þá ber og að dæma vexti af þeirri fjárhæð, eins og krafizt er, svo og málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 500.00.

Dráttur sá, sem á máli þessu hefur orðið fyrir hæstarétti, hefur verið réttlættur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, greiði áfrýjanda, Gunnari Péturssyni, kr. 1500.00 með 6% ársvöxtum frá 9. marz 1938 til greiðsludags og samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. marz 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. febrúar s. l., er að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 23. marz 1938 af Gunnari Péturssyni málara, Hávallagötu 51 hér í bæ, gegn Strætisvagnar Reykjavíkur h/f hér í bænum til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 2600.00, með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi sáttakæru 9. marz 1938 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f., krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar, en *til vara* lækkunar á stefnukröfunni eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með ráðningarsamningi dagsettum 1. nóvember 1937 var stefnandi, sem þá alllengi undanfarið hafði verið starfsmaður á bifreiðamálningarvinnustofu stefnds, ráðinn til eins árs til að veita vinnustofunni forstöðu. Var m. a. svo kveðið á í samningi þessum, að vinnutími stefnanda skyldi vera 10 stundir á dag, nema laugardaga í júní, júlí og ágúst. Kaupið var ákveðið kr. 325.00 á mánuði, en eftir- og næturvinna skyldi greidd eftir Dagsbrúnartaxta. Skyldi kaupið greiðast eftir á fyrir eina viku í senn. Fyrir þá daga, er stefnandi kæmi ekki til vinnu, eða fyrir aðrar fjarvistir, skyldi stefndur ekkert kaup greiða, og skyldu allar fjarvistir dregnar frá mánaðarkaupi hans, þó þannig, að ekki skyldu dragast frá allt að 14 dagar á ári vegna hugsanlegra sjúkdómsforfalla.

Á þeim tíma, er samningur þessi var gerður, var cand. jur. Ólafur Þorgrímsson framkvæmdastjóri stefnds og jafnframt formaður stjórnarinnar. Þann 10. janúar 1938 lét Ólafur af formennsku stjórnarinnar, og frá sama degi varð Egill Vilhjálmsson bifreiðasali framkvæmdarstjóri, ásamt Ólafi. Hélzt þetta ástand til 1. febrúar 1938, en þá gekk Ólafur úr þjónustu félagsins sem framkvæmdastjóri, en Egill tók einn við framkvæmdastjórninni.

Þann 23. febrúar 1938 ritaði framkvæmdastjórinn, ásamt allri stjórn stefnds og f. h. stefnds, stefnanda bréf, þar sem honum var vikið frá starfi sínu frá 26. sama mánaðar. Ástæður þær, er bréfið greindi fyrir brottvikningunni, voru þær, að stefnandi hefði um langt skeið vanrækt starf sitt hjá stefndum, þannig, að hann hefði hvorki unnið tilskilinn vinnutíma né haldið sig að verki þá tíma, er hann hefði mætt.

Stefnandi leit hins vegar svo á, að brottvikningin væri óréttmæt, og með því að ekki varð úr sættum, höfðaði hann mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur, er miðast við það, að hann fái kaup sitt samkvæmt ráðningarsamningnum greitt að fullu til loka ráðningartímans, 1. nóvember 1938. Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi á engan hátt brotið svo af sér gagnvart stefndum, að heimilt hafi verið að víkja sér úr starfinu, og beri sér því full laun út ráðningartímann, þrátt fyrir brottvikninguna, enda kveðst hann aldrei hafa fengið neina áminningu af hálfu stefnds um neitt, er laut að starfi hans né starfstíma.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að stefnandi hafi vanrækt starf sitt mjög verulega. Hann hafi komið of seint til vinnu og óreglulega og suma daga aðeins stutta stund. Svo mikil brögð hafi verið að þessu, að stefnandi hafi oft ekki sézt á verkstæðinu meiri hluta dags, jafnvel þótt nægilegt verkefni væri fyrir hendi.

Enn fremur hafi stefnandi sem forstöðumaður málningarverkstæðisins átt að gefa skrifstofu félagsins upp tíma þann, er hann og aðrir, er þar unnu, væru fjarverandi, til þess að unnt væri að draga hann frá kaupinu. En þrátt fyrir allar fjarvistir sínar, hafi hann aldrei gefið upp neinn tíma til frádráttar hjá sér og því stöðugt tekið fullt kaup. Allt þetta telur stefndur svo verulegar misfellur í starfi stefnanda, að heimilt hafi verið að víkja honum úr starfi fyrirvaralaust, þrátt fyrir ráðningarsamninginn, án þess að hann ætti nokkra kröfu út af því.

Báðir málsaðiljar hafa leitt nokkur vitni til upplýsingar um, hvernig stefnandi hefur rækt starf sitt. Verða þessir vitnaframburðir nú raktir að því leyti, sem þeir þykja geta haft áhrif um úrslit málsins.

1. Vitnið Daníel Sumarliðason, sem er eftirlitsmaður hjá stefndum og kveðst hafa unnið mestmegnis innan húss í sama húsi og stefnandi, segir, að eftir að Egill hafi tekið við, hafi hann beðið sig sérstaklega að athuga, hvernig stefnandi mætti. Kveður vitnið, að stefnandi hafi sinnt starfi sínu mjög illa, bæði að því leyti, að hann hafi mætt illa á morgnana, en hann hafi átt að byrja vinnu kl. 7 f. h., og svo hafi hann horfið frá vinnu aftur, oft eftir litla stund, og síðan verið burtu allan daginn. — Í sambandi við framburð þessa vitnis má geta þess, að það vann aðra vikuna frá kl. 6½ f. h. til 2 e. h., en hina frá kl. 2 e. h. til 12 á miðnætti.

2. Vitnið Björgvin Jóhannsson, er tók við starfi sem viðgerðarverkstæðisformaður hjá stefndum 12. janúar 1938, kveðst hafa veitt því eftirtekt, að stefnandi hafi jafnaðarlega komið of seint til vinnunnar og óreglulega. Suma daga hafi hann aðeins komið stutta stund og þá verið fjarverandi meiri hluta dagsins, en verkefni hafi þó verið nóg fyrir hendi. Kveðst vitni þetta hafa haft umsjón með málningarverkstæðinu og því vera kunnugt þessu. Annars má geta þess, að aðalvinnustaður þessa vitnis var á annari hæð hússins en málningarverkstæðið.

3. Vitnið Skúli Halldórsson, gjaldkeri hjá stefndum, hefur borið, að stefnandi hafi aldrei gefið upp frádrátt frá hinum samningsbundna vinnutíma, og að honum hafi því verið greitt fullt kaup eftir samningi.

4. Vitnið Jón Þorsteinson, er mun hafa unnið eitthvað lítilræði með stefnanda eftir að árssamningurinn var gerður við hann, segir, að stundum hafi hann komið of seint, án þess þó að mikil brögð væru að því, og þyki sér fráleit staðhæfing, að stefnandi hafi verið óeðlilega mikið í burtu og ekki haldið sér að verki, er hann var á vinnustað.

5. Framburður vitnisins August Hakansson, er var yfirmaður málningarverkstæðisins, unz stefnandi tók við, þykir ekki hafa þýðingu í máli þessu, þar sem vitnið ber ekki um neitt, er gerist eftir

að ráðningarsamningurinn var gerður, en það, sem gerðist fyrir þann tíma, skiptir ekki máli hér.

6. Vitnið Gunnar Björnsson, er vann í trésmíðaverkstæði stefnds til janúarloka 1938, kveður sér hafa verið ókunnugt um stundvísi stefnanda, en segir hins vegar, að þann tíma, er það var á trésmíðaverkstæðinu, hafi málningarverkstæðið leyst „viðstöðulaust að kalla" af hendi þau verkefni, er það fékk þaðan. Kveður vitnið sér kunnugt um, að stefnandi hafi oft og kannske allt að því daglega farið út í bæ til að sækja efni fyrir málningarverkstæðið.

7. Vitnið Brynjólfur Beck, sem vann í málningarverkstæðinu sumurin 1936 og 1937 og allt fram til ca. 20. janúar 1938", segir, að stefnandi hafi ekki verið svo stundvís á morgnana sem skyldi, en hafi að öðru leyti rækt starf sitt vel. Þá segir vitnið enn fremur, að „yfirleitt" hafi stefnandi ekki verið fjarverandi á daginn, nema þegar hann fór til læknis eða var í efnisútvegunum.

8. Þá hefur Ólafur Þorgrímsson, fyrrverandi framvæmdarstjóri stefnds, verið leiddur sem vitni í málinu, en hann er mágur stefnanda. Segir hann, að gætt hafi nokkurrar óstundvísi hjá stefnanda. en annars hafi hann verið mjög nýtur starfsmaður. Kveðst hann í eitt skipti fyrir öll hafa gefið stefnanda leyfi til að fara til augnlæknis, er hann þyrfti þess vegna sjúkdóms, er talið hafi verið, að hann hafi fengið í verkstæðinu. Segir hann, að sér hafi verið ókunnugt um, að stefnandi væri fjarverandi af öðrum orsökum en þessari, og stundum, er hann hafi þurft út í bæ fyrir félagið. Enn fremur skýrir hann frá því, að um áramótin 1936 og 1937 hafi hann látið athuga, hvernig starfsmenn félagsins mættu, og hafi þá verið mest brögð að óstundvísi stefnanda og þáverandi forstjóra málningarverkstæðisins, vitnisins undir nr. 5. Hafi þeim verið refsað með því að draga af kaupi þeirra, en að sumu leyti muni þeir þó hafa fengið að vinna óstundvísina af sér.

Framburður allra framangreindra vitna, nema Björgvins Jóhannssonar, er vann eið að framburði sínum, hefur verið tekinn gildur sem eiðfestur.

Loks hafa þeir Lúðvík Á. Jóhannesson, Tómas Nikulásson og Eirikur M. Þorsteinsson gefið vottorð í málinu, sem ekki hefur verið mótmælt sem óstaðfestum. Ber þeim öllum saman um, að stefnandi hafi verið mjög óstundvís.

Þrátt fyrir það, að ýmis vitnanna eru enn í þjónustu stefnds og þ. á. m. þau, er bera stefnanda mest í óhag, þykir með framangreindum framburðum þeirra sannað, að um megna óstundvísi hafi verið að ræða hjá stefnanda, svo og alltíðar fjarvistir í vinnutíma á daginn, enda má telja hvort tveggja viðurkennt af stefnanda sjálfum. Hins vegar segir hann, að ekki hafi verið svo mikil brögð að óstundvísinni, að heimilað hafi aðvörunarlausan brottrekstur, og að því er fjarvistirnar snertir, hafi þær ýmist stafað af því, að

hann hafi verið hjá augnlækni eða í erindum félagsins úti um bæ. Í málinu liggur fyrir vottorð augnlæknis þess, er stefnandi leitaði til, og sýnir það, að á tímabili því, er hér skiptir aðallega máli, þ. e. frá áramótum 1937 og 8 og til brottvikningardags, getur stefnandi í hæsta lagi þrisvar hafa leitað til hans. Hvað hitt atriðið snertir, þá telur stefnandi, að erindi sín út í bæ fyrir félagið hafi verið til efniskaupa vegna málningarverkstæðisins. En þegar tekið er tillit til þess, að alkunnugt er, að slík kaup fara oftast fram gegnum síma, og vörurnar eru síðan sendar frá viðkomandi verzlun, og þess, að eðlilegra var, að stefnandi sendi einhvern undirmanna sinna eftir efni, ef og þegar þess þurfti, og loks þess, að vitnið Björgvin hefur upplýst, að stefndur hafi sendil í þjónustu sinni, þá telur rétturinn þessa skýringu stefnanda ekki nægilega. Hvorug skýringa þeirra, er stefnandi hefur gefið á fjarvistum sínum, getur því að áliti réttarins talizt nægileg.

Þá má telja upplýst í málinu, að stefnandi hafi aldrei gefið skrifstofunni upp óstundvísi sína og fjarvistir, eins og honum þó bar sem formanni málningarverkstæðisins, til þess að unnt væri að beita frádráttarákvæði ráðningarsamningsins. Kveðst hann hafa unnið þetta af sér með yfirvinnu, en gegn mótmælum stefnds hefur hann þó engar líkur að því leitt.

Að þessu athuguðu og þá með sérstöku tilliti til þess, að stefnandi var trúnaðarmaður stefnds og yfir aðra starfsmenn hans á málningarverkstæðinu settur, þá lítur rétturinn svo á, að stefnandi hafi verið svo sekur gagnvart stefndum, að fyrirvaralaus brottvikning hafi verið heimil, enda þykir ekki eiga að skipta máli hér, þótt stefnandi hafi enga aðvörun fengið á þeim tíma, er hér skiptir aðallega máli og áður er tilgreindur, þar sem hann var yfirmaður og hafði ekki rétt til að ætla, að óstundvísi hans og fjarvistir skiptu stefndan litlu máli.

Þess má geta, að stefnandi hefur haldið því fram í málinu, að afsakanlegt sé, þótt hann hafi e. t. v. ekki að öllu leyti staðið við sínar skyldur, vegna þess að stefndur hafi ekki staðið við þá skyldu sína að greiða sér kaup sitt reglulega eftir ákvæðum ráðningarsamningsins. Þetta atriði þykir þó ekki eiga að skipta máli þegar af þeirri ástæðu, að fullt lag komst á um kaupgreiðslur þegar við framkvæmdarstjóraskiptin, en stefnandi hélt áfram uppteknum hætti þrátt fyrir það.

Verða lok málsins því þau í samræmi við framanritað, að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en þó þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Gunnars Péturssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 26. maí 1941.

Nr. 109/1940. **Marteinn Þorsteinsson og Árni Bövarsson** (Theódór B. Líndal)
gegn
H/f Alliance (Jón Ásbjörnsson).

Björgunarlaun.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. desember f. á., krefjast þess, að bjarglaun héraðsdómsins verði færð niður all verulega, og málskostnaður fyrir héraðsdómi verði látinn niður falla og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 14. janúar þ. á., krefst aðallega kr. 50000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. október f. á., en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Í máli þessu hafa full rök verið að því leidd, að aukinn fékostnaður gagnáfrýjanda og aflatjón vegna björgunarinnar hafi ekki numið undir kr. 25000.00. Þegar litið er til þessa svo og til bjargstarfans, verðmæta þeirra, er bjargað var, og verðmæta þeirra, er lögð voru í hættu við björgunina, þykir greiðsla sú, er aðaláfrýjendum ber að inna af hendi til gagnáfrýjanda, hæfilega ákveðin 47000.00 krónur með 5% ársvöxtum frá 11. október 1940 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Loks ber gagnáfrýjanda sjóveðréttur samkvæmt 1. tölul. 236. gr. siglingalaganna í v/s Dóru S. U. 36 til tryggingar nefndum fjárhæðum.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Marteinn Þorsteinsson og Árni Böðvarsson, greiði gagnáfrýjanda, h/f Alliance, kr. 47000.00

með 5% ársvöxtum frá 11. október 1940 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 5000.00. Gagnáfrýjandi hefur sjóveðrétt í v/s Dóru S. U. 36 til tryggingar nefndum upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. nóv. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 11. f. m. af Ólafi H. Jónssyni framkvæmdarstjóra f. h. h/f Alliance, hér í bæ, gegn eigendum v/s „Dóra", þeim Marteini Þorsteinssyni kaupmanni, Fáskrúðsfirði, og Árna Böðvarssyni útgerðarmanni, Klöpp Seltjarnarnesi, til greiðslu björgunarlauna in solidum, að upphæð kr. 50000.00, eða til vara aðra upphæð eftir mati dómsins, auk 5% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, svo og málskostnaðar skv. reikningi eða eftir mati réttarins. Enn fremur krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/s „Dóru" S. U. 36, fyrir hinum tildæmdu upphæðum. — V/s „Dóra" var vátryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, og hefur félaginu því verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefndir krefjast þess, að stefnukrafan verði lækkuð skv. mati dómsins, og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þessi: V/s „Dóra", sem er eign hinna stefndu, var þann 10. apríl s. l. á siglingu frá Fleetwood í Englandi áleiðis til Íslands. Um kl. 6,30 f. h. þennan dag, þegar skipið var búið að sigla „143 sjómílur í N 30 V réttvísandi frá Butt of Lewia", stöðvaðist vél skipsins, vegna mikillar bilunar, og varð engri aðgerð við komið. Talstöð var í skipinu, og var nú kallað á hjálp skipa, en enginn svaraði fyrr en kl. 9,30 f. h., að íslenzkur vélbátur, er átti um 140 sjómílur ófarnar til Vestmannaeyja, komst í talsamband við v/s „Dóru". Bátur þessi tilkynnti útgerðarmönnum v/s „Dóru" í Vestmannaeyjum, hvernig komið væri, og fyrir beiðni þeirra fór b/v „Tryggvi gamli", sem er eign stefnanda, v/s „Dóru" til hjálpar. Togarinn var að koma úr söluferð frá Englandi og var staddur um 135 sjómílur N—NV af Barra Head, þegar hjálparbeiðnin barst, en það var kl. 16,50 nefndan dag. Breytti hann þá stefnu úr NNV í NA og náði jafnframt talsambandi við v/s „Dóru". Þennan dag var allgott veður á þessum slóðum og kyrr sjór. Aðfaranótt 11. apríl fór veður síðan vernsnandi, norðvestan vindur, allt að 8—9 vindstigum, að því er skipverjar á v/s „Dóru" telja, með krapaéljum og all-miklum sjó. Hélzt svo þann dag, en þá um kl. 15.25 hafði Tryggvi gamli komið á vettvang, og hafði v/s „Dóru"

þá rekið 11—15 mílur til austurs. Það kom í ljós, að enginn nothæfur dráttarvír var til um borð í v/s „Dóru", og vinda skipsins varð ekki notuð til að koma á sambandi milli skipanna. Var þá skotið línu frá „Tryggva gamla" yfir í v/s „Dóru", og um kl. 17.30 var búið að ganga frá dráttartaugunum, sem togarinn lagði til að mestu, og festa varð um „vélarreisninguna" og „brúna" á v/s „Dóru", þar sem um annað traust hald var ekki að ræða. Var síðan haldið af stað með hægri ferð, eftir að gefnir höfðu verið út 350 faðmar á hvorn bóg af trollvír frá „Tryggva gamla". Kl. 18.30 slitnaði keðjan frá v/s „Dóru", en togvírinn hafði verið festur í keðjuna. Ekki gátu skipverjar á v/s. „Dóru" náð keðjunni inn aftur og urðu þeir að höggva hana frá sér. Og um kl. 21.30 var fyrst lokið við að koma aftur á dráttartaugum milli skipanna. Var þá haldið af stað með hægri ferð, og var stefnt í norðvestur, en vindur var þá NV 6—7 stig með allmiklum sjó. Um miðnættið kom í ljós, að skipunum hafði ekkert miðað áfram, en er á nóttina leið, fór þó heldur að draga úr veðrinu. Kl. 4 f. h. slitnuðu dráttarvírarnir enn, en um átta leytið varð þó komið á sambandi aftur, og var þá haldið áfram með fullri ferð, enda var veður þá miklu betra, hægur vestan vindur, en nokkur alda. Um þetta leyti bilaði talstöð v/s „Dóru", svo að hennar varð ekki frekar not, og urðu skipverjar eftir það að hafa samband við „Tryggva gamla" með ljós- og flaggmerkjum. Þennan dag gekk ferðin síðan sæmilega. Aðfaranótt 13. apríl fór veður aftur versnandi, VNV, allt að 6—7 vindstigum og éljagangur. Var hægt á ferðinni undir hádegið, enda fór vindur og sjór þá mjög versnandi, vindur allt að 8—10 stigum. Hélzt veðrið fram á kvöld, og kl. 19.25 slitnaði bakborðsvírinn. Undir miðnætti lægði aftur, og var þá sett á hálfa ferð. Þann 14. apríl var NV gola og minni bára, enda var þá farið með meiri ferð. Um hádegið þennan dag varð vart leka á v/s „Dóru", einkanlega í vélarrúmi, og varð að nota dælur við. Aðfaranótt þess 15. apríl tók enn að hvessa, þá af norðri, og varð að hægja mjög ferðina. Um kl. 8 f. h. var vindur orðinn allt að 10 vindstigum. Hélzt svo allan daginn, og var komið allt að því fárviðri um miðnættið, og varð svo fram á næsta morgun, þann 16. apríl. Lekinn jókst og heldur, enda erfiðaði skipið mjög mikið. Um kl. 11 f. h. þennan dag var komið á ytri höfnina í Vestmannaeyjum, og kl. 13,10 var v/s „Dóra" dregin af öðrum vélbát inn á höfn, en „Tryggvi gamli" hélt síðan áleiðis til Reykjavíkur, og var veður þá enn hið versta, NNA 11 vindstig.

Með skírskotun til þess, að v/s „Dóra" hafi í umrætt skipti verið með ónýta vél, ónothæfan seglabúnað, stödd á hættusvæði og ofviðri mikil hafi geisað um þessar mundir, heldur stefnandi því fram, að skipið hafi verið statt í slíkum háska, að hjálp sú, er b/v „Tryggvi gamli" veitti því og að framan er lýst, verði tvímælalaust

að teljast björgun í skilningi siglingalaganna. Verður og á það að fallast, enda er það út af fyrir sig ekki véfengt af hálfu hinna stefndu.

Kemur þá til athugunar, hver séu hæfileg björgunarlaun til handa útgerð og skipshöfn „Tryggva gamla", en stefnandi verður að teljast vera í fyrirsvari fyrir báða þá aðilja.

Verða nú rakin þau atriði, er til greina koma við ákvörðun björgunarlaunanna skv. 230. gr. siglingalaganna.

Nokkrar smáskemmdir virðast hafa orðið á v/s „Dóru", en annars tókst björgunin fullkomlega. Skipverjar á „Tryggva gamla" unnu með verklagni og atorku að björguninni, enda þurfti fyllstu varúðar við vegna ofviðrisins, sem var mestan hluta leiðarinnar. Björgunin tók og, eins og að framan er lýst, langan tíma, eða alls 5 sólarhringa og 21½ klst. Eins og ástatt var, verður v/s „Dóra", að teljast hafa verið í mikilli hættu, en hins vegar verður ekki séð, að skipverjar á „Tryggva gamla", eða togarinn, hafi verið lagður í sérstaklega mikla hættu við björgunina. Um tilkostnað þann og tjártjón, er útgerð og skipshöfn togarans hafa orðið fyrir í sambandi við björgunina, verður þetta að teljast upplýst: Bein tímatöf vegna björgunarinnar virðist hafa verið 3½ sólarhringur. Beinn kostnaður vegna kaups skipshafnar og fæðis, stríðstryggingar skips og skipshafnar þennan tíma virðist nema um 2600 kr. Andvirði eyddra kola og olíu á sama tíma virðist og hæfilega áætlað kr. 3000.00. Telja verður og, að mestur hluti togviranna frá „Tryggva gamla", eða að verðmæti um 5000 kr., hafi ónýtzt eða skemmzt við björgunina. En um verðmæti togarans sjálfs, er björgunin átti sér stað, er ekki annað upplýst, en að hann hafi verið vátryggður fyrir um 500 þús. kr. Þá verða einnig að teljast færðar allsterkar líkur fyrir því, að „Tryggvi gamli" hafi orðið fyrir veiðitapi vegna björgunar v/s „Dóru", er áætla má, að nemi um 6000 krónum, „netto", svo og, að tjón hans, vegna þess að hann hafi vegna tafarinnar náð lakari markaði fyrir fisk sinn í næstu söluferð en ella mundi verið hafa, muni hafa numið um 10 þús. króna.

Með tilliti til alls þessa, svo og þess, að skv. yfirmatsgerð dómkvaddra manna, nam verðmæti v/s „Dóru", ásamt farmi, þá er skipinu hafði verið bjargað, alls kr. 118620.00, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 40000.00, er stefndu verður verður gert að greiða stefnanda, ásamt vöxtum eins og krafizt hefur verið. Málskostnað, þar með talinn kostnað við yfirmat, greiði stefndur stefnandanum með kr. 3200.00 Gegn mótmælum stefndu verður ekki séð, að heimild sé til að dæma þá til greiðslu upphæða þessa in solidum.

Fyrir hinum tildæmdu upphæðum viðurkennist sjóveðréttur í v/s „Dóru" S. U. 36.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson framkvæmdarstjóri og Jón Axel Pétursson hafnsögumaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, eigendur v/s „Dóru", Marteinn Þorsteinsson og Árni Böðvarsson, greiði stefnandanum h/f Alliance, af hálfu útgerðar og skipshafnar b/v „Tryggva gamla", kr. 40000.00 með 5% ársvöxtum frá 11. okt. 1940 til greiðsludags, og kr. 3200.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í v/s „Dóru" S. U. 36 fyrir upphæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. maí 1941.

Nr. 34/1940. **Johan Ellerup**

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Hjálmari Vilhjálmssyni.

Frestun. Nýjar upplýsingar.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur verður á mál þetta lagður, þykir rétt að veita sækjanda samkvæmt analógíu 120. gr. laga nr. 85/1936 kost á því að leggja fyrir dóminn nánari upplýsingar um þessi atriði:

1. Skýrsla löggilts endurskoðanda um birgðir sínar af vörum 6. ágúst 1939, bæði unnum og óunnum, í efnagerð sér og lyfjabúð sér, og efnahagsreikning miðaðan við sama dag og gerðan af löggiltum endurskoðanda.

2. Rekstrarreikning sömu fyrirtækja, gerðan af löggiltum endurskoðanda, tímabilið frá 1. jan. 1939 til 7. ágúst s. á., og rekstrarreikning þeirra árin 1937 og 1938.

3. Skýrslu með staðfestu eftirriti úr tryggingaskírteinum um brunatryggingarupphæð húss síns 1939 og vara þeirra, áhalda og annara fjárverðmæta, er hann átti í hús-

inu 6. ágúst 1939, þar á meðal um brunatryggingu á vörum, sem til efnagerðar hans töldust þá, hvort og hverjar breytingar orðið hafi á brunatryggingum á nokkrum eða öllum þessara verðmæta síðasta árið fyrir 6. ágúst 1939, og hvort hann hafi verið tryggður við tjóni af rekstrarstöðvun vegna bruna.

4. Skrá yfir útistandandi skuldir sínar 6. ágúst 1939 og, eftir því sem unnt er, mat á líklegu tapi á þeim.

5. Greinargerð um viðgerð og endurbætur á húsi sínu, er hann telur hafa farið fram rétt áður en í því kviknaði.

Því úrskurðast:

Flutning þessa máls skal fresta, og veitist sækjanda kostur á að leggja framangreindar upplýsingar fyrir dóm.

Föstudaginn 30. maí 1941.

Nr. 37/1940. **Tómas Þorvaldsson** (Pétur Magnússon)
gegn
Ketilbjörgu Erlendínu Magnúsdóttur
(Garðar Þorsteinsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. maí 1940, hefur krafizt þess aðallega, að hann verði sýknaður af faðerniskröfu stefndu, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda krefst hins vegar staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt blóðrannsókn, sem fram hefur farið eftir uppkvaðningu héraðsdómsins á aðiljum og barni stefndu, getur áfrýjandi verið faðir barnsins, en blóðrannsóknin sannar ekki, að hann sé það.

Vitnismaðurinn Þorsteinn Daníelsson, sem reri til fiskjar ásamt áfrýjanda veturinn 1938, kveður áfrýjanda ekki hafa getað án sinnar vitundar farið til Reykjavíkur nema hluta úr nóttu á tímabilinu frá 9. febrúar til 11. maí 1938. Þorsteinn segist muna, að áfrýjandi hafi unnið að því að vega fisk pálmasunnudagsmorguninn þann 10. apríl 1938. Vitnismaðurinn Árni Ágúst Magnússon, sem var vertíðarfélagi áfrýjanda nefndan vetur, fortekur, að áfrýjandi hafi farið til Reykjavíkur á tímabilinu frá 8. febrúar til 11. maí. Segist Árni hafa verið í fiskvinnu með áfrýjanda á pálmasunnudag og hafi þeir verið návistum eftir vinnu þenna dag, og minnir Árna, að þeir áfrýjandi hafi verið saman á dansleik um kveldið í Grindavík. Báðir þessir vitnismenn hafa staðfest skýrslur sínar fyrir dómi. Vitni þeirra styrkir svo sögn áfrýjanda, að rétt þykir, að hann sé sýkn af kröfum stefndu, ef hann synjar þess með eiði á lögmæltu varnarþingi innan fjögra vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi á tímabilinu frá 20. marz 1938 til 25. maí sama ár haft samfarir við stefndu. Ef áfrýjandi fellst á eiðnum, skal hann talinn faðir barns þess, er stefnda ól þann 21. janúar 1939, enda greiði hann þá meðlag með barninu og stefndu barnsfarakostnað og styrk fyrir barnsburð og eftir, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, á málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti að falla niður, en ef honum verður eiðfall, þá greiði hann stefndu samtals kr. 400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi, Tómas Þorvaldsson, synjar með eiði sínum á lögmæltu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa samfara á tímabilinu 20. marz til og með 25. maí 1938 við stefndu, Ketilbjörgu Erlendínu Magnúsdóttur, þá á hann að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu. En ef áfrýjandi fellst á eiðnum, skal hann talinn faðir barns þess, er stefnda ól þann

21. janúar 1939, enda greiði hann þá meðleg með barninu og stefndu barnsfarakostnað og styrk fyrir barnsburð og eftir, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, á málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti að falla niður, en ef honum verður eiðfall, þá greiði hann stefndu samtals kr. 400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 27. marz 1940.

Ár 1940, miðvikudaginn 27. marz, var í aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldið var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af sýslumanni Bergi Jónssyni, uppkveðinn dómur í fyrrgreindu máli, sem dómtekið var hinn 27. febr. s. l.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Þann 21. jan. 1939 ól ógift stúlka, Ketilbjörg Erlendina Magnúsdóttir, til heimilis að Garðhúsum í Hafnahreppi, sveinbarn, sem samkvæmt vottorði ljósmóður var fullburða við fæðingu. Föður að barni þessu lýsti hún Tómas Þorvaldsson, til heimilis að Borgargarði í Grindavík. Hann hefur ekki viljað kannast við faðernið, og er mál þetta höfðað gegn honum samkvæmt beiðni barnsmóður, og hefur hún gert þær kröfur, að hann verði dæmdur faðir að barninu, til þess að greiða meðlag með því, styrk til sín fyrir og eftir barnsburðinn samkvæmt úrskurði yfirvalds og auk þess málskostnað að skaðlausu. Sáttatilraun hefur reynzt árangurslaus.

Kærandi hefur haldið því fram, að hún hafi fyrst kynnzt kærðum árið 1937, þegar hún var í vist í húsinu nr. 14 við Egilsgötu í Reykjavík. Síðan kveðst hún ekki hafa séð kærðan, fyrr en um miðjan apríl 1938. Kveðst hún þá kvöld nokkurt hafa hitt kærðan á götu í Reykjavík, og bauð hann henni þá fyrst upp á herbergið, sem hann hafði á sjómannaheimili Hjálpræðishersins í Reykjavík. Dvöldu þau þar um 15 mínútur, en fóru þaðan, þegar umsjónarmaður hússins tilkynnti kærðum, að hann mætti ekki hafa kvenmann á herberginu. Fóru þau síðan á Hótel Heklu, og kveðst kærandi hafa sofið þar hjá kærðum um nóttina, og hafi þau, að því er kærandi minnir, haft um nóttina þrisvar sinnum fullkomnar holdlegar samfarir. Kærandi hefur og haldið því fram, að kærður hafi ekki notað neinar verjur. Morguninn eftir hafi þau orðið samferða í strætisvagni til Hafnarfjarðar, þar sem þau ætluðu bæði að hitta Bjarna Snæbjörnsson lækni, kærður til þess að láta hlusta sig, en

kærandi til þess að láta gegnumlýsa sig. Kærandi kveðst ekki í önnur skipti hafa haft samræði við kærðan og ekki haft holdlegar samfarir við neinn annan karlmann á getnaðartíma barnsins. Samkvæmt vottorði Bjarna Snæbjörnssonar læknis í Hafnarfirði kom kærandi til hans til rannsóknar 10. apríl 1938, og vísaði hann henni til læknis í Reykjavík, til efnaskiptarannsóknar. Segir læknirinn, að fyrr á árinu hafi kærandi ekki komið til hans til lækninga, að því hann muni eða hafi skráð það í bækur sínar. Matthías Einarsson læknir í Reykjavík hefur í málinu gefið vottorð um það, að kærandi hafi komið til hans til efnaskiptarannsókna á Landakotsspítala 11. apríl 1938 og verið til lækninga á sama sjúkrahúsi frá 23. júní 1938 til 7. júlí 1938. Vottar læknirinn, að daginn, sem kærandi fór af sjúkrahúsinu, hafi hún verið athuguð, og reyndist hún þá vera vanfær og ca. 3 mánuði á leið. Undir rannsókn málsins hafa nokkur vitni borið það, að kærandi hafi ekki farið til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar á tímabilinu des. 1937, þangað til að hún fór í aprílmánuði 1938 til lækninga, eins og áður segir. Vitni þessi eru systkini kæranda, móðir hennar og faðir og Magnús Ketilsson, Bakka í Höfnum, sem kveðst þó ekki geta staðfest með eiði sínum, að kærandi hafi ekki farið til Reykjavíkur á tímabilinu des. 1937 til apríl 1938, þó hann hins vegar teldi líklegt, að hann hefði fengið vitneskju um það, ef svo hefði verið.

Kærður hefur á hinn bóginn haldið því fram, að samfarir þeirra, kærandi og kærðs, hafi átt sér stað í janúarmánuði 1938, og hefur hann haldið því fram, að í önnur skipti hafi hann ekki haft holdlegar samfarir við kærandi. Staðfestir kærður framburð kærandi að því er snertir stað þann, er samfarirnar hafi átt sér stað á, og önnur atvik í sambandi við samvistir þeirra, en hann hefur hins vegar haldið því stöðugt fram undir rannsókn málsins, að samfarirnar hafi átt sér stað aðfaranótt 13. jan. 1938 á Hótel Heklu í Reykjavík. Kærður hefur lagt fram í málinu vottorð Bjarna Snæbjörnsonar læknis í Hafnarfirði um það, að hann hafi rannsakað kærða 13. jan. 1938, og hefur læknirinn lýst því yfir í sama vottorði, að hann hafi ekki síðar rannsakað kærða. Þá hefur verið lagt fram vottorð forstöðukonu sjómannaheimilis Hjálpræðishersins í Reyjavík, í þá átt, að kærður hafi ritað nafn sitt í gestabók sjómannaheimilisins og tekið herbergi á leigu til næsturgistingar 12. jan. 1938, en sú athugasemd hafi verið færð inn í gestabókina, að kærður hafi ekki gist, sem sýni, að hann hafi af einhverjum ástæðum ekki fengið að halda herberginu. Þá hefur vitnið Haraldur Teitsson borið það, að kærður hafi ekki farið til Reykjavíkur frá 25. jan. til 11. maí 1938. Dvaldi vitnið á sama heimili og kærður og svaf í sama herbergi og reri á sama bát í Grindavík, og hefur vitnið borið það, að kærður hafi verið í herbergi sínu á hverjum morgni

þetta tímabil. Þennan framburð hefur vitnið staðfest með eiði. Vitnið Steingrímur Hannes Friðlaugsson hefur einnig borið það, að kærður hafi ekki farið til Reykjavíkur á tímabilinu frá 2. febr. til 11. maí 1938, en þann tíma dvaldi vitnið í Grindavík við landvinnu og sjóróðra og kvaðst þá daglega hafa hitt kærðan, en ekki hafa átt heima í sama húsi eða róið á sama bát og kærður. Enn fremur hefur faðir kærða, Þorvaldur Klemenzson, borið það, að hann hafi ekki farið til Reykjavíkur á ofangreindu tímabili.

Kærður hefur krafizt algerðrar sýknu af kröfum kærandi.

Eins og áður er fram tekið, ber kærðum og kærandi alveg saman um samvistir þeirra, nema að því er snertir tímann, er samfarir þeirra hafi átt sér stað. Það er upplýst í málinu, að í samtali, sem fór fram milli kærðs og kærandi, er þau komu frá Bjarna Snæbjörnssyni lækni og voru á leið frá Hafnarfirði til Reykjavíkur í bíl, að kærandi hafi sagt kærðum, að læknirinn hefði sagt henni, að eitthvað væri að henni í skjaldkirtlinum. Kærandi hefur haldið því fram, að samtal þetta hafi farið fram 10. apríl 1938, en kærður 13. jan. 1938. Í vottorði Bjarna Snæbjörnsonar læknis er komizt svo að orði, að kærandi hafi komið til hans 10. apríl og ekki fyrr á árinu, að því er hann muni eða hafi skráð hjá sér, og tekur læknirinn það fram, að ábyggilegt sé, að hann hafi ekki ráðlagt kærandi að leita efnaskiptarannsóknar, nema í þetta eina skipti, enda hafi hann ekki orðið var við sjúkdóminn í skjaldkirtlinum, fyrr en þennan dag. Að þessu athuguðu gæti kærandi ekki hafa látið orð falla í þá átt, að læknirinn hefði sagt, að hún væri með sjúkdóm í skjaldkirtlinum, fyrr en eftir að læknirinn rannsakaði hana 10. apríl. Vitnið Haraldur Teitsson hefur enn fremur borið það undir rannsókn málsins, að það muni það með vissu, að ekki hafi verið farið á sjó 10. apríl 1938, og að það hafi verið að vigta fisk með kærðum að morgni þessa dags. Vitnið kveðst þó ekki muna, hve lengi þeir hafi unnið að vigtun fisksins. Þennan framburð hefur vitnið staðfest með eiði.

Með skírskotun til framangreindra upplýsinga verður að telja, að kærandi hafi leitt þær líkur til styrktar máli sínu, að málalok verði látin velta á eiði hennar samkv. 213. gr. laga nr. 85/1936. Vinni kærandi eið að því, eftir löglegan undirbúning, á varnarþingi skv. 166 gr. laga nr. 85/1936, innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan á tímabilinu frá 5. til 20. apríl 1938, skal kærður talinn faðir barns þess, sem hún ól 21. jan. 1939, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds, svo og málskostnað með 50 kr.

Vinni kærandi ekki eiðinn, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, og greiði kærandi þá 50 kr. í málskotnað.

Því dæmist rétt vera:

Vinni kærandi, Ketilbjörg Erlendína Magnúsdóttir, eið að því, eftir löglegan undirbúning, á varnarþingi samkv. 166. gr. l. nr. 85/1936, innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan á tímabilinu 5.—20. apríl 1938, skal kærður, Tómas Þorvaldsson, talinn faðir barns þess, er kærandi ól 21. jan. 1939, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfarakostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburðinn, allt eftir úrskurði yfirvalds, svo og málskostnað með 50 kr.

Verði kærandi hins vegar eiðfall, skal kærður vera sýkn af kröfum kærandi í máli þessu, og greiðir þá kærandi 50 kr. í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1941.

Nr. 13/1941. **Ólafur Johnson**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Johnson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkisspjóðs, ef hann vill fá mált sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 6. júní 1941.

Nr. 15/1941. **Eyþór Árnason** (Theódór B. Lindal)
gegn
Páli Magnússyni (Lárus Jóhannesson).

Húsakaup. Krafa um riftingu.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem hefur að fenginni gjafsókn fyrir hæstarétti 29. jan. þ. á. áfrýjað máli þessu með stefnu 30. s. m., hefur krafizt þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 11365.00 með 6% ársvöxtum frá 17. febr. 1937 til greiðsludags, en til vara, að stefnda verði dæmt að greiða honum aðra fjárhæð eftir mati dómsins með vöxtum sem fyrr segir, hvort tveggja gegn framsali á þeirri kr. 1415.20 kröfu til stefnda, er hann hafði framselt áfrýjanda í sambandi við húskaup aðilja. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er eigi sannað í máli þessu, að aðiljar hafi samið um annað kaupverð á húsinu en það, er í afsalinu getur, að viðbættum þeim verðmætum, sem í héraðsdómi greinir og stefndi kveður ekki hafa verið verðsetta. Svo er ekki heldur neitt komið upp í málinu, er sýni það, að stefndi hafi mátt sjá það, að áfrýjanda væri það forsenda fyrir kaupunum, að hann kæmi verðmætum þessum út fyrir nokkurt ákveðið lágmarksverð. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómsins þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun umboðsmanns áfrýjanda, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði.

Meðferð máls þessa, sem þingfest var í héraði 11. maí 1939, hefur þar verið mjög aflaga og lögum andstæð. Þá er fram var komin greinargerð samkvæmt 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936, skyldi dómari hafa ákveðið tilhögun málflutnings samkvæmt 109. gr. sömu laga og ákveðið málflytjendum sameiginlegan frest til öflunar gagna. Í stað þessa veitti dómari málflytjendum fresti á víxl málinu til óhæfilges dráttar, og lögðu málflytjendur fram 8 skrifleg sóknarskjöl og varnar. Loks var munnlegur flutningur málsins ákveðinn 13. júní 1940, og munnlega var það flutt 29. okt. s. á.

Fyrir þessa löglausu meðferð málsins ber að átelja héraðsdómarann og málflytjendur, þá Ingólf Jónsson héraðsdómsmálflutningsmann og Lárus Jóhannesson hæstaréttarmálflutningsmann, sem virðist hafa ráðið flutningi málsins fyrir stefnda í héraði.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Theódórs Líndals hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. nóv. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 3. mai 1939 af Eyþóri Árnasyni sjómanni, Reykhólum hér í bæ, gegn Páli Magnússyni járnsmið, Bergstaðastræti 4 hér í bænum, og eru réttarkröfur stefnanda aðallega þær, að afsalsbréf hans til stefnds, dags. 17. febr. 1937, fyrir síðargreindum húseignum verði ógilt, og stefndur dæmdur til að greiða honum kr. 585.00 í húsaleigu á mánuði hverjum frá 18. febrúar 1937 til þess tíma, að hann skilar húseignunum aftur, ásamt 6% ársvöxtum af leigunni, svo og kr. 10000.00 í gabbsbætur og loks málskostnað að skaðlausu. Til vara krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér kr. 11365.00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 6. janúar 1939, til greiðsludags, kr. 10000.00 í skaðabætur og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar og enn fremur, að stefnandi verði sektaður fyrir óþarfa þrætu.

Stefnandi lýsir atvikum máls þessa á þá leið, að í byrjun ársins 1937 hafi Sigurður nokkur Þorsteinsson hvað eftir annað komið til sín og boðið sér að selja fyrir sig húseignir sínar nr. 9 við Bergstaðastræti, og hafi hann tilgreint ákveðinn væntanlegan kaupanda. Kveðst stefnandi hafa þegið boðið, en ekkert orðið úr kaupum. Skömmu seinna, eða um það bil 15.—17. febrúar, hafi Sigurður komið aftur og sagt, að nú hefði hann kaupanda að eigninni, stefndan í þessu máli, og væri hann að láta skrifa afsalið. Vildi stefanndi, að því er hann segir, fá kr. 65000.00 fyrir eignina, en vildi þó til samkomulags samþykkja að láta hana fyrir 58000.00. Kveður stefnandi það síðan hafa orðið samninga með sér og stefndum fyrir milligöngu Sigurðar, að stefndur keypti eignina fyrir kr. 58000.00. Hafi hann síðan gefið út afsal til stefnds fyrir eigninni, dagsett 18. febrúar 1939. Í afsalinu stóð, að verð eignarinnar væri

kr. 42000.00, en stefnandi kveður þannig standa á því, að hann hafi fyrir orðastað Sigurðar aðeins látið afsalið hljóða um þá fjárhæð, enda hafi Sigurður sagt, að það væri bæði hentugra og ódýrara.

Hið raunverulega söluverð eignarinnar telur stefnandi eiginlega hafa átt að vera kr. 58615.20, og hafi það verið greitt þannig:

1.	Stefndur hafi greitt í peningum með því að taka að sér greiðslu áhvílandi skulda og á annan hátt ..	kr. 42000.00
2.	Með afhendingu hlutabréfs í Strætisvagnar Reykjavíkur h/f	— 1000.00
3.	Með afhendingu hlutabréfs í Eimskipafélagi Íslands h/f	— 200.00
4.	Með framsali kröfu á hendur Freygarði Þorvaldssyni	— 1415.20
5.	Með afhendingu einnar Nygrei bátsvélar	— 14000.00
	Samtals	kr. 58615.20

Það er viðurkennt í málinu, að auk afsalsverðsins, sem greint er í 1. lið hér á undan, fékk stefnandi fyrir eignina öll þau verðmæti, sem greind eru í 2.—5. Staðhæfir stefnandi, að stefndur hafi sagt sér, að strætisvagnahlutabréfið, er var kr. 500.00 að nafnverði, væri 1000.00 kr. virði, Eimskipafélagshlutabréfið 200.00 kr. virði, krafan á hendur Freygarði rétt og góð, en hún var að nafnverði kr. 1415.20, og loks, að Nygrei vélin væri 14000.00 virði. Þessu kveðst stefnandi hafa trúað og því tekið verðmæti þessi sem fulla greiðslu upp í söluverð eignarinnar. Þegar á hafi reynt, hafi hlutabréfin þó reynzt mun minna virði, krafan á Freygarð röng og ónýt, og Nygrei vélina hafi reynzt ómögulegt að selja fyrir meira en kr. 3800.00. Hafi því verið um hin stórkostlegustu svik að ræða af hálfu stefnds, er eigi að varða því, að aðalkrafa sín verði tekin til greina um riftun kaupanna, en þyki ekki unnt að fallast á hana, beri þó að taka varakröfuna til greina, en upphæð hennar er mismunur sá, er stefnandi kveður vera á fjárhæð þeirri, er hann hafi í raun og veru fengið fyrir eignina og hins samningslega ákveðna söluverðs.

Stefndur byggir kröfur sínar á því, að verð það, sem tilgreint hafi verið í afsalinu, kr. 42000.00, hafi verið hið raunverulega söluverð, þó að viðbættu því, er stefnandi gæti gert sér úr verðmætunum undir nr. 2.—5. Kveðst hann aldrei hafa viljað láta meira fyrir húsið en kr. 42000.00, auk hlutabréfanna, kröfunnar og vélarinnar. Hann neitar að hafa gefið stefnanda aðrar upplýsingar um verðmætin undir nr. 2.—5. en þær, að sér hafi verið boðnar kr. 800.00 í strætisvagnahlutabréfið, en að hann hafi ekki viljað láta það fyrir minna en kr. 1000.00, og að krafan á Freygarð væri rétt. Þessar upplýsingar hafi verið réttar og geti því ekki varðað sig neinum vítum. Hvað þeir stefnandi og Sigurður kunni að hafa verðlagt framangreind verðmæti, sé sér með öllu óviðkomandi, enda hafi

Sigurður á engan hátt verið í þjónustu sinni við kaupin, heldur hafi hann komið fram sem söluumboðsmaður stefnanda sjálfs.

Meðal gagna máls þessa er ýmislegt, sem þykir benda ákveðið í þá átt, að stefnandi hafi ekki viljað selja eignina fyrir minna en kr. 58000.00 í raunverulegu verðmæti. Virðist og svo, sérstaklega af miða nokkrum með rithönd Sigurðar, sem lagður er fram, sem Sigurður hafi viljað telja stefnanda trú um, að hann fengi raunverulega kr. 58000.00 fyrir húsið í kaupunum við stefndan. Hins vegar er með öllu ósannað gegn andmælum stefnds, að hann hafi nokkru sinni verðlagt hlutabréfin, kröfuna og vélina við stefnanda né gefið honum í skyn, að í umræddum kaupum fengi hann kr. 58000.00 fyrir eignina að raunverulegu verðmæti. Þá þykir ekkert fram komið, er bendi til þess, að stefndur hafi á nokkurn hátt stuðlað að því, að Sigurður teldi stefnanda trú um, að hann fengi í raun og veru kr. 58000.00 fyrir eignina, með því að gera kaupin við stefndan, né haft grun um fort.ölur Sigurðar í þá átt, enda virðist Sigurður hafa komið fram gagnvart stefndum sem umboðsmaður stefnanda.

Verður rétturinn því samkvæmt framanskráðu að líta svo á, að ósannað sé, að stefndur hafi í umræddum kaupum hagað sér á nokkurn þann hátt, að leitt geti til þess, að kröfur stefnanda verði teknar til greina, enda er og ósannað í málinu, að verðmæti það, er stefnandi fékk fyrir eignina, hafi verið óhæfilega lítið. Verður því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda, en málskostnað ber að láta falla niður.

Mál þetta er rekið sem gjafsóknarmál af hálfu stefnanda. Málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, hdm. Ingólfs Jónssonar, greiðast úr ríkissjóði og þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Páll Magnússon, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Eyþórs Árnasonar, en málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, hdm. Ingólfs Jónssonar, kr. 300.00 greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 9. júní 1941.

Nr. 30/1941. **Steingrímur Pétursson og Höskuldur Guðmundsson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Margréti Guðlaugsdóttur (Pétur Magnússon).

Bótakrafa vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Sigurður bæjarfógeti Eggerz.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. marz þ. á. og fengið áfrýjunarleyfi. Krefjast þeir aðallega algerrar sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi hennar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefjast þeir þess, að fjárhæð sú, sem þeim var í héraði dæmt að greiða, verði lækkuð eftir mati dómsins, og verði málskostnaður í héraði þá látinn falla niður, en stefnda dæmd til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í vottorði Jóhanns Sæmundssonar tryggingarlæknis frá 18. janúar 1940, sem ekki er skráð rétt er héraðsdómi, er örorka stefndu áætluð þannig:

I. ár.		
Fyrstu 4 mánuði eftir slysið	100%	örorka
Næstu 4 mánuðina	75—	—
Næstu 4 mánuðina	40—	—
II. ár.		
Fyrstu 6 mánuði	20—	—
Næstu 6 mánuði	10—	—

En eftir það megi gera ráð fyrir, að örorka verði engin.

Með hliðsjón af vottorði þessu, svo og upplýsingum, er fram hafa komið um stórfelld og varanleg andlitslýti

stefndu, þykja bætur henni til handa fyrir atvinnutjón, þjáningu og lýti hæfilega ákveðnar kr. 9000.00. Verða þá bætur þær, er áfrýjendum ber in solidum að greiða henni, samtals kr. 9416.56 með vöxtum eins og krafizt er.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefndu in solidum samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti og kr. 130.74 í ríkissjóð.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Steingrímur Pétursson og Höskuldur Guðmundsson, greiði in solidum stefndu, Margréti Guðlaugsdóttur, kr. 9416.56 með 5% ársvöxtum frá 27. desember 1939 til greiðsludags. Svo greiði þeir stefndu og in solidum samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti og kr. 130.74 í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 20. des. 1940.

Atvik málsins eru þessi:

Steingrímur Pétursson bifreiðarstjóri kom frá Hálsi í Saurbæjarhreppi.

Ók hann 3. september 1939 kl. 3.40 að næturþeli eftir Aðalstræti. Stýrði hann flutningabifreið A. 142, sem er eign hans og meðstefnda, Höskuldar Guðmundssonar, Lækjargötu 16.

Þegar stefndi Steingrímur var kominn bæjar megin við kirkjuna, varð árekstur milli bifreiðarinnar og gangandi stúlku, Margrétar Guðlaugsdóttur, stefnanda í þessu máli, sem kom með Þórði Jónssyni bílstjóra innan úr bænum. Segir stúlkan, að þau hafi gengið á vinstri kanti vegarins, og var hún nær bílnum en maðurinn. Bifreiðarstjórinn, Steingrímur Pétursson, stefndi í þessu máli, segist hafa verið á miðjum veginum, er hann sá stúlkuna og manninn í bifreiðarljósinu. Segir hann, að sér hafi ekki komið til hugar, að hann rækist á þau. Svo hafi hann séð stúlkuna beygja að bílnum, og við það hafi áreksturinn orðið. Sá hann stúlkuna hverfa í skugga bifreiðarinnar. Margrét Guðlaugsdóttir, stefnandinn, hefur borið fyrir rétti, að hún hafi gengið á austurkanti vegarins eins austarlega og hún gat, en hún gekk á hægri hlið Þórðar. Hún hefur sagt, að bifreiðin hafi verið með ljósum, en ekið á austurkanti vegarins. Hún man aðeins eftir, að hún sá ljós og féll svo í ómegin.

Hún getur um, að nokkru áður en áreksturinn varð, sá hún bifreiðina inn við Gróðrarstöð. Að því er snertir vitnisburð Þórðar, sem var með stúlkunni, hefur hann fyrst borið, að hann og stúlkan hafi verið á leið inn til bæjarins, og bifreiðin því komið á eftir þeim, en svo breytir hann þessum vitnisburði og segist hafa verið undir áhrifum víns — og virðist vitnisburður hans bera vott um það. Hann heldur, að bifreiðin hafi ekið með 30 km hraða. Höskuldur, meðeigandi bifreiðarinnar og meðstefndur, tók ekki eftir stúlkunni og manninum, fyrr en þau voru 2—3 metra frá bifreiðinni.

Bifreiðin segir hann, að hafi verið sem næst miðjum vegi.

Hann heldur, að ekið hafi verið með 20—30 metra hraða (svo). Þilturinn og stúlkan, segir hann, hafi verið svo langt frá bifreiðinni, að sér hafi sýnzt, að ekki gæti verið að ræða um hættu fyrir þau. Bifreiðin, segir hann, að muni hafa stöðvazt 5—6 metra frá þeim stað, þar sem stúlkan lá eftir áreksturinn, en þetta var venjulegur flutningabíll. Sama segir stefndur Steingrímur bílstjóri um þetta atriði. Vitnið Þórður segir, að Höskuldur hafi sagt sér, að hann hafi sofið, þegar áreksturinn varð, og hafi vaknað við, að bílstjórinn sagði honum, að hann hefði keyrt á mann. Höskuldur neitar, að þetta sé rétt. Steingrímur segir aftur, að hann hafi kallað til hans, að hann hafi keyrt á mann. Höskuldur meðstefndur játar, að hann hafi verið undir áhrifum víns. Á vitnisburðum þessara vitna virðist ekki mikið byggjandi, þar sem báðir voru undir áhrifum víns, og Þórður auk þess breytt vitnisburði sínum, en Höskuldur meðeigandi bifreiðarinnar. Bifreiðarstjórinn sjálfur var aftur á móti ekki undir áhrifum víns. Hann segist hafa keyrt með 30 km hraða, er hann sá stúlkuna og piltinn. Er sá hraði ólöglegur eftir bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt Akureyrar. Það er upplýst, að staðurinn, sem slysið varð, er innan bæjar. Auk þess virðist staðurinn þannig, að ástæða sé til að viðhafa sérstaka gætni við keyrslu á honum samkvæmt athugunum og mælingu lögreglunnar. Er vegurinn, þar sem slysið varð, 7 metra breiður. Gangstétt er hvorugum megin, en austurkantur vegarins er upphlaðinn grjótgarður, ca. 60 cm á hæð, og með flóði fellur sjór að kantinum. Vestan að veginum er girðing úr tré, og hallar aðeins frá henni fram að götunni. Steingrímur stefndur hefur lýst yfir því, að stuttu eftir að hann fór frá Hálsi, hafi hann orðið þess var, að vinstra ljós bifreiðarinnar var í ólagi. Ljósið slokknaði við og við. Leiðslurnar voru lausar. Hægra ljósið logaði allt af. Hann getur ekki fullyrt, að logað hafi á vinstra ljósinu, þegar áreksturinn varð. Hins vegar sá hann piltinn og stúlkuna í bifreiðarljósinu eða bifreiðarljósunum. Steingrímur gaf ekki hljóðmerki. Steingrímur segir, að þegar hann og Höskuldur tóku stúlkuna upp, hafi hún legið á miðri götunni, en Höskuldur segir, að hún hafi legið nær hægri kantinum á veginum. Steingrímur heldur, að stúlkan hafi rekizt á pallinn aftan á stýris-

húsinu, en vill þó eigi fullyrða það. Það er upplýst, að „boddy“ var á bílnum. Snæbjörn Þorleifsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina 3. september 1939 og segir hann, að bifreiðin hafi verið í góðu lagi, að undanskildu því, að ljóstengill á vinstri framlukt gaf eigi gott samband, og því eigi hægt að fullyrða, að bifreiðin hafi ekið með báðum framljósum daginn áður. Bifreiðaeftirlitsmaður segist ekki minnast þess, að hann 5. september 1940 hafi sérstaklega athugað hraðamælirinn, en 5. júlí 1939, þegar bifreiðaskoðun fór fram, var hann í lagi. Hann tekur fram, að hann hafi séð hár á „boddyinu“ hérumbil ½ alin frá bílpallinum.

Höskuldur segist aftur hafa séð blóð á „boddyinu“ rétt fyrir framan stýrishúsið. Steingrímur var svo óstyrkur eftir slysið, að hann treysti sér ekki að keyra bifreiðina með stúlkuna upp á sjúkrahúsið, en bað Höskuld um að gera það. Próf hafa farið fram um för stefnanda Margrétar út að Reistará og til Akureyrar, en í ferð þessa fór hún að kveldi 2. sept. 1939 og kom til bæjarins rétt áður en slysið vildi til nóttina 3. september 1939. Aðallega hefur verið athugað, hvort stúlkan muni hafa verið undir áhrifum áfengis. Tvö vitni, sem þekkja stúlkuna, segja, að hún yfir höfuð bragði eigi áfengi. Sjálf neitar hún, að hún hafi bragðað áfengi í ferðinni. Eitt vitni heldur ef til vill, að hún hafi smakkað vín, og bifreiðarstjórinn Ingólfur segist jafnvel hafa heyrt á mæli hennar, en aðalatriðið er, að við rannsókn á stúlkunni varð læknirinn eigi var við neitt í þá átt, að hún hefði smakkað áfengi, og seldi hún þó upp nokkru á eftir að hún kom á sjúkrahúsið.

Rétturinn lítur svo á, að enginn vafi sé á, að stefndur Steingrímur Pétursson hafi keyrt óleyfilega hart, eigi sízt, þegar það var á nóttu og á athugaverðum vegi, og einkum þar sem hann vissi, að ljós hans voru í ólagi. Auk þess gaf hann eigi hljóðmerki, enda virðist heldur eigi hafa keyrt vinstra megin á veginum.

Virðist því enginn vafi á, að hann og meðstefndur, sem eru eigendur bifreiðarinnar, séu skaðabótaskyldir, og þar sem eigi verður séð, að stefnandinn, Margrét Guðlaugsdóttir, eigi sök á bílslysinu, verður eigi að ræða um neina skiptingu á skaðabótum.

Skaðabótakröfurnar eru:

1. Sjúkrahúskostnaður kr. 448.50.
2. Fyrir atvinnutjón, þjáningar og líkamslýti kr. 18000.00.

Margrét Guðlaugsdóttir var flutt á sjúkrahúsið í september 1939, og veitti Árni Guðmundsson henni móttöku. Lá hún á sjúkrahúsinu til 26. september 1939. 18. nóvbr. þ. á. lætur Guðm. Karl Pétursson í ljósi álit sitt um heilsufar stúlkunnar. Í það álit er einnig tekinn journal sá, sem færður var við móttöku stúlkunnar á sjúkrahúsið. Þykir því ekki ástæða til að taka upp í forsendur dómsins álit Árna Guðmundssonar læknis sérstaklega, en hins vegar þykir

rétt að tilfæra álit Guðmundar Karls Péturssonar í aðaldráttum, réttarskj. 3.

Segir þar svo: „Var hún strax eftir slysið flutt á sjúkrahús Akureyrar, og er þess getið meðal annars um ástand hennar þá í „journal" spítalans.

Var komið með sjúklinginn, að því er virðist, meðvitundarlausan, og hún lögð upp á rannsóknarborð á skrifstofu spítalans. Blæddi allmikið frá sárum á höfði sjúklingsins, og kápa sjúklingsins var allmikið blóði drifin, en enginn merki samt um, að hún hefði fallið á götuna, og ekkert göturyk eða skítur var í eða kringum áverkana.

Strax eftir að sjúklingurinn var kominn inn í sjúkrahúsið, vaknaði hún við og var þá töluvert exalteruð og vildi strax fara heim, án þess nokkuð væri við sárið gert.

Ekki var finnanleg nein vínlykt af sjúklingnum og heldur ekki af því, sem hún kastaði upp nokkru síðar. Augu eðlileg, reagera fyrir ljósi og „accomodation". Engin blæðing frá nefi eða eyrum. Miðframtönn hægra megin er brotin upp við tannhold og lateralinn þeim megin er skekkt, sleginn inn í munninn. Sömuleiðis er brotið framan af medial framtönn vinstra megin (mediala hornið).

Yfir miðri augnabrún hægra megin er gapandi sár 7,5 cm á lengd, sem nær ofan úr hársrótum og niður fyrir augnabrún. Er það höggvið inn í bein, og í miðju sárinu er impression fractura með tveimur brotlínum, parallellum húðsárum, með 1 til 1,5 cm millibili, og hefur beinbrú sú, sem þar myndast á milli, slegizt það inn, að útflötur stendur dýpra en innra borð. Lamina interna svo að sést inn á dura beggja megin, þar sem dýpst er, en ekki virðast frissurur ganga neitt út frá þessu broti. Við neðri brún hægra orbiti er ca. 1,5 cm langt sár í stefnu orbitalrandarinnar, en ekki finnst nein brotlöm á kinnbeinsboganum. Neðanverðu frá nasavængnum hægra megin liggur 7 cm langt gapandi sár gegnum lab.sup. og hægri vangafyllu niður á kjálkabarðið hægra megin. Er sár þetta alveg opið inn í munn, svo tungan rekst annað slagið út í sárið.

Gert var að sárum sjúklingsins, sem greru vel. Fyrstu dagana á eftir slysið var þó líðan sjúklingsins slæm vegna óþæginda frá höfuð- og andlitsmeiðslum. Seinni hluta veru sinnar á spítalanum fékk hún nokkur slæm höfuðverkjarköst, sem þó liðu fljótlega frá aftur. Sjúklingurinn var burtskráður frá spítalanum 26. sept. 1939, og hafði þá verið á fótum í 2 daga við góða líðan.

Sjúkdómsgreining spítalans: Commotio cerebri, Fractura ossis frontalis, vulnera contusa faciei.

Síðan slasaða fór af spítalanum, hefur hún haft fótavist dag-

lega, en stundum orðið að leggja sig stund og stund, þegar höfuðverkurinn hefur verið verstur. Hefur ekkert getað unnið. Núverandi ástand samkvæmt lýsingu slösuðu þykir ekki ástæða til að taka upp í forsendum dómsins. Þá er tekið fram í vottorðinu, objectiv rannsókninni:

Heldur grannvaxinn stúlka, holdafar nokkurn veginn í meðallagi. Svarar öllum spurningum skýrt og vöflulaust. Það, sem mest fellur í augu við fyrstu sýn, eru 2 stór rauðleit, dálitið upphleypt ör, annað yfir hægra augabrún og hitt frá miðri efri vör beint niður undir h. nasavæng á ská út á við og niður á við, niður á kjálkabarð, jafnframt nokkurri skekkju á munninum, þannig að hægra munnvik slapir töluvert niður, og verður þetta enn meira áberandi við það, ef slasaða brosir eða talar. Efra örið nær frá efri rönd orbita beint upp í hársrætur, tæplega 7 cm á lengd. Á nokkru svæði undir miðbiki örsins finnst dálítill beingarður, en lateralt við hann er dæld í beinið, og sést hún greinilega að utan. Dæld þessi gengur alveg niður í gegnum augnabrúnina, og þegar það við bætist, að hreyfing er upphafin á svæðinu medialt við örið, en lateralt við það lyftist brúnin óeðlilega mikið, þá verður af þessu hlykkur á augnabrúninni, sem breytir andlitssvipnum og er til lýta.

Yfir neðri augnatóftarbrún frá miðju og inn undir nefið er óreglulegt, upphækkað, rauðlegt ör ca. 10 × 4 mm.

Ljótasta örið er þó neðarlega á hægri vanga, byrjar beint niður undan h. nasavæng yzt mitt á milli munns og nefs og gengur á ská út á við og niður á við 1,5 cm utan h. munnviks, en þar verður á því nokkur hlykkur, svo að myndast ca. 170° horn opið að miðlínu, og síðan gengur örið niður á kjálkabarð. Þar sem hlykkurinn er á örinu, gengur 1,5 cm langt ör næstum lárétt út á kinnina. Innendi örsins er T-lagaður, og stefnir annar anginn niður að munni, en hinn upp að nefi. Allt er örið talsvert óreglulegt, upphækkað, rautt og vel 0,5 cm breytt, þar sem það er breiðast. Andspænis þessu öri inni í munninum er annað ör á slímhúðinni og mikið herzli í vangafyllunni.

Vegna þess, hve mikið hefur slitnað af vöðvum og taugum við þessi meiðsli, hefur orðið lömun á vöðvunum medialt við örið, og veldur þetta skekkju á munninum, þannig að hægra munnvikið slapir talsvert niður, og ber einna mest á því, þegar stúlkan hlær eða talar.

Þá segir læknirinn, að stúlkan hafi efalaust fengið heilahristing, sbr. sjúkdómsgreining spítalans. Enn fremur segir hann, að til þessa tíma hafi hún verið óvinnufær, en ástæða sé til að ætla, að ástandið breytist til batnaðar.

Þá segir læknirinn, að af heilahristing hljótist oft varanleg óþæg-

indi, er leitt geti til mismikils orkutaps, allt upp í það að vera fullkominn „invalid" æfilangt.

Af andlitsmeiðslunum segir hann, að stúlkan hafi hlotið mjög afskræmandi ör. Segir hann, að þau líkamslýti, auk sálarangurs, geti beinlínis að ýmsu leyti orðið stúlkunni farartálmi og spillt fyrir henni í lífsbaráttunni. Þá hefur augnlæknir Helgi Skúlason skoðað stúlkuna 17. nóvember 1939 og 12. febr. síðastl., réttarskj. 4 og 27. Samkvæmt vottorði hans virðist sjón stúlkunnar óskemmd, en hins vegar telur hann, að augnahimnuboginn hægra megin sé ekki alveg eins reglulega lagaður og vinstra megin, og virðist telja það talsvert áberandi lýti.

Þá hefur tannlæknirinn einnig skoðað stúlkuna, réttarskj. 5. Hann hefur gert við tennur í henni, sem hafa brotnað og skemmzt. Segir hann, að styrkleiki tannanna sé minni á eftir, og eins talar hann um lýti þau, sem stafa af skemmdunum.

Álit liggur einnig fyrir frá Friðriki V. Björnssyni, ódags., réttarskjal 18, en hann er læknir vátryggingarfélagsins, þar sem bifreiðin er vátryggð.

Er álit þetta byggt á rannsóknum þeim, sem læknarnir á Akureyri hafi gert á sjúklingnum. Alvarlegasta afleiðingin af áverkanum, segir hann, að örin séu og þar af leiðandi líkamslýti.

Telur hann, að örin muni lagast nokkuð, og bendir sérstaklega á álit augnlæknisins, þar sem hann segir, að örið sé eigi vaxið við undirlagið (beinið), en þar sem missmiði séu á beininu, sé húðin sæmilega hreyfanleg. Þá telur hann einnig, að skekkjan á munnvikinu geti lagazt. Líðan sjúklingsins telur hann einnig, að geti staðið til bóta.

Þessu vottorði hefur umboðsmaður stefnanda mótmælt, þar sem læknirinn sé starfsmaður tryggingarfélagsins, þar sem billinn sé vátryggður.

Þá er og álit tryggingarlæknis Jóhanns Sæmundssonar, réttarskj. 18, dags. 18. jan. 1940, fyrir hendi.

Telur hann, að hér hafi verið um léttan heilahristing að ræða.

Álit hans í málinu er byggt á rannsókn, sem læknar á Akureyri hafa framkvæmt. Hann metur örorkuna þannig:

1. ár.	Fyrsta mánuðinn	100%	örorka
	næsta mánuðinn	75—	—
	þar næsta mánuð	40—	—
2. ár.	Fyrstu 6 mánuði	20—	—
	næstu 6 mánuði	10—	—

og svo ekkert úr því. Þá hefur héraðslæknirinn á Akureyri skoðað sjúklinginn 10. febr. síðastl., réttarskj. 26. Vísar hann í vottorð spítalalæknisins. Líðan sjúklingsins, segir hann, sé betri 18. nóv.

1939, hvað viðvíkur höfuðverk, sviða og verkjum í örunum. Einnig segir hann, að sjúklingurinn sé nokkuð þolmeiri og styrkari. Aftur virðast hinar psykisku og nervösu truflanir engu minni en 18. okt. 1939. Telur hann, að örorka stúlkunnar sé um 100%, og þó er kominn sá tími, þegar tryggingarlæknirinn mat örorkuna 75%.

Eftir tvo til þrjá mánuði telur hann, að eitthvað muni breytast til batnaðar, og hún muni þá fær til einhverrar léttari vinnu, en um þetta segir héraðslæknirinn, að ekki sé hægt að fullyrða, þar sem það hafi sýnt sig, að sjúklingar, sem hafi fengið heilahristing, nái sér mjög misjafnlega fljótt, þó um léttari heilahristing sé að ræða.

Húsbóndi stúlkunnar, J. Kvaran, upplýsir, að stúlkan hafi haft í kaup 75 kr. á mánuði. Var atvinna hennar í skósmíðaverksmiðju hans, og var hún byrjandi.

Samkvæmt reglum verksmiðjunnar getur hún síðar fengið 150 kr. í kaup og auk þess 9% í kaupbætir.

Að því er 1. lið skaðabótakröfunnar snertir, þá eru lagðir fram reikningar fyrir kr. 416.50, er ber að taka til greina.

Að því er 2. lið snertir fyrir atvinnutjón, þjáningar og líkamslýti, þá er gerð krafa ósundurliðuð fyrir alla þessa liði, enda erfitt að sundurliða þá.

Að því er atvinnutjónið snertir, þá liggur að vísu fyrir vottorð frá tryggingarlæknum um, að örorkan vari aðeins 2 ár, en tryggingarlæknirinn hefur ekki skoðað sjúklinginn, og samkvæmt áliti héraðslæknisins hér á staðnum, sem hefur skoðað sjúklinginn, þá hefur álit tryggingarlæknisins ekki staðizt fyrir þann tíma, sem liðinn er. Héraðslæknirinn telur og mjög erfitt að ákveða, hvort og að hve miklu leyti stúlkan verður vinnufær. Þykir því eins vel geta farið svo, að atvinnutjón stúlkunnar verði mikið, auk þess sem telja verður, að jafnvel þó líkamskraftar hennar leyfðu henni að vinna, þá yrði vegna útlits hennar erfiðara fyrir hana að fá atvinnu en áður var.

Þá virðist alvarlegasta hlið málsins vera lýti þau hin miklu, sem stúlkan hefur orðið fyrir við slysið, sbr. vottorð læknanna og myndir þær, er fram hafa verið lagðar í málinu.

Þegar tekið er tillit til atvinnutjóns nú og í framtíðinni og tekið er tillit til þess, hvað viðhorf stúlkunnar til lífsins hlýtur að hafa breytzt við slysið og allar horfur fyrir framtíð hennar þungbærar, þá þykir rétt að taka kröfu stefnandans, að því er þennan lið snertir til greina, með kr. 16000.00, og ber því að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnandanum kr. 16416.56.

Í málskostnað greiði stefndu in solidum kr. 1000.00 og í ríkissjóð kr. 130.75 aur.

Dómarinn tekur fram, að honum þótti rétt að kveða þennan dóm ekki upp, fyrr en dómur væri genginn í lögreglurétti í máli því,

sem réttvísin og valdstjórnin hefur höfðað gegn Steingrími Péturssyni, öðrum stefnda í þessu máli.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Steingrímur Pétursson og Höskuldur Guðmundsson, til heimilis á Akureyri, greiði in solidum stefnandanum, Guðlaugi Kristjánssyni f. h. Margrétar Guðlaugsdóttur, Akureyri, kr. 16416.56, ásamt 5% ársvöxtum frá 27. desember 1939 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndu in solidum stefnandanum kr. 1000.00 og í ríkissjóð kr. 130.75.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. júní 1941.

Nr. 1/1941. **Axel Schiöth** (Eggert Claessen)
gegn
Sigurbirni Guðmundssyni (Pétur Magnússon).

Lausafjárkaup. Rifting vegna galla.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðbrandur sýslumaður Ísberg.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1941 og að fengnu áfrýjunarleyfi 12. des. f. á., hefur krafizt þess, *að* honum verði dæmt heimilt að rifta kaup á hesti þeim, sem stefndi seldi honum 27. maí 1939, og *að* stefnda verði dæmt að endurgreiða honum kaupverð hestsins kr. 320.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. júlí 1939 til greiðsludags, svo og að greiða honum þær kr. 25.00, sem hann hefur orðið að borga fyrir viðgerðir á girðingum, sem hesturinn spillti 30. maí 1939, og 1 krónu á dag á tímabilinu 29. maí til 20. júlí 1939, eða kr. 52.00, fyrir beit handa hestinum og fyrirhöfn við hann, og kr. 1.50 á dag fyrir hirðingu og fóður hestsins frá síðarnefndum degi til þess dags, þegar stefndi tekur við honum aftur.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það hefur komið upp í máli þessu, að hesturinn reyndist óviðráðanlegur af styggð og tryllingi. Vönun á honum hafði mistekizt, og stóðust því ekki þau ummæli stefnda við kaupin, að geldingin myndi reynast fullnægjandi. Af þessum sökum er áfrýjanda rétt að rifta kaupin og fá endurgreitt kaupverðið ásamt vöxtum eins og krafizt er. Ennfremur ber stefnda að greiða þær kr. 25.00, sem áfrýjandi krefst vegna spjalla af völdum hestsins. Eftir að stefndi hafði synjað viðtöku hestsins í bréfi 12. júlí 1939, gat áfrýjandi ráðstafað hestinum á ábyrgð stefnda að fram farinni tilkynningu um það. Samkvæmt þessu þykir hæfilegt að gera stefnda að greiða áfrýjanda kr. 75.00 fyrir vörzlu hestsins um það tímabil, er áfrýjandi þurfti að hafa hann í gæzlu.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjanda, Axel Schiöth, er heimil riftun á kaupi hests þess, er stefndi, Sigurbjörn Guðmundsson, seldi honum þann 27. maí 1939, og ber stefnda að endurgreiða honum kaupverðið, kr. 320.00, með 6% ársvöxtum frá 22. júlí 1939 til greiðsludags og ennfremur kr. 100.00.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Húnavatnssýslu 5. júní 1940.

Mál þetta, sem að undangenginni árangurslausri sáttatilraun var þingfest 30. september 1939 og tekið upp til dóms 22. maí þ. á., er höfðað af Axel Schiöth, bakarameistara á Akureyri, gegn Sigur-

birni Guðmundssyni Þverá (Syðri-Þverá) í Þverárhreppi. Eru málsatvik þau, er hér greinir:

Þann 27. maí 1939 keypti Axel Schiöth rauðan hest, 7 vetra gamlan, af Sigurbirni Guðmundssyni, er þá var staddur að Kaupangi í Eyjafirði. Kveðst stefnandi, Axel Schiöth, hafa spurt um það sérstaklega, hvort hesturinn væri styggur, en stefndur (Sigurbjörn Guðmundsson) neitaði því, en getið þess þó jafnframt, að hesturinn væri hræddur um hausinn á sér og hefði það til að bjóða rassinn, en stæði kyrr, ef gæfur hestur væri með. Að kveldi sama dags var hesturinn fluttur heim til stefnanda og látinn laus inn á afgirt tún. Eftir að hesturinn hafði verið þar einn í 2 daga, var á 3. degi reynt að handsama hann af 2 fullorðnum mönnum, Helga Schiöth og Sigurði Eiríkssyni, en þeir náðu eigi hestinum, fyrr en inni í húsi, eftir að hesturinn hafði brotizt í gegnum hlið, sem hann var króaður við. Var hestinum svo sleppt lausum aftur í afgirt hólf. En síðar sama dag reyndu sömu 2 menn aftur að ná hestinum og höfðu þá með sér stilltan hest. Náðist rauði hesturinn þá eigi að heldur og stökk nú á girðinguna og fór yfir hana, og úr því á hverja girðinguna af annari, og reyndist trylltur og nær óviðráðanlegur. Hafði þá og komið í ljós við athugun, að hesturinn var graður, og telur stefnandi, að trylling hestsins og styggð muni stafa af því að miklu leyti. Heldur stefnandi því fram, að stefndur hafi leynt hann stórkostlegum göllum á hestinum, þ. e. styggð hans, svo og því, að hann væri graður. Skoraði hann á stefnda að taka hestinn aftur og skila andvirði hans og greiða auk þess áfallinn kostnað við gæzlu hestsins og skemmdir af hans völdum, og þegar stefndur neitaði að verða við þeirri áskorun, höfðaði kaupandi mál gegn honum, og eru dómkröfur stefnanda þessar:

1. Að kaupin á rauða hestinum gangi til baka, og að hann fái endurgreiddar þær kr. 320.00, sem hann greiddi fyrir hestinn, ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags.

2. Skaðabætur vegna spjalla á girðingum af völdum hestsins skv. frásögn í sáttakæru, kr. 25.00.

3. Greiðslu fyrir fyrirhöfn við hestinn og beit 1 kr. á dag frá 29. maí til 20. júlí 1939 og frá þeim degi til þess dags, er hesturinn verður tekinn, kr. 1.50 á dag fyrir hirðingu og fóður.

4. Málskostnað að skaðlausu, þ. á. m. ferðakostnað allan samkv. reikningi.

Stefndur krefst hins vegar fullkominnar sýknu í málinu af öllum kröfum stefnanda, og auk þess málskostnaðar að skaðlausu samkv. reikningi.

Aðalkröfu sína í málinu, riftunarkröfu, byggir stefnandi á því, að stefndur hafi leynt göllum á hestinum, sem sé því, að hesturinn væri graður og að hann væri styggur. Hinn fyrrnefndi galli er sýnilegur við skoðun. Kaupandi er sjálfur til staðar, þegar

kaupin fara fram, og hefur með sér mann, vitnið Sigfús Axfjörð, sem er talinn vera og telur sjálfan sig vera vanan hestakaupmann. Þessi maður handleikur hestinn og skoðar hann fyrir kaupanda (stefnanda). Hann skoðar upp í hann og hann skoðar undir hann og telur fyrst, að hann sé ógeltur. Og er honum er sagt, að hesturinn hafi verið vanaður með aðferð, er hefði það í för með sér, að eistun visnuðu smám saman, þá ber hann sem vitni, að hann hafi sagt við stefnanda, að hann mætti búast við að þurfa að vana hestinn, og er þessum framburði eigi mótmælt af stefnanda. Vitnin Þorleifur Þorleifsson og Árni Guðjónsson bera báðir, að Sigfús Axfjörð hafi skoðað undir hestinn, og hið fyrrnefnda vitni, að Sigfús hafi sagt, „að hesturinn mundi vera ógeltur eða ekki almennilega geltur". Vottorð dýralæknis, er frammi liggja í málinu, virðast sanna, að gelding hafi verið framkvæmd, en mistekizt að mestu leyti. Vitnið Sigurbjartur Þorlákssón og auk hans vitnin Guðmundur Árnason og Jóhannes Guðmundsson, faðir og bróðir stefnda, bera öll, að þeir hafi verið viðstaddir, er hesturinn var geltur með klíptöngum, „síðastliðinn vetur", þ. e. veturinn 1938—1939. Í sambandi við þessa vitnaleiðslu er það ekki véfengt af hendi stefnanda, að hesturinn hafi verið geltur með klíptöngum, svo sem stefndur hefur haldið fram. Það verður því að teljast sannað, að stefndur hafi sagt rétt til um það, að hesturinn hafi verið geltur með klíptöngum, þó að það virðist hafa mistekizt að allverulegu leyti, en hins vegar talið sérkennilegt um þessa geldingaraðferð, að það komi fyrst í ljós, er alllangt er fráliðið, hvort mistök hafi átt sér stað. Með vitnisburði vitnanna Sigfúsar Axfjörð og Þorleifs Þorleifssonar, sem ekki er mótmælt af stefnanda, verður og að telja það sannað, að stefnandi hafi fengið fulla vitneskju um ástand hestsins, að því er ófullnægjandi vönun snertir, er kaupin fóru fram, en af því leiðir aftur, að stefnandi getur eigi gert þá ástæðu gildandi sem riftunarástæðu eftir að kaupin eru gerð.

Viðvíkjandi styggð hestsins og óþægð, sem er hin önnur riftunarástæða stefnanda, koma fyrirliggjandi framburðir vitna mjög til álita. Vitnin Sigfús Axfjörð og Þorleifur Þorleifsson herma báðir eftir stefnda, að hann hafi talið hestinn óstyggann, en þó dálítið varan um sig að framan, og Þorleifur hefur það enn fremur eftir stefnda, að hesturinn hafi til að bjóða rassinn, en sé þó eigi slægur. Kemur þetta mjög heim við það, sem tilfært er úr sáttakæru af hendi stefnanda hér að framan. Þar er og auk þess haft eftir stefnda, að hesturinn stæði kyrr, ef gæfur hestur væri með. Vitnið Árni Guðjónsson og stefndur sjálfur telja, að orð stefnda um þetta atriði hafi fallið þann veg, að vandræðalaust væri að ná hestinum með gæfum hestum. Framburður vitnanna Þórðar Jónssonar, Agnars Guðmundssonar og Sigurbjörns G. Björnssonar hníga allir í þá átt, að stefndur hafi lýst hestinum rétt, eins og

hann var, áður en hann seldi hann. Í óstaðfestu vottorði Ingvars Guðjónssonar segir, að daginn áður en sala hestsins til stefnanda fór fram, hafi hann skoðað hestinn niður á Kaupangsbökkum og gengið að honum lausum í haganum. Hefur því atriði vottorðsins ekki sérstaklega verið mótmælt. Að kveldi þess dags, er kaupin gerðust, var hesturinn teymdur af manni á hjólhesti til Akureyrar, og virðist svo sem ferðin hafi gengið vel, að öðru en því, að hesturinn sýndi á sér talsverða hræðslu, er hann mætti bílum. Þetta sama kvöld upplýsir umboðsmaður stefnanda, að Sigurður Eiríksson hafi gengið að hestinum — væntanlega lausum og liðugum — og hesturinn eigi brugðið sér við (sbr. þskj. nr. 17). Ekkert af því, sem hér hefur verið talið, styrkir þá fullyrðingu stefnanda, að stefndi hafi blekkt hann, að því er hér um rætt atriði snertir, heldur þvert á móti veikir hana. Hér við má svo bæta því, sem alkunnugt verður að telja, a. m. k. í sveitum landsins, að hugtakið „styggur" í sambandi við hesta þýðir ekki ætíð hið sama. Er slíkt alþekkt fyrirbrigði um fleiri orð. Mismunurinn kemur fram milli einstaklinga og milli héraða. Sumir telja þá hesta eina „óstygga", er svo að segja hvert barn getur náð og beizlað í haga. Aðrir, og þá einkum þeir, er í hrossahéruðum búa — og Húnavatnssýsla er í fremstu röð þeirra — telja þá hesta eina stygga, er fullorðnir menn geta eigi náð í haga hjá tömdum hestum. Ætla verður þeim mönnum, er við kaup á hestum fást, að þekkja skil á þessum mun, og ganga úr skugga um, við hvað er átt.

Eftir er þá að athuga, hvort styggð sú og óþægð, er hesturinn sýndi, eftir að stefnandi eignaðist hann, sé sönnum þess, að stefndur hafi sagt rangt til um hestinn, m. ö. o. blekkt kaupanda. Hesturinn er ungur. Kaupanda virðist hljóta að hafa verið ljóst, að hann kaupir hann svo að segja úr stóði, nokkuð taminn, en lítið brúkaðan. Hesturinn er alinn upp í einu mesta hrossahéraði landsins, þar sem hrossin ganga gjarna í stórhópum í miklu frjálsræði og verða að bjarga sér að mestu sjálf sumar og vetur. Auk þess er hesturinn óvanaður stóðhestur, þar til fáum mánuðum áður en hann er seldur. Þrátt fyrir vitund um þetta, lætur stefnandi setja hestinn einan og allslausan inn á afgirt tún, þar sem ganga má út frá sem gefnu, að sæki á hann óyndi og heimþrá. Það er fyrst í 3. sinn, sem honum er sleppt lausum einum í túngirðingu, að þeim, sem með hann fara, hugkvæmist að setja band um hálsinn á honum til að auðvelda handsömun hans. Í fyrsta skipti, sem reynt er að ná honum, stekkur hann ekki á girðingu, en brýtur að lokum hlið. Næsta sinn stekkur hann á girðingu og úr því yfir hverja girðinguna af annarri og brýtur girðingarstaura. En þetta getur hann ekki gert, án þess að rífa sig meira og minna, og er þá ekki að undra, þó hesturinn tryllist æ meir, því meir sem hann er eltur. Það er alkunna, að fullorðnir, alvanir akhestar geta fælzt svo og tryllzt

af litlu tilefni, að þeir séu aldrei öruggir, og stundum jafnvel óhæfir til dráttar upp frá því. Um unga, lítt reynda hesta gildir þetta í enn ríkari mæli. Með tilliti til alls þessa verður eigi á það fallizt, að óþægð sú, er hesturinn sýndi, eftir að hann kom í vörzlu stefnanda, sé sönnun þess, að stefndur hafi sagt rangt til um stillingu hestsins, og þann veg blekkt stefnanda. Þvert á móti virðist vel mega gera ráð fyrir, að allt hefði gengið vel með hestinn, ef hann hefði fengið aðbúð við sitt hæfi, miðað við uppeldi hestsins, aldur og tamningu.

Samkvæmt því, sem að framan er greint, verður að líta svo á, að krafa stefnanda um riftun kaupsins á hinum rauða hesti þann veg, að stefndur verði dæmdur til að taka við honum aftur og skila kaupverði hans, sé ekki á rökum reist, og ber því eigi að taka hana til greina. Af þessu leiðir svo aftur, að hinar aðrar kröfur stefnanda koma eigi til álita.

Hins vegar verður að taka til greina kröfu stefnds um algjörða sýknun. Jafnframt verður eigi komizt hjá að taka einnig til greina kröfu stefnda um málskostnað. Ber því að dæma stefnanda til að greiða stefnda kostnað hans af málinu, sem með hliðsjón af framlögðum reikningi ákveðst kr. 250.00 — tvö hundruð og fimmtíu krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur í máli þessu, Sigurbjörn Guðmundsson, Syðri Þverá í Þverárhreppi, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Axels Schiöth, bakarameistara á Akureyri.

Stefnandi greiði stefndum 250.00 — tvö hundruð og fimmtíu krónur — í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. júní 1941.

Nr. 29/1941. **Kaupfélagið Björk** (Theódór B. Lindal)
gegn
Árna Jónssyni (Pétur Magnússon).

Bótakrafa vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Máli þessu er skotið til hæstaréttar með stefnu 18. marz þ. á., og hefur áfrýjandi aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að kröfur stefnda verði lækkaðar eftir mati dómsins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefur krafizt staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi var í þjónustu áfrýjanda, þegar slys það varð, sem í máli þessu getur, og verður að telja, að stefndi hafi hafzt við á palli bifreiðarinnar vegna flutningsins og eftir ráðstöfun fyrirsvarsmanna áfrýjanda. Verður því að meta bótaskyldu áfrýjanda í máli þessu eftir ávæðum 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1931. Verður einnig að telja, að unnt hefði verið að komast hjá slysinu, ef bifreiðarstjórinn hefði sýnt fulla gætni og ef nægilega tryggur umbúnaður á vörupalli bifreiðarinnar hefði verið til varnar slysi. Samvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómsins þykir rétt að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 800 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kaupfélagið Björk, greiði stefnda, Árna Jónssyni, kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5 marz 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., er samkæmt samkomulagi aðilja höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 30. september 1940 af Árna Jónssyni, verkamanni á Eskifirði, gegn Kaupfélaginu Björk, sama stað, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 6098.00, með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Enn fremur hefur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f., sem síðargreind bifreið var tryggð hjá, verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu.

Stefndur, Kaupfélagið Björk, krefst aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á stefnukröfunum eftir mati réttarins og niðurfalls málskostnaðar. Þá hefur Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f krafizt málskostnaðar sér til handa, en ekki gert aðrar sjálfstæðar kröfur.

Atvik máls þessa eru þau, að þann 20. september 1939 vann stefnandi, ásamt fleiri mönnum, að flutningi á vörum frá afgreiðslu Skipaútgerðar ríkisins á Eskifirði í verzlunarhús stefnds. Við flutninginn var notuð vörubifreiðin U. 15, eign stefnds, en vátryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Bifreiðarstjóri var Kristján Tómasson. Um kl. 2.45 síðdegis hafði bifreiðin verið hlaðin kornvörum á afgreiðslunni, og var henni síðan ekið af stað áleiðis til vöruhúss stefnds. Í umræddri ferð var stefnandi, ásamt tveimur öðrum verkamönnum, látinn setjast ofan á farm bifreiðarinnar, og sat stefnandi hægra megin. Auk þessara þriggja verkamanna, sem hafðir voru ofan á farminum, bæði til að gæta hans, svo og til þess, að þeir yrðu til taks til að afferma bifreiðina, þegar þar að kæmi, var hjá þeim á vörupallinum átta ára gamall drengur, að því er virðist, með fullu samþykki bifreiðarstjórans. Þegar komið var suður á móts við hús Ingólfs Hallgrímssonar kaupmanns, stóð þar á veginum bifreiðin R. 452, og var hún mannlaus. Vegur var svo mjór þarna, að U. 15 komst ekki fram hjá R. 452 eftir honum. Í vegbrúnina var hlaðið steinum, er stóðu nokkuð upp úr, og var vegbrúnin og sjálfur vegurinn nokkrum þumlungum hærri en landið utan vegarins.

Tók nú bifreiðarstjóri U. 15 þann kost að aka hægri hjólum bifreiðar sinnar út af vegbrúninni, til þess að komast fram hjá R. 452.

Ók hann síðan hægri hjólunum utan vegarins, meðan hann fór fram hjá R. 452, en er hann var kominn fram hjá henni, beygði hann bifreið sinni aftur upp á veginn. Þegar bifreiðinni var ekið út af, kom talsvert kast á hana, og jafnframt hliðarhalli út í hægri hlið. Við þetta kom hreyfing á ækið, er var mjölpokar, sem stóðu upp á endann, og virtist stefnanda, að fyrrgreindur drengur, er sat hægra megin á bifreiðinni fyrir framan stefnanda, ætla að missa jafnvægið. Kallaði hann þá til drengsins og sagði honum, að hann skyldi reyna að ná í og halda sér í gluggann á stýrishúsinu, en jafnframt rétti stefnandi út hendina í því skyni að ná drengnum, ef hann missti jafnvægið Svo fór þó ekki, en í sömu svifum sá stefnandi, að tveir pokar voru að velta og ætlaði hann að grípa þá, til þess að varna því, að allt ækið færi af bifreiðinni, og e. t. v. mennirnir líka. Við þessa tilraun til að gæta ækisins missti stefnandi sjálfur jafnvægið og féll af bifreiðinni, ásamt fimm mjölpokum, er tveir lentu ofan á stefnanda. Verður ekki annað séð, en að þetta hafi orðið í sömu svifum og bifreiðinni var ekið upp á veg-

inn aftur, en þá hefur að sjálfsögðu komið á hana allmikill hnykkur. Við byltuna lærbrotnaði stefnandi og gat ekki hreyft sig. Var þegar sóttur læknir, er lét bera stefnanda heim til hans á sjúkrabörum. Bjó læknirinn um brotið, en síðar var stefnandi, að boði læknisins, fluttur til Seyðisfjarðar á sjúkrahús. Var hann þar alllengi, og voru gerðar við hann ýmsar lækningatilraunir, en þrátt fyrir það hefur stefnandi ekki enn náð fullri heilsu eftir slysið.

Stefnandi telur sig eftir öllum atvikum slyssins eiga skaðabótarétt á hendur stefndum vegna þess, og hefur því, þar sem ekki náðist samkomulag um bæturnar, höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Stefndur telur stefnanda hins vegar sjálfan eiga alla eða a. m. k. mestalla sök á slysinu og byggir framangreindar réttarkröfur sínar á því.

Þær athafnir stefnanda, sem lýst er hér að framan, í þann mund, er slysið varð, virðast hafa verið svo sjálfsagðar, eins og á stóð, að honum verður ekki gefin nein sök á slysinu. Hins vegar verður rétturinn að telja, að með því að aka út af veginum á fyrrgreindan hátt og valda þannig miklum veltingi á bifreiðinni, vitandi um mennina í hættulegri aðstöðu á farmi hennar, og án þess að gera þeim á nokkurn hátt aðvart, hafi bifreiðarstjórinn sýnt vítaverða óvarkárni. Verður rétturinn því að líta svo á, að stefndur beri óskipta ábyrgð á umræddu slysi, og beri að bæta stefnanda tjón hans að fullu.

Svo sem áður segir, var fyrst búið um meiðsli stefnanda, er var brot á vinstri lærlegg, skammt fyrir neðan lærhnútu, heima hjá honum. Síðan var hann sendur til lækninga á sjúkrahúsið á Seyðisfirði, en þar lá hann alllengi, eða, að því er virðist, fram undir mánaðarmót nóvember og desember 1939. Síðan virðist hann hafa verið hjá nuddlækni á Eskifirði um skeið. Í ágúst og september 1940 var hann í Reykjavík til skoðunar og örorkumats. Mat Jóhann Sæmundsson tryggingaryfirlæknir örorku hans og skoðaði hann nákvæmlega. Vottorð Jóhanns um skoðunina og örorkumatið er dagsett 8. desember 1940. Telur hann brotið gróið í góðum stellingum, nokkra vöðvarýrnun á vinstra læri og kálfa og gigt í hægri mjöðm, vegna óeðlilega mikillar áreynslu á þann fót eftir slysið. Örorku stefnanda metur hann:

Fyrstu 6 mánuðina 100% og næstu 6 mánuði 75%, næstu 6 mánuðina 40% og loks næstu 6 mánuði 20%, en úr því telur hann, að stefnandi muni verða orðinn fullfær til vinnu, og að um lengri örorku verði ekki að ræða.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Kostnaður við læknishjálp, sjúkrahúsvist o. fl. .. kr. 618.00
2. Ferðakostnaður til Reykjavíkur í ágúst og september 1940 til skoðunar og örorkumats ..... — 250.00

3. Vinnutap miðað við 300.00 króna tekjur á mánuði og í samræmi við örorkumat tryggingaryfirlæknis:
   Fyrstu 6 mánuðina ..... — 1800.00
   Næstu 6 mánuðina 75% ..... — 1350.00
   Næstu 6 mánuðina 40% ..... — 720.00
   Næstu 6 mánuðina 20% ..... — 360.00
4. Fyrir þjáningar og heilsutjón ..... — 1000.00

Samtals kr. 6098.00

Um 1. og 2. Þessir liðir eru báðir viðurkenndir réttir í munnlegum flutningi málsins.

Um 3. Stefnandi var 53. ára gamall, duglegur og áreiðanlegur verkamaður, er hafði góða möguleika til atvinnu, er nokkur vinna var, auk þess sem hann hafði sjálfur smávegis búskap, er hann vann að í tómstundum sínum. Fyrir liggur vottorð útgerðarmanns á Eskifirði um, að stefnandi myndi hafa starfað við bát hans árið 1940, ef hann hefði ekki orðið fyrir slysinu, en hásetahlutur á bát þessum er talinn hafa numið kr. 5050.00 árið 1940. Með tilliti til þess, sem nú hefur verið sagt, svo og þess, hversu afkomumöguleikar verkamanna almennt hafa verið góðir á tímabili því, er hér skiptir máli, þykir kröfulið þessum svo í hóf stillt, að taka beri hann til greina óskertan.

Um 4. Við hinn munnlega málflutning hefur stefndur mótmælt því, að um slíkar bætur og hér greinir geti verið að ræða, eins og hér stendur á, en ekki þykja þau mótmæli hafa við slík rök að styðjast, að þeim verði sinnt. Þó segja megi, að heilsutjónið kunni að vera bætt með örorkubótunum, þá verður að telja hinar umkröfðu bætur undir þessum lið, með hliðsjón af hinu lága og lækkandi verðgildi peninga, hæfilegar, og ber því að taka þenna kröfulið að fullu til greina.

Verða lok málsns því þau, samkvæmt framansögðu, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 6098.00, með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, enda er það samkomulag milli stefnanda og Slysatryggingar ríkisins, er hefur greitt honum kr. 1518.00, að stefnandi krefjist fullra bóta og eigi síðan við Tryggingarstofnunina um þá greiðslu, og hefur stefndur ekkert haft við þetta að athuga.

Í málskostnað ber stefndum að greiða stefnanda kr. 550.00, en málskostnaður á að falla niður að því er snertir Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, enda var því einungis stefnt til réttargæzlu, svo sem skylt var að lögum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Kaupfélagið Björk, greiði stefnandanum, Árna Jónssyni, kr. 6098.00, með 5% ársvöxtum frá 30. september 1940 til greiðsludags, og kr. 550.00 í málskostnað.

Gagnvart Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. júní 1941.

Nr. 40/1941. **Óskar Gíslason** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Marinusi Buch (Ólafur Þorgrímsson).

Húsaleiga. Ágreiningur um gildi uppsagnar.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. maí 1941, krefst þess, eins og í héraði, að uppsögn húsnæðis þess, er í málinu getur, verði metin gild, miðað við 14. maí 1941, en til vara við 14. ágúst s. á. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi fékk afsal fyrir húsinu nr. 5 við Skólavörðustíg í Reykjavík þann 27. nóvember 1940, en í húsi þessu hafði stefndi á leigu húsnæði fyrir hjólhestaverkstæði samkvæmt leigumála, er gilda átti frá 1. október 1938 til 1. október 1943. Áfrýjandi mátti gera ráð fyrir því, að leigumáli stefnda, sem áfrýjanda hafði ekki verið kynntur, væri gildur allt að einu ári, og varð stefnda þess vegna ekki sagt upp húsnæðinu til brottflutnings fyrr en frá 1. október 1941. Hins vegar þykir stefndi ekki eiga rétt til afnota húsnæðisins um lengri tíma, þar sem leigumála stefnda og fyrri húseiganda hafði ekki verið þinglýst og vitneskja áfrýjanda um hann hefur ekki verið leidd í ljós, enda hefur

það ekki verið véfengt í málinu, að áfrýjandi ætli að nota húsnæðið í eigin þarfir. Verður því að telja rétt, að uppsögnin komi til framkvæmda 1. október 1941.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Uppsögn áfrýjanda, Óskars Gíslasonar, á húsnæði því, er stefndi, Marinus Buch, hefur á leigu í húsinu nr. 5 við Skólavörðustíg í Reykjavík, kemur til framkvæmda 1. október 1941.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reyjavíkur 2. maí 1941.

Með samningi dagsettum 18. september 1938 seldi Vilborg Guðnadóttir, Skólavörðustíg 5 hér í bæ, stefndum, Marinusi Buch, hjólhestaviðgerðarmanni hér í bænum, á leigu húsnæði fyrir hjólhestaviðgerðir í húsi sínu nr. 5 við Skólavörðustíg, en húsnæði þetta hafði stefndur þá haft á leigu til sömu nota um nokkur undangengin ár. Samningur þessi mun hafa átt að öðlast gildi 1. október 1938 og gilda til 1. október 1943.

Þann 27. nóvember 1940 keypti stefnandi, Óskar Gíslason, gullsmiður hér í bæ, ofannefnt hús af Vilborgu fyrir milligöngu tengdasonar hennar, en sjálf er hún orðin aldurhnigin kona, og virðist svo sem stefnandi hafi lítt eða ekki talað um kaupin við hana. Við samningsuppgjörið spurði stefnandi ekki um, hvernig leigumála stefnds væri háttað, né heldur mun honum hafa verið frá því skýrt, og ekki var leigumálanum þinglýst.

Í janúar 1941 mun stefnandi hafa sagt stefndum upp húsnæðinu, enda ætlaði hann að taka það til afnota til leigu iðnreksturs frá 14. maí 1941 að telja. Uppsögn þessa tók stefndur ekki gilda og vitnaði til þess, að hann hefði leigusamning um húsnæðið við fyrri eiganda til 1. október 1943. Síðar, þ. 13. febrúar 1941, lét stefnandi stefnuvotta birta stefndum uppsögn á húsnæðinu frá 14. maí 1941 að telja, enda kvaðst hann ætla að taka það til eigin þarfa. Þessari uppsögn svaraði stefndur með bréfi dagsettu 14. febrúar 1941 á þá leið, að hann teldi sig eiga rétt á húsnæðinu til 1. október 1943 (samkvæmt samningnum frá 18. september 1938) og myndi því ekki víkja fyrr.

Þann 10. marz æskti stefnandi úrskurðar húsaleigunefndar um

ágreininginn, og 15. s. m. ritaði nefndin honum á þá leið, að hún teldi stefndan geta setið, en benti honum jafnframt á að leita úrskurðar dómstólanna um málið, ef hann teldi það vafasamt.

Lagði stefnandi síðan málið fyrir bæjarþingið með stefnu útg. 24. marz 1941, og eru réttarkröur hans þær aðallega, að uppsögn hans verði viðurkennd gild miðuð við 14. ágúst 1941, eða annað tímamark, er rétturinn ákvæði. Enn fremur krefst hann málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Þegar miðað er við það, að stefndur notaði umrætt húsnæði til atvinnureksturs síns, sem telja verður þess eðlis, að mikilsvert sé fyrir stefndan, að sé sem lengst á sama stað, þá verður ekki talið, að samningur hans við Vilborgu hafi á neinn hátt verið óeðlilegur. Virðist stefnandi fremur hafa mátt búast við því, að stefndur hefði leigumála til langs tíma eða a. m. k. til svo langs tíma, er eftir var af leigutíma stefnds, þegar kaupin fóru fram. Skiptir ekki máli gagnvart stefndum, þótt telja kynni mega, að seljanda hefði borið að vekja athygli stefnanda á samningnum.

Samkvæmt framansögðu, svo og því, að venja mun vera hér í bæ, að húsnæði til iðnreksturs sé leigt til alllangs tíma í senn, ber að sýkna stefndan af kröfum stefnanda, jafnvel þótt hann hafi ekki þinglýst leigumála sínum, enda verður ekki talið, að með honum hafi verið stofnað til neinna réttinda yfir húseigninni, er gerði þinglýsingu nauðsynlega, til þess að þau héldi gildi.

Eftir málavöxtum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Marínus Buch, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Óskars Gíslasonar.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 13. júní 1941.

Nr. 108/1940. **H/f Shell á Íslandi** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs
(Enginn).

Skuldamál. Ágreiningur um ábyrgð bæjarfélags á skuldum fyrirtækis.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Jónas Thoroddsen settur bæjarfógeti.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. desember 1940 og samkvæmt áfrýjunarleyfi útgefnu 19. nóvember s. á., hefur krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 700 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1940 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi hefur ekki komið fyrir dóm né nokkur af hans hálfu, enda þótt hæstaréttarstefnan hafi verið honum löglega birt. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og dæmt eftir framlögðum skjölum.

Stendi, sem keypti svonefnda Fóðurmjölsverksmiðju Norðfjarðar 3. marz 1932, setti reglur um rekstur verksmiðjunnar, þar sem meðal annars var ákveðið, að verksmiðjan skyldi „rekin sem sjálfseignarfyrirtæki og starfrækt undir yfirumsjón bæjarstjórnar Neskaupstaðar". Bæjarsjóður var undan ábyrgð á rekstrarskuldbindingum verksmiðjunnar skilinn, nema allt að 10000 króna rekstrarláni, er virðist hafa verið tekið eða átt að taka. Skuld sú, sem áfrýjandi krefur stefnda í máli þessu, er óvefengd, en stefndi telur sér óskylt að greiða hana vegna téðra ákvæða reglugerðar sinnar. Stefndi var framvegis eigandi verksmiðjunnar og bæjarstjórnin lét starfrækja hana. Bæjarstjórnina brast allt vald til þess að undanskilja fyrirtæki þetta ábyrgð bæjarsjóðs, enda er eigi sannað, að áfrýjandi

hafi samþykkt að hlíta slíkri ráðstöfun í skiptum sínum við stefnda. Mátti áfrýjandi því gera ráð fyrir því, að bæjarsjóður ábyrgðist skuldbindingar varðandi verksmiðjuna, eins og hverja aðra starfsemi sína. Verður því að dæma stefnda til greiðslu áðurnefndra króna 700 ásamt vöxtum svo sem krafizt er.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda samtals kr. 700 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, H/f Shell á Íslandi, kr. 700 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1940 til greiðsludags og samtals 700 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Neskaupstaðar 20. febrúar 1940.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri þann 13. janúar s. l., af Freymóði Þorsteinssyni f. h. h/f Shell á Íslandi gegn Jóni Sigfússyni bæjarstjóra f. h. Neskaupstaðar, til greiðslu á skuld Fóðurmjölsverksmiðju Neskaupstaðar, að upphæð kr. 700.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1940 til greiðsludags, svo og málskostnað samkvæmt reikningi, kr. 131.65.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Hinn 3. marz 1932 kaupir Neskaupstaður Fóðurmjölsverksmiðju Norðfjarðar, og samþykkir bæjarstjórn Neskaupstaðar síðan reglugerð fyrir verksmiðjuna, réttarskjal nr. 6 í máli þessu.

Stefnandi í máli þessu heldur því fram, að aldrei hafi verið formlega gengið frá stofnun félags til þess að starfrækja verksmiðjuna, og beri því bæjarstjórn Neskaupstaðar ábyrgð á skuldbindingum hennar sem eigandi. Enn fremur heldur stefnandi því fram, að þó litið væri á verksmiðjuna sem sjálfseignarfyrirtæki, eins og reglugerðin gerir ráð fyrir, þá sé bæjarsjóður engu að síður ábyrgur skulda hennar, þar eð bæjarstjórnin hafi átt að hafa yfirumsjón með rekstri verksmiðjunnar, en hún hafi verið rekin með stöðugu tapi

Stefndur heldur því fram, að reglugerð bæjarstjórnar Neskaup-

staðar, réttarskjal nr 6, sé bindandi fyrir þá, sem viðskipti hafi haft við Fóðurmjölsverksmiðjuna, og beri bæjarsjóður Neskaupstaðar ekki ábyrgð á rekstri hennar, sbr. 2. og 10. gr. nefndrar reglugerðar. Krefst því stefndur sýknunar í máli þessu.

Rétturinn lítur svo á, að með reglugerð bæjarstjórnar Neskaupstaðar, réttarskjal nr. 6, sbr. 2. og 10. gr., þá hafi bæjarstjórn Neskaupstaðar lýst því yfir, svo bindandi sé fyrir þá, sem viðskipti hafi haft við verksmiðjuna, að rekstur hennar sé bæjarsjóði óviðkomandi, enda hefur reikningshald verksmiðjunnar verið algjörlega sundurskilið frá rekstri bæjarins.

Hvað því viðvíkur, að bæjarstjórn hafi bakað sér skaðabótaábyrgð með því að gefa ekki Fóðurmjölsverksmiðjuna upp til gjaldþrotaskipta, þar eð hún hafi ekki átt fyrir skuldum og stöðugt verið rekin með halla, þá álítur rétturinn, að slíka skaðabótakröfu sé ekki hægt að taka til greina, nema með því móti, að bæjarstjórn hafi sýnt af sér refsivert athæfi, hvað þetta atriði snertir. Telur rétturinn að fyrir slíku hafi ekki komið fram sannanir í máli þessu og tekur því þá kröfu ekki til greina. Málskostnaður fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Jón Sigfússon f. h. Neskaupstaðar skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Freymóðs Þorsteinssonar málflutningsmanns f. h. h/f Shell á Íslandi.

Mánudaginn 16. júní 1941.

Nr. 76/1940. **Freygarður Þorvaldsson** (Theódór B. Lindal)
gegn
Eimskipafélagi Íslands h/f
(Einar B. Guðmundson).

Frestun. Nýjar upplýsingar.

Úrskurður hæstaréttar.

Stefndi hefur ekki í máli þessu leitt sönnur að því, að nokkur þau atvik hafi gerzt í ferð þeirri, sem í málinu greinir, er leysi hann undan skyldu til þess að bæta spjöll á bifreið þeirri, sem hér er um að tefla, enda hefur hann ekki með skírskotun sinni í fylgibréfi með bifreiðinni til fyrirvara í farmskírteini, sem ekki var fengið áfrýjanda í

hendur, leyst sig undan ábyrgð á þessum spjöllum. En áður en dæmt verður um bætur, þykir samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936 nauðsynlegt að veita áfrýjanda kost á því að láta fram koma skýrslu um aldur bifreiðarinnar, verð hennar nýrrar og söluverð hennar til Vilhjálms Jónssonar á Akureyri, og að afla mats dómkvaddra kunnáttumanna um hæfilegan frádrátt á bótahæðinni samkvæmt matsgerð þeirri, sem fram hefur verið lögð í málinu, vegna fyrningar bifreiðarinnar.

Því úrskurðast:

Máli þessu skal frestað, og veitist áfrýjanda kostur á að afla framangreindra upplýsinga.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. maí 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 23. febrúar s. l. af Freygarði Þorvaldssyni vélstjóra, hér í bæ, gegn Eimskipafélagi Íslands h/f, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 1673.71, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar og matskostnaðar að skaðlausu skv. framlögðum reikningi eða eftir mati dómsins.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar skv. mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að hinn 21. nóv. 1938 sendi stefnandi þessa máls 7 manna Buick bifreið með e/s Dettifoss frá Reykjavík til Akureyrar. Fylgibréf var gefið út um flutning þennan, og segir þar m. a., að sendandi og viðtakandi séu háðir þeim reglum um flutning í skipum félagsins, sem prentaðar séu í farmskírteini þess. Bifreiðin, sem var umbúðalaus, var bundin ofan á eina af „lestarmillumþilfarslúkum" skipsins, en á leiðinni norður mun bifreiðin hafa losnað í lestinni og skemmzt nokkuð, og varð það, að sögn stefnanda, til þess, að maður sá á Akureyri, er ætlað hafði að kaupa bifreiðina, neitaði að taka við henni, en bifreiðin mun síðan hafa legið á afgreiðslu stefnds á Akureyri til 26. sept. 1939. Með bréfi dags. 11. marz, 1939 krafðist stefnandi þess, að stefndur bætti sér það tjón, er hann taldi sig hafa beðið af nefndum orsökum, og rökstuddi hann þá, eins og í máli þessu, kröfu sína með því, að óforsvaranlegum umbúnaði í lest e/s Dettifoss væri að kenna um skemmdir þær, er bifreiðin hafi orðið fyrir Stefndur vísaði hins vegar kröfum þessum algerlega á bug í bréfi dags. 31. s. m. Leið svo fram til 16. sept. 1939, að stefnandi bað bæjarfógetann á Akur-

eyri að útnefna tvo menn til að meta skemmdir þær, er umrædd bifreið hafði hlotið um borð í e/s Dettifoss á leiðinni til Akureyrar, og voru menn þessir útnefndir þann 18. s. m. Matsgerðin fór síðan fram 23. s. m., án þess að séð verði, að menn af hálfu stefnds hafi verið þar viðstaddir eða gefinn kostur á því.

Matsmennirnir möttu (sic) skemmdir á bifreiðinni á samtals kr. 1673.71, sem er hin umstefnda upphæð, auk vaxta og kostnaðar.

Sýknukröfu sína byggir stefndur bæði á því, að skv. 147. gr. siglingalaganna svo og skv. ákvæðum framskirteina félagsins, sem áðurnefnt fylgibréf vitnar í, beri hann ekki ábyrgð á tjóni því, er bifreið stefnanda hafi orðið fyrir við nefnt tækifæri. — Skv. leiðarbók e/s Dettifoss, þann 20. (sic) nóv. 1938, er skipið var á ferð fyrir Vestfjörðum, frá höfn til hafnar, hreppti það slæmt veður (Vindur NA 6, kl. 4—8 f. h., síðar NA 8 og sjór 8). Valt skipið mikið, og tók sjó inn yfir þilför og „lúkur", og er tekið var ofan af lestum, kom í ljós, að bíll stefnanda hafði slitið (nagað sundur) eitt af böndunum, sem hann var bundinn með, svo los hafði komið á hin böndin, og bíllinn náð til að slást út í „lúku"-karminn og skemmt á sér húsið, sér í lagi að aftan. Með tilliti til þess, svo og þess, að bíllinn var umbúðalaus, þykir tjón það, sem upplýst er, að hann hafi orðið fyrir við flutning þennan, hafa orðið með þeim hætti, að stefndur beri ekki ábyrgð á því skv. 147. gr. siglingalaganna, auk þess sem stefndur hefur í hinum tilvitnuðu farmskirteinisákvæðum undanskilið sig ábyrgð á tjóni sem þessu, enda verður, eins og á stóð, ekki séð, að óforsvaranlegum umbúnaði af hálfu stefnds hafi verið að kenna um, að skemmdir þessar urðu á bifreiðinni. Þykir því verða að sýkna stefndan af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Réttinn skipuðu hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Jóhann Ólafsson stórkaupmaður og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, h/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Freygarðs Þorvaldssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 18. júní 1941.

Nr. 35/1941. **Kristmundur Kristmundsson**
(cand. jur. Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
P. Smith & Co. og gagnsök
(cand. jur. Þórólfur Ólafsson).

Ágreiningur um ábyrgð eiganda ökutækis á skaða, er það olli.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1941, krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3755.00 eða til vara aðra lægri fjárhæð ásamt 5% ársvöxtum frá 5. marz 1940 til greiðsludags. Svo krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 28. apríl 1941, krefst aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og að sér verði dæmdur málskostaður úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, til vara, að kröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður fyrir báðum dómum, og til þrautavara, að héraðsdómurinn verði staðfestur með þeirri breytingu, að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Þar sem útbúnaður ökutækja þeirra, sem í málinu greinir, var ekki í fullu lagi, og gagnáfrýjandi lét nota þau í því ástandi, þá verður hann þegar af þeirri ástæðu að bera ábyrgð á slysi því, sem hann er sóttur til bóta fyrir, enda verður ekki talið, að aðaláfrýjandi hafi hagað sér þannig, að hann eigi sök á slysinu. Bætur þær, sem gagnáfrýjanda ber að greiða aðaláfrýjanda, þykja hæfilega ákveðnar kr. 2000.0 ásamt 5% ársvöxtum frá 5. marz 1940 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals kr. 600.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Meðferð máls þessa í héraði hefur verið lögum andstæð. Í stað þess að ákveða þegar eftir framlagningu greinargerða eftir 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936, hvort mál skyldi flutt munnlega eða skriflega, smbr. 109. gr. sömu laga, hefur dómarinn látið það viðgangast, að málflytjendurnir, þeir Guðmundur Í. Guðmundsson og Theódór B. Líndal, tækju frest á víxl í tæpa níu mánuði og skrifuðu alls 8 greinargerðir í málinu, þar til er það loks var munnlega flutt þann 22. febrúar þ. á. Verður að átelja dómara og málflytjendur fyrir þessar lögleysur.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, P. Smith & Co, greiði aðaláfrýjanda, Kristmundi Kristmundssyni, kr. 2000.00 með 5% ársvöxtum frá 5. marz 1940 til greiðsludags og samtals kr. 600.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febr. 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. apríl f. á. af Kristmundi Kristmundssyni, bifreiðarstjóra hér í bæ, gegn P. Smith f. h. firmans P. Smith & Co, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 3755.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 5. marz f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar, en *til vara* lækkunar á kröfum stefnanda, enda verði málskostnaður þá látinn falla niður

Málavextir eru þeir, að hinn 24. júlí 1939, um kl. 10 að morgni, var stefnandi þessa máls staddur á svonefndum „Sprengisandi" hér við höfnina. Var stefnandi að annast akstur á vörum úr e/s „Súðin", en hún lá þar við austanverðan garðinn. Bifreið stefnanda var við skipshlið, og var verið að ferma hana. Á meðan á því stóð, varð stefnanda gengið að annarri vöruflutningabifreið, er stóð þar rétt hjá, og tóku þeir stefnandi og bifreiðarstjórinn á þessari bifreið

tal saman. Um sama leyti kom einn af starfsmönnum stefnds, Sigurður E. Ágústsson að nafni, akandi á dráttarvagni niður „Sprengisand", en aftan í vagninn var festur vöruvagn. Þegar vagninn fór yfir rafmagnsleiðslu, sem lá þar þvert yfir akbrautina, losnaði vöruvagninn úr tengslum og rann síðan stjórnlaust á stefnanda, þar sem hann stóð við fyrrnefnda bifreið. Lenti vagninn á vinstra fótlegg stefnanda, þannig að hann féll við, en fóturinn klemmdist milli vagnsins og bifreiðarinnar. Var stefnandi strax fluttur í Landspítalann, og kom þá í ljós, að fótleggurinn hafði klofnað og kálfinn marizt mikið. Var stefnandi frá vinnu af völdum slyss þessa til 15. febrúar f. á., og telur hann sig hafa orðið fyrir tjóni í því sambandi, sem hér segir:

1.	Læknishjálp, myndatökur o. fl.	kr. 689.50
2.	Atvinnutjón frá 24. júlí 1939 til 15. febrúar 1940 ..	— 2655.00
3.	Þjáningar, óþægindi o. fl.	— 2000.00
		Alls kr. 5344.50

Hefur stefnandi í upphafi haldið því fram, að stefndum beri að bæta allt þetta tjón, en hefur síðan lækkað kröfur sínar, eins og áður er tekið fram, þannig að hann hefur alveg fallið frá 1. k.röfulið og lækkað 2. lið um kr. 900.00, þar sem Tryggingarstofnun ríkisins hefur greitt honum þessar fjárhæðir.

Bótakröfu sína á hendur stendum hefur stefnandi í fyrsta lagi byggt á því, að áðurnefndur dráttarvagn sé bifreið í skilningi bifreiðalaganna, og beri því stefndur sem eigandi vagnsins ábyrgð á nefndu tjóni skv. 15. gr. bifreiðalaganna, enda sé og öðrum skilyrðum þeirrar greinar fullnægt.

Af hálfu stefnds er því hins vegar mótmælt, að um ábyrgð skv. bifreiðalögunum geti verið að ræða, og er í því sambandi skírskotað til framlagðs vottorðs frá lögreglustjóranum í Reykjavík, þar sem segir, að umræddir dráttarvagnar hafi ekki verið settir á bifreiðaskrá hér í umdæminu. Þess hafi því ekki verið krafizt, að vátrygging væri keypt fyrir vagna þessa, né að stjórnendur þeirra hefðu ökuskírteini.

Í 1. gr. bifreiðalaganna nr. 70 1931 segir:

„Bifreið nefnist í lögum þessum hver sá vagn, sem er knúinn áfram með aflvél í vagninum sjálfum og ætlaður er til að flytja fólk eða varning. Lögin ná ekki til vagna, sem renna á spori ....". Ákvæði þetta er komið óbreytt úr hinum fyrstu lögum, sem sett voru um notkun bifreiða hér á landi, þ. e. lögum nr. 21 1914, en þá var með öllu ókunnugt um þá tegund vélknúinna vagna, sem hér um ræðir, eins og ýmsar aðrar, er síðar hafa komið fram og samkvæmt orðanna hljóðan gætu fallið undir nefnda skýringu bifreiðalaganna. Það er upplýst, að dráttarvagnar þessir, sem eru vélknúnir, muni fyrst hafa flutzt hingað til lands á árinu 1931, og hafa

þeir verið notaðir á mjög takmörkuðu svæði, þ. e. aðallega við flutninga á vörum frá geymsluhúsum hér við höfnina til skips og öfugt. Vagnar þessir eru og svo lághjóla og hægfara, og gerð þeirra að ýmsu öðru leyti þannig háttað, að nothæfi þeirra er mjök takmarkað. En af síðari málsgrein 1. gr. bifreiðalaganna þykir sýnt, að tilætlun löggjafans hefur verið sú, að þeir vélknúnu vagnar, sem þekktir voru 1914 og ætlaðir voru til afnota á takmörkuðu svæði, skyldu ekki lúta ákvæðum bifreiðalaganna. Með tilliti til þessa, svo og þess, er áður segir um það, hve nær nefnd skýrgreining bifreiðalaganna er til orðin, verður því að telja, að sama gildi um vagna sem þá, er um ræðir í máli þessu, enda er það beint tekið fram í hinum nýju bifreiðalögum (nr. 75 1940). Í framkvæmdinni hefur og sú orðið raunin á, eins og áðurnefnt vottorð lögreglustjórans í Reykjavík sýnir, enda virðast og ýmis ákvæði bifreiðalaganna ekki eiga við um vagna þessa. Að öllu þessu athuguðu, þykir skaðabótaábyrgð á hendur stefndum því ekki verða byggð á ákvæðum bifreiðalaganna, enda virðist og 2 málsgr. 16. gr. þeirra laga geta komið hér til álita.

Í öðru lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að óforsvaranlegur umbúnaður á ökutækinu og óaðgæzla vagnstjórans, starfsmanns stefnds, hafi valdið slysinu, en á því hvoru tveggja beri stefndur ábyrgð skv. almennum reglum.

Um fyrra atriðið er það að segja, að tengingu hins vélknúna dráttarvagns og vöruvagnsins var svo háttað, að aftan á aflvagninum voru tvær láréttar stálplötur, hvor upp af annarri, með 7 cm millibili, en hvor plata er 1 cm á þykkt. Framan á vöruvagninum er járnstöng með lykkju á endanum, og eru vagnarnir tengdir á þann hátt, að lykkjan á stönginni er sett á milli platnanna, þannig, að lykkjugatið stenzt á við göt á plötunum, og er þá bolta stungið í gegnum öll þrjú götin. — Þegar vagnarnir fóru yfir umrædda rafmagnsleiðslu á „Sprengisandi", mun bolti þessi hafa hrokkið upp úr götunum, og tengslin þannig rofnað. Í málinu hefur verið lagður fram bolti, sem stefndur telur, að sé einmitt sá sami, er notaður var í umrætt skipti.

Verður rétturinn að telja, að bolti þessi hafi langt frá því veitt það öryggi við tengingu vagnanna, er krefjast verður, og er það sérstaklega ljóst, þegar hann er borinn saman við bolta þann með haki, sem einnig hefur verið lagður fram, og aðrar skipaafgreiðslur nota í sama skyni, enda hefur og stefndur tekið upp þann öryggisútbúnað, eftir að umrætt slys hafði orðið. Það verður heldur ekki betur séð, en að slíkt hak hafi upphaflega verið á fyrrnefndum bolta, en það hafi fyrir löngu síðan verið burtu. Þykir stefndur verða að bera ábyrgð á tjóni af völdum þessa ófullkomna útbúnaðar tækisins, sem eftir öllum atvikum verður að teljast a. m. k. ein eða önnur orsök slyssins.

Þá telur stefnandi aðra orsök slyssins vera ógætilegan akstur vagnstjórans, en á þeim akstri beri stefndur ábyrgð, þar sem vagnstjórinn hafi verið í þjónustu hans, er slys þetta varð.

Um þetta atriði er það upplýst, að vagnstjórinn var í þetta sinn ráðinn til að stjórna vögnum þessum við uppskipun úr e/s „Lyra", en hún lá við „Gamla hafnarbakkann", sem kallaður er. Umræddan morgunn, er vagnarnir voru á leið frá vörugeymslum til skipsins, kom þar að kunningi vagnstjórans og fór að tala við hann. Maður þessi var á leið út í rannsóknarskipið „Dana", er lá við „Sprengisand" vestanverðan, og varð það úr, að vagnstjórinn ók með hann þangað, en í þeirri ferð skeði umrætt slys.

Stefndur heldur því fram, enda ekki annað sannað, en að för þessi hafi verið farin í fullkomnu heimildarleysi og hún hafi algerlega verið óviðkomandi starfi því, er vagnstjórinn var ráðinn til, og þegar af þeirri ástæðu beri hann ekki ábyrgð á akstri vagnstjórans, hvernig sem á hann verði litið. — Verður að fallast á þessa skoðun stefnda, og stefndur því ekki talinn bera ábyrgð á meintum ógætilegum akstri vagnstjórans, en á það verður ekki lagður dómur í máli þessu, sem einungis er höfðað gegn stefndum, hvort vagnstjórinn hafi sýnt af sér óvarkárni að þessu leyti eða ekki. En þótt svo yrði litið á, og vagnstjórinn þannig einnig talinn eiga nokkra sök á slysinu og vera bótaskyldur að því leyti, en þá ásamt stefndum vegna hins ófullkomna útbúnaðar, eins og áður er greint frá, þá mundu þeir skv. íslenzkum rétti bera „solidariska" ábyrgð á tjóninu, þannig að stefnandi gæti krafið hvorn þeirra sem er um alla bótaupphæðina. Í máli þessu, sem aðeins hefur verið beint gegn stefndum, verður hann því talinn réttilega krafinn um allar þær bætur, sem komizt kann að verða að raun um, að stefnanda beri, hvort sem stefndur kann síðar að einhverju leyti að eiga endurgreiðslurétt á hendur nefndum vagnstjóra eða eigi.

Loks hefur stefndur haldið því fram, að stefnandi hafi hagað sér svo ógætilega, er slysið varð, að hann af þeim sökum hafi firrt sig öllum rétti til bóta, eða a. m. k. eigi það að valda verulegri lækkun á bótunum.

Það er upplýst, að bifreið sú, er stefnandi stóð við, er slysið varð, stóð á „Sprengisandi", samhliða skipshlið Súðarinnar, og sneri framendi bifreiðarinnar til lands (í suður). Um erindi stefnanda til bifreiðarstjórans er með öllu óupplýst, en hann tók sér stöðu við bifreiðina umferðar megin á bakkanum og stóð þannig, að hann var með hægri fót upp á gangbretti bifreiðarinnar, en þann vinstri á götunni. Virðist hann þannig að mestu leyti hafa snúið baki að umferð þeirri, er vænta mátti frá landi niður á hafnarbakkann. Verður rétturinn að telja það ógætni að standa þannig umferðar megin á jafn fjölfarinni leið og þarna er, þótt það atferli stefnanda verði ekki talið eiga að valda honum algerum bótamissi.

Hins vegar verða bæturnar lækkaðar af þessum sökum, eins og síðar verður vikið að.

Kemur þá upphæð bótanna til athugunar.

Atvinnutjónið.

Stefnandi reiknar sér 15 kr. „nettó"-tekjur á dag í 177 virka daga frá 24. júlí 1939 til 15. febrúar 1940. — Stefndur mótmælir upphæð þessari sem allt of hárri.

Af framlögðum læknisvottorðum þykir sýnt, að stefnandi hafi verið alóvinnufær nefnt tímabil, sem verður því lagt til grundvallar við útreikning bótanna. Það er upplýst, að stefnandi átti góða vöruflutningabifreið og að hann sé hinn ötulasti maður við starf sitt. — Hann hafði undanfarin haust stundað langflutninga til bæjarins, en þeir flutningar gefa bifreiðarstjórum sérstaklega góðar tekjur, og virðist stefnandi hafa átt kost á þeirri vinnu haustið 1939, ef umrætt slys hefði ekki borið að höndum. Skv. framlögðum skattskýrslum stefnanda hafa atvinnutekjur hans numið kr. 2700.00 árið 1938, en kr. 2250.00 þann hluta ársins 1939, er hann gat stundað vinnu sína. — Gögn þessi öll eru að vísu á ýmsan hátt ófullnægjandi til rökstuðnings þessari kröfu stefnanda, en eftir atvikum verður þó lagður dómur á hana, og eftir því, sem fyrir liggur, þykir hæfilegt að áætla atvinnutjón stefnanda kr. 1900.00 á umræddu tímabili. Þar af hefur Tryggingarstofnunin greitt kr. 900.00 og standa því eftir kr. 1000.00.

Bætur fyrir þjáningar, óþægindi o. fl.

Við hinn munnlega málflutning hefur stefndur mótmælt því, að um slíkar bætur geti verið að ræða í tilfelli sem þessu, en ekki þykja þessi mótmæli hafa við þau rök að styðjast, að þau verði tekin til greina.

Stefndur hefur og mótmælt kröfu þessari sem allt of hárri, og eftir öllum atvikum þykir hún hæfilega ákveðin kr. 1000.00

Með tilliti til þess, er að framan segir um sök stefnanda sjálfs á umræddu slysi, þykja bætur þær í heild, sem stefndum ber að greiða, hæfilega ákveðnar kr. 1500.00. Verður stefndum gert að greiða stefnanda þá upphæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og kr. 250.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, P. Smith f. h. P. Smith & Co, greiði stefnandanum, Kristmundi Kristmundssyni, kr. 1500.00, með 5% ársvöxtum frá 5. marz 1940 til greiðsludags, og kr. 250.00 í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. júní 1941.

Nr. 38/1941. **Dánarbú Sigurðar Jónssonar**
(cand. jur. Magnús Thorlacius)
gegn
Peter Schannong og gagnsök
(Einar B. Guðmundsson).

Umboðssala. Krafa í dánarbú vegna vanskila á umboðssöluvörum.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. maí þ. á. og krafizt þess aðallega, að krafa gagnáfrýjanda verði tekin til greina einungis að 420 ísl. krónum, en til vara, að auk þess verði lagt fyrir skiptaráðanda að leggja til hliðar þann hundraðs hluta 1500 ísl. króna, er búið kann að greiða af almennum kröfum, til kostnaðar við flutning umgetinna steina til Kaupmannahafnar. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir skiptarétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. maí þ. á. Krefst hann þess, að krafa hans verði tekin til greina að dönskum kr. 4703.11, og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem upp hefur komið í málinu, hefur gagnáfrýjanda með vissu ekki verið skilað úr dánarbúi Sigurðar Jónssonar 5 granitsteinum og 2 marmarasteinum, auk nokkurra smærri muna. Umboðsmaður gagnáfrýjanda hefur áætlað andvirði muna þessara 2000 d. kr., og virðist það sennileg áætlun. Frá fjárhæð þessari ber að draga viðurkennd sölulaun, 20%, og þykir því verða að taka kröfu gagnáfrýjanda til greina að 1600.00 d. krónum.

Ekkert er upplýst um spjöll þau, er af hálfu gagnáfrjanda eru talin hafa orðið á minnismerkjum þeim, sem

skilað hefur verið, og verður krafa hans um 800 kr. bætur af þeim sökum ekki tekin til greina. Gegn andmælum aðaláfrýjanda hefur gagnáfrýjandi ekki leitt í ljós, að dánarbúinu beri að greiða nokkurn kostnað af geymslu eða flutningi greindra muna, eftir að dánarbúið hafði skilað þeim í hendur umboðsmanns hans hér á staðnum. Verða því kröfur gagnáfrýjanda, sem að því lúta, ekki teknar til greina.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 500 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Það þykir aðfinnsluvert, að skiptaráðandi hefur um lýsingu málsatvika að sumu leyti skírskotað til úrskurðar 20. jan. þ. á., er kærður hefur verið til hæstaréttar og um hann kveðinn upp dómur 28. febr. s. á., og að hann hefur byggt úrskurðinn á munnlegum málflutningi, er fram fór 8. jan. þ. á. En með því að úrskurðurinn frá 20. jan. er birtur í dómasafni hæstaréttar og héraðsdómarinn veitti aðiljum kost á málflutningi af nýju, þykir ekki, eins og á stendur, alveg næg ástæða til að ómerkja úrskurðinn og vísa málinu heim í hérað til löglegri meðferðar.

Því dæmist rétt vera:

Krafa gagnáfrýjanda, Peter Schannongs, í dánarbú Sigurðar Jónssonar skal tekin til greina að dönskum krónum 1600.00. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 500 kr. í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 9. apríl 1941.

Með hinum framlagða hæstaréttardómi er niðurstöðu úrskurðar skiptaréttarins frá 20. jan. s. l., um kröfu sækjanda, breytt á þá leið, að lagt er fyrir skiptaréttinn að kveða upp úrskurð um efni kröfunnar, enda var það varakrafa sækjanda. Jafnframt og vísast til forsendna úrskurðarins frá 20. jan. um málavexti, að því leyti

sem þeir eru raktir þar, verður að geta þess, að á þessum tíma eru ekki fáanleg frekari gögn en þá voru fyrir hendi. Sækjandi krefur búið um danskar kr. 4703.11, sem sundurliðast þannig:

1. Andvirði minnismerkja o. fl. sem óskilað er .. d. kr. 2000.00
2. Skemmdir á skiluðum minnismerkjum ..... — — 800.00
3. Leiga á geymslu fyrir hið skilaða í 2 ár ..... — — 286.21
4. Flutningsgjald til Khafnar, vátrygging og umbúðir — — 1500.00
5. Flutningskostnaður hér þegar greiddur ..... — — 116.90

Við kröfu þessa er það fyrst að athuga, að það verður ekki séð, að það hafi við rök að styðjast, að búið er krafið um danskar krónur. Þess vegna verður því gert að svara í íslenzkum eyri því, sem það kann að verða talið eiga að greiða.

Hinn 12. sept s. l. fór fram afhending til kröfuhafa á steinum þeim, sem hann átti og fyrirfundust í vörzlum búsins. En þetta virðist hafa verið 10 minnismerki úr granit, 7 úr sandsteini, 4 úr marmara, 2 marmarakrossar og 20 steyptir undirsteinar undir plötur. Fyrsti töluliður peningakröfunnar á hendur búinu, d. kr. 2000.00, er miðaður við, að eigi hafi verið staðin skil á 6 minnismerkjum úr granit og 2 úr marmara, einni marmaraplötu, tveimur granitplötum, einum postulínsdreng, nokkrum postulínsdúfum og áhöldum. Frá búsins hálfu hafa alls engar upplýsingar fengizt um viðskiptin, og verður því að leggja til grundvallar þær skýrslur og gögn, sem kröfuhafi hefur látið í té. Samkvæmt þeim er það bersýnilega athugavert við nýnefnda kröfugerð, að hún er miðuð við ótrausta umsögn Schannongs í fyrsta bréfi hans til umboðsmanns eða aðstoðarmanns ekkju hins látna, dags. 15. marz 1939, um hvað miklar birgðir hann ætti í vörzlu búsins eða ekki fengið skil fyrir. Þar telur hann meðal annars vanta skil fyrir 16 granitminnismerkjum, 2 granitplötum og einni marmaraplötu, og verðmæti birgðanna, sem hann ekki hafi fengið skil fyrir, nemi alls d. kr. 7245.00. Síðan virðist hann hafa athugað málið betur, því að í bréfi, dags. 25. okt. 1939, telur hann að nýju upp það, sem hann hafi ekki fengið skil fyrir, og eru nú ekki talin nema 15 granitminnismerki og granitplöturnar ekki nefndar né marmaraplatan. Þrátt fyrir þetta er verðhæð birgðanna talin sama og áður. Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður búið eigi talið að eiga eftir að standa skil á nema 7 minnismerkjum, 5 úr granít og tveim úr marmara, auk postulínsgripanna og áhaldanna. Af þessu virðist auðsætt, að fyrsti kröfuliður er að verulegum mun of hár. Annars liggur ekki fyrir sundurliðun á verðmæti hinna vantandi minnismerkja og muna, en verðsetningu kröfuhafa á þeim í heild hefur ekki verið hnekkt, enda þótt það hefði mátt gera af búsins hálfu, ef efni hefðu staðið til. Að þessu athguðu þykir við hóf að telja kröfuhafa eiga rétt til að fá greiddar úr búinu 2000 íslenzkar krónur fyrir vantandi minnismerki og muni.

Þá er í 2. lið kröfunnar krafizt bóta fyrir skemmdir á hinum skiluðu minnismerkjum. Það er eigi sannað, að vörzluhafi þessa umboðssöluvarnings hafi átt sök á skemmdum þeim, sem á vörunum kunna að vera, eða að hann eigi að bera ábyrgð á þeim, og verður þegar af þessum ástæðum þessi kröfuliður ekki tekinn til greina. Eigi þykir heldur unnt, gegn mótmælum af hálfu búsins, að taka til greina 3. og 5. tölulið, enda ekki leiddar sönnur að því, að þessir kröfuliðir séu í samræmi við samning aðilja í upphafi. Hins vegar hefur því stöðugt verið haldið fram, án sérstakra mótmæla af hálfu búsins, að í 6. gr. samnings aðilja frá 12. marz 1928 hafi Sigurður sálugi Jónsson skuldbundið sig til að kosta umbúðir og flutning vörubirgðanna til Kaupmannahafnar að samningstíma loknum, sem kröfuhafi telur, að hafi verið við andlát Sigurðar. Þessar kröfur þykir því verða að taka til greina á þann veg, að búið leggi fyrir á öruggum stað upphæð, er nægi til að standast umræddan kostnað, þó ekki yfir 1500 ísl. krónur. Þá hefur sóknaraðili krafizt málskostnaðar úr hendi búsins, og þykir eftir atvikum rétt að taka þá kröfu til greina með 150 krónum.

Því úrskurðast:

Dánarbú Sigurðar Jónssonar, Vatnsstig 16, greiði Peter Schannong kr. 2000.00 og kr. 150.00 í málskostnað. Búið leggi fyrir á öruggan stað 1500 kr. til að verja eftir þörfum til umbúnaðar og flutningskostnaðar á vörubirgðum þeim til Kaupmannahafnar, er Peter Schannong átti í vörzlum búsins.

Mánudaginn 23. júní 1941.

Nr. 60/1940. **H/f Vestfjarðabáturinn** (Pétur Magnússon)
gegn
dánarbúi Sigurðar Bjarnasonar
(Jón Ásbjörnsson).

Skipakaup. Krafa um riftingu vegna galla.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 25. júní 1940, hefur gert þá aðalkröfu, að honum verði dæmt heimilt að rifta kaupum á v/b Kolbeini unga E. A. 450 og að stefnda verði dæmt að endurgreiða honum kaupverðið, kr. 45000.00, með 6% árs-

vöxtum frá 2. okt. 1937 til greiðsludags. Til vara hefur áfrýjandi krafizt 13000.00 króna afsláttar á kaupverði téðs skips, ef aðalkrafan yrði ekki tekin til greina. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefur aðallega krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, ef riftingarkrafa áfrýjanda yrði tekin til greina, að frá endurgreiðslukröfu hans verði dregnar kr. 3500.00 og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Með skoðunargerðum þremur, þann 17. okt. 1937, 7. des. s. á. og 10. júní þ. á., og efnafræðirannsókn 28. apríl 1938 á sýnishornum viðar úr skipinu, verður að telja það sannað, að það hafi verið mjög spillt af fúa, er salan fór fram. Það verður og að telja fúann þá hafa verið þannig leyndan í skipinu, að kaupanda mátti dyljast hann, þegar hann skoðaði skipið, áður en kaupin tókust, enda var honum sýnt vottorð skipaskoðunarmanna ríkisins frá 13. júní 1937, þar sem skipið er að öllu leyti talið fullnægja öllum þeim kröfum, er gera eigi til haffærs skips.

Samkvæmt þessu þykir áfrýjanda hafa verið heimil rifting á kaupunum, og ber því að taka til greina kröfu hans um endurgreiðslu kaupverðsins, kr. 45000.00, með 6% ársvöxtum frá útgáfu héraðsstefnu í málinu þann 27. júní 1938.

Krafa stefnda um frádrátt frá endurgreiðslukröfunni kemur þá til álita. Er krafa þessi í 5 liðum.

1. Krafa um 800 kr., er stefndi telur áfrýjanda eiga að greiða í bætur fyrir spjöll á tveimur byrðingsplönkum í skipinu, er skemmzt hafi eða brotnað, þegar því hafi verið hagrætt í lægi sínu, og fyrir rúður í skipinu, sem brotnar hafi verið, meðan það var í vörzlum áfrýjanda. Ekki verður áfrýjandi talin bera ábyrgð á rúðum skipsins, með því að vangeymsla hans í því efni er ekki sönnuð, en ósundurliðað er, hvers virði rúðurnar eru og hvers virði plankarnir, og er því eigi unnt að taka þenna kröfulið til greina.

2. Þá krefur stefndi áfrýjanda um kr. 1000.00 með þeirri

rökfærslu, að málning skipsins hafi úr sér gengið, er því nemi, meðan skipið var í vörzlum áfrýjanda.

En þegar af því, að ósannað er, að málningarskortur á skipinu hafi valdið spjöllum á því, meðan það var í vörzlum áfrýjanda, verður þessi kröfuliður ekki til greina tekinn.

3. Kostnaður af viðgerð á vindu skipsins, kr. 1000.00. Vindan virðist ekki hafa spillzt af völdum áfrýjanda, og verður liður þessi því eigi tekin til greina.

4. Vegna vangeymslu á vél skipsins, meðan það var í vörzlum áfrýjanda, krefst stefndi kr. 300.00. Athugun vélfróðs manns á vélinni þann 7. nóv. 1940 hefur leitt það í ljós, að vélin og það, er hana snertir, var þá í góðu standi, nema símaleiðslan var slitin niður, keðjur hennar ekki sjáanlegar og olíuhylkin talin liggja undir skemmdum vegna ryðs. Í málinu skortir öll gögn um það, hvert tjón sé af þessu orðið, og þykir því eigi fært að taka þenna lið til greina.

5. Loks gerir stefndi þá kröfu til áfrýjanda, að hann greiði kr. 400.00 fyrir ýmsa muni, sem stefndi hafi látið áfrýjanda fá í skiptum fyrir vírvafning, sem skipinu átti að fylgja, en stefndi hélt, er það var selt. Finnist munir þessir ekki, og beri áfrýjanda því að bæta honum þá. Með því að allar upplýsingar skortir um verðmæti þessara muna, þykir ekki unnt að taka kröfulið þenna til greina gegn mótmælum áfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 1500.00 upp í málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjanda, h/f Vestfjarðabátnum, skal heimil rifting á kaupum sínum á v/b Kolbeini unga E. A. 450 af stefnda, dánarbúi Sigurðar Bjarnasonar.

Stefndi endurgreiði áfrýjanda kaupverðið, kr. 45000.00, með 6% ársvöxtum frá 27. júní 1938 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 21. maí 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 28. sept. f. á. af h. f. „Vestfjarðabáturinn", Ísafirði, gegn frú Önnu Jósefsdóttur f. h. db. Sigurðar Bjarnasonar, Akureyri. Gerði stefnandi upphaflega þær réttarkröfur, aðallega, að stefnda yrði dæmd til að endurgreiða sér kaupverð m. s. Kolbeinn ungi, kr. 45000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 2. okt. 1937 til greiðsludags, gegn afhendingu skipsins í því ástandi, sem það er nú, svo og til að greiða sér skaðabætur samkvæmt mati réttarins fyrir tjón það, er hann telur sig hafa beðið af samningsrofum í þessu sambandi, allt að kr. 15000.00, auk málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins; til vara, að stefnda yrði dæmd til að greiða sér skaðabætur eftir mati dómkvaddra manna, er miðaðar væru við kostnað þann, er viðgerð skipsins hefur í för með sér, svo og til greiðslu málskostnaðar, eins og áður segir. Við hinn munnlega flutning málsins hefur stefnandi fallið frá þessari varakröfu sinni.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, svo og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að um mörg undanfarin ár hefur stefnandi haldið uppi áætlunarferðum um Ísafjarðardjúp og víðar um Vestfirði. Hefur félagið annazt bæði fólksflutninga, vöru- og póstflutninga á þessu sviði og notið til þess styrks af opinberu fé. Haustið 1936 kom það fyrst til orða, að félagið keypti m/b „Kolbeinn ungi" E. A. 450 til þessara flutninga, en eigandi skipsins var Sigurður Bjarnason, þá kaupmaður og útgerðarmaður á Akureyri. Hið umtalaða verð var þá um 50 þús. kr. Umboðsmaður stefnanda, Jón Grímsson, skoðaði skipið og gaf síðan stefnanda allýtarlega lýsingu á því. Leizt honum vel á skipið og hafði góðar spurnir af því, en ekki varð þó af kaupum í það sinn. Í marzmánuði 1937 fór framkvæmdarstjóri stefnanda, Ólafur Pálsson, ásamt öðrum manni, til Akureyrar, m. a. til að líta á skipið og semja um kaup á því, ef það væri falt, en svo var þá ekki. Litu þeir þó lauslega á skipið og leizt vel á það, og ýmsir menn, er skipinu voru kunnugir, báru því gott orð. Næsta haust fór framkvæmdarstjóri stefnanda enn norður sömu erinda. Fór hann fyrst til Siglufjarðar og hitti þar Ásgeir Pétursson útgerðarmann, er þá hafði fengið söluumboð á skipinu, enda þá boðið það til kaups fyrir 45 þús. kr., og var svo að orði komizt í umboði Sigurðar Bjarnasonar til Ásgeirs, að skipið seldist „í því ásigkomulagi, sem það er nú". Fóru þeir Ásgeir og Ólafur síðan til Akureyrar, og skoðaði Ólafur enn skipið og leizt

vel á, sem fyrr, og þeir, sem hann átti tal við um skipið (en það var m. a. einn skipaskoðunarmanna á Akureyri) töldu skipið gott. Var síðan afráðið, að stefnandi keypti skipið fyrir 45 þús. kr., og þann 9. sept. 1937 var gert uppkast að kaupsamningi hjá tilteknum lögfræðingi á Akureyri, og var í því uppkasti m. a. svo ákveðið, að skipið seldist í „ríkisskoðunarástandi" og tiltekin viðurlög við samningsrofum. Fékk hvor þeirra, Ólafur og Ásgeir, afrit af þessu uppkasti, en samningar voru ekki undirritaðir í þetta skipti, og mun það aðallega hafa stafað af því, að stefnandi þurfti að fá samþykki stjórnarráðs til kaupanna, þar sem í ráði var, að ríkissjóður hjálpaði til við þau. Hélt framkvæmdarstjóri stefnanda síðan til Reykjavíkur og lagði samningsuppkastið fyrir fjármálaráðuneytið. Til Ísafjarðar kom framkvæmdarstjórinn svo þann 12. sept. og sendi þá samdægurs Sigfús Guðfinnsson skipstjóra til Akureyrar í því skyni að skoða skipið og veita því móttöku, ef til kæmi, og hafði Sigfús meðferðis áðurnefnt samningsuppkast. Eftir að loforð var fengið um ríkisábyrgð fyrir nokkrum hluta kaupverðsins, og stjórn stefnanda hafði á fundi sínum þann 23. sept. formlega samþykkt kaupin, var nefndum Sigfúsi veitt fullt umboð og ótakmarkað til að undirrita kaupsamning um skipið. Sigfús hafði þegar þann 13. sept., er hann kom til Akureyrar, skoðað skipið (og eftirlitsbók þess), undir leiðsögn sonar Sigurðar Bjarnasonar, og leizt Sigfúsi vel á skipið. Jafnframt leitaði hann álits manna, er taldir voru skipinu kunnugir, og var það einróma skoðun þeirra, að skipið væri hið vandaðasta. Skipasmiður sá á Akureyri, er mikið hafði unnið við skipið, svo og einn skoðunarmanna, gáfu samhljóða umsögn um gæði skipsins og virtu það jafnframt á kr. 45000.00. Símskeyti um þetta var sent ráðuneytinu og forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Nokkrum dögum áður en samningar skyldu undirritaðir, kom Ásgeir Pétursson frá Siglufirði til Akureyrar og tjáði hann þá Sigfúsi, að Sigurður Bjarnason, er þá var veikur, vildi ekki undirrita samninginn, nema ákvæðið um „ríkisskoðunarástand" og viðurlög við samningsrofum væri fellt burtu. Fór Sigfús þá á fund Sigurðar, en hann vildi engu um þoka, og varð það úr, að kaupsamningurinn var undirritaður þannig breyttur af nefndum umboðsmönnum aðilja þann 2. okt., og sama dag var afsal gefið út, enda var þá greiðslum öllum fullnægt. Daginn eftir að samningum þessum var lokið, hélt Sigfús af stað með skipið til Ísafjarðar, og var komið þangað þann 5. okt. Áður en skipið fór frá Akureyri, var það vátryggt til bráðabirgða hjá Vélbátaábyrgðarfélagi Ísfirðinga, en þegar skipið kom til Ísafjarðar, lét vátryggingarfélagið trúnaðarmenn sína skoða það, og töldu þeir þá svo mikinn fúa í skipinu, að félagið neitaði að tryggja það og sagði upp tryggingunni. Sendi stefnandi þá Sigurði Bjarnasyni símskeyti, þar sem tilkynnt var, að við skoðun hefði komið í ljós, að skipið væri svo stórkostlega fúið, að það fengist ekki vátryggt, á

það skráð eða fengi haffærisskírteini, nema með gagngerðri viðgerð. Tilkynnti stefnandi, að kaupunum yrði rift og skaðabóta krafizt, jafnframt því sem skorað var á seljanda að gæta réttar síns í þessu sambandi. Sigurður svaraði þessari tilkynningu þann 15. okt. á þá leið, að skipið hefði verið selt í því ástandi, sem það var í, og því honum óviðkomandi allar viðgerðir á því. Stefnandi bað síðan um ríkisskoðun á skipinu, og dæmdu skoðunarmenn það ósjófært. Yfirskoðun fór svo fram 7. des. s. á. af 6 dómkvöddum mönnum, og töldu þeir einnig skipið algerlega ósjófært. Töldu þeir bönd skipsins vera fúin í hásetaklefa og í afturenda frá þilfari og svo langt niður sem sézt hafi, en þó heldur minna í lest. Í bjálkavegurum, bitahnjám og styttuendum neðan skammdekks hafi og mjög víða verið fúi og á stjórnborðssíðu í lest hafi fúinn verið út úr byrðingnum. Á skammdekki stjórnborðsmegin hafi fúinn verið upp úr, borð hafi verið negld þar yfir og sumstaðar sementað í fúapolla. Einnig töldu þeir búnað skipsins ófullnægjandi, en vélina hins vegar vel útlítandi, líklega slitna og að sjá í góðu standi. Með bréfi dags. 8. nóv. 1937 bað stefnandi um, að opinber rannsókn færi fram út af skipasölunni, bæði að því er framkomu seljanda snerti svo og skipaskoðunarmanna á Akureyri. Fór síðan fram ýtarleg rannsókn um þessi efni, en ekki verður séð, að frekar hafi verið aðhafzt á þeim vettvangi.

Réttarkröfur sínar í málinu byggir stefnandi á því, að af hans hálfu hafi höfuðáherzla verið lögð á það við allar samningagerðir um skipakaupin, að skipið væri traust, vandað og í góðu ástandi í hvívetna. Seljanda hafi og hlotið að vera þetta ljóst frá öndverðu, enda hafi kaupverð skipsins tvímælalaust verið við það miðað, að skipið þyrfti engra teljandi viðgerða með. Nú hafi reyndin orðið sú, að skipið hafi verið svo fúið og ástandi þess í fleiri efnum svo ábótavant, að það hafi verið með öllu ósjófært, og mjög vafasamt, að það borgi sig að gera við skipið. Telur stefnandi allar líkur benda til þess, að seljanda hafi verið fullkunnugt um ágalla þá, er á skipinu voru, en jafnvel þótt svo hefði ekki verið, hafi honum hlotið að vera það ljóst, að við kaupin hafi það verið hrein ákvörðunarástæða af hálfu kaupanda, að skipið væri í góðu standi að öllu leyti, og að hann mundi aldrei hafa keypt það, ef hann hefði vitað hið sanna um ástand þess. Og þar sem þetta traust hans hafi brugðizt, svo sem raun ber vitni, telur stefnandi, að hann skv. beinum ákvæðum laga og grundvallarreglum þeirra eigi rétt til að rifta kaupum og krefjast skaðabóta. Hefur hann því höfðað mál þetta gegn stefndu f. h. dánarbús Sigurðar heit. Bjarnasonar, og gert í því framangreindar réttarkröfur.

Af hálfu stefndu hefur það fyrst og fremst verið vefengt, að áðurnefnd skoðunargerð frá Ísafirði hafi að geyma rétta lýsingu á m/b „Kolbeinn ungi“ á þeim tíma, er umrædd kaup fóru fram, svo

og að niðurstaða skoðunarmanna sé á rökum reist. Hefur sérstaklega verið á það bent, að skv. vottorðum skoðunarmanna á Akureyri (hið síðasta dags. 13. júní 1937), framburðum skipstjóra þeirra, er voru með skipið undangengin ár, svo og virðingarmanna þeirra, er við skipið höfðu unnið, hafi skipið allan þennan tíma verið í góðu standi og ekkert verulegt að því fundið. En nú má það teljast upplýst við áðurnefnda sakamálsrannsókn, að skoðun þess skoðunarmanns á Akureyri, er athugaði bol skipsins og búnað, hafi a. m. k. upp á síðkastið farið fram með þeim hætti, að hún verði ekki talin veita öruggar upplýsingar um þessi efni, svo og að skipstjórar þeir og viðgerðarmenn, er stefnda hefur vitnað til, hafi ekki athugað skipið svo gaumgæfilega að þessu leyti, að framburðir þeirra hér að lútandi hafi sérstakt gildi. Umrædd yfirskoðunargerð í heild þykir því veita sönnur fyrir því, að skipinu hafi verið áfátt á svipaðan hátt og þar greinir, er gerð þessi fór fram, enda þótt sjá megi, og því sé ómótmælt haldið fram, að í nokkrum atriðum skeiki þar um lýsingu á skipinu og búnaði þess.

Eins og áður er tekið fram, telur stefnandi, að Sigurði heit. Bjarnasyni muni hafa verið kunnugt um nefnda ágalla á skipinu, er það var selt, þótt ekki minntist hann á þá við kaupanda. Þessari staðhæfingu sinni til stuðnings telur stefnandi aðallega vera það, að Kristján Nói Kristjánsson, sem oft var við aðgerðir á m/b „Kolbeinn ungi", hefur komizt svo að orði við áðurnefnd próf, að Sigurður heit. hafi sjálfur verið smiður og jafnan sagt sér, í samráði við skoðunarmann, hvað gera ætti við skipið, en kveðst hins vegar aldrei hafa verið látinn skoða skipið eða athuga það fyrir eiganda til að sjá, hverrar viðgerðar væri þörf. Einnig hafi Leo, sonur Sigurðar, borið það að hafa sagt föður sínum frá því, að tiltekinn viðgerðarmaður hefði orðið var við, að sementað hafi verið í skeyti á „hekkinu" og ótrúlegt sé annað, en að nefndur Kristján Nói og skipstjóri sá, er sumarið 1937 hafi verið með skipið, og báðir muni hafa orðið varir við eða heyrt talað um fúa í skipinu, muni hafa sagt Sigurði frá þessu. Loks telur stefnandi, að það, hversu Sigurður hafi lagt mikið kapp á að fá ákvæðið um „ríkisskoðunarástand" burtu úr samningnum, bendi einnig í sömu átt. Sigurður var yfirheyrður um þessi atriði fyrir lögregluréttí, og tók hann það fram, að árið 1930 hefði verið rifinn burtu meyr viður undan katli skipsins, en síðan hefði hann ekki orðið var við fúa í því, enda talið það traust, og Bjarni Einarsson skipaskoðunarmaður hafi ávallt látið vel af skipinu við sig og aldrei minnzt á, að það væri fúið. Hann minnti þó, að Leo, sonur sinn, hefði talað um einhvern fúa, sem vart hefði orðið við í planka í dekki nefnt haust, en mundi þetta annars óglöggt, enda var Sigurður þá veikur maður, hafði fengið heilablóðfall 1. marz 1937 og verið sjúklingur af þeim sökum síðan. Og þær ástæður færði Sigurður fyrir því að vilja fella burtu

ákvæðið um ríkisskoðunarástand, að skv. vottorðum skipaskoðunarmanna hafi skipið þá verið í slíku ástandi, og því hafi hann talið óþarft að taka slíkt fram, en ákvæði sem það hefði ef til vill skoðazt svo sem ný ríkisskoðun ætti að fara fram á skipinu á sinn kostnað, en það hafi hann ekki viljað, auk þess sem því er haldið fram af hálfu stefndu, að niðurfelling ákvæðisins hafi þýtt það, að áhættan á leyndum göllum færðist yfir á kaupanda, eins og síðar verður vikið að. Með tilliti til þessa framburðar Sigurðar og annars, sem fram hefur komið í málinu, og gegn eindregnum andmælum stefndu, þykir engan veginn verða fullyrt, að Sigurði heit. eða þeim, sem við söluna voru riðnir af hans hálfu, hafi verið kunnugt um nefnda ágalla, nema þá í smávægilegum atriðum, sem ekki geta haft þýðingu í þessu sambandi. Kröfur stefnanda geta því ekki orðið teknar til greina á þeim grundvelli.

Stefnandi hefur haldið því fram, að Sigurði heit. hafi þó hlotið að vera það ljóst, að kaupandi hafi gert ráð fyrir því að fá gott og ógallað skip, er ekki þyrfti teljandi viðgerðar með, áður en það væri tekið til notkunar. Ekki virðist það þó hafa úrslitaþýðingu í þessu sambandi, þótt Sigurður hafi vitað, til hverra nota skipið var ætlað, að honum hafi verið kunnugt um, að skoðunarvottorð skipsins og önnur þau skilríki, sem stefnandi hafði kynnt sér eða útvegað, hafi talið skipið ógallað, svo og það, að ríkissjóðsábyrgðar var leitað fyrir kaupverðinu. Og eftir því, sem fyrir liggur í málinu, þykir af kaupverði skipsins ekki verða neitt ályktað um hugmyndir aðiljanna um ástand þess. Hins vegar er á það bent af stefndu, að skv. berum orðum kaupsamningsins frá 2. okt. 1937 hafi skipið, eins og algengt sé, a. m. k. á Akureyri, einungis verið selt í því ástandi, sem það var Akureyrarhöfn, er kaupin fóru fram, svo og að stefnanda hafi verið veitt full og óskoruð heimild til að rannsaka eða láta rannsaka skipið ýtarlega hvað eftir annað, áður en kaupin fóru fram, og geti hann með hliðsjón af 47. gr. laga nr. 39 1922 því ekki borið fyrir sig nefnda galla á skipinu.

Um fyrra atriðið er það upplýst, að Sigurður heit. veitti Ásgeiri Péturssyni aðeins umboð til að selja skipið í því ástandi, sem það þá var. Skv. vottorði lögfræðings þess, er samdi hið fyrrnefnda samningsuppkast, og starfsmanns hans, gerði framkvæmdarstjóri stefnanda kröfu til þess, að í samningnum stæði, að skipið seldist í ríkisskoðunarástandi, en sonur Sigurðar, Leo, sem þarna var viðstaddur, mótmælti því og hélt því fram, að skipið yrði aðeins selt í því ástandi, sem það var. Samkomulag náðist ekki um þetta, og skv. vottorði lögfræðingsins setti hann nefnt ákvæði um ríkisskoðunarástand, án þess að þá væri fengið til þess samþykki af hálfu seljanda, enda taldi hann sig starfa í þágu kaupanda og gerði honum einum reikning fyrir þetta starf sitt. Framkvæmdarstjóri stefnanda virðist og skv. framburði sínum ekkert frekar hafa búizt við því,

að ákvæði þetta yrði sett í samningsuppkastið, enda er það viðurkennt í málinu, að kaupanda var allt af kunnugt um (og hefur hann því engar kröfur byggt á því), að þótt ekki annað hefði verið að skipinu, þá vantaði það mikið á, að búnaður þess væri í lagi, að það þess vegna mundi tæpast hafa verið talið í ríkisskoðunarástandi. Þótt því Ásgeir Pétursson segi, að hann fyrir sitt leyti hafi ekkert haft við nefnt samningsuppkast að athuga, verður, eftir því sem á undan var gengið, að telja, að stefnanda hafi mátt vera það ljóst, að ákvæði þetta mundi ekki vera í samræmi við vilja seljanda, eins og síðar kom beint fram. Umboðsmaður stefnanda, Sigfús Guðfinnsson, sem, að því er séð verður, hafði fullt og ótakmarkað umboð til að gera alla samninga um skipið, samþykkti síðan beinlínis, að ákvæði þetta væri fellt í burtu. Ákvæðið um, að skipið seldist í því ástandi, sem það var, var því ekki sett, án þess að um væri rætt, og mátti stefnanda því vera það ljóst, að með breytingu þessari frá samningsuppkastinu tók hann á sig aukna áhættu. Þá er það og upplýst, að stefnandi hafði ávallt heimild til að skoða skipið svo grandgæfilega sem hann vildi eða að fá menn til þeirrar skoðunar. Verður að telja, að stefnda eigi ekki að svara til þess, þótt stefnandi eða menn þeir, sem hann fékk til skoðunarinnar, hafi ekki innt þetta starf sitt af hendi af þeirri nákvæmni, sem vera bar, enda mátti stefnanda vera það ljóst, vitandi það, að hér var um gamalt furuskip að ræða (byggt 1920), að sérstakrar rannsóknar þurfti með á efnisgæðum þess, eins og einn af umboðsmönnum hans, Jón Grímsson, benti honum á í bréfi sínu þegar í sept. 1936. Og ekki verður það heldur talið vera á ábyrgð seljanda, að hinir opinberu skoðunarmenn á Akureyri virðast einnig hafa vanrækt verulega skoðun sína á skipinu og hafa gefið vottorð, sem komið er á daginn, að hafi verið í verulegu ósamræmi við hið rétta ástand skipsins. Eftir því sem göllum skipsins er lýst, verður einnig ekki annað séð, en að sjá hafi mátt suma þeirra, án ýtarlegrar rannsóknar.

Að öllu framangreindu athuguðu, þykja kröfur stefnanda gagnvart stefndu hér að lútandi ekki hafa við nægileg rök að styðjast, og verður því sýknukrafa hennar tekin til greina, en eftir atvikum öllum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson framkvæmdarstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, Anna Jósefsdóttir f. h. dánarbús Sigurðar Bjarnasonar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, h. f. „Vestfjarðabáturinn", í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 23. júní 1941.

Nr. 93/1940. **Sigurjón Pétursson**
gegn
Tómasi Ólasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurjón Pétursson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 23. júní 1941.

Nr. 7/1941. **Júlíus Fjeldsted Óskarsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Hönnu Guðrúnu Jóhannesdóttur
(Pétur Magnússon).

Barnsfaðernismál. Eiður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. jan. þ. á. og krafizt þess, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði sínum. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefnda, sem þann 16. maí þ. á. hefur fengið gjafvarnarleyfi og sér skipaðan talsmann fyrir hæstarétti, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Svo krefst og talsmaður hennar málflutningslauna sér til handa, hvernig sem málið fer.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að eiðstímabilið teljist frá 14. janúar til 26. marz 1940, og eiðsfresturinn verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Vinni stefnda eiðinn, skal áfrýjandi greiða henni samtals 350 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. Fallizt stefnda á eiðnum, skal hún greiða áfrýjanda kr. 350.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, en málflutningsþóknun skipaðs talsmanns hennar fyrir hæstarétti, kr. 300.00, greiðast úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnda, Hanna Guðrún Jóhannesdóttir, vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á lögmæltu varnarþingi, að hún hafi á tímabilinu frá og með 14. janúar til og með 26. marz 1940 haft holdlegar samfarir við áfrýjanda, Júlíus Fjeldsted Óskarsson, þá skal hann talinn faðir barns þess, sem stefnda ól þann 19. nóv. 1940, enda greiði áfrýjandi þá meðlag með barninu og stefndu barnsfarakostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds. Ef stefnda vinnur eiðinn, skal áfrýjandi greiða henni samtals kr. 350.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Fallizt stefnda á eiðnum, á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún honum þá kr. 350.00 í málskostnað fyrir hæstarétti. Þá skal og málflutningsþóknun talsmanns stefndu, Péturs Magnússonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 300.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. des. 1940.

Árið 1940, laugardaginn 28. desember, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í barnsfaðernismálinu nr. 24/1940: Hanna Guðrún Jóhannesdóttir gegn Júlíusi Fjeldsted Óskarssyni, er tekið var til dóms sama dag.

Hinn 19. nóvember s. l. ól ógift vinnustúlka, Hanna Guðrún Jóhannesdóttir, til heimilis á Njálsgötu 23 hér í bæ, óskilgetið fullburða sveinbarn. Hún hefur lýst föður að því Júlíus Fjeldsted Óskarsson sjómann, til heimilis á Laugavegi 84 hér í bæ, en hann hefur eigi viljað við faðernið kannast. Hefur barnsmóðir því höfðað mál þetta og gert þær réttarkröfur, að kærði verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því, barnsfarakostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir yfirvaldsúrskurði, og loks málskostnað eftir mati réttarins.

Aðiljar eru sammála um, að þau hafi þekkzt í undanfarin 3 ár og að þau hafi öðru hvoru (sic) haft holdlegar samfarir. Heldur kærandi því fram, að þau hafi í s. l. janúar- og febrúarmánuðum iðulega haft holdlegar samfarir saman í herbergi kærða hér í bænum, og hljóti barnið að vera getið við einhverjar þessara samfara, en síðustu tíðir sínar fyrir barnsburð segir hún hafa verið 6. febrúar s. l. Kveðst hún aldrei hafa haft holdlegar samfarir við annan en kærða, og sé því eigi öðrum til að dreifa um faðerni barnsins.

Kærði hefur hins vegar haldið því fram, að þau hafi í síðasta sinn haft holdlegar samfarir saman miðvikudagskvöldið næst fyrir jól 1939. Kveðst hann hafa hætt samförum við kæranda vegna þess, að hann hét annari stúlku eiginorði upp úr síðustu áramótum. Hann hefur þó kannazt við, að kærandi hafi nokkrum sinnum komið heim í herbergi hans eftir s. l. nýár, og hafi þau ræðzt þar við í fullri vinsemd og a. m. k. einu sinni verið þar tvö ein. Þá kveðst hann 2—3 eftir s. l. áramót hafa komið heim til systur kæranda og spurt þar eftir kæranda, sem hann vildi fá með sér í spilasamkvæmi, og einnig hafi hann nokkrum sinnum á sama tíma hringt í síma heim til kæranda, þar sem hún var í vist, til að tala við hana.

Blóðrannsókn hefur ekki útilokað kærða frá faðerninu.

Þar sem sönnun hefur eigi fengizt um faðernið, verða úrslit málsins að velta á eiði annars aðiljanna, og þar sem kærandi að áliti réttarins hefur líkurnar frekar með sér, verða úrslitin látin velta á fyllingareiði hennar, þannig að vinni hún, eftir löglegan undirbúning, innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, eið á lögmætu varnarþingi að því, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærða, Júlíus Fjeldsted Óskarsson, á tímabilinu frá 6. febrúar til 6. apríl 1940, skal hann teljast faðir barnsins, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfarakostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð, eftir yfirvaldsúrskurði, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.00.

Vinni kærandi ekki eiðinn, á kærði að vera sýkn af kröfum hennar í málinu.

Því dæmist rétt vera:

Vinni kærandi, Hanna Guðrún Jóhannesdóttir, innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, eið að því á lögmætu varnarþingi, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærða, Júlíus Fjeldsted Óskarsson, á tímabilinu frá 6. febrúar til 6. apríl 1940, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er kærandi ól 19. nóvember 1940, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfarakostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð, eftir yfirvaldsúrskurði, og kr. 20.00 í málskostnað til kæranda.

Vinni kærandi ekki eiðinn, á kærði að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. september 1941.

Nr. 76/1940. **Freygarður Þorvaldsson**
gegn
Eimskipafélagi Íslands h/f.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Freygarður Þorvaldsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1941

Nr. 54/1941. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Jóni Ásgeiri Guðmundssyni
(Lárus Jóhannesson).

Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða varðar við 4. málsgr. 26. gr., sbr. 38. og 39. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga

nr. 19/1940, og 215. gr. síðarnefndra laga. Þykir refsing ákærða hæfilega sett 45 daga varðhald og svipting ökuleyfis 1 ár frá birtingu héraðsdóms talið.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Ásgeir Guðmundsson, sæti 45 daga varðhaldi og skal sviptur ökuleyfi 1 ár frá birtingu héraðsdóms talið.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Jóhannessonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. maí 1941.

Ár 1941, föstudaginn 23. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1381/1941: Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóni Ásgeiri Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 16. s. m.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Ásgeiri Guðmundssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis á Reykjavíkurvegi 31 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla alm. hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. júní 1895, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1932 $^{7}/_{10}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á samþ. um bifreiðastæði.
1933 $^{2}/_{5}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir að aka gegnum skrúðgöngu.
1936 $^{3}/_{10}$ Undir rannsókn útaf ökuóhappi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1937 $^{28}/_{12}$ Aðvörun fyrir ljósleysi á bifreið.

1941 $^{3}/_{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir að hlýða ekki umferðarmerki lögregluþjóns.

S. l. nýjársdag, kl. um 21,45, gengu Dagbjört Ólafía Þorsteinsdóttir, ekkjufrú, Jófríðarstöðum við Kaplaskjólsveg, og börn hennar, Kristjana Steinunn Guðjónsdóttir, 17 ára, Garðastræti 33, og Þorsteinn Guðlaugur Guðjónsson, Sandgerði, fæddur 12. júní 1920, norður vesturgangstétt Fríkirkjuvegar. Dagbjört Ólafía gekk vestast, þá Kristjana, en Þorsteinn Guðlaugur austast, þ. e. a. s. næst akbrautinni. Mæðgurnar leiddust. Systkinin leiddust einnig, þar til rétt áður en slys það gerðist, er brátt verður lýst.

Samtímis þessu ók ákærður fólksflutningsleigubifreiðinni R 1216 norður Fríkirkjuveg af Skothúsvegi. Strax og ákærður hafði beygt af Skothúsvegi inn á Fríkirkjuveg, sá hann mjög sterk ljós á bifreið, sem var á móts við Fríkirkjuna á leið suður götuna. Gaf hann þá strax merki með því að slökkva og kveikja á víxl tvisvar ljósin á R 1216, en það átti að gefa til kynna, að hann óskaði, að ljósin á bifreiðinni, sem á móti honum kom, yrðu minnkuð. Ákærður ók með um 20 km. hraða miðað við klukkustund, en bifreiðin, sem á móti honum kom, mun hafa ekið með nokkuð meiri hraða, og nálguðust þær brátt hvor aðra. Þegar þær nálguðust, gerðu hin skæru ljós bifreiðarinnar, sem ók suður veginn, það að verkum, að ákærður sá ekkert fram fyrir sig, Þegar um 10 metrar voru milli bifreiðanna, slökkti ákærður ljós sinnar bifreiðar til að vita, hvort hann gæti þá ekki frekar séð til götunnar þannig í ljósum hinnar bifreiðarinnar, og hafði hann þá hægt ferðina, svo að hann ók með um 17 km hraða miðað við klst. Skipti það þá engum togum, að bifreiðarnar mættust, og sú, sem í suður ók, hélt leiðar sinnar, og hefur ekki vitnazt, hvaða bifreið það var. Ákærður ók um meter frá gangstéttarbrún, eftir því sem næst verður komizt, og samsíða gangstéttarbrúninni. Þegar bifreiðarnar voru að mætast, varð ákærður þess var, að bifreið hans rakst á eitthvað, og um leið heyrði hann, að gler hrundu á götuna. Hann hemlaði þá bifreiðina og heyrði um leið, að kvenmaður hljóðaði aftan við bifreiðina. Bifreiðin nam skjótt staðar, enda voru á henni góðar hemlur, og fór ákærður úr henni og einnig enskur starfsmaður í Rauðakrossdeild hrezka setuliðsins, en hann hafði setið í framsæti bifreiðarinnar við hlið ákærðum og var eini farþeginn í bifreiðinni. Þegar þeir komu út úr bifreiðinni, lá Þorsteinn Guðlaugur Guðjónsson meðvitundarlaus á götunni skammt aftan við bifreiðina. Hafði hann, í því er bifreiðina bar að, hrasað út af gangstéttarbrúninni. Hefur systir hans borið, að hún hafi séð hann stíga upp á gangstéttarbrúnina, eftir að hann hrasaði út af henni, en ekki sá hún beinlínis eða tók eftir, hvar hann gekk, þegar bifreiðin rakst á hann. Móðir hans sá það ekki heldur, og þar sem þeir, er í bifreiðinni sátu, sáu þau mæðgin alls ekki fyrr en eftir áreksturinn, verður engu slegið

föstu um hreyfingar Þorsteins Guðlaugs í því áreksturinn varð. Hitt er víst, að bifreiðin rakst á hann, svo að hann kastaðist niður á götuna í um tveggja faðma vegalengd frá bifreiðinni. Mun vinstra framhorn hennar hafa rekizt á hann, enda brotnaði vinstra framljósker bifreiðarinnar við áreksturinn. Með aðstoð hins brezka manns og bifreiðarstjóra, sem þarna bar að, tók ákærður hinn slasaða mann upp í bifreið sína og ók þegar með hann á Landsspítalann, og var maðurinn þá enn meðvitundarlaus. Um einni klukkustund eftir að hann kom á spítalann, andaðist hann af sköddun á höfði, er hann hafði fengið við slysið.

Þegar slysið gerðist, var gatan blaut, og var annaðhvort rigning eða nýlega uppstytt, og var ekki góð lýsing á slysstaðnum, því að slysið gerðist um það bil mitt á milli götuljóskera.

Bifreiðin R 1216 var skoðuð daginn eftir slysið, og reyndist hún í góðu lagi að öðru leyti en því, að vinstra ljósker var bilað, en það bilaði, eins og áður segir, við slysið.

Með því að halda áfram akstri bifreiðarinnar, eftir að honum hafði algerlega blindazt útsýn, hefur ákærður brotið 15. sbr. 14. gr. laga nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða, og þar sem dauða Þorsteins Guðlaugs Guðjónssonar má að minnsta kosti að verulegu leyti kenna þessari háskalegu ógætni ákærða, hefur hann gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940.

Þykir refsing ákærðs hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Þá ber að svipta hann rétti til að stýra bifreið í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Jón Ásgeir Guðmundsson, sæti 30 daga varðhaldi. Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 50,00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. október 1941.

Nr. 24/1941. **Lárus Jóhannesson** og **Kristján Kristjánsson** (cand. jur. Gunnar J. Möller)
gegn
Vigfúsi Jónssyni (cand. jur. Egill Sigurgeirsson)
og
Vigfús Jónsson
gegn
Pöntunarfélaginu á Grímsstaðaholti (cand. jur. Gunnar J. Möller).

Deila um eignarrétt að fasteign og húsaleigu.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 1. marz þ. á., hafa gert þær kröfur, að þeir verði sýknaðir af leigugreiðslukröfu gagnáfrýjanda og að eignarréttur þeirra að skúr þeim, er í málinu greinir, verði að öllu eða til vara að hálfu leyti viðurkenndur með dómi hæstaréttar. En ef sú krafa yrði ekki tekin til greina, þá krefjast þeir þess, að málinu verði vísað heim til dómsálagningar að efni til um þrautavarakröfu þeirra í gagnsök í héraði. Loks krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hvernig sem málið fer.

Gagnáfrýjandi hefur með stefnu 1. marz þ. á. skotið málinu til hæstaréttar að því leyti sem dæmt er um skyldu Pöntunarfélagsins á Grímsstaðaholti, og krefst hann þess, að félag þetta verði dæmt til þess að greiða honum kr. 448.00 með 5% ársvöxtum frá 26. okt. 1939 til greiðsludags, ef aðaláfrýjendur yrðu sýknaðir af áðurnefndri leigugreiðslukröfu, enda krefst gagnáfrýjandi þá og málskostnaðar úr hendi Pöntunarfélagsins eftir mati dómsins. Pöntunarfélagið krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda. Ákvæði héraðsdóms um greiðsluskyldu aðaláfrýjanda krefur gagnáfrýjandi staðfest og málskostnaðar krefst hann úr hendi aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kemur fyrst til álita krafa aðaláfrýjanda um viðurkenningu á eignarrétti þeirra að framangreindum skúr. Gagnáfrýjandi og Þorleifur Jónsson áttu eignina Fálkagötu 23 A í óskiptri sameign að hálfu hvor, þar til er þrotabú Þorleifs afsalaði gagnáfrýjanda hluta Þorleifs 18. sept. 1936. Var eignarhluta Þorleifs þá afsalað gagnáfrýjanda að engu undanskildu, er eigninni fylgi. „Þess skal þó getið", segir í afsalinu, „að með í kaupunum fylgir ekki lóðarspilda sú, er viðbygging að eigninni nr. 25 við Fálkagötu er reist á, enda fylgir sú lóð þeirri eign, og gerir kaupandi (þ. e. gagnáfrýjandi) engar kröfur á hendur þrotabúinu fyrir hana." Hefur umboðsmaður gagnáfrýjanda einnig sett nafn sitt undir afsal þetta, enda tók hann með því að sér fyrir hönd kaupanda greiðslu veðskulda, sem á hinni seldu eign hvíldu. Þótt vafasamt megi telja, hvaða skilning eigi að leggja í ákvæði hinnar auðkenndu greinar, þá er þó óheimilt að telja þau fela í sér afsal af hálfu gagnáfrýjanda til þrotabúsins á eignarhluta hans í lóð undir skúr þeim, sem stendur áfastur aðalhúsinu á lóðinni nr. 23 A við Fálkagötu öðrum megin og brunaveggnum milli þeirrar lóðar og Fálkagötu 25 hinum megin. Verður því að gera ráð fyrir því, að gagnáfrýjandi hafi áfram haldið eignarrétti að öllum sínum hluta lóðarinnar 23 A við Fálkagötu eftir afsalið 18. sept. 1936.

Það var að öllu eðlilegast og líklegast, að gagnáfrýjandi fengi óskertan eignarhluta Þorleifs Jónssonar í Fálkagötu 23 A, er gagnáfrýjandi keypti þá eign af þrotabúi Þorleifs, enda virðist helzt svo, að umboðsmenn aðilja að kaupum þessum hafi ekki gert sér fulljóst, hvað í orðum hinnar auðkenndu greinar afsalsins 18. sept. 1936 skyldi felast. Þann 29. sept. 1936 fengu aðaláfrýjendur afsal að eign Þorleifs Jónssonar við Fálkagötu 25, og er ekki orði að því vikið í afsali þessu, að kaupendur skyldu fá nokkurn hluta lóðar Fálkagötu 23 A. Aðaláfrýjendur kveðast að vísu hafa þekkt afsalið frá 18. sept. 1936, er umboðsmaður þrotabúsins hafði einnig samið, og telja þeir, að svo hafi verið til ætlazt, að þeir fengju lóðina undir skúrnum á Fálkagötu 23 A. En þótt svo kunni að hafa verið til ætlazt, máttu þeir ekki að órannsökuðu máli treysta því, að þeir gætu fengið hluta af

nágrannalóðinni, sem skilin var með brunavegg frá eign þeirri, er þeir voru að kaupa og afsal þeirra minntist ekki á, en oftnefnd grein í afsali gagnáfrýjanda mjög svo óglögg. Verður því ekki talið, að þeir hafi öðlazt eignarrétt að nokkrum hluta lóðar Fálkagötu 23 A, er Þorleifur Jónsson hafði áður átt.

Skúrinn á lóðinni við Fálkagötu 23 A, sem um er deilt í máli þessu, var í öndverðu reistur af eiganda þeirrar eignar, áður en hún komst í eigu þeirra gagnáfrýjanda og Þorleifs, og varð síðan óskipt sameign þeirra, eins og önnur mannvirki á lóðinni. Þær ástæður, sem að framan eru greindar og eru til fyrirstöðu eignarrétti aðaláfrýjanda að lóð undir skúrnum, valda því og, að þeir verða ekki heldur taldir eigendur skúrsins að neinu leyti. Og verður krafa þeirra um viðurkenning á eignarrétti þeirra að skúrnum, öllum eða hálfum, því ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessari úrlausn og samkvæmt málflutningi aðaláfrýjenda virðist þeim á engu standa að fá dóm í héraði um þrautavarakröfu sína í gagnsök þar, og verður því krafa þeirra þar um ekki heldur tekin til greina.

Það er ekki gegn mótmælum hins stefnda Pöntunarfélags sannað, að gagnáfrýjandi hafi krafið það um leigu fyrir afnot skúrsins fyrr en um það leyti, sem mál þetta hófst í héraði. Verður að telja, að Pöntunarfélagið hafi, eins og á stóð, mátt telja leiguna réttilega greidda aðaláfrýjendum, og verður það því ekki nú skyldað til að greiða gagnáfrýjanda hana.

Þótt aðaláfrýjendur hafi brostið eignarheimild að skúrnum, þá mundi nægilega langvarandi eignarhald þeirra á honum hafa að lögum getað skapað þeim eignarhefð á honum, með því að ekkert er komið fram um það, að slíkt eignarhald hefði ekki fullnægt skilyrðum til eignarhefðar samkvæmt 4. gr. laga nr. 46/1905. En af því leiðir aftur, að þeir verða ekki skyldaðir til að skila gagnáfrýjanda heimtri leigu fyrir afnot skúrsins til birtingardags dómstefnu í sakaukamáli í héraði, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1905. Verður því að sýkna aðaláfrýjendur af leigugreiðslukröfu gagnáfrýjanda.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Vigfús Jónsson, á að vera sýkn af kröfu aðaláfrýjenda, Lárusar Jóhannessonar og Kristjáns Kristjánssonar, um dómsviðurkenningu á eignarrétti þeirra að skúr á lóðinni 23 A við Fálkagötu í Reykjavík. Stefndi, Pöntunarfélagið á Grímsstaðaholti, og aðaláfrýjendur eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. desember 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., var eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 31. október 1939 af Vigfúsi Jónssyni, Fálkagötu 23 hér í bænum, gegn Pöntunarfélaginu á Grímsstaðaholti til greiðslu á leigu eftir hálfan geymsluskúr á Fálkagötu 23 A frá 18. sept. 1936 til 31. okt. 1939, kr. 15.00 á mánuði, með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 30. okt. 1939, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Undir rekstri málsins hefur þó stefnandi lækkað leigukröfuna niður í kr. 12.00 á mánuði samkv. mati, er fram fór á leigunni.

Þá hefur stefnandi höfðað sakaukamál með stefnu útgefinni 20. febrúar 1940 gegn þeim Lárusi Jóhannessyni, hæstaréttarmálflutningsmanni í Reykjavík, og Kristjáni Kristjánssyni, fulltrúa lögmanns, til greiðslu in solidum á hinni umkröfðu leiguskuld, ef aðalstefndi verður sýknaður á þeim grundvelli, að hann hafi fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða leiguna fyrir afnot á umræddum geymsluskúr til eigenda Fálkagötu 25, stefndu í sakaukamálinu, ásamt 6% ársvöxtum af skuldinni frá 26. okt. 1939 til greiðsludags svo og á málskostnaði í aðalsök og sakaukamáli að skaðlausu.

Loks hafa stefndu í sakaukamálinu, þeir Lárus Jóhannesson, hæstaréttarmálflutningsmaður, og Kristján Kristjánsson, fulltrúi lögmanns, með gagnstefnu, dags. 7. maí 1940, gagnstefnt aðalstefnanda, Vigfúsi Jónssyni, og krafizt þess aðallega, að viðurkenndur verði með dómi réttarins eignarréttur þeirra að hinum umræddu geymsluskúr öllum, og til vara, að skúrnum hálfum, en til þrautavara, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða þeim leigu eftir

lóðina undir geymsluskúrnum frá 29. sept. 1936 til 7. maí 1940 eftir mati réttarins svo og til að taka skúrinn burt af lóðinni að viðlögðum 50.00 króna dagsektum. Þá hafa þeir einnig krafizt sýknu í sakaukamálinu svo og að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í sakaukamáli og gagnsök eftir mati réttarins.

Aðalstefndi krefst sýknu í aðalsök og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hafa aðiljar krafizt, að sakaukamálið og gagnsökin verði sameinuð aðalmálinu og dómur lagður á allar sakirnar í einu lagi.

Málavextir eru þeir, að með afsali, dags. 18. sept. 1936, réttarskj. nr. 12, afsalaði skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. þrotabús Þorleifs Jónssonar, kaupmanns í Reykjavík, til aðalstefnandans í máli þessu, Vigfúsar Jónssonar, eignarrétti yfir hálfri húseigninni nr. 23 A við Fálkagötu hér í bænum „með öllu múr- og naglföstu, með tilheyrandi lóð og öllum mannvirkjum og með öllu, er eign þessari fylgir og fylgja ber, að engu undanskildu". En eign þessi hafði áður verið í óskiptri sameign þeirra aðalstefnanda og Þorleifs Jónssonar. Í afsali þessu stendur einnig eftirfarandi setning: „þess skal þó getið, að með í kaupunum fylgir ekki lóðarspilda sú, er viðbygging að eigninni nr. 25 við Fálkagötu er reist á, enda fylgir sú lóð þeirri eign, og gerir kaupandi engar kröfur á hendur þrotabúinu fyrir hana." Undir afsal þetta ritar samþykki sitt Gunnar Þorsteinsson, hæstaréttarmálflutningsmaður v. Sveinbjarnar Jónssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns, f. h. Vigfúsar Jónssonar (aðalstefnanda). Með afsali, dags. 29. sept. 1936, réttarskj. nr. 19, afsalar síðan Einar B. Guðmundsson, hæstaréttarmálflutningsmaður, f. h. og í umboði þrotabús Þorleifs Jónssonar til stefndu í sakaukamálinu húseigninni nr. 25 við Fálkagötu í Reykjavík „með öllu múr- og naglföstu, með tilheyrandi lóð og öllum mannvirkjum og með öllu, sem eign þessari fylgir og fylgja ber, að engu undanskildu".

Þegar þessar sölur fóru fram, hafði aðalstefndi á leigu búð í húsinu nr. 25 við Fálkagötu ásamt tveim geymsluherbergjum fyrir kr. 50.00 á mánuði, sbr. réttarskj. nr. 8. Upplýst er, að annað þessara geymsluherbergja er í skúr þeim eða viðbyggingu, er liggur að eigninni nr. 25 við Fálkagötu, en um eignarrétt þess skúrs er meðal annars deilt í máli þessu. Það er og upplýst, að aðalstefndi hefur greitt hina umsömdu leigu, kr. 50.00 á mánuði, til stefndu í sakaukamálinu, eftir að sölur þessar fóru fram, og kveðst hann ætið hafa staðið í þeirri meiningu, að þeir ættu alla eignina, er hann hafði þarna á leigu. Í réttarskj. nr. 9 er það líka staðfest af stefndu í sakaukamálinu, að þeir hafi gengið inn í leigusamning aðalstefnda við Þorleif Jónsson, er þeir keyptu Fálkag. 25, og hafi sá leigusamningur framlengzt óbreyttur þar til sumarið 1939, er

þeir létu standsetja búðina. Jafnframt er viðurkennt, að aðalstefndi hafi greitt þeim alla leiguna, kr. 50.00 á mánuði, skilvíslega allan þennan tíma.

Aðalsökin. Aðalstefndi byggir sýknukröfu sína meðal annars á því, að hann hafi í góðri trú greitt hina umsömdu leigu til stefndu í sakaukamálinu og þar með fullnægt greiðsluskyldu sinni. Það hefur ekki komið fram, að aðalstefnandi hafi beint neinni ákveðinni kröfu til aðalstefnda um að hann greiddi honum leigu eftir skúrinn, fyrr en mál þetta var höfðað, enda var eignarheimild hans að skúrnum umdeild, en stefndu í sakaukamálinu hafa tilkynnt aðalstefnda, að þeir hafi gengið inn í leigusamning hans við Þorleif Jónsson og jafnan krafið hann um fulla leigu eftir búðina ásamt báðum geymsluskúrunum, og með því aðalstefndi hefur þannig greitt þá leigu mánaðarlega, að því er virðist í góðri trú, þá lítur rétturinn svo á, að aðalstefndi hafi þegar af þessari ástæðu losast undan greiðsluskyldu sinni til aðalstefnanda, og ber því að sýkna hann af kröfum aðalstefnanda í aðalsök. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök falli niður.

Sakaukamálið. Í sakaukamálinu byggja stefndu sýknukröfu sína aðallega á því, að þeir hafi verið eigendur húseignarinnar Fálkagötu 25 frá 29. sept. 1936 ásamt skúrbyggingunni, er liggur að þeirri eign, og Pöntunarfélagið hefur haft til afnota að nokkru leyti. Jafnframt hafa þeir viðurkennt, að þeir hafi allan þennan tíma tekið á móti leigu frá Pöntunarfélaginu fyrir búðina ásamt geymslunni í margnefndum skúr. Eignarrétt sinn að skúrnum byggja þeir á því, að þegar þeir keyptu eignina Fálkagötu 25 af þrotabúi Þorleifs Jónssonar, þá hafi skúrbyggingin fylgt með í þeim kaupum. Í því sambandi benda þeir á, að í afsalinu á réttarskj. nr. 12 sé berum orðum tekið fram, að lóðin undir skúrnum fylgi eigninni Fálkagötu 25, og síðan hafi þeir samkvæmt afsalinu á réttarskj. nr. 19 keypt Fálkagötu 25 „með tilheyrandi lóð og öllum mannvirkjum og með öllu, sem eign þessari fylgir og fylgja ber, að engu undanskildu" og þar á meðal ásamt hinum umrædda skúr.

Um skúr þennan er það viðurkennt, að áður en afsalið á réttarskj. nr. 12 var gefið út, tilheyrði hann eigninni nr. 23 A við Fálkagötu og var þá í óskiptri sameign aðalstefnanda og þrotabús Þorleifs Jónssonar. Kemur þá til álita, hvaða breytingar afsölin á réttarskj. nr. 12 og 19 hafa gert á eignarréttinum yfir skúrbyggingunni. Í afsalinu á réttarskj. nr. 12 segir orðrétt: „með í kaupunum fylgir ekki lóðarspilda sú, er viðbygging að eigninni nr. 25 við Fálkagötu er reist á, enda fylgir sú lóð þeirri eign, og gerir kaupandi engar kröfur á hendur þrotabúinu fyrir hana". Þetta afsalsbréf samþykkti umboðsmaður aðalstefnanda fyrir hans hönd. Eftir orðalagi þessa afsals getur hér ekki verið um að ræða aðra

lóðarspildu en þá, sem hinn umdeildi skúr stendur á, því engin önnur viðbygging, sem hér gæti verið um að ræða, liggur að eigninni Fálkagötu 25. Í nefndu afsali er aftur á móti ekkert minnzt á skúrinn sjálfan, og í afsalinu fyrir Fálkagötu 25 er ekkert minnzt á skúrinn né lóðina undir honum, en upplýst er, að stefndu í sakaukamálinu höfðu afsalað á réttarskj. nr. 12 til athugunar, er þeir keyptu Fálkagötu 25, og auk þess hefur umboðsmaður þrotabús Þorleifs Jónssonar, er gekk frá afsalinu fyrir búið, lýst því yfir, að hann hafi sagt stefndum í sakaukamálinu, er þeir gerðu athugasemd um að skúrinn, sem um er deilt í máli þessu, væri ekki sérstaklega nefndur í afsalinu, að þess væri ekki þörf, með því að lóðin undir honum væri undanskilin í afsalinu fyrir Fálkagötu 23 A.

Þar sem upplýst er, að margnefndur skúr ásamt lóðinni undir honum fylgdi eigninni Fálkagötu 23 A fyrir 18. sept. 1936, lítur rétturinn svo á, að þurft hefði skýlausa yfirlýsingu til að skilja hann frá þeirri eign. Rétturinn lítur því svo á, að skúrinn sjálfur fylgi eigninni Fálkagötu 23 A og að aðalstefnandi hafi orðið eigandi þess hluta hans, er hann eigi átti áður, með afsalinu á réttarskj. nr. 12.

Um lóðina undir skúrnum er aftur það að segja, að enda þótt það virðist mjög óeðlilegt að aðskilja eignarréttinn að skúrnum annarsvegar og lóðinni undir honum hins vegar, og einkum má telja óeðlilegt, að aðalstefnandi hafi ætlað að afsala eignarréttinum yfir hans hluta lóðarinnar með afsalinu á réttarskj. nr. 12, þá þykir þó ekki fært að ganga fram hjá hinu skýlausa orðalagi afsalsins, sem umboðsmaður aðalstefnanda samþykkti, enda verður að líta svo á, að kaupendur Fálkagötu 25 hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að lóðarspildan fylgdi þeirri eign, er þeir sáu afsalið á réttarskj. nr. 12. Rétturinn lítur því svo á, að umrædd lóðarspilda verði að teljast eign stefndu í sakaukamálinu, enda þó skúrinn sjálfur teljist eign aðalstefnanda.

Frá því stefndu í sakaukamálinu eignuðust Fálkagötu 25, hafa þeir hirt leiguna fyrir búð þá, er Pöntunarfélagið hafði á leigu í þessari eign ásamt hinum tveim geymsluherbergjum, en annað þeirra er í hinum umþráttaða skúr, og er það krafa aðalstefnanda, að þeir verði dæmdir til að endurgreiða honum hæfilega leigu eftir skúrinn, ef aðalstefndi (Pöntunarfélagið) verði álitið hafa fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða alla leiguna til stefndu í sakaukamálinu. Undir rekstri málsins hefur farið fram mat á því, hvað vera muni hæfileg leiga eftir skúrinn á umræddu tímabili. Hafa matsmennirnir komizt að þeirri niðurstöðu, að hæfileg leiga megi teljast kr. 12.00 á mánuði. Þessu mati hefur umboðsmaður stefndu mótmælt sem allt of háu og hefur í mál-

flutningi sínum talið, að kr. 5.00 á mánuði myndi vera hæfileg leiga. Eigi hefur hann þó áfrýjað matsgerðinni til yfirmats, og með því að engir verulegir gallar virðast á henni vera, verður að leggja hana til grundvallar.

Með því að stefndu í sakaukamálinu hafa allan þennan tíma hirt leigu eftir eign, er þeir máttu ætla að væri eign aðalstefnanda, lítur rétturinn svo á, að þeim, in solidum, beri skylda til að endurgreiða aðalstefnanda leigu þessa, sem samkvæmt framansögðu þykir hæfilega ákveðin kr. 12.00 á mánuði, frá 29. sept. 1936, er þeir byrjuðu að taka á móti leigunni, til 26. okt. 1939, samtals kr. 442.80, ásamt 5% ársvöxtum (sbr. réttarskj. nr. 46) af þeirri upphæð, er rétt þykir að reikna frá birtingu sakaukastefnu 20. febr. 1940 til greiðsludags. Í málskostnað í sakaukamálinu þykir rétt að stefndu greiði stefnanda kr. 125.00.

Gagnsökin. Í gagnsökinni hafa gagnstefnendurnir, þeir Lárus Jóhannesson, hæstaréttarmálflutningsmaður, og Kristján Kristjánsson, fulltrúi lögmanns, gert þrjár kröfur, aðalkröfu, varakröfu og þrautavarakröfu, eins og að framan er lýst. Aðalkrafan og varakrafan verða ekki teknar til greina samkvæmt því sem áður er sagt um sakaukamálið. Þrautavarakrafan er á þá leið, að gagnstefndi (aðalstefnandi) verði dæmdur til að greiða þeim hæfilega leigu „eftir mati réttarins" fyrir lóðina undir skúrnum frá 29. sept. 1936, svo og að hann verði skyldaður til, að viðlögðum 50.00 kr. dagsektum, að flytja skúrinn burt af lóðinni.

Það liggur ekki fyrir neitt mat eða upplýsingar um það, hvað telja megi hæfilega leigu fyrir hina umræddu lóðarspildu, og heldur ekki, hvað hún muni vera mikils virði, nema gamalt fasteignamat á allri lóðinni Fálkagötu 23. Þá hafa ekki heldur komið fram neinar upplýsingar um það, hvort mögulegt sé að taka skúrinn burt af lóðinni án þess að hann verði eigandanum verðlaus með öllu. Ekki liggur heldur fyrir neitt loforð frá aðalstefnanda um að greiða leigu eftir lóðina né heldur um að flytja skúrinn af henni. Með því þannig að ekki þykja liggja fyrir nægar upplýsingar um þau atriði, er þrautavarakrafan verður að byggjast á, þykir rétt að vísa henni frá dómi ex officio. Þá þykir rétt eftir atvikum að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dómur þessi er uppkveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í bæjarþingsstofunni í hegningarhúsinu í Reykjavík mánudaginn 2. des. 1940, af Ragnari Bjarkan, stjórnarráðsfulltrúa, sem skipaður var setudómari í málinu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 13. nóv. 1940, eftir að hinn reglulegi dómari, lögmaðurinn í Reykjavík, hafði með úrskurði 10. okt. 1940 vikið sæti í málinu.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsök á aðalstefndi, Pöntunarfélagið á Grímsstaðaholti, að vera sýknað af kröfum aðalstefnanda, Vigfúsar Jónssonar, en málskostnaður að falla niður.

Í sakaukamálinu greiði stefndu, þeir Lárus Jóhannesson, hæstaréttarmálflutningsmaður, og Kristján Kristjánsson, fulltrúi lögmanns í Reykjavík, in solidum stefnanda, Vigfúsi Jónssyni, kr. 442.80 með 5% ársvöxtum frá 20. febr. 1940 til greiðsludags og kr. 125.00 í málskostnað.

Í gagnsök verða aðalkrafa og varakrafa gagnstefnenda, Lárusar Jóhannessonar hrm., og Kristjáns Kristjánssonar fulltrúa, ekki teknar til greina, en þrautavarakröfunni vísast frá dómi og málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. október 1941.

Kærumálið nr. 5/1941. **Pétur Bóasson f. h. eigenda jarðarinnar Hafnar, Siglufirði**

gegn

Indiönu Tynes

Dómkvaðning matsmanna.

Dómur hæstaréttar.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti hefur verið sent með bréfi bæjarfógetans á Siglufirði 18. f. m. og hingað komnu 25. s. m., hefur sóknaraðili krafizt þess, að úrskurður í málinu, kveðinn upp af Guðmundi Hannessyni, bæjarfógeta á Siglufirði, 4. f. m., verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir bæjarfógetann á Siglufirði að dómkveðja menn til að meta leigugjald um næstu 10 ár eftir norðurhluta lóðar þeirrar, sem Ole útgerðarmaður Tynes fékk á leigu úr landi jarðarinnar Hafnar með samningi 3. janúar 1913, ásamt sjávarréttindum þeim, sem lóðinni fylgja, en eigandi réttinda þessara er nú talin frú Indiana Tynes, Siglufirði. Ennfremur hefur sóknaraðili krafizt málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Varnaraðili,

sem í héraði mótmælti dómkvaðningu matsmanna, hefir hvorki sent hæstarétti greinargerð um málið né gert kröfur í því hér fyrir dómi.

Framkvæmd mats dómkvaddra manna um leigu eftir afnotaréttindi þau, sem í máli þessu greinir, skiptir sóknaraðilja máli í lögskiptum sínum við varnaraðilja, og matsdómaranum bar ekki fyrir fram í máli þessu úrlausn þess, hvort mat dómkvaddra manna á leigu eftir afnotaréttindin sé lögbindandi fyrir aðilja í máli þeirra á milli um leiguna. Synjun dómarans um að dómkveðja matsmenn var þannig ekki á rökum reist, og verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómarann að framkvæma dómkvaðninguna.

Eftir þessum úrslitum málsins verður að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja 70 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsúrskurðurinn er úr gildi felldur, og ber héraðsdómaranum að framkvæma ofangreinda dómkvaðningu matsmanna.

Varnaraðili, Indiana Tynes, greiði sóknaraðilja, Pétri Bóassyni f. h. eigenda jarðarinnar Hafnar, Siglufirði, 70 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar fimmtudaginn 4. september 1941.

Með grunnleigusamningi dags. 3. jan. 1913 leigja eigendur jarðarinnar Hafnar, Siglufirði, O. Tynes, Siglufirði, lóðarspildu með réttindum til sjávar, og telja þeir í stefnunni samning þenna endurnýjaðan 19. apríl 1918, en því neitar leigutaki, og er slík endurnýjun ósönnuð, eins og málið liggur fyrir. Hins vegar hefur leigutaki lagt fram leigusamning um lóðina og sjávarréttindi, dags. 5. jan. 1915, og sýnt frumrit hans í réttinum, og stendur í þessum samningi: „þessi samningur kemur í stað eldri samnings frá 3. jan. 1913". Deila aðilja um, hvaða leigusamningur sé í gildi, skiptir að vísu engu fyrir aðalkröfuna, að fá metna lóðarleiguna að nýju af útnefndum matsmönnum, nema að því leyti sem réttur leigutaka kynni að vera meira virði eftir leigusamningum frá 5. jan. 1915

en eftir eldri samningnum og útnefning matsmanna færi fram af réttinum.

Með hvorugum þessum leigusamningum er að ræða um útmælingu eftir lögum 75/1917, heldur um frjálsa samninga milli aðilja, frjálsa leigusamninga, sem ekki að lögum er takmarkað samningafrelsi til. Verður því að telja óheimilt leigusala, sem með sjálfum leigusamningnum hefur gengið inn á, að „leiguréttur inn" væri „óuppsegjanlegur af hálfu landsdrottna", að koma nú, eftir að leigutaki hefur lagt ógrynni fjár í mannvirki á lóðinni, dýpkað sjóinn framundan og fyllt upp og skapað og aukið hið leigða land að miklu og skapað bætta aðstöðu til þess að nota það og með því að mestu lagt grundvöll að nýju og auknu verðmæti leiguréttarins og heimta hærri leigu eftir lóðarréttindin eftir mati matsmanna. Væri því sérlega óeðlilegt og ósanngjarnt að láta leigutaka gjalda hinnar bættu aðstöðu, er hann hefur skapað með því að auka þannig verðmæti leiguréttarins, og láta hann gjalda hærri leigu fyrir. Leigusalar eiga því enga kröfu til hærri leigu eða til þess að fá útnefnda matsmenn til þess að meta slíka leigu, og ber því að synja þeim um útnefningu matsmanna til þess að meta leigu eftir lóð þessa og leiguréttindi.

Fyrir því úrskurðast:

Eigendum jarðarinnar Hafnar ber eigi réttur til þess að fá útnefnda (2) menn samkvæmt lögum 75/1917 til þess að meta árlegt eftirgjald um næstu 10 ár eftir umrædda lóð, og synjar rétturinn þeim því um útnefningu matsmanna til umbeðins mats.

Mánudaginn 6. október 1941.

Nr. 27/1941. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Guðmundi Holberg Þórðarsyni
(Garðar Þorsteinsson).

Brot á húsaleigulögum.

Dómur hæstaréttar.

Verknaður sá. sem í 1. 3. 4. og 5. tölulið I. kafla hins áfrýjaða dóms getur, varðar við 1. gr. laga nr. 91 frá 1940, og verknaður sá, sem getið er í 2. tölulið sama kafla, varðar við 7. gr. laga nr. 10 frá 1939. Telja verður sannað, að kærði

hafði sagt upp leigusamningum þeirra Guðmundar Lofts Jónssonar og Sigurjóns Sigurðssonar, er í 1. og 4. tölulið II. kafla héraðsdómsins getur, vegna þess, að hann fékk ekki framgengt kröfu sinni um hærri húsaleigu en hann átti heimtingu á. Varðar sá verknaður við 1. gr. laga nr. 91/1940.

Með hliðsjón af góðum efnahag kærða, sbr. 51. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 800.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 300,00 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðmundur Holberg Þórðarson, greiði 800.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Garðars Þorsteinssonar, 300.00 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. febr. 1941.

Ár 1941, þriðjudaginn 4. febrúar, var í lögregluréttí Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 253/1941: Valdstjórnin gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni, er tekið var til dóms 22. janúar sama ár.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Guðmundi Holberg Þórðarsyni, stórkaupmanni, til heimilis á Grundarstíg 11 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 91 frá 14. maí 1940 um húsaleigu.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur svo kunnugt sé sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1932 $^{10}/_{4}$ Kærður af Guðbirni Guðmundssyni, prentsmiðjustjóra, fyrir meint sviksamlegt atferli. Rannsókn leiddi ekki saknæmi í ljós, og málið féll niður.

1932 $^{29}/_{11}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 53/1911.

1932 $^{13}/_{5}$ Kærður af Sturlaugi Jónssyni & Co. fyrir ávísanasvik. Kærður innleysti ávísanirnar með kr. 200.00, og kæran var afturkölluð.

1934 $^{9}/_{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1940 $^{6}/_{9}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18/1901.

Með bréfum dagsettum 18. september og 17. október s. l. hefur húsaleigunefndin hér í bænum kært kærðan fyrir brot gegn tveimur ákvæðum húsaleigulaganna.

Í *fyrsta* lagi fyrir að hafa án mats nefndarinnar hækkað leigu fyrir húsnæði nokkurra nafngreindra leigutaka sinna frá því sem áður var samið og goldið.

Í *öðru* lagi fyrir að hafa á ólögmætan hátt sagt upp leigusamningum nokkurra nafngreindra leigutaka sinna og þannig gert tilraunir til að hrekja þá úr íbúðum þeirra.

Skulu nú kæruatriði þessi athuguð hvort um sig.

I.

Hér koma til athugunar viðskipti kærðs við þessa leigutaka:

1. Halldór Guðmund Sölvason,
2. Guðmund Loft Jónsson,
3. Jón Gauta Jónatansson,
4. Ólaf Magnússon og
5. Gunnar Sigurgeirsson.

1. Með samningi, undirrituðum 22. september 1939, leigði kærður Halldóri Guðmundi Sölvasyni íbúð, tvö herbergi og eldhús, í húsinu Karlagötu 6 hér í bænum fyrir kr. 120.00 á mánuði eða eftir mati húsaleigunefndar. Hafði nefndin þá ekki metið íbúðina. Þann 6. apríl 1940 mat nefndin hámarksleigu eftir íbúð þessa kr. 100.00 á mánuði fyrst um sinn og tilkynnti það kærðum og leigutaka, og hefur ekki svo kunnugt sé farið fram endurmat íbúðarinnar. Fyrir apríl og maí greiddi leigutaki kr. 120.00 mánaðarleigu og fyrir mánuðina júní—september incl. sömuleiðis, en kærður hefur haldið því fram, að leigutaki hafi á ólögmætan hátt tekið kvittanir fyrir húsaleiguna eftir þá mánuði og raunveruleg greiðsla þeirrar leigu hafi ekki farið fram, heldur hafi hann

skilið eftir kr. 480.00, sem kærður síðan geymi. Um hvernig þessu er farið, þarf ekki að fjölyrða, því að ágreiningur kærðs og leigutaka var ekki um leiguupphæðina. Kvittanir fyrir húsaleigunni nefnda mánuði, er leigutaki hafði í höndum og undirritaðir eru af kærðum, eru allar með upphæðinni kr. 120.00. Á þær allar nema eina er ritað a. c., eða a conto, og telur kærður það merkja, að greiðslur leigutaka skyldu skoðast sem greiðslur inn á reikning hans, og ef um umframgreiðslur væri að ræða, kæmi það honum til góða við endanlegt uppgjör. Eftir mat nefndarinnar færðist leigutaki undan að greiða meiri mánaðarleigu en matið tilskyldi, en eigi varð það, heldur greiddi hann samningsupphæðina, og kveðst hann hafa gert það til að losna við óþægindi og til að missa ekki íbúðina.

Með þessu atferli sínu, að áskilja sér og taka hærri leigu fyrir íbúðina en nefndin hafði metið, þykir kærður hafa brotið 4. gr. húsaleigulaganna.

2. Með samningi dagsettum 10. maí 1940 leigði kærður Guðmundi Lofti Jónssyni íbúð, eitt herbergi og eldhús, á þriðju hæð húss síns, Grundarstíg 11 hér í bæ, frá 14. sama mánaðar, og var mánaðarleiga ákveðin kr. 65.00. Áður hafði sama íbúð verið leigð fyrir kr. 45.00 á mánuði af þáverandi eiganda hússins. Leigutaki átti kost á að fá íbúð þessa viðgerða fyrir kr. 65.00 á mánuði eða óviðgerða fyrir kr. 45.00 á mánuði að sögn kærðs, en kr. 55.00 á mánuði að sögu leigutaka, og kaus hann hana viðgerða með kr. 65.00 mánaðarleigu. Ákvörðun leiguupphæðarinnar var ekki gerð í samráði við húsaleigunefnd, og ekki hafði mat íbúðarinnar farið fram. Þann 31. júlí s. l. ákvað nefndin að leiga íbúðarinnar skyldi frá 14. maí vera kr. 45.00 á mánuði, eins og áður hafði verið. Með þeirri hækkun leigunnar, er að framan er nefnd, án mats nefndarinnar hefur kærður brotið 1. gr. húsaleigulaganna.

3. Með samningi dagsettum 18. maí s. l. leigði kærður Jóni Gauta Jónatanssyni, verkfræðingi, íbúð, þrjú herbergi og eldhús, í húsi sínu, Barónsstíg 43 hér í bænum. Var mánaðarleigan ákveðin kr. 140.00 og svo um talað, að íbúðin yrði lagfærð nokkuð. Síðar fór leigutaki fram á, að öll íbúðin yrði máluð, og taldi sig í því efni byggja á því, er um hafði verið talað við samningsgerðina. Skýrir nú leigutaki svo frá, að kærður hafi ekki viljað gera íbúðinni það til góða, er fram á var farið, nema að hækkuð yrði leigan upp í kr. 160.00 á mánuði. Að því vildi hann ekki ganga, en féllst á hækkun hennar upp í kr. 150.00 á mánuði gegn umbeðinni viðgerð. Kveðst hann svo síðan hafa greitt í leigu kr. 150.00 á mánuði þar til húsaleigunefnd 17. okt. s. l. sagði honum að halda sér við samningsleiguupphæðina.

Kærður heldur því hins vegar fram, að svo hafi verið um samið, að viðgerðarkostnaði íbúðarinnar yrði haldið sérstökum og vitnið

ætti framvegis að greiða kr. 10.00 á mánuði upp í hann, en greiðsla þessi hafi ekki verið ákveðin sem hækkun leigunnar.

Á húsaleigukvittunum leigutaka fyrir mánuðina maí—september incl., undirrituðum af kærðum, er öll upphæðin, kr. 150.00, talin húsaleiga, og af þessari ástæðu og hinum eindregna framburði leigutaka telst sannað, að um leiguhækkun hafi verið að ræða, en ekki það fyrirkomulag, er kærður hefur frá skýrt.

Með því þannig að hækka leiguna án mats húsaleigunefndar, hefur kærður brotið 1. gr. húsaleigulaganna.

4. Með samningi dagsettum 31. júlí s. l. leigði kærður Ólafi Magnússyni, verzlunarmanni, íbúð, þrjú herbergi og eldhús, í húsinu Barónsstíg 43, og var umsamin mánaðarleiga kr. 130.00. Þegar samið var um leiguna, kveðst leigutaki hafa farið fram á, að gert yrði við íbúðina, og hafi kærður tekið því vel að gera við hið nauðsynlegasta. Í ágústlok var ekki farið að gera við íbúðina, og herti leigutaki þá á því, að þetta yrði gert og kveður hann kærðan þá ekki hafa talið sér fært að gera þetta, nema leigan hækkaði um kr. 10.00 á mánuði. Gekk leigutaki að því og hefur frá 1. september s. l. greitt kr. 140.00 í mánaðarleigu.

Kærður hefur haldið því fram, að sams konar samningur hafi verið milli sín og leigutaka um viðgerðarkostnaðinn og áður er nefndur í sambandi við Jón Gauta. Hafi því hér verið um greiðslu sérstaks viðgerðarkostnaðar að ræða með kr. 10.00 á mánuði, en ekki leiguhækkun.

Á húsaleigukvittunum leigutaka fyrir mánuðina september og október, undirrituðum af kærðum, er öll greiðslan, kr. 140.00, talin húsaleiga, en ekki minnzt á viðgerðarkostnaðinn. Hins vegar er getið um kostnað á nóvemberkvittuninni.

Um þetta kæruatriði er sama að segja og atriði merkt 3, að kærður telst hér hafa brotið 1. gr. húsaleigulaganna.

5. Með samningi dagsettum 12. september 1938 leigði kærður Gunnari Sigurgeirssyni, kennara, íbúð, þrjú herbergi og eldhús, í húsinu Barónsstíg 43, og var umsamin leiga kr. 140.00 á mánuði.

Í ágúst s. l. hækkuðu mánaðargreiðslur leigutaka um kr. 10.00 á mánuði, og stafaði það af sömu orsökum og nefnd hafa verið undir 3. og 4., og eru skýrslur leigutaka og kærðs um þetta sama efnis og nefnt er undir þessum atriðum. Kvittanir fyrir ágúst—nóvember eru um kr. 150.00 húsaleigu, og er þar ekki nefndur viðgerðarkostnaður, og einnig hefur kærður ritað þ. 4. júlí s. l. yfirlýsingu, er fram hefur verið lögð, þar sem hann samþykkir viðgerð gegn því að leigutaki greiði kr. 150.00 á mánuði í „leigu" frá 1. ágúst. Verður því niðurstaðan um þetta atriði sú sama og um atriðin hér að framan, að kærður hafi með hækkun leigunnar án mats húsaleigunefndar brotið 1. gr. húsaleigulaganna.

II.

Hér koma til athugunar viðskipti kærðs við þessa leigutaka:
1. Guðmund Loft Jónsson,
2. Steingrím Welding,
3. Óskar Valdimarsson,
4. Sigurjón Sigurðsson,
5. Einar Jónsson og
6. Óskar Benjamínsson.

1. Með bréfi dagsettu 1. ágúst s. l. sagði kærður Guðmundi Lofti Jónssyni upp íbúðinni á Grundarstíg 11 frá 1. október s. l. að telja. Hefur kærður haldið því fram, að leigutaki hafi staðið í vanskilum með leigugreiðslur og neitað að taka þátt í kyndingarkostnaði hússins, og hafi sér því verið heimilt að segja honum upp húsnæðinu. Eins og áður er getið, hækkaði kærður að ólögum leigu eftir íbúð þessa þ. 14. maí s. l. úr kr. 45.00 á mánuði í kr. 65.00 á mánuði, enda ákvað húsaleigunefnd 31. júlí s. l., að leigan skyldi vera kr. 45.00 á mánuði frá 14. maí s. l. Átti kærður því að lögum aldrei kröfu til meiri leigu en kr. 45.00 á mánuði eftir íbúðina. Í upphafi leigutímans greiddi leigutaki kr. 130.00, þ. e. a. s. leigu fyrir hálfan maí, allan júní og júlí og kr. 17.50 af ágústleigu, og var því ekki um vanskil að ræða frá hans hendi 1. ágúst. Var því uppsögnin óheimil af þessari ástæðu.

Í leigusamningnum var ákveðið, að leigutaki skyldi greiða hitakostnað eftir samkomulagi við leigusala. Heldur kærður því fram, að þegar væntanleg kynding hafi verið rædd við leigutaka fyrir 1. ágúst, hafi hann neitað að taka þátt í kyndingarkostnaðinum í ágúst og september og hafi hann jafnframt sagzt ætla að kynda með rafmagnsofni í vetur. Leigutaki heldur því hins vegar fram, að á kyndinguna hafi ekki verið minnzt við sig, fyrr en hann fékk uppsagnarbréf fyrir húsnæðinu, dagsett 5. september. Þetta viðtal um kyndinguna segir kærður hafi farið fram á skrifstofu sinni milli sín og leigutaka vitnalaust, áður en hann sendi síðara uppsagnaðarbréfið, en leigutaki neitar að hafa nokkru sinni talað við kærðan frá 1. ágúst og þar til hann fékk síðara uppsagnarbréfið.

Af þeim ástæðum, sem greindar hafa verið, er ljóst, að fyrra uppsagnarbréfið hefur ekki haft við gild rök að styðjast, og hefur kærður með því brotið 2. gr. húsaleigulaganna. Hins vegar þykir ekki nægilega sannað, að kærður hafi með síðara uppsagnarbréfinu gerzt sekur við ákvæði húsaleigulaganna.

2. Með skiptum sínum við leigutakann Steingrím Welding telst kærður ekki hafa unnið til refsingar.

3. Bæði af hálfu kærðs og leigutakans Óskars Valdimarssonar er því haldið fram, að kærður hafi ekki sagt leigutakanum upp

húsnæðinu né reynt að hrekja hann úr því. Hefur kærður því ekki gerzt sekur um refsivert athæfi í sambandi við þenna lið.

4. Hinn 14. maí s. l. tók Sigurjón Sigurðsson, verzlunarmaður, íbúð á leigu í húsi kærðs, Vífilsgötu 6, fyrir kr. 120.00 mánaðarleigu, og skyldi leigan greiðast mánaðarlega fyrir fram. Í ágúst, ca. hinn 14., ákvað húsaleigunefnd, að leiga eftir íbúð þessa skyldi vera 100 kr. á mánuði frá 14. maí að telja. Hinn 7. september s. l. sagði kærður leigutaka upp húsnæðinu sökum vanskila. Þá stóðu svo sakir, að leigutaki hafði alls greitt kr. 390.00 í leigu. Var það fullnaðargreiðsla fyrir maí—ágúst incl. og auk þess kr. 40.00 af septemberleigu. Voru því fallnar í gjalddaga, en ógreiddar, kr. 60.00 af septemberleigunni. Það virðist hafa verið venja, að kærður vitjaði leigunnar heim til leigutaka. Í byrjun september kom skrifstofumaður kærðs heim til leigutaka og krafði hann um kr. 150.00 í ógreidda leigu, en það var ógreitt samkvæmt leiguupphæð leigusamningsins. Leigutaki neitaði að greiða þetta, en sagði manninum að koma með réttan reikning, þá skyldi hann þegar greiða hann. Það næsta er kærðum og leigutaka fór á milli var uppsagnarbréf kærðs. Hér virðist ekki hafa verið um uppsagnarsök að ræða af leigutaka hálfu, og hefur kærður því með uppsögn sinni brotið 2. gr. húsaleigulaganna. Kærður hefur í upphafi rannsóknarinnar haldið því fram, að aðallega hafi hann sagt þessum leigutaka upp húsnæðinu sökum þess að hann hafi neitað að taka þátt í kyndingarkostnaði hússins. Leigutaki neitaði að hafa neitað að taka þátt í kyndingarkostnaðinum, og við samprófun kærðs og leigutaka lýsti kærður yfir því, að skoðun sín á þessu atriði væri á misskilningi byggð, og gat þessi uppsagnarástæða, er kærður færði fram, því ekki staðizt.

5. Sökum vanskila leigutakans Einars Jónssonar á greiðslu húsaleigu var kærðum heimilt að segja honum upp húsnæðinu, og er því eigi um refsingu að ræða í þessu sambandi.

6. Eftir því sem fram hefur komið, þykja skipti kærðs við leigutakann Óskar Benjamínsson ekki vera þannig vaxin, að refsa beri kærðum fyrir þau.

Eftir þeim málavöxtum, er nú hafa verið raktir, þykir refsing kærðs samkvæmt 9. gr. húsaleigulaganna hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Garðars Þorsteinssonar, kr. 150.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Guðmundur Holberg Þórðarson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Garðars Þorsteinssonar, kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. október 1941.

Nr. 44/1941. **Þórhildur L. Ólafsdóttir** (Eggert Claessen)
gegn
Einari B. Guðmundssyni f. h. erfingja Kristjönu Pétursdóttur
(Einar B. Guðmundsson).

Um aðfararhæfi skuldabréfs með veði í fasteign.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson fulltrúi lögmanns hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. júní þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að synjað verði kröfu stefnda um fjárnám það, er í úrskurðinum segir. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það verður ekki talið, að varnaraðiljar hafi glatað rétti sínum til þess að krefja alla innistæðu skuldabréfs þess, sem í máli þessu greinir, vegna vanskila á afborgun 1938, þótt handveðshafi tæki við greiðslu síðar athugasemdalaust, enda verður eigi heldur talið, að varnaraðiljar hafi firrt sig neinum rétti vegna framkomu sinnar eða umboðsmanns síns um heimtu skuldarinnar. Með þessum athugasemdum þykir rétt að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum málalokum þykir verða að dæma áfrýjanda til að greiða varnaraðiljum 400 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórhildur L. Ólafsdóttir, greiði stefnda, Einari B. Guðmundssyni f. h. erfingja Kristjönu Pétursdóttur, 400 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 30. maí 1941.

Í máli því, er hér er til úrskurðar í fógetaréttinum, hefur gerðarbeiðandi, Einar B. Guðmundsson hrm., krafizt þess, að fram fari fjárnám í húseigninni nr. 34 við Tjarnargötu, eigandi Þórhildur L. Ólafsdóttir, til tryggingar skuld samkvæmt veðskuldabréfi útgefnu af henni þann 4. maí 1935 til handa frú Kristjönu Pétursdóttur, þá til heimilis á Hringbraut 150 hér í bænum, tryggðu með 2. veðrétti í nefndri eign, nú að eftirstöðvum kr. 11275.48 auk 6% ársvaxta frá 14. maí 1940 til greiðsludags, kr. 538.25 í innheimtulaun, svo og til tryggingar fjárnámi og uppboðskostnaði, ef til kemur.

Gerðarþoli hefur neitað framgangi þessarar gerðar og krafizt málskostnaðar, og lögðu aðiljar því atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hið framlagða veðskuldabréf, sem upphaflega var að upphæð kr. 15464.17, átti samkvæmt ákvæðum þess að greiðast á 10 árum, eða kr. 1546.42 þann 14. maí ár hvert, í fyrsta sinn 14. maí 1936, og skyldu vextir greiðast á sama tíma árlega eftirá. Í veðskuldabréfinu er og ákvæði um það, að skuldarupphæð og vextir skulu miðast við þáverandi gengi ísl. krónu gagnvart sterlingspundi, 22.15, og átti því skuldarupphæðin að hækka og lækka við gengislækkun eða gengishækkun ísl. krónunnar í sambandi við sterlingspund.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram, að samkvæmt áritunum á veðskuldabréfið sjáist, að vanskil hafi verið veruleg með greiðslu afborgana og vaxta, og að um síðastliðin áramót, er hann hafi fengið veðskuldabréfið til innheimtu, hafi ein afborgun verið ógreidd, og verði því ekki annað talið en að bréfið hafi verið í fullkomnum vanskilum. Kvaðst gerðarbeiðandi þvínæst í janúarmánuði þ. á. hafa átt tal við eiginmann gerðarþola og tjáð honum, að hann hefði fengið umrætt veðskuldabréf til innheimtu, og litið

væri þannig á, að allt bréfið væri vegna vanskila og óreglulegrar greiðslu fallið í gjalddaga, og væri því krafizt greiðslu á öllum eftirstöðvunum. Kveðst hann jafnframt hafa getið þess við eiginmann gerðarþola, að sennilega fengist samkomulag í þessu efni, ef skuldabréfinu yrði breytt þannig, að það yrði losað úr tengslum við sterlingspund og framvegis reiknað í íslenzkum krónum, án tillits til gengisbreytinga.

Eftir að eiginmaður gerðarþola hafði fengið frest til að athuga málið, kveður gerðarbeiðandi, að hann hafi komið til sín aftur þann 25. jan. þ. á. og hafi þá með þeim orðið það samkomulag, sem ritað er á veðskuldabréfið og undirritað þann dag af eiginmanni gerðarþola fyrir hennar hönd. Samkomulag þetta er í því fólgið, að ákveða skuldarupphæðina í ísl. krónum, án tillits til gengisbreytinga. Hafi hann í framhaldi af þessu samkomulagi tekið við hinni vangreiddu afborgun, en jafnframt afhent eiginmanni gerðarþola umboð, er hún skyldi undirrita og þar með samþykkja þá ráðstöfun, sem gerð hefði verið, og kveður hann, að samþykki gerðarþola á þessari ráðstöfun hafi verið veruleg forsenda af sinni hálfu fyrir því að falla frá frekari kröfum á hendur gerðarþola, en með því að samþykki hennar hafi brugðizt, telur gerðarbeiðandi, að hann sé laus við sín loforð, og sé því tvímælalaus heimild til að ganga að eigninni.

Gerðarþoli hefur bent á það, að samkvæmt hinu framlagða veðskuldabréfi hafi verið greidd afborgun fyrir árið 1936 þann 14. maí það ár og þann 23. sept. 1937 fyrir árið 1937. Afborgun fyrir árið 1938 hafi fallið niður, en vextir greiddir, og skuldin talin vera pr. 4. apríl 1939 að eftirstöðvum kr. 15080.17, og síðan hafi farið fram tvær afborganir af bréfinu og bæði skiptin kvittað á bréfið og eftirstöðvar tilgreindar án nokkurs fyrirvara, og telur hann því, að þessi vanskil verði ekki borin fyrir sig nú. En þótt svo væri, að skuldareigandi hafi átt rétt á að fá afborgunina, sem ekki var greidd 1938, þá hafi hann fengið hana þann 25. jan. 1941 gegn fyrirvaralausri kvittun, og sé því ekki um nein vanskil að ræða nú.

Það er sannað í máli þessu, að gerðarþoli hefur ekki greitt afborganir og vexti af hinu framlagða veðskuldabréfi samkvæmt ákvæðum þess að undantekinni 1. afborguninni, og eins og skuldabréfið ber með sér, hefur orðið allverulegur greiðsludráttur. Um síðastliðin áramót, er veðskuldabréf þetta var afhent gerðarbeiðanda til innheimtu, var ógreidd með öllu ein afborgun af bréfinu. Það verður ekki séð af því, sem fyrir liggur, að gerðarþoli hafi fengið frest á greiðslunni, og verður því að telja, að gerðarbeiðanda hafi verið þá rétt að innheimta alla skuldina vegna vanskilanna samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins.

Hins vegar verður að líta svo á, að samkvæmt áritun á umrætt

veðskuldabréf hafi gerðarbeiðandi ekki ætlað að notfæra sér vanskilin og krefjast allrar skuldarinnar þegar í stað, ef greiðsla hinnar vangreiddu afborgunar færi fram og yfirlýsing gerðarþola um fastákveðna upphæð skuldarinnar í ísl. krónum, án tillits til gengisbreytinga, lægi fyrir, og verður að telja, að greiðanda afborgunarinnar hafi átt að vera það ljóst, að yfirlýsingin væri veruleg forsenda af hálfu gerðarbeiðanda fyrir samkomulaginu. Þar sem gerðarþoli hefur ekki viljað samþykkja yfirlýsingu þá, er maður hennar hafði undirritað fyrir hennar hönd á veðskuldabréfið, verður að telja, að forsendan fyrir samkomulaginu sé brostin, og verður því að líta þannig á, að skuldin sé öll gjaldkræf og leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Uppkvaðning þessa úrskurðar hefur dregizt vegna mikilla anna undanfarandi vikna við útburði svo og veikindi fógeta.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fjárnámsgerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Mánudaginn 13. október 1941.

Nr. 17/1941. **Trolle & Rothe f. h. vátryggingarfélagsins Baltica** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Guðmundi Ögmundssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Um endurgreiðslurétt vátryggingarfélags á hendur bifreiðarstjóra.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 20. jan. þ. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. febrúar s. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 4348.05 með 5% ársvöxtum frá 22. febrúar 1939 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hafði tekizt á hendur ábyrgðartryggingu fyrir

eiganda bifreiðarinnar R 1094 og greiddi bætur konu þeirri, er varð fyrir slysi því, er í máli þessu getur, og fékk sér um leið framseldan rétt konunnar samkvæmt dómi á hendur eiganda bifreiðarinnar. Í því máli sleppti hún bótakröfu á hendur stefnda. Telur hann sig þar með leystan undan skyldu til endurgreiðslu bótafjár til áfrýjanda. En á þessa varnarástæðu verður ekki fallizt, og ber því að athuga, hvort stefndi hafi gerzt bótaskyldur fyrir áðurnefnt slys.

Samkvæmt upplýsingum í málinu ók stefndi á beinum vegi í góðri birtu vel fyrir kallaður að öllu leyti bifreiðinni út af, og er engin skýring á því fengin. Með því að telja má fyrir það girt, að brátt sjúkdómsatvik hafi valdið truflun á eftirtekt stefnda eða stjórn hans á bifreiðinni, virðist mega gera ráð fyrir því, að hugur stefnda hafi af ástæðum, sem hann verður að bera ábyrgð á, í svip með öllu beinzt frá akstrinum. En þar með verður að telja slysið hafa gerzt af slíku gáleysi, sem varði hann endurgreiðsluskyldu á fé því, er áfrýjandi greiddi áðurnefndri konu. Verður því að dæma hann til greiðslu upphæðar þeirrar, sem í máli þessu greinir og eigi hefur verið mótmælt út af fyrir sig.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðmundur Ögmundsson, greiði áfrýjanda, Trolle & Rothe f. h. vátryggingarfélagsins Baltica, kr. 4348.05 með 5% ársvöxtum frá 22. febrúar 1939 til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. okt. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 19. febrúar s. l. af Vátryggingarfélaginu Baltica gegn Guðmundi Ögmundssyni, bifreiðarstjóra hér í bænum, til greiðslu kr. 4348.05 með 5% ársvöxtum frá 22. febrúar 1939 til greiðsludags og málskostnaðar eftir framlögðum reikningi.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar.

Þau eru atvik máls þessa, að í júlí 1936 fóru þeir Björgvin

Jónsson, trésmíðameistari, og stefndur í máli þessu ásamt fleira fólki norður í land í bifreiðinni R. 1094, eign nefnds Björgvins, en vátryggðri hjá stefnanda. Stýrðu þeir Björgvin og stefndur bifreiðinni til skiptis. Er komið var í Öxnadal á móts við Gloppu, var stefndur við stýrið, en þar valt bifreiðin út af veginum. Við veltuna slasaðist kona nokkur, er með var, allmikið. Með stefnu til bæjarþings útgefinni 5. febrúar 1937 höfðaði konan skaðabótamál gegn Björgvin og báðum aðiljum máls þessa. Lauk því máli á þá leið með dómi bæjarþingsins uppkveðnum 22. marz 1937, að því var vísað frá dómi að því er snertir tryggingarfélagið, en þeir Björgvin og Guðmundur voru sýknaðir. Var dómi þessum áfrýjað, en við áfrýjunina aðeins gerðar kröfur á hendur Björgvin. Taldi hæstiréttur, gagnstætt bæjarþinginu, að telja yrði, að hin slasaða kona hefði verið farþegi gegn borgun í bifreiðinni, er slysið varð, og þar sem ekki væri upplýst, að það hefði hlotið að verða „þrátt fyrir aðgæzlu þá og varkárni, sem ökumanni var skylt að gæta" þá taldi rétturinn Björgvin bera að bæta tjón hennar. Dæmdi hann Björgvin til að greiða konunni kr. 3035.20 ásamt vöxtum og málskostnaði. Greiddi vátryggingarfélagið konunni þessar fjárhæðir, en þær námu ásamt launum málafærslumanns þess stefnukröfunni í máli þessu. Byggir stefnandi kröfur sínar gagnvart stefndum á því tvennu: a) að bifreið Björgvins hafi ekki verið tryggð sem leigubifreið fyrir almenning gegn borgun, og því hafi honum verið óheimil sú notkun hennar, er hæstaréttardómurinn geri ráð fyrir, að hún hafi verið, er slysið varð, enda beint bönnuð í tryggingarskilmálunum. Stefndur hafi verið samsekur Björgvin um þessa óheimilu notkun og því ásamt honum ábyrgur á afleiðingum hennar og að stefndur hafi valdið slysinu með gálauslegum akstri, og sé því samkvæmt almennum skaðabótareglum skyldur til greiðslu hinna umstefndu fjárhæða, enda kveðst stefnandi hafa fengið sér framselda kröfu hinnar slösuðu konu samkvæmt hæstaréttardómnum, er hann greiddi henni skaðabæturnar, eftir að árangurslaust hafði reynzt að innheimta þær hjá Björgvin.

Rétturinn getur ekki fallizt á þá skoðun stefnanda, að stefndur hafi orðið skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda fyrir þá sök, að hann ók bifreiðinni í umrætt skipti, þar sem hann virðist hafa gert það eftir ósk Björgvins sjálfs, er var í bifreiðinni, enda ekki upplýst, að stefndur hafi um það vitað, að farþegaakstur fyrir borgun var óheimill samkv. tryggingarskilmálunum.

Af lögregluprófum út af slysinu, sbr. og báða fyrrgreinda dóma, verður það ekki séð, að slysið hafi viljað til fyrir ásetning stefnds eða vítavert gáleysi, og þykir því verða að sýkna hann af kröfum stefnanda, enda eru þær ekki byggðar á öðru en fram hefur verið tekið, en málskostnaður þykir eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:
Stefndur, Guðmundur Ögmundsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vátryggingarfélagsins Baltica.
Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 15. október 1941.

Nr. 105/1940. **Bátaábyrgðarfélag Eskifjarðar og Reyðarfjarðar** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Sigurði Jóhannssyni og gagnsök (Einar B. Guðmundsson).

Félagsmaður krefur gagnkvæmt vátryggingarfélag um hluta af sjóði þess, eftir úrgöngu úr félaginu.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Lúðvík Ingvarsson settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu.

Aðaláfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 9. nóvember 1940 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20 s. m. og krafizt algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 9. des. 1940 skotið málinu af sinni hálfu til hæstaréttar með stefnu 4. jan. þ. á. Krefst hann aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1278.08, en til vara kr. 716.79. Svo krefst hann og 5% ársvaxta af þeirri fjárhæð, er dæmd yrði, frá 1. janúar 1938 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi fékk greidda $^{9}/_{10}$ hluta séreignarsjóðs síns í bátaábyrgðarfélaginu þann 10. marz 1927, og eftir þann tíma var hann ekki félagsmaður þess. Samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins, er gagnáfrýjandi hafði gengizt undir, verður ekki talið, að hann hafi átt frekara tilkall til fjár á

hendur félaginu, hvorki við úrgöngu né síðar. Ber því að taka sýknukröfu aðaláfrýjanda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Héraðsdómarinn, sem ákvað skriflegan málflutning, hefur leyft málflytjendum að leggja fram þrjú skrifleg sóknarskjöl og varnar hvorum, andstætt fyrirmælum 110. gr. laga nr. 85 frá 1936. Verður að átelja málsmeðferðina að þessu leyti.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Bátaábyrgðarfélag Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sigurðar Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur aukaréttar Suður-Múlasýslu 10. maí 1940.

Mál þetta er að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan höfðað fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu með stefnu útgefinni 3. febrúar s. l. af Eiríki Bjarnasyni f. h. Sigurðar Jóhannssonar hér á Eskifirði gegn Bátaábyrgðarfélagi Eskifjarðar og Reyðarfjarðar til greiðslu á kr. 1880.00, sem stefnandi telur vera eign Sigurðar af sjóði félagsins, er tekinn hafi verið til skipta á árinu 1938. Einnig krefst stefnandi 5% ársvaxta af hinni umkröfðu upphæð frá 1. jan. 1938 til greiðsludags auk málskostnaðar eftir mati réttarins.

Verjandi hefur aðallega krafizt sýknunar af kröfu sækjanda, en til vara, að sækjanda verði ekki tildæmd hærri upphæð en kr. 242.96.

Tildrög málsins eru þessi. Árið 1919 stofnuðu vélbátaeigendur við Eskifjörð og Reyðarfjörð með sér félag, er nefnt var Bátaábyrgðarfélag Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Samkvæmt félagslögunum skyldi hlutverk félagsins vera að taka að sér vátryggingu á bátum félagsmanna. Tryggingartakar greiddu í iðgjöld til félagsins 4% af vátryggingarverði bátanna, en auk þess ábyrgðust félagsmenn tjón þau, er yrðu á bátum, sem voru í ábyrgð félagsins, hlutfallslega við það, sem hver átti í ábyrgð þess.

Sjóðir félagsins voru tveir: Fastasjóður og séreignarsjóður. Í séreignarsjóð skyldu renna $\frac{1}{10}$ hluti iðgjalda hvers tryggingartaka, en aðrar tekjur skyldu renna í fastasjóð. Hver tryggingartaki átti sinn reikning í séreignarsjóði, og á þann reikning var

samkvæmt framansögðu færður 1/10 hluti iðgjalda hans. Úr fastasjóði skyldi greiða öll útgjöld félagsins, þar á meðal bætur fyrir tjón þau á bátum félagsmanna, er félagið ábyrgðist. Ef fastasjóður hrykki ekki til greiðslu tjónbóta, skyldi því, sem ógreitt væri, að honum eyddum, jafnað niður á félagsmenn að réttri tiltölu við það, sem þeir ættu í ábyrgð félagsins. Upphæð sú, er þá kæmi í hvers hlut, skyldi tekin af séreignarsjóðsinnstæðu viðkomanda, en ef hún ekki hrykki, skyldi hann greiða afganginn úr eigin vasa.

Ef maður gengi úr félaginu, skyldi hann eiga kost á að fá greidda 9/10 hluta af séreignarsjóðsinnstæðu sinni. Hins vegar var ekki ráð fyrir því gert, að sá, sem færi úr félaginu, ætti nokkra kröfu á greiðslu úr fastasjóði félagsins.

Sigurður Jóhannsson, sem kröfuna á, er stefnt er út af í þessu máli, var félagsmaður frá stofnun félagsins til ársbyrjunar 1927. Það ár hætti hann útgerð og fékk greiddan út 9/10 hluta af séreignarsjóðsinnstæðu sinni hinn 10. marz þess árs.

Eftir þann tíma skipti hann sér ekki af starfsemi félagsins, enda er það viðurkennt af sækjanda þessa máls, að eftir lögum félagsins hafi hann þá verið genginn úr því. Það er upplýst, að um þetta leyti stóð fjárhagur félagsins mjög höllum fæti. Í ársbyrjun 1927 var fastasjóður aðeins kr. 7385.50. Úr því fór hagur félagsins batnandi. Í ársbyrjun 1938 var ákveðið á félagsfundi að slíta félagsskapnum og taka nokkuð af fé félagsins, eða kr. 40000.00, til skipta milli félagsmanna.

Við skiptin var þeim reglum fylgt, að greiða félagsmönnum 74% af iðgjaldagreiðslum þeirra til fastasjóðs, að frádregnum bótum, er félagið hafði greitt hverjum um sig fyrir beðin tjón.

Í lögum þeim, sem samþykkt voru við stofnun félagsins og verjandi hefur lagt fram í máli þessu, voru engin ákvæði um það, hvernig fara skyldi um fastasjóð félagsins, ef til félagsslita kæmi. Þetta hefur sækjandi viðurkennt í fyrsta sóknarskjali sínu og um leið gert ráð fyrir því, að þessi lög félagsins væru enn í gildi.

Síðar hefur hann haldið því fram, að árið 1936 hafi verið samþykkt ný lagaákvæði fyrir félagið, og séu þau nú í gildi. Í þeim séu ákvæði um félagsslit. Þessu til sönnunar hefur sækjandi lagt fram staðfest eftirrit af lögum félagsins, er málflytjandi Bátaábyrgðarfélagsins hefur lagt fram í öðru máli sem gildandi lög félagsins. Í hinum eldri lögum er ráð fyrir því gert, að lagabreytingar séu samþykktar á aðalfundi félagsins og færðar inn í gerðabók þess. Lög þau, er sækjandi hefur lagt fram, eru dagsett 2. febrúar 1936. Verjandi hefur neitað því, að þessi lög hafi nokkurntíma hlotið fullnaðarsamþykki félagsfundar né félaginu verið stjórnað eftir þeim. Hefur hann lagt fram staðfesta útskrift úr gerðabók félagsins frá 1. febrúar 1936 og fram úr. Af þeirri útskrift verður ekki séð, að á fundi félagsins hafi verið samþykkt

ný lög fyrir það, og ekki hafa þau verið færð inn í gerðabók félagsins eftir þann tíma, en á fundi félagsins 1. febrúar 1936 virðist tveimur félagsmönnum hafa verið falið að fjalla um breytingar á lögum félagsins.

Verður því ekki talið sannað, að önnur lög gildi fyrir félagið en þau, sem samþykkt voru á stofnfundi þess.

Sækjandi hefur haldið því fram, að umbjóðanda hans, Sigurði Jóhannssyni, bæri greiðsla af eignum félagsins eftir sömu reglum og öðrum, er endurgreidd fengu iðgjöld sín að nokkru leyti við skiptin á fastasjóði félagsins. Telur hann í stefnu, að sú krafa nemi 1880.00 krónum, en hefur í síðasta réttarhaldi í máli þessu fært hana niður í kr. 1278.08.

Verjandi hefur krafizt þess að verða með öllu sýknaður af kröfum sækjanda. Færir hann þau rök fyrir sýknukröfu sinni, að krafan, sem sótt er í þessu máli, sé fyrnd, þar sem liðin séu meira en 13 ár frá því að Sigurður gekk úr félaginu, þangað til mál þetta er höfðað.

Einnig styður verjandi sýknukröfu sína við það, að Sigurður hafi, er hann gekk úr félaginu 1927 og undirritaði skilyrðislausa kvittun fyrir greiðslu á stofnsjóðsinnstæðu sinni, afsalað sér öllum frekari fjárkröfum á hendur félaginu.

Til vara hefur verjandi krafizt þess, að sækjanda verði f. h. Sigurðar Jóhannssonar aðeins tildæmdar kr. 242.96, sem sé sú upphæð, er Sigurði hefði borið, ef hann hefði verið látinn njóta sama réttar við skiptin og félagsmenn.

Færir verjandi þau rök fyrir varakröfu sinni, að Sigurður geti ekki með neinum rétti krafizt hluta af því fé, er félaginu hafi áskotnazt eftir að hann gekk úr því í ársbyrjun 1927.

Sjóður sá, sem úthlutað var, hafi verið að upphæð kr. 40000.00, en sjóðseignin, er Sigurður fór úr félaginu, hafi verið kr. 7385.50.

Sigurður ætti því ekki að fá 74% af greiddum iðgjöldum sínum heldur $^{7385}/_{400000}$ hluta af 74% af iðgjöldunum, en það sé jafnt upphæðinni kr. 242.96.

Um þá sýknuástæðu verjanda, að krafan sé fyrnd, er það að segja, að lög félagsins gera ekki ráð fyrir því, að tryggingartaki eigi neina kröfu á endurgreiðslu iðgjalda, meðan félagið starfar að vátryggingum. Gjalddagi slíkrar kröfu gat ekki verið fyrr en félagið hætti tryggingum, en síðan er aðeins liðið á annað ár.

Verjandi hefur, eins og áður er sagt, haldið því fram, að Sigurður Jóhannsson hafi, með því að ganga úr félaginu og undirrita skilyrðislausa kvittun fyrir greiðslu á séreignarsjóðsinnstæðu sinni, afsalað sér öllum frekari kröfum á hendur félaginu, og því hafi verið leyfilegt að ráðstafa eignum sínum á hvern þann hátt, er því sýndist, án tillits til þeirra eldri tryggingartaka, er úr félaginu voru gengir.

Á þetta verður ekki fallizt að öllu leyti. Tilgangur félagsins var, eins og áður er að vikið, að vátryggja báta við Reyðarfjörð og Eskifjörð. Meðan þeirri starfsemi var haldið áfram, áttu hvorki félagsmenn né eldri tryggingartakar, er úr félaginu voru gengnir, kröfu á hluta úr fastasjóði félagsins. Hann átti að vera bakhjarl félagsins til þess að það fengi staðizt þau tjón, er verða kynnu.

Þegar félagið hins vegar ákveður að taka hluta af sjóði sínum til skipta milli félagsmanna, rís spurning um það, hvort eldri tryggingartakar eigi ekki kröfu til nokkurs hluta af því, sem skipt er.

Það verður eigi ætlað, að tryggingartaki, sem hættir viðskiptum við félagið og gengur úr því, afhendi öðrum félagsmönnum með því sjóði þess til hverrar ráðstöfunar, er þeim kynni góð að þykja. Hitt er samkvæmara eðli þessa félagsskapar, að um leið og félagið hættir að starfa að því markmiði, er stofnendur þess settu því, og sjóði er skipt milli tryggingartaka, þá sé einnig tekið tillit til þeirra eldri tryggingartaka, sem hættir eru viðskiptum við félagið og gengnir úr því.

Það er upplýst, að til skipta voru teknar kr. 40000.00 af fastasjóði félagsins. Fengu félagsmenn greidd 74% af iðgjöldum þeim, er þeir höfðu innt til félagsins, þó að frádregnum bótum, er þeir höfðu fengið greiddar. Einnig er upplýst, að þegar Sigurður Jóhannsson gekk úr félaginu, var fastasjóður þess kr. 7385.50 og hafði Sigurður þá greitt iðgjöld, sem námu í fastasjóð félagsins kr. 1973.41, en fengið bætt tjón fyrir kr. 91.60.

Í ársbyrjun 1938, þegar skipt er fastasjóði félagsins, hefur sjóðseign sú, er til var í ársbyrjun 1927 með vöxtum og vaxtavöxtum verið orðin kr. 11369.61, ef miðað er við almenna sparisjóðsvexti, 4% p. a.

Verður því að telja, að Sigurði hafi borið $^{1136961}/_{4000000}$ af $^{7}/_{100}$ upphæðarinnar, kr. 1881.81 (þ. e. kr. 1973.41 ÷ 91.60) eða kr. 416.85. Af þessari upphæð ber félaginu að greiða honum 5% ársvexti frá 1. janúar 1938 að telja til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Á uppkvaðningu dóms í máli þessu hefur orðið nokkur dráttur vegna annríkis dómarans við uppgerð reikninga og sýslufundarhald.

Því dæmist rétt vera:

Hið stefnda, Bátaábyrgðarfélag Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, greiði stefnandanum, Eiríki Bjarnasyni f. h. Sigurðar Jóhannssonar, kr. 416.85 auk 5% ársvaxta frá 1. janúar 1938 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. október 1941.

Nr. 32/1941. **Eigendur og vátryggjendur m/b Drífu N. K. 13 og farms hennar** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
eigendum og útgerðarmönnum m/b Arnar V. E. 173 og gagnsök (Pétur Magnússon).

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Kristinn Ólafsson fulltrúi ásamt samdómsmönnunum Lúðvíki N. Lúðvíkssyni og Páli Þorbjörnssyni.

Aðaláfrýjendur hafa að fengnu uppreistarleyfi 1. apríl þ. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. s. m. og krafizt að svo stöddu aðallega, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að ákvæði héraðsdómsins um skyldur á hendur eigendum og vátryggjendum m/b Drífu verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi að því leyti. Loks krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjendur hafa að fengnu áfrýjunarleyfi 21. maí þ. á. gagnáfrýjað málinu með stefnu 27. s. m. Hafa þeir að svo stöddu mótmælt ómerkingarkröfum aðaláfrýjenda.

M/b Örn og m/b Drífa voru bæði endurtryggð í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og eiga dómstólarnir þess vegna ekki dóm á kröfum gagnáfrýjenda á hendur eigendum m/b Drífu til bjarglauna fyrir hjálp þá, er í máli þessu greinir, sbr. 11. gr. laga nr. 23/1921 og 23. gr. laga nr. 27/1938. Hins vegar ber dómstólunum úrlausn um kröfu gagnáfrýjenda til bjarglauna á hendur eigendum farms þess, er m/b Drífa flutti. En þar sem í málinu er gerð í einu lagi krafa á hendur eigendum og vátryggjendum m/b Drífu og eigendum farms skips þessa, verður að ómerkja héraðsdóminn og alla meðferð málsins og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk og vísast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 8. ágúst 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. júlí síðastliðinn, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 14. júní 1939 af B. P. Kalman hrm. f. h. eigenda og útgerðarmanna m/b Arnar V.E. 173 og skipshafnar hans gegn Friðþjófi G. Johnsen lögfræðingi f. h. Magnúsar Pálssonar skipstjóra, Neskaupstað, vegna eiganda og vátryggjenda m/b Drífu N. K. 13 og farms hennar til greiðslu á, in solidum, subsidiært pro rata, kr. 30000.00, — þar með talið skemmdir á m/b Erni, fatatjón skipshafnar og kostnaður við sjópróf m. m. — í björgunarlaun, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Undir rekstri málsins hefur stefnandinn gert þær varakröfur, að eigandi Drífu og vátryggjendur hennar verði in solidum dæmdir til þess að greiða umbjóðendum hans björgunarlaun fyrir björgun skipsins eftir mati réttarins, og að vátryggjendur farmsins verði dæmdir til þess að greiða umbjóðendum stefnandans björgunarlaun af farmi skipsins Drífu, sömuleiðis eftir mati réttarins og með vöxtum sem að ofan.

Og til þrautavara hefur stefnandinn krafizt þess, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða umbjóðendum hans björgunarlaun af skipi og farmi eftir hlutfallstölu og upphæð, sem rétturinn til tekur, með vöxtum sem að framan.

Og enn til þrautaþrautavara hefur stefnandinn gert þær kröfur, að eigendur og vátryggjendur skipsins verði undir öllum kringumstæðum in solidum dæmdir til þess að greiða umbjóðendum hans björgunarlaun fyrir skipið Drífu eftir mati réttarins og með vöxtum sem að framan.

Loks hefur stefnandinn krafizt þess, að honum verði tildæmdur sjóveðréttur í m/b Drífu N.K. 13 til tryggingar ofangreindum dómkröfum.

Stefndur hefur fyrst og fremst krafizt þess, að málinu verði vísað frá sjódóminum samkv. 23. gr. laga nr. 27 frá 1938.

En til vara hefur hann krafizt þess, að stefndur verði algerlega sýknaður af öllum réttarkröfum máls þessa, og til þrautavara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og ekki tildæmd nema smávægileg þóknun fyrir litla aðstoð.

Í öllum tilfellum hefur stefndur krafizt tildæmdan málkostnað (svo), hvernig sem málið færi.

Það skal strax fram tekið, að frávísunarkrafa stefnda er hvorki rökstudd né upplýst á nokkurn hátt, á hverju hún byggist, og verður hún þegar af þeirri ástæðu eigi tekin til greina.

Málavextir eru eins og hér segir:

Hinn 14. janúar 1939 fór v/b Drífa N.K. 13, skipstjóri og eigandi Magnús Pálsson, frá Neskaupstað áleiðis til Siglufjarðar að sækja beitusíld, sem flytja átti til Vestmannaeyja. Á Siglufirði voru látnar í bátinn 20 smál. af frosinni beitusíld, og var haft laust í lestinni. Eigandi síldarfarmsins var Óskar Halldórsson h/f, Vestmannaeyjum. Þriðjudagsnóttina 17. s. m. kl. 1, var haldið frá Siglufirði, og komið til Neskaupstaðar kl. 4 f. h. þann 18., en lagt af stað þaðan sama dag kl. 7 f. h. áleiðis til Vestmannaeyja. Í bátnum var ekki annar farmur en beitusíldin. Skipstjóri var eigandi bátsins, Magnús Pálsson úr Neskaupstað, en skipshöfnin var, auk hans, stýrimaður og tveir vélamenn. Fjórir farþegar voru með bátnum, einn karlmaður, tveir kvenmenn og ungbarn.

Ferðin gekk ágætlega, unz báturinn var kominn upp undir Vestmannaeyjar á fimmtudagskvöld þann 19. Eftir að komið var vestur fyrir Bjarnarey, var haldið með hálfri ferð og stefna tekin á Heimaklett. Rétt fyrir klukkan níu var báturinn kominn langleiðina inn undir hafnargarða, en skipstjórinn, sem var sjálfur við stýrið, fannst hann vera kominn of nærri suðurlandinu, enda sá hann í þeim svifum upp í syðri hafnargarðinn, en þó ógreinilega, vegna þess að kastljós frá m/s Skeljung, sem lá við bryggju á innri höfn, lýsti á móti Drífu út höfnina. Ákvað hann því að fara fjær landi og gaf vélinni fullt afturábak, með því hann taldi ekki svigrúm að beygja til norðurs og sigla áfram. Um það bil, að ferðin var af bátnum, kenndi hann grunns á skeri, og í þeim svifum stanzaði vélin. Vélstjóri og skipstjóri fóru samstundis niður í vélarrúmið og settu vélina viðstöðulaust í gang. Fór skipstjóri upp í stýrishúsið aftur og setti fulla ferð aftur á bak. Losnaði báturinn strax af skerinu, en var þá búinn að höggva þrisvar niður. Þegar báturinn var kominn það langt út á leguna, að skipstjórinn taldi nægilegt svigrúm til þess að snúa bátnum út í, setti hann fulla ferð áfram og lagði stýrið fullt til stjórnborða. Kom þá í ljós, að stýrið var bilað, því báturinn lét ekki að stjórn, og setti því skipstjórinn enn fulla ferð afturábak. Þegar komið var út á venjulega skipalegu, var stjórnborðsakkeri látið falla og gefið út um tveir liðir af keðju, en bakborðsakker haft til vara og um þrír liðir af keðju, ef á þyrfti að halda, sem ekki varð.

Var síðan andæft á keðjunni, meðan báturinn var að snúast, en brátt stöðvaðist vélin, og vélstjórinn skýrði þá skipstjóra svo frá, að það væri vegna þess, hve mikill sjór væri kominn í bátinn.

Þegar strandið varð, var blásið í þokulúður og send út neyðarköll frá talstöð skipsins. Skipstjórinn hefur haldið fram í sjóréttinum, að hann hafi ekki vitað til, að kallað hafi verið á hjálp í talstöðina, en í málinu hefur verið lögð fram skýrsla loftskeytastöðvarinnar hér, sem sýnir, að svo hefur verið gert, en ekki er upplýst, hver talað hafi. Samkvæmt skýrslu stöðvarinnar kallar Drífa kl. 20,55 og segist vera að fara upp í hafnargarðinn, og kl. 21 biður Drífa um hjálp strax til að taka mannskapinn, segir stýrið brotið og bátinn alveg að fara upp í garðinn. Og enn kallar Drífa kl. 21,05, að báturinn sé að fyllast af sjó, vélin sé að stoppa og stýrið brotið. Eftir þetta var ekki kallað frá Drífu og ekki svarað kalli frá loftskeytastöðinni.

Þegar Drífa var lögzt út á og rétt í sömu svifum og vélin var að stöðvast, kom vélbáturinn Örn V.E. 173 þar, og var spurt, hvað að væri. Var þá kallað frá Drífu, að mikill leki væri kominn að skipinu og það væri að sökkva, beðið um, að skipið yrði þegar í stað dregið inn á höfn eða skipshöfnin tekin úr því yfir í Örn.

Með því að þeim á Erni þótti hættulegt vegna sjávargangs að leggja bátunum saman til að taka fólkið, var ákveðið að koma dráttarvír um borð í Drífu og reyna að draga hana inn á höfn. Þegar hafinn var undirbúningur að því að koma dráttarvír um borð í Drífu, kom björgunarbátur úr landi og lagðist að Drífu og tók konurnar og barnið og fór með þau í land.

Síðan var Erni haldið fram með Drífu bakborðsmegin og komið um borð dráttarvír og síðan grastrossu til viðbótar, og er búið var að festa þetta hvorttveggja, slepptu þeir á Drífu legufestinni.

Var því næst haldið af stað, með Drífu í togi, en þar sem hún ekki lét að stjórn, af því að stýrið var brotið, varð Örninn að slaga sitt á hvað til að halda Drífu á réttri leið. Brátt slitnaði vírinn, sem dregið var í, en kom ekki að sök, með því að grastrossan hélt. Til að varna því að Drífa lenti á eða of nærri Hringskersgarðinum, varð Örninn að halda norður undir Hörgeyrargarð, og lenti svo nærri, að brotsjór kom á bátinn, enda var þá fjara og grunnt þarna. En Örninn hafði sig út aftur. Gekk síðan greiðlega að draga Drífu inn, og var hún komin upp að Básaskersbryggju um kl. 10½.

Þá kom í ljós, að ekki hafði komið að bátnum verulegur leki, og vélin hafði ekki stanzað af því að svo mikill sjór væri kominn, heldur vegna vanstillingar á olíugjöfinni, svo vélin kældi sig, samkvæmt upplýsingum vélstjórans.

Eftir uppgjöf veðurathugunarstöðvarinnar á Stórhöfða hér var stormur á suðaustan, er strandið varð, og vindstyrkur 7. En þess ber að gæta, að sú athugun er gerð á bersvæði rúmum 122 metrum yfir sjávarmál og vindstyrkur þar því hærri en á höfninni, en ekki er vitað, hve miklu það ætti að muna. Þó er ekki líklegt,

að það geti munað upp undir tveimur vindstigum, eins og stefndur heldur fram og sum vitni bera. Veður var vaxandi, og um miðnætti gefur veðurathugunarstöðin upp, að vindur hafi verið orðinn 8 stig.

Sjógangur virðist hafa verið nokkur, aðallega vindkvika eða krappakvika, en ekki undiralda.

V/b Drífa N.K. 13 er í málinu talin 38 smál. og tryggð fyrir 61500 kr. hjá Bátaábyrgðarfélagi Norðfjarðar með endurtryggingu hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, en farmurinn tryggður hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands fyrir 7000 krónur. Aðrar upplýsingar liggja ekki fyrir í málinu um verðmæti skips og farms. Hins vegar fór fram mat á skemmdum þeim, sem á Drífu urðu við strandið, og voru þær metnar á 4500 krónur. En farmurinn skemmdist ekkert.

Rétturinn verður að líta svo á, að v/b Drífa hafi ekki verið stödd í neyð, er hún var lögzt á stórskipalegunni, þannig að yfirvofandi hætta hafi verið fyrir hendi. Það er ekki óhugsandi, að Drífa hefði getað legið þarna til morguns, að birti, eða jafnvel komizt hjálparlaust inn með neyðarstýri, þar sem að svo reyndist, að vélin var í lagi, því vegalengdin inn fyrir hafnarmynnið var örstutt og undan vindi.

Hins vegar lítur rétturinn svo á, að um mjög verðmæta aðstoð hafi verið að ræða af hendi v/b Arnar, ekki sízt vegna farmsins, sem var ónýtur, ef hann hefði blotnað af sjó. Hjálpin var vel og fljótt framkvæmd og með mikilli áhættu, þar sem Örninn varð að fara svo nærri grynningum utan við Hörgeyrargarðinn, að braut á bátnum, enda um fjöru, sem jók á áhættu og erfiðleika verksins. Hjálpin hafði í för með sér nokkurn tilkostnað fyrir v/b Örn, því lítilsháttar skemmdir urðu á bátnum, sem er vont svona í byrjun vertíðar, og skipverjar, sem sumir voru í góðum fötum, urðu fyrir fataskemmdum.

Að öllu þessu athuguðu og með hliðsjón af verðmæti því, sem um var að ræða, þykir réttinum greiðsla sú, er stefnandanum beri fyrir hjálpina, hæfilega ákveðin 5000 krónur, þar af ⅓ hluti ákveðinn með sérstöku tilliti til farmsins.

Þar sem rétturinn lítur svo á, að eigi sé um að ræða björgunarlaun samkv. 10. kap. siglingalaganna, fylgir eigi sjóveðréttur kröfunni.

Hins vegar ber að taka til greina kröfu stefnandans um greiðslu vaxta, er ákveðst 5% frá 14. júní 1939 til greiðsludags.

Enn fremur ber að tildæma stefnandanum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 450 krónur.

Dómurinn tekur fram, að dómsuppsögn hafi dregizt lítilsháttar vegna anna dómaranna, og málið allyfirgripsmikið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Friðþjófur G. Johnsen f. h. Magnúsar Pálssonar vegna eiganda og vátryggjenda v/b Drífu N.K. 13 og farms hennar, greiði stefnandanum, B. P. Kalman f. h. eigenda og útgerðarmanna v/b Arnar V.E. 173 og skipshafnar hans, kr. 5000.00 með 5% ársvöxtum frá 14. júní 1939 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. október 1941.

Nr. 45/1941. **Réttvísin** (Einar Ásmundsson cand. jur.)
gegn
Ingibjörgu Láru Ágústsdóttur,
(Sigurður E. Ólason cand. jur.)
Óskari Þóri Guðmundssyni,
Þorbergi Gunnarssyni og
Kristjáni Ingvari Kristjánssyni
(Magnús Thorlacius cand. jur.).

Fjársvik.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærðu Ingibjargar Láru varða að nokkru við 257. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og að nokkru við 248. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og ákveðst refsing ákærðu samkvæmt síðarnefndri grein sbr. að nokkru 2. gr. laga nr. 19/1940 6 mánaða fangelsi.

Brot ákærða Þorbergs Gunnarssonar varða við 257. gr. hegningarlaga 1869, en refsing hans ákveðst samkvæmt 248. sbr. 2. og 78. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 4 mánaða fangelsi.

Brot ákærða Kristjáns Ingvars Kristjánssonar varða og við 257. gr. sbr. 2. málslið 48. gr. hegningarlaga 1869, en refsing hans ákveðst eftir 248. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 2. gr. sömu laga 2 mánaða fangelsi.

Brot ákærða Óskars Þóris Guðmundssonar varða við 257. sbr. 1. málslið 48. gr. hegningarlaga 1869 og að nokkru við

248. sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og ákveðst refsing hans eftir 248. sbr. að nokkru 2. gr. síðarnefndra laga 2 mánaða fangelsi.

Fresta skal fullnustu refsingar hinna ákærðu Ingibjargar Láru, Óskars Þóris og Kristjáns Ingvars, og niður skal hún falla að fimm árum liðnum, ef skilorð VI. kafla hegningarlaga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði héraðsdómsins um frádrátt refsivistar ákærðu Ingibjargar Láru sakir vistar hennar á Kleppi og um réttindasviptingu hennar og ákærða Óskars staðfestast. Brot hinna ákærðu Þorbergs og Kristjáns eru framin áður en hegningarlög nr. 19/1940 komu til framkvæmda, og verða þeir því eigi sviptir í þessu máli réttindum eftir 68. gr. síðarnefndra laga vegna ákvæða 2. gr. þeirra.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar staðfestast.

Ákærða Ingibjörg Lára greiði verjanda sínum fyrir hæstarétti kr. 400. Hinir ákærðu Þorbergur, Kristján og Óskar greiði in solidum verjanda sínum fyrir hæstarétti kr. 400. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 500, greiði hin ákærðu öll in solidum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Ingibjörg Lára Ágústsdóttir sæti 6 mánaða fangelsi og ákærðu Óskar Þórir Guðmundsson og Kristján Ingvar Kristjánsson sæti 2 mánaða fangelsi hvor, en fresta skal fullnustu refsingar þessara þriggja ákærðu og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð VI. kafla hegningarlaga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Þorbergur Gunnarsson sæti 4 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdómsins um frádrátt refsivistar ákærðu Ingibjargar Láru, um réttindasviptingu hennar og ákærða Óskar Þóris og um greiðslu málskostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærða Ingibjörg Lára greiði verjanda sínum fyrir hæstarétti, cand. jur. Sigurði Ólasyni, 400 krónur. Ákærðu Óskar Þórir, Kristján Ingvar og Þorbergur greiði in solidum verjanda sínum fyrir hæstarétti, cand. jur. Magnúsi Thorlacius, kr. 400. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði hin ákærðu öll in solidum, þar á meðal málflutningslaun sækjanda fyrir hæstarétti, cand. jur. Einars Ásmundssonar, kr. 500.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. maí 1941.

Ár 1941 föstudaginn 23. maí var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1083—1086/1941: Réttvísin gegn Ingibjörgu Láru Ágústsdóttur, Þorbergi Gunnarssyni, Kristjáni Ingvari Kristjánssyni og Óskari Þóri Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 18. apríl 1941.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Ingibjörgu Láru Ágústsdóttur, frú, Fischerssundi 3 hér í bæ, Þorbergi Gunnarssyni, verkamanni, Tjarnargötu 3 A hér í bæ, Kristjáni Ingvari Kristjánssyni, húsgagnabólstrara, Seljalandi hér í bæ, og Óskari Þóri Guðmundssyni, Klapparstig 27 hér í bæ, fyrir brot gegn 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. 26. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærða Ingibjörg Lára Ágústsdóttir er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 15. apríl 1899, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum dómi og kæru:

1923 $^{18}/_{5}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 18 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 240. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1935 $^{4}/_{10}$ Kærð af Ásgeiri Í. Ásgeirssyni fyrir þjófnað. Hið stolna var 29 króna virði. Kærandinn óskaði þess, að málssókn félli niður og var málinu þannig lokið skv. 6. gr. 2. mgr. laga nr. 51 1928.

Ákærði Þorbergur Gunnarsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. nóvember 1887, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum:

1936 $^{24}/_{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51 1928 með hliðsjón af 63. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1938 $^{2}/_{9}$ Dómur sama réttar, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 51 1928.

1940 $^{12}/_{11}$ Dómur sama réttar, 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr. hegningarlaganna nr. 19 1940.

Ákærði Kristján Ingvar Kristjánsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. júlí 1890, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1930 $^{1}/_{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1933 $^{6}/_{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1933 $^{8}/_{7}$ Kærður fyrir ölvun og óspektir í privat-húsi. Vísað frá opinberri meðferð.

1934 $^{2}/_{9}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir óspektir.

1935 $^{31}/_{5}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 $^{2}/_{7}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 $^{2}/_{9}$ Kærður fyrir ölvun og heimilisófrið. Látið falla niður.

1936 $^{2}/_{6}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936 $^{1}/_{8}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.

1936 $^{10}/_{11}$ Kærður af konu sinni fyrir ofbeldi gegn henni. Konan afturkallaði kæruna og geðveikralæknir áleit kærðan heilan heilsu. Málið látið falla niður.

1937 $^{6}/_{8}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Látið falla niður.

1938 $^{29}/_{10}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 $^{21}/_{12}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1940 $^{2}/_{5}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Óskar Þórir Guðmundsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. júlí 1920, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1939 $^{2}/_{1}$ Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.

1940 $^{1}/_{1}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 150 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 6 mánuði fyrir ölvun við bifreiðaakstur.

Ákærða Ingibjörg Lára er fædd að Hellum í Gaulverjabæjarhreppi og ólst upp þar og að Arnarholti í Flóa hjá afa sínum og ömmu fram undir 18 ára aldur. Var hún síðan í vistum hér í bænum og á Stóru-Seilu í Glaumbæjarhreppi þar til 1922, að hún fór að Hlíð á Vatnsnesi. Þar kynntist hún Páli Thorberg Jónassyni, sem nú er bifreiðarstjóri hér í bæ, og áttu þau saman tvö börn. Virðast þau hafa búið saman um skeið, en að því kom, að þau skildu, og veturinn áður en ákærða giftist ákærða Þorbergi, stundaði hún sauma í Hafnarfirði. Árið 1927 giftist hún ákærða Þorbergi, sem þá var nýskilinn við konu sína, og stendur það hjónaband enn, en 30. desember 1936 fengu þau skilnað að borði og sæng, og var þá sambúð þeirra að fullu lokið. Þau eignuðust saman

3 börn, sem lifa, eitt barn þeirra fæddist í blóðláti, en tveimur fóstrum var eytt að læknisráði. Fjárhagur þeirra var svo erfiður, að þau þágu af sveit mestan sambúðartímann, og samlyndi þeirra var afleitt og heimilisbrag þeirra virðist hafa verið mjög áfátt.

Fyrra hluta ársins 1937 kynntist ákærða Kristján Ingvari, sem sótti marga fundi hennar, og varð hann henni mjög handgenginn, og var með þeim ástasamband um skeið.

Í október 1938 trúlofaðist ákærða ákærða Óskari Þóri, og flutti hann á heimili hennar. Bjuggu þau saman til haustsins 1940, að ákærði Óskar Þórir yfirgaf hana og heitbatzt annarri stúlku.

Á undanförnum árum hefur ákærða rekið allumsvifamikla miðilsstarfsemi, og er nú sannað með eigin játningu hennar, sem er studd af framburðum meðákærðu, vitna og sýnilegum sönnunargögnum, að hún hefur beitt verulegum svikum og blekkingum í þessari starfsemi. Miðilsstarfsemi þessi hefur verið í því fólgin, að láta þá, sem á ákærðu horfðu eða hlýddu á miðilsfundum hennar, sjá ýmis dularfull fyrirbrigði, svo sem útfrymi, líkamninga, svonefnd afholdgunarfyrirbrigði og ljósafyrirbrigði, heyra dularfullt tal, sem koma átti af munni ákærðu frá öðrum heimi, og skyggnislýsingar hennar.

Miðilsfundir hennar, þeir, er seldur hefur verið aðgangur að, hafa flestir farið fram í íbúð hennar hér í bænum. Nokkra fundi hefur hún haldið utan Reykjavíkur. Fyrstu árin, sem hún seldi aðgang að fundunum, var aðgangseyrir kr. 2.00 fyrir manninn að öllum fundum, en síðan hefur aðgangseyrir verið kr. 2.00 fyrir manninn á skyggnifundi, en kr. 3.00 fyrir manninn á aðra fundi. Á fundunum hefur ekki ætíð verið sama gestatala, en venjulegast munu gestir hafa verið 10—20, og má því gera ráð fyrir, að tekjur ákærðu af hverjum fundi hafi numið kr. 20.00—60.00, eftir því hve margir sóttu fundinn og hvers konar fyrirbrigði áttu að gerast þar. Annars hefur ákærða ekki getað gert grein fyrir nánar en þetta, hve miklar tekjur hún hafi haft af miðilsstarfsemi sinni, nema það sem sagt verður síðar um uppihald ákærða Óskars Þóris og fé það, er rann til heimilis ákærðu og ákærða Þorbergs Gunnarssonar. Fundina hélt ákærða oftast á kvöldin, en stundum kl. 5 síðdegis. Var sætum í fundarherberginu skipað í hvirfingu, og sat ákærða á stól við dyr, sem lágu úr herberginu inn í íbúð hennar. Þegar gestir voru setztir í sæti sín, kom ákærða inn í fundarherbergið og settist í stól sinn. Var ljósið í herberginu síðan slökkt, en skima var þó í herberginu, því að ljós lifði í loftinu á peru, sem rauðu bréfi var vafið um. Voru síðan sungin nokkur lög, en að því loknu hófust fyrirbrigðin. Þegar þau höfðu staðið nokkurn tíma og talið var, að ákærða væri að fara úr miðilsástandinu, var aftur sungið, en síðan voru ljós kveikt og fundinum lokið. Um þessa starfsemi hefur mikið verið rætt manna á

meðal og um hana deilt, og hafa ýmsir sótt fundina, en eigi hefur ákærða fyrr en í máli þessu kannazt við að hafa beitt blekkingum eða svikum í starfseminni.

Ákærða kveðst frá 18 ára aldri hafa starfað sem miðill, og hafi allt gengið vel og svikalaust fyrst. Var það fyrst eftir hjónaband hennar og ákærða Þorbergs, eftir því sem sannað er, að hún tók að beita svikunum. Óvíst er hvenær, nákvæmlega tiltekið, svikin sannanlega hófust, en gera má ráð fyrir, að þau hjónin hafi búið saman jafnvel svo árum skipti áður. Fundi hélt ákærða bæði heima hjá þeim hjónum og annars staðar, og var seldur aðgangur, eins og áður er að vikið, að fundunum, sem haldnir voru heima. Um upphaf svikanna ber framburðum hjónanna nokkuð á milli, og verður eigi með vissu um það sagt, hvort þeirra átti fyrstu uppástungu að þeim. Kenna þau hana hvort öðru og eru eigi aðrir til frásagna um það atriði. Segir ákærða, að á meðan á sambúðinni við ákærða Þorberg stóð, hafi sér farið að ganga verr á fundunum, enda hafi hún verið þreytt af heimilislífinu, bæði ósamlyndi og barnafjölda. Hafi hún þá um skeið haldið fundi, sem hún seldi aðgang að, og sem hún segir, að ósvikin sýnileg fyrirbrigði hafi birzt á. Bjóst hún við, að fólk mundi hætta að sækja fundina eða að fundarsókn mundi verða minni, ef ekki birtist þar sýnileg dularfull fyrirbrigði, en hins vegar kom það sér illa fyrir þau hjón fjárhagslega að verða af tekjunum af fundunum. Ræddu þau hjónin þetta atriði, og þó að óvíst sé, hvort þeirra stakk upp á að taka að beita svikum við sýnilegu fyrirbrigðin, er víst, að þeim kom saman um að gera það, til þess að tryggja aðsókn að fundunum og þannig að afla tekna. Ákærði Þorbergur hefur að vísu haldið því fram, að ákærða hafi með áhrifavaldi sínu og hótunum um ófarir fengið sig til þátttöku í svikunum, en ósannað er, að svo hafi verið. Ákærða virðist þó hafa verið driffjöðrin í þessu, enda framkvæmdi hún sjálf svikin á fundunum. Þau ákváðu að kaupa hvíta slæðu úr þunnum vefnaði, og var það framkvæmt. Einnig útbjuggu þau grímur eða andlitslíkön. Tæki þessi notaði svo ákærða á fundunum til að sýna útfrymis- og líkamningafyrirbrigði. Hélt hún tækjum þessum uppi og hreyfði þau með höndum sínum á fundunum, þegar við átti. Ákærði Þorbergur setti fjalabotn í stól þann, er ákærða sat á á fundunum, þannig að hólf myndaðist undir stólsetunni, og einnig útbjó hann lok framan á stólnum, sem hægt var með hægu móti að opna og loka, og var ekki áberandi á að sjá, þegar það var lokað. Notaði ákærða hólf þetta til að geyma svikatækin í og opnaði það svo í dimmunni á fundinum eftir þörfum og tók úr því tæki og setti þau aftur í það að notkun lokinni.

Meðan hjónin bjuggu saman, hélt ákærða þrjá miðilsfundi, þar sem teknar voru myndir af hinum dularfullu fyrirbrigðum. Tveir

fundanna voru haldnir heima hjá henni, en einn þeirra í Hvítabandshúsinu hér í bænum. Á fundum þessum birtust ekki önnur sýnileg dularfull fyrirbrigði en svikin. Á fundunum, sem haldnir voru heima hjá ákærðu, kom ung dóttir hennar fram á fundunum, og sagði ákærða hana vera líkamning. Höfðu þau hjónin málað hana í framan og klætt á óvenjulegan hátt, og kom hún inn í fundarherbergið eftir að fundur var hafinn og dimmt var orðið þar inni, á augnabliki, sem var fyrirfram ákveðið af þeim hjónunum. Á myndatökufundinum í Hvítabandshúsinu hafði ákærða andlitslíkan og slæðu, er skyldi tákna líkamning, og kom þetta fram á myndinni.

Á árunum 1933 og 1934 var félagsskapur nokkurra manna hér í bænum, sem starfaði að því að halda fundi með ákærðu til að kynnast, hverju hún gæti áorkað sem miðill. Félagsskapur þessi hélt fjölmarga fundi með ákærðu, en ósannað er, að hún hafi beitt svikum á þessum fundum. Hefur ákærða og haldið því fram, að ósvikin, sýnileg, dularfull fyrirbrigði hafi iðulega gerzt á fundum sínum, einnig eftir að hún tók að beita brögðum. Hafi hún í fyrstu gripið til bragðanna, þegar illa gekk með ósviknu fyrirbrigðin, en svo hafi svikin smám saman ágerzt eftir því sem lengra leið, og eftir að hún tók saman við Óskar Þóri, hafi sýnilegu fyrirbrigðin undantekningarlítið verið svik ein og blekking.

Fjárhagur ákærðu og manns hennar, ákærðs Þorbergs, var mjög bágborinn, eins og áður er að vikið, en af fundum ákærðu hafa þau þó haft drjúgar tekjur.

Í árslok 1936 skildu ákærða og maður hennar, ákærði Þorbergur, að borði og sæng og slitu samvistum. Fyrri hluta ársins 1937 tókst kunningsskapur með ákærðu og ákærða Kristjáni Ingvari. Hafði hann af áhuga fyrir sálarrannsóknum sótt marga fundi hjá ákærðu. Varð hann ákærðu mjög handgenginn, og var með þeim ástasamband frá því skömmu eftir að ákærða skildi við ákærða Þorberg og þar til hún tók saman við ákærða Óskar Þóri.

Framan af mun ákærði Kristján Ingvar hafa verið grunlaus um, að ákærða beitti svikum í miðilsstarfsemi sinni. Fyrsti grunur hans um að svo væri vaknaði, þegar hann eitt sinn tók á útfrymi frá ákærðu og fann, að það var viðkomu eins og venjuleg slæða. Þá sýndi ákærða honum eitt sinn tvær eða þrjár myndir, sem teknar höfðu verið á áðurnefndum myndatökufundum, og sagði honum, að myndirnar væru af dóttur sinni og bað hann að segja ekki frá þessu. Kveðst ákærði Kristján Ingvar ekki hafa viljað trúa því, að um svik væri að ræða, en grunur sinn um það hafi verið mjög sterkur, og eftir að hann eitt sinn gerði við áður umræddan stól ákærðu, segir hann grun sinn hafa nálgazt fulla vissu. Óvíst er, hvort hann gerði við stólinn fyrir Lundúnaför þá, sem brátt verður að vikið. Hafi ekki verið svo, er víst, að ákærði

hlaut þó að hafa sterkan grun um svikin fyrir Lundúnaförina, en í þeirri för fékk hann fulla vissu um þau. Fyrir Lundúnaförina virðist ákærði hafa setið fundi ákærðu, en ekki verið henni á neinn hátt hjálplegur við svikin né haft neinn hagnað af þeim.

Vorið 1937 tókust samningar með ákærðu og félagsskapnum International Institute for Psychical Research, Ltd. í London, um að ákærða færi til London á vegum félagsins og væri á fundum hjá því um skeið til rannsókna á miðilshæfileikum hennar. Skyldi hún fá frían ferðir báðar leiðir og allt uppihald á leiðunum og í London, og fimm sterlingspund á viku fyrir sex vikna reynslutíma og var áformað að ráða hana lengur fyrir hærra kaup, ef heimsókn hennar bæri góðan árangur. Með henni skyldi vera samfylgdarkona, og átti hún að fá frían ferðir og uppihald, en eigi kaup. Áður en för þessi var farin, ákváðu ákærða og ákærði Kristján Ingvar, að sá síðarnefndi skyldi verða með ákærðu í förinni. Varð það úr fyrir atfylgi ákærðu, að félagið samþykkti, að ákærði yrði með í förinni, og skyldi það greiða ferðakostnað hans og uppihald í London.

Hinn 11. september 1937 var lagt af stað í för þessa héðan úr bænum og komið hingað aftur úr henni 23. október 1937, og tóku ákærða, samfylgdarkona hennar og ákærði Kristján Ingvar þátt í henni. Meðan dvalið var í London, bjuggu þau þar í gistihúsi. Ákærða var á sex miðilsfundum í London á vegum félagsins, og er sannað með myndum, sem teknar voru á fundunum, að hún hefur beitt svikum með sýnileg fyrirbrigði á þremur fundanna. Á tveimur þeirra notaði hún slæðu og andlitslíkan og á einum slæðu. Einnig notaði hún vasaklút sinn til að láta líta svo út sem líkamningurinn, sem raunverulega var andlitslíkanið og slæðan, hefði yfirskegg. Þá hefur ákærði Kristján Ingvar borið, að ákærða hafi sagt sér, að hún hafi notað nærklæði sín á einum síðari fundanna til að blekkja með við sýnilegu fyrirbrigðin. Ákærða hefur ekki borið á móti, að hún hafi sagt ákærða Kristjáni Ingvari frá þessu, en ekki kveðst hún muna eftir að hafa notað nærklæði sín á þennan hátt. Andlitslíkan það, sem ákærða notaði til blekkinga á Lundúnafundunum, og sem áður greinir, keypti ákærði Kristján Ingvar fyrir hana í London, vitandi til hvers hún ætlaði að nota það. Slæðuna, sem ákærða notaði á fundum þessum, hafði hún með sér héðan, og hefur hún því frá upphafi ferðarinnar verið við því búin að beita svikum í ferðinni. Á myndum, sem teknar voru á fjórum Lundúnafundunum af fyrirbrigðum þeim, sem ákærða stóð að, er sýnilegt, að þær eru allar af svikafyrirbrigðum. Má telja nokkurn veginn öruggt, að öll sýnilegu fyrirbrigðin, sem ákærða stóð að á fundum þessum, hafi verið blekkingar. Félagið greiddi ferðakostnað ákærðu heim og annan um saminn kostnað hennar og samferðakonu hennar og kaup ákærðu, en eftir

að þau höfðu dvalið í 4—5 vikur í London og forstöðumenn fundanna munu hafa verið orðnir þess visari, að brögðum var beitt, neitaði félagið að greiða frekari dvalar- og ferðakostnað ákærða Kristjáns Ingvars. Varð hann því að kosta dvöl sína í London eftir það og ferð sína heim. Virðist hann því hafa haft fjárhagslegan skaða af för þessari, þó hann í upphafi ætti ekki að þurfa að kosta neinu til ferðarinnar.

Þegar hin ákærðu komu hingað til bæjarins eftir Lundúnaförina, hélt ákærða áfram fundahöldum sínum hér. Var ákærði Kristján Ingvar á nokkrum fundum hjá henni eftir heimkomuna, og sá þar fyrirbrigði, sem hann var viss um að voru blekking. Kveðst hann hafa farið á fundi þessa eftir beiðni ákærðu um að sitja fundina.

Eftir Lundúnaförina — ákærða Kristján Ingvar minnir að það væri vorið 1938 — hélt hann tvær opinberar samkomur í Varðarhúsinu hér í bænum og eina í Hafnarfirði, þar sem hann sýndi skuggamyndir af fyrirbrigðum, sem gerzt hefðu á fundum ákærðu, bæði hér og í London. Lýsti hann myndum þessum eftir forskrift ákærðu, svo sem þær væru af ósviknum dularfullum fyrirbrigðum, og vissi hann þó, að svo var ekki a. m. k. um verulegan hluta þeirra. Þá bar hann mikið lof á ákærðu á samkomum þessum fyrir miðilshæfileika hennar og hinn „framúrskarandi góða árangur", sem hún hefði náð á Lundúnafundinum. Aðgang að samkomum í Reykjavík seldi ákærði á kr. 1.00 fyrir manninn og á fyrri samkomunni var fullt hús, en færri á hinni síðari. Af þessum samkomum hér í bænum hafði ákærði 100 króna ágóða. Af Hafnarfjarðarsamkomunni urðu litlar tekjur. Að lokinni annarri samkomu ákærða í Varðarhúsinu hélt ákærða þar miðilsfund, og var ákærði þar við dyravörzlu. Þá var ákærði einu sinni eða tvisvar dyravörður á fundum ákærðu um þetta leyti og fékk fimm króna þóknun fyrir það í hvort skipti. Einnig smíðaði hann bekki fyrir ákærðu í fundarherbergið fyrir þóknun. Annan fjárhagslegan hagnað en þann, sem nefndur hefur verið, hafði ákærði Kristján Ingvar ekki í sambandi við ákærðu, og ekki eggjaði hann hana til svika né tók sjálfur þátt í framkvæmd svikanna. Hann var þó á fundum ákærðu eftir að hann vissi um svikin og sat næstur henni og tók nokkrum sinnum við aðgangseyri fyrir hana.

Fundum ákærðu og ákærða Óskars Þóris bar fyrst þannig saman, að hann fór á fund til ákærðu hér í bænum. Hann var hrifinn af því, sem á fundunum gerðist og tók að sækja þá að staðaldri, og grunaði ekki, að svik væru í tafli. Hann tók svo að venja komur sínar til ákærðu og eiga vingott við hana, og í október 1938 fluttist hann á heimili hennar og bjó með henni þar til í september 1940, að hann fór frá henni og trúlofaðist annarri stúlku. Meðan hann bjó með ákærðu, hafði hann sjálfur engar tekjur, heldur lifði hann

á fé ákærðu, er hún aflaði með því að selja aðgang að miðilsfundum sínum. Er meðal annars upplýst, að ákærða lagði honum til fé til allmikilla fatnaðarkaupa, meðan þau bjuggu saman.

Meðan sambúð þeirra stóð, hélt ákærða tíðum fundi og segir hún sýnilegu fyrirbrigðin á þeim fundum undantekningarlítið hafa verið svikin. Eftir að sambúð þeirra hófst, kom ákærði Óskar Þórir að jafnaði á fundi ákærðu, tók við aðgangseyri að þeim og stjórnaði söngnum, en óvíst er, hvort hann sat fundina að jafnaði til enda. Þegar sambúð þeirra hafði staðið um skeið — sennilega fram á veturinn 1939—1940 — komst ákærði að því, að ákærða beitti svikum á fundi. Þegar hann ræddi um þetta við hana, játaði hún fyrir honum svikin og sýndi honum svikatækin. Eftir þetta fór ákærði að draga úr fundarsókn sinni, og þegar leið á síðari hluta vetrar 1939—1940 hætti hann að sækja fundi. Hann hélt þó áfram að búa með ákærðu og hafa framfæri sitt af tekjum hennar af fundunum, og sumarið 1940 fór hann með henni í ferðalag til Akureyrar og Stykkishólms, þar sem hún hélt fundi og beitti sömu svikunum og lýst hefur verið. Hefur ákærða þó haldið fram, að hún hafi ekki beitt svikum á öllum fundunum, sem haldnir voru á þessum stöðum. Flesta þessa fundi sat ákærði, tók við inngangseyrinum og aðstoðaði við sönginn.

Ákærði bjó svo með ákærðu fram í september 1940, sem áður segir, og lifði af tekjum hennar, en flutti þá frá henni fyrir fullt og allt og hætti að þiggja fjárhagsaðstoð hennar.

Frásagnir ákærðu og ákærða Óskars Þóris um þátt hins síðarnefnda í svikunum eru mjög sín á hvorn veg. Heldur ákærða því fram, að hann hafi hvatt sig til að nota slæðuna til svika, beinlínis aðstoðað sig á fundum við framkvæmd sjálfra svikanna, hvatt sig mjög til fundahalda og verið mjög frekur til tekna af fundunum, en ekkert viljað vinna sjálfur fyrir sér. Öllu þessu hefur ákærði neitað, og þar sem staðhæfingar hvorugs þeirra um þetta eru sannaðar, verður vafinn að koma ákærða Óskari Þóri í hag og hans frásögn að leggjast til grundvallar, enda er lýsing atvika hér að framan samkvæmt frásögn hans.

Hið sama á og við um þætti ákærðu, Þorbergs og Kristjáns Ingvars. Hefur ákærða borið á þá frekari sakir, sérstaklega hinn fyrrnefnda, en þeir hafa viljað kannast við, en frásagnir þeirra verða að leggjast til grundvallar.

Eftir brottför ákærða Óskars Þórs af heimili ákærðu, hélt hún áfram fundahöldum, en hinn 18. október 1940 tókst Sigurði Magnússyni, löggæzlumanni, að staðreyna, að hún hafði svik í frammi, en hann hafði þá um alllangt skeið gert sér far um að komast að hinu sanna um ráðvendni ákærðu í miðilsstarfseminni, og hófst þá hinn 22. sama mánaðar réttarrannsókn málsins.

Auk svika þeirra með slæðum og andlitslíkönum sem lýst hefur

verið, hefur ákærða kannazt við að hafa beitt svikum við svonefnd ljósafyrirbrigði. Voru þau þannig, að hún setti vasaljós innan í slæðurnar og lýsti þær upp, og var talið, að ljós þessi væru yfirnáttúrleg.

Þá hefur ákærða játað, að tal það, sem heyrðist á fundum, þegar hún beitti brögðum með líkamningana, hafi verið sér sjálfrátt. Sagði hún þá nöfn þeirra framliðinna, er hún vildi láta fundarmenn halda að birtust sem líkamningar í það og það skipti, og hvíslaði þá eða mælti fram einsatkvæðisorð eða stuttar setningar.

Stundum hafa fundarmenn þótzt sjá dýralíkamninga birtast á fundum ákærðu. Ekki hefur ákærða kannazt við að hafa viljandi hagrætt svikatækjum sínum þannig, að þau gæfu hugmynd um dýr, en hugsanlegt segir hún, að fundarmenn hafi ímyndað sér, að dýr birtust, þó að hún gerði ekkert til þess.

Ákærða hefur skýrt frá því, að stundum, veturinn 1939—1940, hafi hún orðið að bæla niður í sér hláturinn á svikafundunum, því sér hafi þótt hegðun fundarmanna svo brosleg. Ákærða hefur undir allri rannsókn málsins eindregið haldið því fram, að allt tal sitt og allar raddir, sem frá sér hafi heyrzt á miðilsfundunum, meðan hún var í miðilsástandinu, hafi verið ósvikið. Þar fyrir utan er vítanlega tal hennar á svikafundunum, sem áður var að vikið. Enn fremur hefur hún eindregið haldið því fram, að skyggnilýsingarnar og afholdgunarfyrirbrigðin hafi verið ósvikin og sömuleiðis að hin sýnilegu fyrirbrigði, er birtust á fundunum, hafi iðulega, og þá sérstaklega framan af miðilsstarfsemi sinni, verið sér ósjálfráð og ósvikin.

Þessar staðhæfingar ákærðu um hæfileika sína hafa ekki verið afsannaðar í málinu.

Ákærða hefur á undanförnum árum haft húsnæði á kostnað bæjarsjóðs Reykjavíkur. Hefur hún framfleytt sér, börnum sínum og ákærða Óskari Þóri, meðan þau bjuggu saman, a. m. k. að nokkru leyti á tekjunum af fundunum, sem voru meira og minna sviknir. Auk þess runnu drjúgar tekjur til heimilis ákærðu og ákærða Þorbergs af fundunum. Fjárhæðir er eigi unnt að nefna í þessu sambandi, en nokkurn veginn má gera sér grein fyrir tekjunum meðan ákærða og ákærði Óskar Þórir bjuggu saman af því, sem áður er greint um fundarsókn og aðgangseyri, og því, að fundir voru haldnir mjög oft, stundum á hverju kvöldi.

Er ákærða var um það spurð, hvort hún hefði haldið fundi, sem hún beitti svikum á, eftir 12. ágúst 1940, svaraði hún, að hún myndi ekki fundatöluna, en þeir hefðu verið fásóttir. Þessu breytti hún þó þegar og hélt því fram, að fundurinn 18. október, sem áður er á minnzt, hafi verið eini svikafundurinn eftir 12. ágúst 1940, og verður að ganga út frá því.

Dr. med. Helgi Tómasson, yfirlæknir, hefur framkvæmt ýtarlega

rannsókn á geðheilbrigði ákærðu, og segir svo í niðurstöðu álitsskjala hans:

„Álit mitt á frú Láru Ágústsdóttur er þetta:

Hún er hvorki fáviti né haldin ákveðnum geðsjúkdóm. Hún hefur verið flogaveik, hefur fengið „stór" köst (krampa með meðvitundarmissi) og „smá" köst (petit mals), þ. e. ýmiss konar meðvitundarbreytingar, sem henni var bent á, að mundi vera „miðilsástand". Síðar, er lífskjör hennar verða erfiðari, notfærir hún sér, meira og minna vísvitandi, þá „þekkingu", sem hún vegna þessa sjúkdóms hefur fengið af annarlegu meðvitundarástandi, sér til framdráttar og nautnar.

Heildaryfirlit.

Það er um að ræða lítt menntaða, félagslega lágt setta konu, siðferðislega ágallaða, sem lifir við sult og seyru, oftast á sveitarinnar kostnað að einhverju leyti, við hibýlaþrengsli, í óhamingjusömu hjónabandi og öldugangsástalífi. Hún hefur frá unga aldri haft flogaveikistilhneigingar (petit mals), þ. e. ýmiss konar meðvitundarbreytingar og a. m. k. nokkrum sinnum fengið „stór" flogaveikisköst með krampa og meðvitundarmissi. Henni er af mikilsmetnum leikmönnum bent á, að köstin séu miðilsástand, og byrjað að smádekra við tilfellin hjá henni. Stóru köstin virðast hafa smáhorfið hjá henni (eins og oft vill verða með aldrinum og er hún fer að verða iðulega ófrísk). En smáköstin halda áfram (eða ágerast síðar?). Oftast nær eru þau svo nefnd „hæg þokuvitund" þ. e. a. s. óljós meðvitundarbreyting, sem kemur oftast nær allsnögglega, getur staðið frá nokkrum mínútum upp í nokkra klt., en sjúklingurinn hefur ekki minni um ástandið eftir á, eða „svikaminni", þ. e. a. s. einstök atriði, sem eins og „standa upp úr", og sjúklingurinn tengir þau saman eins og honum finnst líklegast. Slíkt þokuvitundarástand getur framkallazt af hugsunum, óskum eða ótta, sem sjúklingurinn hefur í eðlilegu vakandi ástandi, og það, sem fram kemur hjá sjúklingnum í þokuvitundinni, er háð þessum hugsunum, óskum eða ótta sjúklingsins úr vöku.

Stundum getur þokuvitundin verið „psykogen" eingöngu (hysterisk, þannig að um samhliða truflun við flogaveikina sé að ræða). Þau tilfelli standa venjulega skemur, nokkrar mínútur, það, sem sjúklingurinn aðhefst, má venjulega skýra á sama hátt og þegar um flogaveikisþokuvitundina er að ræða. Í þannig þokuvitundarástandi getur maður því „framleitt" ýms „fyrirbrigði", að því er virðist óafvitandi, sem maður áður hefur verið búinn að hugsa sér, hefur óskað eða óttazt. Virðist mér þetta skýra mikið af því, sem hjá henni hefur verið talið „miðilsástand".

„Miðilsástandið" verður smám saman allverulegt atvinnuspursmál fyrir konuna, og henni oft um að gera að komast í það, hvort

sem hún gat eða ekki. Jafnframt var henni það að ýmsu leyti nautn, t. d. að verða átrúnaðargoð margra betri borgara.

Hún lýsir aðdragandanum að „miðilsástandinu" gersamlega röngum og er svo margsaga um margt af því, sem þá á að hafa fram farið, að ekki virðist unnt að taka mark á því, enda er hún framúrskarandi talhlýðin og reiðubúin að segja sannarlega ósatt upp í opið geðið á manni. En ósannsögli, trúarhræsni, vantandi sjálfsgagnrýni og aukið sjálfsálit eru skapgerðareiginleikar, sem talið er að verði sérstaklega oft vart með flogaveikum er frá líður."

Undir rannsókn málsins var ákærða í gæzluvarðhaldi frá 22. til 29. október s. l., og ákærðu Þorbergur og Kristján Ingvar frá 22. til 26. október s. l. Þá var ákærða frá 31. október til 22. desember s. l., samkvæmt úrskurði lögregluréttarins á geðveikrahælinu Kleppi undir rannsókn dr. med. Helga Tómassonar.

Staðreyndir máls þessa hafa nú verið raktar í aðalatriðum, en þess ber að geta, að eigi hefur verið farið út í fjölda af hinum smærri atriðum málsins, þar sem þess virðist eigi þörf hér.

Eins og áður segir, verður eigi talið sannað, að ákærða hafi beitt vísvitandi brögðum í sambandi við sum fyrirbærin, sem gerðust á fundum ákærðu, og kunna í þeim að hafa lýst sér einhvers konar svonefndir miðilshæfileikar. Var eigi saknæmt að selja aðgang að fundunum, ef einungis þessi fyrirbæri hefðu gerzt þar. Hins vegar hefur ákærða með svikum þeim, sem lýst hefur verið, vakið eða styrkt rangar eða óljósar hugmyndir fundargesta um hæfileika ákærðu og þar með stuðlað að því, að menn sæktu fundi hennar og greiddu aðgangseyrinn, sem, þó eigi næmi miklu á mann í hvert skipti, hefur numið verulegri fjárupphæð á svikafundunum samanlagt. Þó að sum fyrirbærin kunni að hafa verið ákærðu ósjálfráð og það jafnvel á sömu fundunum og svikafyrirbærin gerðust, voru hin sýnilegu fyrirbæri svo verulegt atriði í starfsemi ákærðu, að telja verður, að fundarsóknin hafi oltið mjög á að þau gerðust, enda áleit ákærða og a. m. k. ákærði Þorbergur, að svo væri.

Ber sérstaklega að átelja það framferði ákærðu á svikafundunum, að telja fundarmönnum trú um, að framliðnir menn, jafnvel ástvinir fundarmanna, birtust þar og töluðu við fundarmenn.

Er það álit réttarins, að ákærða hafi með svikum sínum gerzt ek við hin almennu hegningarlög. Varðar svikafundurinn 18. október s. l. við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, en fyrri svik hennar við sömu grein sbr. 2. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hennar eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár. En rétt þykir að láta vist hennar á geðveikrahælinu Kleppi frá 31. október s. l. til 22. desember s. l. koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Atferli ákærðu Þorbergs og Kristjáns, eftir að hann vissi um svikin, varða við 248. sbr. 2. gr. hegningarlaganna.

Atferli ákærða Óskars Þóris, eftir að hann vissi um svikin; varðar við 248. gr. hegningarlaganna, sbr. að mestu 2. gr. sömu laga.

Þar sem að ákærði Þorbergur hefur þrisvar frá árinu 1936 verið dæmdur til refsinga, eins og áður segir, ber í þessu máli að ákveða honum hegningarauka samkvæmt 78. gr. hegningarlaganna, og þykir hann hæfilega ákveðinn fangelsi í 6 mánuði.

Refsingar hvors hinna ákærðu, Kristjáns Ingvars og Óskars Þóris, þykja hæfilega ákveðnar fangelsi í 4 mánuði.

Fullnustu refsinga ákærðu Kristjáns Ingvars og Óskars Þóris þykir eftir atvikum rétt að fresta, og niður skulu þær falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð 6. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940 haldin.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærðu Ingibjörgu Láru og Óskar Þóri kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða Ingibjörg Lára greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Linnet, fyrrverandi bæjarfógeta, kr. 150.00.

Ákærðu Þorbergur og Kristján Ingvar greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdm. Gunnars E. Benediktssonar, kr. 150.00.

Ákærði Óskar Þórir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdm. Sigurðar Ólasonar, kr. 100.00. Annan kostnað sakarinnar ber að dæma hin ákærðu til að greiða in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Ingibjörg Lára Ágústsdóttir sæti fangelsi í 1 ár, en tíminn frá 31. október til 22. desember 1940 skal með fullri dagatölu koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði Þorbergur Gunnarsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærðu Kristján Ingvar Kristjánsson og Óskar Þórir Guðmundsson sæti hvor 4 mánaða fangelsi.

Fullnustu refsinga þeirra Kristjáns Ingvars og Óskars Þórs skal þó fresta, og niður skulu þær falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð 6. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940 haldin. Ákærðu Ingibjörg Lára og Óskar Þórir eru svipt kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða Ingibjörg Lára greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Linnet, fyrrverandi bæjarfógeta, kr. 150.00. Ákærður Þorbergur og Kristján Ingvar greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hdm. Gunnars E. Benediktssonar, kr. 150.00. Ákærði Óskar Þórir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdm. Sigurður Ólasonar, kr. 100.00.

Allan annan kostnað sakarinnar greiði hin ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. október 1941.

Nr. 72/1941. **Réttvísin** (Theodór B. Lindal)
gegn
Valdimar Jóhannssyni (Pétur Magnússon).

Brot gegn ákvæðum 95. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur héraðsdómsins þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að refsingin þykir hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður, þó þannig að refsing ákærða, Valdimars Jóhannssonar, ákveðst 30 daga varðhald.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Líndals og Péturs Magnússonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. ágúst 1941.

Ár 1941 laugardaginn 23. ágúst var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2527/1941: Réttvísin gegn Valdimar Jóhannssyni.

Málið er höfðað gegn ákærðum samkvæmt fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins fyrir brot gegn 2. gr. laga nr. 47 1941 um breyting á 88. gr. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Það var dómtekið 20. þ. m.

Ákærður er Valdimar Jóhannsson, ritstjóri vikublaðsins Þjóðólfs, til heimilis Skeggjagötu 8 hér í bæ. Hann er fæddur 28. júní 1915 að Skriðulandi í Árneshreppi. Hann hefur ekki sætt ákærum eða refsingum fyrr, svo kunnugt sé.

Í 9. tölublaði Þjóðólfs, sem út kom hinn 5. þ. m., birtist grein undir yfirskriftinni: „Brezk-íslenzki viðskiptasamningurinn." Greinin birtist nafnlaus og er rituð af hinum ákærða ritstjóra blaðsins. Greinin ræðir um samningsgerð þá, er í yfirskriftinni getur, en er annars nærfellt öll harðorð árás á hr. Owen Stooks Hellyer, er tók þátt í samningagerðinni sem fulltrúi brezka matvælaráðuneytisins og var staddur hér á landi, er umrædd grein var birt.

Inntak ádeilunnar á hr. Owen Stooks Hellyer er í aðalatriðum þetta:

Frá því er skýrt, að hann sé brezkur útgerðarmaður, og síðan fullyrt, að hann hafi gerzt fiskkaupmaður á síðastliðnu ári, hafi keypt fisk hér af sjómönnum og útgerðarmönnum og látið sigla með hann til Englands og selja þar. Hann hafi síðan, í því skyni að hindra samkeppni íslenzkra manna við sig, fengið brezku ríkisstjórnina til að velja sig til að semja við íslenzk stjórnarvöld um kaup á sjávarafurðum. Þá samningsgerð hafi hann rækt á þá lund að útvega sjálfum sér „stórkostleg sérréttindi um fiskkaup á Íslandi og fiskútflutning", tryggt sér „óskoraða möguleika til fjáröflunar á fiskverzluninni" og bægt frá sér „hættulegri samkeppni af hálfu íslenzkra frystihúsa og niðursuðuverksmiðja". Þessi sérréttindi séu honum fengin á kostnað Íslendinga, en hagsmunir hans eigin þjóðar hafi heldur ekki átt samleið með hans hagsmunum í þessum málum.

Í greininni er þessi ádeila byggð annars vegar á stöðu hr. Hellyers sem útgerðarmanns og þeirri fullyrðingu, að hann hafi rekið hér fiskkaup, og efni viðskiptasamningsins hins vegar. Undir rannsókn málsins hefur ákærður engin frekari gögn getað fært fram til stuðnings ádeilu sinni.

Með þessari ádeilu sinni á trúnaðarmann erlends ríkis, er hingað er sendur til samningsgerðar við íslenzk stjórnarvöld, þar sem ákærður ber á hann að hafa hagað samningsgerð sinni á þá lund, er honum sjálfum yrði til sem mestra persónulegra hagsmuna, og fórnað til þess jafnt hagsmunum sinnar eigin þjóðar, sem nauðsyn íslenzku þjóðarinnar, hefur ákærður gerzt sekur við 95. gr., 2. mgr. hinna almennu hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 47 27. júní 1941, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Péturs Magnússonar hrm., er ákveðast kr. 150.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Valdimar Jóhannsson, sæti varðhaldi í 60 daga og greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Péturs Magnússonar hrm., kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. október 1941.

Nr. 74/1941. **Réttvísin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Ríkharði G. Hafdal og Árna Sigursteinssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Sigurður bæjarfógeti Eggerz.

Með því að fallast má á héraðsdóminn þá ber að staðfesta hann.

Hinir ákærðu, Ríkharður G. Hafdal og Árni Sigursteinsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talinn málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 90 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Hinir ákærðu, Ríkharður G. Hafdal og Árni Sigursteinsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, 90 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Akureyrar 10. júní 1941.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Ríkharði Gunnarssyni Hafdal, Hafnarstræti 37, Akureyri, og Árna Sigursteinssyni, Norðurgötu 16, Akureyri, fyrir brot á 26. kafla — auðgunarbrot — almennra hegningarlaga frá 12. febr. 1940 til hegningar, greiðslu iðgjalda, ef krafizt verður, og alls kostnaðar, er af máli þessu leiðir.

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt játningu beggja ákærðu fóru þeir um kl. 9,10 17. eða 18. jan. síðastl. frá heimili Árna Sigursteinssonar upp að geymsluhúsinu Valhöll.

Ákærði Ríkharður Gunnarsson Hafdal hefur að vísu fyrst haldið því fram, að ákærði Árni hafi komið til hans, en hefur fallið frá því.

Geymsluhús þetta var leigt brezka setuliðinu. Þeir gengu að vestasta glugganum á suðurhluta hússins, en fyrir hann var hengdur pappi, lauslega negldur. Ýtti Árni pappa þessum frá með hendinni, en Ríkharður smaug inn um gluggann. Upp að glugganum var liðugur meter, og komst Ríkharður, eftir því sem hann segir frá, upp í gluggann með því að stíga á fótstykki hússins, setti svo annan fótinn upp í gluggann og tók með höndunum poka, sem voru innan við gluggann. Rétti hann svo Árna út 4 pör af svörtum karlmannsskóm og 4 pör af gúmmístígvélum, en ákærður Ríkharður heldur, að eitt þeirra hafi orðið eftir fyrir utan húsið, og enn rétti hann honum einn pakka með sólum, um 10 eða 12 samstæður.

Létu þeir þýfið í poka og skiptu því heima hjá Árna, þannig að Árni fékk 2 pör af svörtum karlmannaskóm, 2 pör af gúmmístígvélum, 5 eða 6 samstæður af sólum.

Ákærði Ríkharð segir, að sig minni, að ákærði Árni hafi stungið upp á því við sig, áður en þeir frömdu innbrotið, að þeir skyldu taka eitthvað úr húsinu, en þessu neitar Árni, og hefur Ríkharður fallið frá framburði sínum um þetta, en auk þess segir ákærður Árni, að ákærður Ríkharður hafi bent á, að þeir skyldu sjá, hvað væri þarna í Valhöll, og segir, að úr því hafi svo orðið innbrotið.

Með þessu, sem hér er sagt, er þætti Árna lokið í innbrotinu. Ákærður Árni geymdi sinn hluta af þýfinu heima hjá sér undir dívan. Hann hefur lítið eitt notað annað stígvélaparið, gúmmístígvélin, en hitt parið ónotað. Ákærður Árni segist hafa skrúfað skauta á bæði karlmannaskópörin og farið lítið eitt á skautum á þeim. Foreldrar hans, segir hann, að hafi ekki vitað um þýfið, og hið sama ber faðir hans fyrir réttinum.

Ákærður Ríkharður hefur aftur játað, að hann hafi rétt fyrir

kl. 6 kvöldið þ. 27. jan. síðastl. farið inn í geymsluhúsið Valhöll um sama glugga, sem hann fór inn um, er hann drýgði fyrra afbrotið. Var nú vírnet neglt fyrir gluggann, og ýtti ákærður því frá með hendinni án þess að rífa það. Tók hann tvö pör af gúmmístígvélum og faldi þau við húsið. Fór síðan aftur inn í húsið. Í þessi 2 skipti og fyrsta skiptið hafði hann vasaljós með sér. Hann ætlaði að taka eitthvað meira, en í því kom Englendingur og kveikti ljós, og er hann var farinn út, sá hann ákærða, sem faldi sig bak við kassa. Var hann svo tekinn og afhentur íslenzku lögreglunni. Þá hefur ákærður Ríkharð viðurkent, að hann hafi í febrúar einhvern tíma farið inn í 2 geymsluhús, er setuliðið notar.

Fór hann þar inn að degi til, en Englendingar og aðrir voru þar að vinna, og greip 4 smádósir úr opnum kassa, stakk þeim í vasa sinn og fór heim með þær.

Enska lögreglan komst að því í febrúar, að teknar hefðu verið úr geymsluhúsum setuliðsins 3 dósir. Játaði ákærði, að hann hefði tekið dósir þessar og eina í viðbót. Var hættulegt efni í einni dósinni. Tvær dósirnar tók hann úr Höpfners sláturhúsi, en 2 úr geymsluhúsi inn á bryggju. Dósirnar fór hann með heim til sín og geymdi þær í herbergi sínu. Hina aðra muni, sem hann hafði tekið, geymdi hann einnig í herbergi sínu, sem hann svaf í með 12 ára bróður sínum.

Hann var í gúmmístígvélunum, er hann var tekinn, en segist aðeins einu sinni áður hafa farið í þau.

Hann segist hafa ætlað að brúka stígvélin, er hann í sumar kemur í sveitina.

Þegar ákærði Árni var spurður um, hvað hann hefði ætlað að gera við munina, sem hann tók, sagði hann, að hann hefði ekki verið búinn að taka ákvörðun um það.

Faðir ákærða Ríkharðs hefur verið yfirheyrður. Segir hann, að ákærði hafi sagt sér, að hann á mánudagskvöldið, þegar hann var tekinn, þá hafi hann ætlað út að húsi kaupfélags verkamanna. En þegar það drógst, að hann kæmi heim, fór hann að leita að honum. Kl. 12½ kom ákærði heim. Sagði hann þá föður sínum, að lögreglan hefði tekið hann, og þá fyrst sagði hann honum einnig frá því, sem hann hafði stolið. Faðir hans hafði spurt hann áður um gúmmístígvélin, og sagði hann honum þá, að hann hefði fengið þau hjá Árna Sigursteinssyni.

Það þykir rétt að taka fram, að verðmæti þess, sem báðir ákærðu stálu, nam kr. 282.00.

Brot ákærðu beggja, sem komnir eru yfir lögaldur sakamanna, ber að heimfæra undir 244. gr. gildandi hegningarlaga, og ber að ákveða hegningu Ríkharðs Gunnarssonar Hafdal, sem ekki hefur verið hegnt áður, 3 mánaða fangelsi. En þrátt fyrir að brot hans hafi verið þrí-endurtekið, þá þykir sakir hins unga aldurs

hans, aðeins 15½ árs gamall, rétt að gera hegninguna skilyrðisbundna, þannig að fullnustu hegningarinnar skal fresta og hún falla niður eftir 3 ár, ef skilyrðum VI. kafla hegningarlaganna um skilyrðisbundinn refsidóm er fullnægt.

Greindan reynslutíma skal ákærður vera háður eftirliti barnaverndarnefndar Akureyrar.

Hegningu ákærða Árna Sigursteinssonar ber að ákveða 3 mánaða fangelsi, og þykir, þar sem honum ekki hefur verið hegnt áður og þar sem hann einnig er ungur, rétt að gera hegninguna skilyrðisbundna, þannig að fullnustu hegningarinnar skal fresta og hún falla niður eftir 2 ár, ef skilyrði VI. kafla hegningarlaganna um skilyrðisbundinn refsidóm er fullnægt.

Iðgjalda hefur eigi verið krafizt.

Ákærðu greiði in solidum allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal 100 kr. til hins skipaða talsmanns ákærða, fyrrv. bæjarfógeta Steingríms Jónssonar.

Á málinu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Ríkharður Gunnarsson Hafdal sæti 3 mánaða fangelsi, þannig að fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 3 ár, ef skilyrði VI. kafla hegningarlaganna um skilyrðisbundna refsidóma er fullnægt.

Greindan reynslutíma skal ákærður vera háður eftirliti barnaverndarnefndar Akureyrar.

Ákærði Árni Sigursteinsson sæti 3 mánaða fangelsi, þannig að fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 2 ár, ef skilyrði VI. kafla hegningarlaganna um skilyrðisbundna refsidóma er fullnægt.

Ákærðu greiði in solidum allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal kr. 100.00 til hins skipaða talsmanns ákærðu, fyrrv. bæjarfógeta Steingríms Jónssonar.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. október 1941.

Nr. 75/1941. **Réttvísin** (Guðmundur I. Guðmundsson)
gegn
Gunnari Benediktssyni (Pétur Magnússon).

Brot gegn ákvæðum 95. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Í ummælum þeim, sem ákærða eru til sakar talin í máli þessu, er það gefið í skyn, að sá erindreki brezku stjórnarinnar, sem þar er veitzt að, noti aðstöðu sína sér til auðgunar. Þykir refsing ákærða því hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 90 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gunnar Benediktsson, sæti 15 daga varðhaldi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Guðmundar I. Guðmundssonar og Péturs Magnússonar, 90 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. ágúst 1941.

Ár 1941, laugardaginn 23. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af sakadómara Jónatan Hallvarðssyni kveðinn upp dómur í málinu nr. 2529/1941: Réttvísin gegn Gunnari Benediktssyni.

Málið er höfðað samkvæmt fyrirlagi dómsmálaráðherrans í bréfi, dags. 20. þ. m., gegn Gunnari Benediktssyni, ritstjóra, Grundarstíg

4 hér í bænum, fyrir brot gegn 2. gr. laga nr. 47 1941 um breytingu á 88. gr. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febr. 1940, og var það tekið til dóms hinn 22. þ. m.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 9. október 1892. Hinn 21. júní 1935 var hann með dómi hæstaréttar dæmdur í 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 101. gr. og 113. gr. sbr. 52. gr. hinna almennu hegningarlaga og 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, en að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Ákærði er ritstjóri og ábyrgðarmaður Nýs Dagblaðs, sem gefið er út hér í bænum. Í 36. tölublaði þessa blaðs, sem kom út hinn 13. þ. m., er nafnlaus grein eftir ákærða með fyrirsögninni: „Hinir stærri sér." Fjallar grein þessi um samning, sem gerður hefur verið milli íslenzku og brezku ríkisstjórnarinnar um sölu íslenzks fisks til Bretlands, og er þessi samningur gagnrýndur mjög.

Af hálfu Breta og sem fulltrúi brezku ríkisstjórnarinnar tók þátt í samningsgerð þessari hr. Owen Stooks Hellyer, og var hann staddur hér á landi, er greinin var birt.

Í sérstökum kafla greinarinnar með undirfyrirsögninni: „Brezkir fiskbraskarar" segir svo: „Megnið af fiskinum kaupa brezkir fiskbraskarar hér við land. Meðal þeirra er einkum einn til nefndur, hann heitir Hellyer, var fulltrúi Breta við samningana, var áður við útgerð í Hafnarfirði og hefur af þeirri frammistöðu orðið alræmdur um allt land. Með samningunum hefur hann skapað sér og fjáraflabræðrum sínum milljónagróða með þessu lága fiskverði, þeir kaupa megnið af fiskinum hér við land og með þátttöku Kveldúlfs hafa þeir aflað sér samningsbundinna réttinda til þannig lagaðs arðráns um 11 mánaða skeið."

Í ummælum þessum verður ekki talin fólgin aðdróttun um það, að hr. Hellyer hafi brugðizt umbjóðanda sínum eða á annan hátt misbeitt aðstöðu sinni við samningsgerðina. En að nefndur fulltrúi brezku ríkisstjórnarinnar er kallaður fiskbraskari, sagt að hann hafi orðið alræmdur af fyrri dvöl sinni hér á landi og hann bendlaður við arðrán, er móðgun í hans garð, er varðar við 95. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 47 1941.

Þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Péturs Magnússonar, kr. 150.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gunnar Benediktsson, greiði til ríkissjóðs 200 króna sekt, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrm. Péturs Magnússonar, kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. október 1941.

Nr. 64/1941. **Bæjarstjórinn á Siglufirði f. h. bæjarsjóðs**
(Theódór B. Líndal)
gegn
Síldarverksmiðjum ríkisins, Siglufirði
(Pétur Magnússon).

Ómerking úrskurðar í lögtaksmáli.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp af Jóni Sigurðssyni, fulltrúa bæjarfógetans á Siglufirði.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. ágúst þ. á., krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og lögtak heimilað fyrir kr. 3000.00 ásamt vöxtum frá 7. nóvember 1940 samkvæmt 30. gr. laga nr. 106/1936. Enn fremur krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Áður úrskurður fógeta gengi um mál þetta, bar honum samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita stefnda þess kost að leggja fram rekstrarreikning um starfsemi þá, sem álagning útsvars á hendur honum hefur verið reist á, og krefja aðilja sagna um rekstur þenna, þ. á. m. hvort kol hafi verið seld eða verk unnin fyrir aðra en þá, sem seldu síld af hendi til stefnda, svo og um ágóða af rekstrinum. Samkvæmt þessu ber að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og leggja fyrir fógetann að taka málið til meðferðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur og vísast málinu heim í hérað til meðferðar af nýju.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Siglufjarðar 5. okt. 1941.

Við aukaniðurjöfnun útsvara í Siglufirði árið 1940 lagði niðurjöfnunarnefnd Siglufjarðar útsvar á Síldarverksmiðjur ríkisins í Siglufirði, að upphæð kr. 3000.00. Krefst gerðarbeiðandi nú þess, að lögtak sé gert hjá verksmiðjunum til greiðslu útsvars þess, er neitað hefur verið um greiðslu á.

Gerðarþoli krefst þess hins vegar, að lögtakið nái eigi fram að ganga, og vísar kröfu sinni til stuðnings í 14. gr. l. nr. 1 frá 5. jan. 1938, en þar segir, að Síldarverksmiðjur ríkisins séu undanþegnar útsvarsgreiðslu. Enda þótt gerðarbeiðandi haldi því fram í greinargerðinni, að þessi undanþága verksmiðjanna frá útsvarsgreiðslu eigi aðeins við venjulegan rekstur verksmiðjanna, en að útsvarið sé hins vegar lagt á kolasölu og vélaverkstæði þeirra, þá sýnist þó réttinum, að með tilvísun til 14. gr. greindra laga, er undanþiggja verksmiðjurnar frú útsvarsskyldu, sé eigi hægt að taka lögtaksbeiðni gerðarbeiðanda til greina og að hin umbeðna lögtaksgerð skuli því eigi ná fram að ganga.

Fyrir því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal eigi ná fram að ganga.

Föstudaginn 31. október 1941.

Nr. 56/1941. **Valdstjórnin** (Guðmundur I. Guðmundsson)
gegn
Markúsi Árna Einarssyni (Lárus Jóhannesson).

Brot á lögum um verðlag á vörum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu héraðsdómsins, þá ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum sakarlokum verður að dæma kærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakar þessarar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Markús Árni Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Guðmundar I. Guðmundssonar og Lárusar Jóhannessonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 25. júní 1941.

Ár 1941, miðvikudaginn 25. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1705/1941: Valdstjórnin gegn Markúsi Árna Einarssyni, sem tekið var til dóms hinn 14. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Markúsi Árna Einarssyni heildsala, til heimilis í Bankastræti 10 hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 118 1940 um verðlag og reglugerðum og verðlagsákvæðum, sem sett hafa verið samkvæmt þeim lögum.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, kveðst fæddur 15. febrúar 1894, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1920 $^{27}/_{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 $^{5}/_{6}$ Kærður af Eggert Claessen fyrir meint svik. Fellt niður skv. bréfi dómsmálaráðuneytisins, $^{14}/_{7}$ 1937.
1938 $^{24}/_{6}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur. Sýknaður af kæru valdstjórnarinnar fyrir brot á lögum nr. 74 1934 og reglugerð nr. 33 1935.
1939 $^{16}/_{10}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1940 $^{31}/_{7}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18 1901.
1940 $^{18}/_{4}$ Kærður af Gunnari Þorsteinssyni hrm., meint tékksvik.

Féll niður með því að kærður greiddi kröfuna, kr. 200.00, enda upplýst, að tékkinn var notaður aðeins sem víxill.

1940 $^{1}/_{9}$ Kærður af Einari Eiríkssyni fyrir meint tékksvik. Skv. rannsókn var ekki um sök að ræða.

1940 $^{9}/_{7}$ Undir rannsókn út af kærum ýmissa manna um meint tékksvik. Fellt niður skv. bréfi dómsmálaráðuneytisins $^{6}/_{8}$ 1940, enda kærurnar afturkallaðar af kærendunum.

Í júní 1940 pantaði Ingólfur Theódór Guðmundsson, umboðssali hér í bænum, handklæði frá firma einu í Englandi, og í febrúar 1941 fékk hann handklæðin í sín umráð, og var magnið 40 tylftir dýrari tegundar og 190 tylftir ódýrari tegundar. Hinn 15. febrúar kom eftirlitsmaður verðlagsnefndar til umboðssalans og reiknaði, hvert útsöluverð handklæðanna mætti vera í heildsölu. Reyndist hámarksútsöluverðið í heildsölu með 15% álagningu mega vera kr. 29.45 tylftin af dýrari handklæðunum, en kr. 20.55 tylftin af þeim ódýrari. Umboðssalinn bað eftirlitsmanninn að láta sér í té skriflega yfirlýsingu um, hvert söluverð dýrari handklæðanna mætti vera, og gerði eftirlitsmaðurinn það.

Áður hafði verið svo um talað milli umboðssalans og kærðs, að kærður keypti öll handklæðin, og hafði umboðssalinn þá sagt kærðum, að handklæðin væru tveggja tegunda með mismunandi verði og hafði kærður ritað verðin á miða og stungið á sig. Eftir hádegi 15. febrúar fékk kærður reikning umboðssalans yfir vöruna, sem er að öllu leyti réttur, og reiknaði umboðssalinn sér í hagnað af vörunni kr. 400.00.

Áður en kærður fékk reikning þenna, samdi hann við Guðmund H. Þórðarson, stórkaupmann hér í bænum, um að selja honum öll handklæðin. Hafði hann þá týnt miðanum, sem hann hafði ritað hin mismunandi verð á, en fengið í hendur áðurnefnda yfirlýsingu eftirlitsmanns verðlagsnefndar. Hann mundi, að mismunandi verð var á handklæðunum, og minnti, að verð það, sem stóð á yfirlýsingu eftirlitsmannsins, ætti við dýrari handklæðin, en samt seldi hann öll handklæðin dýrara verðinu. Á reikningi kærðs til stórkaupmannsins er rétt tilfært magn vörunnar og reiknað með hærra verðinu á henni allri. Þá er á reikningnum færður tollur og ýmislegur kostnaður, og eru það allt ágizkanir einar, því að kærður hafði ekki fengið reikning umboðssalans, þegar hann samdi þennan reikning.

Samkvæmt auglýsingum frá 13. apríl og 29. september 1939 máttu nefndir þrír kaupsýslumenn eigi leggja yfir 15% á handklæðin, og var það kr. 662.75. Með tilliti til þess, að umboðssalinn tók kr. 400.00 í ágóða af handklæðunum, varð verðlagning kærðs á þeim til stórkaupmannsins kr. 816.19 of há. Eftir kröfu

verðlagsnefndar greiddi kærður stórkaupmanninum allan hagnað sinn af handklæðunum, og var útsöluverð þeirra síðan ákveðið af verðlagsnefndinni með tilliti til þess.

Með hinni of háu álagningu hefur kærður brotið auglýsingu um verðlagsákvæði frá 13. apríl 1939, sbr. auglýsingu um sama efni frá 29. september 1939, og þykir refsing hans samkvæmt 13. gr. laga nr. 118 2. júlí 1940 um verðlag hæfilega ákveðin eftir öllum atvikum kr. 1000.00, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 65.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Markús Árni Einarsson, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 45 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 65.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. október 1941.

Nr. 123/1941. **Síldarútvegsnefnd**
gegn
H/f Huginn.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Síldarútvegsnefnd, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 31. október 1941.

Nr. 22/1941. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
gegn
Steini Steinsen f. h. Akureyrarkaupstaðar.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 5. nóvember 1941.

Nr. 20/1941. **Guðmundur Gamalíelsson**
(Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Elíasi Bjarnasyni (Garðar Þorsteinsson).

Skuldamáli, er sæta átti úrlausn gerðardóms, vísað frá héraðsdómi.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febr. þ. á. og framhaldsstefnu 29. okt. þ. á. að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Krefst hann þess, að dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá undirrétti. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur mótmælt kröfum áfrýjanda og krafizt málkskostnaðar af honum fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur að fengnu novaleyfi lagt fram í hæstarétti tvo bókarútgáfusamninga, er aðiljar máls þessa hafa gert með sér þann 18. ágúst 1927 og 16. janúar 1929. Í samningum þessum, sem stefndur lagði ekki fram í héraði, þótt hann hefði í höndum annað eintak þeirra, segir svo, að

ágreiningur um þau skipti aðilja, er þar greinir og mál þetta er af risið, skuli lagður til gerðardóms, er fullnaðarúrskurð leggi á málefnið. Ber því samkvæmt kröfu áfrýjanda að ómerkja málsmeðferð og dóm og vísa málinu frá undirréttinum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá undirréttinum.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. janúar 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f. m., er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 17. s. m. af Eliasi Bjarnasyni, kennara, Laufásvegi 18 hér í bæ, gegn Guðmundi Gamalíelssyni, bóksala, Lækjargötu 6 hér í bænum, til greiðslu skuldar samkvæmt reikningi að upphæð kr. 3101.43, ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 13. f. m., til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndur hefur hvorki mætt né látið mæta og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 5% p. a. og málskostnaður kr. 440.35.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Guðmundur Gamalíelsson, greiði stefnandanum, Eliasi Bjarnasyni, 3101.43, með 5% ársvöxtum frá 13. des. 1940 til greiðsludags og kr. 440.35 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. nóvember 1941.

Nr. 84/1941. **H/f Eldey** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
(Theódór B. Líndal)
og
Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu
(Pétur Magnússon).
og
Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta
gegn
H/f Eldey og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f.

Krafa til vátryggingarfjár.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. október 1941, gerir að öllu leyti sömu kröfur sem í héraði og málskostnaðar krefst hann fyrir hæstarétti aðeins úr hendi Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu sama dag, krefst sýknu. Þó er viðurkennd skylda þessa aðilja til greiðslu samkvæmt héraðsdómi, ef Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f yrði sýknað. Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hefur krafizt staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu héraðsdómsins, ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. sept. 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 17. maí s. l. af h/f Eldey, hér í bæ, gegnSjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og (eða) Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu, hér í bænum. Gerir stefnandi þær réttarkröfur *aðallega*, að Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f verði dæmt til að greiða £8000:0:0 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati réttarins; *til vara*, að Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f verði dæmt til að greiða £4000:0:0 með vöxtum og málskostnaði, eins og fyrr segir, og vélbátaábyrgðarfélagið Grótta dæmt til að greiða kr. 55350.00, með vöxtum eins og áður greinir, en án málskostnaðar, eða að hinum stefndu félögum verði hvoru um sig gert að greiða vátryggingarfjárhæðir eftir mati dómsins með vöxtum og málskostnaði, eins og áður segir; *til þrautavara*, að Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta verði dæmt til að greiða kr. 110700.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags, en án málskostnaðar.

Stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins.

Stefnda Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta krefst og sýknu af kröfum stefnanda, en gerir ekki kröfu um málskostnað sér til handa; það gerir og varakröfu samhljóða varakröfu stefnanda.

Tildrög málsins eru þau, að laust eftir hádegi þann 26. febr. þ. á. lét skip stefnanda, m/s Eldey, úr höfn í Fleetwood í Englandi, og var ferðinni heitið hingað til lands. Áður en skipið fór úr höfn, hafði brezka siglingaeftirlitið látið skipstjóranum í té fyrirmæli um stefnu þá, er hann skyldi sigla skipinu. Kveðst skipstjórinn hafa siglt samkvæmt nefndum fyrirmælum að öðru leyti en því, að hann hafi farið 7 mílur út af Bees-head, í stað 5 mílna, er til teknar hafi verið, en þetta kveðst hann hafa gert af því, að hann hafi talið þessa stefnu öruggari fyrir skipið. Var skipinu síðan stýrt samkvæmt fyrirmælum skipstjóra þenna dag, enda var hann sjálfur á stjórnpalli þar til kl. 6½ e. h. Um miðnættið kom skipstjórinn síðan aftur á stjórnpall, og var hann þar þangað til kl. 1½ um nóttina, er skipið kenndi grunns, og stóð það í sömu andránni fast á klöpp. Hafði skipið strandað við svonefndan Borrowhead. Skipverjum öllum var bjargað úr landi, en ekki hefur tekizt að bjarga skipinu, og virðist það hafa ónýtzt með öllu.

Stefnandi hafði keypt venjulega sjóvátryggingu fyrir skipið hjá Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu, og var skipið vátryggt þar fyrir 110700.00. Einnig hafði stefnandi keypt stríðsvátryggingu fyrir skipið hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, og var tryggingarfjárhæðin £8000:0:0. Kveðst stefnandi hafa krafizt greiðslu á vá-

tryggingarfénu, en bæði hin stefndu félög hafi neitað greiðslu. Sjóvátryggingarfélagið hafi haldið því fram, að strand skipsins hefði ekki orðið með þeim hætti, að stríðstryggingin kæmi þar til greina, en hins vegar hafi Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta talið hér vera um stríðsslys að ræða. Kveðst stefnandi því hafa verið neyddur til að höfða mál þetta og gera í því framangreindar réttarkröfur.

Aðalkröfu sína byggir stefnandi á því, að í skilmálum þeim, er fylgi stríðstryggingarskírteininu, sé það tekið fram, að vátryggingin tryggi gegn tjóni, sem stafi af ófriði eða hernaðaraðgerðum. Telur stefnandi, að skipið mundi ekki hafa strandað, ef það hefði átt þess kost að sigla venjulega siglingaleið og notið þeirra ljósmerkja, sem á þessum slóðum séu á friðartímum. Leið sú, er hin brezku yfirvöld hafi fyrirskipað að farin væri, sé til muna hættulegri en hin venjulega siglingaleið, er liggi fram hjá eynni Man. Engin ljós hafi sézt á ferð skipsins, enda séu vitar ýmist ljóslausir, eða mjög hafi verið dregið úr birtu þeirra vegna styrjaldarinnar. Telur stefnandi vafalaust, að skipið hefði ekki strandað, ef vitar hefðu logað eða ljósmerki verið gefin úr landi, og bendir í því sambandi á það, að brezkir strandverðir hafi séð ljós skipsins úr landi hálfri annarri klukkustund áður en skipið kenndi grunns. Megi því telja öruggt, að skipið hefði séð ljós úr landi, ef logað hefði á vitum, eða ljósmerki, ef gefin hefðu verið. Þá hafi hinir brezku strandverðir talið svo líklegt, að skipið mundi stranda, að þeir hefðu verið búnir að sima til næstu björgunarstöðva fyrirmæli um að hafa tilbúna björgunarbáta, en þrátt fyrir þetta hafi strandverðirnir ekki gefið skipverjum nein merki um yfirvofandi hættu, enda muni með öllu bannað að kveikja nokkur ljós á ströndinni vegna styrjaldarinnar. Telur stefnandi vafalaust, að skipinu hefði verið gefin merki um hættuna, sem það var í, ef styrjaldarráðstafanir brezkra yfirvalda hefðu ekki verið því til fyrirstöðu.

Af hálfu Sjóvátryggingarfélagsins er því eindregið mótmælt, að umrætt strand stafi af ófriði eða hernaðaraðgerðum, en félagið hafi aðeins tryggt skipið gegn afleiðingum af slíkum atvikum. Leið sú, er hin brezku hernaðaryfirvöld hafi sagt skipstjóra að fara, sé ekkert hættulegri en aðrar siglingaleiðir á þessum slóðum. Það, að skipið hafi strandað, hafi einungis stafað af því, að skipstjórinn hafi ekki gætt tilhlýðilegrar varkárni í siglingu sinni í því veðri, sem þarna var, enda hafi honum og verið kunnugt um, hversu vitaljósum hafi verið háttað á þessum stöðum.

Eins og þegar hefur verið getið, gaf brezka siglingaeftirlitið skipstjóranum á Eldey fyrirmæli um, hvaða leið hann skyldi fara frá Fleetwood, en um stjórn skipsins að öðru leyti var skipstjórinn að öllu leyti sjálfráður. Samkvæmt framlögðu sjókorti af þess-

um slóðum verður ekki séð, að leið sú, er Eldey átti að fara, sé neitt verulega hættulegri en sú, sem að sögn stefnanda er venjulega farin, ef gætt hefði verið allrar tilhlýðilegrar varkárni í siglingunni. Þess er þegar getið, að skipstjórinn á Eldey vék frá nefndum fyrirmælum siglingaeftirlitsins um siglingu skipsins, án þess þó að annað verði séð, en að þau fyrirmæli hafi haft að geyma öruggar leiðbeiningar um siglingaleiðina. Og þegar þess er gætt, *að* veður fór mjög versnandi frá því kl. 4 e. h. þann 26. febrúar og þar til strandið varð (frá S 2 upp í S 8—10), *að* dimmviðri var, *að* sjávarstraumar eru mjög þungir á þessum slóðum og *að* skipstjóranum var auk þess kunnugt um, hversu háttað var um vitaljós á þessari leið, þá virðist hann ekki hafa gætt þeirrar varkárni í siglingu sinni, sem krefjast verður. Verður ekki annað séð en að skipstjóri hafi, þrátt fyrir þessar aðstæður, haldið sleitulaust áfram ferð skipsins, og þótt honum væri kunnugt um gangleysi þess, virðist ekki hafa tekið tillit til hinna þungu sjávarfallastrauma og dýpið var aðeins mælt tvisvar sinnum á þessu tímabili (kl. 9,30 og kl. 11 e. h.), enda þótt þær mælingar gæfu á engan hátt til kynna, að á öruggum slóðum væri farið, þar sem slíkt dýpi er að finna á mörgum stöðum á sundinu, fjær og nær landi. Að áliti réttarins verður þessi vangæzla um siglingarstjórn skipsins að teljast vera slík meginorsök strandsins, og styrjaldarástandið og nefndar ráðstafanir í því sambandi eigi svo óverulegan þátt þar í, að stríðsvátrygging sú, er stefnandi keypti hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f komi hér ekki til greina. *Aðalkrafa stefnanda* þykir því ekki hafa við rök að styðjast, og sama máli gegnir um *varakröfurnar*, þar sem ekki verður séð, að lög á þeim tíma, er hér skiptir máli, heimili þá skiptingu, sem farið er fram á.

Stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f verður því sýknað af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður gagnvart því falli niður.

Þrautavarakrafa stefnanda verður hins vegar tekin til greina, enda hefir Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta á engan hátt mótmælt þeirri kröfu stefnanda, ef svo yrði litið á, að hvorki aðalkrafa né varakrafa hans hefði við rök að styðjast. Málskostnaður verður ekki dæmdur gagnvart þessum aðiljum, þar sem hans hefur ekki verið krafizt.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f skal vera sýknt af kröfu stefnanda, h/f Eldey, í máli þessu, en málskostnaður gagnvart því falli niður.

Stefnda Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta greiði stefnandanum, h/f Eldey, kr. 110700.00, með 6% ársvöxtum frá 17. maí 1941 til greiðsludags.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1941.

Nr. 77/1941. **Ingvar Vilhjálmsson f. h. eigenda m/b Jón Þorlaksson** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Síldarverksmiðjum ríkisins
(Pétur Magnússon).

Skaðabótakrafa út af síldarsölu. Aðgerðarleysisverkanir.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 19. september 1941 hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. s. m., krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 10132.76 með 6% ársvöxtum frá 6. júní 1940 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar áfrýjandi fékk vitneskju um samning stefnda og skipstjórans á m/b Jóni Þorlákssyni frá 1. júlí 1939, hefði hann átt að tilkynna stefnda, að hann áskildi sér verð það, sem greitt yrði á sínum tíma fyrir vinnslusíld, ef hann ætlaði að gera þá kröfu síðar. En með því að áfrýjandi gerði þetta ekki, þá getur hann þegar af þeirri ástæðu eigi fengið kröfur sínar í máli þessu teknar til greina, og ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. apríl 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., er samkvæmt samkomulagi höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 6. júní f. á. af Ingvari Vilhjálmssyni, útgerðarmanni, hér í bæ, f. h. eigenda m/b Jón Þorlákssonar, R.E. 60, gegn Þormóði Eyjólfssyni, konsúl, Jóni Þórðarsyni, framkvæmdarstjóra, Finni Jónssyni, alþingismanni, Þorsteini M. Jónssyni, bóksala, og Sveini Benediktssyni, framkvæmdarstjóra, f. h. Síldarverksmiðja ríkisins, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 10132.76 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þessi:

Í símskeyti, dags. 19. maí 1939, bauð stefnandinn, Ingvar Vilhjálmsson, stefndum allan bræðslusíldarafla m/b Gauts á næstu síldarvertíð með nokkurri takmörkun. Með skeyti, dags. sama dag, samþykkti stefndur að *kaupa* alla bræðslusíldarveiði Gauts, án nokkurra takmarkana, og í skeyti sama dag tók stefndur það fram, að þetta gilti einnig fyrir m/b Jón Þorláksson. Stefnandi svaraði samdægurs með svo hljóðandi skeyti: „Samþykki selja yður bræðslusíldarafla mótorbátsins Gautur í sumar". — Ráðningarkjörum skipverja á m/b Jón Þorláksson á síldveiðum þetta sumar var þannig háttað, að ca. 50% af veiddri síld skyldi koma í hlut skipshafnar, en ca 50% í hlut útgerðarinnar. Skipshöfnin ákvað að selja sinn hluta veiðinnar föstu verði, en af hálfu útgerðarinnar er því haldið fram, að hún hafi viljað láta sinn hluta síldarinnar til vinnslu fyrir eigin reikning. M/b Jón Þorláksson mun hafa komið til Siglufjarðar þann 8. júní 1939, og átti skipstjórinn síðan tal við framkvæmdarstjóra stefnds á tímabilinu 9.—16. júní, og mun hafa farið þess á leit, að stefndur keypti hálfan afla skipsins, en tæki hinn helminginn til vinnslu. Eftir að hafa borið málið undir stjórn stefnds, tilkynnti framkvæmdarstjórinn, að stefndur gerði ekki slíkan samning, því að annað hvort tækju verksmiðjurnar *allan* afla skipsins til vinnslu eða kaups, eða ekkert af honum. — Hinn 1. júlí s. á. undirritaði skipstjórinn síðan samning við stefndan, þar sem hann seldi stefndum alla bræðslusíldarveiði skipsins á síldveiðitímabilinu 1939 fyrir fast verð, kr. 6.70 fyrir hvert 135 kg. mál síldar.

Stefnandi heldur því fram, að þegar umræddur samningur hafi verið gerður, hafi m/b Jón Þorláksson verið kominn til Siglufjarðar með 340 mál síldar, sem stefndur hafi neitað móttöku nema

samningur væri undirritaður, og þar sem stefndur hafi auk þess neitað bátnum um kol, hafi skipstjóranum verið nauðugur einn kostur að skrifa undir. Við undirskrift samningsins kveðst skipstjórinn hafa lýst því yfir, að hann gerði þetta tilneyddur og að hann héldi fast við kröfu sína um að leggja helminginn af aflanum til vinnslu. Á hinn bóginn hafi framkvæmdarstjóri lýst yfir því, að ef nokkurt skip fengi að leggja upp hluta af afla til vinnslu, þá skyldi sama ganga yfir þetta skip. Stefnandi telur, að stjórn stefnds hafi verið með öllu óheimilt að lögum að neita að taka á móti helmingi af afla m/b Jón Þorláksson til vinnslu fyrir reikning útgerðar hans og að samningur sá, er skipstjórinn hafi undirritað þannig tilneyddur, hafi ekki svipt útgerðina þeim rétti, er hún hafi átt, þegar tekið sé tillit til allra aðstæðna. Krefst stefnandi því, að stefndum verði gert að greiða sér mismun þann, sem orðið hafi á kaupverði stefnds á helmingi umrædds síldarafla (1842,32 málum) og verði því, er fengizt hafi fyrir vinnslu-afurðirnar, kr. 5.50 á hvert mál, eða alls kr. 10132.76 auk vaxta og kostnaðar, eins og áður segir.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því hvorutveggja, að hann hafi haft heimild til að setja þau skilyrði fyrir samningum við stefnanda, að annað hvort afhenti hann allan afla skipsins til kaups eða vinnslu, og jafnvel þótt nefnd synjun hans hefði eigi verið lögmæt, hafi stefnandi með fyrirvaralausri undirskrift sinni undir sölusamninginn og algerðri þögn um málið eftir það misst allan rétt, sem hann annars kynni að hafa átt í þessu sambandi.

Eins og sjá má af þeim skeytaskiptum aðiljanna þann 19. maí 1939, sem rakin hafa verið hér að framan, var stefndur á engan hátt samningsbundinn til móttöku neinnar bræðslusíldar frá m/b Jón Þorlákssyni sumarið 1939, þar sem stefnandi samþykkti aldrei tilboð stefnds að því er þann bát snerti. Koma því hér aðeins til greina þau skipti aðiljanna, er áttu sér stað eftir að báturinn kom til Siglufjarðar.

Það er ekki, gegn andmælum stefnds, sannað, að stefnanda hafi verið neitað um kol til bátsins nema að umræddur sölusamningur yrði gerður, enda virðist það atriði og hafa harla litla þýðingu, þar sem m/b Jón Þorlákssyni er ekki knúinn kolum heldur olíu. Hitt er aftur á móti óvéfengt, að synjað hafi verið móttöku í umrætt skipti, nema samningur á annan hvorn þann veg, er stefndur til tók, yrði gerður, og verður slík synjun út af fyrir sig ekki talin vottur neinnar þvingunar, þar sem stefndur hafði auðvitað fullkominn rétt til að neita síldinni móttöku, þar til ákveðið væri, um hvers konar afhendingu yrði að ræða. Í lögum nr. 1 1938 um síldarverksmiðjur ríkisins er gert ráð fyrir tvenns konar afhendingu síldar til verksmiðjanna, þ. e. *annaðhvort* til vinnslu fyrir reikning „framleiðendanna“ („útgerðarmanna“), *eða* til kaups

fyrir fast verð. Samkvæmt lögunum verður hins vegar ekki annað séð en að verksmiðjurnar hafi óbundnar hendur um það, hvort eða hvernig báðum þessum aðferðum verði beitt, ef umráðamenn síldar af sama skipi verða fleiri en einn (t. d. vegna ráðningarkjara skipverja, eins og hér), og þessir aðiljar æskja ekki sams konar viðskipta, enda virðist hér vera um að ræða hagkvæmisatriði í sambandi við reksturinn, sem stjórn verksmiðjanna hafi, nema öðru vísi sé um samið, vald til að ákveða eftir atvikum á hverjum tíma. Það verður því ekki talið, að stefndur hafi heimildarlaust sett stefnanda þá kosti, er að framan eru greindir, þannig að hinn ótvíræði sölusamningur aðiljanna frá 1. júlí 1939 eigi af þeim sökum að teljast ógildur, enda er það hvorttveggja, að ósannað er, eins og áður er sagt, að nokkrar þvingunarráðstafanir af hendi stefnds hafi komið þar til greina, svo og að stefnandi hafi gert nokkurn áskilnað eða hreyft athugasemdum eða kröfum út af þessum málum fyrr en í apríl 1940. Þykja kröfur stefnanda því ekki hafa við þau rök að styðjast, að þær geti orðið teknar til greina. Verður stefndur því sýknaður, en eftir atvikum telst rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, stjórn Síldarverksmiðja ríkisins f. h. verksmiðjanna, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingvars Vilhjálmssonar f. h. eigenda m/b Jón Þorlákssonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 14. nóvember 1941.

Nr. 26/1941. **Guðbjörn Ólafsson** (Pétur Magnússon)
gegn
Benedikt Kristjánssyni f. h. Fóðurbirgðafélags Saurbæjarhrepps. (Jón Ásbjörnsson).

Synjað um framkvæmd lögtaks til innheimtu félagsgjalda fóðurbirgðafélags, er ekki hafði verið stofnað með lögmæltum hætti.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurð þann, sem áfrýjað er, hefur upp kveðið Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður í Dalasýslu.

Áfrýjandi hefur að fengnu leyfi til áfrýjunar máli þessu 12. febrúar 1941, enda þótt sakarefni nemi ekki áfrýjunar-

upphæð, skotið því til hæstaréttar með stefnu 3. marz s. á., og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur fengið gjafvörn í málinu 7. þ. m. og sér skipaðan talsmann, sem hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og að áfrýjanda verði dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Þann 11. apríl 1939 virðist stofnun fóðurbirgðafélags hafa verið samþykkt á hreppsfundi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. Samþykkt félags þessa hlaut staðfestingu atvinnumálaráðuneytisins þann 15 maí 1940, en eigi hafði hún þá verið fyrir sýslufund lögð. Var það fyrst gert 19. júní 1941. Þann 3. desember 1940 var lögtaks krafizt hjá áfrýjanda til innheimtu félagsgjalda, kr. 7.20, er talið var fallið í gjalddaga 1. s. m., með því að áfrýjandi hafði synjað greiðslu, enda taldi hann félagsstofnun ólöglega. Verður að fallast á þá skoðun þegar af þeirri ástæðu, að samþykktin hafði ekki sætt meðferð sýslufundar, áður en hún hlaut staðfestingu atvinnumálaráðuneytisins, samkvæmt 54. gr. laga nr. 32/1931. Ber því að fella hinn áfrýjaða fógetaúrskurð úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, en málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, kr. 180.00, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Málsvarnarlaun talsmanns stefnda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, kr. 180.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður fógetaréttar Dalasýslu 10. janúar 1941.

Þar sem gerðarbeiðandi hefur sýnt í réttinum samþykkt, sem nú gildir fyrir fóðurbirgðafélag Saurbæjarhrepps, sem hefur verið staðfest af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, verður að gera ráð fyrir, þar til annað er sannað, að þess hafi verið gætt, að löglegur

undirbúningur hafi verið undir samþykktina heima í sveitinni. Þótt sýslunefndarmenn hafi fyrst lýst yfir samþykki sínu á samþykktinni eftir að búið var að staðfesta hana, en þó á sama ári og til hennar var stofnað, virðist ekki full ástæða til að ógilda samþykktina af þeim ástæðum. Reyndar var þess ekki gætt að leggja samþykktina fyrir næsta sýslufund eftir samþykkt hennar heima í hreppnum, en sýslunefndin hafði nokkrum árum áður samþykkt samhljóða samþykkt fyrir hreppinn, er ekki var leitað staðfestingar á. Var því varla vafi á samþykkt hennar, eins og líka fram er komið. Samkvæmt framansögðu verður að telja, að stofnun fóðurbirgðafélags Saurbæjarhrepps sé ekki ólögleg og stjórn þess hafi því rétt til samkvæmt hinni staðfestu samþykkt að heimta lögtak á kröfu þeirri, er hér liggur fyrir.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fram fara.

Mánudaginn 17. nóvember 1941.

Nr. 48/1941. **Vinnufataverksmiðjan h/f** (Pétur Magnússon) gegn **Bæjarsjóði Reykjavíkur** (Garðar Þorsteinsson).

Úrskurður um öflun nýrra upplýsinga.

Úrskurður hæstaréttar.

Með því að aðilja greinir á um starfsemi áfrýjanda í Reykjavík árin 1938 og 1939 og eigi hafa komið fram nægilegar upplýsingar um þetta atriði, þá þykir rétt samkvæmt analógíu 120. gr. laga nr. 85/1936 að fresta meðferð máls þessa og veita aðiljum kost á að afla upplýsinga um framannefnt atriði.

Því úrskurðast:

Meðferð máls þessa er frestað til útvegunar framangreindra upplýsinga.

Mánudaginn 17. nóvember 1941.

Nr. 53/1941. **Bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda
(Pétur Magnússon).

Lögtak heimilað til innheimtu útsvars.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Adolph Bergsson fulltrúi lögmanns.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. júlí þ. á., hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Undanþága frá útsvarsgreiðslu til handa stefnda, sú er í lögum nr. 96/1936 greinir, virðist einungis taka til starfsemi hans um útflutning og sölu á saltfiski, og verður því að telja stefnda útsvarsskyldan af starfsemi niðursuðuverksmiðju sinnar hér í bæ. Ber því að fella hinn áfrýjaða fógetaúrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 3. júní 1941.

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur gerði 1940 niðursuðuverksmiðju Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda að greiða kr. 10350.00 í útsvar til bæjarsjóðs fyrir það ár. Niðursuðuverksmiðjan

hefur færzt undan að greiða útsvarið, og hefur bæjargjaldkerinn krafizt lögtaks fyrir því, en gerðarþoli hefur mótmælt framgangi lögtaksins, sökum þess að útsvarið sé ranglega lagt á, og hafa aðiljar því komið sér saman um að leggja ágreininginn undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarþoli heldur því fram, að niðursuðuverksmiðjan geti eigi talizt útsvarsskyld, meðal annars vegna þess að hún sé eign Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, en það sé undanþegið allri útsvarsgreiðslu samkvæmt lögum 96/1936, á meðan sölusambandið hefur löggildingu sem aðalútflytjandi saltfisks, en þá löggildingu hafi það enn.

Auk þessa sé fjárhagur verksmiðjunnar ekki skilinn frá fjárhag Sölusambandsins og engar sérreglur séu settar um hana.

Sé um tap eða gróða raunverulega að ræða af verksmiðjunni, fari um hann á sama hátt og um tap eða gróða Sölusambandsins sjálfs, en eins og kunnugt er, skiptist hann eftir því hlutfalli, sem samlagsmenn hafa afhent fisk til Sölusambandsins.

Verksmiðjan, í þessu falli Sölusambandið, getur ekkert grætt, ekkert eignazt, heldur er hér um að ræða einn lið í starfsemi þess að styðja félagsmennina í atvinnu þeirra, sem sé að gera afurðir félagsmanna verðmætari.

Gerðarbeiðandi hefur mótmælt þessari röksemdafærslu gerðarþola.

Hann heldur því fram, að önnur starfsemi Sölusambandsins en sú, sem leiðir af löggildingu þess sem aðalútflytjanda saltfisks, sé ekki undanþegin útsvarsgreiðslu með l. 96/1936, og sé því hið umkrafða útsvar réttilega lagt á. Það sé eingöngu saltfiskssalan, sem sé undanþegin útsvarsgreiðslu.

Sá meginmunur sé á starfsemi verksmiðjunnar og hinnar útsvarsfrjálsu saltfiskssölu fyrir samlagsmenn, að verksmiðjan kaupi fiskinn til niðursuðunnar, þar sem hagkvæmast sé að kaupa hann hverju sinni, ekki einvörðungu af samlagsmönnum og ekki heldur af þeim öllum.

Auk þess starfi verksmiðjan að margskonar niðursuðu annarri en úr afurðum fiskframleiðenda, sem svo séu venjulega nefndir, t. d. niðursuðu ýmissa síldarrétta, niðursuðu á skelfiski, laxi o. fl.

Í máli þessu ber að athuga, hvort það hefur verið tilgangur löggjafans með setningu l. 96/1936, að Sölusambandið skyldi einnig undanþegið útsvarsgreiðslu af annarri starfsemi sinni, sem miðar að því að gera aðrar fiskafurðir samlagsmanna arðmeiri og unnið er að á sama grundvelli og saltfiskssölunni.

Það er kunnugt, að rök þau, sem lágu til stofnunar Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda 1932, voru þau, að það þótti sýnt af reynslu ársins 1931, að erfiðleikar á sölu saltfiskframleiðslu landsmanna voru orðnir svo geigvænlegir, að sýnt þótti

að aðalatvinnugrein landsmanna, fiskframleiðslan, mundi leggjast í kalda kol, ef ekki yrði aðgert með einhverjum hætti.

Lög nr. 121/1935 um fiskimálanefnd o. fl. voru sett með þetta markmið fyrir augum.

Í þessu sambandi verður að minnast þess, að líta verður á starfsemi Sölusambandsins vegna útflutnings á saltfiski sem starfsemi, sem sé til almenningsheilla, eins og það hugtak ber að skilja í 65. gr. stjórnarskrárinnar. Enn fremur að starfsemi verksmiðjunnar er einn þáttur algerlega óaðskilinn starfsemi Sölusambandsins að öllu leyti.

Verksmiðjan getur ekki grætt og ekki heldur safnað sjóðum, því sé um einhvern hagnað að ræða, skiptist hann árlega á samlagsmenn í sama hlutfalli og arður af annarri starfsemi Sölusambandsins.

Það skal tekið fram, að ekkert er upplýst í máli þessu um það, hvernig hráefna þeirra, sem verksmiðjan vinnur úr, er aflað.

Í lögum 121/1935, 14. gr., er gert ráð fyrir því, að fiskimálanefnd veiti stofnunum, einstaklingum og félögum lán eða styrk úr fiskimálasjóði til þess meðal annars að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, svo sem herðingu, hraðfrystingu, niðursuðu o. fl.

Það er þessi starfsemi, sem Sölusambandið hefur farið inn á, og rétturinn hefur aflað sér upplýsinga um, að það hefur fengið kr. 30000.00 styrk í þessu skyni.

Þó að það séu erfiðleikar á sölu saltfiskins, sem verða til þess, að Sölusambandið er stofnað, þá er það eigi síður til heilla alþjóðar, að þegar saltfiskmarkaðurinn minnkar mjög mikið eða jafnvel lokast alveg í sumum beztu markaðslöndunum, að þá séu reyndar aðrar framleiðsluaðferðir í þessari stærstu og mikilvægustu atvinnugrein landsmanna.

Þessu markmiði er unnið að með stofnun og starfrækslu niðursuðuverksmiðjunnar, og enda þótt að þannig sé tekið til orða í l. 96/1936: „meðan það (Sölusambandið) hefur löggildingu sem aðalútflytjandi saltfisks samkvæmt lögum", skuli það undanþegið að greiða útsvar eftir efnum og ástæðum, þá virðist tilgangur löggjafans vera sá, að styðja þessa mikilvægu atvinnugrein í heild, en ekki einhvern sérstakan lið hennar.

Fógetarétturinn verður því að líta svo á, að starfsemi verksmiðju Sölusambandsins um breytta framleiðsluhætti á nýjum fiski, hverju nafni sem nefnist og sölu á þeim afurðum horfi eigi síður til almenningsheilla en sala saltfisksins, og enn fremur að það hefur löggildingu sem aðalútflytjandi saltfisks, að þá beri að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi að ná fram að ganga.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1941.

Nr. 95/1940. **Ingibjörg Tómasdóttir** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Grími Gíslasyni og **Njáli Andersen**
(Eggert Claessen).

Skaðabótamál út af útburði úr leiguíbúð.

Dómur hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. okt. 1940 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Fyrir hæstarétti hefur áfrýjandi hafið málið á hendur stefnda Njáli Andersen, en af hans hálfu hefur verið krafizt ómaksbóta. Ber að taka þá kröfu til greina, og þykja ómaksbæturnar hæfilega ákveðnar 60 krónur.

Á hendur stefnda Grími Gíslasyni hefur áfrýjandi gert þær kröfur, að hann verði dæmdur til að greiða henni kr. 2832.60 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 5% ársvöxtum frá 11. marz 1940 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndur Grímur Gíslason hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Fallast má á rök héraðsdómarans fyrir því, að áfrýjandi eigi ekki kröfu til fébóta samkvæmt 1.—4. tölulið kröfugerðar hennar. Við niðurstöðu héraðsdómsins um 5. kröfuliðinn verður að sitja af þeirri ástæðu, að ekki hefur verið gagnáfrýjað. Kröfu áfrýjanda samkv. 6. tölulið um bætur fyrir óþægindi og miska, er útburðurinn hafi bakað henni, þykir bera að taka til greina, og teljast þær hæfilega ákveðnar kr. 700.00.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi Grímur Gíslason greiði áfrýjanda samtals kr. 600.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Um flutning málsins í héraði þykir það aðfinnsluvert, að

í réttarhaldi 11. apríl 1940 eru fyrst vitni leidd og því næst ákveðinn skriflegur málflutningur, áður en greinargerð er komin fram af hálfu stefndu. Þá er þess ekki gætt að veita aðiljum sameiginlegan frest til gagnasöfnunar áður málflutningur hefst, og þar með brotin 110. gr. laga nr. 85 frá 1936. Málið var og í mörgum atriðum illa upplýst, og hefði verið ástæða fyrir dómarann að beita ákvæðum 114. og 115. sbr. 120. gr. nefndra laga. Verður að átelja dómarann svo og málflytjendur í héraði, þá Friðþjóf G. Johnsen cand jur. og Björn P. Kalman hrm., fyrir þessa málsmeðferð.

Því dæmist rétt vera:

Mál áfrýjanda, Ingibjargar Tómasdóttur, á hendur stefnda Njáli Andersen er hafið, og greiði áfrýjandi honum ómaksbætur, kr. 60.00.

Stefndi Grímur Gíslason greiði áfrýjanda kr. 775.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. marz 1940 til greiðsludags og samtals 600.00 kr. í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 27. júní 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní síðastliðinn, er höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun með stefnu útgefinni 16. marz 1940 af Friðþjófi G. Johnsen, lögfræðingi, f. h. Ingibjargar Tómasdóttur gegn þeim Grími Gíslasyni, Vestmannabraut 11, og Njáli Andersen, Sólbakka, báðum hér í bæ, til greiðslu in solidum eða pro rata á skaðabótum að upphæð krónur 2832.60 auk 6% ársvaxta frá 14. maí 1939 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt framlögðum reikningi, kr. 388.00.

Stefndur Grímur Gíslason hefur mótmælt kröfum stefnandans og krafizt sýknu, og stefndur Njáll Andersen hefur mótmælt öllum kröfum stefnandans og krafizt frávísunar eða sýknu í málinu, og báðir krafizt tildæmdan málskostnað.

Tildrög máls þessa eru þau, að um mánaðamótin ágúst—september 1938 eignaðist stefndur Grímur Gíslason íbúðarhúsið Haukaberg hér í bæ. Fyrri eigandi var Eva Andersen, en fyrir hana

hafði bróðir hennar, stefndur Njáll Andersen, umsjón með húsinu og sölu þess.

Þegar eigendaskiptin urðu, bjó stefnandinn, Ingibjörg Tómasdóttir, í húsinu. Í októberbyrjun sneri hinn nýi húseigandi sér til fógeta og krafðist útburðar á Ingibjörgu úr húsnæði hennar. Úrskurður féll í málinu 12. des. á þá leið, að útburðurinn skyldi fara fram, og var gerðin framkvæmd 12. jan. 1939. Útburðargerðinni og úrskurðinum var síðan skotið til hæstaréttar, en það var hvorttveggja úr gildi fellt með dómi hins háa réttar 29. september síðastliðinn.

Heldur stefnandinn fram, að samkvæmt þessu sé auðsætt, að útburðurinn hafi verið ástæðulaus og ólöglega að farið. Eigi hún því rétt á skaðabótum fyrir allt það tjón, er hún hafi beðið vegna þessara aðfara, og eru þær kröfur sundurliðaðar og rökstuddar sem hér segir:

1. Á vertíðinni 1939 hafi hún verið búin að lofa að selja 18 mönnum fæði, en vegna útburðarins lent í húsnæðishraki og loks fengið húsnæði á Vesturveg 20. Það hafi verið minna, svo hún gat ekki haft þar nema 10 menn.

Kaup við fæðissöluna reiknar hún sér 25 kr. á mánuði fyrir hvern mann, og því fyrir 8 menn til 14. maí tjón samtals kr. 900.00.

2. Skemmdir á húsgögnum reiknar hún kr. 30.00.

3. Veikindakostnaður vegna útburðarins utan sjúkrasamlags, þar á meðal ferð til Reykjavíkur, kr. 142.00.

4. Þar sem hún hafi verið borin út sjúk, hafi sóttin elnað, svo hún varð að taka sér aukastúlku frá 3½—3⅝, sem kostaði hana kr. 450.00.

5. Mismunur á tildæmdum málskostnaði í hæstarétti vegna útburðarmálsins og útlögðum kostnaði fyrir báðum réttum, kr. 310.60.

6. Bætur fyrir þjáningu, miska og lánstraustsspjöll, kr. 1000.00. En samtals gera þessir liðir dómkröfuna, kr. 2832.60.

Öllum þessum liðum hefur verið mótmælt af umboðsmanni stefndu og það rökstutt með ýmsum upplýsingum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, og skal nú vikið nánar að því.

1) Það er upplýst, að stefnandinn, Ingibjörg Tómasdóttir, hafði annað húsnæði, sem hún flutti í strax og útburðurinn hafði fram farið (Vesturveg 20). Hélt hún þar áfram fæðissölunni, en telur sig ekki hafa getað haft fleiri en 10 í fæði, því húsnæðið hafi verið það minna.

Hins vegar verður að telja nægilega upplýst í málinu, að þetta húsnæði hafi ekki verið minna en það, sem hún vék úr á Haukabergi, og verður því eigi byggð bótakrafa á því atriði. Í málinu hafa verið leidd nokkur vitni, sem hafa borið það, að Ingibjörg hafi verið búin að lofa að selja þeim fæði, en í janúar 1939 hafi

þeir komið að máli við hana og hún skýrt þeim frá, að hún gæti ekki selt þeim fæði þá um veturinn, því úrskurðað hafi verið, að hana skyldi bera út úr húsnæði hennar að Haukabergi, en þar hefði hún ætlað sér að hafa fæðissöluna. Myndi hún af þessum ástæðum lenda í fyrirsjáanlegum húsnæðisskorti. Það er að vísu ekki upplýst, hvenær Ingibjörg fékk hið nýja húsnæði, en það er fyrir 12. janúar, — og það ætti að hafa verið nægilega snemma til að hún gæti haldið áfram að selja vertíðarmönnum fæði, eins og um var að ræða í þessum tilfellum, en það er hrein undantekning, að þeir komi hingað fyrr en seinna, enda byrjar vertíð hér ekki nú orðið fyrr en seint í þeim mánuði.

Rétturinn verður því að líta svo á, að Ingibjörg hafi því eigi þurft að hafna mönnum í fæði af þeim ástæðum, sem að framan er sagt, og verður sá liður skaðabótanna eigi tekinn til greina.

2) Það er ekki sannað, að neinar skemmdir hafi orðið á munum við útburðinn, og verður bótakrafa fyrir það því alls ekki tekin til greina.

3 og 4) Engar minnstu líkur eru fram færðar fyrir því í málinu, að útburðargerðin hafi verið framkvæmd á þann hátt, að skaðað gæti heilsufar Ingibjargar Tómasdóttur, jafnvel þó það hefði verið eins báglegt og stefnandinn heldur fram, og verða því engar bótakröfur byggðar á því.

5) Málskostnaður í hæstarétti hefur verið tildæmdur með fyrrgreindum hæstaréttardómi, en hins vegar þykir rétt að taka til greina kröfu um málskostnað við vörn útburðarmálsins í fógetaréttinum, og þykir hæfilega metinn á kr. 75.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz 1940 til greiðsludags.

6) Engar röksemdir hafa verið bornar fram í málinu til styrktar bótakröfu fyrir miska, þjáningar eða lánstraustspjöll, og þykir ekki ástæða til að taka það til greina.

Njáli Andersen hefur einnig verið stefnt í þessu máli og gerðar kröfur á hendur honum.

En þar sem útburðargerðin fór fram eftir beiðni Gríms Gíslasonar og á hans ábyrgð, verður hann einn sóttur til saka um kostnað og hugsanlegar skaðabætur, og ber því að sýkna Njál Andersen af öllum kröfum stefnandans.

Málskostnaður í þessu máli þykir hæfilega ákveðinn kr. 75.00 að því athuguðu, að stefnandinn vinnur það aðeins að litlu leyti og meginið af málflutningnum hefur snúizt um kröfur þær, sem eigi hafa verið teknar til greina.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur Njáll Andersen skal vera sýkn að kröfum stefnandans í þessu máli.

Stefndur Grímur Gíslason greiði stefnandanum, Friðþjófi

G. Johnsen f. h. Ingibjargar Tómasdóttur, kr. 75.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz síðastliðnum til greiðsludags og kr. 75.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. nóvember 1941.

Nr. 46/1941. **Verzlun Sigfúsar Sveinssonar** (Garðar Þorsteinsson)
gegn
Snæbirni Jónssyni (Enginn)

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er upp kveðinn af Birni Þórðarson lögmanni.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. júní þ. á. Stefndi hefur hvorki komið né látið koma fyrir hæstarétt, þótt honum hafi verið löglega stefnt. Hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt samkvæmt skjölum þess.

Áfrýjandi krefst þess, að hann verði sýknaður og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Með bréfi 22. ágúst 1940 bar stefndi sig upp undan því, að áfrýjandi gerði sér ekki skil á bókaskuld, kr. 338.85. Hefði hann hvorki sinnt reikningum sínum né endursent sér bækur sínar, þegar þeirra var krafizt. Kvaðst stefndi þess vegna heimta greiðslu nefndrar fjárhæðar fyrir 14. sept. 1940 og afhenda málflytjanda sínum kröfuna til innheimtu að öðrum kosti. Þessu bréfi svaraði áfrýjandi ekki fyrr en með bréfi 10. okt. s. á., þar sem hann tjáist hafa afhent bókaleifar stefnda tilgreindum manni í Neskaupstað, sem Hið íslenzka bóksalafélag hafi ráðið til að taka við bókum félagsins úr sinni hendi, en áfrýjandi virðist þá hafa hætt bóksölu. Nú er stefndi ekki í bóksalafélaginu og þurfti því

ekki að sætta sig við það, að áfrýjandi vísaði honum þangað um skil í viðskiptum þeirra. Samkvæmt þessu og þar sem áfrýjandi hreyfði ekki í nefndu bréfi öðrum athugasemdum en nú var sagt við kröfum stefnda, var of seint að andmæla þeim síðar, og verður því að dæma hann til greiðslu þeirra. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Þar sem stefndi hefur ekki komið fyrir hæstarétt í máli þessu, fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur laugardaginn 10. maí 1941.

Mál þetta er höfðað hér fyrir bæjarþinginu samkvæmt heimild í 82. og 80. gr. laga nr. 85 1936 með stefnu útgefinni 20. marz s. l. af Snæbirni Jónssyni, bóksala hér í bæ, gegn Guðmundi Sigfússyni f. h. Verzlunar Sigfúsar Sveinssonar, Neskaupstað í Norðfirði, til vara gegn Guðmundi Sigfússyni sjálfum, en hann var staddur að Ásvallagötu 27 hér í bæ, þar sem stefna málsins var birt honum.

Gerir stefnandi þær réttarkröfur *aðallega*, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér kr. 317.45 fyrir bækur ásamt 6% ársvöxtum frá 20. marz s. l. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. *Til vara* krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér kr. 4.80 með vöxtum eins og áður segir, svo og til að skila óseldum bókum að viðlögðum hæfilegum dag- eða vikusektum til stefnanda, auk málskostnaðar eins og áður segir.

Stefndur kom ekki fyrir dóm, þegar málið var þingfest, og fékk stefnandi þá frest til málsútlistunar. Er málið kom næst fyrir rétt, var af hálfu stefnds óskað að taka til varna í málinu. Gegn andmælum stefnanda og þar sem ekki voru sönnuð lögmæt forföll af hendi stefnds, enda honum löglega stefnt, þá var stefndum neitað um að taka til varna og málið að kröfu stefnanda tekið til dóms. Þessari dómsákvörðun hefur stefndur síðan skotið til hæstaréttar, en hún var staðfest þar með dómi uppkveðnum 23. f. m.

Málið verður því dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og málsútlistun stefnanda. Varakrafan um dóm á hendur Guðmundi Sigfússyni persónulega hefur ekki verið rökstudd og verður því ekki tekin til athugunar.

Samkvæmt framlagðri verzlunarbók stefnanda og málsútlistun

hans hefur annar eigandi hinnar stefndu verzlunar, Sveinn Sigfússon, tekið út hjá stefnanda þann 11. júlí 1936 54. og 59. hefti af Worlds Classics, en andvirði þeirra nemur kr. 4.80. Stefna í málinu nr. 2/1941, sem rekið var hér fyrir bæjarþinginu út af sömu kröfum aðiljanna, en vísað var frá dómi þann 7. marz s. l., var birt þann 22. nóv. f. á., og er nefnd verzlunarskuldakrafa því ekki fallin niður fyrir fyrningu (sbr. 11. gr. laga nr. 14 1905). Krafa þessi verður því tekin til greina.

Eftirstöðvar aðalkröfunnar, kr. 312.65, er andvirði bóka, sem stefnandi hefur afhent stefndum til umboðssölu, en ekki fengið skil fyrir, að því er hann heldur fram. Þessa kröfu sína byggir stefnandi á ákvæðum viðskiptasamnings hins íslenzka bóksalafélags við bóksala (umboðsmenn), þar sem hann telur ákvæði hans *ríkjandi venju* í lögskiptum þeim, er hér um ræðir. Með því að þessari málsútlistum stefnanda er óhnekkt, eins og málið liggur fyrir, þykir ekki verða hjá því komizt að leggja hana til grundvallar að þessu leyti. Samkvæmt ákvæðum nefnds samnings þykir stefnandi eiga kröfu til andvirðis hinna óseldu bóka, er greinir á rskj. nr. 7, og verður því einnig að taka kröfu þessa til greina. Úrslit málsins verða því þau, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 5%. Málskostnað greiði stefndur stefnandanum með kr. 85.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Guðmundur Sigfússon f. h. Verzlunar Sigfúsar Sveinssonar, greiði stefnandanum, Snæbirni Jónssyni, kr. 317.45 með 5% ársvöxtum frá 20. marz 1941 til greiðsludags og kr. 85.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1941.

Nr. 88/1941. **Bogi Ólafsson** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Kristínu Sveinbjarnardóttur
(Gunnar Þorsteinsson).

Maður dæmdur til að rýma úr leiguíbúð.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. okt. þ. á., hefur krafizt sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi hennar fyrir báðum dómum. Stefnda krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stúlka sú, er áfrýjandi leigði herbergi af íbúð sinni í húsi stefndu, giftist þann 24. júlí 1939. Með vitund stefndu dvöldust hjón þessi í herberginu með eldhúsaðgangi þar til er áfrýjandi tjáði stefndu, að því er talið er í byrjun maímánaðar 1940, að nefnd hjón mundu þá fara úr húsinu næstkomandi 14. maí, og fékk stefndu þá til að lækka leiguna. En af því varð þó eigi, að hjónin færu úr herberginu. Þann 17. október 1940 ól framleigutaki barn. Stefnda sagði þvínæst leigusamningnum upp þann 7. febrúar 1941 frá 14. maí s. á. og á fundi húsaleigunefndar 26. marz s. á. greindi hún allar ástæður fyrir uppsögninni, þar á meðal ólöglega framleigu af hálfu áfrýjanda. Verður eigi talið, að stefnda hafi þurft þegar í stað eftir barnsburð framleigutaka að segja leigusamningi sínum við áfrýjanda upp, heldur hafi það verið nægilegt að segja áfrýjanda upp húsnæðinu vegna þess brots á leigusamningnum, er fólst í framleigu húsnæðisins til hjóna með barn í eftirdragi, með þeim hætti, sem sagt var. Ber samkvæmt þessu að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bogi Ólafsson, greiði stefndu, Kristínu Sveinbjarnardóttur, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1941.

Með leigusamningi undirrituðum 4. marz 1939 seldi stefnandi máls þessa, frú Kristín Sveinbjarnardóttir, Víðimel 36 hér í bæ, stefndum, Boga Ólafssyni, stýrimanni, s. st., á leigu íbúð í húsi sínu nr. 36 við Víðimel hér í bænum. Var íbúð þessi 3 herbergi og eldhús á efri hæð hússins. Var fyrsta leigutímabilið ákveðið eitt ár frá 14. maí 1939 að telja, og framlengdist leigan síðan að því liðnu. Með bréfi dags. 7. febrúar 1941 sagði stefnandi stefndum upp íbúðinni frá 14. maí 1941 að telja. Færðist stefndur undan að hlíta uppsögninni, og var því ágreiningnum um lögmæti hennar skotið til húsaleigunefndar með bréfi dagsettu 25. marz 1941. Féll úrskurður nefndarinnar 3. maí 1941 á þá leið, að stefndum væri óskylt að rýma íbúðina.

Með stefnu í máli þessu útgefinni 27. maí 1941 skaut stefnandi þessum úrskurði til bæjarþingsins. Var málið munnlega flutt þ. 10. þ. m. og dómtekið s. d. Eru réttarkröfur stefnanda þær, að úrskurður nefndarinnar verði ómerktur og stefndur skyldaður til að rýma fyrrgreinda íbúð svo og til að greiða kostnað af máli þessu samkvæmt mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því: 1) að hún hafi ætlað að nota íbúð stefnds til eigin íbúðar, enda hafi hún þurft þess með, 2) stefndur hafi brotið ákvæði húsaleigusamningsins a) með því að neita að taka hlutfallslegan þátt í ræstingu ganga og stiga við aðra íbúa hússins og b) með því að framleigja fjölskyldu hluta íbúðar sinnar án samþykkis leigusala (stefnanda).

Um 1. Stefnandi hafði sjálf til íbúðar neðri hæð húss síns, þegar hún sagði stefndum upp, og þykja ekki liggja fyrir sannanir um það í máli þessu, að nein nauðsyn hafi verið fyrir hana að flytja í íbúð stefnds, enda hefði hún, ef svo hefði verið, átt að bjóða stefndum neðri hæðina í stað þess að leigja hana öðru fólki óviðkomandi, eins og hún mun hafa gert. Tekst þessi sóknarástæða stefnanda því ekki til greina.

Um 2 a. Ágreiningur virðist um tíma hafa verið með stefnanda

og konu stefnds um ræstingu stiga og ganga og kona stefnds hafa neitað að taka hlutfallslegan þátt í þessu. Þetta mun þó hafa jafnazt fljótlega, enda ekki lögð áherzla á þetta atriði í flutningi málsins. Verður þessari sóknarástæðu því ekki heldur sinnt.

Um 2 b. Ákvæði er um það í fyrrgreindum húsaleigusamningi, að stefndum skuli heimilt að leigja einhleypum einstök herbergi af íbúð sinni á sína ábyrgð. Leigði stefndur þegar saumakonu nokkurri eitt herbergi. Nokkru eftir að saumakonan flutti inn, fór unnusti hennar, er var sjómaður og því sjaldan heima, að búa hjá henni. Að þessu mun stefnandi ekki hafa komizt fyrr en eftir 1. október 1939. Lét hún það óátalið þá, að því er bezt verður séð. Snemma árs 1940 veiktist stefnandi alvarlega og lá sjúk í um það bil 7 mánuði, ýmist í sjúkrahúsi eða heima. Þetta tímabil mun stefnandi ekki hafa getað sinnt húsi sínu að neinu ráði vegna veikindanna.

Á þessum tíma virðist sú breyting hafa verið orðin á, að saumakonan og unnusti hennar hafi gengið að eigast og konan litlu síðar eða um það leyti hafa alið barn. Var þannig komið svo, að í íbúð stefnds voru nú orðnar tvær fjölskyldur. Telur stefnandi stefndan hafa rofið leigusamninginn með því að láta það viðgangast, að fjölskylda færi að búa í húsnæðinu með honum, þótt hann samkvæmt húsaleigusamningnum hefði aðeins rétt til að framleigja einhleypum einstök herbergi íbúðarinnar. Þessa vanefnd stefnds á leigusamningnum telur stefnandi svo verulega, að hún hafi heimilað fyrrgreinda uppsögn húsnæðisins.

Stefndur heldur því hins vegar fram, að stefnandi hafi með þögn sinni og afskiptaleysi svipt sig rétti til að nota sér þessa ástæðu til uppsagnar leigumálans.

Svo sem fyrr er greint, komst stefnandi fyrst eftir 1. október 1939 að því, að unnusti saumakonunnar var farinn að búa hjá henni. Mun hún hafa sætt sig við þetta mótbárulaust, sökum þess að það hefur ekki valdið henni óþægindum, enda mun maðurinn lítt hafa verið heima. Eftir að stefnandi náði sér eftir fyrrgreind veikindi, var hins vegar orðin sú breyting á, að maðurinn var kvæntur saumakonunni og þau höfðu eignazt barn. Svona var málum háttað, er uppsögnin var gerð 7. febrúar 1941. Þegar tekið er tillit til þessara atvika allra, þykir stefnandi með afskiptaleysi sínu ekki hafa fyrirgert rétti sínum til að byggja uppsögn leigumálans á hérgreindri ástæðu. Verður því að fallast á það með henni, að uppsögnin hafi verið heimil, eins og á stóð, enda skiptir það stefnanda sem húseiganda verulegu máli, hvort stefndur leigði einhleypum manni, eins og samningurinn heimilaði honum, eða fjölskyldu, sem engin heimild var til í samningnum. Ber því að taka réttarkröfur stefnanda til greina og skylda stefndan til að rýma umrætt húsnæði.

Málskostnaður til handa stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.00.

„Því dæmist rétt vera:

Stefndum, Boga Ólafssyni, ber að rýma íbúð þá, er hann hefur haft á leigu á efri hæð húss stefnandans, Kristínar Sveinbjarnardóttur, Víðimel 36 hér í bænum.

Í málskostnað greiði stefndur stefnanda kr. 100.00

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1941.

Kærumálið nr. 6/1941. **Ebenhard Jónsson**

gegn

bæjarfógetanum á Akureyri f. h. ríkissjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Frávísunardóm þann, sem kærður er í máli þessu og ranglega er nefndur „úrskurður", hefur upp kveðið Stefán Stefánsson lögfræðingur, er var setudómari í málinu.

Kærður var frávísunardómur þessi 4. okt. þ. á., en skjöl málsins komu til hæstaréttar þann 18. þ. m. Aðiljar hafa enga greinargerð sent hæstarétti, en ætla má, að kærandi æski ómerkingar hinnar kærðu dómsathafnar.

Mál þetta höfðaði bæjarfógetinn á Akureyri samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra gegn kæranda til innheimtu tekjuskatts, en lögtaksréttur var fyrndur. Kröfu, er kærandi taldi sig eiga á hendur ríkissjóði, mátti kærandi höfða á varnarþingi, þar sem áður nefnt mál á hendur honum var sótt, samkvæmt 2. málsgr. 81. gr. laga nr. 85/1936, og stefnu var nægilegt að birta bæjarfógetanum á Akureyri samkvæmt 100. gr. sömu laga. Gagnsökin var því rétt höfðuð, og ber þess vegna að ómerkja hina kærðu dómsathöfn.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Eins og fyrr segir, hefur verulegur dráttur orðið á afgreiðslu þessa máls til hæstaréttar, og eigi hefur héraðsdómari dagsett staðfestingu dómsgerða. Verður hvorttveggja að átelja.

Því dæmist rétt vera:

Hin kærða dómsathöfn á að vera ómerk.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar, laugardaginn 4. október 1941.

Bæjarfógetinn á Akureyri hefur sem innheimtumaður manntalsþinggjalda á Akureyri höfðað aðalsök máls þessa gegn Ebenharð Jónssyni, fyrrum bifreiðaeftirlitsmanni á Akureyri, til heimilis í Laxagötu 3, Akureyri, til innheimtu manntalsþinggjalda frá árinu 1939 að upphæð kr. 63.80.

Aðalstefndur telur sig eiga kröfur að upphæð kr. 950.00 á hendur ríkissjóði Íslands. Hefur hann í máli þessu gagnstefnt bæjarfógetanum f. h. ríkissjóðs og krafizt skuldajafnaðar á kröfuupphæð aðalstefnanda, kr. 63.80, og sjálfstæðs dóms fyrir hinum hluta kröfu sinnar. Aðalstefnandi heldur því fram, að sig skorti umboð til að vera í fyrirsvari fyrir ríkissjóð um fjárkröfur á hendur sjóðnum, þar á meðal kröfu gagnstefnanda. Sé því eigi rétt stefnt í gagnsökinni. Krefst aðalstefnandi frávísunar gagnsakar á þessum grundvelli.

Gagnstefnandi heldur því hins vegar fram, að þar sem um samkynja kröfur sé að ræða, sem báðar varði hagsmuni ríkissjóðs, og þar sem aðalstefnandi hafi á sínum tíma átt að greiða sér hina umstefndu gagnkröfu (kaup bifreiðareftirlitsmanns), þá hljóti að vera rétt að stefna bæjarfógeta f. h. ríkissjóðs.

Hefur frávísunarkrafan verið lögð undir sérstakan úrskurð.

Rétturinn verður að fallast á með aðalstefnanda, að bæjarfógeti geti eigi verið í fyrirsvari fyrir ríkissjóð um kröfu þá, sem gagnstefnt er um. Af því leiðir, að eigi er gagnstefnt lögfullum aðilja, og ber því að taka frávísunarkröfuna til greina.

Aðalstefnandi hefur krafizt, að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 150 í málskostnað vegna gagnsakarinnar eða að dómarinn ákveði málskostnað vegna hennar.

Samkvæmt 180. og 181. gr. laga um meðferð einkamála í héraði ber að taka til greina kröfu aðalstefnanda um að fá tildæmdan málskostnað, og þykir hann eftir öllum atvikum hæfilega ákveðinn kr. 75.00.

Því úrskurðast:

Gagnsök frávísast.

Gagnstefnandi greiði aðalstefnda kr. 75.00 í málskostnað innan 15 sólarhringa frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. nóvember 1941.

Nr. 74/1939. **Guðni A. Jónsson**
gegn
M. Skurnik.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðni A. Jónsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, M. Skurnik, sem hefur látið mæta í málinu og krafizt ómaksbóta, 120 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. nóvember 1941.

Nr. 75/1939. **Guðni A. Jónsson**
gegn
Hermann Seitter.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðni A. Jónsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 28. nóvember 1941.

Nr. 79/1939. **Gunnlaugur Kristmundsson**
gegn
Fiskiveiðahlutafélaginu Höfrungi.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur Kristmundsson, sem eigi mætir í málinu greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 28. nóvember 1941.

Nr. 4/1941. **Þórunn Snorradóttir og Ólafur M. Jónsson**
gegn
Fiskiveiðasjóði Íslands og Ársæli Sveinssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Þórunn Snorradóttir og Ólafur M. Jónsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 3. desember 1941.

Nr. 94/1941. **Magnús Andrésson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Kristján Guðlaugsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Innheimta skattgjalda.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er upp kveðinn af Bjarna Pálssyni fulltrúa lögmanns.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. nóvember þ. á., krefst þess, aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um lögtak á hendur honum, en til vara, að útgerðarstarfsemi sú, er í máli þessu getur, verði talin sjálfstæður skattaðili frá áramótunum 1939 og 1940 til 23. apríl 1940, er þá væri skattskyldur um kr. 85160.00, og að áfrýjanda verði þá einungis skylt að sæta lögtaki fyrir þeim hluta af þessari fjárhæð, er svarar til ágóðahluta hans af greindri starfsemi nefnt tímabil. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

S/f Grímur fékk áfrýjanda til umráða m/s Eldborgu til flutnings ísfisks til Englands gegn ákveðinni fastri greiðslu fyrir hverja ferð og ákveðnum hluta þess hagnaðar, sem verða kynni af flutningi ísfisks þangað og farmflutningi þaðan til Íslands. Ekkert er annað upp komið um afskipti s/f Gríms af rekstri þessarar útgerðar skipsins. Áfrýjandi tók síðan þá Hafstein Bergþórsson og Ingvar Vilhjálmsson í félagsskap við sig um þessa útgerð e/s Eldborgar, þannig að þeir þrír skyldu taka þátt í kostnaði og hagnaði af nefndri útgerð áfrýjanda að einum þriðja hluta hver. S/f Grímur hafði engin afskipti af þessum samningi þeirra þremenninga, þótt stjórn þess félags vissi um hann, og í engu breyttust við samning þenna viðskipti áfrýjanda og s/f Gríms varðandi útgerð m/s Eldborgar. Með þeim lögskiptum, sem nú voru greind, virðist ekki hafa stofnazt slíkt félag með þeim Hafsteini Bergþórssyni, Ingvari Vilhjálmssyni og s/f Grími, að rétt sé að skattleggja þessa þrjá aðilja og áfrýjanda sameiginlega vegna greindrar útgerðarstarfsemi. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang lögtaksins.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 30. okt. 1941.

Árið 1941 lagði skattstjórinn í Reykjavík á „Útgerð m/s Eldborg" c/o Magnús Andrésson, Fjölnisveg 13 hér í bæ, kr. 110148.80 í tekju- og eignarskatt og kr. 55277.50 í stríðsgróðaskatt, sem með 10% skattauka á tekju- og eignarskattinn, eða kr. 11014.88, nemur samtals kr. 176441.18. Upphæð þessi féll í gjalddaga á manntalsþingi í Reykjavík 15. ágústmánaðar s. l., en nokkru síðar tilkynnti gerðarþoli tollstjóranum, að hann myndi ekki greiða upphæð þessa án úrskurðar dómstólanna, og beiddist tollstjórinn þá lögtaks hjá gerðarþola hinn 1. október s. l., sbr. rjskj. nr. 1, og hefur málið verið sótt og varið hér fyrir réttinum og var tekið til úrskurðar 24. þ. m.

Aðiljar hafa gert í málinu þær kröfur, sem hér segir:

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess *aðallega*, að lögtakið nái fram að ganga fyrir allri þinggjaldskröfunni, en *til vara*, að lögtakið nái fram að ganga fyrir nokkrum hluta hennar, sbr. rjskj. nr. 8. Umboðsmaður gerðarþola mótmælir framgangi lögtaksins í heild, en hefur fyrir sitt leyti samþykkt að varakrafa verði tekin til úrskurðar af réttinum. Umboðsmenn beggja aðilja hafa krafizt málskostnaðar sér til handa.

Málavextir eru þessir:

Hinn 26. okt. 1939 tekur Magnús Andrésson m/s Eldborg á tímaleigu af eigendum skipsins, og er þá samið um, að skipið fari eina ferð til Englands með ísvarinn fisk. Fyrir þá ferð var aðeins krafizt ákveðinnar upphæðar og skipseigandi tók engan þátt í hagnaði af fisksölunni. Hinn 29. desember 1939 er þessi samningur framlengdur, og eru þá gerðar á honum ýmsar breytingar, meðal annars áskilur skipseigandi sér helming af þeim hagnaði, sem á ísfisksölunni kann að verða, án þess þó að taka þátt í tapi, en jafna má þó tap, sem verða kann á einni ferð, yfir á aðrar ferðir, þegar reikna skal út heildarhagnað skipseiganda. Þessi samningur er síðan framlengdur tvisvar, í fyrra skiptið 23. febrúar 1940 og í síðara skiptið 29. apríl s. á., og eru þá gerðar á honum litlar breytingar aðrar en þær, að hagnaðarhluti skipseiganda er hækkaður að mun. Hinn 4. janúar 1940 gerir Magnús Andrésson samning við þá Hafstein Bergþórsson og Ingvar Vilhjálmsson, og ganga þeir tveir þar inn í samning Magnúsar um Eldborg frá 29. desember 1939, þannig að hver þeirra þremenninganna ábyrgist að ⅓ hluta fullnustu þess samnings. Samningsaðiljum ber að leggja fram hverjum

fyrir sig þriðja hluta þess fjár, er til fyrirtækisins þarf, enda beri þeir hagnað og tap í sömu hlutföllum. Þeir Hafsteinn og Ingvar komu þannig ekki fram sem beinir samningsaðilar gagnvart eigendum skipsins, en þó er viðurkennt, að stjórnendum sameignarfélagsins Grims hafi verið kunnugt um þessa samningsgerð. Hinn 23. apríl 1940 kveður gerðarþoli þá þremenningana hafa slitið samtökum sínum, og hafði Eldborg þá farið fimm ferðir út á þeirra vegum. Eftir það hafi skipið farið þrjár ferðir til Englands á vegum Magnúsar og eiganda þess eingöngu.

Mótmæli gerðarþola gegn framgangi lögtaksins eru byggð á því:

1. *að* 3. gr. skattalaganna taki eigi til slíkra samtaka, sem hér um ræðir,
2. *að* jafnvel þótt svo verði litið á, hafi aðiljarnir í samtökum þessum ekki verið raunverulega fleiri en 3 og eigi því rétt á því, að skatturinn sé lagður á þá hvern fyrir sig persónulega samkv. 5. mgr. 3. gr. skattalaganna.
3. *að* gerðarþoli beri ekki ábyrgð nema á nokkrum hluta skattsins, miðað við þær tekjur, sem hann hafi haft af félagsrekstrinum,
4. *að* félagsskap þeirra þremenninganna hafi verið slitið hinn 23. apríl 1940, og sé í öllu falli ekki rétt að leggja sameiginlegan skatt á félagið nema fram til þess tíma.

Um 1) Í 3. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935 um tekju- og eignarskatt segir svo undir staflið c, að tekjuskatt skuli greiða „önnur félög ..., sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi ...", sbr. reglugerð nr. 133 28. desember 1936, 4. gr., 3. staflið, og í 15. gr. sömu laga segir, að eignarskatt skuli allir þeir greiða, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign eða eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af eftir lögunum. Kemur þá hér til álita, hvort þau samtök, sem hér um ræðir, séu félag í merkingu skattalaganna. Lögin skýrgreina ekki, hvað er átt við með orðunum „önnur félög", hvort þar er einungis átt við félög í merkingu félagaréttarins, eða einnig um önnur samtök. En af eðli þeirra samtaka, sem hér um ræðir, verður séð, að um samningsbundna, fjármunalega samvinnu ákveðinna manna að sameiginlegu marki er að ræða, og falla því samtökin undir skýrgreiningu félagaréttarins á félagi í víðtækustu merkingu. Þar eð samtökin beindust auk þess að því að afla ágóða til skiptingar meðal félagsmanna, verður að álíta, að skattalögunum sé einmitt ætlað að ná til slíkra samtaka, og sé því hér um að ræða félag, sem skattskylt er eftir 3. gr., staflið c, tekju- og eignarskattslaganna. Gerðarþoli hefur að vísu haldið því fram, að samtökin hafi verið of losaraleg til þess að geta talizt félag, og auk þess hafi þau aðeins verið gerð til bráðabirgða. Á þetta verður ekki fallizt. Samtökin voru milli ákveðinna aðilja og beindust að ákveðnu marki og því marki var náð.

Um 2) Með áðurnefndum framhaldsssamningi, dags. 20. desember 1939, setur skipseigandi það ákvæði inn í tímaleigusamninginn, að helmingur hagnaðarins af ísfisksölunni skuli renna til hans, og ef fleiri ferðir verði farnar, megi jafna tapi og gróða, sem verða kunni á einni ferð, yfir á aðrar ferðir, en þó tekur skipseigandi ekki þátt í heildartapi, sem verða kann á fisksölunni. Með viðbótarákvæði þessu gerir skipseigandi þannig tilkall til hlutdeildar í heildarhagnaðinum og verður því að skoðast sem þátttakandi í fyrrnefndum félagssamtökum, enda var afgjaldið fyrir timaleigunni jafnframt hækkað. Með samningi þeirra þremenninganna nokkrum dögum seinna eru þátttakendurnir þá orðnir fleiri en 3, enda þótt skipseigandi sé ekki fullábyrgur félagi, og áttu þeir því af þeirri ástæðu ekki heimtingu á að tekju- og eignarskatturinn væri lagður á þá persónulega.

Um 3) Engin ástæða virðist vera hér fyrir hendi, er réttlætt gæti þá kröfu gerðarþola, að ábyrgð hans sé ákveðin „pro rata". Skipting taps og gróða í ákveðin hlutföll meðal þremenninganna, sbr. rskj. nr. 5, verður að skoðast sem ákvæði, er snertir aðeins afstöðu þeirra innbyrðis, enda liggur ekkert fyrir í málinu, sem bent gæti til annars en að ábyrgð þremenninganna sé bein og persónuleg.

Um 4) Eins og áður er sagt, heldur gerðarþoli því fram, að þeir þremenningarnir hafi slitið félagsskap sínum 23. apríl 1940. Eftir þann tíma hafi skipið farið 3 ferðir til Englands fyrir reikning hans og skipseiganda. Umboðsmaður gerðarbeiðanda fullyrðir aftur á móti, að ekkert hafi verið tekið fram um þetta, er rekstrarreikningur sá, er hér liggur fyrir á rskj. nr. 6, var lagður fram á skattstofunni. Hafi hún haft fulla ástæðu til að halda, að sömu aðiljar hafi tekið þátt í samtökunum allt árið, en arðinum verið skipt milli þeirra, eins og rekstrarreikningurinn sýnir. Gegn eindregnum mótmælum umboðsmanns gerðarbeiðanda verður krafa þessi ekki tekin til greina.

Úrslit málsins fyrir réttinum verða þá samkvæmt framansögðu þau, að hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga að öllu leyti. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 5. desember 1941.

Nr. 33/1941. **Réttvísin** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Alfred Gunnari Sæmundssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Sýknað af ákæru fyrir brot á 177. og 244. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Jóhann Salberg Guðmundsson, þá settur sýslumaður í Strandasýslu.

Vírspotti sá, sem ákærður er sakaður um að hafa tekið ófrjálsri hendi, hafði í maí 1938 verið vegna skemmda af ís tekinn upp af mararbotni og verið kastað á land og legið þar á staðnum í landareign ábýlisjarðar ákærða í algerðu hirðuleysi, enda undirorpinn frekari spjöllum og ónýtingu af völdum lofts og raka. Það verður því að leggja sögn ákærða um það, að hann hafi talið vír þenna landssímanum verðlausan hlut, er fleygt hefði verið, til grundvallar úrslitum sakar þessarar. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærða af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Framannefndur vírspotti hafði, sem fyrr segir, verið tekinn úr sæsímanum vegna skemmda og hafði síðan legið á landi í hirðuleysi og spillzt enn meira. Engin virðing á vírspottanum hefur fram farið og engar sönnur eru að því leiddar, að landssíminn hefði getað notað vírinn til viðgerðar sæsíma eða annars. Samþykki ákærða á skaðabótakröfu landssímans verður því talið af misskilningi hans veitt og verður eigi talið binda hann, eins og á stóð.

Ber samkvæmt framanskráðu að alsýkna ákærða í máli þessu.

Sakarkostnaður allur bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 120.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Alfred Gunnar Sæmundsson, á að vera sýkn af ákærum réttvísinnar og skaðabótakröfu í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 120 krónur til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukaréttar Strandasýslu 23. nóv. 1940.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Alfreð Gunnari Sæmundssyni, Kambi í Árneshreppi, fyrir brot gegn XIX. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og lögum nr. 25 16. nóv. 1907 um vernd ritsíma og talsíma neðansjávar.

Ákærður, sem er fæddur 6. sept. 1915, er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur eigi, svo að vitað sé, áður sætt ákæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Í maí 1938 var tekinn bútur af sæsímanum yfir Reykjarfjörð vegna bilunar af völdum íss, og var þessi aftekni sæsímabútur látinn á land upp og skilinn eftir hjá sæsímastaur við sunnanverðan Reykjafjörð í svonefndri Birgisvík í Kambslandi. Samkvæmt skýrslu póst- og símamálastjóra, sem aftur styðst við skýrslu stöðvarstjórans í Djúpavík, var bútur þessi talinn vera um 50 m. langur, en þar af um 10 m. ónýtt vegna mars. Skyldi sæsímabútur þessi hringaður niður við sæsímastaur þann, er fyrr greinir. Nú í haust bilaði sæsíminn yfir Reykjafjörð, og skyldi þá taka til bráðabirgðaviðgerðar sæsímabút þann, er upp hafði verið tekinn í maí 1938. Kom þá í ljós, að hann var horfinn.

Valdur að hvarfi þessa sæsímastrengs reyndist vera ákærður í máli þessu, Alfreð Sæmundsson. Hann hefur skýrt svo frá, að í maímánuði s. l. hafi hann vanhagað mjög um girðingarvír, sem hann árangurslaust hafi reynt að útvega sér með frjálsum hætti. Hafi honum þá komið í hug sæsímastrengurinn, sem var við staurinn í Birgisvík, og hafi hann ákveðið að taka hann og nota í stað gaddavírs um túnið á Kambi. Hafi ákærður því farið með bróður sínum Guðbrandi, 18 ára að aldri, sem hann hafi fengið með sér, ofan í Birgisvík, til þess að sækja sæsímabútinn. Ákærður hefur sagt, að sæsímastrengur þessi hafi, er að honum kom, að nokkru leyti verið hringaður niður við sæsímastaurinn þar, en nokkuð mikið af strengnum hafi legið óniðurhringað í bugðum eftir malarkambinum og upp með götutroðningi, sem þarna er. Kveðst ákærður hafa sagað í sundur sæsímastrenginn, og hafi þeir bræður borið sinn hvor bútinn heim að Kambi. Er heim kom, röktu þeir í sundur bútana til þess að ná úr þeim járnvírnum, sem í þeim var. Reyndist járnvírinn í öðrum þeirra með öllu ónothæfur vegna ryðs, hefur

ákærður borið, og var sá bútur látinn ónotaður, en koparþráðinn kveðst hann hafa rakið úr þeim streng. Lengd þessa búts segir ákærður muni hafa verið um 14—15 metra. Hinum bútnum gat ákærður náð járnvírnum úr og notað vírinn í girðingu um túnið á Kambi. Úr þeim bút dró hann einnig koparþráðinn, þann bút segir hann hafa verið um 13 m. langan. Koparþráðinn kveðst ákærður að nokkru hafa notað í loftnet við útvarpsviðtæki, eða 3—4 faðma, en afganginn veit hann ekkert um og heldur týndan, nema 1—2 faðma, er muni vera til á Kambi.

Ákærður hefur haldið því fram, að allur þessi sæsímastrengur, er hann tók í maí s. l., hafi verið mjög illa útlítandi, tjöruvaf dottið utan af honum og járnvírinn nokkuð ryðgaður, nema 3—4 faðmar, er hann telur hafa verið alveg óskemmda.

Ákærður hefur viðurkennt, að hann hafi vitað, er hann tók sæsímastrenginn í vor, að landssíminn væri eigandi hans. En hann kveðst hafa haldið, að strengur þessi væri alveg ónýtur og myndi ekki ætlaður til neins gagns framvegis. Kveðst ákærður nánast hafa litið á streng þenna sem hlut, er hefði verið kastað og heimill væri þeim, er hirða vildu.

Hreppstjóri Árneshrepps hefur farið að Kambi að tilhlutun dómarans, eftir að mál þetta var kært, og hefur hann mælt strengi þá, sem eru þar enn til. Reyndist það, sem notað var í girðinguna, 13½ m., en ósundurrakti strengurinn 15½ m. að lengd, eða alls 29 metrar. Þetta mál á strengnum bar hreppstjórinn undir stöðvarstjórann í Djúpavík, og hefur hann ekki mótmælt því.

Samkvæmt þessu verður að telja það sannað í málinu, að ákærður hafi í heimildarleysi tekið og kastað eign sinni á a. m. k. 29 metra langan sæsímabút, sem landssíminn átti við sæsímastaur í Birgisvík í Reykjafirði, og ónýtt með öllu.

Það verður að vísu eigi talið sannað, að taka og ónýting strengs þessa hafi beinlínis gert ómögulega aðgerð á sæsímanum yfir Reykjarfjörð, þó að svo hefði vel getað orðið.

Með framangreindu athæfi sínu hefur ákærður gerzt sekur við 177. og 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin, eftir atvikum, 4 mánaða fangelsi. En fullnustu refsingarinnar þykir rétt að fresta og láta falla niður að 5 árum liðnum, ef ákærður verður eigi sekur um refsivert brot á þeim tíma, sbr. 56. gr. hegnl.

Þá greiði ákærður og allan kostnað sakarinnar í héraði.

Ákærður hefur fallizt á skaðabótakröfu landssímans, kr. 120.00, samkvæmt kröfu póst- og símamálastjóra.

Óþarfa dráttur hefur enginn orðið á máli þessu.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Alfreð Gunnar Sæmundsson, sæti 4 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærður verður eigi sekur um refsivert brot á þeim tíma.

Ákærður greiði 120 kr. skaðabætur til Landssíma Íslands. Svo greiði ákærður og allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1941.

Nr. 34/1940. **Johan Gerhard Ole Ellerup** (Lárus Fjeldsted)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Lárus Jóhannesson)
og
Hjálmari Vilhjálmssyni, bæjarfógeta
(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju.

Dómur hæstaréttar.

Sunnudaginn 6. ágúst 1939, laust fyrir kl. 2 síðd., kom eldur upp í kjallara lyfjabúðarinnar á Seyðisfirði. Brunaliði kaupstaðarins heppnaðist að hefta útbreiðslu eldsins, og tekizt hafði því að slökkva hann að fullu um kl. 4 síðd. Bitar og loft kjallarans höfðu brunnið nokkuð og sviðnað á tveimur stöðum, en önnur spjöll af völdum brunans virðast ekki hafa verið mikil. Kjallari hússins er steinsteyptur, en að öðru leyti er það byggt úr timbri, þar á meðal loft og gólf.

Daginn eftir, þann 7. ágúst, kvaddi bæjarfógetinn á Seyðisfirði, Hjálmar Vilhjálmsson, þrjá menn, slökkviliðsstjórann, rafveitustjórann og lögregluþjón, til þess að framkvæma skoðunargerð á brunastaðnum. Skýrsla skoðunarmanna, sem er dagsett sama dag, er í aðalatriðum sem hér segir:

Einar útidyr eru á kjallara lyfjabúðarinnar. Er fyrst komið inn í svo nefndan fremri kjallara, sem aðgreindur er með steinsteyptum skilvegg frá innri kjallaranum (aðalkjallar-

anum). Eru einar dyr á skilveggnum. Tréstigi er í innri kjallara upp á hæðina fyrir ofan, þar sem lyfjabúðin er.

Í fremri kjallaranum hafði umbúðakössum úr tré verið hlaðið frá gólfi til lofts. Í þeim var tréull og umbúðapappír. Kassar þessir voru hálfbrunnir ofan frá og niður fyrir miðju. Yfir kössunum hafði loft og bitar brunnið nokkuð og sviðnað. Rafleiðslustrengur liggur úr innri kjallaranum inn í fremri kjallarann eftir kjallaraloftinu. Greinist leiðslan þar í járndós til tveggja lampastæða og auk þess að einum slökkvara. Brunaspjöllin á loftinu eru á milli lampastæðanna. Blý utan af raflögninni að öðru lampastæðinu var brætt af á 10 cm svæði, en vírinn heill eftir. Kveða skoðunarmennirnir ekki líklegt, að eldurinn hafi kviknað frá rafleiðslunni, en líkur bendi til, að hann hafi komið upp ofarlega í trékössunum eða rusli því, sem í þeim var. Rafveitustjórinn tekur það sérstaklega fram, að hann telji „alveg útilokað, að bruni hafi getað orsakazt frá rafurmagni á þessum stað."

Í innri kjallaranum er salerni úr timbri í öðru horninu við útvegg og skilvegg. Utan á timburvegg salernisins er festur afriðill uppi undir lofti, sem notaður er til þess að hlaða með rafgeyma. Rafleiðslutaug að afriðlinum er í stálpípum. Niður úr afriðlinum liggja tvær raftaugar með klemmum á til að festa á rafgeymana. Klemmur þessar lágu á 75 cm. háum blaðahlaða, er stóð á gólfinu við nefndan timburvegg. Blaðahlaða þenna kveða skoðunarmenn vera nokkuð sviðinn og brunninn, aðallega efst, þar sem klemmurnar lágu. Einnig hafi rafleiðslurnar brunnið og sviðnað nokkuð upp eftir, og loft og veggir hafi sviðnað lítils háttar í nánd við blaðahlaðann. Er það álit skoðunarmanna, að upptök elds á þessum stað hafi ekki getað stafað frá rafleiðslunni, þar sem öryggi hafi verið heil og hleðslustraumur að afriðlinum rofinn.

Um sambandið milli brunastaðanna segir svo í skoðunargerðinni:

„Við teljum alveg óhugsandi og útilokað, að eldur hafi getað borizt á milli brunastaða þessara, þannig að eldur á öðrum staðnum hafi getað orsakað eld í hinum. Hefur því kviknað í húsinu á tveimur stöðum nærri samtímis."

Þann 8. ágúst s. á. skoðaði og eftirlitsmaður raflagna í þjónustu rafmagnseftirlits ríkisins brunastaðinn að tilhlutun bæjarfógeta. Kvað hann ekkert hafa komið í ljós við skoðunina, er bent gæti til þess, að kviknað hafi í út frá raflögninni.

Bæjarfógetinn hóf réttarrannsókn út af eldsuppkomunni þann 8. ágúst 1939, og að kvöldi þess dags úrskurðaði hann eiganda lyfjabúðarinnar, Johan Gerhard Ole Ellerup, í gæzluvarðhald um óákveðinn tíma. Hélt bæjarfógetinn prófum áfram næstu daga, og þann 12. s. m., kl. 2,30 árd., var Johan Ellerup leystur úr gæzluvarðhaldi, með því að öll helztu vitni höfðu þá verið yfirheyrð og skilyrði fyrir lengri gæzluvarðhaldsvist ekki talin vera fyrir hendi, en bannað var honum jafnframt að fara burt úr lögsagnarumdæminu fyrst um sinn án leyfis lögreglustjóra. Neitaði Ellerup því ákveðið, að hann hafi átt nokkurn hlut að verki um eldsuppkomuna né að vita til orsaka hennar. Lauk réttarprófum þann 15. ágúst 1939, án þess að nokkuð yrði vist um orsakir eldsuppkomunnar. Þann 23. s. m. sendi bæjarfógetinn dómsmálaráðuneytinu afrit af prófunum. Ráðuneytið sendi rafmagnseftirliti ríkisins málið til umsagnar þann 8. sept. s. á. Hafði forstöðumaður rafmagnseftirlitsins sjálfur skoðað brunastaðinn 14. og 15. ágúst s. á., er hann var á ferð á Seyðisfirði. Í skýrslu sinni til ráðuneytisins, dags. 12. sept. s. á., kemst forstöðumaðurinn að þeirri niðurstöðu, „að ekki sé útilokað, að bruninn í kjallara lyfjabúðarinnar á Seyðisfirði h. 6. f. m. hafi orsakazt af rafmagni.“ Í bréfi til bæjarfógetans þann 8. nóv. 1939 ákvað dómsmálaráðuneytið, að frekara skyldi ekki gert í málinu að svo stöddu. Tilkynnti bæjarfógetinn Johan Ellerup þessa ákvörðun ráðuneytisins í bréfi 30. nóv. s. á. og tjáði honum jafnframt, að bannið við brottför hans úr lögsagnarumdæminu væri hafið.

Johan Ellerup hefur nú með stefnu 7. maí 1940 höfðað mál þetta fyrir hæstarétti samkvæmt 3. gr. laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. nr. 28 frá 1893, sbr. 32. gr. laga um hæstarétt nr. 112 frá 1935, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og krafizt þess, að honum verði dæmdar úr ríkissjóði kr. 10000.00 eða önnur lægri fjárhæð eftir

mati dómsins í bætur fyrir spjöll á atvinnu og lánstrausti, þjáningu, skapraun og álitshnekki, er gæzluvarðhaldið hafi bakað honum. Svo krefst hann og sér til handa málskostnaðar úr ríkissjóði eftir mati hæstaréttar. Þá hefur stefnandi og stefnt Hjálmari Vilhjálmssyni bæjarfógeta og krafizt þess, að hann verði víttur fyrir uppkvaðningu gæzluvarðhaldsúrskurðarins.

Hinir stefndu krefjast báðir sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi bjó sjálfur í lyfjabúðarhúsinu ásamt konu sinni og börnum. Þann 6. ágúst, þegar í húsinu kviknaði, var kona stefnanda ekki á Seyðisfirði. Börn stefnanda og þjónustustúlkur höfðu farið að heiman að loknum hádegisverði, og sjálfur fór stefnandi skömmu síðar að heiman, eða um kl. 1,30 síðd. Varð þá enginn eftir í húsinu, nema ein afgreiðslustúlka í lyfjabúð. Ekki er upplýst, að stefnandi hafi gengið um kjallarann, áður en hann fór að heiman.

Hús stefnanda var vátryggt fyrir kr. 48000.00, húsmunir fyrir kr. 15000.00, vörubirgðir og áhöld fyrir kr. 30000.00 og kaffibrennsluáhöld fyrir kr. 5000.00. Vátrygging húsmuna og vörubirgða hafði haldizt óbreytt frá 1932—1934, og hafði stefnandi þó eftir þann tíma stofnað til iðnrekstrar (efnagerðar) í húsi sínu, er hann kveður hafa valdið aukningu vörubirgða. Vátrygging hússins hafði haldizt óbreytt frá 1935, en þá hafði hún lækkað. Var áður kr. 56000.00.

Rannsókn um verðmæti þau, sem voru í hættu, og efnahag stefnanda yfirleitt var ekki eins ýtarleg og æskilegt hefði verið. En eftir því sem upp hefur komið í málinu um þau atriði, virðist bruni hússins ekki mundu hafa orðið stefnanda til hags. Líklegra verður að telja, að hann hefði beðið tjón af brunanum, sérstaklega þegar til þess er litið, að hann hafði iðnrekstur í húsinu og margt fastráðinna starfsmanna, en ekki vátryggt fyrir tjóni af rekstrarstöðvun, hvorki að því er lyfsöluna né iðnreksturinn varðaði. Afkoma atvinnurekstrar stefnanda um undanfarin ár fyrir 1939 gefur ekki heldur neina ástæðu til að ætla, að hann hafi af fjárhagsástæðum gripið til þeirra örþrifaráða að kveikja í húsi sínu. Og þar sem ekki er sýnt, að stefnandi hafi haft nokkra

ástæðu til slíks verknaðar, en bruninn kann að hafa stafað af bilun raflagnar, eins og fyrr segir, þá verður að telja svo sennilegt, að hann sé saklaus af verknaðinum, að skilyrði bótaréttar samkvæmt 1. gr. fyrrgreindra laga nr. 28 frá 1893 séu fyrir hendi. Teljast bæturnar hæfilega ákveðnar kr. 2000.00. Svo ber og að dæma stefnanda málskostnað úr ríkissjóði, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Eins og atvikum var háttað í upphafi réttarrannsóknar þann 8. ágúst 1939, var réttmæt sú ákvörðun hins stefnda bæjarfógeta að úrskurða stefnanda í gæzluvarðhald og halda honum þar, meðan helztu vitni voru yfirheyrð og rannsókn á brunastaðnum framkvæmd. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í málinu og dæma honum málskostnað úr hendi stefnanda, er ákveðst 500 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Hjálmar Vilhjálmsson bæjarfógeti á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Johan Gerhard Ole Ellerups, í máli þessu, og greiði stefnandi honum 500 krónur í málskostnað.

Stefndi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiði stefnanda kr. 2000.00 og kr. 1500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. desember 1941.

Nr. 87/1941. **Sveinn B. Valfells f. h. Sturlu Friðrikssonar** (Sigurgeir Sigurjónsson) gegn **Davíð Þorsteinssyni** (Pétur Magnússon).

Setudómari prof. Gunnar Thoroddsen í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Landamerkjamál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, ásamt samdómsmönnum Andrési Eyjólfssyni og Þóri Steinþórssyni.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. okt. þ. á., krefst ómerkingar á hinum áfrýjaða dómi og heimvísunar málsins til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það hefur ekki verið í ljós leitt, að merkjalækurinn milli Veiðilækjar og Einifells hafi breytt um farveg frá því merkjaskráin var gerð 1890 né að grjóteyrin fyrir ofan lónið, sem lækurinn rennur um, hafi orðið til á þessu tímabili, enda eru vætti, sem fram hafa verið færð, ýmist óskýr eða ósamhljóða sín á milli. Ber þess vegna að staðfesta héraðsdóminn að öllu leyti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 5. sept. 1941.

Mál þetta er höfðað samkvæmt beiðni stefnanda í bréfi dags. 12. ágúst 1940, þingfest 2% 1940, áreið gerð 24. s. m. og tekið til dóms í gær. Hefur flutningur málsins dregizt óhæfilega lengi, en mál-

færslumennirnir hafa gert þá grein fyrir drættinum, að hann stafi af því, að misfarist hafi uppdráttur, er gerður var af þrætusvæðinu.

Stefnandinn hefur lýst kröfum sínum á þessa leið:

1. Aðalkrafa: Að landamerki milli Einifells og Veiðilækjar við Norðurá verði ákveðin þannig, að merkjum ráði bein lína, dregin hornrétt á straum árinnar úr farvegi lækjarins í brekkunni, þar sem hann skiptir sér á grasbalanum.
2. Varakrafa: Að merkin verði ákveðin hornrétt lína á straum árinnar, dregin mitt á milli nyrðri og syðri farvegar lækjarins, þar sem straumvatnið brýtur grasbakkann.
3. Þrautavarakrafa: Að merkin verði ákveðin, þar sem dómnum þætti eðlilegast að þau væru.

Stefndur lýsir kröfum sínum á þessa leið:

Að lækur sá, er um getur í landamerkjaskrám Einifells og Veiðilækjar, ráði merkjum milli jarðanna, þar til straumlína árinnar tekur hann. Nánar tiltekið, að landamerki milli Einifells og Veiðilækjar séu eftir miðjum aðalfarvegi merkjalækjarins fyrir neðan Laxfoss, unz straumlína lækjarins sameinast straumlínu Norðurár.

Báðir krefjast málskostnaðar sér að skaðlausu.

Stefnandi rökstyður aðalkröfu sína með því að vísa til vottorða þeirra Þórarins Ólafssonar, Borgarnesi, Ólafs Ólafssonar, Akranesi, og Þórarins Sveinssonar, læknis í Reykjavík. En til stuðnings varakröfu sinni vísar hann til vottorða þeirra Gests Kristjánssonar, Þórarins Sveinssonar, Hauks Kristjánssonar og Friðriks Þórðarsonar. Loks hefur hann lagt fram á rskj. 4 og 13 tvær ljósmyndir af þrætusvæðinu, aðra tekna fyrir 15—16 árum, en hina sumarið 1940, er hann telur að styðji kröfur sínar.

Stefndur rökstyður kröfu sína með tilvísun í vottorð þeirra Einars Sigurðssonar, bónda á Höll og Sigurðar Sigurðssonar, vinnumanns á Veiðilæk. Ennfremur getur hann þess, að í júnímánuði 1937 hafi stefndur í máli þessu kvatt Jón Hallvarðsson, settan sýslumann í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, á þrætusvæðið til þess að athuga stíflu, er af manna völdum hefi verið sett í neðri farveg merkjalækjarins. Kveður hann hafa upplýstst, að drengir, er dvöldu á vegum Friðriks Jónssonar í sumarbústað hans við Laxfoss, hafi gert stíflu þessa, og hafi Friðrik í viðtali við sýslumann viðurkennt, að neðri farvegurinn réði merkjum milli jarðanna, og sérstaklega bendir hann á, að ef Friðrik hefði talið efri farveginn eiga að ráða merkjum, þá hefði verið sérstök ástæða fyrir hann af þessu tilefni að hefjast handa um höfðun landamerkjamáls. Loks bendir hann á, að allir staðhættir á þrætusvæðinu bendi til þess, að neðri farvegurinn hafi um marga undanfarna áratugi verið aðalfarvegur lækjarins. Tilgreinir hann þar, að sá farvegur er dýpri og greinilegri og ennfremur, að hinn efri er að nokkru leyti grasi gróinn og lítt niðurgrafinn.

Um það atriði, hvor hinna tveggja lækjarfarvega, er á eyrinni eru, sé aðalfarvegur merkjalækjarins, vill rétturinn taka þetta fram:

Í rskj. nr. 2 vottar Þórarinn Ólafsson, að er hann var á Einifelli á árunum 1893—1901, hafi merkjalækurinn fallið í einu lagi beint niður í gegnum grasbalann, og í framburði sínum fyrir réttinum 24. sept. f. á. hefur hann fullyrt, að hann hafi þá fallið í hinum efri farvegi, sem nú er þurr. Þá hefur Ólafur Ólafsson í vottorðum sínum á rskj. 8 og 21 vottað, að á árunum 1884—1898, er hann dvaldist á Einifelli, hafi merkjalækurinn fallið beint og í einu lagi niður í gegnum grasbala og í ána, og hafi hann þá eigi fallið í þeim farvegi, er hann nú fellur í, heldur norðar, nær klettinum við fossinn. Loks hefur Þórarinn Sveinsson í vottorði á rskj. nr. 11 vottað, að á þeim tíma, er hann var kunnugur þarna, hafi merkjalækurinn aðallega runnið eftir efri farveginum, en þó flætt um alla eyrina, er flóð var í honum.

Hins vegar hefur Einar Sigurðsson, bóndi í Höll, sem leiddur hefur verið sem vitni í réttinum og búið hefur á næstu jörð við Einifell og Veiðilæk um 64 ára skeið, vottað, að merkjalækurinn hafi allan þann tíma runnið í þeim farvegi, sem hann nú rennur í, en eigi í efri farveginum, en tekur þó fram, að hann hafi eigi séð lækinn, þegar vöxtur var í honum, og geti þá verið, að hann þá fari í þann farveg, sem nú er þurr. Enn fremur hefur Sigurður Sigurðsson, vinnumaður á Veiðilæk, verið leiddur sem vitni, og hefur hann vottað, að s. l. 20 ár hafi lækurinn runnið í þeim farvegi, sem hann nú rennur í, og eigi fallið í hinn farveginn, nema vöxtur væri í honum.

Þá hefur Gestur Kristjánsson vottað á rskj. 9, að merkjalækurinn hafi á þeim tíma, er hann man til, ætíð runnið í tveimur kvíslum niður eyrina. Enn fremur votta þeir Haukur Kristjánsson og Þórarinn Sveinsson á rskj. 11 og 23, að lækurinn hafi undanfarið haft tvo farvegi niður eyrina.

Samkvæmt þessu ber vitnum alls eigi saman um, hvar lækurinn hafi fallið niður eyrina á undanförnum áratugum. Þó má telja víst, að allmörg undanfarin ár hafi hann fallið í neðri farveginum, nema þegar meiri háttar flóð hafa komið í hann, enda sjást þess glögg merki, þegar báðir farvegirnir eru athugaðir, því neðri farvegurinn er djúpur, stórir hnullungar í botni hans rauðleitir af mýrarrauða, sem borizt hefur með læknum, en sá efri grunnur og grasvaxinn í botn á alllöngum köflum. Þá má geta þess, að víðar en á þessum stað má sjá þess merki, að lækjarfarvegurinn tekur ekki allt það vatn, er í lækinn berst í leysingum og vatnavöxtum, því víðar má sjá fyrir farvegum út frá honum, er líklegt má telja, að hann þá hlaupi í, og getur verið, að kvísl úr honum falli þá í Norðurá rétt ofan við Laxfoss.

Loks skal þess getið, að vatn það, er í vöxtum fellur um efri farveginn, rennur sýnilega, er fram af grasbakkanum kemur, niður með honum og í vikið næstum alveg á sama stað og neðri farvegurinn kemur fram af grasbakkanum.

Getur rétturinn því eigi fallizt á, að lögfull sönnun sé komin fram fyrir því, að merkjalækurinn hafi í þann mund, er landamerkjaskrá Einifells var samin, eða árið 1890, fallið í öðrum farvegi niður eyrina en hann nú fellur, og verður því að telja, að merki milli jarðanna Einifells og Veiðilækjar, sé farvegur sá, er lækurinn nú fellur í, og í málinu hefur verið nefndur neðri lækjarfarvegur.

Þá hefur stefnandi undir rekstri málsins haldið því fram, að enda þótt neðri farvegurinn væri talinn ráða merkjum, þá réði hann þeim eigi lengra en þar til hann fellur af grasbalanum niður í lónið. Telur hann, að grjóteyrin fram af grasbalanum eigi að teljast til farvegar Norðurár, því vitað sé, að áin falli oft yfir hana í vexti, enda hafi eyrin myndazt aðallega á síðari árum af framburði árinnar og grjóti, er hún flytur með sér, og sé lónið eigi annað en farvegur Norðurár. Bendir hann í þessu sambandi á vottorð vitnanna: Friðriks Þórðarsonar á rskj. 3, Guðmundar Tómassonar á rskj. 10, Þórarins Sveinssonar á rskj. 11 og Ásgeirs Bjarnþórssonar á rskj. 25 og enn fremur vitnaframburð þeirra Einars Sigurðssonar og Sigurðar Sigurðssonar, er hann telur styðja þessa staðhæfingu sína. Loks bendir hann á myndirnar á rskj. 4 og 13, er hann telur sýna, að grjóteyrin og lónið hafi aðallega myndazt á síðastliðnum 15 árum.

Stefndur heldur því hins vegar fram, að lónið eða vikið, sem lækurinn fellur í fram af grasbalanum, sé áframhald af farvegi lækjarins, og megi í meðalrennsli árinnar sjá straumlínu lækjarins út það, þar til hún sameinast straumlínu Norðurár fram undan lóninu. Telur hann því, að miðlína lónsins eigi á sama hátt að ráða merkjum eins og miðlína lækjarins. Neitar hann því eindregið, að sönnur hafi verið á það færðar, að grjóteyrin og vikið séu mynduð á síðustu árum af framburði Norðurár og að land það, sem grjóteyrin er, hafi áður tilheyrt Einifelli. Telur hann að breytingar þær, er vitnin kveðast sjá á þessum stað, stafi af því, að Norðurá hafi, er hún í vexti flæddi yfir bakkann, þar sem grjóteyrin er, rifið burt grassvörð, er þar var áður, en eigi flutt þangað stórgrýti.

Rétturinn verður að líta svo á, að vottorð þau, sem að framan greinir, skeri eigi úr um það, hvort breytingar þær, sem vottorðsgefendur telja sig sjá þarna á bakka Norðurár, stafi af því, að áin hafi rifið burt grassvörðinn af neðri hluta grasbakkans, eða að Norðurá hafi borið þarna að stórgrýti og annan framburð og myndað með því eyrina. En hið síðarnefnda virðist fremur ósennilegt, þar sem áin fellur þarna fremur lygnt og með jöfnum halla

og er nýbúin að falla niður Laxfoss, þar sem líklegt virðist, að hún hafi losað sig við í hyljina undir fossinum framburð þann, er í jakaruðningi kann að berast með ánni.

Til þess að myndir þær, er stefnandi hefur lagt fram, tækju af allan vafa um þetta efni, þyrftu þær að vera teknar frá nákvæmlega sama stað og þó fyrst og fremst við jafnt rennsli árinnar. Hefur rétturinn athugað þetta sérstaklega á staðnum og virðist eldri myndin tekin frá hærri stað en sú yngri og við meira rennsli árinnar, enda þótt nokkrum erfiðleikum sé bundið að dæma um rennslið, þar sem miðfossinn hefur verið sprengdur milli þess að myndirnar voru teknar.

Þá má loks geta þess, að á grjóteyrinni sér víða votta fyrir grassverði milli steina, er vel má vera eftirstöðvar af grassverði, er áin undanfarið í vöxtum hefur verið að nema burtu, og sýnir það, að það er eigi að jafnaði og aðeins í verulegum vatnavöxtum, að áin flæðir yfir grjóteyrina.

Loks skal það tekið fram, að í lóninu og meðfram því eru allir steinar rauðleitir af mýrarrauða, en þess gætir eigi annars staðar við grjóteyrina, og virðist það benda til þess, að merkjalækurinn sé nokkurn veginn einráður um vatnsrennsli í lóninu.

Samkvæmt þessu verður rétturinn að líta svo á, að merkjalækurinn eigi að ráða merkjum, einnig eftir að hann fellur fram af grasbalanum og út lónið, sem verður að teljast farvegur hans, þar til straumlína hans mætir straumlínu Norðurár.

Verður því að taka dómkröfu stefnda til greina og ákveða landamerki Einifells og Veiðilækjar eftir miðjum neðri farvegi merkjalækjarins unz straumlína lækjarins sameinast straumlínu Norðurár.

Kostnaður við landamerkjadóminn ákveðst þannig:

1.	Réttargjöld	kr. 65.45
2.	Bifreiðakostnaður	— 122.00
3.	Dagkaup meðdómenda í 5 daga hvor og ferðakostn.	— 300.00
4.	Kostnaður við uppdrátt af þrætusvæðinu	— 50.00
	Alls	kr. 537.45

og ber að dæma stefnanda til að greiða hann allan. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Landamerkin milli jarðanna Einifells í Stafholtstungnahreppi og Veiðilækjar í Þverárhlíðarhreppi ákveðast þannig: Merkin skulu vera eftir miðjum farvegi þeim, er merkjalækurinn nú rennur í, og nefndur er í dómi þessum neðri farvegurinn, unz straumlína lækjarins sameinast straumlínu Norðurár.

Stefnandi, Sturla Friðriksson, greiði kostnað allan við dóm-

inn að upphæð 537 — fimm hundruð þrjátíu og sjö — krónur 45 aura. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans.

Föstudaginn 12. desember 1941.

Nr. 93/1941. **Oddur Helgason** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Kristján Guðlaugsson).

Innheimta skattgjalda.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurðinn hefur upp kveðið Bjarni Pálsson fulltrúi lögmanns.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. nóvember þ. á., hefur krafizt ómerkingar á hinum áfrýjaða úrskurði og að synjað verði um framkvæmd lögtaks þess, er krafizt var, og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Þeir þrír aðiljar, áfrýjandi, Ernst Halsör og h/f Kveldúlfur, slógu sér saman um leigu á skipi Ole Solbjörgs gegn greiðslu ákveðinnar mánaðarleigu. Í málinu er það að vísu komið fram, að Ole þessi Solbjörg hafi gert kröfu til hluttöku í rekstrarágóða af leiguafnotum skipsins á hendur áðurnefndum þremur aðiljum eða einstökum þeirra. En gegn mótmælum áfrýjanda eru engar sönnur leiddar að hluttöku Solbjörgs í ágóða eða tapi af nefndri starfrækslu þeirra samkvæmt skipsleigusamningnum, og verður téður Ole Solbjörg því eigi talinn félagi í fyrirtæki hinna þriggja áðurnefndra aðilja.

H/f Kveldúlfur telur sig hafa ráðstafað ágóðahlut sínum til 30 nafngreindra manna, án þess að séð verði, að menn þessir ættu að bera nokkra áhættu af starfrækslunni. Þessir

menn verða því eigi taldir félagar í starfsemi áðurnefndra aðilja.

Samkvæmt framanskráðu verða þeir þrír aðiljar samkvæmt skipsleigusamningnum að teljast hafa verið einir félagar um áðurnefnda skipsleigu, og eiga þeir þegar af þeirri ástæðu rétt á að telja með öðrum tekjum sínum til skatts ágóða sinn af skipsleigunni, samkvæmt 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 6/1935. Ber því að fella fógetaúrskurðinn úr gildi og synja um framgang lögtaksins.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 30. október 1941.

Árið 1941 lagði skattstjórinn í Reykjavík á „Útgerð e/s Eldoy" c/o Oddur Helgason, Þingholtsstræti 34 hér í bæ, kr. 49054.20 í tekju- og eignarskatt, og kr. 9090.00 í stríðsgróðaskatt, sem með 10% skattauka á tekju- og eignarskattinn, eða kr. 4905.42, nemur samtals kr. 63049.62. Upphæð þessi féll í gjalddaga á manntalsþingi í Reykjavík 15. ágúst s. l., en nokkru seinna tilkynnti gerðarþoli tollstjóranum, að hann mundi ekki greiða upphæð þessa án úrskurðar dómstólanna, og beiddist tollstjórinn þá lögtaks hjá gerðarþola, og hefur málið verið sótt og varið hér fyrir réttinum og var tekið til úrskurðar 24. þ. m.

Aðiljar hafa gert í málinu þær kröfur, sem hér segir:

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að lögtakið nái fram að ganga fyrir allri þinggjaldskröfunni. Umboðsmaður gerðarþola mótmælir framgangi lögtaksins í heild, en til vara gerir hann þá kröfu, að það nái ekki fram að ganga fyrir hærri upphæð af hinum álagða skatti en gerðarþola að réttu beri að greiða, miðað við þær tekjur, sem hann hafi haft af félagsrekstrinum. Umboðsmenn beggja aðilja hafa krafizt málskostnaðar sér til handa.

Málavextir eru þessir:

Um mánaðamótin október—nóvember árið 1940 tóku þeir Oddur Helgason, Ernst Halsör og h/f Kveldúlfur vélskipið Eldoy á tímaleigu í því skyni að flytja ísvarinn fisk til Englands. Umsaminn leigutími var 3 mánuðir, og afgjaldið ákveðið pr. mánuð. Sam-

kvæmt samkomulagi þátttakenda skyldi h/f Kveldúlfur fá helming væntanlegs hagnaðar, en hinn helminginn áttu þeir Oddur og Halsör að fá til jafns, og tapi skyldi jafna í sömu hlutföllum. Er sýnt var, að hagnaður yrði á fyrirtækinu, kveður gerðarþoli h/f Kveldúlf hafa ákveðið að láta sinn hluta hagnaðarins ganga til fastra starfsmanna sinna auk nokkurra annara ákveðinna manna. Lét h/f Kveldúlfur skattstjóranum í té, jafnframt framtali sínu, nöfn þessara manna, ásamt upplýsingum um, hve mikinn hluta úr hundraði hver þeirra skyldi fá af ágóðanum, sem til félagsins félli. Var ætlazt til þess, að menn þessir greiddu persónulega tekjuskatt hver af sínum hluta, er hann þannig fékk, ásamt öðrum tekjum sínum, og jafnframt kom fram ósk um það, að þeir Oddur og Halsör yrði einnig skattlagðir persónulega út af þessum viðskiptum. Skattstjórinn lagði aftur á móti tekju- og eignarskattinn á samtökin í einu lagi, eins og áður segir, og þessu vill gerðarþoli ekki hlíta.

Mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar byggir gerðarþoli á því,

1. *að* 3. gr. skattalaganna taki eigi til slíkra samtaka, sem hér um ræðir,
2. *að* gerðarþoli beri ekki ábyrgð nema á nokkrum hluta skattsins, miðað við þær tekjur, sem hann hafi haft af félagsrekstrinum (varakrafan).

Um 1) Í 3. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935 um tekju- og eignarskatt segir svo undir staflið c, að tekjuskatt skuli greiða „önnur félög ..., sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi ..." sbr. reglugerð nr. 133 28. desember 1936, 4. gr. 3 staflið, og í 15. gr. sömu laga segir, að eignarskatt skuli allir þeir greiða, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign eða eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af eftir lögunum. Kemur þá hér til álita, hvort samtök þau, sem hér um ræðir, séu félag í merkingu skattalaganna. Lögin skýrgreina ekki, hvað átt er við með orðunum „önnur félög", hvort þar er aðeins átt við félög í merkingu félagsréttarins eða einnig önnur samtök. En af eðli þeirra samtaka, sem hér um ræðir, verður séð, að um samningsbundna, fjármunalega samvinnu ákveðinna manna að sameiginlegu marki er að ræða, og samtökin falla því undir skýrgreiningu félagsréttarins á félagi í víðtækustu merkingu. Þar eð samtökin beindust auk þess að því að afla ágóða til skiptingar meðal félagsmanna, verður að álíta, að skattalögunum sé einmitt ætlað að ná til slíkra samtaka, og sé því hér um að ræða félag, sem skattskylt er eftir 3. gr., staflið c., tekju- og eignarskattslaganna. Gerðarþoli hefur að vísu haldið því fram, að samtökin hafi verið of losaraleg og hafi staðið of skamman tíma til þess að geta kallazt félag. Á þetta verður ekki fallizt. Samtökin voru milli ákveðinna aðilja og beindust að ákveðnu marki, og því marki var náð.

Um 2). Engin ástæða virðist vera hér fyrir hendi, sem réttlætt

gæti þá kröfu gerðarþola, að ábyrgð hans sé ákveðin „pro rata". Skipting taps og gróða í ákveðin hlutföll meðal félagsmanna verður að skoðast sem ákvæði, er snertir einungis afstöðu þeirra innbyrðis, enda liggur ekkert fyrir í málinu, sem bent gæti til annars en að ábyrgð allra félagsmanna sé bein og persónuleg.

Úrslit málsins fyrir réttinum verða þá samkvæmt framansögðu þau, að hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga að öllu leyti. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 15. desember 1941.

Nr. 95/1941. **Adolph Bergsson** (Sjálfur)
gegn
Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur og **gagnsök** (Guðmundur I. Guðmundsson).

Setudómari prof. Gunnar Thoroddsen í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Þóknun fyrir öflun lánstilboðs.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. nóv. þ. á., krefst þess **aðallega**, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 13812.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 11. ágúst 1941, til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæð eftir mati hæstaréttar. Svo krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 14. nóv. þ. á., krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi hans eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi og formaður gagnáfrýjanda virðast snemma á þessu ári hafa orðið á það sáttir, að aðaláfrýjandi aflaði tilboða um lán handa gagnáfrýjanda jafnframt tilraunum til útvegunar láns handa félagi því, sem aðaláfrýjandi svarar

fyrir. Þetta tókst aðaláfrýjanda, og samþykkti gagnáfrýjandi að taka tilboði í þessa átt, er fram kom fyrir atbeina aðaláfrýjanda. Formaður gagnáfrýjanda verður ekki talinn hafa haft næga ástæðu til þess að ætla, að aðaláfrýjandi ynni endurgjaldslaust að öflun lánstilboða til handa gagnáfrýjanda, og með því að gagnáfrýjandi gekk að tilboðinu og hagnýtti sér þannig verk aðaláfrýjanda, enda þótt tilboðsgjafi leysti gagnáfrýjanda síðar undan samþykki hans, þá verður að telja aðaláfrýjanda, sem ekki hefur atvinnu af málflutningsstörfum, eiga kröfu á hendur gagnáfrýjanda um sanngjarna þóknun fyrir starf sitt, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 2000.00 með 5% ársvöxtum frá 11. ágúst 1941 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals kr. 500.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Um meðferð máls þessa í héraði er aðfinnsluvert, *að* hinn reglulegi dómari, sem síðar vék úr dómarasæti í málinu, hefur ekki ákveðið samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936 er greinargerð samkvæmt 105. og 106. gr. sömu laga var komin fram, hvort málið skyldi flytja munnlega eða skriflega, *að* setudómarinn tók við framhaldsgreinargerð frá báðum aðiljum, og loks *að* ekki var ástæða til þess að hinn reglulegi dómari viki úr dómarasæti, þótt annar aðilja væri fulltrúi hans.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur, greiði aðaláfrýjanda, Adolph Bergssyni, kr. 2000.00 með 5% ársvöxtum frá 11. ágúst 1941 til greiðsludags og samtals kr. 500.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. nóv. 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er að undangenginni árangurslausri sáttatilraun höfðað af Adolph Bergssyni, fulltrúa hér

í bæ, með stefnu útgefinni 4. sept. s. l. gegn stjórn Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur.

Stefnandi krefst, að stefnt Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur verði dæmt til þess að greiða sér kr. 35377.17 ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 11. ágúst s. l., til greiðsludags, og málskostnaði samkvæmt framlögðum reikningi. Til vara krefst hann upphæðar samkvæmt mati dómsins með vöxtum og kostnaði eins og áður segir.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Litlu fyrir eða eftir s. l. áramót hittust þeir stefnandi, sem er formaður byggingarsamvinnufélagsins Félagsgarður, hér í bæ, og formaður stefnda.

Bárust í tal möguleikar á því að breyta sterlingspundalánum félaganna í önnur hagstæðari, og heldur stefnandi því fram, að formaður stefnda hafi beðið sig að athuga lánsmöguleika fyrir stefnda jafnframt því sem þeir væru athugaðir fyrir Félagsgarð. Kveðst stefnandi hafa tekið þetta að sér og reynt ýmsa möguleika, en árangurinn varð sá, að frá nafngreindum útgerðarmanni bárust báðum félögunum tilboð um lán, og var tilboðið til stefnda dags. 15. marz þ. á. og samþykkisfrestur tiltekinn til 1. apríl. Er upplýst, að tilboð þetta kom fram fyrir tilstilli stefnanda, þótt hans væri ekki getið þar.

Samkvæmt gerðabókum hins stefnda félags var rætt um það á stjórnarfundi 14. febrúar s. l. að fá innlent lán og segja upp ensku láni, er á félaginu hvílir, en engar ákvarðanir voru teknar.

17. marz var aðalfundur haldinn. Skýrði félagsstjórnin þar frá hinu framkomna tilboði, og samþykkti fundurinn mótatkvæðalaust heimild handa stjórninni til þess að taka tilboðinu. Viðaukatillaga var þó samþykkt síðar á fundinum þess efnis, að bindandi samningar yrðu ekki gerðir fyrr en samþykki meiri hluta húseigenda væri fengið. Formaður félagsins skýrði frá því á fundi þessum, að hann teldi litlar líkur til þess að betra lán fengist.

Á stjórnarfundi 24. marz var málið aftur rætt, en engar ákvarðanir teknar. 30. marz var enn haldinn almennur fundur húseigenda í félaginu, og félagsstjórn gefið umboð til þess að segja upp hinu erlenda láni félagsins og taka innlent lán í staðinn með þeim kjörum, er tilboðið greindi. Stjórnin samþykkti síðan hið framkomna tilboð, enda var það engan veginn óaðgengilegt. S/f Félagsgarður hafnaði aftur á móti tilboðinu til sín á síðustu stundu, að sögn stefnanda vegna þess, að á fundi þeim, er taka skyldi afstöðu til þess, kom fram munnlegt tilboð um betra lán, sem að vísu var ekki tekið. S/f Félagsgarður fékk þó síðar hagkvæmara lán. Urðu þá stefndu óánægðir með sitt lán, og fengu sig leysta frá samþykki sínu. Um sama leyti eða litlu síðar tókst þeim að fá betra lán, að

því er virðist hjá flestum hinum sömu útgerðarmönnum og stóðu að hinu fyrra láni. Stefndu hagnýttu sér þannig ekki beinlínis lánstilboðið, sem stefnandi útvegaði.

Stefndu rökstyðja sýknukröfu sína með því, að formaður þeirra hafi ekki falið stefnanda neitt umboð til að útvega lán, og jafnvel þótt svo hefði verið, sé félagið ekki bundið, því formaðurinn hafi ekki haft neina heimild til þess.

Að því er það síðara snertir er það að vísu rétt, að engin formleg samþykkt stjórnar eða félagsfundar var um þetta gerð fyrr en á aðalfundinum 17. marz. En það er ljóst, að félagsstjórnin er farin að ræða málið 14. febr. eða jafnvel fyrr, að því er ráða má af vottorði gjaldkera stjórnarinnar, og virðist þá eðlilegt, að formaður stjórnarinnar færi að leita eitthvað hófanna um lán. Gjaldkerinn viðurkennir að formaðurinn hafi, nokkru áður en tilboðið kom fram, skýrt sér frá samtali þeirra stefnanda þess efnis, að þeir athuguðu sameiginlega lánsmöguleika fyrir bæði félögin. Virðist gjaldkerinn ekkert hafa haft að athuga við þetta. Þá virðist og mega skoða samþykkt aðalfundarins 17. marz sem staðfestingu á því, sem gert hafði verið í málinu. Og breytir það engu, þótt ekki sé upplýst um, hvort frá því var skýrt á fundinum, að tilboðið væri komið fram fyrir milligöngu þriðja manns, því að fundarmenn höfðu í sjálfu sér enga ástæðu til þess að ætla, að lánið yrði útvegað félaginu að kostnaðarlausu.

Stefnda verður því talin bera ábyrgð á eðlilegum aðgerðum formanns síns í sambandi við útvegun tilboðsins, þar á meðal samning um hófleg umboðslaun.

Kemur þá til álita, hvort slíkur samningur hafi verið gerður við stefnanda beint eða óbeint.

Formaður stefndu hefur borið það fyrir rétti og unnið drengskaparheit að, að tilætlun hans samkvæmt samtalinu við stefnanda hafi verið sú, að þeir, hvor um sig, reyndu að útvega báðum félögunum lán, en þetta hafi þó af sinni hálfu aðeins verið hugsað sem athugun á möguleikum, og hvorki hafi verið rætt um neina þóknun né sér komið þóknun til hugar, þar sem þeir voru formenn félaganna. Vitnið er mjög við málið riðið og verður því framburðurinn naumast metinn hlutlaus. Og nánari sönnun um, hvað á milli fór, hefur ekki fengizt.

Ef formaður stefndu hefði sjálfur útvegað lán, mátti með nokkrum rétti gera ráð fyrir, að hann ætlaðist ekki til sérstakrar þóknunar.

En þegar hann eftir árangurslausar tilraunir sjálfs sín fær lánstilboð fyrir tilverknað annars manns að undangengnu umtali um, að sá maður athugi lánsmöguleika, þá virðist samkvæmt eðli málsins ekki ástæða til að ætla, að slíkt tilboð sé útvegað kostnaðarlaust. Enn síður er ástæða til að ætla þetta, þegar milligöngumað-

urinn er lögfræðingur, því að alkunnugt er, að lögfræðingar fást mjög almennt við lánsútveganir í atvinnuskyni. En þannig var um stefnanda. Og þótt hann væri sem formaður í öðru félagi að reyna að útvega því félagi lán, var varla hægt að gera ráð fyrir, að hann útvegaði stefndu lán, án þess að fá nokkuð fyrir. Það hefði a. m. k. verið eðlilegra að sérstaklega hefði verið um slíkt rætt, en svo var ekki.

Stefnandi á því rétt á sanngjarnri þóknun fyrir útvegun tilboðsins, sem samþykkt var, og skiptir ekki máli, þótt stefndu hagnýttu sér ekki lánið beinlínis, því að þóknun stefnanda var áfallin, er tilboðið var samþykkt.

Að því er upphæðina snertir kemur ekki til mála, að aðalkrafa stefnanda verði tekið til greina. Hún er sýnilega ósanngjörn. Þegar meta skal, hvað hæfilegt megi teljast, ber að hafa í huga upphæð þá, sem samþykkt var að taka, og fyrirhöfn stefnanda.

Að því er upplýst er í málflutningnum var samþykkt af hálfu stefndu að taka lán allt að £ 25000—0—0, og ber að leggja þá upphæð til grundvallar, en hún nemur ísl. kr. 655500.00.

Fyrirhöfn stefnanda virðist aðallega hafa verið við útvegun á lánstilboði handa S/f Félagsgarður.

Samkvæmt framlögðu vottorði þess manns, er tilboðið gaf, talaði stefnandi fyrst við hann um lán handa S/f Félagsgarði, en litlu síðar — að því er virðist eftir að stefnandi talaði við formann stefndu — óskaði hann einnig eftir tilboði handa stefndu. Er ekki upplýst um aðra eða meiri fyrirhöfn hans fyrir stefndu sérstaklega. Stefnandi mun vera félagsmaður í Málflutningsmannafélagi Íslands, og samkvæmt gjaldskrá þess er greiðsla fyrir útvegun lána 1—5%. Þó mun sjaldnast reiknað meira en 1—2%, nema um litlar upphæðir og sérstaka fyrirhöfn sé að ræða, en þar sem stefnandi stundar ekki málflutning sem aðalstarf, er ósennilegt, að formaður stefndu eða félagsmenn hafi vitað um gjaldskrá þessa eða að stefnandi var félagsmaður í M. F. Í. Verður því ekki beint upp úr gjaldskránni lagt. Virðist því næst að miða við þóknun þá, sem ríkis- og bæjarsjóður hafa á þessu ári greitt málflutningsmönnum og öðrum fyrir sölu skuldabréfa, en það er ¼%.

Verður þá upphæðin, sem stefnandi þykir eiga tilkall til ¼% af kr. 655500.00 — eða krónur 1638.75. Þá ber og að dæma stefndu til þess að greiða 5% ársvexti af upphæðinni frá 11. ágúst þ. á. til þess er greitt verður, og rétt þykir, að upp í málskostnað greiði stefndur stefnanda kr. 150.00.

Dóminn hefur Th. B. Lindal kveðið upp sem setudómari.

Því dæmist rétt vera:

Stefnt, Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur, greiði stefnandanum, Adolph Bergssyni, kr. 1638.75 ásamt 5% ársvöxtum

frá 11. ágúst 1941 til þess er greitt verður og upp í málskostnað kr. 150.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. desember 1941.

Nr. 67/1941. **Bæjarstjóri Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Sigfúsi Baldvinssyni (Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Jón Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógeta á Siglufirði.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. ágúst þ. á. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og framkvæmd lögtaksins leyfð. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur krafizt þess, að úrskurður fógetaréttarins verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Það hefur ekki komið upp í málinu, að atvinnurekstur stefnda á Siglufirði, sem eingöngu er síldarsöltun og síldarsala, sé annar eða meiri en átt er við í c-lið 9. gr. útsvarslaga nr. 106 frá 1936. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 400.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Siglufjarðar f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Sigfúsi Baldvinssyni, kr. 400.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Siglufjarðarkaupstaðar 7. ágúst 1941.

Við aukaniðurjöfnun útsvara í Siglufirði árið 1940 var Sigfúsi Baldvinssyni, útgm. til heimilis á Akureyri, gert að greiða kr. 1500.00 í útsvar til Siglufjarðarkaupstaðar. Var útsvar þetta lagt á þann atvinnurekstur, er gerðarþoli rekur hér á Siglufirði, en það er síldarverkun á sumrum. Gerðarbeiðandi krefst þess, að útsvar þetta verði nú lögtaki tekið, og telur kröfu sinni til rökstuðnings það, að hér sé um atvinnurekstur gerðarþola að ræða, er heimilisfastur sé hér á Siglufirði og því útsvarsskyldur hér eftir a-lið 8. gr. útsvarslaganna.

Gerðarþoli krefst þess hins vegar, að lögtakið fari ekki fram, og rökstyður þá kröfu sína með því, að þegar er honum varð kunnugt um útsvarsálagningu þessa, hafi hann kært hana og mótmælt henni sem ólöglegri. Hann sé heimilisfastur á Akureyri, þar sé hans lögheimili og þar hafi hann greitt útsvar árið 1940, einnig af þeim tekjum er hann hafði af síldarverkun sinni hér á Siglufirði árið 1939. Hann hafi að vísu haft síldarstöð á leigu hér árið 1939 og rekið hér síldarsöltun það ár, en slíkur atvinnurekstur sé eigi útsvarsskyldur hér á Siglufirði, þar sem eigi geti verið að ræða um atvinnurekstur, er teljast megi heimilisfastur á Siglufirði. Sé útsvar þetta því á sig lagt ólöglega.

Kemur þá til álita við úrskurð í máli þessu, hvort hér er um heimilisfastan atvinnurekstur gerðarþola að ræða á Siglufirði, eða ekki.

Atvinnurekstur gerðarþola hér á Siglufirði er síldarverkun, eins og áður getur. Atvinnurekstur þessi stendur vegna eðlis síns eigi yfir nema 3—4 mán., ef til vill í mesta lagi 4—6 mánuði, eins og gerðarbeiðandi heldur fram. Að vísu hefur gerðarþoli fasta starfsmenn í þágu þessa atvinnureksturs, meðan hann stendur yfir.

Það, að gerðarþoli kærir yfir álagningunni, strax og honum er hún tilkynnt, sem ólögmætri, sýnir það, að hann telur sig ekki útsvarsskyldan hér á Siglufirði. Lögheimili gerðarþola er á Akureyri, en svo segir í 8. gr., 2. mgr., sbr. 8. gr., 1. mgr., útsvarslaganna, að leggja skuli á allar tekjur og eignir gjaldþegns, þar sem hann hafði lögheimili næst á undan niðurjöfnun, „hvar sem þeirra er aflað". Réttinum sýnist, að atvinnurekstur gerðarþola á Siglufirði sé þess eðlis og þannig háttað, að eigi sé unnt að heimfæra hann undir undirtekningarákvæði 8. gr. frá greindri aðalreglu útsvarslaganna um, hvar gjaldþegn skuli útsvarsskyldur vera, og því eigi hægt að heimfæra hann undir a-lið 8. gr., 2 mgr. útsvarslaganna.

Verður því að telja rétt þau mótmæli gerðarþola, að útsvarið hafi á hann verið lagt ólöglega, og að hin umbeðna lögtaksgerð megi því eigi fram fara að lögum.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal eigi ná fram að ganga.

Föstudaginn 19. desember 1941.

Nr. 69/1941. **Réttvísin** (Magnús Thorlacius cand. jur.)
gegn
Víglundi Kristjánssyni, Mikael Sigfinnssyni og Ólafi Ólafssyni
(Einar Ásmundsson cand. jur.).

Refsað fyrir fjárhættuspil.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða Víglundar Kristjánssonar varða að nokkru við 10. og 12. gr. laga nr. 51/1928 og að nokkru við 181. og 183. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og brot ákærða Mikaels Sigfinnssonar og Ólafs Ólafssonar varða að nokkru við 12. gr. laga nr. 51/1928 og að nokkru við 183. gr. áðurnefndra hegningarlaga. Þykir refsing hvers hinna ákærðu hæfilega ákveðin, og að nokkru leyti með skírskotun til 2. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í héraðsdóminum greinir. Svo þykir og mega staðfesta ákvæði héraðsdómsins um fjárupptöku og greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Hinum ákærðu ber að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 450 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Hinir ákærðu, Víglundur Kristjánsson, Mikael Sigfinnsson og Ólafur Ólafsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, héraðsdómsmálflutningsmannanna Magnúsar Thorlacius og Einars Ásmundssonar, 450 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. júní 1941.

Ár 1941, föstudaginn 20. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni,

sakadómara, í skrifstofu réttarins, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1929—1931/1941: Réttvísin gegn Víglundi Kristjánssyni, Michael Sigfinnssyni og Ólafi Ólafssyni, sem tekið var til dóms 18. f. m.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Víglundi Kristjánssyni, Miðstræti 6, Michael Sigfinnssyni, Laugaveg 84 og Ólafi Ólafssyni, Bergstaðastræti 45, hér í bæ, fyrir brot gegn 20. kafla hegningarlaga nr. 19 1940.

Ákærði Víglundur Kristjánsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. nóvember 1908, og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt ákæru né refsingu.

Ákærði Michael Sigfinnsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. marz 1913, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1938 $^{2}3/_{12}$ Áminning fyrir brot á 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1941 $^{1}6/_{1}$ Áminning fyrir ógætilegan akstur.

Ákærði Ólafur Ólafsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 28. maí 1903, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1930 $^{1}4/_{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1930 $^{1}5/_{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 $^{1}7/_{3}$ Sátt, 600 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

1931 $^{3}1/_{1}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 $^{2}3/_{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 $^{1}3/_{10}$ Dómur hæstaréttar, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 277 gr. sbr. 271 gr. alm. hegningarlaga og 367 kr. skaðabætur.

1931 $^{2}3/_{10}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1932 9/8 Sátt, 1000 kr. sekt fyrir ólöglega áfengisbruggun og sölu.

1933 $^{2}5/_{3}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 2000 kr. sekt og 3. mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $^{1}3/_{1}$ 1933.

1933 $^{2}9/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnaðarhilmingu.

1935 7/2 Sátt, 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

1935 $^{1}4/_{6}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 $^{1}6/_{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 255. gr. alm. hegningarlaga.

Tildrög máls þessa eru þau, að í lok septembermánaðar 1940 fékk rannsóknarlögreglan í Reykjavík grun um, að ákærðu Michael og Víglundur hefðu undanfarið lagt stund á fjárhættuspil í atvinnuskyni. Var húsrannsókn gerð hjá ákærða Michael þann 15. nóvember 1940, en hjá ákærða Víglundi daginn eftir, og þeir þá báðir úrskurðaðir í gæzluvarðhald.

Ákærði Ólafur var úrskurðaður í gæzluvarðhald þann 17. nóv. s. á., og húsrannsókn gerð hjá honum 20. sama mánaðar. Sátu hinir ákærðu í gæzluvarðhaldi til 29. nóvember s. á.

Við rannsókn málsins hefur verið leiddur fjöldi vitna, og er það upplýst, að allir hinir ákærðu hafa mikið stundað fjárhættuspil. Hefur venjulega verið spilaður „poker", en stundum „21" eða „manni". Þegar „poker" var spilaður, var upphaflega fyrsta boð 25 aurar, 50 aura milliboð og 3 krónu lokaboð, en síðar var þetta hækkað í 25 aura, 3 kr. og 7 kr. og aftur hækkað í 1 kr., 5 kr. og 10 kr. og loks í 5 krónur, 15 krónur og 30 krónur. Þá hefur komið fyrir, að meira hefur verið lagt undir og jafnvel að boðin hafi farið upp í 300 krónur. „21" hefur verið spilað mismunandi hátt, en venjulega með 1 eða 2 krónu framlagi, en mönnum í sjálfsvald sett, hvað þeir bjóða. Spilamennska þessa hófst árið 1937, og var henni haldið áfram, en mest kvað að henni árið 1940, áður en ákærðu voru teknir fastir. Hefur hún aðallega farið fram á heimilum hinna ákærðu, og hafa þeir, einn eða fleiri, tekið þátt í henni í hvert sinn. Rúmlega 30 vitni hafa verið leidd, sem tekið hafa þátt í fjárhættuspilum þessum. Hafa flest vitni þessi borið, að þau hafi tapað háum upphæðum, samtals um 38 þúsund krónur, og að gróðinn hafi aðallega lent hjá hinum ákærðu. Vitnið Torfi Halldór Halldórsson hefur borið, að ákærður Ólafur hafi á einni nóttu grætt af sér kr. 2700.00, og hefur ákærður Ólafur viðurkennt að hafa grætt mestalla þessa fjárhæð. Þá hefur enn fremur sama vitni borið, að ákærði Michael hafi grætt af sér eina nótt kr. 900.00, en ákærði Michael hefur viðurkennt að hafa grætt af vitninu í þetta sinn á fimmta hundrað krónur. Ákærði Víglundur hefur viðurkennt að hafa í maí 1940 átt um 8000 króna spilagróða.

Vitnið Lárus Harry Eggertsson hefur borið, að ákærðu Víglundur og Ólafur hafi lagt að sér að spila við þá, og sum vitni hafa talið, að allir hinir ákærðu hafi, hver í sínu lagi, lagt sig fram til þess að ná í menn og staðið fyrir spilamennskunni. Gegn eindreginni neitun ákærðu verður þó ekki talið sannað, að ákærðu hafi gerzt sekir um að koma öðrum til þátttöku í fjárhættuspilum.

Ákærði Víglundur fluttist hingað til bæjarins vorið 1937 og byrjaði brátt að spila fjárhættuspil. Hefur hann viðurkennt, að hann hafi í upphafi veru sinnar hér tapað öllu fé sínu í fjárhættuspilum, og hafi hann því verið alger öreigi. Hélt hann samt áfram að vera þátttakandi í fjárhættuspilum, þar til mál þetta hófst. Ákærði hefur áætlað eyðslu sína þessi ár um 4000.00 krónur á ári, en síðar lækkað þetta niður í 2400.00 krónur, og eru eignir hans nú rúmlega 1000 krónur í banka, verðbréf samtals að upphæð rúmlega 1500.00 krónur og húsgögn, sem hann áætlar að séu 300.00 króna virði. Hefur ákærði játað, að hann hafi þetta tímabil lifað á því að

spila fjárhættuspil og stundað þá háttsemi sem atvinnu og enga aðra atvinnu stundað. Ákærði hefur síðar tekið aftur þessa játningu sína og gert nánari grein fyrir tekjum sínum og fjárhag árin 1937—1940 og lagt fram nokkur gögn um atvinnu sína árin 1937 og 1938. Þær ástæður, sem hann hefur fært fram fyrir þessari afturköllun sinni, virðast að miklu leyti vera óábyggilegar, og verður að telja nægilega sannað með framburði vitna, sem leidd hafa verið í máli þessu, að ákærði hafi á árunum 1937—1940 gert sér fjárhættuspil að atvinnu og að hann hafi árið 1939 og þar til hann var handtekinn í nóvember 1940 aflað sér framfærslu með fjárhættuspili, þar sem hann hefur ekki getað fært rök að, að hann hafi aflað sér hennar með öðru móti. Með þessu framferði sínu hefur ákærði Víglundur gerzt brotlegur gegn 181. og 183. gr. hegningarlaganna, sbr. að nokkru 2. gr. sömu laga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi, en samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald hans frá 16.—29. nóvember 1940 skuli með fullri dagatölu koma til frádráttar refsivist hans.

Ákærði Michael byrjaði að spila fjárhættuspil sumarið 1937. Hefur hann játað að hafa frá þeim tíma og þar til hann var tekinn fastur í nóvember 1940 spilað mikið upp á peninga. Þetta tímabil hefur aðalatvinna hans verið sjómennska á vetrarvertíðum og eins yfir síldveiðitímann. Ákærði kveðst aðallega hafa haft tekjur sínar af sjómennskunni, en hefur viðurkennt að hafa eytt nokkuð miklu fé, og kveður hann eignir sínar vera nú 1000 krónur geymdar hjá ákærða Víglundi, 265 kr. í peningum og eitthvað af húsgögnum. Í fjárhættuspilum þessum kveðst ákærði í heild ekkert hafa borið úr býtum, en þrátt fyrir það verður að telja nægilega sannað með framburði vitnanna Björns Eggertssonar, Torfa Halldórs Halldórssonar, Guðlaugs Brynjólfs Jónssonar, Finnboga Rúts Kolbeinssonar og annarra vitna, sem leidd hafa verið í máli þessu, og með framburði ákærða Víglundar, að ákærði Michael hafi grætt allmikið fé í fjárhættuspilum. Hefur ákærði játað að hafa spilað þessi fjárhættuspil í gróðaskyni. Eins og lýst hefur verið að högum ákærða hafi verið háttað, verður með framansögðu að teljast nægilega sannað, að ákærði hafi stundað þessi fjárhættuspil í atvinnuskyni. Ákærði Michael hefur því gerzt brotlegur gegn 183. gr. sbr. að nokkru 2. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði, en samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald ákærða frá 16.—29. nóvember skuli með fullri dagatölu koma til frádráttar refsivist hans. Eftir atvikum þykir mega ákveða refsingu ákærða skilorðsbundna, þannig að henni sé frestað og hún falli niður eftir 2 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð 6. kafla hegningarlaganna eru haldin.

Ákærði Ólafur hefur viðurkennt að hafa, síðan hann kom hingað

til bæjarins frá Kaupmannahöfn fyrri hluta sumars 1937, gert mjög mikið að því að spila fjárhættuspil. Frá því hann kom heim og þar til í apríl 1939 kveðst hann ekki hafa haft fasta atvinnu eða atvinnurekstur, en á því timabili fengizt nokkuð við framleiðslu leikfanga. Í aprílmánuði 1939 kveðst hann hafa stofnað fornsölu þá, sem hann rekur ennþá. Fyrir rétti hefur ákærði viðurkennt, að hann hafi haft kr. 2025.37 tekjur af fornsölunni sér til framfæris, síðan hún byrjaði að starfa, og auk þess um 300 króna tekjur af frímerkjasölu. Eignir kveðst ákærður engar eiga, nema kr. 495.00. Ákærði hefur játað að hafa spilað fjárhættuspil í því skyni að afla sér fjár, en hann hefur ekki getað um það sagt, hve mikla fjárhæðir af spilagróða hans kunni að hafa gengið til eigin eyðslu eða framfæris. Með framangreindu og framburði vitna, sem leidd hafa verið, verður að telja nægilega sannað, að ákærði Ólafur hafi gert sér fjárhættuspil að atvinnu. Hefur hann því gerzt brotlegur gegn 183. gr. sbr. að nokkru 2. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald ákærða frá 17.—29. nóvember 1940 skuli með fullri dagatölu koma til frádráttar refsivist hans.

Af réttvísinnar hálfu hafa verið gerðar kröfur til upptektar á kr. 2008.00, sem stóðu inni í ávísanabók ákærða Víglundar Kristjánssonar, nr. 1339 við Útvegsbanka Íslands h.f., Reykjavík. Ákærði Víglundur hefur borið, að ákærði Michael ætti 1000.00 krónur af þessari fjárhæð. Kveður hann, að ákærði Michael hafi beðið sig fyrir þessa peninga í tvennu lagi með stuttu millibili, 500 krónur í hvort sinn. Afganginn kveðst ákærði Víglundur eiga sjálfur. Í réttarhaldi 16. nóvember s. l. kveðst ákærði Michael ekkert fé eiga. Kveðst hann hafa lagt tæpar 2000 krónur af sumarkaupi sínu inn á sparisjóðsbók í haust, en eiga óeytt af innstæðunni aðeins 5 krónur. Í réttarhaldi 23. nóvember s. á. breytir ákærði Michael þessum framburði sínum og kveðst nú eiga 1000 krónur í peningum geymdar hjá ákærða Víglundi, og kveður hann peninga þessa vera eftirstöðvar af sumarkaupi sínu, en ekki spilagróða. Hefur ákærði Michael síðan haldið fast við þetta. Af umræddri fjárhæð, kr. 2008.00, hafa kr. 500.00 verið lagðar inn í ávísanabókina 5. nóvember 1940 og kr. 500.00 11. sama mánaðar. Samkvæmt framanrituðu verður að telja, að ákærði Michael sé eigandi að nefndum 1000.00 krónum af innstæðu bókarinnar, og þar sem ekki verður talið sannað gegn framburði ákærða Michaels, að hér sé um vinning af fjárhættuspili að ræða, verður ekki hægt að taka kröfu réttvísinnar um upptöku nefndra 1000 króna af innstæðu bókarinnar til greina. Aftur á móti er kr. 1008.00 af innstæðu bókarinnar eign ákærða Víglundar, og þar sem hann hefur árin 1939 og 1940 aflað sér framfærslu með fjár-

hættuspili, verður að telja, að hér sé um vinning af fjárhættuspili að ræða, og ber því samkvæmt 2. mgr. 183. gr. hegningarlaganna að gera nefndar kr. 1008.00 upptækar.

Þá ber að dæma hina ákærðu til þess að greiða in solidum allar sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hdm. Sigurðar Ólasonar, kr. 150.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Víglundur Kristjánsson sæti fangelsi í 4 mánuði, en gæzluvarðhald hans frá 16.—29. nóvember 1940 komi með fullri dagatölu til frádráttar hinni ídæmdu refsingu.

Ákærði Michael Sigfinnsson sæti fangelsi í 2 mánuði, en gæzluvarðhald hans frá 16.—29. nóvember 1940 komi með fullri dagatölu til frádráttar hinni ídæmdu refsingu. Refsingu hans skal frestað og hún falla niður eftir tvö ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð 6. kafla hegningarlaganna eru haldin.

Ákærði Ólafur Ólafsson sæti fangelsi í 3 mánuði, en gæzluvarðhald hans frá 17.—29. nóvember 1940 komi með fullri dagatölu til frádráttar hinni ídæmdu refsingu.

Kr. 1008.00 af innstæðu ávísanabókar ákærða Víglundar Kristjánssonar nr. 1339 við Útvegsbanka Íslands h.f., Reykjavík, skulu upptækar og renna í ríkissjóð Íslands.

Ákærðir greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, hdm. Sig. Ólasonar, kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1941.

Kærumálið nr.7/1941. **Kristín Björnsdóttir**
gegn
Þorleifi Ben. Þorgrímssyni.

Deila um, hvort krafa hefur verið lögð réttilega til sátta.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru, sem hingað barst 9. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði uppkveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 3. þ. m. af Birni lögmanni Þórðarsyni. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felld-

ur og varnaraðili verði dæmdur til að greiða henni kostnað af kærumálinu eftir mati dómsins. Varnaraðili hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Í sáttakæru í máli þessu 17. okt. þ. á. kveður sóknaraðili varnaraðilja hafa haft ýmis tilgreind meiðandi ummæli um hana. Biðst hún þess þar, að sáttanefnd kalli varnaraðilja ásamt henni fyrir sig til þess að gera tilraun til að fá varnaraðilja til þess að taka ummælin aftur, biðja hana fyrirgefningar og greiða kostnað af sáttaumleitun. Annars kostar kveðst sóknaraðili vilja láta dómstólana fjalla um þá kröfu sína, „að nefndur Þorleifur Ben. Þorgrímsson verði látinn sæta hinni þyngstu refsingu, sem frekast er unnt, samkvæmt 25. kafla hinna almennu hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940." Samkvæmt þessu hefur refsikrafa í málinu verið réttilega lögð til sátta, og verður þess vegna að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 80.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Þorleifur Ben. Þorgrímsson, greiði sóknaraðilja, Kristínu Björnsdóttur, kr. 80.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. desember 1941.

Í meiðyrðamáli þessu, sem tekið var til úrskurðar 26. f. m., hefur stefndur, Þorleifur Ben. Þorgrímsson, gert þær kröfur *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi eða hann verði með öllu sýknaður. *Til vara*, að refsikröfunni verði vísað frá dómi eða sýknað verði af henni. Einnig krefst stefndur málskostnaðar úr hendi stefnanda, Kristínar Björnsdóttur, eða til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndur á því, að refsikrafan hafi ekki verið lögð til sátta; ummæli þau, sem stefnt er út af, séu svo óákveðin og á reiki, að ekki virðist hægt að ómerkja nein ákveðin ummæli og loks virðist í sáttakæru beinlínis fallið frá ómerkingar- og málskostnaðarkröfu í væntanlegu máli.

Það verður að fallast á, að sönnur bresti um að refsikrafan í málinu hafi verið lögð til sátta fyrir sáttanefnd, og ber því að vísa þeirri kröfu ex officio frá dómi. Hins vegar verður að telja, að hin umstefndu ummæli séu eftir atvikum nægilega skýrt tilgreind í sáttakæru, og þar sem ekki verður heldur talið nauðsynlegt að taka fram í sáttakæru, hvaða kröfur gera eigi fyrir dómstólunum, þykir frávísunarkrafa stefnds að öðru leyti ekki hafa við rök að styðjast.

Ákvörðun um greiðslu málskostnaðar verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Því úrskurðast:

Framangreindri refsikröfu vísast ex officio frá dómi, en að öðru leyti verður málið dæmt að efni til.

Föstudaginn 19. desember 1941.

Kærumálið nr. 8/1941. **Magnús Thorlacius f. h. Eagle Oil Company of New York G.m.b.H.**
gegn
Olíusamlagi Vestmannaeyja.

Úrskurður hæstaréttar.

Með kæru dags. 19. nóv. þ. á., er hingað barst 9. þ. m., kærir Magnús Thorlacius f. h. Eagle Oil Company of New York G.m.b.H. málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 18. nóv. þ. á. í málinu Olíusamlag Vestmannaeyja gegn sóknaraðilja.

Varnaraðili hefur skotið framangreindu máli til hæstaréttar með stefnu 29. f. m. til þingfestingar í janúarmánuði n. k. Þykir því rétt samkvæmt analogíu 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85 frá 1936 að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áður nefnt áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Því úrskurðast:

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framanskráðu.
